

Stjórnartíðindi

1986 - B-deild - 2. hluti

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prentteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundaréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu

Skrifað inn á bls. 591.

Meiriháttar gallar á bls. 551 og 923.

Gallar á bls. 543, 613, 616-617, 644, 649, 665, 697, 699, 784, 884, 901, 953, 1007, 1042, og 1045.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

30. maí 1986

541

Nr. 275

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 453 17. desember 1985,
um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

1. gr.

Við upptalningu í 1. gr. reglugerðarinnar bætast tveir nýir liðir er verði nr. 9 a og 9 b:

9 a.	Leyfisbréf til verðbréfamiðlunar	24 300
9 b.	Leyfisbréf til verðbréfasjóðs	24 300

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 79 23. desember 1975 um aukatekjur ríkissjóðs, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 30. maí 1986.

Þorsteinn Pálsson.

Sigurgeir Jónsson.

SAMÞYKKT

um afgreiðslutíma sölustaða í Ólafsfirði.

1. gr.

Samþykktin tekur til hvers konar smásöluverslana í Ólafsfirði þ. á m. söluturna, söluvagna, mjólkurbúða og brauðbúða.

Bæjarstjórn getur ákveðið að fyrirmæli þessarar samþykktar eigi að nokkru eða öllu leyti við um afgreiðslutíma hjá öðrum fyrirtækjum sem hafa bein viðskipti við almenning, t. d. rakarastofum, hárgreiðslustofum, ljósmyndastofum, viðgerðarverkstæðum o. s. frv.

2. gr.

Undanþegnar ákvæðum samþykktarinnar eru lyfjabúðir, bifreiðastöðvar að því er varðar bifreiðaafgreiðslu, bensínafgreiðslur að því er snertir sölu á bensíni og öðrum vörum til bifreiða og veitingastaðir sem selja heitar máltíðir, enda sé sú starfsemi meginhluti rekstursins að dómi heilbrigðisnefndar. Ekki ná ákvæðin heldur til sjálfsala, blaðsölu á götum, merkjasölu og annars slíks. Ef ágreiningur rís um skilning á ákvæðum samþykktar þessarar úrskurðar bæjarstjórn ágreiningsefnið að fenginni umsögn lögreglustjóra.

3. gr.

Daglegur afgreiðslutími smásöluverslana og annarra sölustaða, er samþykkt þessi tekur til, skal vera sem hér segir, nema öðruvísi sé sérstaklega ákveðið í samþykktinni:

Virka daga er heimilt að opna sölustaði kl. 8.00 og þeim skal lokað eigi síðar en kl. 18.00. Á föstudögum er heimilt að halda öllum sölustöðum opnum til kl. 19.00. Á laugar- dögum er heimilt að halda sölustöðum opnum frá kl. 9.00 til kl. 16.00. Á laugardögum í desember má þó halda sölustöðum opnum til kl. 18.00 og síðasta laugardag fyrir jól til kl. 22.00. Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla er heimilt að hafa sölustaði opna til kl. 23.00.

4. gr.

Um lokun sölustaða á einstökum helgidögum og hátíðisdögum gilda eftirfarandi reglur:

- a) Föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag, jóladag og nýársdag skal öllum sölustöðum lokað allan daginn.
- b) Alla sunnudaga, skírdag, annan páskadag, sumardaginn fyrsta, 1. maí, annan hvíta- sunnudag, uppstigningadag, 17. júní, fyrsta mánudag í ágúst og annan jóladag, skal sölustöðum lokað allan daginn, sbr. þó undantekningarákvæði 5.—7. greinar.
- c) Á aðfangadag jóla og gamlársdag skal öllum sölustöðum lokað eigi síðar en kl. 12.00, sbr. þó undantekningarákvæði 5.—7. greinar.

5. gr.

Bæjarstjórn getur leyft, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar, að söluturnar og sambærilegir sölustaðir séu opnir alla daga frá kl. 8.00 til kl. 23.30, sbr. þó a og c lið 4. greinar samþykktarinnar.

6. gr.

Bæjarstjórn getur leyft að vikið sé frá framangreindum ákvæðum um afgreiðslutíma sölustaða þannig að heimilt sé að selja í gegnum söluop frá kl. 8.00 til kl. 23.30, sbr. þó a og c lið 4. greinar.

7. gr.

Bæjarstjórn getur heimilað rýmri afgreiðslutíma einstakra sölustaða en segir í greinum 3 og 5, m. a. þegar um er að ræða minjagripaverslanir, sölu á lifandi blómum, sölu á garðplöntum, sölu á jólatjám og slíkum vörum í desembermánuði og áþekka sölu þar sem eðlilegt telst að afgreiðslutími sé rýmri.

8. gr.

Í kvikmyndahúsum, leikhúsum, á íþróttavöllum, útiskemmtistöðum, við samkomuhús og á öðrum slíkum stöðum er heimilt, að fengnu samþykki heilbrigðisnefndar, að selja sælgæti, tóbak, ís, gosdrykki og annað slíkt sem ætla má að neytt verði á staðnum. Einnig má selja sýningarskrár, minjagripa eða annað sem eðlilegt telst að þar sé til sölu utan þess tíma er um getur í 3. grein, þó aldrei lengur en 1 klst. eftir að sýningu eða skemmtun lýkur.

9. gr.

Eftir lokunartíma sölustaða er óheimilt að selja þann varning sem verslunarleyfi þarf til sölu á. Þó skal heimilt að afgreiða þá menn sem komnir eru í verslun eða sölustað þegar lokað er. Ennfremur er heimilt að afgreiða vörur til skipa hvenær sem er sólarhrings.

10. gr.

Lögreglustjóri getur í einstökum tilvikum heimilað rýmri sölutíma en segir í samþykkt þessari, að fengnu samþykki bæjarstjórnar, þegar hann telur sérstaka ástæðu til, meðal annars þegar ákveðið er að ágóði af sölunni renni til almenningsheilla.

11. gr.

Fyrir leyfi samkvæmt 5. og 6. grein skal greiða gjald í bæjarsjóð. Bæjarstjórn ákveður árlega upphæð gjaldsins. Gjaldþagi þess er 1. febrúar ár hvert. Sé gjaldið ekki greitt á réttum gjaldþaga fellur leyfið úr gildi. Ef leyfishafi brýtur samþykkt þessa eða rekstur sölustaðar þykir ekki fara vel úr hendi, má bæjarstjórn svipta leyfishafa leyfi enda hafi hann ekki látið segjast við aðvörun. Jafnframt má þá ákveða að leyfi verði ekki veitt til slíks rekstrar á viðkomandi stað um tiltekinn tíma.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Ólafsfjarðar hefur sett með heimild í 1. gr. laga nr. 17 1. febrúar 1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða, staðfestist hér með samkvæmt 3. gr. sömu laga til að öðlast gildi þegar í stað, þó með þeim takmörkunum sem lög nr. 45 15. júní 1926 um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar setja.

Jafnframt er úr gildi felld samþykkt nr. 352 11. september 1978 um lokunartíma sölubúða í Ólafsfjarðarþorpstað.

Félagsmálaráðuneytið, 2. júní 1986.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Húnbogi Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

um árstíðabundið verðmiðlunargjald af verði mjólkur til framleiðenda.

1. gr.

Innheimta skal árstíðabundið verðmiðlunargjald af verði mjólkur til framleiðenda og skal tekjum af því varið til að greiða framleiðendum álag á grundvallarverð mjólkur á öðrum árstíma. Gjald þetta skal ekki hafa áhrif á útsöluverð mjólkur til neytenda.

2. gr.

Sé landinu skipt með reglugerð í mjólkursölusvæði samkv. ákvæðum 45. gr. 1. nr. 46/1985 sér stjórn hvers sölusvæðis um innheimtu og endurgreiðslu gjaldsins á sínu svæði og er skylt að halda bókhaldi um gjaldið og fjárreiðum aðgreindum frá rekstri afurðastöðva(r) sölusvæðisins.

Hafi landinu ekki verið skipt í sölusvæði fer Framleiðsluráð landbúnaðarins með innheimtu og endurgreiðslu gjaldsins skv. ákvæðum þessarar reglugerðar.

3. gr.

Gjald sem innheimt er skv. 1. gr. skal vera að lágmarki 7,5% af verði mjólkur sem er innvegin í afurðastöð í maímánuði og 12,0% í mánuðunum júní og júlí. Ekkert gjald reiknast í öðrum mánuðum ársins. Gjaldið skal reiknað af því grundvallarverði mjólkur sem verðlagsnefnd búvöru hefur ákveðið á hverjum gjaldtökutíma.

Sá aðili er annast innheimtu og endurgreiðslu gjaldsins getur þó að fenginni staðfestingu landbúnaðarráðherra ákveðið að það gjald sem innheimt er skuli vera allt að 15% verðs og einnig að í stað þess að gjaldtaka fari fram fyrir mjólk innvegna í maí, fari hún fram fyrir mjólk innvegna í ágúst með sömu gjaldtöku að lágmarki í hlutfalli af verði mjólkur. Beiðni þar um skal hafa borist landbúnaðarráðherra eigi síðar en 1. september á því verðlagsári sem gjaldtakan fer fram og ber þeim aðila er heimildina fær þegar að tilkynna framleiðendum innan svæðisins um breytinguna.

4. gr.

Verðmiðlunargjald skv. þessari reglugerð skal innheimt af framleiðendum jafnhliða því að greiðsla mjólkur fer fram sem gjald er tekið af skv. 3. gr. Liggi fyrir samningur milli ríkisstjórnarinnar og Stéttarsambands bænda um magn mjólkur sem hverjum framleiðanda er tryggt fullt verð fyrir, skal verðmiðlunargjald aðeins tekið af því magni mjólkur sem er með fulla verðtryggingu hjá hverjum og einum fyrir sig í þeim mánuði er um ræðir. Hafi áður nefndur samningur ekki verið gerður skal gjald tekið af allri innveginni mjólk í mánuðinum.

5. gr.

Það gjald sem innheimt hefur verið skal endurgreiða framleiðendum sem álag á innvegna mjólk í mánuðunum september til og með febrúar innan sama verðlagsárs og gjaldið er tekið. Fari stjórn sölusvæðis með endurgreiðslu gjaldsins er henni heimilt að fenginni staðfestingu landbúnaðarráðherra að láta endurgreiðsluna ná einungis til mjólkur sem er innvegin í mánuðunum október til og með febrúar eða mánuðunum október til og með mars. Umsókn þar um skal hafa borist landbúnaðarráðherra eigi síðar en 1. september á því verðlagsári sem um ræðir. Sá aðili sem fer með innheimtu og endurgreiðslu gjaldsins

skal við upphaf verðlagsárs gera áætlun um hversu mikið muni innheimtast yfir sumarmánuðina og hversu hátt álag kunni að koma á verð mjólkur á áður nefndum mánuðum og kynna hana framleiðendum á svæðinu.

6. gr.

Við lok álagningar gjalds fyrir hvern mánuð, skv. 3. gr., skal sá aðili sem með framkvæmdina fer reikna hverju álagt gjald í mánuðinum nemur að meðaltali á lítra mjólkur sem greiðast skal með álagi skv. 5. gr. Það álag sem þannig er fundið á lítra mjólkur skal greiða framleiðendum eigi síðar en með greiðslu fyrir mjólk innvegna í mánuðinum þar á eftir.

7. gr.

Rísi ágreiningur um gjaldskyldu eða önnur atriði er varða reglugerð þessa, sker landbúnaðarráðherra úr þeim ágreiningi.

8. gr.

Brot á ákvæðum þessarar reglugerðar varða refsingu skv. 59. gr. l. nr. 46 27. júní 1985.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkv. 22. gr. l. nr. 46 27. júní um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á verðlagsárinu 1985/86 skal það gjald sem innheimt er vera 7,5% af verði mjólkur í maímánuði og 12,0% af verði mjólkur í mánuðunum júní og júlí. Á sölusvæði Mjólkursamlags Ísfirðinga skal gjaldið þó vera 12,0% í júní, júlí og ágúst og endurgreiðast á innvegna mjólk í mánuðunum október til og með mars. Að öðru leyti fer um innheimtu og endurgreiðslu gjaldsins á verðlagsárinu eftir ákvæðum reglu í 1.—9. gr. reglugerðarinnar.

Landbúnaðarráðuneytið, 6. júní 1986.

Jón Helgason.

Guðmundur Sigþórsson.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins nr. 207/1986.

A. 4. Sumarbústaðanotkun.

Orkugjald lækki úr 2,16 kr./kWh í 1,97 kr./kWh

Gjaldskrárbreyting þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. júní 1986 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 3. júní 1986.

Albert Guðmundsson.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

yfir efna- og gerlarannsóknir er Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins annast.

Gjöld fyrir efna- og gerlarannsóknir er Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins annast skulu vera sem hér segir:

1. gr. Efnagreiningar.

Fiskmjöl:	kr.
Vatn	160,00
Salt	205,00
Prótein (Kjeldahl)	655,00
Fita	330,00
Aska	285,00
Ammoniak	170,00
Sandur	300,00
Kalcium	300,00
Fosfór	485,00
Aminósýrugreining	6 750,00
DMNA gasgreining	1 250,00—2 280,00
Óbundnar fitusýrur í mjölfitu	485,00
Nítrít í bræðsluhræfni og fiskmjöli	530,00
 Lýsi og harðfeiti:	
Vítamín A, bein mæling	330,00
Vítamín A, með sápun	965,00
Óbundnar fitusýrur	175,00
Sýrutala	175,00
Joðtala	350,00
Sáputala	300,00
Eðlisþyngd (pyknometer)	200,00
Slip-point	395,00
Mæling á vítamín D ₃ í lýsi	5 130,00
Ósápanlegt	485,00
Peroxydtala	285,00
Litarmæling (Lovibond)	200,00
Vatn og óhreinindi (skilv. aðferð)	200,00
Ljósbrott við 20°C	175,00
Natríumsápa	245,00
Fitusýrugreining	1 515,00—3 080,00
Vatnsmæling með toluol	290,00
 Salt:	
Klóríð (titer)	205,00
Kalcíum	300,00
Magníum	300,00
Súlfat	300,00
Óleysanlegt í vatni	300,00
Raki og bundið vatn	250,00
Járn	255,00
Kopar	335,00

Síld:

Undirbúningsvinna:	kr.
Síld, lengdarmæld, vigtuð, hausskorin, slógdregin og hökkuð	735,00
Framangreint gjald gildir fyrir allt að 100 síldasýni. Ef færri en 50 síldar eru í sýni greiðast $\frac{3}{4}$ gjalds.	
Efnagreiningar séu samkvæmt gjaldskrá.	

Aðrar efnagreiningar:

Vatn, salt, fita, prótein, o. fl. samkvæmt gjaldskrá fyrir mjöl.	
Trimethylamin (TMA)	415,00
TVB	415,00
Kvikasilfur í matvælum	550,00
Ákvörðun á málmum með atom absorption	575,00
Fritt klór í vatni	115,00
Skyndmat	360,00
Rotvarnarefni m. gasgreiningu	3 400,00
C-vítamín í matvælum	1 920,00—2 850,00
Drip (vatnstap við þiðnun)	390,00
Nítrat í matvælum	965,00
Nítrít í matvælum og fódri	1 160,00
Hexametylentetramín í lagmeti	770,00
Vigtun og talning á rækju o. fl.	490,00
Mæling á sykrum í síld	865,00—1 710,00
Sýrustig pH	200,00
Arsen	685,00
Histamín	980,00—1 960,00
Joð	500,00

Gerlarannsóknir o. fl.:

Undirbúningur sýnis	255,00
Talning við ræktun, eins konar	245,00
Talning við ræktun, tvenns konar	335,00
Kóligerlar, MPN	335,00
Staphylococcus aureus	285,00
Ger- og myglusveppir	245,00
Sulfit-afoxandi Clostridia/hitað	245,00
Bacillus/hitað	245,00
Clostridium perfringens	285,00
Salmonella	400,00
Roðagerlar	245,00
Slímgerlar	245,00
Ræktun fyrir niðursuðuvörur	335,00

Lagmeti:

Framleiðslusýni (allt innifalið):	
Niðursoðið lagmeti	1 010,00
Niðurlagt lagmeti	1 445,00
Endursýni tekið skv. sýnatökuáætlun II	1 085,00
Endursýni tekið skv. 99% reglu	2 160,00

2. gr.

Fyrir vottorð um framleiðslusýni o. fl. skal greiða kr. 170,00 og fyrir útflutningsvottorð kr. 220,00.

3. gr.

Þar sem í framangreindri gjaldskrá fyrir efnagreiningar er tilgreint verðbil gildir hærri talan þegar um 1 eða 2 sýni samtímis er að ræða frá sama aðila til sömu rannsókna, en lægri talan þegar um er að ræða 3 sýni eða fleiri frá sama aðila.

Í öðrum tilvikum má veita 20% afslátt frá gjaldskrá fyrir efnagreiningar fyrir fyrirtæki í fiskiðnaði, t. d. þegar um 3 sýni og fleiri er að ræða frá sama aðila samtímis til sömu mælinga.

4. gr.

Gjald fyrir efna- og gerlarannsóknir, sem ekki eru tilgreindar í þessari gjaldskrá skal ákveða með hliðsjón af sambærilegum rannsóknum eða í samræmi við þann tíma og kostnað, sem slíkar rannsóknir krefjast.

Gjaldskrá þessi er við það miðuð að rannsókn fari fram á Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins eða útibúum hennar án óeðlilegs undirbúnings. Óeðlilegan undirbúning skal reikna sérstaklega.

5. gr.

Þegar tekið er sýni af útfluttu mjöli eða lýsi á vegum Ríkismats sjávarafurða skal greiða kr. 360,00 fyrir hvert sýni auk launa fiskmatsmanns, sem annast sýnatökuna.

Starfsmenn Ríkismats sjávarafurða annast þessa sýnatöku samkvæmt leiðbeiningum Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og með tækjum sem Rannsóknastofnunin lætur þeim í té.

6. gr.

Forstjóra er heimilt að veita afslátt á gildandi gjaldskrá ef um er að ræða fyrirfram samningsbundnar rannsóknir eða rannsóknarverkefni, sem hafa vísindalegt eða almennt hagnýtt gildi.

7. gr.

Gjald fyrir útselda vinnu skal vera sem hér segir:

	Dagvinna kr./klst.
Sérfræðingur	655,00
Rannsóknamaður	490,00

8. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 64 21. maí 1965 um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, til þess að öðlast gildi 10. júní 1986 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá yfir efna- og gerlarannsóknir, er Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins annast, nr. 401/1985.

Sjávarútvegsráðuneytið, 3. júní 1986.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Ingimar Einarsson.

REGLUGERÐ

um endurgreiðslu söluskatts af aðföngum fiskvinnslu.

1. gr.

Endurgreiða skal fiskvinnslufyrirtækjum uppsafnaðan söluskatt af aðföngum fiskvinnslunnar eftir 14. maí 1986 eins og nánar er ákveðið í reglugerð þessari.

2. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið ákveður hlutfall endurgreiðslu afurða hverrar framleiðslugreinar, sbr. 1. gr., með hliðsjón af heildarfjárveitingu í fjárlögum til endurgreiðslu uppsafnaðs söluskatts og áætlaðri uppsöfnun söluskatts innan hverrar framleiðslugreinar að mati Þjóðhagsstofnunar.

Ráðuneytið birtir endurgreiðsluhlutfall, sbr. 1. mgr., í B-deild Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaði.

3. gr.

Útflytjendur sjávarafurða skulu eftir 14. maí 1986 senda tollstjóranum í Reykjavík mánaðarlega í því formi sem tollstjórinn ákveður, sundurliðun á fob-verðmæti útfluttra sjávarafurða eftir framleiðendum svo og fjárhæð endurgreiðslu í samræmi við endurgreiðsluhlutfall sem um getur í 2. gr. Miða skal útreikning við gengi á þeim degi sem útskipun á sér stað. Yfirlit skal hafa borist tollstjóranum í Reykjavík vegna útflutnings undanfarandi mánaðar eigi síðar en 15. næsta mánaðar og mun tollstjórinn í Reykjavík endurgreiða öllum framleiðendum uppsafnaðan söluskatt samkvæmt þeim útflutningsskjölum sem fyrir liggja. Endurgreiðsla samkvæmt þessari grein skal fara fram eigi síðar en 15 dögum frá því yfirlit hefur borist.

Þær afurðir teljast til framleiðslu eftir 14. maí sem framleiddar eru úr hráefni sem landað er eftir 14. maí.

Greiðslan miðast við fob-verðmæti hinna útfluttu afurða með umbúðum, um borð í skip í þeirri höfn, er þær fyrst fara frá. Séu afurðir seldar cif eða með enn öðrum skilmálum skal reikna söluverð til fob-verðs.

4. gr.

Séu afurðir sendar úr landi óseldar skal stofn endurgreiðslunnar til útflytjanda ákveðinn samkvæmt lágmarksútflutningsverði eins og það er tilgreint í útflutningsleyfi fyrir þeirri vöru.

5. gr.

Nú sannar útflytjandi áður en 6 mánuðir eru liðnir frá útgáfudegi farmskírteinis að söluverð vörunnar í erlendum gjaldmiðli hafi verið hærra en verð sem tilgreint var í útflutningsleyfi á hann rétt á viðbótargreiðslu sem því svarar. Á sama hátt má endurkrefja útflytjanda reynist verðið lægra en tilgreint var í útflutningsleyfi.

6. gr.

Hver, sem sendir vörur til útlanda, sem um ræðir í reglugerð þessari, er skyldur til að fá tollstjóranum í Reykjavík eða hlutaðeigandi innheimtumanni ríkissjóðs í hendur samrit eða staðfest eftirrit af farmskírteinum eða öðrum hleðsluskírteinum, útflutningsskýrslu, vöru-reikningi og matsvottorði, ef með þarf, svo og útflutningsleyfum, er út hafa verið gefin um farminn, og skal það gert áður en skip er afgreitt eða leggur frá landi. Ef engin hleðsluskjöl hafa verið gefin út, kemur í þeirra stað yfirlýsing sendanda um vörumagnið gefin að viðlögðum drengskap.

7. gr.

Ákvæði þessarar reglugerðar taka til allra útfluttra, unninna sjávarafurða annarra en fiskis sem frystur er um borð í fiskiskipum, hvalaafurða og selaafurða. Ákvæði þessi taka ekki til fersks fiskis sem fluttur er út ísaður í gámum, með fiskiskipum eða öðrum hætti.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 24, 7. maí 1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins til að öðlast þegar gildi og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Ákvæði til bráðabirgða.

Endurgreiðsla uppsafnaðs söluskatts vegna tímabilsins 15. maí til 30. júní 1986 skal fara fram 1. september 1986. Yfirlit útflytjenda, yfir sama tímabil skal hafa borist tollstjóranum í Reykjavík eigi síðar en 15. ágúst 1986.

Sjávarútvegsráðuneytið, 6. júní 1986.

Halldór Ásgrímsson.

Árni Kolbeinsson.

AUGLÝSING**um umferð á Eyrarbakka.**

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 1968 og að fengnum tillögum hreppsnefndar Eyrarbyggðahrepps, eru hér með settar reglur um umferð á Eyrarbakka.

Umferð um Háeyrarvelli, Eyrargötu og Búðarstíg skal njóta aðalbrautarréttar fyrir umferð af Hraunteig, Álfstétt, Háeyrarvegi, Hjallavegi, Bárðarbrú, Nesbrú og Bakarísstíg, samkvæmt ákvæði 2. mgr. sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga.

Umferð um Álfstétt skal njóta aðalbrautarréttar fyrir umferð um Túngötu og ónefndrar götu norðan Mundakots samkvæmt 2. mgr. sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga.

Umferð um Túngötu skal njóta aðalbrautarréttar fyrir umferð um Háeyrarveg, Hjallaveg, Bárðarbrú, Bakarísstíg og Nesbrú samkvæmt 2. mgr. sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga.

Lögreglustjórnin í Árnassýslu, 24. mars 1986.

Andrés Valdimarsson.

GJALDSKRÁ

fyrir Hitaveitu Reykhólahrepps.

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gætt er af þáfa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveita Reykhólahrepps lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn er ætla má að nægi til hitunar á húsinu enda séu ofnar hússins nægilega stórir og hitalagnir í góðu lagi.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers hitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemill er stilltur á.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 2. gr. Hámarksstilling hemils gildir allt árið þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

4. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a. Fastagjald fyrir hvern hemil á mánuði	kr. 355,00
b. Vatnsgjald á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils	kr. 210,00

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafín þriðja hvern mánuð. Gjaldþagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki greidd að fullu innan 10 daga frá gjaldþaga.

6. gr.

Heimæðagjöld Hitaveitu Reykhólahrepps skulu vera kr. 24 000,00 fyrir hvert einbýlishús.

7. gr.

Strax að lokinni tengingu heimæðar er heimæðagjaldið gjaldfallið.

8. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

9. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum sem tengd eru við hitaveituna. Húseiganda er skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum um viðgerð á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. júní 1986. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 276, 9. júlí 1985.

Iðnaðarráðuneytið, 14. maí 1986.

Albert Guðmundsson.

Guðrún Skúladóttir.

SAMPYKKT**um breytingu á samþykkt um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar
og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 64 5. febrúar 1974
með síðari breytingum.**

1. gr.

1. mgr. 24. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Á fundi bæjarstjórnar í júní skulu kosnir 5 bæjarfulltrúar í bæjarráð og jafnmargir til vara.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar hefur sett, staðfestist hér með samkvæmt 7. gr. laga nr. 8 18. apríl 1986 til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 29. maí 1986.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

*Pórhildur Líndal.***REGLUGERÐ****um klínískar rannsóknir á lyfjum.**

1. gr.

Reglugerð þessi byggist á og er í samræmi við samnorrænar reglur um klínískar rannsóknir á lyfjum, sbr. Clinical trials of drugs. Nordic guidelines. NLN Publication No. 11, Nordiska Läkemedelsnämnden 1983.

2. gr.

Skilgreiningar.

Lyf eru öll þau efni og efnasambönd, sem skilgreining lyfja nær til, sbr. ákvæði 2. gr. lyfjalaga nr. 108/1984.

Klínískar rannsóknir á lyfjum eru rannsóknir á mönnum í þeim tilgangi að afla upplýsinga um áhrif lyfsins, aukaverkanir, aðgengi, dreifingu, umbrot og útskilnað.

Einungis lækni eða tannlækni má framkvæma klíníska rannsókn á lyfjum. Þátttakendur í slíkri rannsókn eru sjúklingar eða heilbrigðir einstaklingar.

3. gr.

Flokkun klínískra rannsókna.

Klínískar rannsóknir skiptast í fjögur stig eins og lýst er hér á eftir. Ekki er unnt að draga skýrar markalínur á milli þessara stiga.

Stig I: Fyrsta rannsókn á nýju lyfi í mönnum. Lyfið er gefið í stuttan tíma, fáeinum heilbrigðum einstaklingum eða sjúklingum með þann sjúkdóm sem lyfið er ætlað við. Þátttakendur í slíkri rannsókn verða að vera fullorðnir og við góða andlega heilsu. Þeir mega ekki vera haldnir sjúkdómi sem gæti haft áhrif á niðurstöður rannsóknarinnar eða hefði í för með sér aukna hættu á óæskilegum áhrifum lyfsins. Tilgangurinn er að fá hugmynd um verkanir, aðgengi, dreifingu, brotthvarf (umbrot og útskilnað) lyfsins og þol.

- Stig II:** Opnar rannsóknir á litlum hópum sjúklinga, er haldnir eru þeim sjúkdómi, sem lyfið er ætlað við. Tilgangurinn er að fá hugmynd um lækningagildi lyfsins og hæfilega skammta.
- Stig III:** Rannsóknir á stórum hópum sjúklinga til að ákvarða nánar lækningagildi, aukaverkanir og tíðni aukaverkana. Einhvers konar samanburður er venjulega nauðsynlegur. Oftast er árangur meðferðar borinn saman við árangur annarrar viðurkenndrar meðferðar eða við meðferð með geðþóttalyfi (placebo).
- Stig IV:** Rannsóknir á skráðu lyfi, sem notað er við viðurkennda ábendingu. Tilgangurinn er að fá frekari upplýsingar um verkanir og aukaverkanir lyfsins.

4. gr.

Umsókn.

Minnst 6 vikum áður en klínísk rannsókn á að hefjast á að senda umsókn til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins. Umsókn skal skrifa á þar til gert eyðublað. Þær rannsóknir, sem sækja þarf um leyfi fyrir eru:

- Hvers kyns klínískar rannsóknir með óskráð lyf (stig. I, II eða III).
- Rannsóknir með skráð lyf (stig IV), ef um er að ræða nýja ábendingu; sjúklingahópa, sem ekki hafa áður verið rannsakaðir til hlítar; skammta, sem ekki hafa áður verið notaðir eða langtímarannsókn á stórum sjúklingahópum.

Umsókn skal undirrituð af þeim lækni (tannlækni), sem ber ábyrgð á rannsókninni (ábyrgðarmaður rannsóknar). Þegar rannsókn er gerð í samvinnu við framleiðanda lyfsins, skal fulltrúi hans einnig undirrita umsóknina. Þegar rannsókn er gerð á stofnun eða sjúkradeild, skal yfirlæknir (yfirmaður) viðkomandi stofnunar eða sjúkradeildar einnig undirrita umsóknina.

5. gr.

Ábyrgð.

Peir, sem undirrita umsókn um klíníska rannsókn, bera fulla ábyrgð á því, að framkvæmd rannsóknarinnar sé í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

6. gr.

Meðferð umsóknar.

Mat á umsókn um leyfi til klínískrar rannsóknar fer fram hjá lyfjanefnd. Lyfjanefnd getur lagt til, að klínísk rannsókn verði bönnuð, heimiluð með vissum skilyrðum eða krafist verði breytinga á rannsóknaráætlun. Í slíkum tilvikum færir lyfjanefnd skrifleg rök fyrir ákvörðun sinni. Lyfjanefnd getur einnig lagt til, að klínísk rannsókn, sem verið er að framkvæma, verði stöðvuð, ef knýjandi ástæða þykir til.

7. gr.

Rannsóknaráætlun.

Rannsóknaráætlun, sem fylgir umsókn um leyfi til klínískrar rannsóknar með lyf, eiga að fylgja upplýsingar um eftirfarandi:

- Tilgang rannsóknar og ástæður fyrir framkvæmd hennar.
- Lýsing á tegund rannsóknar og heildarskipulagi.
- Skilgreining á þáttakendum.
- Fjöldi þátttakenda.
- Lyfjaform, skammtar, bil milli skammta og meðferðarlengd.
- Viðmiðunarhópur og viðmiðunarmedferð.
- Önnur meðferð sem verður leyfð.

8. Aðferðir við að meta árangur meðferðar.
9. Rannsóknir (blóð, þvag, o. fl.), sem framkvæma á.
10. Hvernig verður fylgst með aukaverkunum.
11. Aðferðir við skráningu upplýsinga um hvern einstakling.
12. Frágangur lyfja og aðferðir við að tryggja töku þeirra.
13. Úrvinnsla upplýsinga og mat á niðurstöðum.
14. Tímaáætlun fyrir rannsóknina.
15. Upplýsingar til þátttakenda í rannsókninni.
16. Upplýsingar til starfslíðs um eðli og framkvæmd rannsóknar.
17. Siðfræðileg vandamál varðandi rannsóknina.

8. gr.

Upplýsingar um viðkomandi lyf.

Með umsókn um leyfi til klínískrar rannsóknar með lyf þurfa að fylgja upplýsingar um lyfið, er varða lyfjaefnafræði, lyfjagerðarfræði, lyfjafræði dýra, eiturefnafræði, lyfjafræði manna og klíníska eiginleika (sjá nánar Appendix 1 í Clinical trials of drugs. Nordic guidelines, sbr. 1. gr. þessarar reglugerðar). Þessar upplýsingar geta verið misviðamiklar eftir eðli rannsóknarinnar, en þær eiga að vera í formi samantektar. Lyfjanefnd getur krafist nánari upplýsinga um einstök atriði eftir þörfum (sbr. 6. gr.). Ef lyfið er skráð sérlyf er venjulega nægjanlegt að vísa til gagna er fylgdu umsókn um skráningu.

9. gr.

Merking lyfja.

Umbúðir lyfja og geðþóttalyfja (placebo) verða að vera rækilega merktar þannig, að ekki geti farið á milli mála hvert innihaldið er. Þannig skal á merkimiða lyfjanna ávallt greina nafn lyfs eða einkennisnúmer (code designation), númer framleiðslulotu, nafn framleiðanda, upplýsingar um geymsluþol, sérstök geymsluákvæði, ef þörf krefur svo og upplýsingar um tæknilegar leiðbeiningar um notkun lyfsins, ef þörf er á. Umbúðir eiga einnig að vera með áletrunina „klínísk rannsókn“.

10. gr.

Samþykki þátttakenda.

Þátttakendur (sjúklingar eða heilbrigðir einstaklingar) verða að samþykkja að taka þátt í rannsókninni. Taka verður skýrt fram, að þeir geti dregið samþykki sitt til baka hvenær sem er.

Ef ekki er hægt að fá samþykki þátttakenda, verður að útskýra ástæður þessa.

Ábyrgðarmaður rannsóknar skal upplýsa þátttakendur munnlega og ef mögulegt er einnig skriflega:

- um tilgang og framkvæmd rannsóknarinnar,
- hugsanlega áhættu og óþægindi, sem henni geta fylgt,
- ef nota á geðþóttalyf (placebo), þurfa þátttakendur að fá vitneskju um það.

Skriflegar upplýsingar til þátttakenda eiga að fylgja umsókn.

Sambærilegar upplýsingar skulu gefnar starfsfólki, sem vinnur við framkvæmd rannsóknarinnar.

11. gr.

Siðfræðilegt mat.

Áður en klínísk rannsókn getur hafist, verður að fá samþykki viðkomandi siðanefndar, sbr. Helsinki sáttmála.

12. gr.

Tilkynningar um aukaverkanir.

Ef fram koma tíðar eða alvarlegar aukaverkanir, er ábyrgðarmanni rannsóknar skylt að tilkynna það ráðuneytinu án tafar, sbr. 6. gr.

13. gr.

Framkvæmd rannsókna.

Ef gera þarf verulegar breytingar á framkvæmd rannsókna eftir að leyfi hefur verið veitt, er skylt að fá til þess leyfi ráðuneytisins.

Ef hætt er við að framkvæma rannsókn eða hún stöðvuð, ber að tilkynna það ráðuneytinu og gera grein fyrir ástæðum þeirrar ákvörðunar.

Að rannsókn lokinni ber að senda ráðuneytinu skýrslu um allar niðurstöður, sem skipta máli. Ef klínísk rannsókn er framkvæmd í samvinnu við lyfjaframleiðanda, er hann eða umboðsaðili hans einnig ábyrgur fyrir þessari skýrslu.

14. gr.

Tryggingar.

Þátttakendur í klínískri rannsókn skulu vera tryggðir á fullnægjandi hátt fyrir hugsanlegu heilsutjóni vegna rannsóknarinnar. Venjulega sér framleiðandi lyfsins um slíka tryggingu, en að öðrum kosti verður ábyrgðarmaður rannsóknarinnar að útvega slíka tryggingu eða ábyrgðaryfirlýsingu frá viðkomandi sjúkrastofnun.

15. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 28. gr. lyfjalaga nr. 104/1984, öðlast gildi við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. maí 1986.

Ragnhildur Helgadóttir.

*Ingolf J. Petersen.***REGLUGERÐ****um gatnagerðargjöld B í Andakílshreppi, Borgarfjarðarsýslu.**

1. gr.

Sveitarstjórn Andakílshrepps er heimilt að leggja gatnagerðargjöld á byggingar í hreppnum eftir því sem nánar segir í reglugerð þessari.

2. gr.

Gatnagerðargjald B er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við lagningu bundins slitlags á götu og frágang gangstétta. Gjaldið skal miða við rúmmetra húss eins og það er skráð hjá Fasteignamati ríkisins.

3. gr.

Gjaldið skal nema ákveðnum hundradshluta byggingakostnaðar á rúmmetra húss eins og hann er talinn á hverjum tíma af Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús	2.5%
Parhús, raðhús og tvíbýlishús	2.0%
Fjölbýlishús	1.5%
Opinberar byggingar	2.5%
Verslunar- og skrifstofuhúsnæði	2.5%
Iðnaðarhús, vörugeymslur og atvinnuhúsnæði	1.5%
Önnur hús	1.0%

Af kjöllumurum og rishæðum sem ekki eru notaðir til íbúðar svo og bílskúrum skal greiða hálf gjald.

4. gr.

Gatnagerðargjald samkvæmt 3. grein miðast við byggingakostnað vísitöluhússins á þeim tíma er lagning bundins slitlags fer fram.

Nú verður hús byggt við þegar fullgerða götu, eða viðbótarhúsnæði byggt á lóðinni og skal þá miðað við byggingakostnað vísitöluhússins þegar teikning er samþykkt í bygginga-nefnd, enda sé eigi lengri tími en fimm ár liðin frá því slitlag var sett eða gangstétt lögð. Í þeim tilvikum setur sveitarstjórn reglur um gjalddaga.

5. gr.

Gatnagerðargjald skv. 3. grein greiðist þannig að 20% greiðist þegar lagning bundins slitlags í götu er lokið. Eftirstöðvar greiðist með jöfnum afborgunum á næstu 4 árum sbr. 2. mgr. 6. gr. 1. nr. 51/1974. Gjalddagi afborgana er 1. júlí ár hvert. Vextir og verðtrygging skulu vera í samræmi við þau lánskjör sem Bygðastofnun veitir til varanlegrar gatnagerðar.

6. gr.

Heimilt er að veita staðgreiðsluafslátt allt að 10% eftir ákvörðun sveitarstjórnar hverju sinni.

7. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að veita afslátt eða fella niður gatnagerðargjald af fasteignum þeirra eigenda sem náð hafa 67 ára aldri og þeirra sem eiga við langvarandi sjúkdóm eða örorku að stríða.

8. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að lækka eða hækka gjaldstuðla samkvæmt 3. gr. hvern um sig eða alla í einu um allt að 50%, án frekari staðfestingar ráðuneytis.

9. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í viðkomandi fasteign sbr. 7. gr. laga nr. 51/1974.

Reglugerð þessi, sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Andakílshrepps, Borgarfjarðarsýslu, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 16. maí 1974 um gatnagerðargjöld til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 30. maí 1986.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Pórhildur Línal.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld á Grenivík, Grýtubakkahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu.

1. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að leggja gatnagerðargjöld á byggingar á Grenivík eftir því sem segir nánar í reglugerð þessari.

2. gr.

Gatnagerðargjald vegna undirbyggingar varanlegs slitlags og gangstéttar, B-gjald, skal lóðarhafi greiða þegar lagningu slitlags er lokið. Gjaldið skal miða við rúmmetra húss, þ. e. utanmál. Miða skal við skráningu Fasteignamats ríkisins.

3. gr.

Gjaldið skal nema ákveðnum hundraðshluta byggingarkostnaðar á m³ eins og hann er talinn á hverjum tíma af Hagstofu Íslands svo sem hér segir:

Einbýlishús, tvíbýlishús og raðhús	3,0%
Verslanir og skrifstofuhúsnæði	3,0%
Iðnaðarhús, vörugeymslur og atvinnuhúsnæði	1,5%
Opinberar byggingar	3,0%
Önnur hús skv. nánari ákvörðun hreppsnefndar	1,0—3%
Bílageymslur og aðrar útigeymslur	1,5%

4. gr.

Upphæð gatnagerðargjalds samkvæmt 3. gr. skal miða við þá vísitölu sem í gildi er, þegar lagning bundins slitlags fer fram. Nú breytist vísitalan meðan verkið fer fram, skal þá miða við meðalvísitölu á því tímabili sem um er að ræða.

5. gr.

Gatnagerðargjald samkvæmt 3. gr. greiðist þannig að 20% greiðast þegar lagningu bundins slitlags er lokið. Eftirstöðvar greiðast með skuldabréfi með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 4 árum. Gjaldalagi afborgana er 1. júlí. Skuldabréfin skulu bundin lánskjaravísitölu og bera hæstu lögleyfðu vexti eins og þeir eru ákveðnir hjá Landsbanka Íslands á hverjum tíma.

6. gr.

Heimilt er að veita staðgreiðsluafslátt allt að 10% eftir ákvörðun hreppsnefndar á hverjum tíma.

7. gr.

Heimilt er hreppsnefnd að fresta innheimtu gjalds af eigendum fasteigna sem náð hafa 67 ára aldri og þeim er eiga við sjúkdóma að stríða. Verði húseign seld, sem gjaldfrest hefur fengið á gatnagerðargjaldi skal sveitarstjórn innheimta gjaldið eins og það var, að viðbættum verðbótum, þegar álagningin fór fram, enda sé kvöðinni þinglýst á viðkomandi fasteign.

8. gr.

Sé byggt viðbótarhúsnæði á lóðinni eftir að gatnagerðargjöld hafa verið lögð á skal greitt af því svo sem öðrum byggingum samkvæmt reglugerð þessari.

9. gr.

Gjöld samkvæmt 3. gr. breytast samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar. Hreppsnefnd er heimilt að hækka og lækka gjaldstuðla í 3. gr. hvern um sig eða alla í einu um allt að 50% án frekari staðfestingar ráðuneytis.

10. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á, og gengur það ásamt vöxtum og kostnaði fyrir öllum veðkröfum sem á eigninni hvíla og tekur einnig til váttryggingarfjár hennar.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Grýtubakkahrepps í Suður-Þingeyjarsýslu, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 16. maí 1974 um gatnagerðargjöld til að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 126 15. febrúar 1984 um B-gatnagerðargjöld á Grenivík, Grýtubakkahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.

Félagsmálaráðuneytið, 29. maí 1986.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Pórhildur Líndal.

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum við Hrollaugseyjar.

1. gr.

Á tímabilinu frá og með 1. júlí 1986 til 1. september 1986 eru allar togveiðar bannaðar á svæði milli lína, sem dregnar eru réttvísandi 150° frá eftirgreindum punktum:

- | | | |
|----|-----------|-----------|
| a) | 64°10'8 N | 15°42'6 V |
| b) | 64°06'0 N | 16°05'0 V |

Að utan markast svæðið af línu sem dregin er 9 sjómílar frá grunnlínu sbr. reglugerð nr. 299/1975. (Lína dregin milli Stokksness, Hrollaugseyja, Tvískerja og Ingólfshöfða).

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varðar viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Mál út af brotum skal farið með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 9. júní 1986.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Pórður Eyþórsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir kvikmynda- og hljómleikahúsið Bíóhöllina á Akranesi, útfegin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 9. júní 1986.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir kvikmynda- og hljómleikahúsið Bíóhöllina á Akranesi.

Með bréfi dags. 26. september 1943 gáfu hjónin Haraldur Böðvarðsson og Ingunn Sveinsdóttir Akraneskaupstað kvikmynda- og hljómleikahúsið Bíóhöllina með gangstéttum umhverfis tilheyrandi lóð, 770 fermetrum að stærð, ásamt sýningarvélum og öllum útbúnaði innanhúss, eins og þetta var í byrjun októbermánaðar 1942, skuldlaust.

Tilgangur þeirra með gjöf þessari var samkvæmt gjafabréfinu að styðja mannúðar- og menningarmál innan Akraneskaupstaðar og skyldi öllum arði af rekstri Bíóhallarinnar varið í því skyni, svo sem nánar var mælt fyrir um í 6. gr. skipulagsskrár, sem dagsett var 5. júní 1945 og staðfest var af forseta Íslands og birt í B-deild Stjórnartíðinda nr. 128/1945.

Með bréfi Haraldar Sturlaugssonar, f. h. afkomenda gefenda, dags. 17. nóvember 1981 og yfirlýsingu afkomenda og erfingja gefenda, dags. 10. febrúar 1984, var sá vilji látinn í ljós, að unnið yrði að því í samráði við bæjarstjórn Akraneskaupstaðar að gera nýja skipulagsskrá, sem ekki kvæði á um, að afkomendur gefenda skipuðu stjórn Bíóhallarinnar. Er því hér með gerð svohljóðandi skipulagsskrá fyrir kvikmynda- og hljómleikahúsið Bíóhöllina á Akranesi:

1. gr.

Stjórn Bíóhallarinnar skipa fimm menn og skulu þeir kosnir af bæjarstjórn Akraness að afloknum bæjarstjórnarkosningum.

Stjórn Bíóhallarinnar kýs sér formann og ritara úr sínum hópi. Formaður kveður til stjórnarfunda, þegar honum þykir ástæða til. Á fundum ræður afl atkvæða.

2. gr.

Stjórn Bíóhallarinnar stjórnar rekstri hennar. Hún ræður framkvæmdastjóra og segir honum upp starfi, ef því yrði að skipta. Stjórnin ræður ein öllum málefnum Bíóhallarinnar innan þeirra takmarka, sem sett eru í skipulagsskrá þessari.

Ef hún telur brýna nauðsyn bera til, er henni heimilt að selja Bíóhöllina eða veðsetja hana, en þó aðeins að fengnu samþykki bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar. Nú kann svo að fara, að Bíóhöllin verði seld og skal þá, ef unnt er, fá í staðinn og starfrækja annað hús hagkvæmara í sama tilgangi og Bíóhöllin er starfrækt. Sé það ekki unnt, skal verja söluandvirðinu til mannúðar- og menningarmála á Akranesi skv. því, sem segir í 4. gr., t. d. með því að stofna sjóð í þessu skyni.

3. gr.

Reikningsár Bíóhallarinnar er almanaksárið. Skal stjórnin hafa lokið við reikninga hvers árs fyrir lok janúarmánaðar næsta ár og afhenda þá til endurskoðunar.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar kýs tvo endurskoðendur reikninga Bíóhallarinnar. Bíóhöllin greiðir ekki útsvar né sætagjald, eða neina aðra skatta til bæjarsjóðs, sbr. gjafabréf stofnenda og svarbréf bæjarstjórnarinnar á Akranesi, dags. 29. september 1943.

4. gr.

Tekjuafgangi af rekstri Bíóhallarinnar skal, að frádregnum viðhalds- og umbótakostnaði, verja til þess að styðja byggingu dvalarheimila aldraðra, barnaheimila, sjúkrahúsa og sjúkrastöðva fyrir áfengissjúklinga fyrir kaupstaðinn og til kaupa á hjúkrunar- og lækningatækjum og öðrum útbúnaði til stofnana þessara, svo og til styrktar rekstri þeirra, þegar þau eru komin á fót.

5. gr.

Sjóð þann, sem fyrir hendi er á hverjum tíma, skal stjórnin geyma og ávaxta á sem tryggilegastan hátt og þannig, að til hans megi grípa með litlum fyrirvara til styrktar þeim málefnum, sem um ræðir í 4. gr. Skal meginhluti sjóðsins að jafnaði geymdur í banka eða öðrum sparisjóði, en heimilt er stjórninni að ávaxta þann hluta hans, sem ekki er líklegt að grípa þurfi til í náinni framtíð, með kaupum á tryggðum opinberum verðbréfum. Hins vegar er óheimilt að veita einstaklingum eða félögum lán úr sjóðnum.

6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og er skipulagsskrá nr. 128 frá 5. júní 1945 þar með úr gildi fallin.

REGLUGERÐ

um sérstakt jöfnunargjald af innfluttum kartöflum og vörum unnum úr þeim.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð við tollafgreiðslu sérstakt jöfnunargjald af kartöflum og vörum unnum úr þeim sem flokkast undir eftirtalin tollskrárnúmer í 1. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o.fl. og skal gjaldið greitt í tveimur gjaldflokkum:

1. Af kartöflum sem flokkast undir tollskrárnúmer 07.01.10 skal greiða 50% gjald.
2. Af vörum unnum úr kartöflum sem flokkast undir tollskrárnúmer 07.02.00, 07.03.00, 07.04.00, 11.05.01, 11.05.09, 19.02.09, 19.08.09, 20.01.00, 20.02.07, 20.02.08, 20.02.09 og 21.07.19 skal greiða 40% gjald.

2. gr.

Sérstakt jöfnunargjald skv. 1. gr. skal lagt á tollverð vöru og skulu ákvæði 5.—8. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o.fl. með síðari breytingum, gilda eftir því sem við getur átt.

Að því leyti sem ekki er kveðið á um vöruflokkun, gjalddaga, innheimtu, lögvernd, viðurlög, refsingu og aðra framkvæmd innheimtu sérstaks jöfnunargjalds skulu gilda eftir því sem við getur átt ákvæði laga nr. 120/1976 um tollskrá o.fl., laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit og laga nr. 47/1960 um tollvörugæmslur o.fl. með síðari breytingum svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

3. gr.

Tollstjórar annast innheimtu sérstaks jöfnunargjalds samkvæmt reglugerð þessari og standa skil á þeim til ríkissjóðs eftir þeim fyrirmælum sem fjármálaráðuneytið setur um skil innflutningsgjalda, sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 530/1975 um reikningsskil innheimtumanna ríkissjóðs. Tekjum af gjaldinu skal haldið sérgreindum við innheimtu og skil í ríkissjóð.

4. gr.

Landbúnaðarráðuneytið sker úr ágreiningi um gjaldskyldu samkvæmt reglugerð þessari.

5. gr.

Reglugerð þessi sem sett er skv. 1. gr. laga nr. 25 5. maí 1986 um breytingu á lögum nr. 46 27. júní 1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum öðlast gildi þegar í stað og tekur til þeirra vara sem um ræðir í 1. gr. sem ótollafgreiddar eru á þeim tíma.

Landbúnaðarráðuneytið, 24. júní 1986.

Jón Helgason.

Sveinbjörn Eyjólfsson.

B 54

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um sölu og veitingar áfengis,
nr. 335 18. maí 1983.

1. gr.

Á eftir 5. gr. komi tvær nýjar greinar, 5. gr. a og b, svohljóðandi:

a. (5. gr. a) Dómsmálaráðherra er heimilt að veita almennt leyfi til áfengisveitinga á veitingastað, sbr. 1. mgr. 12. gr. áfengislaganna.

Umsókn um nýtt leyfi til áfengisveitinga á veitingastað skal senda dómsmálaráðuneytinu. Í umsókn skal koma fram um hvers konar veitingastað er að ræða (veitingahús, skemmtistaður, hótél). Ráðuneytið leitar eftir umsögn matsnefndar vínveitingahúsa, sbr. 2. mgr. 12. gr. áfengislaganna. Ennfremur sendir ráðuneytið umsóknina hlutaðeigandi lögreglustjóra, er leitar eftir umsögn bæjarstjórnar eða sýslunefndar er í hlut á, sbr. 3. mgr. 12. gr. áfengislaganna, og eftir atvikum hreppsnefndar. Áður en sveitarstjórn lætur uppi umsögn skal hún leita álits áfengisvarnanefndar. Er lögreglustjóri hefur móttengið umságnir þessar sendir hann þær dómsmálaráðuneytinu ásamt umsögn sinni og tillögum. Að umsögnum fengnum metur ráðherra hvort efni sé til að gefa út leyfi, með hvaða skilyrðum og til hve langs tíma, enda hafi sveitarstjórn/sýslunefnd mælt með leyfisveitingu, og matsnefnd vínveitingahúsa lýst því að veitingastaðurinn fullnægi ákvæðum b-liðar 1. mgr. 12. gr. áfengislaganna. Leyfi til áfengisveitinga er bundið við nafn veitingamanns og veitir leyfishafa aðeins rétt til veitinga í því húsnæði sem hann hefur þegar leyfi er veitt.

b. (5. gr. b) Lögreglustjóri skal gæta þess að áfengisveitingar fari eigi fram á veitingastað eftir að leyfi er fallið úr gildi. Nú er sótt um endurnýjun leyfis til áfengisveitinga og framlengist fyrra leyfi þá meðan sú umsókn er til meðferðar. Umsókn um endurnýjun leyfis skal senda lögreglustjóra, er leitar eftir umsögnum matsnefndar vínveitingahúsa og annarra aðila, sbr. 2. mgr. 5. gr. a. Að umsögnum fengnum framsendir lögreglustjóri umsóknina til dómsmálaráðuneytisins með umsögn sinni og tillögum.

Taki nýr veitingamaður við rekstri veitingastaðar skal sótt um nýtt leyfi, en fyrra leyfi gildir áfram meðan sú umsókn er til meðferðar. Umsókn skal senda lögreglustjóra, er leitar eftir umsögnum aðila. Að umsögnum fengnum framsendir lögreglustjóri umsóknina til ráðuneytisins ásamt umsögn sinni og tillögum.

Taki veitingamaður í notkun aukið húsnæði skal sótt um viðbótarleyfi. Umsókn skal senda lögreglustjóra, er leitar eftir umsögnum aðila. Ef um er að ræða óverulega breytingu á rekstri veitingastaðar nægir að leita eftir umsögn matsnefndar vínveitingahúsa. Að umsögnum fengnum framsendir lögreglustjóri umsóknina til ráðuneytisins ásamt umsögn sinni og tillögum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt áfengislögum nr. 82 2. júlí 1969, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 13. júní 1986.

Jón Helgason.

Ólafur W. Stefánsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 29 — 1986

563

Nr. 291

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Christians konungs X. og Alexandrine drottningar, árið 1985.

Sjóður í ársbyrjun:	kr.
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 706	13 784
Vextir	4 135
	<hr/>
	17 919

Félagsmálaráðuneytið, 9. júní 1986.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Lára Hafliðadóttir.

Nr. 292

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld styrktarsjóðs þeirra, sem bíða tjón af jarðeldum, fyrir árið 1985.

Sjóður í ársbyrjun:	kr.
Búnaðarbankainnstæða nr. 601392	33 350
Vextir	14 190
	<hr/>
	47 540
Sjóður til næsta árs:	
Búnaðarbankainnstæða nr. 601392	47 540

Félagsmálaráðuneytið, 9. júní 1986.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Lára Hafliðadóttir.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Vestur-Ísafjarðarsýslu,
fyrir árið 1985.

Sjóður í ársbyrjun:	kr.
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 551	1 326
Vextir	398
	<hr/>
	1 724

Félagsmálaráðuneytið, 9. júní 1986.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Lára Hafliðadóttir.

Nr. 294

REIKNINGUR

Gullbrúðkaupssjóðs Bjarna amtmanns Þorsteinssonar
og frú Þórunnar Hannesdóttur árið 1985.

Rekstrarreikningur fyrir árið 1985.

TEKJUR:

Vextir af bankainnstæðum	kr.	4 486,00
		<hr/>
		4 486,00
	GJÖLD:	
Tekjur umfram gjöld		4 486,00
		<hr/>
		4 486,00

Efnahagsreikningur pr. 31. des. 1985.

EIGNIR:

Bankainnstæður	16 493,57
	<hr/>
	16 493,57

SKULDIR:

Höfuðstólsreikningur:

Hrein eign pr. 1. jan. 1985	kr.	12 007,57	kr.
Hreinar tekjur árið 1985		4 486,00	16 493,57
			<hr/>
			16 493,57

Samgönguráðuneytið, 13. júní 1986.

F. h. r.
Halldór S. Kristjánsson.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Grímseyjarsjóðs W. Fiske, fyrir árið 1985.

Sjóður í ársbyrjun:	kr.	kr.
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 711	633	
Búnaðarbankainnstæða	3 990	4 623
Vextir:		
Af söfnunarsjóðsinnstæðu	190	
Af Búnaðarbankainnstæðu	1 724	1 914
		6 537
Gjöld:		
Styrkur til Grímseyinga		84
Sjóður til næsta árs:		
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 711	643	
Búnaðarbankainnstæða	5 810	6 453
		6 537

Félagsmálaráðuneytið, 9. júní 1986.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Lára Hafliðadóttir.

REIKNINGUR

Nr. 296

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs W. Fischers, fyrir árið 1985.

Sjóður í ársbyrjun:	kr.	kr.
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 712	566	
Búnaðarbankainnstæða	47 955	48 521
Vextir:		
Af söfnunarsjóðsinnstæðu	170	
Af Búnaðarbankainnstæðu	20 395	20 565
		69 086
Sjóður til næsta árs:		
Söfnunarsjóðsinnstæða 712	586	
Búnaðarbankainnstæða	68 500	69 086
		69 086

Félagsmálaráðuneytið, 9. júní 1986.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Lára Hafliðadóttir.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs hjónanna Steinunnar Sighvats-
dóttur og Magnúsar Ólafssonar, fyrir árið 1985.

Sjóður í ársbyrjun:	kr.
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 487	3 874
Vextir	1 185
	<hr/>
	5 059

Félagsmálaráðuneytið, 9. júní 1986.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Lára Hafliðadóttir.

REIKNINGUR

Samgöngubótasjóðs Páls Jónssonar árið 1985.

Rekstrarreikningur fyrir árið 1985.

TEKJUR:

Vextir af bankainnstæðu	kr.	8 359,46
		<hr/>
		8 359,46
GJÖLD:		
Tekjur umfram gjöld	kr.	8 359,46
		<hr/>
		8 359,46

Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1985

EIGNIR:

Bankainnstæður	kr.	30 606,14
		<hr/>
		30 606,14
SKULDIR:		
Hrein eign pr. 1. jan. 1985	kr.	22 246,68
Hreinar tekjur árið 1985	kr.	8 359,46
		<hr/>
		30 606,14

Samgönguráðuneytið, 13. júní 1986.

F. h. r.
Halldór S. Kristjánsson.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld sjóðsins Stígs, fyrir árið 1985.

Sjóður í ársbyrjun:	kr.
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 395	3 056
Vextir	935
	<hr/>
	3 991

Félagsmálaráðuneytið, 9. júní 1986.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Lára Hafliðadóttir.

Nr. 300

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Jóhanns Jóhannessonar og
Sigurbjargar Guðnadóttur, fyrir árið 1985.

Sjóður í ársbyrjun:	kr.	kr.
Útvegsbankainnstæða nr. 500093	538 130	
Skuldabréf Dvalarheimilisins Borgarnesi	23 600	
Almenn sparisjóðsbók í Útvegsbankanum	16 785	578 515
	<hr/>	<hr/>
Vextir:		
Af Útvegsbankainnstæðu	212 338	
Af skuldabréfi	3 776	
Af sparisjóðsbók	4 709	220 823
	<hr/>	<hr/>
		799 338
Sjóður til næsta árs:		
Útvegsbankainnstæða nr. 500093	750 468	
Skuldabréf Dvalarheimilisins Borgarnesi	20 300	
Almenn sparisjóðsbók í Útvegsbankanum	28 570	799 338
	<hr/>	<hr/>
		799 338

Félagsmálaráðuneytið, 9. júní 1986.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Lára Hafliðadóttir.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Gísla Jóns Nikulássonar,
fyrir árið 1985.

Sjóður í ársbyrjun:		kr.
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 716	15 801	
Vextir	4 740	
	<hr/>	
	20 541	

Félagsmálaráðuneytið, 9. júní 1986.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Lára Hafliðadóttir.

REIKNINGUR

yfir Styrktarsjóð Þórarins Tulinius, fyrir árið 1985.

Sjóður í ársbyrjun:		kr.	kr.
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 709	298		
Búnaðarbankainnstæða	12 752	13 050	
	<hr/>		
Vextir:			
Af söfnunarsjóðsinnstæðu	89		
Af Búnaðarbankainnstæðu	5 421	5 510	
	<hr/>		18 560
Sjóður til næsta árs:			
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 709	307		
Búnaðarbankainnstæða	18 253	18 560	
	<hr/>		18 560

Félagsmálaráðuneytið, 9. júní 1986.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Lára Hafliðadóttir.

REGLUR

um verðmætismörk vegna útgáfu EUR.2 eyðublaðs og sérstaka tollmeðferð smáböggla til einkaaðila og einkafarangurs ferðamanna samkvæmt fríverslunarsamningum EFTA og EBE.

1. gr.

Til þess að notið verði tollfrelsis vegna innflutnings á upprunavörum frá EFTA- og EBE-löndum gegn framvísun á EUR.2 eyðublaði eða innflutnings á slíkum varningi í smábögglum til einkaaðila eða einkafarangri ferðamanna án þess að framvísa í þeim tilvikum EUR.1 eða EUR.2 skilríkjum, verður verðmæti innflutningsins að vera innan þeirra marka í reikningseiningum (RE) og jafngildi gjaldmiðils hvers aðildarlands sem gerð er grein fyrir hér á eftir:

Land	Mynt	Smábögglar til einka- aðila 280 RE	Persónulegur fangur ferðamanna 800 RE	EUR.2 mörk 4000 RE
Austurríki	ATS	5 000	13 000	63 000
Belgía	BEF	12 500	36 000	179 000
Bretland	GBP	165	475	2 375
Danmörk	DKK	2 300	6 500	32 400
Finland	FIM	1 300	3 800	19 000
Frakkland	FRF	2 000	5 500	27 500
Grikkland	GRD	26 000	74 000	370 000
Holland	NLG	700	2 000	10 000
Írland	IEP	210	580	2 900
Ísland	ISK	7 000	20 000	100 000
Ítalía	ITL	390 000	1 110 000	5 340 000
Lúxemburg	LUF	12 500	36 000	179 000
Portúgal	PTE	34 000	96 000	480 000
Spánn	ESP	35 100	100 300	501 400
Sviss	CHF	500	1 500	7 400
Svíþjóð	SEK	1 800	5 000	25 000
Pýskaland	DEM	650	1 800	9 000

Útflytjanda er heimilt að rita vörureikning í gjaldmiðli hvaða aðildarríkis að fríverslunar- og viðskiptasamningum sem er. Velji hann hins vegar annan gjaldmiðil geta tollyfirvöld í innflutningslandinu aðeins beitt fjárhæð sem gildir fyrir innflutningslandið.

2. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 6. tl. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl. með síðari breytingum, sbr. 9. gr. auglýsingar nr. 680/1980 svo og auglýsingu nr. 101/1986 um breyting á henni og öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felldar úr gildi reglur nr. 408/1985 um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 9. júní 1986.

F. h. r.

Sigurgeir A. Jónsson.

Bjarnveig Eiríksdóttir.

REGLUR

um hreindýraveiðar árið 1986.

1. gr.

Heimilt er að veiða allt að 700 hreindýr í Norður-Pingeyjarsýslu, Múlasýslum og Austur-Skaftafellssýslu á tímabilinu 1. ágúst til 15. september árið 1986. Þó getur ráðuneytið leyft veiðar á öðrum árstíma, ef sérstakar ástæður mæla með, að höfðu samráði við hreindýraeftirlitsmenn, sem hlut eiga að máli.

2. gr.

Tala þeirra dýra, sem veidd verða samkvæmt 1. gr., skiptist þannig milli eftirgreindra hreppa:

1. Fjallahreppur	5 hreindýr
2. Skeggjastadahreppur	4 —
3. Vopnafjarðarhreppur	14 —
4. Fljótshreppur	50 —
5. Jökuldalshreppur	50 —
6. Fellahreppur	22 —
7. Tunguhreppur	22 —
8. Hlíðarhreppur	10 —
9. Hjaltastadahreppur	32 —
10. Borgarfjarðarhreppur	60 —
11. Seyðisfjarðarhreppur	5 —
12. Seyðisfjörður	5 —
13. Skriðdalshreppur	34 —
14. Vallahreppur	34 —
15. Egilsstadahreppur	18 —
16. Eiðahreppur	22 —
17. Mjóafjarðarhreppur	20 —
18. Norðfjarðarhreppur	66 —
19. Helgustadahreppur	66 —
20. Eskifjörður	18 —
21. Reyðarfjarðarhreppur	22 —
22. Búðahreppur	4 —
23. Stöðvarhreppur	4 —
24. Breiðdalshreppur	18 —
25. Beruneshreppur	18 —
26. Búlandshreppur	10 —
27. Geithellnahreppur	18 —
28. Bæjarhreppur	10 —
29. Nesjahreppur	10 —
30. Hafnarhreppur	4 —
31. Mýrahreppur	25 —

Samtals 700 hreindýr

3. gr.

Auk þeirra hreindýra sem skiptast samkvæmt framansögðu, getur ráðuneytið leyft veiði nokkurra dýra í viðbót ef henta þykir, m. a. handa söfnum, til vísindalegra rannsókna o. þ. h. og koma þau dýr ekki til skipta. Veiðin fari fram undir eftirliti hreindýraeftirlitsmanns, sbr. 5. gr.

4. gr.

Andvirði felldra hreindýra, sbr. 2. gr., greiðist í reikning hlutaðeigandi sveitarsjóðs en hver hreppsnefnd (bæjarstjórn) skiptir fénu innan síns svæðis. Skal hreppsnefnd fyrst og fremst láta þá bændur, sem fyrir mestum ágangi verða af hreindýrum á beitolönd sín, njóta arðs af veiðunum en síðan sveitarsjóð, enda greiði hann þóknun þeim mönnum sem eru hreindýraeftirlitsmanni til aðstoðar við veiðarnar, sbr. 5. gr. Heimilt er þó að þeir fái í sinn hlut hreindýraafurðir í stað greiðslu.

Valdi hreindýr spjöllum eða geri átroðning á eyðijörðum, er heimilt að taka nokkurt tillit til þess við skiptingu arðs af hreindýraveiðum.

Ekki er heimilt að selja veiðileyfi.

5. gr.

Einn hreindýraeftirlitsmaður skal vera í hverjum þeirra hreppa og kaupstaða, sem nefndir eru í 2. gr., nema samkomulag verði um það að einn eftirlitsmaður verði fyrir tvö sveitarfélög. Skal hann ráðinn af menntamálaráðuneytinu að fengnum tillögum hlutaðeigandi hreppsnefndar og að höfðu samráði við sýslumann. Ráðuneytið ákveður og greiðir fasta þóknun hans fyrir starfið.

Hreindýraeftirlitsmenn ráðuneytisins framkvæma ásamt aðstoðarmönnum, sem þeir velja, þá fækkun hreindýra sem ákveðin er.

Aðalumsjón með hreindýrunum annast sá eftirlitsmaður, sem ráðinn er fyrir Fljótsdalshrepp, og hefur hann einnig umsjón með störfum hinna eftirlitsmannanna.

Hreindýraeftirlitsmenn og aðstoðarmenn þeirra hafa ekki heimild til að fella hreindýr í öðru sveitarfélagi en því sem þeir eru ráðnir fyrir, nema með samþykki hlutaðeigandi sveitarstjórnar og að höfðu samráði við hreindýraeftirlitsmann.

6. gr.

Þeir einir mega annast fækkun hreindýra, sem til þess hafa næga skotfimi og kunnáttu í meðferð skotvopna að dómi hlutaðeigandi lögreglustjóra. Gætt skal þess að þeir fullnægi ákvæðum laga um leyfi til að eiga og nota skotvopn, sbr. lög nr. 46/1977 og reglugerð nr. 16/1978, sbr. reglugerð nr. 174/1979. Aðalhreindýraeftirlitsmaður ákveður hvaða tegund og stærð skotvopns (riffils) skuli nota. Eigi er þó leyfilegt að nota minni stærð riffils en cal. 243.

7. gr.

Hreindýraeftirlitsmenn skulu gæta þess vandlega að hreindýr séu ekki veidd á þeim slóðum, þar sem þau eru að nema ný lönd og talið er æskilegt að þau hagvenjist, heldur þar sem ætlunin er að bægja þeim frá.

8. gr.

Hreindýraeftirlitsmenn skulu sjá um að veidd séu þau dýr, sem minnstur skaði er að fyrir eðlilegan viðgang hjardarinnar. Þeir skulu senda ráðuneytinu skýrslu um veiðarnar strax að veiðitíma loknum.

9. gr.

Athygli er vakin á að skv. lögum nr. 30/1966 um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum er óheimilt að hafa hreindýrakjöt til sölu, nema það hafi verið skoðað og metið af dýralækni.

10. gr.

Brot á reglum þessum, sem settar eru skv. lögum nr. 28/1940 um friðun hreindýra og eftirlit með þeim, sbr. og breytingu á þeim lögum nr. 72/1954, varða sektum samkvæmt lögum nr. 75/1982.

Reglur þessar öðlast þegar gildi og falla jafnframt úr gildi reglur nr. 275/1985 um hreindýraveiðar árið 1985.

Menntamálaráðuneytið, 20. júní 1986.

Sverrir Hermannsson.

Runólfur Þórarinnsson.

Nr. 305

REGLUGERÐ

16. júní 1986

um breytingu á reglugerð nr. 469/1985 um gjald fyrir skoðun, skráningu og mælingu skipa o. fl.

1. gr.

12. gr. orðist svo:

Innheimta.

Utan Reykjavíkur skulu gjöld samkvæmt 1. gr. innheimt af bæjarfógetum eða sýslumönnum eftir reikningum, er þeir gefa út hver fyrir sitt umdæmi.

Í Reykjavík skulu gjöldin innheimt af tollstjóra, eftir skrá er hann semur árlega yfir lesta-, vita- og skipaskoðunargjöld, enda láti hann Siglingamálastofnun í té afrit af skránni ár hvert.

Gjöldin skulu greiðast í byrjun útgerðartímans, þar sem skipið er skrásett, þó aldrei síðar en 1. apríl ár hvert.

Gjöld skv. öðrum greinum reglugerðarinnar skulu innheimt af Siglingamálastofnun ríkisins eftir reikningum sem hún gefur út. Þó skal heimilt að fela sýslumönnum og bæjarfógetum innheimtu gjaldanna ef hagkvæmt þykir.

Þegar skráning skips er flutt milli skráningarumdæma skal sýna kvittun þegar breytt er nafni, skráningarnúmeri eða eigendaskipti verða innan sama umdæmis.

Við útgáfu haffærisskírteinis hverju sinni skal sýna kvittun fyrir greiðslu skoðunargjalds, og er það skilyrði fyrir útgáfu skírteinis.

Ofangreindir innheimtumenn, aðrir en tollstjórinn í Reykjavík, skulu greiða skipaskoðunarmönnum laun þau, er þeim ber samkvæmt settum reglum gegn reikningi þeirra í tvíriti.

Gildir þetta einnig fyrir skoðun aðkomubáta í umdæmi innheimtumanns.

Innheimtumenn skulu skila gjöldum, sem þeir innheimta skv. reglugerð þessari í ríkissjóð.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 46. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 52, 12. maí 1970, 20. gr. laga um skráningu skipa nr. 115, 31. desember 1985 og 15. gr. laga um skipamælingar nr. 50, 12. maí 1970, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 16. júní 1986.

Matthías Bjarnason.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Þórshafnarhöfn.

I. KAFLI

HÖFNIN OG STJÓRN HENNAR.

1. gr.

Takmörk hafnarinnar.

- 1.1 Hafnarsvæði Þórshafnarhafnar takmarkast af beinni línu sem hugsast dregin úr Bakkahorni og þaðan beina línu í Laxártanga. Innan nefndrar línu takmarkast höfnin af fjöruborði.

2. gr.

Stjórn hafnarinnar.

- 2.1 Þórshafnarhreppur er eigandi hafnarinnar. Sveitarstjórn fer með stjórn hafnarmála undir yfirstjórn samgönguráðuneytisins.
- 2.2 Hafnarstjórn fer með framkvæmd hafnarmála í umboði sveitarstjórnar. Hafnarstjórn skal skipuð þrem fulltrúum, er sveitarstjórn kýs og jafnmörgum til vara. Minnst einn aðalmanna í hafnarstjórn skal eiga sæti í sveitarstjórn. Kjörtímabil hafnarstjórnar er hið sama og sveitarstjórnar.
- 2.3 Auk hinna kjörnu fulltrúa eiga sveitarstjóri, og hafnarstjóri sæti í hafnarstjórn með málfrelsi og tillögurétt.
- 2.4 Hafnarstjórn kýs sér formann og stýrir hann fundum hennar og boðar til þeirra í samráði við hafnarstjórn.

3. gr.

Hlutverk og valdsvið hafnarstjórnar.

- 3.1 Hafnarstjórn gerir fjárhagsáætlun fyrir hafnarsjóð, þar sem fram kemur viðhald hinna ýmsu hafnarmannvirkja svo og nýbyggingar. Hafnarstjórn skal leggja fjárhagsáætlun fyrir sveitarstjórn til staðfestingar. Hafnarstjórn skal leita staðfestingar sveitarstjórnar á lántökum og öðrum fjárhags-skuldbindingum.
- 3.2 Hafnarstjórn hefur endanlegt ákvörðunarvald um:
 - Ráðningu fastra starfsmanna sbr. 5. gr.
 - Rekstur hafnarinnar, svo og ráðstöfun, á aðstöðu þ. m. t. leiga á húsnæði í eigu hafnarinnar og landi hennar, sem leigt er til skamms tíma.
 - Leyfisveitingar til starfsemi á hafnarsvæðinu og hefir vald til að banna eða takmarka afnot hafnarsvæða fyrir starfsemi er hún telur torvelda eðlilega hafnarstarfsemi.
- 3.3 Hafnarstjórn gerir tillögur til sveitarstjórnar varðandi skipulagsmál á hafnarsvæðinu. Byggingamál á hafnarsvæðinu skulu hljóta umfjöllun hafnarstjórnar og bygginga-nefndar áður en þau eru lögð fyrir sveitarstjórn. Innan hafnar má ekki heldur gera nein hafnarmannvirki, né heldur dýpka út frá landi, nema leyfi hafnarstjórnar og/eða sveitarstjórnar komi til. Hafnarstjórn hefur eftirlit á hafnarsvæðinu með byggingu mannvirkja sem undanþegin eru ákvæðum byggingalaga nr. 54/1978.

4. gr.

Hlutverk hafnarstjóra.

- 4.1 Hafnarstjóri er skipaður af sveitarstjórn að fenginni tillögu hafnarstjórnar og fer með daglega stjórn hafnarinnar í umboði hafnarstjórnar. Hafnarstjóri undirbýr mál sem leggja á fyrir hafnarstjórn og veitir viðtöku erindum til hennar. Hann sér um framkvæmd samþykktu hafnarstjórnar og veitir hafnarstjórn og sveitarstjórn upplýs-

ingar um málefni hafnarinnar. Hann sér um að fjárhagsáætlun sé fylgt og ber ábyrgð á fjárreiðum hafnarsjóðs og ber í hvívetna að gæta hagsmuna hafnarsjóðs. Í erindisbréfi má setja nánari reglur um starfssvið hafnarstjóra.

- 4.2 Hafnarstjóri skal vinna störf sín í samræmi við ákvæði hafnalaga og hafnarreglugerðar og fara að öðru leyti eftir samþykktum hafnarstjórnar og sveitarstjórnar.
- 4.3 Hafnarstjóri sér um, að gætt sé reglu á höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða fyrirmælum hans, eða þeirra sem hann felur slík störf.

5. gr.

Aðrir starfsmenn hafnarinnar.

- 5.1 Hafnarstjórn ræður aðra fasta starfsmenn hafnarinnar en hafnarstjóra, vikukaupsmenn og fólk til afleysinga ræður hafnarstjóri.
- 5.2 Hafnarstarfsmenn, sem hafa umsjón með eignum hafnarinnar, gæta reglu og sinna hafnarvörslu, skulu bera skilríki um starf sitt og/eða einkennisbúning samkvæmt ákvörðun hafnarstjórnar.
- 5.3 Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi. Pyki einhverjum sér óréttur gerr af starfsmönnum hafnarinnar getur hann kært það fyrir hafnarstjóra en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað.

II. KAFLI

UMFERÐ SKIPA.

6. gr.

Skilgreining á skipi.

- 6.1 Skip telst í reglugerð þessari sérhvert fljótandi far, sem nota má sem flutningatæki, dvalarstað, vinnustað, framleiðslustað eða geymslustað.

7. gr.

Almennar reglur við komu og brottför.

- 7.1 Við komu og brottför að degi til skulu skip önnur en íslensk fiskiskip hafa þjóðfána við hún.
- 7.2 Þjónusta við skip, svo sem vatnsafgreiðsla og tenging rafmagns er unnin af hafnarvörðum undir stjórn hafnarstjóra. Skip skulu við komu, brottför og siglingu um hafnarsvæðið hafa opna talstöð á viðskiptabylgju Þórshafnarhafnar.
- 7.3 Sérhvert skip skal boða áætlaða komu sína (ETA) til hafnarvarða með fjarskiptasambandi eða gegnum umboðsmann með minnst 24 klst. fyrirvara, en fiskiskip í síðasta lagi með 1 klst. fyrirvara. Tilkynna skal brottför með minnst 3 klst. fyrirvara.
- 7.4 Skipstjóri skal við komu til hafnar gefa skipaþjónustu eftirfarandi upplýsingar eftir því sem við á:
 Skipsnafn, skipaskrárnúmer, þjóðerni, stærð samkvæmt mælibréfi, djúpristu og síðasta viðkomustað.
 Nafn skipstjóra.
 Stærð áhafnar og fjölda farþega.
 Tegund og magn farms.
 Um hættulegan farm, tegund (tækniheiti og IMDG flokkun) og magn.
 Um hugsanlega sjúkdóma um borð.
 Nafn umboðsmanns.
- 7.5 Búnaður skipa skal uppfylla kröfur alþjóðasamþykktar, sem íslensk stjórnvöld hafa staðfest svo og sérreglna Siglingamálastofnunar ríkisins. Skipstjórnarmenn skulu sýna hafnarstarfsmönnum, ef óskað er, skírteini um fullnægjandi búnað skipa sinna.

8. gr.

Umferð um höfnina.

- 8.1 Skip sem kemur til hafnar skal leita upplýsinga hjá hafnarverði eða umboðsmanni hvar binda megi skipið við bryggju. Óheimilt er að binda skip annars staðar en þar sem starfsmenn hafnarinnar vísa til.
- 8.2 Skip mega ekki láta vélar ganga af svo miklu afli að öðrum skipum eða hafnarvirkjum stafi hætta af straumi frá aðal- eða þverskrúfum.
- 8.3 Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni.
- 8.4 Sérhvert skip, sem ekki er bundið við bryggju eða hafnarbakka, skal hafa uppi fyrirskipuð ljós og dagmerki.
- 8.5 Skemmti- og smábátar, þar með taldir ára- og seglbátar, skulu svo sem frekast er unnt forðast siglingaleiðir stærri skipa, sem eru á leið til eða frá höfninni. Ennfremur skal sýna sérstaka aðgæslu er skip eru að leggja að og frá viðlegu.

9. gr.

Skip í viðlegu.

- 9.1 Skip telst í viðlegu, er það liggur við hafnarbakka, bryggju, þ. m. t. utan á öðru skipi, eða föst legufæri og er í eða bíður eftir afgreiðslu eða þjónustu.
- 9.2 Skip hljóta viðlegu í sömu röð og þau koma til hafnar. Undantekin eru skip, sem hafa fastar viðlegur eða umsamin forgangsafnot hafnarbakka og skemmtiferðaskip.
- 9.3 Ekki má festa skip við hafnarbakka eða bryggjur nema við festarhringa eða festarstólpa. Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggju eða hafnarbakka og skulu festar auðkenndar með veifum eða öðrum varúðarmerkjum. Þyki hafnarstjóra þess ekki nægilega gætt, getur hann krafist, að bætt sé úr því tafarlaust.
- 9.4 Þegar búið er að leggja skipi við bryggju, má ekki flytja það innan hafnar án leyfis hafnarstjóra, en skyldur er skipstjóri að flytja skipið, ef hafnarstjóri skipar svo fyrir. Skip sem ekki er verið að lesta eða losa, eða eru ekki í rekstri, mega aldrei liggja svo í höfninni, að þau tálmi vinnu við önnur skip og skal skylt að hlýða boðum hafnarinnar um flutning þeirra. Færist hlutadeigandi undan að færa skipið samkvæmt ákvæðum þessa tölulíðs eða dragist flutningur þess yfir þann tíma, er hafnarstjóri hefur fyrirskipað, er hafnarstjóra heimilt að láta flytja skipið á kostnað og ábyrgð skipseiganda.
- 9.5 Í sérhverju skipi skal að jafnaði vera einn maður að minnsta kosti, er tekið geti á móti skipunum starfsmanna hafnarinnar og framkvæmt þær. Skal hann sjá um að óviðkomandi aðilar hafi ekki aðgang að skipinu og ber eigandi fulla ábyrgð á öllu því tjóni er leiða kann af vanrækslu í þessu efni. Heimilt er hafnarstjóra að fallast á gæslu sérstakra öryggisvarða, enda séu hjá hafnarvörðum nöfn skipstjórnamanna, sem kalla má út vegna veðurs eða annarra orsaka.
- 9.6 Hafnarverðir ákveða legur fyrir skip 12 brl. og minni við videigandi mannvirki eftir því sem rými leyfir. Þegar skip er sjósett eða siglt í höfn, skal eigandi tilkynna það hafnarvörðum. Skip þessi eru á ábyrgð eigenda sama hvort þau eru á floti í höfninni eða á landi hennar. Heimilt er að fela félögum smábátaeigenda umsýslu á ákveðnum svæðum undir eftirliti hafnarstjóra samkvæmt nánari reglum.

10. gr.

Skip í lægi.

- 10.1 Skip telst í lægi er það liggur fyrir akkeri eða öðrum legufærum og er ekki í rekstri.
- 10.2 Skipum, sem leggja skal í lægi, má aðeins leggja á þeim stöðum, er hafnarstjóri leyfir. Skipunum skal lagt undir umsjá hafnarstjóra og legufæri ákveðin í samráði við hann,

enda liggja fyrir samþykkt tryggingafélags skipsins. Eftirlit og viðhald legufæra er á ábyrgð skipseiganda. Meðan skip liggur mannlaut í lægi, skal ekki sjaldnar en tvisvar í mánuði farið út í það til þess að líta eftir, hvort legufæri eða annað hafi haggast eða bilað, og ef svo reynist, skal lagfæra það svo fljótt, sem auðið er. Áður en skipstjóri fer af skipinu, skal hann skriflega tilgreina hafnarstjóra siglingafróðan mann, sem búsettur sé á Þórshöfn sem hafa skal umsjón skipsins á hendi. Beinir hafnarstjóri til hans öllum fyrirskipunum, sem skipið varða. Sér hann um að þeim sé fullnægt. Verði dráttur á því, skal hafnarstjóri láta fullnægja þeim, en skipseigandi greiði allan kostnað, sem af því leiðir.

III. KAFLI

AFNOT HAFNARMANNVIRKJA OG LANDSVÆÐA.

11. gr.

Lestun og losun, almennt.

- 11.1 Afnot hafnarvirkja og lands er öllum heimil að fengnu leyfi hafnaryfirvalda og gegn greiðslu samkvæmt gjaldskrá.
- 11.2 Hafnarstjórn ber enga ábyrgð á varningi eða öðrum eigum, sem geymdar eru á hafnarsvæðinu.
- 11.3 Við lestun og losun skal viðhafa fyllstu gætni til að koma í veg fyrir óeðlilegt slit mannvirkja og búnaðar. Ekki má draga þunga hluti eftir hafnarbökkum, né sturta varningi af bílum án eðlilegs hlífðarlags.
- 11.4 Hafnarstjóri getur sett hraða- og þungatakmarkanir á hafnarsvæðinu. Í sérstökum tilfellum er þó hafnarstjóra heimilt að veita undanþágu frá slíku.
- 11.5 Óheimilt er að geyma tækjabúnað á hafnarsvæðinu utan eigin leigusvæða án leyfis hafnaryfirvalda.
- 11.6 Þeir munir eða vörur, sem skipað er upp eða láta á í skip, mega ekki liggja á bryggju, hafnarbakka eða annars staðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu á slíkum varningi. Hafnarstjóri getur flutt vörur og muni, sem geymdir eru í óleyfi, burt á kostnað og ábyrgð eiganda eða umboðsmanns hans.
- 11.7 Við lestun og losun á vikri, sandi, kolum og öðru þess háttar, er skylt að hafa nægilega sterkar hlífar milli skips og hafnarbakka, svo að ekkert falli fyrir borð. Sé þessa eigi gætt, getur hafnarstjóri stöðvað verkið, uns bætt hefur verið úr því, sem áfátt er.
- 11.8 Þegar lokið er lestun eða losun skal sá er séð hefur um lestun eða losun, láta ræsta bryggju þá eða hafnarbakka, sem notuð hefur verið. Farist það fyrir, skal hafnarstjóri sjá um að það sé gert, en afgreiðslumaður skipsins greiði allan kostnað sem af því leiðir.

12. gr.

Meðferð eldfims og hættulegs varnings.

- 12.1 Skip, sem flytja sprengiefni, eldfima vökva, lofttegundir undir þrýstingi (flöskugas) eða efni, sem við vissar aðstæður valda eld- eða sprengihættu, mega ekki leggjast að bryggju, fyrr en leyfi hefur verið veitt til þess. Skipstjóra eða umboðsmanni ber að tilkynna hafnarstjóra og slökkviliðsstjóra um farminn 24 klst. fyrir áætlaðan komutíma. Tilkynningaskyldan nær til efna, sem samkvæmt alþjóðareglum (International Maritime Dangerous Goods Code) flokkast í flokka 1, 2, 3, 4, og 5. Í tilkynningu skal greina tækniheiti efna og UN-tölu þeirra skv. IMDG—reglum, magn, pökkun og lestun. Sem dæmi um hættulegan varning má nefna: púður, dýnamit, geomit, hlaðnar patrónur, bensín, steinolíu, acetón, terpentínu, toluól, kosangas, kalciumkarbit, ammoníumnítrat, natríumklorat.

- 12.2 Losun á vöru, sem um ræðir í þessari grein skal að jafnaði framkvæmd strax og skip hefur lagst að bryggju og á undan losun á öðrum varningi. Við lestun skal slíkur farmur lestaður síðast, og skal skip láta úr höfn strax að lestun lokinni. Álíti hafnarstjóri að hætta geti stafað af lestun eða losun eldfimrar vöru getur hann stöðvað verkið uns nauðsynlegar varúðarráðstafanir hafa verið gerðar.
- 12.3 Skýlt er að hafa öryggisvörð við skip, sem lesta eða losa eldfimar vörur. Hafnarstjóri getur ákveðið að lestun og losun slíkrar vöru fari fram við sérstaka hafnarbakka, þar sem tryggast er talið. Varningur skal geymdur á svæði, sem hafnarstjóri samþykkir. Setja skal sérstakar reglur um nánari framkvæmd og ákvæði þessarar greinar, sbr. ráðleggingar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) um öryggi við flutning, meðferð og geymslu á hättulegum efnum á hafnarsvæðum. Skip sem flytja eldfim efni, skulu á daginn hafa rautt flagg (merkjatákn B) á framsigli, en á nóttunni rautt ljósker. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má eigi kveikja eld eða ljós nema undir kötlum skipsins eða í eldavél skipsins og lögboðnum ljóskerjum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði, þar sem unnið er að fermingu eða affermingu eldfims varnings.

IV. KAFLI

UM HAFNARGJÖLD Á ÞÓRSHÖFN.

13. gr.

Um hafnargjöld.

- 13.1 Gjöld til hafnarsjóðs skulu innheimt samkvæmt gjaldskrá, er settar skulu í samræmi við ákvæði 13. gr. hafnarlaga.

V. KAFLI

ÝMIS ÁKVÆÐI.

14. gr.

Löggæsla á hafnarsvæði, umferð og fleira.

- 14.1 Lögreglan á Þórshöfn hefur á hendi almenna löggæslu á hafnarsvæðinu.
- 14.2 Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar, ef þeir með því tálma lestun og losun eða önnur störf, sem þar eru unnin. Banna má ónauðsynlegan akstur hvers konar ökutækja um bryggjur, hafnarbakka, farmstöðvar og önnur afgreiðslusvæði. Fólk sem fer um hafnarsvæðið, er þar á eigin áhættu og ábyrgð.
- 14.3 Bannað er að skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum við höfnina eða á henni. Sömuleiðis er bannað að skjóta flugeldum á hafnarsvæðinu án leyfis.
- 14.4 Sand- og malarnám og önnur slík starfsemi er bönnuð á hafnarsvæðinu án leyfis. Fiskveiðar á hafnarsvæðinu mega ekki trufla edlilega umferð og afgreiðslu. Bannað er að leggja veiðarfæri á merktar siglingaleiðir og er heimilt að fjarlægja slík veiðarfæri bótalest.
- 14.5 Hafnarstjóra skal þegar tilkynnt um allt það, sem bjargað er í höfninni, en hann gefur lögreglunni skýrslu um það.

15. gr.

Bryggjur, skipsflök og hlutir í hirðuleysi.

- 15.1 Ef skip lendir á grynningum eða sekkur, þar sem það, að álíti hafnarstjóra tálmar greiðari notkun hafnarinnar, skal færa það burt svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarstjóri láta færa skipið burt á kostnað eiganda og er honum heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur. Skipsflök má ekki draga á land á hafnarsvæðinu án leyfis.

- 15.2 Ef skip, bátar, bryggjur, flutningatæki á landi eða annar búnaður er í hættu vegna hirðuleysis á hafnarsvæðinu og/eða veldur óþrifnaði eða hættu þá skal hafnarstjóri fyrirskipa úrbætur innan ákveðins frests. Sé slíkum fyrirmælum ekki sinnt, má fjarlægja viðkomandi hlut á kostnað eiganda án nokkurrar skaðabótaskyldu.

16. gr.

Varnir gegn mengun og óþrifnaði.

- 16.1 Engum úrgangi má kasta í höfnina.
- 16.2 Bannaður er hvers konar hvalskurður í og við höfnina. Eigi má draga, reka eða flytja á annan hátt inn í höfnina hvali, skipsflök eða neitt það, sem valdið getur óþrifnaði, umferðatruflun eða óþægindum í höfninni nema leyfi hafnarstjóra komi til.
- 16.3 Öllum skipum, farartækjum svo og verksmiðjum og öðrum atvinnurekstri er stranglega bannað að dæla eða láta renna í höfnina olíur, lýsi, olíusora eða annað sem mengun veldur. Skip sem hyggjast taka fljótandi eldsneyti, skulu áður hafa gert ráðstafanir svo olía renni ekki í sjóinn af þilfari, verði óhapp m. a. með því að loka afrennslisleiðum frá þilfari. Afgreiðsluaðila er óheimilt að afgreiða olíu til skipa sem ekki hafa að mati hafnarstarfsmanna gengið forsvaranlega frá þessum atriðum. Um varnir gegn mengun sjávar og viðurlög við mengunarbrotum fer samkvæmt gildandi lagaákvæðum á hverjum tíma.

17. gr.

Beiðni um og skilyrði fyrir þjónustu.

- 17.1 Allir þeir, sem æskja afgreiðslu fyrir skip, láns á tækjum eða aðstoðar á einn eða annan hátt hjá höfninni, skulu snúa sér beint til skrifstofu hafnarinnar með beiðni þar að lútandi. Heimilt er hafnarstjóra að neita þeim aðilum um aðstoð eða afgreiðslu, sem eru í vanskilum með gjöld til hafnarinnar.

18. gr.

Hverjum gefa skal fyrirmæli.

- 18.1 Fyrirmæli samkvæmt reglugerð þessari skal gefa skipstjóra, en stýrimanni ef skipstjóri er ekki á skipi og eigi heldur umbodsmáður hans, samkvæmt gr. 9.5. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

19. gr.

Um skaðabótaskyldu.

- 19.1 Um skaðabótaskyldu vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum reglum. Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur, má ákveða þær af tveim dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en 1 mánuður er liðinn frá því, að matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af 3 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, sem krafðist yfirmats, ef það gengur honum ekki í vil.
- 19.2 Nú veldur skip skemmdum í höfninni eða skipstjóri verður brotlegur við ákvæði reglugerðar þessarar, og er þá óheimilt að flytja skipið úr höfninni áður en málið er útkljáð, nema fullnægjandi trygging sé sett fyrir greiðslu að dómi hafnarstjóra. Bótakröfum hafnarsjóðs fylgir lögtaksréttur sbr. 38. gr. hafnalaga.

20. gr.

Brot, sektarákvæði og meðferð mála.

- 20.1 Brot gegn reglugerð þessari varða sektum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt almennum lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð Þórshafnar. Til tryggingar sektum og vangoldnum gjöldum má leita kyrrsetningar sbr. 39. gr. hafnalaga.
- 20.2 Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 69. 28. maí 1984, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hluta eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Þórshöfn nr. 488 21. október 1975 sbr. nr. 58 24. janúar 1985.

Samgönguráðuneytið, 16. júní 1986.

Matthías Bjarnason.

Sigurður Skúli Bergsson.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Húsavíkurhöfn.

I. KAFLI

HÖFNIN OG STJÓRN HENNAR.

1. gr.

Takmörk hafnarinnar.

- 1.1 Hafnarsvæði Húsavíkurhafnar tekur yfir Húsavíkina og er nánar lýst þannig:
- 1.2 Takmörk á sjó eru austan línu sem hugsast dregin vestast úr Kaldbaksnefi í svonefndar Snásur á Húsavíkurhöfða.
- 1.3 Takmörk á landi eru efri brún sjávarbakka frá Kaldbaksnefi að vestan að Snásum á Húsavíkurhöfða að austan.
- 1.4 Landssvæði hafnarinnar skiptist í:
- Bryggjur
 - Afgreiðslusvæði
 - Götur
 - Iðnaðar- og baksvæði
 - Dráttarbraut og land tengt henni.

2. gr.

Stjórn hafnarinnar.

- 2.1 Húsavíkurbær er eigandi hafnarinnar. Bæjarstjórn fer með stjórn hafnarmála undir yfirumsjón samgönguráðuneytisins.
- 2.2 Hafnarstjórn fer með framkvæmd hafnarmála í umboði bæjarstjórnar. Hafnarstjórn skal skipuð fimm fulltrúum og jafnmörgum til vara er bæjarstjórn kýs. Minnst einn aðalmanna í hafnarstjórn skal eiga sæti í bæjarstjórn: Kjörtímabil hafnarstjórnar er hið sama og bæjarstjórnar.
- 2.3 Auk hinna kjörnu fulltrúa eiga bæjarstjóri og hafnarstjóri sæti í hafnarstjórn með málfrelsi og tillögurétt.
- 2.4 Hafnarstjórn kýs sér formann og stýrir hann fundum hennar og boðar til þeirra í samráði við hafnarstjóra.

3. gr.

Hlutverk og valdsvið hafnarstjórnar.

- 3.1 Hafnarstjórn gerir fjárhagsáætlun fyrir hafnarsjóð, þar sem fram kemur viðhald hinna ýmsu hafnarmannvirkja svo og nýbyggingar. Hafnarstjórn skal leggja fjárhagsáætlun fyrir bæjarstjórn til staðfestingar. Hafnarstjórn gerir tillögur til bæjarstjórnar um ráðningu hafnarstjóra og annarra fastra starfsmanna hafnarinnar.
- 3.2 Hafnarstjórn hefur endanlegt ákvörðunarvald um:
— Rekstur hafnarinnar, svo sem ráðstöfun á aðstöðu þ. m. t. leiga á húsnæði í eigu hafnarinnar og landi hennar, sem leigt er til skamms tíma. — Leyfisveitingar til starfsemi á hafnarsvæðinu og hefir vald til að banna eða takmarka afnot hafnarsvæða er hún telur torvelda eðlilega hafnarstarfsemi.
- 3.3 Hafnarstjórn gerir tillögur til bæjarstjórnar varðandi skipulagsmál á hafnarsvæðinu. Byggingarmál á hafnarsvæðinu skulu hljóta umfjöllum hafnarstjórnar og bygginganefndar áður en þau eru lögð fyrir bæjarstjórn. Innan hafnar má ekki heldur gera nein hafnarmannvirki, né breyta þeim mannvirkjum sem nú eru og ekki heldur fylla upp, né dýpka út frá landi, nema leyfi hafnarstjórnar og/eða bæjarstjórnar komi til. Hafnarstjórn hefur eftirlit á hafnarsvæðinu með byggingu mannvirkja sem undanþegin eru ákvæðum byggingarlaga nr. 54/1978.

4. gr.

Hlutverk hafnarstjóra.

- 4.1 Hafnarstjóri er skipaður af bæjarstjórn að fenginni tillögu hafnarstjórnar og fer með daglega stjórn hafnarinnar í umboði hafnarstjórnar. Hafnarstjóri undirbýr mál sem leggja á fyrir hafnarstjórn og veitir viðtöku erindum til hennar. Hann sér um framkvæmd samþykktar hafnarstjórnar og veitir hafnarstjórn og bæjarstjórn upplýsingar um málefni hafnarinnar. Hann sér um að fjárhagsáætlun sé fylgt og ber ábyrgð á fjárreiðum hafnarsjóðs og ber í hvívetna að gæta hagsmuna hafnarsjóðs. Í erindisbréfi má setja nánari reglur um starfssvið hafnarstjóra.
- 4.2 Hafnarstjóri skal vinna störf sín í samræmi við ákvæði hafnarlaga og hafnarreglugerðar og fara að öðru leyti eftir samþykktum hafnarstjórnar og bæjarstjórnar.
- 4.3 Hafnarstjóri sér um, að gætt sé reglu í höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða fyrirmælum hans, eða þeirra sem hann felur slík störf.

5. gr.

Aðrir starfsmenn hafnarinnar.

- 5.1 Vikukaupsmenn og fólk til afleysinga ræður hafnarstjóri.
- 5.2 Hafnarstarfsmenn, sem hafa umsjón með eignum hafnarinnar, gæta reglu og sinna hafnarvörslu, skulu bera skilríki um starf sitt og/eða einkennisbúning samkvæmt ákvörðun hafnarstjórnar.
- 5.3 Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi. Pyki einhverjum sér óréttur gerr af starfsmönnum hafnarinnar getur hann kært það fyrir hafnarstjórn en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað.

II. KAFLI

UMFERÐ SKIPA.

6. gr.

Skilgreining á skipi.

- 6.1 Skip telst í reglugerð þessari sérhvert fljótandi far, sem nota má sem flutningatæki, dvalarstað, vinnustað, framleiðslustað eða geymslustað.

7. gr.

Almennar reglur við komu og brottför.

- 7.1 Við komu og brottför að degi til skulu skip önnur en íslensk fiskiskip hafa þjóðfána við hún.
- 7.2 Þjónusta við skip, svo sem vatnsafgreiðsla og tenging rafmagns er unnin af hafnarvörðum undir stjórn hafnarstjóra. Skip skulu við komu, brottför og siglingu um hafnarvæðið hafa opna talstöð á viðskiptabylgju Húsavíkurhafnar.
- 7.3 Sérhvert skip skal boða áætlaða komu sína (ETA) til hafnarvarða með fjarskiptasambandi eða gegnum umboðsmann með minnst 24 klst. fyrirvara, en fiskiskip í síðasta lagi með 1 klst. fyrirvara. Tikynna skal brottför með minnst 3 klst. fyrirvara.
- 7.4 Skipstjóri skal við komu til hafnar gefa skipaþjónustu eftirfarandi upplýsingar eftir því sem við á:
 - Skipsnafn, skipaskrárnúmer, þjóðerni, stærð samkvæmt mælibréfi, djúpristu og síðasta viðkomustað.
 - Nafn skipstjóra.
 - Stærð áhafnar og fjöldi farþega.
 - Tegund og magn farms.
 - Um hættulegan fram, tegund (tækniheiti og IMDG flokkun) og magn.
 - Um hugsanlega sjúkdóma um borð.
 - Nafn umboðsmanns.
- 7.5 Búnaður skipa skal uppfylla kröfur alþjóðasamþykktta, sem íslensk stjórnvöld hafa staðfest svo og sérregluna Siglingamálastofnunar ríkisins. Skipstjórnarmenn skulu sýna hafnarstarfsmönnum, ef óskað er, skýrteini um fullnægjandi búnað skipa sinna.

8. gr.

Umferð um höfnina.

- 8.1 Skip sem kemur til hafnar skal leita upplýsinga hjá hafnarverði eða umboðsmanni hvar binda megi skipið við bryggju.
Óheimilt er að binda skip annars staðar en þar sem starfsmenn hafnarinnar vísa til.
- 8.2 Skip mega ekki láta vélar ganga af svo miklu afli að öðrum skipum eða hafnarvirkjum stafi hætta af straumi frá aðal- eða þverskrúfum.
- 8.3 Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni.
- 8.4 Sérhvert skip, sem ekki er bundið við bryggju eða hafnarbakka, skal hafa uppi fyrirskipuð ljós og dagmerki.
- 8.5 Skemmti- og smábátar, þar með taldir ára- og seglbátar, skulu svo sem frekast er unnt forðast siglingaleiðir stærri skipa, sem eru á leið til eða frá höfninni. Ennfremur skal sýna sérstaka aðgæslu er skip eru að leggja að og frá viðlegu.

9. gr.

Skip í viðlegu.

- 9.1 Skip telst í viðlegu, er það liggur við hafnarbakka, bryggju, þ. m. t. utan á öðru skipi, eða föst legufæri og er í eða bíður eftir afgreiðslu eða þjónustu.
- 9.2 Skip hljóta viðlegu í sömu röð og þau koma til hafnar. Undantekin eru skip, sem hafa fastar viðlegur eða umsamin forgangsafnot hafnarbakka og skemmtiferðaskip.
- 9.3 Ekki má festa skip við hafnarbakka eða bryggjur nema við festarhringa eða festarstólpa. Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggju eða hafnarbakka og skulu festar auðkenndar með veifum eða öðrum varúðarmerkjum. Þyki hafnarstjóra þess ekki nægilega gætt, getur hann krafist, að bætt sé úr því tafarlaust.

- 9.4 Þegar búið er að leggja skipi við bryggju, má ekki flytja það innan hafnar án leyfis hafnarstjóra, en skyldur er skipstjóri að flytja skipið, ef hafnarstjóri skipar svo fyrir. Skip, sem ekki er verið að lesta eða losa, eða eru ekki í rekstri, mega aldrei liggja svo í höfninni, að þau tálmi vinnu við önnur skip og skal skylt að hlýða boðum hafnarinnar um flutning þeirra. Færist hlutaðeigandi undan að færa skipið samkvæmt ákvæðum þessa tölulíðs eða dragist flutningur þess yfir þann tíma, er hafnarstjóri hefur fyrirskipað, er hafnarstjóra heimilt að láta flytja skipið á kostnað og ábyrgð skipseiganda.
- 9.5 Í sérhverju skipi skal að jafnaði vera einn maður að minnsta kosti, er tekið geti á móti skipunum starfsmanna hafnarinnar og framkvæmt þær. Skal hann sjá um að óviðkomandi aðilar hafi ekki aðgang að skipinu og ber eigandi fulla ábyrgð á öllu því tjóni er leiða kann af vanrækslu í þessu efni. Heimilt er hafnarstjóra að fallast á gæslu sérstakra öryggisvarða, enda séu hjá hafnarvörðum nöfn skipstjórnarmanna, sem kalla má út vegna veðurs eða annarra orsaka.
- 9.6 Hafnarverðir ákveða legur fyrir skip 12 brl. og minni við viðeigandi mannvirki eftir því sem rými leyfir. Þegar skip er sjósett eða siglt í höfn, skal eigandi tilkynna það hafnarvörðum. Skip þessi eru á ábyrgð eigenda sama hvort þau eru á floti í höfninni eða á landi hennar. Heimilt er að fela félögum smábátaeigenda umsýslu á ákveðnum svæðum undir eftirliti hafnarstjóra samkvæmt nánari reglum.

10. gr.

Skip í lægi.

- 10.1 Skip telst í lægi er það liggur fyrir akkeri eða öðrum legufærum og er ekki í rekstri.
- 10.2 Skipum, sem leggja skal í lægi, má aðeins leggja á þeim stöðum, er hafnarstjóri leyfir. Skipunum skal lagt undir umsjá hafnarstjóra og legufæri ákveðin í samráði við hann, enda liggja fyrir samþykki tryggingarfélags skipsins. Eftirlit og viðhald legufæra er á ábyrgð skipseiganda. Meðan skip liggur mannlaut í lægi, skal ekki sjaldnar en tvisvar í mánuði farið út í það til þess að líta eftir, hvort legufæri eða annað hafi haggast eða bilað, og ef svo reynist, skal lagfæra það svo fljótt, sem auðið er. Áður en skipstjóri fer af skipinu, skal hann skriflega tilgreina hafnarstjóra siglingafróðan mann, sem búsettur sé á Húsavík sem hafa skal umsjón skipsins á hendi. Beinir hafnarstjóri til hans öllum fyrirskipunum, sem skipið varða. Sér hann um að þeim sé fullnægt. Verði dráttur á því, skal hafnarstjóri láta fullnægja þeim, en skipseigandi greiði allan kostnað, sem af því leiðir.

III. KAFLI

AFNOT HAFNARVIRKJA OG LANDSVÆÐA.

11. gr.

Lestun og losun, almennt.

- 11.1 Afnot hafnarvirkja og lands er öllum heimil að fengnu leyfi hafnaryfirvalda og gegn greiðslu samkvæmt gjaldskrá.
- 11.2 Hafnarstjórn ber enga ábyrgð á varningi eða öðrum eignum, sem geymdar eru á hafnarvæðinu.
- 11.3 Við lestun og losun skal viðhafa fyllstu gætni til að koma í veg fyrir óeðlilegt slit mannvirkja og búnaðar. Ekki má draga þunga hluti eftir hafnarbökkum, né sturta varningi af bílum án eðlilegs hlífðarlags.
- 11.4 Hafnarstjórn getur sett hraða- og þungatakmarkanir á hafnarvæðinu. Í sérstökum tilfellum er þó hafnarstjóra heimilt að veita undanþágu frá slíku.

- 11.5 Óheimilt er að geyma tækjabúnað á hafnarsvæðinu utan eigin leigusvæða án leyfis hafnaryfirvalda.
- 11.6 Þeir munir eða vörur, sem skipað er upp eða láta á í skip, mega ekki ligga á bryggju, hafnarbakka eða annars staðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu á slíkum varningi. Hafnarstjóri getur flutt vörur og muni, sem geymdir eru í óleyfi, burt á kostnað og aþbyrgð eiganda eða umboðsmanns hans.
- 11.7 Við lestun og losun á vikri, sandi, kolum og öðru þess háttar, er skylt að hafa nægilega sterkar hlífar milli skips og hafnarbakka, svo að ekkert falli fyrir borð. Sé þessa eigi gætt, getur hafnarstjóri stöðvað verkið, uns bætt hefur verið úr því, sem áfátt er.
- 11.8 Þegar lokið er lestun eða losun skal sá er séð hefur um lestun eða losun, láta ræsta bryggju þá eða hafnarbakka, sem notuð hefur verið. Farist það fyrir, skal hafnarstjóri sjá um að það sé gert, en afgreiðslumaður skipsins greiði allan kostnað sem af því leiðir.

12. gr.

Meðferð eldfims og hættulegs varnings.

- 12.1 Skip, sem flytja sprengiefni, eldfima vökva, lofttegundir undir þrýstingi (flöskugas) eða efni, sem við vissar aðstæður valda eld- eða sprengihættu, mega ekki leggjast að bryggju, fyrr en leyfi hefur verið veitt til þess. Skipstjóra eða umboðsmanni ber að tilkynna hafnarstjóra og slökkviliðsstjóra um farminn 24 klst. fyrir áætlaðan komutíma. Tilkynningarskyldan nær til efna, sem samkvæmt alþjóðareglum (International Maritime Dangerous Goods Code) flokkast í flokka 1, 2, 3, 4 og 5. Í tilkynningu skal greina tækniheiti efna og UN-tölu þeirra skv. IMDG-reglum, magn, pökkun og lestun. Sem dæmi um hættulegan varning má nefna: púður, dýnamit, geomit, hlaðnar patrónur, bensín, steinolíu, aceton, terpentínu, toluol, kosangas, kalciumkarbit, ammoníumnítrat, natriumkolrat.
- 12.2 Losun á vöru, sem um ræðir í þessari grein skal að jafnaði framkvæmd strax og skip hefur lagst að bryggju og á undan losun á öðrum varningi. Við lestun skal slíkur farmur lestaður síðast, og skal skip láta úr höfn strax að lestun lokinni. Álíti hafnarstjóri að hætta geti stafað af lestun eða losun eldfimrar vöru getur hann stöðvað verkið uns nauðsynlegar varúðarráðstafanir hafa verið gerðar.
- 12.3 Skylt er að hafa öryggisvörð við skip, sem lesta eða losa eldfimar vörur. Hafnarstjóri getur ákveðið að lestun og losun slíkrar vöru fari fram við sérstaka hafnarbakka, þar sem tryggast er talið. Varningur skal geymdur á svæði, sem hafnarstjóri samþykkir. Setja skal sérstakar reglur um nánari framkvæmd og ákvæði þessarar greinar, sbr. ráðleggingar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) um öryggi við flutning, meðferð og geymslu á hættulegum efnum á hafnarsvæðum. Skip, sem flytja eldfim efni, skulu á daginn hafa uppi rautt flagg (merkjatakn B) á framsigli, en á nóttunni rautt ljósker. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má eigi kveikja eld eða ljós nema undir kötlum skipsins eða í eldavél skipsins og á lögboðnum ljóskerjum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði, þar sem unnið er að fermingu eða affermingu eldfims varnings.

IV. KAFLI

UM HAFNARGJÖLD Á HÚSAVÍK.

13. gr.

Um hafnargjöld.

- 13.1 Gjöld til hafnarsjóðs skulu innheimt samkvæmt gjaldskrá, er settar skulu í samræmi við ákvæði 13. gr. hafnalaga.

V. KAFLI
ÝMIS ÁKVÆÐI.

14. gr.

Löggæsla á hafnarsvæði, umferð og fleira.

- 14.1 Lögreglan á Húsavík hefur á hendi almenna löggæslu á hafnarsvæðinu.
- 14.2 Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar, ef þeir með því tálma lestun og losun eða önnur störf, sem þar eru unnin. Banna má ónaúðsynlegan akstur hvers konar ökutækja um bryggjur, hafnarbakka, farmstöðvar og önnur afgreiðslusvæði. Fólk sem fer um hafnarsvæðið, er þar á eigin áhættu og ábyrgð.
- 14.3 Bannað er að skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum við höfnina eða á henni. Sömuleiðis er bannað að skjóta flugeldum á hafnarsvæðinu án leyfis.
- 14.4 Sand- og malarnám og önnur slík starfsemi er bönnuð á hafnarsvæðinu án leyfis. Fiskveiðar á hafnarsvæðinu mega ekki trufla edlilega umferð og afgreiðslu. Bannað er að leggja veiðarfæri á merktar siglingaleiðir og er heimilt að fjarlægja slík veiðarfæri bótalaut.
- 14.5 Hafnarstjóra skal þegar tilkynnt um allt það, sem bjargað er í höfninni, en hann gefur lögreglunni skýrslu um það.

15. gr.

Bryggjur, skipsflök og hlutir í hirðuleysi.

- 15.1 Ef skip lendir á grynningum eða sekkur, þar sem það, að áliti hafnarstjóra tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burtu svo fljótt sem audið er. Verði dráttur á því, má hafnarstjóri láta færa skipið burtu á kostnað eigandans, og er honum heimilt að láta selja skipið til lúkingar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur. Skipsflök má ekki draga á land á hafnarsvæðinu án leyfis.
- 15.2 Ef skip, bátar bryggjur, flutningatæki á landi eða annar búnaður er í hirðuleysi á hafnarsvæðinu og/eða veldur óþrifnaði eða hættu þá skal hafnarstjóri fyrirskipa útbætur innan ákveðins frests. Sé slíkum fyrirmælum ekki sinnt, má fjarlægja viðkomandi hlut á kostnað eiganda án nokkurrar skadabótaskyldu.

16. gr.

Varnir gegn mengun og óþrifnaði.

- 16.1 Engum úrgangi eða rusli má kasta í höfnina.
- 16.2 Bannaður er hvers konar hvalskurður í og við höfnina. Eigi má draga, reka eða flytja á annan hátt inn í höfnina hvali, skipsflök eða neitt það, sem valdið getur óþrifnaði, umferðatruflun eða óþægindum í höfninni nema leyfi hafnarstjóra komi til.
- 16.3 Öllum skipum, farartækjum svo og verksmíðjum og öðrum atvinnurekstri, er stranglega bannað að dæla eða láta renna í höfnina olíur, lýsi, olíusora eða annað sem mengun veldur. Skip sem hyggjast taka fljótandi eldsneyti, skulu áður hafa gert ráðstafanir svo olía renni ekki í sjóinn af þilfari, verði óhapp, m. a. með því að loka afrennslisleiðum frá þilfari. Afgreiðsluaðila er óheimilt að afgreiða olíu til skipa, sem ekki hafa að mati hafnarstarfsmanna gengið forsvaranlega frá þessum atriðum. Um varnir gegn mengun sjávar og viðurlög við mengunarbrotum fer samkvæmt gildandi lagaákvæðum á hverjum tíma.

17. gr.

Beiðni um og skilyrði fyrir þjónustu.

- 17.1 Allir þeir, sem æskja afgreiðslu fyrir skip, láns á tækjum eða aðstoðar á einn eða annan hátt hjá höfninni, skulu snúa sér beint til skrifstofu hafnarinnar með beiðni þar að lútandi. Heimilt er hafnarstjóra að neita þeim aðilum um aðstoð eða afgreiðslu, sem eru í vanskilum með gjöld til hafnarinnar.

18. gr.

Hverjum gefa skal fyrirmæli.

- 18.1 Fyrirmæli samkvæmt reglugerð þessari skal gefa skipstjóra, en stýrimanni ef skipstjóri er ekki á skipi og eigi heldur umboðsmaður hans, samkvæmt gr. 9.5. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

19. gr.

Um skaðabótaskyldu.

- 19.1 Um skaðabótaskyldu vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum reglum. Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur, má ákveða þær af tveim dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en 1 mánuður er liðinn frá því, að matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af 3 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, sem krafðist yfirmats, ef það gengur honum ekki í vil.
- 19.2 Nú veldur skip skemmdum í höfninni eða skipstjóri verður brotlegur við ákvæði reglugerðar þessarar, og er þá óheimilt að flytja skipið úr höfninni áður en málið er útkljáð, nema fullnægjandi trygging sé sett fyrir greiðslu að dómi hafnarstjóra. Bótakröfum hafnarsjóðs fylgir lögtaksréttur sbr. 38. gr. hafnalaga.

20. gr.

Brot, sektarákvæði og meðferð mála.

- 20.1 Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt almennum lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð Húsavíkur. Til tryggingar sektum og vangoldnum gjöldum má leita kyrretningar sbr. 39. gr. hafnalaga.
- 20.2 Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 69, 28. maí 1984, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Húsavíkurkaupstað nr. 183/1975.

Samgönguráðuneytið, 16. júní 1986.

Matthías Bjarnason.

Sigurður Skúli Bergsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu breytinga á áður staðfestu deiliskipulagi íbúðahverfis við Bergvík, Kjalarneshreppi.

Samkvæmt ósk hreppsnefndar Kjalarneshrepps hefur skipulagsstjórn ríkisins hinn 4. júní 1986, fallist á og staðfest, sbr. 3. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, breytingar á áður staðfestu deiliskipulagi íbúðahverfis við Bergvík frá 30. október 1975.

Breytingarnar eru þessar:

1. Gatnamót við Þjóðveg, Brautarholtsveg og tengibraut breytast.
2. Staðsetning og aðkoma að verslun breytist.
3. Ný bensinstöð er staðsett upp við Þjóðveg.
4. Íbúðalóðir upp við Brautarholtsveg. Breytast og verða fyrir léttan iðnað.
5. Lóðir fyrir þjónustuiðnað upp við Þjóðveg hverfa.
6. Raðhúsalóð breytist í parhúsalóðir.
7. Nýjar lóðir fyrir íbúðir og handverk eru staðsettar við Bergvík.

Félagsmálaráðuneytið, 12. júní 1986.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Pórhildur Línal.

AUGLÝSING

um erlend lán vegna útflutningsafurða.

Í samræmi við 19. gr. reglugerðar um gjaldeyris- og viðskiptamál nr. 519/1979 hefur viðskiptaráðuneytið í samráði við Seðlabanka Íslands sett eftirfarandi reglur um erlend lán vegna útflutningsafurða:

1. Sölusamtökum, einstökum framleiðendum eða útflytjendum er heimilt að taka lán erlendis til að fjármagna útflutning afurða eða útflutningsbirgðir og flýta þannig fyrir skilum á andvirði útflutnings.
2. Lánin mega ekki vera erlend endurlán héraðs innlánsstofnana né annarra héraðs fjármögnunarstofnana eða með ábyrgð þeirra. Innlánsstofnunum er þó heimilt að kaupa af útflytjendum kröfur, sem orðið hafa til vegna útflutnings, eða lána út á slíkar kröfur, og afla erlends fjármagns í þessu skyni með sama hætti og áður hefur tíðkast. Þessi heimild sé þó eingöngu notuð, þegar útflytjendur, eða samtök þeirra, eru ekki með nein erlend lán í gangi vegna sama lánatilfænis.
3. Þegar erlent lán hefur verið tekið vegna seldra afurða eða birgða veita íslenskar innlánsstofnanir ekki afurða- eða rekstrarlán vegna sömu afurða eða lánatilfænis.
4. Áður tekin afurða- eða rekstrarlán í héraðs innlánsstofnunum skulu greiddast upp að fullu, þegar erlent lán er tekið vegna sömu afurða eða lánatilfænis. Líta ber á andvirði útflutningsláns sem gjaldeyris-skil skv. alm. reglum þar um sjá 7. lið með áhvílandi frádrætti og skyldugreiðslum, sem innlánsstofnun sér um að færa. Hafi framleiðandi eða útflytjandi skuldbundið sig til að greiða innlánsstofnun eða fjárfestingarlánasjóði hluta af útflutningsandvirði, skulu nýir samningar um þetta frágengnir, áður en útflutningslán

- er tekið. Fullt samráð skal hafa við héraðslánsstofnun um breytingar á áhvilandi lánnum, áður en erlenda lánið er tekið.
5. Útflutningslán má aldrei vera hærri fjárhæð en sem nemur því útflutningsandvirði, sem lántakandi á útstandandi erlendis að viðbættu andvirði birgða af fullnumm útflutningsafurðum eða upphæð fjárþarfar, sem orsakast af framleiðslu útflutningsafurða.
 6. Þeir sem ætla að taka lán skv. þessum reglum skulu fyrirfram tilkynna það lánadeild Seðlabankans svo og þeirri innlánsstofnun sem hlutaðeigandi hefur verið í viðskiptum við með afurða- og rekstrarlán vegna útflutnings.
 7. Andvirði útflutningslána skal flutt heim í gegnum héraðslánsstofnun og skýringar gefnar fyrir hvaða útflutningssendingu eða útflutningsbirgðir lánið er tekið. Skýringar þessar skulu berast hlutaðeigandi innlánsstofnun svo og Seðlabanka Íslands. Útflutningslán ber að greiða, þegar skil berast á andvirði hlutaðeigandi afurða. Samhliða skal senda lánadeild Seðlabankans skilgrein um uppgjörið.

Viðskiptaráðuneytið, 18. júní 1986.

Matthías Bjarnason.

Pórhallur Ásgeirsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá og reglum fyrir símaþjónustu nr. 420/1985.

1. gr.

5. tl. IV. kafla orðist svo:

5. Farsímaþjónusta.

Í farsímaþjónustunni eru afgreidd sjálfvirk og handvirk símtöl til og frá bílastöðvum og handstöðvum.

Fyrir þessa þjónustu greiðist stofngjald, afnotagjald og viðskiptagjöld.

- 5.1. Stofngjald er kr. 3500,00 fyrir hverja stöð og greiðist við úthlutun bílasímanúmers.
- 5.2. Afnotagjald er kr. 530,00 á ársfjórðungi sem greiðist fyrirfram. Verði almenn hækkun afnotagjalds leyfð frá tilteknum degi, skulu þeir sem greitt höfðu fyrirfram, greiða hækkunina með síðari afnotagjaldareikningi.
- 5.3. Viðskiptagjald fyrir sjálfvirka þjónustu er mínútagjald. Gjaldið er kr. 6,00 fyrir hverja mínútu innanlands. Fyrir brot úr mínútu greiðist gjald sem er hlutfallslegt við gjald fyrir heila mínútu.
- 5.4. Viðskiptagjöld fyrir handvirka afgreiðslu eru afgreiðslugjald og mínútagjald. Afgreiðslugjald er kr. 3,90 fyrir hvert símtal og mínútagjald er kr. 7,80 fyrir hverja byrjaða mínútu innanlands.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 9. gr. laga um fjarskipti nr. 73/1984 staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. júlí 1986 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 16. júní 1986.

Matthías Bjarnason.

Halldór S. Kristjánsson.

REGLUGERÐ

um veitingu lækningaleyfis og sérfræðileyfa.

Skýringar: Í reglugerð þessari getur deild merkt hvort heldur sem er sérstakt sjúkrahús, sem annast sjúklinga með tiltekna sjúkdóma (sér sjúkrahús), eða samsvarandi einingu í sjúkrahúsi (sérdeild).

Umsóknir um lækningaleyfi og sérfræðileyfi ásamt staðfestum vottorðum yfirmanna og öðrum nauðsynlegum fylgiskjölum skal senda til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis.

I. Lækningaleyfi.

1. gr.

Til þess að kandidat í læknisfræði geti átt rétt á að öðlast ótakmarkað lækningaleyfi og heita lækni, skal hann að prófi loknu hafa lokið því framhaldsnámi er hér greinir:

- a) Hann skal hafa unnið kandidatsstörf eða samsvarandi aðstoðarlæknisstörf á viðurkenndu deildaskiptu sjúkrahúsi (eða sjúkrahúsum) í samtals 12 mánuði. Þar af skal hann a. m. k. vinna í 4 mánuði á almennri lyflækningadeild, og í 2 mánuði á almennri handlækningadeild, en a. m. k. skulu 9 mánuðir vera unnir á klíniskum deildum og mest 3 mánuðir á rannsóknadeildum.
- b) Um skylduþjónustu læknakandidata á heilsugæslustöðvum fer samkvæmt lækna­lögum og auglýsingum settum samkvæmt þeim.

II. Sérfræðileyfi.

2. gr.

Til þess að kandi­dat í læknisfræði geti átt rétt á að öðlast sérfræðileyfi skal hann hafa fullnægt þeim kröfum, er hér greinir:

- a) Hann skal að jafnaði hafa lokið framhaldsnámi samkvæmt 1. grein, áður en sérnám er hafið.
- b) Hann skal hafa hlotið ótakmarkað lækningaleyfi hér á landi samkvæmt 1. grein.
- c) Hann skal að jafnaði hafa fullnægt ákvæðum 3. og 4. greinar.

3. gr.

Sérnám samkvæmt 4. grein má einungis fara fram á þeim sjúkrahúsum (stofnunum), sem viðurkennd eru til slíks sérnáms í heimalandi sínu. Heilbrigðisráðherra veitir sjúkrahúsum hér á landi slíka viðurkenningu samkvæmt tillögum þriggja lækna nefndar, sem metur starfsemi sjúkrahúsanna. Nefndin er skipuð til 4 ára af ráðherra, þannig að einn er skipaður skv. tilnefningu lækna­deildar og er hann formaður, annar skv. tilnefningu Læknafélags Íslands og sá þriðji skv. tilnefningu Landsambands sjúkrahúsa. Nefndin endurskoðar mat sitt á 2ja ára fresti og leitar umsagnar hjá viðkomandi sérgreinafélögum og forstöðumönnum kennslugreina. Læknadeild ákveður hversu mikill hluti af sérnámi megi fara fram á hérlendum sjúkrahúsum.

Læknar þeir, sem sérnám stunda, skulu vera aðstoðarlæknar í fullu starfi á þeim sjúkrahúsum (stofnunum), þar sem þeir nema. Frá þessu ákvæði má þó veita undanþágu, ef önnur námstilhögun þykir jafngild að mati lækna­deildar. Nám á sérfræðinámskeiði má viðurkenna í stað takmarkaðs hluta tilskilins starfstíma á sjúkrahúsi (stofnun).

Heimilt er að veita sérfræðileyfi lækni, sem fengið hefur slíkt leyfi á Norðurlöndum svo og þeim sem lokið hafa viðurkenndu sérfræðinámi, eða sérfræðiprófi í Bandaríkjunum eða

Bretlandi. Einnig þeim sem hafa fengið sérfræðileyfi eða lokið sérfræðiprófi í löndum, sem gera sambærilegar kröfur um sérfræðináám, enda þótt námstilhögun sé frábrugðin ákvæðum 4. greinar. Sérnámið má þó ekki hafa staðið skemur en 4 ár.

4. gr.

Sérfræðileyfi má veita að loknu námi samkvæmt eftirfarandi töluliðum. Heildar námstími skal eigi vera skemmri en $4\frac{1}{2}$ ár í aðalgrein. Til að hljóta sérfræðileyfi í undirsérgrein skal umsækjandi hafa lokið tveggja ára viðurkenndu námi í undirgreininni og vera sérfræðingur í aðalgreininni. Ákvæði síðasta bókstafslíð hvers töluliðar nema kafla X og XV um nám sem tengist sérgrein má uppfylla með starfi á sömu deild eða stofnun og aðalsérnámið var stundað. Umsækjandi skili þá prentaðri ritsmið eða skriflegri greinargerð um vísinda- eða rannsóknastörf sín. Greinargerð skal staðfest með vottorði frá yfirmanni viðkomandi deildar.

I. Atvinnulækningar:

- a) $2\frac{1}{2}$ ár á atvinnusjúkdómadeild.
- b) 1 ár á lyfjadeild eða lungnasjúkdómadeild.
- c) 1 ár á deild eða stofnun, þar með taldar vísindalegar rannsóknastofnanir, sem tengjast greininni.

II. Augnlækningar:

- a) 3 ár á augndeild.
- b) $\frac{1}{2}$ ár á lyfjadeild eða $\frac{1}{2}$ ár á taugadeild eða taugaskurðeild.
- c) 1 ár á deild eða stofnun, þar með taldar vísindalegar rannsóknastofnanir, sem tengjast greininni.

III. Barnalækningar:

1. Almennar barnalækningar.
 - a) 3 ár á almennri barnadeild.
 - b) $\frac{1}{2}$ ár á lyfjadeild eða barnageðdeild.
 - c) 1 ár á deild eða stofnun, þar með taldar vísindalegar rannsóknastofnanir, sem tengjast greininni.
2. Veita má sérfræðingi í almennum barnalækningum sérfræðileyfi í einni undirgrein þeirra, svo sem í barnaefnaskiptalækningum, barna- og unglingageðlækningum, barnahjartalækningum, barnakrabbameinslækningum, barnaónæmislækningum. Skilyrði er 2ja ára nám í undirsérgreininni. Sérfræðingur í barna- og unglingageðlækningum skal uppfylla ákvæði í lið c með starfi á almennri geðdeild.

IV. Bæklunarskurðlækningar:

1. Almennar bæklunarskurðlækningar.
 - a) $3\frac{1}{2}$ ár á deild fyrir bæklunarskurðlækningar.
 - b) 1 ár á almennri skurðeild.
 - c) 1 ár á deild eða stofnun, sem tengjast greininni, þar með taldar vísindalegar rannsóknastofnanir.
2. Veita má sérfræðingi í bæklunarskurðlækningum sérfræðileyfi í handaskurðlækningum sem undirgrein. Skilyrði er tveggja ára nám í undirgreininni, þar meðtalið nám samkvæmt lið IV c.

V. Embættislækningar:

- a) Fullur tími í einhverri annarri sérgrein.
- b) Að minnsta kosti 1 ár í heilbrigðisfræði, félagslækningum og/eða heilsuvernd á viðurkenndum stofnunum eða háskóla enda ljúki því með prófi eða vottorði.

VI. Geðlækningar:

1. a) 3 ár á geðdeildum, þar af minnst 1 ár á móttökudeild. Auk þess göngudeild, barna- og unglिंगageðdeild og deild fyrir áfengis- og vímuefnasjúklinga.
- b) ½ ár á lyfjadeild eða ½ ár á taugadeild.
- c) 1 ár á deild eða stofnun, þar með taldar vísindalegar rannsóknastofnanir, sem tengjast greininni.
2. Veita má sérfræðingi í geðlækningum sérfræðileyfi í einni undirgrein þeirra. Skilyrði er 2ja ára nám í undirsérgreininni. Sérfræðingur í barna- og unglिंगageðlækningum skal uppfylla ákvæði í lið c) með starfi í barnadeild.
3. Veita má sérfræðileyfi í barna- og unglिंगageðlækningum (þ. e. án aðalgreinar) ef fullnægt er eftirfarandi skilyrðum.
 - a) 1½ ár á almennri geðdeild.
 - b) 2 ár á sérdeild fyrir undirgreinina.
 - c) ½ ár á almennri barnadeild.
 - d) 1 ár á deild eða stofnun, þar með taldar vísindalegar rannsóknastofnanir, sem tengjast greininni.

VII. Geislalækningar:

1. Geislagreining.
 - a) 3 ár á geislagreiningardeild.
 - b) ½ ár á skurðeild eða lyfjadeild.
 - c) 1 ár á deild eða stofnun, þar með taldar vísindalegar rannsóknastofnanir, sem tengjast greininni.
2. Geislalækningar.
 - a) 3 ár á geislalækningadeild.
 - b) ½ ár á geislagreiningardeild, skurðeild, lyfjadeild eða krabbameinsdeild.
 - c) 1 ár á deild eða stofnun, þar með taldar vísindalegar rannsóknastofnanir, sem tengjast greininni.

VIII. Háls-, nef- og eyrnalækningar:

- a) 3 ár á háls-, nef- og eyrnadeild.
- b) ½ ár á skurðeild.
- c) 1 ár á deild eða stofnun, þar með taldar vísindalegar rannsóknastofnanir, sem tengjast greininni.

IX. Heimilislækningar:

- a) 2 ár á heilsugæslustöð eða læknastöð undir handleiðslu sérfræðings í heimilislækningum, eða heimilislækni, sem læknaeild metur hæfa til þessarar kennslu. Æskilegt er að lækningin kynnist starfsemi læknaamidstöðva og heilsuverndarstöðva á þessum tíma.
Heimilt er að nýta 6 mánuði af þessum þjálfunartíma á augndeild, háls-, nef- og eyrnadeild, húðdeild, skurðeild, svæfinga- og gjörgæsludeild og endurhæfingardeild eða deildum samkvæmt c) lið, þó ekki meira en 3 mánuði á hverri deild.
- b) 1 ár á lyflækningadeild.
- c) 18 mánuði á eftirtöldum deildum:
barnadeild
geðdeild
kvennadeild
slysadeild.
Lágmarkstími á deild skal vera 4 mánuðir.
- d) Í stað náms skv. a, b og c liðum má koma að nokkru eða öllu leyti kerfisbundið nám í heimilislækningum, sem stundað er í löndum, þar sem slíku námi er haldið uppi, og eins þótt um styttri heildartíma sé að ræða en greinir í ívitnuðum liðum,

ef viðkomandi hefur hlotið fulla sérmenntun í greininni skv. kröfum, þeim, sem gerðar eru í því landi, enda viðurkennt af læknadeild.

X. Húð- og kynsjúkdómalækningar:

- a) 3 ár á húð- og kynsjúkdómadeild.
- b) ½ ár á lyfjadeild.
- c) 1 ár á deild eða stofnun, þar með taldar vísindalegar rannsóknastofnanir, sem tengjast greininni.

Í stað vistar á húð- og kynsjúkdómadeild má koma 2½ árs vist á húðsjúkdómadeild og ½ árs vist á kynsjúkdómadeild eða lækningastöð fyrir kynsjúkdóma. Heimilt er að veita sérfræðiviðurkenningu í hvorri grein fyrir sig, ef lið a er fullnægt, að því er hlutaðeigandi sérdeild snertir, enda sé einnig fullnægt lið b.

XI. Krabbameinslækningar:

- a) 3 ár á krabbameinsdeild.
- b) 1 ár á lyfjadeild.
- c) 1 ár á deild eða stofnun, þar með taldar vísindalegar rannsóknastofnanir, sem tengjast greininni.

XII. Kvenlækningar:

1. Almennar kvenlækningar.

- a) ½ ár á kvennadeild.
- b) 1 ár á almennri skurðeild.
- c) 1 ár á deild eða stofnun, þar með taldar vísindalegar rannsóknastofnanir, sem tengjast greininni.

2. Veita má sérfræðingi í kvenlækningum sérfræðileyfi í einni undirgrein þeirra, svo sem kvenkrabbameinslækningar, innkirtlakvensjúkdómar. Skilyrði er 2ja ára nám í undirsérgreininni.

XIII. Lyflækningar:

1. Almennar lyflækningar.

- a) 3½ ár á almennri lyfjadeild.
- b) 1 ár á deild eða stofnun, þar með taldar vísindalegar rannsóknastofnanir, sem tengjast greininni.

2. Veita má sérfræðingi í almennum lyflækningum sérfræðileyfi í einni undirgrein þeirra, svo sem efnaskipta- og innkirtlalækningum, gigtarlækningum, hjartalækningum, krabbameinslækningum, lungnalækningum, meltingarlækningum, nýrnalækningum, ónæmislækningum, smitsjúkdómalækningum, öldrunarlækningum o. s. frv. Skilyrði er 2ja ára nám í undirsérgreininni.

XIV. Lýtalækningar:

1. Almennar lýtalækningar.

- a) 3 ár á lýtalækningadeild.
- b) 1½ ár á almennri skurðeild.
- c) 1 ár á deild eða stofnun, þar með taldar vísindalegar rannsóknastofnanir, sem tengjast greininni.

2. Veita má sérfræðingi í lýtalækningum sérfræðileyfi í handaskurðlækningum sem undirgrein. Skilyrði er 2ja ára nám í undirsérgreininni, þar með talið nám samkvæmt lið XIV c.

XV. Meinafræði:

1. Blóðmeinafræði.

- a) 3½ ár á blóðsjúkdómadeild, sem rekin er í tengslum við rannsóknastofu eða 2½ ár á rannsóknastofu í blóðmeinafræði og 1 ár á lyfjadeild eða deild fyrir blóðsjúkdóma.

2½

- b) 1 ár á deild eða stofnun, þar með taldar vísindalegar rannsóknastofnanir, sem tengjast greininni.
2. Líffærameinafræði.
- a) 3½ ár á líffærameinafræðideild.
- b) 1 ár á deild eða stofnun, þar með taldar vísindalegar rannsóknastofnanir, sem tengjast greininni.
- c) Veita má sérfræðingi í líffærameinafræði sérfræðileyfi í einni undirgrein svo sem barnameinafræði, frumumeinafræði, taugameinafræði o. s. frv. Skilyrði er 2ja ára nám í undirsérgreininni.
3. Meinefnafræði.
- a) 3½ ár á meinaefnafræðideild.
- b) 1 ár á deild eða stofnun, þar með taldar vísindalegar rannsóknastofnanir, sem tengjast greininni.
4. Meinalífeðlisfræði.
- a) 3½ ár á meinalífeðlisfræðideild.
- b) 1 ár á deild eða stofnun, þar með taldar vísindalegar rannsóknastofnanir, sem tengjast greininni.
5. Ónæmisfræði.
- a) 3½ ár á rannsóknastofu í ónæmisfræði, sem rekin er í tengslum við klíniska þjónustu fyrir ofnæmissjúklinga, gigtarsjúklinga, krabbameinssjúklinga og sjúklinga með afbrigðilegar sýkingar eða 2½ ár á rannsóknastofu í klíniskri ónæmisfræði og 1 ár á deild fyrir ofnæmissjúkdóma, gigtarsjúkdóma, krabbamein eða ónæmisbilanir.
- b) 1 ár á deild eða stofnun, þar með taldar vísindalegar rannsóknastofnanir, sem tengjast greininni.
6. Sýklafræði.
- a) 3½ ár á sýklafræðideild.
- b) 1 ár á deild eða stofnun, sem tengjast greininni, þar með taldar vísindalegar rannsóknastofnanir.
7. Veirufræði.
- a) 3½ ár á veirufræðideild.
- b) 1 ár á deild eða stofnun, þar með taldar vísindalegar rannsóknastofnanir, sem tengjast greininni.
- XVI. Orku- og endurhæfingarlækningar:
- a) 2½ ár á endurhæfingardeild.
- b) ½ ár á lyfjadeild.
- c) ½ ár á gigtsjúkdómadeild eða geðdeild.
- d) 1 ár á deild eða stofnun, sem tengjast greininni, þar með taldar vísindalegar rannsóknastofnanir.
- XVII. Skurðlækningar:
1. Almennar skurðlækningar.
- a) 3½ ár á almennri skurðdeild.
- b) 1 ár á deild eða stofnun, þar með taldar vísindalegar rannsóknastofnanir, sem tengjast greininni.
2. Veita má sérfræðingi í almennum skurðlækningum sérfræðileyfi í einni undirgrein þeirra, svo sem barnaskurðlækningum, brjóstholsskurðlækningum, æða-skurðlækningum o. s. frv. Skilyrði er 2ja ára nám í undirsérgreininni.

XVIII. Svæfingalæknisfræði:

- a) 3 ár á svæfingadeild að meðtalinni gjörgæsludeild.
- b) ½ ár á lyfjadeild.
- c) ½ ár á skurðeild.
- d) ½ ár á deild eða stofnun, þar með taldar vísindalegar rannsóknastofnanir, sem tengjast greininni.

XIX. Taugalækningar:

- a) 3 ár á taugadeild.
- b) ½ ár á lyfjadeild.
- c) 1 ár á deild eða stofnun, sem tengjast greininni, þar með taldar vísindalegar rannsóknastofnanir.
- d) Veita má sérfræðingi í taugalækningum sérfræðileyfi í einni undirsérgrein svo sem taugalífeðlisfræði, taugameinafræði o. s. frv. Skilyrði er 2ja ára nám í undirsérgreininni.

XX. Taugaskurðlækningar:

- a) 3½ ár á sérdeild fyrir greinina.
- b) 1 ár á almennri skurðeild.
- c) 1 ár á deild eða stofnun, þar með taldar vísindalegar rannsóknastofnanir sem tengjast greininni.

XXI. Pvagfæraskurðlækningar:

- a) 3 ár á sérdeild fyrir greinina.
- b) 1½ ár á almennri skurðeild.
- c) 1 ár á deild eða stofnun, sem tengist greininni, þar með taldar vísindalegar rannsóknastofnanir.

5. gr.

Veita má sérfræðileyfi í öðrum greinum en þeim er að framan greinir, ef fullnægt er kröfum um sérmenntun að mati sérfræðinefndar læknadeildar, að fengnum tillögum sérfræðinga í hlutaðeigandi greinum, ef til eru. Sérfræðinefnd úrskurðar á sama hátt um veitingu sérfræðileyfa í nýjum undirgreinum. Lækni er óheimilt að vera sérfræðingur í fleiri en einni aðalsérgrein samtímis. Sérfræðinefnd skv. 7. gr. getur þó í sérstökum tilvikum veitt undanþágu frá þessari reglu með samþykki læknadeildar að fengnu álitni Læknafélags Íslands og í samráði við hlutaðeigandi sérgreinafélög.

6. gr.

Heimilt er að synja lækni um sérfræðiviðurkenningu, þótt hann hafi fullnægt ákvæðum þessarar reglugerðar, ef sérfræðinefnd læknadeildar telur að námið hafi ekki verið nægilega samfellt eða að óeðlilega langur tími hafi liðið frá því að hann lauk samfelldu sérnámi og þar til umsókn barst.

7. gr.

Læknadeild skipar 3 lækna til að fara yfir og úrskurða um umsóknir til sérfræðileyfis. Skal einn vera úr hópi kennara deildarinnar og er hann formaður nefndarinnar, annar skal tilnefndur af L. Í. og sá þriðji er forstöðumaður kennslu í þeirri grein sem til umfjöllunar er hverju sinni. Við afgreiðslu umsókna skal þegar við á, fulltrúi viðkomandi sérgreinafélags boðaður á fund nefndarinnar. Fulltrúar læknadeildar og L. Í. skulu skipaðir til 4 ára. Þeir annast fyrir hönd læknadeildar túlkun og endurskoðun reglugerðarinnar í samráði við stjórn og sérgreinafélög L. Í. Ennfremur skulu þessir aðilar fylgjast með þróun framhaldsnáms og reglna um sérfræðiviðurkenningu í nágrannalöndum. Komi upp ágreiningur í nefndinni skal skjóta honum undir úrskurð læknadeildar.

III. Gildistöku- og bráðabirgðaákvæði.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er að tillögu læknaeildar Háskóla Íslands staðfestist hér með samkv. 2. og 5. gr. læknalaga nr. 80/1969 til þess að öðlast gildi 1. júlí 1986. Jafnframt fellur úr gildi frá og með sama tíma reglugerð nr. 39/1970, um veitingu lækningaleyfis og sérfræðileyfa ásamt síðari breytingum.

Kandidötum, sem lokið hafa læknaprófi við gildistöku þessarar reglugerðar skal þó heimilt að haga almennu framhaldsnámi skv. I. kafla hinnar fyrri reglugerðar, ef námið er hafið þegar reglugerð þessi öðlast gildi. Einnig skal læknum, sem hafa hafið sérfræðinám við gildistöku, heimilt að haga sérnáminu skv. II. kafla fyrri reglugerðar til 1. júlí 1990. Skal sérstaklega tekið fram í umsókn sé slíkrar heimildar óskað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. júní 1986.

Ragnhildur Helgadóttir.

Páll Sigurðsson.

Nr. 312

23. júní 1986

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 51. og 65. gr. umferðarlaga nr. 40 1968 og að fenginni tillögu borgarráðs, hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Bannað er að leggja ökutækjum við Leirulæk nema á sérstökum afmörkuðum bifreiðastæðum.
 2. Fellt er niður bann við:
 - a) Hægri beygju af Vitastíg inn á Laugaveg.
 - b) Vinstri beygju af Skúlagötu inn á Vatnsstíg.
 - c) Að leggja ökutækjum á Bergþórugötu að norðanverðu, milli Barónsstígs og Snorrabrautar.
 - d) Að leggja ökutækjum á Túngötu að sunnanverðu, frá Hofsvallagötu að Bræðraborgarstíg.
 - e) Að leggja ökutækjum á Njálsgötu að sunnanverðu, austan Barónsstígs meðfram lóð nr. 70.
 - f) Að leggja ökutækjum á Framnesvegi að vestanverðu, frá Öldugötu að Holtsgötu frá kl. 18.00 mánudaga-föstudaga til kl. 08.00 að morgni næsta dags.
 3. Heimilt er að stöðva eða leggja ökutæki að sunnanverðu á Vesturgötu milli Seljavegar og Ánanausta. Bannað er að leggja ökutæki að norðanverðu á Vesturgötu á sama kafla.
 4. Heimilt er að stöðva eða leggja ökutækjum á:
 - a) Vitastíg að austanverðu, milli Hverfisgötu og Laugavegs og milli Grettisgötu og Njálsgötu.
 - b) Lynghaga að sunnanverðu.
 - c) Tjarnargötu að austanverðu, frá Kirkjustræti að Vonarstræti.
- Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 10 júlí n.k.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 23. júní 1986.

Böðvar Bragason.

SAMÞYKKT

um sorphreinsun í Búðahreppi.

1. gr.

Búðahreppur annast eða býður út alla sorphreinsun innan marka kaupsins samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar og fer sorphreinsun fram undir yfirstjórn sveitarfélagsins og eftirliti heilbrigðisnefndar.

2. gr.

Sérhver íbúðarhafi í Búðakauptúni er skyldugur að nota þær aðferðir og flát við sorphreinsun sem sveitarstjórn ákveður.

Sorpgeymslur skulu vera aðgengilegar fyrir sorphirðumenn og húseigendur skulu hreinsa snjó frá sorpgeymslum og halda greiðfærri leið að þeim svo auðvelt sé að framkvæma hreinsun. Húseigendur skulu kosta kaup sorpgeymslufláta sinna og viðhald þeirra.

3. gr.

Sorpið sem sett er í sorplátin má vera allt venjulegt heimilissorp. Ekki má setja í sorppoka mold, mól, grjót, byggingarsorp, o. þ. h. Glerbrotum og öðrum oddhvössum hlutum sem hætta er á að skeri eða rífi pokana skal pakkað inn og gengið frá þeim á annan tryggilegan hátt. Pokar mega ekki vera þyngri en svo að auðvelt sé að meðhöndla þá og ekki sé hætta á að þeir rifni. Gæta skal þess að fylla ekki sorppoka meira en svo að auðveldlega megi loka þeim.

4. gr.

Sorphreinsun fer að jafnaði fram viku- til hálfsmánaðarlega. Um stórhátíðir skal framkvæma aukahreinsanir eftir því sem við verður komið og þörf krefur. Búðahreppur leggur til einn til tvo sorppoka fyrir hverja íbúð við hverja hreinsun. Aukapoka má fá keypta í verslunum.

5. gr.

Allt sorp sem eigi verður látið í poka, eða sem hirða þarf örur en samþykkt þessi gerir ráð fyrir, skulu eigendur annast á eigin kostnað sé ekki um annað samið.

6. gr.

Verslunar- og iðnfyrirtækjum og þeim aðilum öðrum sem hafa með höndum starfsemi sem krefst tíðari og viðameiri sorphreinsunar en um getur hér að framan, ber sjálfum að annast og kosta þá sorphirðu. Allan flutning á vegum einstaklinga og fyrirtækja á sorphauga Búðahrepps skal framkvæma eftir ströngustu fyrirmælum sveitarstjórnar og heilbrigðisnefndar og skal þrífnaður í hávegum hafður.

7. gr.

Almenn sorphirða venjulegs hússorps greiðist af sveitarsjóði. Þó skal sveitarstjórn heimilt að leggja á sérstakt árlegt sorphreinsunargjald í sérstakri gjaldskrá sem staðfestist af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og innheimtist með fasteignagjöldum. Slíkt gjald má aldrei vera hærra en sannanlegur kostnaður við sorphirðu.

8. gr.

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna sorphirðunnar, skal hann koma slíkri kvörtun til hreppsnefndar Búðahrepps eða heilbrigðisfulltrúa.

9. gr.

Brjótí húsráðandi ákvæði samþykktar þessarar um meðferð og geymslu sorps skulu sorphirðumenn tilkynna það sveitarstjórn eða heilbrigðisfulltrúa, sem gangast þá í því að úr verði bætt. Sorphreinsunarmönnum er óheimilt að hnýsast í sorppoka.

10. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt lögum nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

11. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Búðahrepps staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 20. júní 1986.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Ragnhildur E. Þórðardóttir.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um starfrækslu jarðstöðvar fyrir móttöku
sjónvarpsefnis um fjarskiptatungl nr. 7/1986.**

1. gr.

2. mgr. 2. gr. orðist svo:

Ráðherra gefur einnig út starfræksluleyfi til aðila, sem dreifa mótteknu sjónvarpsefni innan húsakynna fyrirtækis eða stofnunar, svo sem í sjúkrahúsi, gistihúsi, skóla, verksmiðju eða dvalarheimili.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum um fjarskipti nr. 73/1984 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 16. júní 1986.

Matthías Bjarnason.

Halldór S. Kristjánsson.

30. júní 1986

597

Nr. 315

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um samvinnu og starfsskiptingu milli
lögreglustjóra og rannsóknarlögreglu ríkisins, nr. 253 29. júní 1977.

1. gr.

2. gr. breytist þannig:

a. Við 3. málsg. bætist nýr töluliður, svohljóðandi:

9. a. Brot á lögum og reglum um ávana- og fíkniefni og á 173. gr. a almennra hegningarlaga.

b. Á eftir 3. málsg. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Deildir þessar skulu og veita aðstoð við sjópróf sem haldin eru samkvæmt siglingalögum. Tilkynna skal rannsóknarlögreglu ríkisins um aðstoðarbeiðni, ef um er að ræða aðstoð vegna máls er fellur í hlut hennar, og fer þá um mál samkvæmt 4. gr.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 9. gr. laga um rannsóknarlögreglu ríkisins, nr. 108 28. desember 1976, öðlast gildi 1. júlí 1986.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. júní 1986.

Jón Helgason.

Ólafur W. Stefánsson.

30. júní 1986

Nr. 316

REGLUGERÐ

um ráðstöfun á sérstöku fódurgjaldi, sem innheimt er skv. reglugerð nr. 259/1985
skv. lögum nr. 46 27. júní 1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu
á búvörum, vegna afurða svína og alifugla.

1. gr.

Endurgreiða skal framleiðendum á afurðum svína og alifulga hluta sérstaks fódurgjalds, sem álagt er við tollafgreiðslu á innflutt fóður, sbr. reglugerð nr. 259 frá 1. júlí 1985. Endurgreiðslan skal vera 75% hlutar af álögðu sérstöku fódurgjaldi, sbr. 6. gr. Af hinu álagða sérstaka fódurgjaldi renna sem næst 5% hlutar til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins að frádregnum kostnaði Framleiðsluráðs landbúnaðarins við framkvæmd endurgreiðslanna, sem landbúnaðarráðherra samþykkir.

2. gr.

Endurgreiðsla hins sérstaka fódurgjalds skv. reglugerð þessari skal eingöngu vera vegna framleiðslu á afurðum alifugla og svína frá og með 1. júlí 1985.

B 56

3. gr.

Endurgreiðsla á sérstöku fóðurgjaldi fer fram af endurgreiðslureikningi til framleiðenda sbr. 5. gr., annaðhvort með milligöngu fóðursala eða beint af endurgreiðslureikningnum. Sami aðili getur ekki látið fóðursala annast um hluta endurgreiðslunnar og annast hinn hlutann sjálfur, heldur verður hann að velja aðra hvora leiðina.

4. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal annast endurgreiðslu til framleiðenda í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar. Hinu sérstaka gjaldi skal haldið á sérgreindum reikningi, er framleiðsluráð færir — endurgreiðslureikningi — sem Ríkisendurskoðun annast endurskoðun á. Ríkisfóðir gerir skil mánaðarlega til framleiðsluráðs, til færslu á endurgreiðslureikning, á hinu sérstaka fóðurgjaldi samkv. reglugerð nr. 259/1985, hvort sem er í formi sjálfskuldarábyrgðar eða peninga. Framleiðsluráð gerir á sama hátt skil mánaðarlega til framleiðnisjóðs á þeim hluta hins sérstaka fóðurgjalds, er greiða ber í sjóðinn, sbr. 1. gr., og gjaldfallið er, sé um sjálfskuldarábyrgð að ræða.

5. gr.

Nú velur framleiðandi, sem á rétt á endurgreiðslu á sérstöku fóðurgjaldi, þá leið að fóðursali annast endurgreiðsluna og gefur hann þá viðkomandi fóðursala (fóðursölum) umboð til þess fyrir sína hönd. Áður en framleiðsluráð staðfestir endurgreiðslur samkvæmt framlögðum gögnum frá fóðursölum, skal umboð fóðursalans til að annast endurgreiðslur fyrir hönd hvers framleiðanda liggja fyrir. Umboðið gildir svo lengi sem það er ekki afturkallað.

6. gr.

Endurgreiðsla hins sérstaka fóðurgjalds skal miðuð við framleiðslumagn og fer fram í tveimur áföngum. Í fyrsta lagi við fóðurkaup, en þá endurgreiðast $\frac{60}{80}$ hlutar hins sérstaka fóðurgjalds eins og það er fullreiknað, þ. e. nú 80% af tollverði. Endurgreiðslan reiknast af hverri fóðurtegund fyrir sig skv. 8. gr. Í öðru lagi á þriggja mánaða fresti samkvæmt framlögðum skýrslum um framleiðslumagn til Framleiðsluráðs landbúnaðarins á s. l. 3ja mánaða tímabili, í fyrsta sinn frá 1. júlí 1985, og er það lokagreiðsla, þannig að endurgreiðsla eftir framleiðslumagni, er nemur $\frac{75}{80}$ hlutum af fullu sérstöku fóðurgjaldi, verði náð, sbr. þó 11. gr.

7. gr.

Fóðursölum er heimilt við sölu á fóðri til framleiðslu á afurðum alifugla og svína, að endurgreiða $\frac{60}{80}$ hluta hins sérstaka fóðurgjalds, að fenginni staðfestingu Framleiðsluráðs landbúnaðarins á endurgreiðslurétti hvers einstaks framleiðanda. Framleiðsluráð landbúnaðarins veitir aðilum því aðeins rétt til endurgreiðslu, að þeir hafi lagt fram tilskilin gögn, sbr. 10. gr.

8. gr.

Fóðursalar skulu senda Framleiðsluráði landbúnaðarins mánaðarlega skilagrein um endurgreidd fóðurgjöld og birgðir um hver mánaðamót. Á þeirri skilagrein komi fram nafn, nafnúmer og heimili fóðurkaupanda, tegund og magn fóðurs og endurgreiðslur hvers framleiðanda. Jafnframt skal fóðursali láta fylgja nákvæman verðútreikning, er sýni verð hverrar fóðurtegundar, brotið niður í alla verðþætti, þar komi m. a. fram hver hluti hins sérstaka fóðurgjalds er í verði fóðursins og hver hinn endurgreiðsluhæfi hluti er í sama fóðri, þ. e. $\frac{60}{80}$ hlutar hins sérstaka fóðurgjalds.

9. gr.

Óski framleiðandi eftir endurgreiðslu $\frac{60}{80}$ hluta fóðurgjalds vegna staðgreiðslu á fóðurkaupum, skal hann skila til Framleiðsluráðs landbúnaðarins sömu upplýsingum varðandi hlut fóðurgjalds í verði fóðursins og koma fram í 8. gr.

10. gr.

Til þess að framleiðandi á afurðum alifugla og svína öðlist rétt til endurgreiðslu á fóðurgjaldi, er honum skylt að leggja fram staðfestar framleiðsluskýrslur eða vottorð um bústofn, ef framleiðsla er á byrjunarstigi, til Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Á skýrslunum komi fram nafn, nafnnúmer og heimilisfang framleiðandans og magn hvernar afurðar og hverjum seld. Skýrslum þessum ber að skila á eftirfarandi hátt:

A. Mánaðarleg skil komi frá:

1. Framleiðendum á afurðum svína.
2. Framleiðendum eggja, sem hafa 200 varphænur eða fleiri.
3. Framleiðendum á alifuglakjöti.

B. Skil á þriggja mánaða fresti komi frá framleiðendum eggja með 50—200 varphænur.

C. Skil einu sinni á ári komi frá framleiðendum eggja, sem hafa innan við varphænur.

Skilafrestur á skýrslum er þrjár vikur frá lokum hvers tímabils.

Framleiðsluráð landbúnaðarins útbýr skýrsluform og sendir til viðkomandi aðila eftir forðagæsluskýrslum eða vottorðum um bústofn, ef framleiðsla er á byrjunarstigi.

11. gr.

Seinni hluti greiðslu á hinu sérstaka fóðurgjaldi, þ. e. sem svarar til $\frac{15}{80}$ hluta á fullu gjaldi sbr. 6. gr., skal reiknaður eftir framleiddum afurðum alifugla og svína, þannig að ekki verði endurgreitt á meira magn kjaranfóðurs til framleiðslu afurða á líðnu þriggja mánaða tímabili en nemur eftirfarandi:

Fyrir hvert kg svínakjöts	5,9 kg fóðurs
Fyrir hvert kg eggja	5,3 kg fóðurs
Fyrir hvert kg kjúklingakjöts og kalkúnakjöts	4,5 kg fóðurs
Fyrir hvert kg kjöts af öðrum alifuglum	4,0 kg fóðurs

Framleiðsluráð reiknar á þriggja mánaða fresti, út frá afurðaskýrslum, magn fóðurs sem fer til framleiðslu hvernar afurðar á einingu og gerir tillögur til landbúnaðarráðuneytisins um breytingu á endurgreiðslum, ef þurfa þykir.

Engar endurgreiðslur verða fyrir kjöt af varpfluglum.

Egg sem fara til útungunar reiknast þannig, að fyrir hvert kg eggja til framleiðslu holdakjúklinga lagt í útungunarfél reiknist 11,5 kg fóðurs og fyrir framleiðslu eggja til eldis varpugla reiknist 7,5 kg fóðurs á kg eggja. Framleiðendum eggja með færri en 50 varphænur skal áætluð endurgreiðsla m. v. 12 kg framleiðslu eggja eftir hverja hænu á ári.

Framleiðsluráði er heimilt að endurgreiða framleiðendum á afurðum alifugla og svína, umfram það sem útreikningur skv. 1. mgr. þessarar gr. leiðir til, í eftirfarandi tilvikum:

1. Sé um nýbýlinga að ræða, sem vegna bústofnsauka kaupa fóður umfram það sem er eðlilegt skv. afurðum á tímabilinu.
2. Vegna áfalla í framleiðslu af völdum sjúkdóms eða óhapps, sem leiðir til þess að notkun fóðurs er verulega umfram afurðir.

Framleiðsluráð reiknar endurgreiðslu skv. tölulíð 1 og 2 af framlögðum gögnum, sem það telur nauðsynleg.

12. gr.

Við ákvörðun endurgreiðslu á $\frac{15}{80}$ hlutum hins sérstaka fóðurgjalds hverju sinni, skal reikna fyrir hverja tegund afurðar, sbr. 11. gr., meðaltal sérstaks fóðurgjalds í seldu fóðri skv. skýrslum frá fóðursölum, sem borist hafa til Framleiðsluráðs landbúnaðarins, yfir það tímabil sem endurgreiðslan nær til.

Hverjum framleiðanda greiðist fjárhæð, sem er margfeldi af framleiðslumagni hans og áætlaðri fóðurnotkun, sbr. 11. gr., og $\frac{15}{80}$ hlutum hins reiknaða meðaltals af sérstöku fóðurgjaldi, sbr. 1. mgr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins annast þessa útreikninga og sér um greiðslur til framleiðenda.

Heimilt er að inna af hendi greiðslur til framleiðenda á ¹⁵/₈₀ hlutum hins sérstaka fódurgjalds, með skuldajöfnunarávísun endurgreiðslureiknings, sbr. 2. mgr. Skuldajöfnunarávísun notist til fódurkaupa eða framvísist endurgreiðslureikningi þegar fódurgjaldið gjaldfellur samkvæmt skuldaviðurkenningum fódurinnflytjanda.

13. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 30. gr. l. nr. 46/1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast gildi 1. júlí 1986 og gildir til 31. desember 1986.

Landbúnaðarráðuneytið, 30. júní 1986.

Jón Helgason.

Guðmundur Sigþórsson.

Nr. 317

25. júní 1986

AUGLÝSING

um útvvarpsgjald.

Útvvarpsgjald, sbr. 22. gr. útvvarpslaga nr. 68/1985, hefur verið ákveðið kr. 1 525,00, fyrir 3. ársfjórðung 1986.

Menntamálaráðuneytið, 25. júní 1986.

F. h. r.

Árni Gunnarsson.

Pórunn J. Hafstein.

Nr. 318

30. júní 1986

AUGLÝSING

um takmörkun á upprekstri hrossa og sauðfjár á Grímstungu- og Haukagilsheiðar, Víðidalsfjall og Sauðadal í Austur-Húnavatnssýslu.

Landbúnaðarráðuneytið hefur samkvæmt heimild í 5. mgr. 23. gr. laga nr. 17/1965 um landgræðslu, sbr. 2. gr. laga nr. 42/1982, ákveðið að banna upprekstur hrossa á Grímstungu- og Haukagilsheiðar, Víðidalsfjall, þ. e. sameiginlegan afrétt Ás- og Sveinsstaðahreppa í Austur-Húnavatnssýslu, svo og upprekstur hrossa úr Þverárhreppi í Vestur-Húnavatnssýslu á fyrrnefnda afrétti. Bann þetta gildir frá og með 1. júlí n.k. og til ársloka 1986. Ennfremur skal upprekstur hrossa á Sauðadal takmarkast við 100 hross á tímabilinu 15. júlí til 10. september 1986.

Jafnframt hefur ráðuneytið ákveðið að upprekstur sauðfjár á Grímstunguheiði verði fyrst heimill eftir 10. júlí n.k.

Um brot gegn banni þessu fer eftir ákvæðum 43. gr. laga nr. 17/1965 um landgræðslu, sbr. 40. gr. laga nr. 10/1983.

Landbúnaðarráðuneytið, 30. júní 1986.

Jón Helgason.

Jón Höskuldsson.

20. júní 1986

601

Nr. 319

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Akureyrar
nr. 143 frá 29. ágúst 1962 sbr. samþykkt nr. 56
frá 4. febrúar 1986.

1. gr.

1. gr. orðist svo:

„Bæjarstjórn Akureyrar er skipuð 11 bæjarfulltrúum kjörnum skv. lögum nr. 8/1986.“

2. gr.

1. málslíður 1. tl. A í 3. mgr. 2. gr. orðist svo:

„Fyrir lok janúarmánaðar skal bæjarstjórn gera fjárhagsáætlun bæjarsjóðs, stofnana hans og fyrirtækja fyrir yfirstandandi ár.“

3. gr.

Í stað orðanna: „sbr. og 10. gr. laga nr. 58/1961,“ í 2. tl. 2. mgr. 8. gr. komi:

„sbr. og 6. gr. laga nr. 8/1986.“

4. gr.

12. gr. orðist svo:

„Bæjarstjórn afgreiðir mál við eina umræðu nema fjárhagsáætlun bæjarins og bæjarfyrirtækja, ársreikninga, reglugerðir, sem hljóta skulu staðfestingu ráðherra, áætlanir fyrir bæinn, sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem skipulags- og framkvæmdaáætlanir og beiðnir um aðstoð skv. 90. gr. laga nr. 8/1986.“

5. gr.

2. mgr. 23. gr. orðist svo:

„Hafi hann engan tilnefnt, fer um varamann skv. 1. og 2. mgr. 35. gr. laga nr. 8/1986.“

6. gr.

Inn í 25. gr. bætist ný málsgrein, 3. mgr. svohljóðandi:

„Framboðsaðili sem fulltrúa á í bæjarstjórn en ekki fulltrúa í bæjarráði, má tilnefna bæjarfulltrúa til að sitja fundi bæjarráðs með málfrelsi og tillögurétt.“

7. gr.

1. mgr. 27. gr. orðist svo:

„Bæjarráð hefur eftirlit með fjármálum bæjarins, sbr. 56. gr. laga nr. 8/1986. Það undirbýr árlega fjárhagsáætlun bæjarins og sér um, að reikningar hans séu samdir.“

8. gr.

29. grein orðist svo:

„Bæjarstórn kýs eftirtalдар nefndir og starfsmenn til að fara með tiltekin málefni eftir því sem lög mæla fyrir eða samkvæmt sérstökum samþykktum bæjarstjórnar:

A. Til eins árs á fyrsta fundi í júní ár hvert:

1. Bæjarráð: 5 aðalmenn og 5 til vara.
2. Endurskoðendur bæjarreikninga: 2 aðalmenn og 2 til vara.

B. Til fjögurra ára á fyrsta fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar:

1. Stjórn veitustofnana: 5 aðalmenn og 5 til vara.
2. Hafnarstjórn: 5 aðalmenn og 5 til vara.
3. Öldrunarráð: 5 aðalmenn og 5 til vara.
4. Stjórn strætisvagna: 5 aðalmenn og 5 til vara.
5. Stjórn Eftirlaunasjóðs: 2 aðalmenn og 2 til vara. Jafnframt eiga sæti í stjórninni 2 fulltrúar STAK og bæjarstjóri sem er formaður.
6. Áfengisvarnarnefnd: 6 aðalmenn og 6 til vara. Auk þess á sæti í nefndinni einn fulltrúi skipaður af ráðherra og er hann formaður.
7. Atvinnumálanefnd: 5 aðalmenn og 5 til vara.
8. Byggingarnefnd: 5 aðalmenn og 5 til vara.
9. Félagsmálaráð: 5 aðalmenn og 5 til vara.
10. Framtalsnefnd: 5 aðalmenn og 5 til vara.
11. Íþróttaráð: 4 aðalmenn og 4 til vara. Auk þess á formaður Í.B.A. sæti í nefndinni.
12. Jafnréttisnefnd: 5 aðalmenn og 5 til vara.
13. Kjarasamninganefnd: 5 aðalmenn og 5 til vara.
14. Menningarmálanefnd: 5 aðalmenn og 5 til vara.
Nefndin er jafnframt stjórn Menningarsjóðs og Húsfriðunarsjóðs.
15. Skipulagsnefnd: 5 aðalmenn og 5 til vara.
16. Skólanefnd: 5 aðalmenn og 5 til vara.
17. Skólanefnd Verkmenntaskóla: 5 aðalmenn og 5 til vara.
18. Umhverfismálanefnd: 5 aðalmenn og 5 til vara.
19. Æskulýðsráð: 5 aðalmenn og 5 til vara.
20. Fjallskilastjórn: 5 aðalmenn og 5 til vara.
21. Krossanesstjórn: 4 aðalmenn og 4 til vara. Auk þess á bæjarstjóri sæti í nefndinni og er formaður.
22. Sjúkrahússtjórn: 3 aðalmenn og 3 til vara. Auk þess eiga tveir fulltrúar tilnefndir af starfsmannaráði FSA sæti í stjórninni.
23. Einn forðagæslumann.
24. Einn markavörð og einn til vara.
25. Einn mann í stjórn veiðifélags Eyjafjarðarár og einn til var.
26. Tvo endurskoðendur Sparisjóðs Akureyrar og tvo til vara.
27. Einn mann í fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands og einn til vara.
28. Fjóra fulltrúa á Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga og 4 til vara. Auk þess er bæjarstjóri fulltrúi á þinginu.
29. Fjóra fulltrúa á Fjórðungsþing Norðlendinga og 4 til vara. Auk þess er bæjarstjóri fulltrúi á þinginu.
30. Fulltrúa í stjórn heilsugæslustöðvar.
31. Fimm fulltrúa í heilbrigðisnefnd og 5 til vara.
32. Níu fulltrúa á aðalfund Minjasafnsins og 9 til vara.
33. Þrjú fulltrúa í stjórn Minjasafnsins og 3 til vara.
34. Tvo fulltrúa í stjórn Sparisjóðs Akureyrar og tvo til vara.

35. Þrjá fulltrúa í stjórn verkamannabústaða og 3 til vara.
 36. Tvo fulltrúa í almannavarnarnefnd.
 37. Þrjá fulltrúa í ferlinefnd fatlaðra.
 38. Kjörstjórn: 3 aðalmenn og 3 til vara. (Kjörstjórn við alþingiskosningar er jafnframt sé yfirkjörstjórn við bæjarstjórnarkosningar.)
 C. Í aðrar nefndir, sem stofnaðar kunna að verða.“

9. gr.

30. grein orðist svo:

„Um skipan nefnda, valdsvið þeirra og verksvið fer eftir því, sem ákveðið er í lögum eða samþykkt bæjarstjórnar. Þar sem ekki er um slíkar reglur að ræða, getur bæjarstjórn sett þær.

Ekki má framselja nefnd vald, sem bæjarstjórn er fengið að lögum.

Þegar kjörtími nefndar er óákveðinn, skal litið svo á, að umboð nefndarmanna falli niður, þegar kjörtími bæjarstjórnar er á enda.“

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Akureyrar hefur sett með heimild í sveitarstjórnarlögum nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 20. júní 1986.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Pórhildur Líndal.

REGLUGERÐ

um hækkun fjárhæða (frítekjumarks) skv. 1. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar.

1. gr.

Fjárhæðir 1. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971, með síðari breytingum, skulu vera sem hér segir frá og með 1. júlí 1986.

Fjárhæðir annarra árstekna lífeyrisþega en lífeyris almannatrygginga (og tekna barna) sem ekki skerðir rétt til uppbótar á lífeyri (tekjutryggingar):

Einstaklingar	kr.	75 840,00
Hjón	kr.	106 160,00

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 27. júní 1986.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingibjörg R. Magnúsdóttir.

REGLUGERÐ

um lánveitingar Byggingarsjóðs ríkisins.

I. KAFLI

Um ráðstöfunarfé Byggingarsjóðs ríkisins og lánaflokka.

1. gr.

Ráðstöfunarfé Byggingarsjóðs ríkisins, sem varið skal til almennra veðlána, eru tekjur og lánsfé sjóðsins skv. 9. gr. laga nr. 60/1984, sbr. lög nr. 54/1986, þ. á. m. lánsfé vegna skuldabréfakaupa lífeyrissjóða af Húsnæðisstofnun ríkisins. Skal útlánnum hagað eftir því sem ákveðið er í reglugerð þessari.

2. gr.

Samningar lífeyrissjóða og Húsnæðisstofnunar ríkisins um skuldabréfakaup skv. 9. gr. laga nr. 60/1984, sbr. lög nr. 54/1986, skulu fara fram árlega og ná yfir tveggja ára tímabil. Samningar skulu gerðir fyrir 1. október ár hvert. Húsnæðisstofnun ríkisins skal beita sér fyrir því við samningagerðina að skuldabréfakaupum lífeyrissjóðanna verði hagað þannig að greiðslur skiptist sem jafnast niður á alla mánuði viðkomandi árs.

Seðlabanki Íslands skal fylgjast með framgangi samninga lífeyrissjóðanna. Standi lífeyrissjóður ekki við samning af sinni hálfu, skal ákvæði 3. mgr. 6. gr. reglugerðar þessarar gilda.

Lánskjör skulu vera þau sömu og ríkissjóður býður almennt á fjármagnsmarkaði.

3. gr.

Ráðstöfunarfé lífeyrissjóðs telst hér vera inngreidd iðgjöld, vextir, verðbætur og afborganir af lánum og öðrum fjármunalegum eignum, að frádregnum greiddum lífeyrisbótum og eðlilegum rekstrarkostnaði. Einnig er heimilt í vissum tilvikum að til frádráttar komi kaup og sala á skuldabréfum til skuldbreytinga vegna vangoldinna iðgjalda.

Pegar ráðstöfunarfé hefur þannig verið ákvarðað vegna ársins á undan því ári, sem samningur er gerður um hverju sinni, skal Húsnæðisstofnun ríkisins beita sér fyrir því að ráðstöfunarféð verði framreiknað til tveggja ára í senn með áætlaðri breytingu á vísitölu sem Seðlabanki Íslands gefur út hvert ár fyrir sig.

Seðlabanki Íslands skal hafa eftirlit með því að ráðstöfunarfé lífeyrissjóða sé rétt skráð á hverjum tíma. Hlutfall skuldabréfakaupa lífeyrissjóðs skal miðast við uppfært ráðstöfunarfé sem reiknað er út með framangreindum hætti.

4. gr.

Lánaflokkar eru þessir:

1. Lán til kaupa eða bygginga á nýjum íbúðum.
2. Lán til kaupa á notuðum íbúðum.
3. Lán til bygginga leiguíbúða eða heimila fyrir aldraða og dagvistarstofnana fyrir börn og aldraða.
4. Lán til meiri háttar viðbygginga, endurbóta og endurnýjunar á notuðu íbúðarhúsnæði.
5. Lán til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði.
6. Sérstök lán til einstaklinga með sérþarfir.
7. Lán til orkusparandi breytinga á húsnæði.
8. Lán til tækninýjunga í byggingariðnaði.
9. Lán til viðurkenndra framkvæmdaaðila í byggingariðnaði.

Heimilt er að veita fjármagn í formi styrks skv. 8. lið þessarar greinar.

5. gr.

Í tengslum við gerð fjárlaga, lánsfjárlaga og samninga við lífeyrissjóði skv. 9. gr. laga nr. 60/1984, sbr. lög nr. 54/1986, skal Húsnæðisstofnun ríkisins gera árlega áætlun um lán til kaupa og smíði íbúða og fjármögnun þeirra og sendir síðan tillögur til ráðherra um skiptingu fjármagns milli einstakra útlánaflokka sem taldir eru upp í 4. gr. reglugerðar þessarar.

Ákvörðun um skiptingu ráðstöfunarfjárins á lánaflökka er síðan tekin í samráði við ráðherra þegar fyrir liggja samþykkt fjárlög og lánsfjárlög.

Sameiginleg atriði um lánsrétt til nýbygginga, til kaupa á notuðum íbúðum, til meiri háttar viðbygginga, endurbóta og endurnýjunar á notuðu íbúðarhúsnæði og til orkusparandi breytinga á íbúðarhúsnæði.

6. gr.

Einstaklingar, sem sannanlega hafa greitt iðgjöld til lífeyrissjóða í a. m. k. tvö undanfarin ár áður en lánsúmsókn er lögð fram, eiga rétt á lánum til nýbygginga, til kaupa á notuðum íbúðum, til endurbóta eða endurnýjunar á húsnæði og til orkusparandi breytinga á húsnæði enda hafi lífeyrissjóður umsækjanda gert bindandi samning við Húsnæðisstofnun ríkisins um skuldabréfakaup, sbr. 2. gr. reglugerðar þessarar.

Kaupi lífeyrissjóður umsækjanda skuldabréf fyrir a. m. k. 55% af ráðstöfunarfé sínu, á umsækjandi hámarkslánsrétt en lágmarkslánsrétt ef sjóðurinn kaupir fyrir 20% af ráðstöfunarfé sínu. Að öðru leyti ákvarðast lánsréttur hlutfallslega þar á milli miðað við skuldabréfakaup. Kaupi lífeyrissjóður umsækjanda skuldabréf fyrir minna en 20% af ráðstöfunarfé sínu er ekki um rétt til láns að ræða.

Standi lífeyrissjóður ekki við samning af sinni hálfu en ver þó a. m. k. 20% af ráðstöfunarfé sínu til skuldabréfakaupa, lækkar lánsfjárhæð hlutfallslega í samræmi við hin raunverulegu skuldabréfakaup. Þetta gildir þó ekki um lán sem þegar hefur verið greitt að hluta eða verið veitt bindandi loford fyrir.

7. gr.

Ef umsækjandi hefur greitt iðgjöld til fleiri en eins lífeyrissjóðs á undanförunum tveimur árum áður en úmsókn er lögð fram, ákvarðast lánsréttur hans í samræmi við þau réttindi sem skuldabréfakaup hvers einstaks sjóðs veita í hlutfalli við greiðslutíma iðgjalda til hinna einstöku sjóða.

8. gr.

Hafi menn verið í hlutastörfum en þó unnið á almennum vinnumarkaði sem nemur fjórðungi ársverks (13 vikur á ári) undanfarin tvö ár áður en úmsókn er lögð fram, miðast réttur þeirra við skuldabréfakaup hlutaðeigandi lífeyrissjóðs. Ella skal farið með lánsúmsókn þeirra eftir 9. gr. reglugerðar þessarar enda teljist þá heimilisstarf þeirra aðalstarf. Í öðrum tilvikum ákveður húsnæðismálastjórn hvernig með skuli farið.

9. gr.

Umsækjandi, sem hefur heimilisstörf að aðalstarfi og er hvorki í hjúskap né sambúð, á hámarkslánsrétt skv. 6. gr. reglugerðar þessarar enda hafi hann ekki haft meiri launuð störf á vinnumarkaði en sem nemur fjórðungi ársverks (13 vikur) eða hærri árslaun en kr. 75 000 miðað við kauplag á árinu 1985 skv. útreikningum Þjóðhagsstofnunar.

Sé sá, sem heimilisstörf stundar sem aðalstarf, í hjúskap eða sambúð á hann sama lánsrétt og maki.

10. gr.

Lánsréttur hjóna og sambýlisfólks miðast við meðaltal lánsréttar þeirra. Með sambýlisfólki er í reglugerð þessari átt við karl og konu sem eru í sambúð þegar umsókn berst Húsnæðisstofnun samkvæmt þjóðskrá eða öðrum ótvíræðum gögnum.

11. gr.

Þeir sem stunda árstíðabundna vinnu skulu af þeim sökum einskis missa af rétti sínum. Hér er átt við menn sem eru reglulegir þátttakendur á vinnumarkaði en hafa ekki haft samfellda vinnu vegna þess að hún er breytileg frá einum árstíma til annars. Húsnæðismála-stjórn skal í sérhverju tilfalli skera úr um lánsrétt umsækjanda.

12. gr.

Lánsréttur þeirra, sem vegna tímabundinna veikinda hafa ekki greitt iðgjöld í lífeyrissjóð, skal af þeirri ástæðu ekki skerðast.

Við ákvörðun um tímabundin veikindi skal m. a. tekið mið af því hvort umsækjandi hafi á veikindatímabilinu fengið greidda sjúkradagpeninga skv. lögum um almannatryggingar nr. 67/1971 með síðari breytingum eða geti sýnt fram á að hann hafi átt rétt á að njóta þeirra.

13. gr.

Elli- og örorkulífeyrisþegar, sem greitt hafa iðgjöld til lífeyrissjóða samtals í a. m. k. tvö ár, eiga sama rétt og einstaklingar skv. 6. gr. reglugerðar þessarar. Fáir þeir lífeyri frá fleiri en einum lífeyrissjóði, miðast lánsréttur þeirra við þann sjóð sem greiðir þeim hæstan lífeyri þegar sótt er um lánið.

Þeir elli- og örorkulífeyrisþegar, sem vegna örorku sinnar eða aldurs fullnægja ekki skilyrðum 1. mgr. þessarar greinar, eiga hámarkslánsrétt. Sama gildir um þá sem hafa verið utan vinnumarkaðar vegna fötlunar, örorku eða aldurs þótt þeir séu ekki lífeyrisþegar.

Sameiginleg atriði um afgreiðslu á lánnum til nýbygginga, til kaupa á notuðum íbúðum til meiri háttar viðbygginga, endurbóta og endurnýjunar á notuðu íbúðarhúsnæði og til orkusparandi breytinga á íbúðarhúsnæði.

14. gr.

Umsækjendur, sem uppfylla skilyrði um lánveitingu vegna nýbyggingarlána, lána til kaupa á notuðum íbúðum, lána vegna meiri háttar viðbygginga, endurbóta og endurnýjunar á notuðu íbúðarhúsnæði og orkusparandi breytinga á íbúðarhúsnæði, skulu innan tveggja mánaða frá því að umsókn var lögð fram fá bindandi svar um lánsfjárhæð og afgreiðslutíma lánsins enda hafi umsækjandi afhent upphaflega kostnaðar- og greiðsluáætlun vegna fyrirhugaðra kaupa eða smíði á íbúðarhúsnæði.

Lánsúmsókn skal berast Húsnæðisstofnun ríkisins innan eins árs frá dagsetningu kaupsamnings og/eða botnúttektar. Gildir þetta um þá sem eiga rétt á nýbyggingarlánnum eða lánnum til kaupa á notuðum íbúðum.

Áður en lán er veitt skal umsækjandi leggja fram endanleg fullnægjandi gögn, sbr. 58. gr. reglugerðar þessarar, þ. á m. nýja kostnaðar- og greiðsluáætlun. Ef í ljós kemur að hin endanlega kostnaðaráætlun er verulega frábrugðin þeirri, sem lögð var fram í upphafi, er heimilt að endurskoða þá lánsfjárhæð, sem ákveðin hafði verið skv. 1. mgr. þessarar greinar, í réttu hlutfalli við þær breytingar á kostnaðaráætlun sem átt hafa sér stað.

Húsnæðisstofnun/Ráðgjafarstöð skal kynna umsækjanda þá greiðslubyrði sem væntanleg lántaka hans hefur í för með sér. Telji húsnæðismálastjórn augljóst að umsækjandi geti ekki með neinu móti staðið undir fjármögnun viðkomandi íbúðar skal skýra honum frá því.

Jafnframt er húsnæðismálastjórn þá heimilt að krefjast ríkari ábyrgðar á láninu, svo sem bankaábyrgðar, eða fresta lánveitingu þar til fjárhagur umsækjanda er með þeim hætti að hann geti staðið undir skuldbindingu láns en að öðrum kosti synja um lánveitingu.

15. gr.

Nýbyggingarlán og lán til kaupa á notuðum íbúðum skal að jafnaði ekki veita oftar en á fimm ára fresti. Húsnæðismálastjórn er heimilt að veita undanþágu frá þeirri meginreglu svo sem ef umsækjandi þarf vegna atvinnu sinnar eða af öðrum ástæðum að flytja á milli byggðarlaga. Sama á við ef um hjónaskilnað er að ræða.

16. gr.

Lán skulu afgreidd í sömu röð og umsóknir berast og/eða íbúðir verða veðhæfar. Þó skal úthlutun lána til þeirra, sem eru að byggja eða kaupa íbúð í fyrsta sinn, ganga fyrir úthlutun annarra lána, þ. e. lána til nýbygginga eða kaupa á íbúðum vegna þeirra sem átt hafa íbúð áður, svo og lána til meiri háttar viðbygginga og lána til orkusparandi breytinga á íbúðarhúsnæði.

Við úthlutun lána til þeirra, sem eru að byggja eða kaupa sína fyrstu íbúð annars vegar og til þeirra sem átt hafa íbúð áður hins vegar, skal að jafnaði miðað við að biðtími fyrrnefnda hópsins eftir lánsúthlutun sé a. m. k. helmingi styttri en hins síðari.

Þó skal lánsúthlutun til síðarnefnda hópsins flýtt umfram það sem að framan greinir ef í ljós kemur að fé er enn óráðstafað.

Ákvæði þetta skal endurskoðað að liðnu einu ári frá gildistöku reglugerðar þessarar.

17. gr.

Innan tveggja mánaða skal Húsnæðisstofnun taka ákvörðun um veitingu lána til umsækjanda sem lagt hafa inn fullgildar umsóknir.

Lánsbeiðni er fullgild, liggi öll tilskilin gögn fyrir, sbr. 58. gr. reglugerðar þessarar, þ. á. m. gögn um veðhæfni eða bankaábyrgð og frumdrög að kostnaðar- og greiðslusáætlun vegna væntanlegra kaupa eða bygginga á íbúðarhúsnæði.

Hafi fullgild gögn ekki borist Húsnæðisstofnuninni þremur mánuðum fyrir lánveitingardag, skal fresta lánveitingu um þrjá mánuði. Leggi umsækjandi að þeim tíma liðnum ekki fram fullgilda umsókn, fær umsóknin nýtt númer og færast aftast í röðina, sbr. hér 1. mgr. 16. gr. reglugerðar þessarar.

Heimilt er að skipta öllum lánnum í allt að þrjá hluta eftir nánari reglum er húsnæðismálastjórn setur enda fylgi lánið eða lánshlutarnir að fullu ársfjórðungslegum breytingum á vísitölu byggingarkostnaðar.

18. gr.

Hafi húsnæðismálastjórn gert samning við lánastofnun um afgreiðslu lána skv. 10. gr. laga nr. 60/1984, sbr. lög nr. 54/1986, skal lánakanda gefinn kostur á því að viðkomandi lánastofnun sjái um lánsamning, afgreiðslu og útborgun lánsins og annist mat á kostnaðar- og greiðsluáætlunum sem lagðar skulu inn til Húsnæðisstofnunar ríkisins.

Vitji lánakandi ekki lánveitingarinnar hjá viðkomandi lánastofnun næstu sex mánuði frá fyrsta útborgunardegi hvers láns eða lánshluta, fellur hún úr gildi nema um annað hafi verið samið. Á þessu tímabili breytist lánsfjárhæðin ekki, sbr. þó 4. mgr. 17. gr. reglugerðar þessarar.

II. KAFLI

Um lánveitingar einstakra lánaflokka.

Lán til kaupa eða bygginga á nýjum íbúðum.

19. gr.

Lán til kaupa eða bygginga á nýjum íbúðum skv. 1. tl. 4. gr. reglugerðar þessarar skulu veitt umsækjendum til að byggja eða kaupa nýjar íbúðir til eigin afnota eða útleigu að fullnægðum þeim skilyrðum sem fram koma í reglugerð þessari.

Þegar einstaklingar eiga í hlut ræðst lánsfjárhæð af eftirfarandi atriðum:

- a. Samningi lífeyrissjóðs umsækjanda og Húsnaðisstofnunar ríkisins um skuldabréfakaup, sbr. 6. gr. reglugerðar þessarar.
- b. Hvort umsækjandi er að byggja eða kaupa sína fyrstu íbúð eða ekki, sbr. 20.—22. gr. reglugerðar þessarar.
- c. Stærð íbúðar, sbr. 23. gr. reglugerðar þessarar.

20. gr.

Lánsfjárhæð til hvernar íbúðar, þegar í hlut á umsækjandi sem er að byggja eða kaupa sína fyrstu íbúð eða fellur undir undantekningarákvæði 21. gr. reglugerðar þessarar, skal miða við hve miklu af ráðstöfunarfé sínu lífeyrissjóður umsækjanda hefur varið til skuldabréfakaupa af Húsnaðisstofnun ríkisins, sbr. 6. gr., eins og hér segir:

Hlutfall ráðstöfunarfjár lífeyrissj.	Lánsfjárhæð kr./íbúð
20%	700 000
55%	2 100 000

Önnur lán nema hlutfallslegri fjárhæð þar á milli eftir lánsrétti umsækjanda í samræmi við skuldabréfakaup lífeyrissjóðs hans.

Ofangreindar fjárhæðir eru miðaðar við vísitölu byggingarkostnaðar í ársbyrjun 1986, 250 stig (desember 1982=100), og breytast ársfjórðungslega í samræmi við breytingar vísitölunnar.

21. gr.

Umsækjandi getur talist vera að byggja eða kaupa í fyrsta sinn enda þótt hann hafi áður fengið lán úr Byggingarsjóði ríkisins, hafi hann misst íbúð sína eða mestan hluta eignar sinnar í henni af eftirtöldum ástæðum:

- a) Vegna hjónaskilnaðar. Ef um hjónaskilnað er að ræða, skal umsækjandi senda inn ljósrit af skilnaðarleyfi þar sem fram kemur hvernig íbúð hjónanna var ráðstafað. Ef eignarhluti umsækjanda er lægri en sem nemur 25% af hámarkslánsfjárhæð nýbyggingarláns, er heimilt að líta svo á að hann sé að byggja eða kaupa í fyrsta sinn.
- b. Vegna greiðsluerfiðleika. Ef um greiðsluerfiðleika hefur verið að ræða og umsækjandi hefur selt sína fyrri íbúð til að forðast enn frekari greiðsluerfiðleika skal hann því til staðfestingar leggja fram sölusamning vegna fyrri eignar. Einnig skal hann leggja fram staðfest yfirlit er sýni þá greiðsluerfiðleika sem hann var kominn í, unnið af viðurkenndum aðila.
- c. Vegna greiðsluþrots/gjaldþrots. Hafi íbúðareigandi orðið fyrir greiðslu- eða gjaldþroti, þarf hann að leggja fram sannanir því til staðfestingar, s.s. staðfest uppgjör frá lögfræðingi, viðskiptafræðingi, löggiltum endurskoðanda eða vottorð skiptaráðanda.

Einnig er heimilt að líta svo á að umsækjandi sé að byggja eða kaupa í fyrsta sinn ef hann hefur átt verkamannabústað fyrir og er að hefja nýbyggingu utan verkamannabústaðakerfisins enda hafi eignarhluti hans numið lægri fjárhæð en sem svarar 25% af hámarkslánsfjárhæð til nýbyggingar.

Auk þeirra tilvika, sem rakin hafa verið í þessari grein, er heimilt að líta svo á að umsækjandi sé að byggja eða kaupa í fyrsta sinn í öðrum sérstökum undantekningartilvikum enda mæli sanngirnirök með því.

22. gr.

Eigi umsækjandi íbúð fyrir og umsókn hans fellur ekki undir undantekningarákvæði 21. gr. reglugerðar þessarar, fer lánsfjárhæð til hverrar íbúðar eftir skuldabréfakaupum lífeyrissjóðs umsækjanda af Húsnæðisstofnun ríkisins, sbr. 6. gr., með þeim hætti sem að neðan greinir. Lánsfjárhæð nemur 70% af nýbyggingarláni eins og um fyrstu kaup sé að ræða.

Hlutfall ráðstöfunarfjár lífeyrissj.	Lánsfjárhæð kr./íbúð
20%	490 000
55%	1 470 000

Önnur lán nema hlutfallslegri fjárhæð þar á milli eftir lánsrétti umsækjanda í samræmi við skuldabréfakaup lífeyrissjóðs hans.

Ofangreindar fjárhæðir eru miðaðar við vísitölu byggingarkostnaðar í ársbyrjun 1986, 250 stig (desember 1982=100), og breytast ársfjórðungslega í samræmi við breytingar vísitölunnar.

23. gr.

Lán til nýrra íbúða skulu skerðast um 2.0% fyrir hvern m² sem íbúðin er stærri en 170 m². Er þá miðað við innanmál útveggja hússins alls, að frádregnum bílskúr. Allt annað rými telst með hvort sem er á hæðum, nýtilegu risi eða kjallara og án tillits til hæðar undir loft eða jarðvegslína. Fari íbúðin yfir 220m² er ekki veitt lán. Gildir þetta um teikningar sem samþykktar eru af byggingarnefndum frá og með 1. september 1986.

Til grundvallar öllum útreikningum skulu lagðar fram samþykktar byggingarnefndar-teikningar.

Við stærðarákvörðun er ekki tekið tillit til þykktar einangrunar heldur reiknað frá innra fleti steyptra útveggja, timbur- eða burðargrindar. Séu útveggir, hjúpveggir, skal reikna frá innri hlið veggjanna, (sbr. reglugerð nr. 281, frá 25. júní 1976).

Í sambýlishúsum skal reikna með heildarflatarmáli allra hæða, kjallara og nýtilegu risi. Um skiptingu flatarmáls eignarhluta, sbr. 1. mgr., skal fara eftir skiptiflatarmálsprósentu, sbr. reglugerð nr. 281 frá 25. júní 1976. Ef íbúðastærðir skerðast óeðlilega vegna þessa ákvæðis skulu slík tilfelli athuguð sérstaklega.

24. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 19.—23. gr. reglugerðar þessarar má lánsfjárhæð aldrei vera hærri en sem nemur 70% af kostnaðaráætlun viðkomandi íbúðar eða 70% af raunverulegu kaupverði íbúðarinnar eins og um fullbúna íbúð sé að ræða.

25. gr.

Heimilt er að veita lán til byggingar leiguíbúða fyrir almennan markað þegar þeim íbúðum er ætlað að þjóna slíkum tilgangi til frambúðar.

Óheimilt er að selja leiguíbúðir sem byggðar eru samkvæmt ákvæðum þessarar greinar nema lán, sem á þeim hvíla úr Byggingarsjóði ríkisins, séu gerð upp áður.

Lánsfjárhæð skal miðast við lágmarkslánsrétt, sbr. 22. gr. reglugerðar þessarar.

26. gr.

Með nýbyggingarláni getur farið annað eftirtalinna lána:

- Lán til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði.
- Lán til einstaklinga með sérþarfir.

27. gr.

Lánstími nýbyggingarlána skal vera allt að 40 árum. Um lánskjör að öðru leyti gilda ákvæði 60. gr. reglugerðar þessar.

Lán til kaupa á notuðum íbúðum.

28. gr.

Lán til kaupa á notuðum íbúðum skv. 2. tl. 4. gr. reglugerðar þessarar skulu veitt umsækjendum til að kaupa notaðar íbúðir, til eigin afnota eða útleigu, er hlotið hafa samþykki byggingaryfirvalda.

Þegar einstaklingar eiga í hlut ræðst lánsfjárhæð af eftirfarandi atriðum:

- a. Samningi lífeyrissjóðs umsækjanda og Húsnæðisstofnunar ríkisins um skuldabréfakaup, sbr. 6. gr. reglugerðar þessarar.
- b. Hvort umsækjandi er að kaupa sína fyrstu íbúð eða ekki, sbr. 29. og 30. gr. reglugerðar þessarar.

29. gr.

Lánsfjárhæð til hvernar íbúðar þegar í hlut á umsækjandi, sem er að kaupa sína fyrstu íbúð, fer eftir því hve lífeyrissjóður hans hefur varið miklu af ráðstöfunarfé sínu til skuldabréfakaupa af Húsnæðisstofnun ríkisins, sbr. 6. gr., með þeim hætti sem að neðan greinir. Lánsfjárhæð nemur 70% af nýbyggingarláni eins og um fyrstu kaup sé að ræða:

Hlutfall ráðstöfunarfjár lífeyrissj.	Lánsfjárhæð kr./íbúð
20%	490 000
55%	1 470 000

Önnur lán nema hlutfallslegri fjárhæð þar á milli eftir lánsrétti umsækjanda í samræmi við skuldabréfakaup lífeyrissjóðs hans.

Ofangreindar fjárhæðir eru miðaðar við vísitölu byggingarkostnaðar í ársbyrjun 1986, 250 stig (desember 1982=100), og breytast ársfjórðungslega í samræmi við breytingar á vísitölu.

30. gr.

Eigi umsækjandi íbúð fyrir og umsókn hans fellur ekki undir undantekningarákvæði 21. gr. reglugerðar þessarar, fer lánsfjárhæð til hvernar íbúðar eftir skuldabréfakaupum lífeyrissjóðs umsækjanda af Húsnæðisstofnun ríkisins, sbr. 6. gr., með þeim hætti sem að neðan greinir. Lánsfjárhæð nemur 70% af nýbyggingarláni eins og um síðari kaup sé að ræða:

Hlutfall ráðstöfunarfjár lífeyrissj.	Lánsfjárhæð kr./íbúð
20%	343 000
55%	1 029 000

Önnur lán nema hlutfallslegri fjárhæð þar á milli eftir lánsrétti umsækjanda í samræmi við skuldabréfakaup lífeyrissjóðs hans.

Ofangreindar fjárhæðir eru miðaðar við vísitölu byggingarkostnaðar í ársbyrjun 1986, 250 stig (desember 1982=100), og breytast ársfjórðungslega í samræmi við breytingar vísitölu.

31. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 29. og 30. gr. reglugerðar þessarar má lánsfjárhæð aldrei vera hærri en sem svarar 70% af raunverulegu kaupverði íbúðarinnar. Við mat á raunverulegu kaupverði skal höfð hliðsjón af upplýsingum Fasteignamats ríkisins um kaupverð íbúða á hverjum tíma. Ef um óeðlileg frávík er að ræða nemur lánsfjárhæð 70% af þeirri fjárhæð

sem Húsnæðisstofnunin viðurkennir sem ígildi raunverulegs kaupverðs. Ennfremur má lánið, að viðbættum áhvilandi lánnum, uppfærðum, úr Byggingarsjóði ríkisins, aldrei nema hærri fjárhæð en 70% af nýbyggingarláni miðað við lánsrétt umsækjanda.

32. gr.

Með láni til kaupa á notuðum íbúðum getur farið eitt eða fleiri af eftirtöldum lánnum:

- a) Lán til meiri háttar viðbyggingar, endurbóta og endurnýjunar á íbúðarhúsnæði.
- b) Lán til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði.
- c) Lán til einstaklinga með sérþarfir.
- d) Lán til orkusparandi breytinga á íbúðarhúsnæði.

33. gr.

Lánstími skal vera allt að 40 árum. Um lánskjör og tryggingar gilda að öðru leyti ákvæði 60. gr. reglugerðar þessarar.

Lán til bygginga leiguíbúða eða heimila fyrir aldraða og dagvistarstofnana fyrir börn og aldraða.

34. gr.

Lán til bygginga leiguíbúða eða heimila fyrir aldraða og dagvistarstofnana fyrir börn og aldraða skv. 3. tl. 4. gr., er heimilt að veita þeim, sem byggja leiguíbúðir, hjúkrunarheimili eða dagvistarstofnanir handa börnum eða öldruðum. Sé um söluíbúð fyrir aldraða að ræða er veitt nýbyggingarlán skv. 1. tl. 4. gr.

Húsnæðismálastjórn skal við gerð fjárhagsáætlunar hverju sinni ákveða hámarkshlutfall lána skv. 15. gr. laga nr. 60/1984, sbr. lög nr. 54/1986. Taka verður tillit til þess fjármagns, sem inn kemur við sölu hlutdeildarbréfa, en þó að því marki að þeir, sem fyrir framkvæmdum standa, leggi aldrei fram minna en 20% byggingarkostnaðar þegar um byggingar í þágu aldraðra er að ræða. Einnig skal í slíkum tilvikum taka tillit til fjármagns frá Framkvæmdasjóði aldraðra ef um er að ræða styrkhæfa byggingu. Heildarfjármögnun Húsnæðisstofnunar ríkisins og Framkvæmdasjóðs aldraðra skal aldrei fara upp fyrir 80% af heildarkostnaði. Þegar bygging dagvistarheimila fyrir börn á vegum sveitarfélaga á í hlut, skal framlag ríkissjóðs skv. lögum nr. 112/1976 og lán Byggingarsjóðs ríkisins samanlagt ekki fara yfir 80% af byggingarkostnaði.

35. gr.

Lán þessi skulu því aðeins veitt að fyrir liggja niðurstöður könnunar er sýni þörf framkvæmda á þessu sviði í hlutaðeigandi sveitarfélagi og viðkomandi ráðuneyti mæli með framkvæmdinni, þ. e. heilbrigðisráðuneytið ef um íbúðir eða heimili fyrir aldraða er að ræða en menntamálaráðuneytið ef dagvistarstofnanir fyrir börn eiga í hlut.

Heimilt er að fengnu leyfi Seðlabanka Íslands að selja lífeyrisþegum hlutdeild í íbúðum, sem byggðar eru skv. þessari grein, með þeim kvöðum að eignarhluti kaupanda standi óhreyfður í íbúðinni á meðan hann hefur afnot af henni en greiðist síðan með fullum verðbótum skv. lánskjaravísitölu en án vaxta.

Einstaklingar, sem með kaupum á slíkum hlutum, vilja tryggja sér leigurétt á íbúð eða vistun á dvalarheimili, skulu fá í hendur verðtryggð skuldabréf fyrir þeirri fjárhæð sem hlutareign nemur. Skuldabréfin skulu tryggð með 2. veðrétti í viðkomandi íbúð næst á eftir láni Byggingarsjóðs ríkisins og vera verðtryggð skv. lánskjaravísitölu en vaxtalaus. Setja skal í skuldabréfin ákvæði um að skylt sé að innleysa þau ef eigandi þeirra flytur úr íbúðinni eða vistheimilinu svo og við andlát hans.

Ef einstaklingur eða hjón flytja úr íbúð og krefjast innlausnar er heimilt að greiða hlutareign viðkomandi upp á einu ári. Ef um innlausn við andlát er að ræða skal greiðsla fara fram á tveimur árum.

Peim aðilum, sem byggja húsnæði fyrir aldraða og selja slíka hlutareign, er skylt að gera Húsnæðisstofnun ríkisins nákvæma grein fyrir öllum slíkum sölum. Ekki er heimilt að ráðstafa meira en helmingi íbúða eða vistryma í hverjum byggingaráfanga gegn sölu á skuldabréfum nema með sérstöku leyfi húsnæðismálastjórnar.

36. gr.

Lán sem veitt eru til bygginga leiguíbúða eða heimila fyrir aldraða, dagvistarstofnana fyrir börn og aldraða skv. 3. tl. 4. gr. skulu koma til útborgunar í samræmi við framkvæmdahraða og gerir Húsnæðisstofnun ríkisins sérstakan framkvæmdalánsamning við þann aðila sem fyrir framkvæmdum stendur. Í framkvæmdalánsamningi skal kveða á um greiðslu á hlutdeild Byggingarsjóðs ríkisins í fjármögnun framkvæmda og skal miða útborgun lánsins hverju sinni við verkstöðu enda sé hún í samræmi við samþykktu framkvæmdaáætlun verksins.

Heimilt er að krefjast bankaábyrgðar við veitingu á framkvæmdaláni.

Lánsfjárhæð skal miðast við verðlag þess ársfjórðungs þegar byggingin verður fókheld. Sé lán greitt út í tveimur eða fleiri hlutum skulu láns hlutarnir fylgja ársfjórðungslegum breytingum á vísitölu byggingarkostnaðar.

Sé leiguíbúð seld skal áhvílandi lán úr Byggingarsjóði ríkisins gert upp.

37. gr.

Lánstími skal vera allt að 21 ári. Um lánskjör og tryggingar gilda að öðru leyti ákvæði 60. gr.

Lán til meiri háttar viðbygginga, endurbóta og endurnýjunar á notuðu íbúðarhúsnæði.

38. gr.

Lán til meiri háttar viðbygginga, endurbóta og endurnýjunar á notuðu íbúðarhúsnæði skv. 4. tl. 4. gr. reglugerðar þessarar, er heimilt að veita til meiri háttar endurbóta á íbúðarhúsnæði sem er eldra en 15 ára frá fókheldi þess að telja. Ekki má veita slíkt lán til sömu íbúðar oft en á 15 ára fresti. Ef um viðbyggingu er að ræða er slíkt lán ekki veitt fyrr en liðin eru 5 ár frá veitingu fyrsta hluta nýbyggingarláns til þess húss sem byggja á við.

Lánsréttur er háður því að lífeyrissjóður umsækjanda hafi samið við Húsnæðisstofnun ríkisins um skuldabréfakaup skv. 6. gr. reglugerðar þessarar.

Lánið má nema allt að 70% af samþykktri kostnaðaráætlun en þó ekki hærri fjárhæð en sem nemur nýbyggingarláni eins og um síðari kaup sé að ræða eða kr. 1 470 000 miðað við vísitölu byggingarkostnaðar, 250 stig (desember 1982=100), sbr. 22. gr. reglugerðar þessarar, sjá þó næstu málsgrein.

Ef um viðbyggingu er að ræða gildir sama stærðarregla um viðbyggingu og eldra húsnæði samanlagt eins og um nýbyggingu, sbr. 23. gr. Fari viðbyggingin og eldra húsnæðið samtals yfir 170m² skerðist lánið um 2.0% fyrir hvern m² sem umfram er.

Lán til endurnýjunar er heimilt að veita til íbúða í húsnæði sem áður hefur verið notað til annarra þarfa.

Umsókn um lán þessi skal fylgja greinargerð og kostnaðaráætlun gerð af byggingarfróðum manni og skal umsókn berast Húsnæðisstofnun ríkisins áður en framkvæmdir hefjast.

Lánsúthlutun skal víkja fyrir lánnum til þeirra sem eru að eignast sína fyrstu íbúð, sbr. 16. gr. reglugerðar þessarar.

39. gr.

Lánsréttur er bundinn við það að lágmarkskostnaður við endurbætur og/eða viðbyggingu nemi a. m. k. 20% af hámarkslánsfjárhæð eins og um íbúðaskipti væri að ræða eða sem svarar kr. 294 000 miðað við vísitölu byggingarkostnaðar í ársbyrjun 1986, 250 stig (desember 1982=100).

40. gr.

Til meiri háttar endurbóta teljast m. a. eftirfarandi framkvæmdir:

1. Endurbygging eða viðamikil viðgerð á þaki.
2. Endurnýjun á gluggum, jafnt gluggakörmum sem tvö- eða þreföldun á gleri.
3. Endurnýjun á rafkerfi.
4. Endurnýjun á lagnakerfi.
5. Utanhússklæðning.
6. Endureinangrun á þaki og veggjum.

Óheimilt er að lána til eftirtalinna framkvæmda nema um sé að ræða heildarendurnýjun á íbúðarhúsnæðinu:

Venjulegt viðhald á íbúð svo sem:

- a. Málningarvinna úti og inni.
- b. Endurnýjun á innréttingum.
- c. Endurnýjun á gólfefni.

41. gr.

Lán til viðbygginga eru afgreidd eftir að íbúðir eru fokheldar eða veðhæfar skv. nánari ákvörðun húsnæðismálastjórnar. Maður sem hyggst sækja um lán til meiri háttar endurbóta skal leggja fram (drög að) kostnaðaráætlun eða verksamning(a). — Samþykki Húsnæðisstofnun áætlunina, kemur lánið til greiðslu þegar trúnaðarmaður Húsnæðisstofnunar hefur staðfest að verki sé lokið og það hafi verið unnið á þann veg sem áætlunin gerði ráð fyrir.

Lán til meiri háttar viðbygginga, endurbóta og endurnýjunar á notuðu íbúðarhúsnæði mega koma til viðbótar lánnum til kaupa á notuðum íbúðum. Samtals mega þau þó aldrei nema hærri fjárhæð en sem nemur nýbyggingarláni eins og um síðari kaup sé að ræða eða kr. 1 470 000 miðað við vísitölu byggingarkostnaðar í ársbyrjun 1986, 250 stig (desember 1982=100), sjá 22. gr. reglugerðar þessarar.

42. gr.

Lánstími skal vera allt að 21 ári. Um lánskjör að öðru leyti gilda ákvæði 60 gr. reglugerðar þessarar.

Lán til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði.

43. gr.

Lán til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði skv. 5. tl. 4. gr. er heimilt að veita sveitarstjórnnum og öðrum sem vinna að útrýmingu heilsuspillandi íbúðarhúsnæðis í sveitarfélaginu.

Ef í ljós kemur að í sveitarfélaginu eru heilsuspillandi íbúðir, ein eða fleiri, að dómi læknis eða heilbrigðisfulltrúa og verði ekki með endurbótum gerðar íbúðarhæfar, tekur sveitarstjórn eða aðrir í hennar stað ákvörðun um nýframkvæmdir til útrýmingar húsnæðisins.

Sækja skal um lán til Húsnæðisstofnunar ríkisins áður en hafist er handa við framkvæmdir.

Með umsókn skal fylgja greinargerð um það heilsuspillandi húsnæði sem útrýma á og upplýsingar um fjölda íbúa í húsnæðinu ásamt vottorði læknis um það. Einnig skulu fylgja með umsókn teikningar, fokheldisvottorð eða kaupsamningur ef um notaða íbúð er að ræða.

Lán til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði geta verið með eftirtöldum hætti:

1. Viðbótarlán skv. 21. gr. laga nr. 60/1984, sbr. lög nr. 54/1986. Lán þetta getur komið til viðbótar nýbyggingarláni og láni til kaupa á notuðum íbúðum.
2. Lán til bygginga leiguíbúða skv. IV. kafla laga nr. 60/1984, sbr. lög nr. 54/1986, um leiguíbúðir sveitarfélaga. Gilda þá ákvæði 58. gr. laganna varðandi lánskjör og aðra skilmála.

Heimilt er að greiða þessi lán út með sama hætti eins og um fyrstu íbúðakaup sé að ræða í nýbyggingu.

44. gr.

Nú sækir sá, sem vinnur að útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis, um viðbótarlán úr Byggingarsjóði ríkisins til þess að byggja eða kaupa íbúð handa fólki sem býr í heilsuspillandi húsnæði að dómi læknis eða heilbrigðisfulltrúa í viðkomandi sveitarfélagi. Skal þá húsnæðismálastjórn heimilt að veita lán sem nemur 70% af nýbyggingarláni eins og um síðari kaup sé að ræða eða að hámarki kr. 1 029 000 miðað við vísitölu byggingarkostnaðar í ársbyrjun 1986, 250 stig (desember 1982=100).

Aldrei mega lán til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði og nýbyggingarlán eða lán til kaupa á notuðum íbúðum samanlagt nema hærri fjárhæð en 70% af byggingarkostnaði.

Lán skv. þessari grein skal greiða í tvennu lagi. Fyrri hluta lánsins er heimilt að greiða þegar íbúðin er foheld en síðari hlutann þegar hún hefur verið tekin í notkun og hlutaðeigandi sveitarstjórn lagt fram vottorð bæjarfógeta eða sýslumanns þess efnis að fyrri íbúð viðkomandi fjölskyldu hafi verið tekin úr notkun.

45. gr.

Húsnæðismálastjórn er heimilt að veita lán úr Byggingarsjóði ríkisins til þess að endurbyggja heilsuspillandi húsnæði sem hagkvæmt er talið að endurnýja að mati byggingarfróðra manna sem Húsnæðisstofnun ríkisins og viðkomandi sveitarstjórn tilnefnir.

Skulu þá matsmenn framkvæma úttekt á húsnæðinu og gera kostnaðaráætlun um nauðsynlegar endurbætur.

Lán þessi mega nema allt að 70% af viðgerðarkostnaði en þó aldrei hærri fjárhæð en sem nemur 70% af nýbyggingarláni eins og um fyrstu kaup sé að ræða eða kr. 1 470 000 miðað við vísitölu byggingarkostnaðar í ársbyrjun 1986, 250 stig (desember 1982=100).

46. gr.

Lánstími má vera allt að 26 árum. Um lánskjör að öðru leyti gilda ákvæði 60. gr. reglugerðar þessarar.

Sérstök lán til einstaklinga með sérþarfir.

47. gr.

Heimilt er að veita ellilífeyrisþegum og fötluðum, sem búa við skerta starfsorku eða eru hreyfihamlaðir, sérstök lán skv. 6. tl. 4. gr. reglugerðar þessarar. Þegar upplýst er, með fullnægjandi hætti að mati Húsnæðisstofnunar, að sérþarfir ofangreindra einstaklinga leiði til aukins viðbótarkostnaðar, er heimilt að lán þessi komi til viðbótar láni skv. 1. tl. 4. gr. ef um nýbyggingu er að ræða og til viðbótar láni skv. 2. tl. 4. gr. ef um notaða íbúð er að ræða.

Nú býr sá, sem fellur undir ákvæði þessarar greinar, í eigin húsnæði sem þarfnast endurbóta vegna sérþarfa og er þá heimilt að veita honum slíkt lán.

Fjárhæð láns má nema allt að 80% af áætluðum umframkostnaði við framkvæmdir vegna sérþarfa enda hafi þær verið samþykktar af Húsnæðisstofnun ríkisins áður en í þær var ráðist. Þó má lán aldrei nema hærri fjárhæð en 70% af hámarksláni til nýbyggingar.

Lán skv. þessari grein er einnig heimilt að veita þeim sem hafa orðið fyrir meiri háttar röskun á högum og hafa vegna fráfalls maka eða af öðrum ástæðum lækkað svo í tekjum að þeir geti ekki haldið íbúðum sínum. Umsókn um lán skv. þessari málsgrein skal fylgja umsögn félagsmálastofnunar eða viðkomandi sveitarstjórnar.

Lánið greiðist út skv. nánari ákvörðun húsnæðismálastjórnar.

48. gr.

Lánstími má vera allt að 26 árum en um lánskjör fer að öðru leyti eftir ákvæðum 60. gr. reglugerðar þessarar.

Ef lántakandi er 70 ára eða eldri eða er fatlaður og fjárhag hans þannig varið að sýnt þykir að hann ráði ekki við afborganir af láni skv. 47. gr. reglugerðar þessarar er heimilt að fresta greiðslum um óákveðinn tíma. Gildir þá ekki ákvæðið um 26 ára hámarkslánstíma skv. 24. gr. laga nr. 60/1984, sbr. lög nr. 54/1986. Lánið fellur í gjalddaga og endurgreiðist að fullu við eigendaskipti. Sama gildir ef lántakandi flytur úr húsnæðinu og ljóst er að hann muni ekki flytja þangað aftur.

Lán til orkusparandi breytinga á húsnæði.

49. gr.

Lán til orkusparandi breytinga á íbúðarhúsnæði skv. 7. tl. 4. gr. er aðeins heimilt að veita þeim sem búa við óhagstæða orkunotkun enda liggja fyrir verklýsing og kostnaðaráætlun gerð af sérstökum trúnaðarmönnum.

Lánsréttur er háður því að lífeyrissjóður umsækjanda hafi samið við Húsnæðisstofnun ríkisins um skuldabréfakaup skv. 6. gr. reglugerðar þessarar.

Þær orkusparandi endurbætur, sem hér um ræðir, teljast þær breytingar á íbúðarhúsnæði sem leiða til lækkunar á hitunarkostnaði enda sé markmiðið m. a. að útrýma olíu sem orkugjafa til upphitunar húsa.

Lán til orkusparandi breytinga á íbúðarhúsnæði geta verið með eftirtöldum hætti:

1. Lán til að breyta úr olíuhitun í innlendan orkugjafa.
2. Lán til að breyta úr þilofnahitun í vatnshitakerfi.
3. Lán til orkusparandi endurbóta á íbúðarhúsnæði enda séu allar endurbætur í samræmi við gildandi byggingarreglugerð.

Lánsfjárhæð má nema allt að 70% af endurbótakostnaði. Þó má lánsfjárhæð aldrei nema hærri fjárhæð en nýbyggingarlán nemur eins og um síðari kaup sé að ræða eða kr. 1 470 000 miðað við vísitölu byggingarkostnaðar í ársbyrjun 1986, 250 stig (desember 1982=100).

Lánsúthlutun skal vikja fyrir lánnum til þeirra sem eru að eignast sínu fyrstu íbúð, sbr. 16. gr. reglugerðar þessarar.

50. gr.

Lánstími skal vera allt að 21 ári, sjá þó næstu málsgrein.

Lán til að breyta olíuhitun í innlendan orkugjafa eru að jafnaði til 5 ára. Lán til að breyta þilofnahitun í vatnshitakerfi eru að jafnaði til 8 ára en lán til orkusparandi endurbóta eru að jafnaði til 11 ára. Sé hins vegar um meiri háttar endurbætur að ræða er heimilt að lánstími sé allt að 21 ári.

Um lánskjör að öðru leyti gilda ákvæði 60. gr. reglugerðar þessarar.

51. gr.

Sækja skal um lán til orkusparandi endurbóta á sérstöku eyðublaði er Húsnæðisstofnun lætur í té. Gera skal heildaráætlun um allar þær orkusparandi endurbætur sem fyrirhugaðar eru og væntanleg áfangaskipti.

Lán og/eða styrkir til tækninýjunga í byggingariðnaði.

52. gr.

Lán og/eða styrki til tækninýjunga í byggingariðnaði skv. 8. tl. 4. gr. má veita einstaklingum, framkvæmdaaðilum og stofnunum sem þróa tæknilegar aðferðir og nýjungar er leitt geta til lækkunar byggingarkostnaðar, styttingar byggingartíma eða stuðla með öðrum hætti að aukinni hagræðingu í byggingariðnaði.

Sá sem óskar eftir láni/styrk skv. 1. mgr. skal senda erindi þess efnis ásamt greinargerð og kostnaðaráætlun um verkefni það sem vinna skal. Húsnæðisstofnun skal semja greinargerð um málið sem lögð verður fyrir húsnæðismálastjórn og tekur hún ákvörðun um lánsþæfni umsóknarinnar og ákveður lánsfjárhæð.

Lán til viðurkenndra framkvæmdaaðila í byggingariðnaði.

53. gr.

Lán til viðurkenndra framkvæmdaaðila í byggingariðnaði skv. 9. tl. 4. gr. reglugerðar þessarar má veita viðurkenndum framkvæmdaaðilum í byggingariðnaði sem byggja íbúðir í fjöldaframleiðslu eða framleiða stöðluð einingahús er fullnægja lánareglum Húsnæðisstofnunar ríkisins. Íbúðir mega ekki vera færri en 4 í sama byggingaráfanga ef um fjöldaframleiðslu er að ræða. Framleiðendur einingahúsa falla því aðeins undir ákvæði þessarar greinar að þeir framleiði a. m. k. 4 hús eftir sömu teikningu.

Íbúðir skulu seldar fullbúnar eða tilbúnar undir tréverk með allri sameign fullbúinni. Lóð skal afhendast með frágengnum gangstígum, bílastæðum og grasflötum.

Leggja skal inn með umsókn sundurliðaða kostnaðaráætlun og bindandi kaupsamning þegar hann liggur fyrir. Kostnaðaráætlun skal þannig gerð að framreikna megi hana til sölundags íbúða með hliðsjón af verðlagsþróun.

54. gr.

Lán skv. 9. tl. 4. gr. má greiða út sem framkvæmdalán. Ef viðkomandi íbúðir eru óseldar greiðist út helmingur af hámarksláni, sbr. 20. gr. reglugerðar þessarar, í formi framkvæmdaláns. Sé lánsréttur kaupanda þekktur, skal miða við hinn þekkta lánsrétt.

Heimilt er að halda eftir hluta af lánsfjárhæðinni þar til að uppgjöri kemur til að greiða áfallinn kostnað af framkvæmdaláninu.

Áður en framkvæmdalánssamningur er gerður skal liggja fyrir greinargerð um byggingartíma framkvæmdarinnar, um fjölda þeirra íbúða, sem byggja á, og teikningar á íbúðunum, samþykktar af byggingarnefnd viðkomandi byggðarlags.

Greiðslur á framkvæmdaláni mega aldrei hefjast fyrr en úttekt á botnplötu hefur farið fram skv. vottorði byggingarfulltrúa.

Heimilt er að krefjast bankábyrgðar við veitingu á framkvæmdaláni.

55. gr.

Lán skv. 9. tl. 4. gr. er einnig heimilt að veita viðurkenndum einingahúsaframleiðendum og öðrum viðurkenndum byggingaraðilum sem ekki nýta sér framkvæmdalán skv. 54. gr. reglugerðar þessarar.

Ef lánsréttur íbúðar er óþekktur skal greiða út helming af hámarksláni, sbr. 20. gr. reglugerðar þessarar. Annars skal miða við hinn þekkta lánsrétt kaupandans.

Með greiðslu fyrri hluta lánsins skal farið eins og um fyrstu íbúðakaup sé að ræða. Síðari hlutinn kemur til greiðslu þegar kaupsamningur liggur fyrir og eftirfarandi byggingarstigi er náð:

Allir útveggir séu tilbúnir að innan undir málningu svo og loft og gólf. Lokið sé ísetningu glers, opnanlegra faga og útihurða. Gengið hafi verið frá öllum vatns- og hitalögnum og þær teknar út. Lögð hafi verið öll rör og komið fyrir dósnum vegna raflagna.

56. gr.

Ef í ljós kemur við úthlutun seinni hluta láns að viðkomandi kaupandi fullnægi ekki gildandi lánskilyrðum eða eigi ekki rétt á láni sem samsvarar þegar greiddum lánshluta, skal viðkomandi framkvæmdaaðili endurgreiða fyrri hluta lánsins á næstu 4 mánuðum.

Ef lán eru veitt skv. 55. gr. skal lánið endurgreitt með sömu kjörum og eru á framkvæmdalánum hverju sinni.

Við úthlutun á seinni hluta láns skal heildarlánsfjárhæð þinglýst á viðkomandi íbúð.

III. KAFLI

Lánsúmsóknir, fylgigögn og lánskjör.

57. gr.

Þeir aðilar, er sækja um lán skv. reglugerð þessari, skulu senda úmsóknir sínar til Húsnæðisstofnunar ríkisins á þar til gerðum eyðublöðum sem Húsnæðisstofnunin lætur í té. Umsækjanda ber að veita þær upplýsingar sem úmsóknareyðublaðið segir til um og láta fylgja þau gögn sem krafist er í hverju tilfelli.

58. gr.

Með úmsókn þurfa að fylgja eftirtalin gögn:

1. Vottorð frá lífeyrissjóði um iðgjaldagreiðslu síðastliðin 2 ár.
2. Yfirlýsing skattstjóra eða umboðsmanns hans um það hvort umsækjandi eigi eða hafi átt íbúð s. l. 3 ár.
3. Kostnaðar- og greiðsluáætlun umsækjanda vegna áætlaðra kaupa eða smíði íbúðarhúsnæðis, samkvæmt nánari reglum er húsnæðismálastjórn setur og fram skulu koma á eyðublaði Húsnæðisstofnunar, auk tekjuvottorðs s. l. árs frá skattstjóra eða löggiltum endurskoðanda.
4. Ítarleg lýsing á því sem framkvæma á ef um lán vegna endurbóta og endurnýjunar á eldra húsnæði og orkusparandi breytingar á íbúðarhúsnæði er að ræða, ásamt kostnaðaráætlun. Skal hún gerð af byggingarfróðum manni sem trúnaðarmaður Húsnæðisstofnunar samþykkir. Einnig skal fylgja greiðsluáætlun.
5. Ítarleg lýsing á því sem framkvæma á ásamt kostnaðaráætlun ef um lán til einstaklinga með sérþarfir er að ræða. Skal hún gerð af byggingarfróðum manni sem trúnaðarmaður Húsnæðisstofnunar samþykkir.

Eftirtalin gögn þurfa að liggja fyrir þremur mánuðum áður en lán er veitt.

6. 6.1. Teikning af hlutadeigandi íbúð, árituð af höfundi hennar, ásamt sundurliðaðri kostnaðaráætlun vegna byggingar hússins eða íbúðarinnar sem unnin sé af höfundi teikningarinnar.
Teikning skal vera með árituðu samþykki byggingaryfirvalda. Í áritun skal tilgreina dagsetningu samþykktar. Sé um að ræða íbúð í samþýlishúsi skal tilgreint hvar íbúð er staðsett í húsinu.
- 6.2. Ef sótt er um lán til kaupa á eldri íbúð og íbúðin er í kjallara eða rishæð og ekki er fyrir hendi teikning af íbúðinni skal fylgja úmsókn staðfesting byggingarfulltrúa þess efnis að íbúðin sé samþykkt.
- 6.3. Þegar um viðbyggingu er að ræða skal teikning einnig sýna stærð og gerð þess húss sem byggja á við.
7. Vottorð byggingarfulltrúa um ástand húss/íbúðar ef húsið er eldra en 15 ára og verið er að sækja um lán til kaupa á notuðu húsnæði.
8. Vottorð lækis eða Tryggingarstofnunar ríkisins þegar um er að ræða aldraða, öryrkja, fólk með skerta starfsorku eða hreyfihamlaða.
9. Fokheldisvottorð eða staðfesting á bankaábyrgð ef um nýbyggingu eða viðbyggingu er að ræða.

10. Afrit af kaupsamningi eftir að kaup hafa verið gerð þegar í hlut eiga umsækjendur sem kaupa íbúðir í smíðum eða fullgerðar.
11. Greiðslu- og kostnaðaráætlun umsækjanda vegna smíði eða kaupa á því húsnæði sem keypt var.
12. Vottorð um váttryggingu; smíðatryggingu, ef hús er í smíðum.
13. Önnur gögn sem Húsnæðisstofnunin kann að telja nauðsynleg.
Eftirfarandi gögn þarf að leggja fram áður en lán er greitt:
14. Nýtt veðbókarvottorð, sem ekki er eldra en 7 daga gamalt.
15. Samþykki eiginmanns/eiginkonu.
16. Leyfi eiganda ef lántakandi er ekki þinglýstur eigandi að íbúðinni.
17. Önnur gögn sem nauðsynleg eru vegna hverrar einstakrar lántöku.

Lánskjör.

59. gr.

Lántökugjald má vera allt að 1% af veittri lánsfjárhæð og skal því haldið eftir við afgreiðslu lánsins. Einnig er heimilt að taka gjald vegna virðingar ef um sérstakar skóðanir er að ræða í hinum einstöku lánaflokkum.

60. gr.

Lán skv. 1. tl. 4. gr. er tryggt með 1. veðrétti í þeirri íbúð sem lánað er til.

Lán skv. 2.—7. tl. 4. gr. eru tryggð með 1. eða 2. veðrétti í þeirri íbúð sem lánað er til. Heimilt er þó að taka síðari veðrétti, þannig að veitt lán að viðbættum uppfærðum áhvílandi lánam fari ekki upp fyrir 70% af brunabótamati viðkomandi eignar.

Húsnæðismálastjórn er heimilt að lækka þetta hlutfall ef sýnilegt er að brunabótamat sé óeðlilega hátt miðað við söluverð íbúðarinnar.

Öll lán Byggingarsjóðs ríkisins skv. 1.—8. tl. 4. gr. reglugerðar þessarar skulu vera að fullu verðtryggð og miðast höfuðstóll lánsins við lánsjaravísitölu eins og hún er á hverjum tíma, sbr. 39. gr. laga nr. 13/1979.

Lán skv. 1.—7. tl. 4. gr. skulu vera afborgunarlaus fyrstu tvö árin, þ. e. a. s. á næsta gjalddaga að tveimur árum liðnum frá undirskrift skuldabréfs, skal greiða fyrstu afborgun. Lánin endurgreiðast að fullu með jöfnum greiðslum vaxta og afborgana (annuitet) að viðbættum verðbótum skv. lánsjaravísitölu Seðlabanka Íslands á eftirstöðvum lánstímans. Heimilt skal þó lántakanda að greiða lán upp á skemmri tíma og skal þess getið í skuldabréfi.

Af láni skv. 8. tl. 4. gr. skal að jafnaði greiða afborgun strax á fyrsta ári nema húsnæðismálastjórn ákveði annað.

Vextir af lánum Byggingarsjóðs ríkisins skulu vera breytilegir. Ríkisstjórn Íslands tekur ákvörðun um vexti af hverjum lánaflokki á hverjum tíma að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar og umsögn Seðlabankans.

Vextir á hverjum gjalddaga skulu reiknaðir þannig að deilt er með fjölda gjalddaga í ársvextina eins og þeir eru ákveðnir hverju sinni.

Lánskjör geta tekið breytingum skv. lögum um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga nr. 63 frá 26. júní 1985.

61. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. lögum nr. 60 frá 1. júní 1984, sbr. lög nr. 77 frá 2. júlí 1985, sbr. lög nr. 54 frá 7. maí 1986, öðlast gildi 1. september 1986. Frá sama tíma er úr gildi fallin reglugerð nr. 88/1985 um lánveitingar Byggingarsjóðs ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 30. júní 1986.

Alexander Stefánsson.

Þorgerður Benediktsdóttir.

REIKNINGUR

Fiskveiðasjóðs Íslands, fyrir árið 1985.

Áritun endurskoðenda.

Ársreikning Fiskveiðasjóðs Íslands fyrir árið 1985 höfum við endurskoðað. Ársreikningurinn hefur að geyma ársskýrslu, rekstrarreikning, yfirlit um breytingu á eiginfjárreikningum, efnahagsreikning 31. desember 1985 og skýringar nr. 1—14. Endurskoðunin var framkvæmd í samræmi við viðtekna endurskoðunarvenju og voru í því sambandi gerðar þær kannanir á bókhaldi og bókhaldsgögnum sem við töldum nauðsynlegar.

Að okkar áliti er ársreikningurinn saminn í samræmi við gildandi lög og samþykktir og gefur, miðað við viðtekna reikningsskilavenjur, glögga mynd af rekstri sjóðsins á árinu 1985 og efnahag hans 31. desember 1985.

Reykjavík, 26. maí 1986.

Endurskoðendapjónustan,

Sævar Þ. Sigurgeirsson, löggiltur endurskoðandi.

Undirritaður hefur yfirfarið ársreikning Fiskveiðasjóðs Íslands fyrir árið 1985 og gert kannanir á bókhaldi sjóðsins. Ég tel reikninginn vera tölulega réttan og mæli með samþykkt hans.

Reykjavík, 26. maí 1986.

Birgir Finnsson.

Rekstrarreikningur ársins 1985.

Fjármunatekjur:	Skýr.	Kr.
Vaxtatekjur	6	635 403 910
Gengishagnaður af útlánum	2	1 201 794 892
Verðbætur af útlánum	2	291 201 927
Lántökugjald		6 592 491
		<hr/>
Fjármunatekjur samtals		2 134 993 220
		<hr/>
Fjármagnsgjöld:		
Vaxtagjöld		793 001 390
Gengistap af skuldum	2	1 132 378 787
Verðbætur af skuldum	2	344 031 258
Lántökugjald		7 150 000
Reiknuð gjaldfærsla v/verðlagsbreytinga	1.9	308 661 000
		<hr/>
Fjármagnsgjöld samtals		2 585 222 435
		<hr/>
Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur		450 229 215
		<hr/>

Aðrar tekjur:	Skýr.	Kr.
Tekjur af útflutningsgjaldi	3	221 817 542
Ábyrgðarþóknun	3	691 200
Aðrar tekjur samtals		222 508 742
<hr/>		
Rekstrarkostnaður:		
Laun og launatengd gjöld	4	19 933 877
Annar rekstrarkostnaður		9 297 859
Framlag í afskriftarreikning útlána	5	96 000 000
Afskriftir fastafjármuna		1 272 209
Rekstrarkostnaður samtals		126 503 945
<hr/>		
Tap ársins	9	354 224 418
<hr/>		

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum:

	Endurmatsr. Krónur	Óráðstafað eigið fé Krónur	Samtals 1985 Krónur
Eigið fé 1. janúar	1 227 804 258	426 679 040	1 654 483 298
Reiknuð gjöld	308 661 000		308 661 000
Endurm. fastafjárm.	470 927		470 927
Tap ársins		(354 224 418)	(354 224 418)
<hr/>			<hr/>
Eigið fé 31/12	1 536 936 185	72 454 622	1 609 390 807
<hr/>			<hr/>

Efnahagsreikningur 31. desember 1985.

EIGNIR:

Bankainnstæður:	Skýr.	Kr.
Seðlabanki Íslands		419 729 830
Aðrar bankastofnanir		332 612 129
Bankainnstæður samtals		752 341 959
<hr/>		
Útlán:		
Skuldabréf, gengistryggð	2	7 578 096 157
Skuldabréf, $\frac{3}{5}$ gengistryggt	2	90 458 784
Skuldabréf, verðtryggð, lánskjaravísitala	2	1 197 459 005
Skuldabréf, verðtryggð, byggingavísitala	2	208 876 600
Skuldabréf, án gengis- eða verðtr. ákv.		33 076 433
		<hr/>
		9 107 966 979
Afskriftarreikningur útlána		(91 079 669)
Útlán samtals		9 016 887 310
<hr/>		

Ýmsir eignaliðir:	Skýr.	Kr.
Áfallnir vextir	6	122 487 844
Hlutabréf	7	30 000 000
Innleyst veð	8	554 041 432
Ýmsar skammtímakröfur		828 315
		<hr/>
Ýmsir eignaliðir samtals		707 357 591
Varanlegir rekstrarfjármunir:	1	
Skrifstofuáhöld og búnaður		2 114 725
Bifreiðir		1 126 000
		<hr/>
Fastafjármunir samtals		3 240 725
Eignir samtals		10 479 827 585
		<hr/>

Reykjavík, 26. maí 1986.

Fiskveiðasjóður Íslands.

Már Elísson.

Svavar Ármannsson.

Gunnar P. Ívarsson.

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ:

	Skýr.	Kr.
Skuldabréfalán:		
Skuldabréf, gengistryggð	2	6 999 970 829
Skuldabréf, verðtryggð, lánskjaravísitala	2	838 898 901
Skuldabréf, verðtryggð, byggingavísitala	2	552 301 081
Skuldabréf, án gengis- eða verðtr. ákv.		6 245 433
		<hr/>
Skuldabréfalán samtals		8 397 416 244
		<hr/>
Innheimtufé:		
Stofnfjár sjóður fiskiskipa		280 374 946
Gengismunasjóður		13 929 656
Aðrir sjóðir		4 218 181
		<hr/>
Innheimtufé samtals		298 522 783
		<hr/>
Ýmsar skuldir:		
Áfallnir vextir		151 085 430
Ógreitt hlutafjárloforð		22 500 000
Aðrar skuldir		912 321
		<hr/>
Ýmsar skuldir samtals		174 497 751
		<hr/>
Skuldir samtals		8 870 436 778

Eigið fé:	Skýr.	Kr.
Endurmatsreikningur		1 536 936 185
Óráðstafað eigið fé		72 454 662
	Eigið fé samtals	1 609 390 807
	Skuldir og eigið fé samtals	10 479 827 585

Útan efnahagsreiknings:

Veittar ábyrgðir	10	46 882 000
Skuldbinding vegna áunninna lífeyrisréttinda	11	

Með tilvísun til yfirlýsingar endurskoðenda úrskurðar stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands ársreikninga sjóðsins 1985 rétta.

Reykjavík, 29. maí 1986.

Árni Benediktsson.	Davíð Ólafsson.	Dagbjartur Einarsson.
Guðjón A. Kristjánsson.	Helgi Bergs.	Kristján Ragnarsson.
	Ólafur Helgason.	

Með skírskotun til yfirlýsinga endurskoðenda og sjóðsstjórnar eru ársreikningar Fiskveiðasjóðs Íslands 1985 hér með staðfestir.

Reykjavík, 29. maí 1986.

Halldór Ásgrímsson.

Reikningsskilaaðferðir:

1. Tekið er tillit til áhrifa almennra verðlagsbreytinga á rekstrarafkomu ársins og efnahag í árslok með því að færa verðbreytingarfærslu í ársreikninginn og endurmeta kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna og reikna afskriftir af endurmetnu virði.

Er í þessu sambandi fylgt eftirfarandi aðferðum:

- * Áhrif verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir, eins og þær voru í byrjun reikningsársins, eru reiknuð og færð í rekstrarreikning. Peningalegar eignir eru bankainnstæður, útlán, áfallnir vextir og ýmsar skammtímakröfur.

Útreikningur er þannig:

	kr.
Peningalegar eignir 1. janúar 1985	8 330 593
Skuldir 1. janúar 1985	6 693 135
	<hr/>
Stofn til útreiknings verðbreytingarfærslu	1 637 458

Stuðull til útreiknings verðbreytingarfærslunnar miðast 83% við breytingu á gengi SDR og 17% við breytingu lánskjaravísitölu á árinu 1985. Samkvæmt þessum útreikningi verður verðbreytingarfærslan 18,85% af 1 637 458 þús. kr. eða 308 661 þús. kr. og er sú fjárhæð færð annars vegar til gjalda í rekstrarreikningi og hins vegar á endurmatsreikningi í efnahagsreikningi.

Ef einvörðungu hafði verið tekið mið af hækkun lánskjaravísitölu á árinu 1985 eins og gert er hjá bönkum og sparisjóðum hefði stuðull orðið 35,59% og reiknuð gjaldfærsla 582 771 þús. kr.

- ★ Varanlegir rekstrarfjármunir 1. janúar eru endurmetnir með því að framreikna upphaflegt stofnverð til ársins 1985, með verðbreytingastuðli, sem reiknaður er fyrir hvert ár eftir hækkun á meðalbyggingavísitölu milli ára.
 - ★ Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af endurmetnu stofnverði rekstrarfjármuna frá fyrra ári og stofnverði fjármuna sem við bættust á árinu.
2. Á útlán eru uppreiknaðar vaxtatekjur og verðbætur til áramóta. Á skuldir eru uppreiknuð vaxtagjöld og verðbætur á samsvarandi hátt sbr. eftirfarandi:
 - Útlán og skuldir, sem verðtryggð eru miðað við vísitölu byggingarkostnaðar eru uppfærð samkvæmt vísitölu, er tók gildi 1. janúar 1986, en þær skuldir og útlán sem miðuð eru við lánskjaravísitölu eru uppfærð samkvæmt lánskjaravísitölu fyrir janúar 1986.
 - Útlán og skuldir sjóðsins í erlendum gjaldeyri eða reikningseiningum eru uppfærð um áramót miðað við sölugengi á viðkomandi gjaldmiðli eða reikningseiningum í árslok.
 3. Í rekstrarreikningi eru færðar innborgaðar tekjur af útflutningsgjaldi og þóknanir vegna veittra ábyrgða.
 4. Verðgildi áunnins en ótekens orlofs starfsmanna frá byrjun orlofsársins 1. maí til áramóta er uppfært og gjaldfært í rekstrarreikningi.
 5. Í rekstrarreikningi eru gjaldfærðar 96 000 þús. kr. sam framlag í afskriftarreikning útlána. Hér er ekki um raunverulega afskrift að ræða heldur er reikningurinn myndaður til að mæta þeirri almennu áhættu, sem fylgir útlánastarfsemi. Miðað er við að afskriftarreikningurinn sé 1% af útlánum sjóðsins.
 6. Í vaxtauppgjöri sjóðsins er við það miðað að innheimtanlegt hlutfall áfallinna vaxta sé 96%. Þetta hlutfall er talið vera í samræmi við raunverulega innheimtu vaxtanna.
 7. Hlutfjáreign í Próunarfélaginu hf., hér talin á nafnverði.
 8. Í árslok átti sjóðurinn þrjá togara og eitt 236 rúmlesta skip. Sala fór fram eftir áramót. Þessi fjárhæð kr. 554 milljónir er sem næst raunveruleg eign sjóðsins í skipunum og hefur þá það fé, sem lagt var á afskriftarreikninga 1982—1984 verið dregið frá kröfum sjóðsins.

Breytingar á reikningsskilaaðferðum:

9. Reikningsskilaaðferðum og framsetningu ársreikningsins er nú verulega breytt frá fyrra ári. Reikningsskilaaðferðirnar eru færðar í það horf sem gert hefur verið grein fyrir í skýringum 1—8 hér að framan og miða að því að færa reikningsskilin í það horf, sem tíðkast hjá öðrum fyrirtækjum og sambærilegum stofnunum. Ef fylgt hefði verið óbreyttum reikningsskilaaðferðum og framsetningu rekstrarreiknings hefði sýnt tap ársins verið 82 m. kr. í stað 354 m. kr. eða 272 m. kr. lægra.

Ábyrgðarskuldbindingar:

10. Á árinu 1985 veitti sjóðurinn í fyrsta skipti ábyrgðir vegna lána er tekin voru til uppbyggingar fiskeldisstöðva. Veittar ábyrgðir nema samtals 46 882 þús. kr. þar af eru 31 882 þús. kr. háðar gengi.
11. Ekki hefur verið myndaður sérstakur eftirlaunasjóður til að mæta skuldbindingum fiskveiðasjóðs vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sjóðsins. Tryggingarstærðfræðingur vinnur að úttekt þessara mála og mun skuldbindingin verða uppfærð og tekin inn í meginmál efnahagsreikningsins þegar niðurstöður hans liggja fyrir.

Önnur atriði:**12. Vaxtaafsláttur:**

Fyrir atbeina ríkisstjórnarinnar var í september 1982 og í október 1983, ákveðin tímabundin breyting á kjörum útlána sjóðsins til fiskiskipa, þannig að sjóðurinn gefur eftir tiltekinn hundradshluta vaxta, sem falla til greiðslu á skipalán. Á sama hátt var ákveðið á árunum 1984—1986 að gefa eftir 60 hundradshluta vaxta sem verða til á flestum skipalánum á árunum 1984—1986.

Á árinu 1982 nam eftirgjöfin u. þ. b. 44 milljónum króna, u. þ. b. 168 milljónum króna árið 1983, u. þ. b. 309 milljónum króna árið 1984 og u. þ. b. 391 milljón króna árið 1985, sem ella hefðu komið til tekna. Sú eftirgjöf vaxta, sem samkvæmt framansögðu kemur til framkvæmda á árinu 1986 er á verðlagi 31. desember 1985 lauslega áætluð allt að 430 milljónir króna og mun að sjálfsgöðu rýra tekjur ársins 1986, en er hvorki fært til skulda né gjalda á árinu 1985.

13. Skuldbreyting lausaskulda:

Með lögum nr. 40 25. maí 1984 var ákveðin umfangsmikil skuldabreyting á lausaskuldum sjávarútvegsins. Samkvæmt lögnum voru keypt 279 skuldabréf af bönkum að fjárhæð á kaupdegi kr. 457 497 324,10.

14. Hagræðingar- og framkvæmdalánadeild:

Með bráðabirgðalögum nr. 46/1983 var stofnuð ný deild við Fiskveiðasjóð, er heiti „Hagræðingar- og framkvæmdalánadeild“. Ársreikningur deildarinnar fylgir ársreikningi Fiskveiðasjóðs, en samkvæmt fyrrgreindum lögum skal fjárhagur hennar sérstaklega aðgreindur frá fjárhag annarra hluta sjóðsins.

Hagræðingar- og framkvæmdalánadeild Fiskveiðasjóðs Íslands.**Rekstrarreikningur ársins 1985.**

	Kr.
Rekstrartekjur:	
Vaxtatekjur	20 930 425
Verðbætur af útlánum	55 586 782
Reiknaðar tekjur	6 883 300
Rekstrartekjur samtals	83 400 507
Rekstrargjöld:	
Vaxtagjöld	30 628 638
Gengistap af skuldum	63 699 236
Afskrifuð útlán	9 239 950
Rekstrargjöld samtals	103 567 824
Tap ársins (fært á eigið fé)	20 167 317

Eignir:**Efnahagsreikningur 31. desember 1985.**

Geimslufé í Fiskveiðasjóði Íslands	455 637
Útlán, skip, verðtryggð, lánskjaravísitala	59 382 510
Útlán, fasteignir, verðtryggð, lánskjaravísitala	169 466 456
Áfallnir vextir	5 810 918

Eignir samtals 235 115 521

Skuldir:

Erlend lán	276 385 886
Áfallnir vextir	27 932 718

Skuldir samtals 304 318 604

Eigið fé:

Eigið fé samtals (neikvætt)	(69 203 083)
-----------------------------------	--------------

Skuldir og eigið fé samtals 235 115 521

30. júní 1986

Nr. 323

GJALDSKRÁ

fyrir prófun búvéla.

Söluverð búvéla	Prófunargjald
	Kr.
Undir 10 000	5 000,00
10 000—49 999	6 200,00
50 000—99 999	7 400,00
100 000—149 999	8 600,00
150 000—199 999	9 800,00
200 000—249 999	11 000,00
250 000—299 999	12 200,00
300 000—349 999	13 400,00
350 000—399 999	14 600,00
400 000—449 999	15 800,00
450 000—499 999	17 000,00
500 000—549 999	18 200,00
550 000—599 999	19 400,00
600 000 eða hærri	20 600,00

Ef umboðsmaður óskar eftir að prófun sé hætt áður en fullnaðarprófun er lokið (9. grein reglugerðar um prófun búvéla) skal greiða í hlutfalli við notkunartíma vélarinnar eða eftir nánari ákvörðun Rannsóknastofnunar landbúnaðarins.

Gjaldskrá þessi er sett skv. 55. gr. laga nr. 64/1965 og öðlast gildi 1. júlí 1986.

Landbúnaðarráðuneytið, 30. júní 1986.

Jón Helgason.

Guðmunda Ögmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

**fyrir efnarannsóknir og aðra þjónustu, sem Rannsóknastofnun
landbúnaðarins annast.**

1. gr.

Gjöld fyrir almennar efnarannsóknir, sem Rannsóknastofnun landbúnaðarins annast, skulu vera sem hér segir:

Fóður- og matvælaefnagreiningar:	kr.
Undirbúningur fódursýna ¹⁾	75,00
Purrefni	110,00
Purrefni í votheyi	220,00
Meltanleiki in vitro	500,00
pH	150,00
Fitusýrur C ₂ —C ₅	500,00
Mjólkursýra	250,00
NH ₃ -N	250,00
Brunagildi (orka)	860,00
Aska	140,00
Prótein	450,00
Ammonium	320,00
Fita (eter útdráttur)	570,00
Tréni	630,00
Ca	370,00
Mg	370,00
K	370,00
Na	370,00
P	370,00
ADF	715,00
NDF	715,00
Lignin	895,00
ADF + lignin	1 075,00

1) Undirbúningur fódursýna reiknast einu sinni óháð fjölda efnagreininga.

Jarðvegsefnagreiningar:	Kr.
Fosfór 1) (P) (vegna ylræktar)	200,00
Fosfór 2) (P)	250,00
Kalíum (K)	150,00
Nítrat (NO ₃)	175,00
Leiðnitala (Lt)	150,00
Sýrustig (pH)	150,00
Áætluð „kalkþörf“1)	150,00
Kalkþörf ákveðin með titr. 2)	500,00

Plöntusjúkdómar og meindýr:

Einfaldar greiningar á meindýrum og öðrum skaðvöldum	240,00
Umfangsmeyri greiningar á skaðaorsökum	480,00
Útgáfa heilbrigðisvottorða eða stimplun vegna inn- og útflutnings plantna	160,00

2. gr.

Önnur vinna er unnin í tímavinnu. Gjald fyrir útselda vinnu á rannsóknarstofu er sem hér segir:

Rannsóknamaður	dagvinna kr./klst.
Sérfræðingur	1 075,00
	1 255,00

3. gr.

Forstjóra er heimilt að veita afslátt á gildandi gjaldskrá, ef um er að ræða fyrirfram sammingsbundnar rannsóknir eða rannsóknaverkefni, sem hafa vísindalegt eða almennt gildi.

4. gr.

Gjaldskráin skal endurskoðast í júlí ár hvert.

Gjaldskrá þessi er sett skv. 55. gr. laga nr. 64/1965 og öðlast gildi 1. júlí 1986.

Landbúnaðarráðuneytið, 30. júní 1986.

Jón Helgason.

Guðmunda Ögmundsdóttir.

1. júlí 1986

Nr. 325

AUGLÝSING

**um (fimmtu) breytingu auglýsingar um afgreiðslutíma lyfjabúða
utan Reykjavíkur nr. 50/1983.**

Samkvæmt heimild í reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða nr. 30/1983 skal afgreiðslutími Garðabæjar Apóteks vera sem hér segir:

Mánudaga — föstudaga kl. 9—18:30.

Laugadaga 11—14.

Að öðru leyti skal gætt ákvæðis 8. gr. fyrrnefndrar reglugerðar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. júlí 1986.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingolf J. Petersen.

25. júní 1986

Nr. 326

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Líknarfélagið Sporið, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómismálaráðherra 25. júní 1986.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Líknarfélagið Sporið.

1. gr.

Félagið heitir Líknarfélagið Sporið.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að styðja fólk sem hefur átt í vanda vegna ofneyslu áfengis eða annarra vímuefna, til þess að ná fötfestu á ný.

3. gr.

Í þessum tilgangi skal félagið eiga og reka húsnæði þar sem það leigir út herbergi. Þar skulu íbúarnir hafa aðgang að sameiginlegum vistarverum og not af sameiginlegri aðstöðu og eiga kost á fæði á staðnum. Í húsinu skulu haldnir hópfundir og viðtöl reglulega, sem standi til boða þeim sem áhuga hafa. Íbúarnir skulu ekki neyta vímuefna í húsinu eða utan þess meðan þeir búa þar.

4. gr.

Stofnaður skal sérstakur sjóður í nafni félagsins með stofnfé kr. 10 000,00 — tíuþúsund —, sem ekki má skerða. Tekjur sjóðsins eru vextir af stofnfé, húsaleiga og frjáls framlög einstaklinga og félaga. Tekjum sjóðsins skal aðeins ráðstafað til þeirrar starfsemi sem að framan er lýst.

5. gr.

Stofnendur og stjórn félagsins er:

Stjórnarformaður: Brynjólfur Eyvindsson.
Meðstjórnendur: Guðrún B. Sveinsdóttir,
Kristinn Guðbrandsson,
Gyða P. Þórarinsdóttir,
Sigurður P. Kristjánsson,
Sigríður K. Gunnarsdóttir,
Þórarinn Tyrfingsson.

6. gr.

Stjórnarmanni skal vikið úr stjórninni, breyti hann í ósamræmi við markmið félagsins. Eins getur stjórnarmaður hætt að eigin ósk, en til annarra breytinga á skipan stjórnar, þarf samþykki allra stjórnarmanna.

7. gr.

Allir stjórnarmenn geta boðað stjórnarfund og skal halda um þá fundargerðarbók. Þeir skulu vera a. m. k. tveir hvert ár.

8. gr.

Í byrjun hvers árs skulu lagðir fyrir stjórnina endurskoðaðir reikningar félagsins og þeir síðan gerðir opinberir.

9. gr.

Til að fjárhagslegar skuldbindingar félagsins séu gildar, þarf undirskrift formanns ásamt minnst einum öðrum stjórnarmanni. Stjórnin getur ráðið starfsmenn á launum til að sinna einstökum þáttum starfseminnar, ef þörf krefur. Stjórnin veitir prókúruumboð.

10. gr.

Verði félaginu slitið skulu eignir þess renna til einhverra þeirra aðila sem vilja halda áfram sömu starfsemi og stjórnin treystir til þess.

11. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

1. júlí 1986

629

Nr. 327

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 578/1982 um námslán og námsstyrki.

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Nemendur eftirtalinna sérskóla eiga ennfremur rétt á aðstoð úr Lánasjóði íslenskra námsmanna skv. almennum reglum sjóðsins:

Fiskvinnsluskólinn 2. og 3. ár

Fósturskóli Íslands

Iðnskólar, framhaldsdeildir

Íþróttakennaraskóli Íslands

Leiklistarskóli Íslands

Myndlista- og handíðaskóli Íslands

Stýrimannaskólar

Tónlistarskólar: Tvö síðustu námsár kennaradeilda Tónlistarskólans í Reykjavík, svo og tónlistarnemar á 7. og 8. námsstigi skv. námsskrá menntamálaráðuneytisins.

Tækniskóli Íslands, raungreinadeild og iðnfræðináam

Vélskólar

Proskapjálfskóli Íslands

2. gr.

21. gr. stafliður a) orðist svo:

Framfærslukostnaður á námsstað, sem breytist að öðru jöfnu með þróun verðlags og gengis. Sjóðsstjórn fylgist einnig með því hvernig þessar tölur þróast í samanburði við launatekjur.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 1. júlí 1986.

Sverrir Hermannsson.

Knútur Hallsson.

REGLUGERÐ

um stofnkostnað skv. lögum um málefni fatlaðra nr. 41/1983.

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar gilda um stofnkostnað skv. 2.—14. tl. 7. gr., sbr. og 2. mgr. 34. gr. laga nr. 41/1983 um málefni fatlaðra.

II. KAFLI

Áætlanagerð svæðisstjórna.

2. gr.

Svæðisstjórnir um málefni fatlaðra safna upplýsingum og kanna þörf fyrir sérstaka þjónustu vegna fatlaðra hver á sínu svæði og einnig um það hvernig veita megi fötludum þjónustu á almennum stofnunum skv. 6. gr. laga nr. 41/1983 um málefni fatlaðra.

3. gr.

Á grundvelli upplýsinga og könnunar skv. 2. gr., skulu svæðisstjórnir gera tillögu að heildaráætlun um uppbyggingu á þjónustu og stofnunum fyrir fatlaða í umdæmum sínum og staðsetningu þeirra. Tillögugerð þessi og könnun tekur einnig til framkvæmdaáforma félaga fatlaðra og sveitarfélaga á viðkomandi svæði.

Kostnaður við gerð þeirra áætlana sem hér um ræðir, skal greiddur úr Framkvæmda-sjóði fatlaðra, enda hafi stjórnarnefnd um málefni fatlaðra fyrirfram samþykkt að greiða kostnað við áætlanagerðina.

Svæðisstjórnir skulu hafa samráð við skipulagsyfirvöld og landshlutasamtök sveitarfélaga í umdæmum sínum við áætlanagerðina.

4. gr.

Tillögur svæðisstjórnar, skv. 3. gr., skulu byggðar á áætlun um stofnkostnað einstakra framkvæmda miðað við verðlag á ákveðnum tíma.

Til stofnkostnaðar skal m. a. telja kostnað vegna áætlanagerðar og kannana, hönnunar-kostnað, lóða- og tengigjöld svo og nauðsynlegan búnað og tæki til rekstrar stofnunar.

Með tillögum svæðisstjórnar, skv. 3. gr., skal fylgja greinargerð um þá kosti, er til greina komu við lausn þeirra þarfa, sem framkvæmdunum er ætlað að fullnægja.

5. gr.

Svæðisstjórnir skulu gera tillögur um forgangsroðun framkvæmda og áfangaskiptingu skv. heildaráætlun skv. 3. gr.

Tillögum svæðisstjórna skal fylgja greinargerð um starfshætti fyrirhugaðra stofnana og sundurliðuð áætlun um rekstrarkostnað.

III. KAFLI

Úrvinnsla ráðuneyta og stjórnarnefndar. Ákvarðanir ráðuneyta.

6. gr.

Áætlanir skv. 3.—5. gr. skulu svæðisstjórnir senda hlutaðeigandi ráðuneytum, félagsmálaráðuneyti, heilbrigðisráðuneyti og menntamálaráðuneyti, ásamt framkvæmdaáætlunum til 3ja ára. Áætlanir þessar skulu svæðisstjórnir endurskoða árlega. Afrit skulu send stjórnarnefnd og hlutaðeigandi landshlutasamtökum.

7. gr.

Ráðuneytin skulu árlega semja áætlanir til 3ja ára í senn um framkvæmdir hvert á sínu sviði á grundvelli áætlana svæðisstjórna skv. 6. gr.

Ráðuneytin senda áætlanir sínar, skv. 1. mgr., til stjórnarnefndar, en hún samhæfir áætlanir ráðuneytanna í samráði við félagsmálaráðuneytið og vinnur framkvæmdaáætlanir til 3ja ára í senn.

Stjórnarnefnd skal leita staðfestingar viðkomandi ráðherra á áætlunum sínum.

Áætlanir þessar skulu lagðar fyrir fjárlaga- og hagsýslustofnun og fjárveitinganefnd Alþingis til upplýsinga og kynningar svo og sendar svæðisstjórnnum.

8. gr.

Að fengnum tillögum svæðisstjórna skal stjórnarnefnd gera tillögur til hlutaðeigandi ráðherra um árleg framlög úr Framkvæmdasjóði fatlaðra til að koma á fót stofnunum skv. lögum um málefni fatlaðra. Tillögur stjórnarnefndar skulu vera í samræmi við 3ja ára framkvæmdaáætlanir um slíkar framkvæmdir og árlegt ráðstöfunarfé sjóðsins. Hlutaðeigandi ráðherrar skulu staðfesta tillögur stjórnarnefndar um úthlutun framlaga úr sjóðnum.

IV. KAFLI

Greiðsla stofnkostnaðar og eftirlit.

9. gr.

Um framkvæmdir ríkisins og sveitarfélaga, skv. lögum um málefni fatlaðra, fer skv. ákvæðum laga nr. 63/1970 um skipan opinberra framkvæmda.

10. gr.

Ef félög fatlaðra og sveitarfélög hyggjast koma á fót stofnunum fyrir fatlaða, stækka þær eða auka, fer um þær framkvæmdir skv. 7. og 11. gr. laga um málefni fatlaðra, enda séu þær í samræmi við framkvæmdaáætlanir skv. reglugerð þessari, sbr. 2. ml. 1. mgr. 3. gr.

11. gr.

Framlög úr Framkvæmdasjóði fatlaðra til félaga fatlaðra og sveitarfélaga skulu greidd þeim aðilum, sem fengið hafa starfs- og rekstrarleyfi vegna viðkomandi stofnunar. Greiðslur þessar skulu inntar af hendi skv. samningi við stjórnarnefnd. Í þeim samningi skal m. a. tilgreina kostnað, fjármögnun, framkvæmdahraða, tilhögun greiðslna og eignarhlut aðila. Þegar kostnaður skv. þeim samningi sem hér um ræðir er metinn skal hafa hliðsjón af ákvæðum laga nr. 63/1970. Samningur þessi skal sendur viðkomandi ráðuneyti sem hefur eftirlit með framkvæmd hans.

12. gr.

Sundurlíðað kostnaðaryfirlit yfir framkvæmdir skv. 11. gr. skal senda stjórnarnefnd í lok hvers árs. Að framkvæmdum loknum skal senda stjórnarnefnd heildaryfirlit um kostnað staðfest af viðkomandi ráðuneyti.

13. gr.

Sveitarfélög greiða 15% stofnkostnaðar skv. 4. mgr. 26. gr. laga nr. 41/1983, sbr. og 2., 3., 4., 9., 10. og 14. tl. 7. gr., enda hafi fyrirfram verið gerður, að tilhlutan svæðisstjórnar, skriflegur samningur milli sveitarfélaga á svæðinu um innbyrðis skiptingu stofnkostnaðar og rekstrarkostnaðar, sbr. og 3. gr. reglugerðar þessarar.

Sveitarfélög greiða sinn hluta í kostnaði til starfsleyfishafa í samræmi við samning, sbr. 1. mgr.

14. gr.

Sé um að ræða byggingu stofnunar fyrir blandaða þjónustu, þar sem sveitarfélög taka aðeins þátt í stofnkostnaði vegna tiltekinna þjónustupáttar, skal við hönnun einstakra bygginga reikna greiðsluhlutfall sveitarfélaga.

V. KAFLI

Sameiginleg ákvæði.

15. gr.

Stofnanir, sem ríkið kemur á fót, skv. lögum nr. 41/1983, eru eign ríkisins.

Sé um að ræða aðrar stofnanir en skv. 1. mgr. þessarar greinar, miðast eignarhlutfall ríkisins við framlög úr Framkvæmdasjóði.

Verði sjálfstæð starfsemi, sem kostuð hefur verið með framlögum úr Framkvæmdasjóði fatlaðra og frá sveitarfélögum, lögð niður eða tekin til annarrar starfsemi, skulu framlögin endurkræf ásamt vixilútlánsvöxtum á hverjum tíma.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. lögum nr. 41/1983 um málefni fatlaðara og að höfðu samráði við heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og menntamálaráðherra varðandi þá þætti, sem undir þá eiga, öðlast gildi þegar í stað.

Ákvæði til bráðabirgða.

Um framkvæmdir, sem átt hafa sér stað eftir gildistöku laga nr. 47/1979 um aðstoð við þroskahefta, að hluta til af opinberu fé, skulu, að forgöngu stjórnarnefndar, gerðir sérstakir eignarskiptasamningar, er taki mið af framlögum hins opinbera.

Félagsmálaráðuneytið, 18. júní 1986.

Alexander Stefánsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

um skírteini gefin út af flugmálastjórn.

Efnisyfirlit

I. KAFLI — ORÐASKÝRINGAR OG ALMENN ÁKVÆÐI

- 1.1. Orðaskýringar
- 1.2. Almenn ákvæði

II. KAFLI — SKÍRTEINI OG ÁRITANIR FLUGMANNA

- 2.1. Áritanir á skírteini flugmanna og réttindi sem þær veita
- 2.2. Flugnemi/flugvél og flugnemi/þyrla
- 2.3. Einkaflugmaður/flugvél
- 2.4. Atvinnuflugmaður III. flokks/flugvél
- 2.5. Atvinnuflugmaður II. flokks/flugvél
- 2.6. Atvinnuflugmaður I. flokks/flugvél
- 2.7. Svifflugmaður
- 2.8. Stjórnandi frjáls loftbelgs
- 2.9. Einkaflugmaður/þyrla
- 2.10. Atvinnuflugmaður III. flokks/þyrla
- 2.11. Atvinnuflugmaður I. flokks/þyrla
- 2.12. Áritun fyrir stjórnað sjónflug
- 2.13. Blindflugsáritun/flugvél
- 2.14. Blindflugsáritun/þyrla
- 2.15. Flugkennsluáritun/flugvél og flugkennsluáritun/þyrla
- 2.16. Flugkennsluáritanir fyrir svifflugur og frjálsa loftbelgi
- 2.17. Viðurkenning á flugtíma

III. KAFLI — SKÍRTEINI FLUGLIÐA ANNARRA EN FLUGMANNA

- 3.1. Flugleiðsögumaður
- 3.2. Flugvélstjóri

IV. KAFLI — SKÍRTEINI OG ÁRITANIR ANNARRA EN FLUGLIÐA

- 4.1. Flugvéltæknir — II. flokkur
- 4.2. Flugvéltæknir — I. flokkur
- 4.3. Flugumferðarstjóri
- 4.4. Áritanir á skírteini flugumferðarstjóra
- 4.5. Flugumsjónarmaður
- 4.6. Flugradíómaður

V. KAFLI — GERÐ SKÍRTEINA

- 5.1. Skírteini útgefin af flugmálastjórn

VI. KAFLI — ÁKVÆÐI UM HEILBRIGÐI VEGNA ÚTGÁFU SKÍRTEINA

- 6.1. Heilbrigðisvottorð — almennt
- 6.2. Skilyrði fyrir heilbrigðisvottorði
- 6.3. 1. flokks heilbrigðisvottorð
- 6.4. 2. flokks heilbrigðisvottorð
- 6.5. 3. flokks heilbrigðisvottorð

VII. KAFLI — VIÐBÓTARÁKVÆÐI

- 7.1. Umsóknir um veitingu skírteinis
- 7.2. Almenn ákvæði um próf
- 7.3. Framlenging og endurnýjun skírteinis
- 7.4. Gildisaukning skírteinis
- 7.5. Skráning flugtíma
- 7.6. Svipting eða ógilding skírteinis

VIII. KAFLI — GILDISTAKA O.FL.

- 8.1. Undanþágur
- 8.2. Ágreiningur
- 8.3. Refsiákvæði
- 8.4. Gildistaka

I. KAFLI ORÐASKÝRINGAR OG ALMENN ÁKVÆÐI

1.1. Orðaskýringar.

Pegar eftirfarandi orð og orðasambönd eru notuð í þessari reglugerð hafa þau merkingu þá sem hér segir:

ADF (Automatic Direction Finder): Radíóáttaviti.

Að fullgilda skírteini (Rendering a licence valid): Gildistaka skírteinis sem gefið hefur verið út af öðru aðildarríki, í stað útgáfu sérstaks íslensks skírteinis.

Að staðfesta lofthæfi (To certify as airworthy): Að staðfesta það að loftfar, eða hluti þess, fullnægi gildandi skilyrðum um lofthæfi eftir grannskoðun, viðgerð, breytingu eða ísetningu.

Að stýra loftfari (To pilot): Að handfjalla stjórnþæki loftfars meðan á flugtíma stendur.

Aðstoðarflugmaður (Co-pilot): Flugmaður, sem er handhafi flugskírteinis og hefur hvers konar flugmannsstarf í loftfari, annað en starf flugstjóra, þó ekki flugmaður sem er í loftfarinu eingöngu til að njóta flugþjálfunar.

AIP (Aeronautical Information Publication): Flugmálhandbók.

Áritun (Rating): Áritun á skírteini eða fylgiblað sem telst hluti þess og segir til um sérstök skilyrði, réttindi eða takmarkanir, tengd skírteininu.

Atvinnuflutningar (Air transport operations for remuneration or hire): Flutningar með loftförum gegn endurgjaldi eða til leigu í reglubundnu eða óreglubundnu flugi.

Blindflug (IFR-flight): Flug samkvæmt blindflugsreglum (IFR).

Blindflugstími (Instrument flight time): Tími sá sem flugmaður stjórnar loftfari eingöngu eftir mælitækjum án viðmiðunar utan stjórnklefans.

Blindflugsþjálfari (Basic instrument flight trainer): Sjá nánara gerviflugþjálfari.

Blindflugsæfingatími (Instrument time): Blindflugstími eða blindflugsæfingatími á jörðu.

Blindflugsæfingatími á jörðu (Instrument ground time): Tími sá sem flugmaður æfir blindflug á jörðu niðri í gerviflugþjálfara sem viðurkenndur hefur verið af flugmálastjórn til slíkrar þjálfunar.

Eftirlitsflugmaður (Check-pilot): Flugmaður, tilnefndur af flugmálastjórn, eða af flugrekanda og samþykktur af flugmálastjórn, sem falið er það verkefni að hafa eftirlit með og prófa færni flugmanna til viðhalds eða aukningar réttinda þeirra.

Einflugstími (Solo flight time): Flugtími sá sem flugnemi er einn í loftfarinu.

Flugathafnaþjálfari (Flight procedures trainer): Sjá nánara gerviflugþjálfari.

Flugáætlun (Flight plan): Tilteknar upplýsingar um fyrirhugað flug eða hluta þess, látnar flugumferðarþjónustudeild í té.

Flugliði (Flight crew member): Áhafnarliði sem er handhafi skírteinis, sem út hefur verið gefið eða fullgilt af flugmálastjórn, og falið er starf sem nauðsynlegt er við starfsemi loftfars meðan á flugtíma stendur.

Flugrekandi (Operator): Einstaklingur, fyrirtæki eða stofnun sem stundar eða býðst til að stunda rekstur loftfara.

Flugstjóri (Pilot-in-command): Flugmaður, sem ber ábyrgð á ferðum og öryggi loftfars meðan á flugtíma stendur.

Flugtími (Flight time): Allur tíminn frá því að loftfar hreyfist af stað fyrir eigin afli í því skyni að hefja flugtak þar til það stöðvast að afloknu flugi.

Aths.: Flugtími, eins og hann er skilgreindur hér, er reiknaður frá því að loftfarið fer af hlaði brottfararstaðar þar til það stöðvast á hlaði ákvörðunarstaðar.

Flugtími í svifflogu (Glider flight time): Allur flugtíminn, hvort sem sviffloga er í togi eða ekki, frá því hún hreyfist af stað í flugtaki þar til hún stöðvast að afloknu flugi.

Flugtími með kennara (Dual instruction time): Flugtími sá, þegar einhver nýtur flugkennslu í loftfari hjá flugmanni með tilskilin réttindi.

Flugtog (Aero-tow flight): Flug meðan sviffloga er dregin af flugvél.

Flugtogstími í svifflogu (Aero-tow flight time/glider): Allur tíminn, sem sviffloga er í flugtogi frá því hún hreyfist af stað í flugtaki þar til hún losnar við dráttartaugina.

Flugvél (Aeroplane): Vélknúð loftfar, þyngra en loft, sem helst á flugi aðallega vegna verkana loftsins á vængfleti sem eru óhreyfanlegir meðan á tilteknum þætti flugs stendur.

Flugvélarlíki (Flight simulator): Sjá nánara gerviflugþjálfí.

Fullgildur flugumferðarstjóri (Rated air traffic controller): Flugumferðarstjóri sem er handhafi skírteinis með gildri áritun fyrir þau störf sem honum er ætlað að vinna.

Gangtími (Time in service): Sá hluti flugtíma sem líður frá þeirri stundu að loftfar lyftist frá yfirborði jarðar þar til það snertir hana aftur á næsta landingarstað.

Gerviflugþjálfí (Synthetic flight trainer): Sameiginlegt nafn á eftirtöldum þremur gerðum tækja á jörðu þar sem líkt er eftir flugaðstæðum:

— **Blindflugþjálfí** (Basic instrument flight trainer) sem búinn er viðeigandi mælitækjum til að líkja eftir aðstæðum í stjórnrymi loftfars á flugi í blindflugsskilyrðum.

— **Flugathafnaþjálfí** (Flight procedures trainer) sem gefur raunsanna mynd af stjórnrymi þar sem líkja má eftir viðbrögðum mælitækja og stjórn á vélrænum kerfum, rafmagns- og rafeindakerfum, svo og öðrum kerfum, ásamt getumörkum og flugeiginleikum loftfars af tilteknum flokki.

— **Flugvélarlíki** (Flight simulator) sem gefur svo nákvæma mynd af stjórnrymi tiltekinnar tegundar loftfars að stjórn vélrænna kerfa rafmagns- og rafeindakerfa, svo og annarra kerfa, líkist í raun rétttri því sem er í þessari tegund loftfars. Ennfremur líkjast umhverfi flugliða, getumörk loftfarsins og flugeiginleikar á sama hátt.

Grannskoðun (Overhaul): Prófanir og/eða framkvæmdir á loftförum eða hlutum til þeirra í samræmi við gildandi fyrirmæli og leiðbeiningar sem fela í sér endurnýjun, að nokkru eða öllu leyti, og sem hafa í för með sér að talning gangtíma hlutaðeigandi loftfara eða hluta til þeirra hefst að nýju frá byrjun.

Heilbrigðisvottorð (Medical Assessment): Staðfesting útgefin af flugmálastjórn þess efnis að skírteinishafi fullnægi tilgreindum heilbrigðiskröfum. Það er gefið út eftir að flugmálastjórn hefur metið skýrslu trúnaðarlæknis sem skoðaði umsækjanda.

ICAO (International Civil Aviation Organization): Alþjóðaflugmálastofnunin.

- IFR** (Instrument flight rules): Alþjóðleg skammstöfun sem notuð er um blindflugsreglur.
- ILS** (Instrument landing system): Blindlendingarkerfi.
- IMC** (Instrument meteorological conditions): Alþjóðleg skammstöfun sem notuð er um blindflugsskilyrði.
- INS** (Inertial navigation system): Tregðuleiðsögukerfi.
- Leiðarflug** (En-route flight): Sá hluti flugs milli áfangastaða sem ekki telst til brottflugs eða aðflugs.
- Lofftar** (Aircraft): Sérhvert það tæki, sem haldist getur á flugi vegna verkana loftsins, annarra en loftpúðaáhrifa við yfirborð jarðar.
- Lofftars-gerð** (Aircraft-category): Flokkun loftfara eftir grundvallareiginleikum, svo sem flugvél, sviffuga, þyrilvængja, frjáls loftbelgur o.s.frv.
- Lofftars-tegund** (Aircraft-type of): Öll loftför, hönnuð á sama hátt í grundvallaratriðum, með þeim breytingum sem á loftförum kunna að hafa verið gerðar svo fremi að þær hafi ekki haft í för með sér breytta flugeiginleika.
- NOTAM** (Notices to airmen): Tilkynning sem nauðsynlegt er að berist sem fyrst til þeirra aðilja sem flugstörf stunda og hefur að geyma upplýsingar um uppsetningu, ástand eða breytingu á hvers konar flugvirkjum, þjónustu eða starfsháttum, svo og um hættur eða hindranir.
- Nótt** (Night): Sá tími sem miðpunktur sólar er 6 gráður eða meira fyrir neðan sjóndeildarhring.
- PAR** (Precision approach radar): PAR-aðflugsradar.
- PFT** (Proficiency flight test/training): Hæfniflugpróf/þjálfun.
- PPI** (Plan position indicator): PPI-radarskjár.
- PT** (Proficiency test/training): Hæfnipróf/þjálfun.
- Rafeindabúnaður loftfara** (Aircraft avionics): Sérhvert rafeindatæki, sem notað er í loftförum, að meðtöldum rafmagnsbúnaði þess. Þar eru meðtalin radiótæki, einnig sjálfstýribúnaður og mælakerfi, sem rafeindatækni er notuð við.
- Rekstrarflugáætlun** (Operational flight plan): Áætlun flugrekanda um öruggan framgang flugsins, gerð með hliðsjón af getumörkum loftfarsins, öðrum rekstrartakmörkunum og þeim skilyrðum sem skipta máli og búast má við á leið þeirri, sem fara á, og á hlutaðeigandi flugvöllum.
- RVR** (Runway visual range): Flugbrautarskyggni.
- Skírteinishafi** (Licenced airman): Handhafi skírteinis, sem flugmálastjórn hefur gefið út eða viðurkennt og veitir honum réttindi til þess að starfa í loftfari eða við það, eða við starfsemi tengda loftförum og starfrækslu þeirra.
- S-PFT** (Special proficiency flight test/training): Sérstakt hæfniflugpróf/þjálfun.
- S-PT** (Special proficiency test/training): Sérstakt hæfnipróf/þjálfun.
- SRE** (Surveillance radar element): SRE-radar.
- Stjórnað flug** (Controlled flight): Flug sérhvers loftfars sem veitt er flugstjórnarþjónusta.
- Stjórnað sjónflug** (Controlled VFR flight): Stjórnað flug í samræmi við sjónflugsreglur.
- Undirritun viðhaldsvottorðs** (Signing a maintenance release): Að votta að eftirlit og viðhald hafi verið framkvæmt á fullnægjandi hátt og samkvæmt aðferðum þeim, sem viðhaldsbókin mælir fyrir um, með því að gefa út viðhaldsvottorð það sem vísað er til í ICAO, viðbæti 6.

VFR (Visual flight rules): Alþjóðleg skammstöfun sem notuð er um sjónflugsglur.

VHF (Very high frequency): Örtíðni.

Viðurkennd viðhaldsstofnun (Approved maintenance organization): Stofnun sem fengið hefur samþykki flugmálastjórnar til að framkvæma skoðanir, grannskoðanir, viðhald, viðgerðir og/eða breytingar á loftförum eða hluta þeirra undir viðurkenndri umsjón flugmálastjórnar.

Aths.: Ekkert mælir gegn því að slík stofnun og umsjón hennar sé viðurkennd af fleiri en einu ríki.

Viðurkennd þjálfun (Approved training): Þjálfun framkvæmd samkvæmt ákveðinni námskrá og undir umsjón sem samþykkt er af flugmálastjórn.

Viðurkennt læknisfræðilegt mat (Accredited medical conclusion): Niðurstaða sem einn eða fleiri sérfræðilæknar, viðurkenndir af flugmálastjórn, hafa komist að í tilteknu tilfalli. Samráð má hafa, þegar þurfa þykir í slíku máli, við sérfræðinga í flugrekstri eða á öðrum sviðum.

VMC (Visual meteorological conditions): Alþjóðleg skammstöfun sem notuð er um sjónflugsskilyrði.

VOR (VHF omnidirectional radio range): Fjölstefnuradíóviti.

Þyrilvængja (Rotorcraft): Loftfar, þyngra en loft, sem helst á flugi aðallega vegna lyftikrafts sem einn eða fleiri þyrlar framleiða.

Þyrlla (Helicopter): Þyrilvængja sem heldur láréttu flugi aðallega fyrir tilverkn að hreyfildrúnnu þyrlla.

1.2.

Almenn ákvæði.

Reglugerð þessi tekur til allra, sem starfa að stjórn og leiðbeiningu loftfara, viðgerðum þeirra, viðhaldi og eftirliti, og hér eru taldir:

1. Flugmenn, þ.e. flugliðar, sem stýra loftförum.
 - a) Flugnemar (Student pilots), sbr. gr. 2.2.
 - b) Einkaflugmenn (Private pilots), sbr. gr. 2.3. og 2.9.
 - c) Svifflugmenn (Glider pilots), sbr. gr. 2.7.
 - d) Stjórnendur frjálsra loftbelgja (Free balloon pilots), sbr. gr. 2.8.
 - e) Atvinnuflugmenn III. flokks (Commercial pilots), sbr. gr. 2.4 og 2.10.
 - f) Atvinnuflugmenn II. flokks (Senior commercial pilots), sbr. gr. 2.5.
 - g) Atvinnuflugmenn I. flokks (Airline transport pilots), sbr. gr. 2.6. og 2.11.
2. Flugliðar, aðrir en flugmenn:
 - a) Flugleiðsögumenn (Flight navigators), sbr. gr. 3.1.
 - b) Flugvélstjórar (Flight engineers), sbr. gr. 3.2.
3. Aðrir en flugliðar.
 - a) Flugvéltæknar II. flokkur (Aircraft maintenance (technicians/engineers/mechanics) type II), sbr. gr. 4.1.
 - b) Flugvéltæknar I. flokkur (Aircraft maintenance (technicians/engineers/mechanics) type I), sbr. gr. 4.2.
 - c) Flugumferðarstjórar (Air traffic controllers), sbr. gr. 4.3.
 - d) Flugumsjónarmenn (Flight operations officers), sbr. gr. 4.5.
 - e) Flugradíómenn (Aeronautical station operators), sbr. gr. 4.6.

- 1.2.1. *Starfsréttindi.*
Ekki mega aðrir takast á hendur þau störf í íslenskum loftförum eða hér á landi og getur í gr. 1.2. en þeir, sem eru handhafar gilds skírteinis samkvæmt þessari reglugerð og gefið er út eða fullgilt af flugmálastjórn.
- 1.2.2. *Hvernig fullgilda skal skírteini.*
- 1.2.2.1. Þegar skírteini, sem er gefið út af öðru aðildarríki ICAO, er tekið gilt í stað þess að gefa út íslenskt skírteini, skal það fullgilt með sérstakri staðfestingu sem fylgja skal skírteininu. Slík fullgilding skal aldrei gilda lengur en skírteinið sjálft.
Aths.: Þetta ákvæði kemur ekki á veg fyrir að ríkið, sem gaf út skírteinið, geti framlengt það með viðeigandi tilkynningu án þess að krefjast að fá skírteinið sent eða handhafi þess snúi sér sjálfur til stjórnvalda þess ríkis.
- 1.2.2.2. Flugmannsskírteini, sem gefið er út af aðildarríki ICAO, samkvæmt ICAO viðbæti 1, skal gilda, innan sinna marka, til einkaflugs á loftförum skrásettum á Íslandi. Rétt er flugmálastjórn og umráðendum loftfarsins að athuga gildi skírteinisins og skoða flugdagbók handhafa þess til að ganga úr skugga um færni hans.
- 1.2.3. *Réttindi skírteinishafa.*
Skírteinishafa er ekki heimilt að neyta annarra réttinda en þeirra sem skírteinið veitir.
- 1.2.4. *Heilbrigðisskilyrði.*
Aths. 1: Leiðbeiningar eru birtar í „Manual of Civil Aviation Medicine“ (Doc 8984-AN/895).
Aths. 2: Til þess að fullnægja kröfum um heilbrigði, sem gerðar eru vegna útgáfu mismunandi skírteina, verður umsækjandi að standast tilteknar viðeigandi heilbrigðiskröfur sem eru greindar í þrjá flokka heilbrigðisvottorða. Nánari skilgreining er gefin í gr. 6.2., 6.3., 6.4. og 6.5. Til staðfestingar því að fullnægt sé kröfum í gr. 1.2.4.1., gefur flugmálastjórn út til handhafa skírteinis heilbrigðisvottorð 1. flokks, 2. flokks eða 3. flokks, eftir því sem við á.
- 1.2.4.1. Flugmálastjórn gefur ekki út skírteini nema umsækjandi um það sé handhafi heilbrigðisvottorðs, ef þess er krafist, og það sé gefið út í samræmi við ákvæði þau sem tilgreind eru í VI. kafla.
- 1.2.4.2. Gildistími heilbrigðisvottorðs skal vera í samræmi við ákvæði greinar 1.2.5. og hefjast daginn sem heilbrigðisvottorðið er gefið út.
- 1.2.4.3. Með þeirri undantekningu, sem getur í gr. 1.2.5.2.3., skulu flugliðar eða flugumferðarstjórnar ekki neyta réttinda skírteina sinna nema þeir séu handhafar gilds heilbrigðisvottorðs sem á við skírteini þeirra.
- 1.2.4.4. Flugmálastjórn skal tilnefna trúnaðarlækna til að kanna heilsufar umsækjenda vegna útgáfu eða endurnýjunar á skírteinum eða áritunum sem um getur í II. og III. kafla og viðeigandi skírteinum í IV. kafla.
- 1.2.4.4.1. Trúnaðarlæknar skulu hafa haft eða skulu fá þjálfun í fluglæknisfræði.
- 1.2.4.4.2. Trúnaðarlæknar skulu, ef hægt er, hafa hagnýta þekkingu á og reynslu af því umhverfi þar sem handhafar atvinnuskírteina og áritana þeirra vinna störf sín.

- 1.2.4.5. Umsækjandi um skírteini eða áritun, þar sem fyrirmæli eru um tiltekna líkamlega eða andlega hæfni, skal láta trúnaðarlækni í té undirritaða yfirlýsingu um hvort hann hafi áður gengið undir þess konar skoðun og þá hver niðurstaðan hafi orðið.
- 1.2.4.5.1. Nú reynist yfirlýsing, sem umsækjandi hefur látið trúnaðarlækni í té, röng og skal það þá tilkynnt Flugmálastjórn Íslands og flugmálastjórn þess ríkis þar sem umsækjandi hefur ríkisfang, ef það er ekki íslenskt, þannig að hægt verði að gera viðeigandi ráðstafanir.
- 1.2.4.6. Þegar trúnaðarlæknir hefur lokið læknisskoðun á umsækjanda í samræmi við VI. kafla skal hann senda flugmálastjórn undirritaða skýrslu sína, í samræmi við kröfur flugmálastjórnar, þar sem gerð er nákvæm grein fyrir niðurstöðum skoðunar hans.
- 1.2.4.6.1. Ef skoðunin er framkvæmd af tilkvöddum hóp lækna skal flugmálastjórn tilnefna formann, sem ábyrgur er fyrir samræmingu á niðurstöðum skoðunarinnar og skrifar hann undir skýrsluna.
- 1.2.4.7. Flugmálastjórn skal leita ráða hjá læknum, sem reyndir eru í fluglæknisfræði, þegar nauðsynlegt er að meta skýrslur sem flugmálastjórn berast frá öðrum læknum.
- 1.2.4.8. Ef heilbrigðiskröfum, sem lýst er í VI. kafla að því er varðar tiltekið skírteini, er ekki fullnægt skal flugmálastjórn ekki gefa út eða endurnýja heilbrigðisvottorð nema eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt:
- a) Viðurkennt læknisfræðilegt mat feli í sér að við sérstakar aðstæður geti umsækjandi neytt réttinda sinna, þó að hann standist ekki kröfur, hvort sem þær eru tilgreindar í tölum eða á annan hátt, enda sé ekki líklegt að flugöryggi sé stefnt í hættu.
 - b) Höfð hafi verið full hliðsjón af hæfni, færni og reynslu umsækjanda sem máli skipta.
 - c) Skírteinið skal áritað með sérstakri takmörkun eða takmörkunum þegar örugg framkvæmd skyldustarfa skírteinishafa er háð slíkum takmörkunum.
- 1.2.4.9. Nú telur trúnaðarlæknir sig ekki geta metið heilsufar umsækjanda nema aflað sé frekari upplýsinga. Er umsækjanda þá skylt að gangast undir þá viðbótarannsókn sem trúnaðarlæknir telur nauðsynlega.
- 1.2.4.10. Sætti umsækjandi sig ekki við niðurstöður læknisskoðunar getur hann, áður en 14 dagar eru liðnir, leitað úrskurðar þriggja manna nefndar, sem í eiga sæti trúnaðarlæknar samgönguráðuneytis, hagsmunafélags umsækjanda, eða læknir tilnefndur af honum, ef téður umsækjandi er ófélagsbundinn, og læknir tilnefndur af landlækni.
- 1.2.5. *Gildi skírteina.*
- 1.2.5.1. Þegar ákvæðum VII. kafla er fullnægt gefur flugmálastjórn út eða endurnýjar skírteini til allt að fimm ára í senn, miðað við lok þess mánaðar þegar útgáfa eða endurnýjun á sér stað. Handhafa skírteinis er eigi heimilt að neyta réttinda þeirra sem skírteinið og/eða áritanir þess veita, nema hann hafi haldið við hæfni sinni og fullnægt sé ákvæðum laga og reglugerða er varða heilbrigðiskröfur, nýlega reynslu og hæfnipróf, enda er skírteinið og áritanir þess eigi í gildi ef þess er ekki gætt.
- 1.2.5.1.1. Prófað skal á þann hátt sem flugmálastjórn ákveður, hvort flugliði hefur haldið við hæfni sinni. Það skal staðfest með áritun í flugdagbók hlutadeigandi flugliða.

- 1.2.5.2. Með þeim undantekningum, sem um getur í gr. 1.2.5.2.1., 1.2.5.2.2. og 1.2.5.2.3. skal leggja fram heilbrigðisvottorð samkvæmt gr. 1.2.4.5. og 1.2.4.6. á ekki lengri fresti en hér segir:
- | | |
|----|---|
| 24 | mánaða fyrir skírteini flugnema/flugvél |
| 24 | — — — — — flugnema/þyrta |
| 24 | — — — — — einkaflugmanns/flugvél |
| 24 | — — — — — einkaflugmanns/þyrta |
| 24 | — — — — — sviffflugmanns |
| 24 | — — — — — stjórnanda frjáls loftbelgs |
| 12 | — — — — — atv.flugm. III. fl./flugvél |
| 12 | — — — — — atv.flugm. III. fl./þyrta |
| 12 | — — — — — atv.flugm. II. fl./flugvél |
| 12 | — — — — — atv.flugm. I. fl./flugvél |
| 12 | — — — — — atv.flugm. I. fl./þyrta |
| 12 | — — — — — flugleiðsögumans |
| 12 | — — — — — flugvélstjóra |
| 24 | — — — — — flugumferðarstjóra |
- 1.2.5.2.1. Þegar handhafi atvinnuflugmannsskírteinis II. flokks/ flugvél, atvinnuflugmanns I. flokks/flugvél og atvinnu- flugmanns I. flokks/þyrta, hafa náð 40 ára aldri, skal 12 mánaða tímabil það, sem greinir í 1.2.5.2., stytt í 6 mánuði.
- 1.2.5.2.2. Þegar handhafar hafa náð 40 ára aldri, skal 24 mánaða tímabil það sem gildir fyrir flugnema/flugvél, flugnema/ þyrta, einkaflugmann/flugvél, sviffflugmann, einkaflugmann/þyrta, stjórnanda frjáls loftbelgs og flugumferðastjóra stytt í 12 mánuði og 12 mánaða tímabilið, sem tilgreint er fyrir atvinnuflugmann III. flokks/flugvél og atvinnuflugmanns III. flokks/þyrta, stytt í 6 mánuði.
- 1.2.5.2.3. Hvenær fresta má læknisskoðun.
- Fresta má endurnýjun læknisskoðunar skírteinishafa, sem er að störfum fjarri aðsetri trúnaðarlæknis, með sérstakri undanþágu flugmálastjórnar. Slíka frestun skal þó ekki veita nema sérstaklega standi á. Fyrir eftirtalda skírteinishafa skal hún ekki vera lengri en:
- Eitt sex mánaða tímabil ef um er að ræða flugliða loftfars sem ekki er í atvinnuflugi.
 - Tvö þriggja mánaða tímabil samfleytt ef um flugliða í atvinnuflugi er að ræða, að því tilskildu að fyrir bæði tímabilin fái skírteinishafi fullnægjandi vottorð frá hlutadeigandi héraðslækni eða trúnaðarlækni erlendra flugmálastjórna. Ef það er ekki unnt skal leggja fram vottorð frá lækni þeim, sem til næst. Skýrsla um læknisskoðunina skal send flugmálastjórn.
 - Eitt tímabil ekki lengra en 24 mánuðir þegar skoðunin er gerð af lækni sem tilnefndur er, samkvæmt gr. 1.2.4.4., af því ríki innan ICAO þar sem umsækjandi er staddur. Þetta á þó aðeins við ef einkaflugmaður á í hlut. Skýrsla um læknisskoðunina skal send flugmálastjórn.
- 1.2.6. *Heilsubrestur um stundarsakir.*
- 1.2.6.1. Skírteinishafi skal ekki neyta réttar þess sem skírteinið veitir og áritanir, sem því fylgja, ef hann verður þess var að heilsu hans hafi hrakað svo að óvíst sé að hann geti notfært sér réttindi skírteinisins á öruggan hátt.

1.2.7. *Almennt.*

1.2.7.1. Handhafi skírteinis skal jafnan hafa það í sinni vörslu þegar hann er að störfum, og sýna hlutaðeigandi yfirvöldum þegar þess er krafist.

1.2.7.2. Til þess að mega nota talstöðvar skulu skírteinishafar ennfremur afla sér sérstakra skírteina sem Póst- og símamálastofnun gefur út í því skyni.

II. KAFLI

SKÍRTEINI OG ÁRITANIR FLUGMANNA

2.1. **Áritanir á skírteini flugmanna og réttindi sem þær veita.**

2.1.1. *Áritanir, sem taka til loftfara, eru sem hér segir:*

- a) gerðaráritun,
- b) flokksáritun,
- c) tegundaráritun.

2.1.1.1. Gerðaráritun skal ná til ferns konar gerða loftfara.

Þau eru:

- a) flugvél,
- b) þyrilvængja (þ.e. þyrila eða þyrilfluga),
- c) sviffluga,
- d) frjáls loftbelgur.

Gerðaráritun skal skráð í skírteini flugmanns ef hennar er ekki sérstaklega getið í fyrirsögn skírteinisins.

Aths.: Þörfin fyrir gerðaráritanir fer eftir tegundum flugmannsskírteina.

2.1.1.2. Flokksáritun skal ná til eftirfarandi flokka loftfara.

Þeir eru:

- a) Flugvélar:
 - i) einhreyfils landflugvél,
 - ii) einhreyfils sjóflugvél,
 - iii) fjölhreyfla landflugvél,
 - iv) fjölhreyfla sjóflugvél.

- b) Þyrilvængjur:
 - i) einþyrils þyrila,
 - ii) fjölþyrila þyrila,
 - iii) þyrilfluga.

2.1.1.3. Tegundaráritun skal segja til um stöðu þá (flugstjóri eða aðstoðarflugmaður) sem áritunin gildir um og skal vera fyrir: a) hverja tegund loftfars sem hefur skráða hámarksþyngd við flugtak meiri en 5700 kg,

- b) sérhverja tegund þyrilu, óháð þyngd,
- c) hverja þá tegund, þar á meðal óvenjulega tegund eða margbrotna, sem flugmálastjórn ákveður.

Aths.: Flugmálastjórn gefur ekki út flokksáritanir fyrr en umsækjandi hefur sannað kunnáttu sína í notkun flughandbóka fyrir dæmigerðar flugvélar í viðkomandi flokki.

- 2.1.2. *Hvenær krefjast skal áritana sem taka til loftfara.*
- 2.1.2.1. Handhafa flugskírteinis er eigi heimilt að starfa án áritunar sem flugstjóri eða aðstoðarflugmaður í loftfari, sem krafist er að í starfi fleiri en einn flugmaður, nema slík réttindi hafi verið staðfest á réttmætan hátt af flugmálastjórn.
- 2.1.2.2. Réttmæt staðfesting er gerð með:
- gerðaráritun,
 - flokksáritun, þegar við á, og
 - tegundaráritun þegar þess er krafist, samkvæmt gr. 2.1.1.3.
- 2.1.3. *Sönnun á hæfni fyrir áritanir sem taka til loftfara.*
- 2.1.3.1. Þegar umsækjandi hefur sannað hæfni sína til þess að hljóta flugskírteini skulu þær áritanir, sem eiga við gerð, flokk og tegund loftfarsins, sem notað var við prófið, skráðar á flugskírteini hans.
- 2.1.3.2. Nú sækir handhafi flugskírteinis um viðbótaráritanir, sem taki til loftfara og skal hann þá sanna að hann hafi hæfni þá, sem samrýmist skírteini hans og flugstarfi, til að fljúga gerð, flokki og tegund loftfars þess sem óskað er áritunar fyrir þegar það á við, samkvæmt gr. 2.1.1.3.
- 2.1.3.2.1. Með samþykki flugmálastjórnar má leysa verkefni þau, sem krafist er í prófum fyrir útgáfu skírteinis eða áritunar, í gerviflugþjálfu. Ef viðeigandi tæki er hins vegar ekki tiltækt má breyta verkefnum eða fella þau niður ef ekki þykir ráðlegt að leysa þau af hendi í loftfari því sem notað er við prófin.
- 2.1.4. *Hvenær krefjast skal áritunar fyrir blindflug.*
- 2.1.4.1. Handhafa flugskírteinis er eigi heimilt að starfa sem flugstjóri eða aðstoðarflugmaður samkvæmt blindflugsreglum (IFR) nema slík réttindi hafi verið staðfest á réttmætan hátt af flugmálastjórn. Réttmæt staðfesting er fölgin í blindflugsáritun fyrir gerð og flokk loftfars þess sem við á.
- Aths.: Blindflugsáritun fyrir flugvél felst í skírteini atvinnuflugmanns I. flokks/flugvél. Fyrirmæli greinar 2.1.4.1. tákna því ekki að eigi megi gefa út skírteini sem fela í sér blindflugsáritun.
- 2.1.5. *Hvenær krefjast skal áritunar fyrir flugkennslu.*
- 2.1.5.1. Handhafa flugskírteinis er eigi heimilt að veita flugkennslu fyrir einkaflugpróf, gerðaráritun eða blindflugsáritun nema slík réttindi hafi verið á réttmætan hátt staðfest af flugmálastjórn. Réttmæt staðfesting er fölgin í:
- áritun á skírteinið fyrir flugkennslu,
 - heimild til að starfa fyrir viðurkennda stofnun sem flugmálastjórn hefur leyft að stunda flugkennslu, eða c) sérstakri heimild frá flugmálastjórn.
- 2.1.6. *Hvenær krefjast skal áritunar fyrir stjórnad sjónflug.*
- 2.1.6.1. Handhafa flugskírteinis er eigi heimilt að starfa sem flugstjóri í leiðarflugi sem telst til stjórnads sjónflugs nema slík réttindi hafi verið staðfest á réttmætan hátt af flugmálastjórn. Réttmæt staðfesting er fölgin í því að skrá áritun fyrir stjórnad sjónflug á skírteinið.
- Aths. 1: Í þessum skilningi er stjórnad VFR-leiðarflug allt stjórnad sjónflug annað en flugvallarumferð og sérlegt sjónflug.
- Aths. 2: Áritun fyrir stjórnad sjónflug felst í skírteinum atvinnuflugmanns/flugvél, I., II., og III. flokks, atvinnuflugmanns/þyrta I. og III. flokks. Fyrirmæli greinar 2.1.6.1. tákna því ekki að eigi megi gefa út skírteini sem felur í sér áritun fyrir stjórnad sjónflug.

2.1.7. *Réttindamissir flugmanna sem náð hafa 60 ára aldri.*

2.1.7.1. Skírteinishafa er eigi rétt að starfa sem flugstjóri í loftfari, sem rekið er í atvinnuflutningum, eftir að hann hefur náð 60 ára aldri.

2.1.7.2. Skírteinishafa er eigi rétt að starfa sem aðstoðarflugmaður í loftfari, sem rekið er í atvinnuflutningum, eftir að hann hefur náð 60 ára aldri.

2.1.7.3. Heimilt er þó að framlengja hámarksaldur þann sem um getur í gr. 2.1.7.1. og 2.1.7.2. um allt að 3 árum enda gangist hlutaðeigandi flugmaður undir skoðun trúnaðarlækna flugmálastjórnar ekki sjaldnar en á fjögurra mánaða fresti eftir að hann hefur náð 60 ára aldri.

2.2. **Flugnemi/flugvél og flugnemi/þyrlla.**

2.2.1. *Skilyrði fyrir útgáfu skírteinisins.*

Umsækjandi um skírteini flugnema/flugvél eða flugnema/ þyrlla skal fullnægja eftirfarandi skilyrðum um aldur, þekkingu, reynslu, færni og heilbrigði.

2.2.1.1. Aldur.

Hann skal ekki vera yngri en 17 ára.

2.2.1.2. Þekking.

Hann skal, skriflega eða munnlega, sanna þekkingu sína á eftirfarandi atriðum:

- a) flugreglum og fyrirmælum um einkaflug á flugvélum eða þyrlum, eftir því sem við á,
- b) hagnýtum atriðum um landflug og gerð flugáætlana fyrir sjónflug,
- c) viðeigandi öryggisreglum og neyðarráðstöfunum, þar á meðal hvernig ber að forðast hættuleg veðurskilyrði.

2.2.1.3. Reynsla.

Hann skal hafa lokið að minnsta kosti 8 klst. flugtíma á hlutaðeigandi gerð loftfars með kennara, þó með þeim fyrirvara að flugmálastjórn getur lækkað kröfur þessar í samræmi við hæfni hans og reynslu ef hann er handhafi skírteinis flugmanns á annarri gerð loftfars.

2.2.1.4. Færni.

Hann skal í reynsluflugi með flugkennara, sbr. gr. 2.15.3., sanna að hann sé fær um að fljúga tilgreindri tegund flugvéla eða þyrlla einn síns liðs á öruggan hátt.

2.2.1.5. Heilbrigði.

Hann skal fullnægja heilbrigðiskröfum sem gerðar eru til útgáfu 2. flokks heilbrigðisvottorðs.

2.2.2. *Réttindi handhafa skírteinisins og skilyrði sem fullnægja þarf til að neyta þeirra.*
Að því tilskildu að fullnægt sé skilyrðum þeim sem um getur í gr. 1.2.5., 1.2.6. og 2.1., hefur handhafi skírteinis flugnema/flugvél eða flugnema/þyrlla rétt til, undir eftirliti og með leyfi fullgilds flugkennara eða aðstoðarflugkennara, að fljúga flugvél eða þyrllu af tiltekinni tegund einn síns liðs. Honum er heimilt undir slíku eftirliti að fljúga landflug en flugnemi má ekki fljúga milli landa nema sérleg leyfi hlutaðeigandi landa komi til.

2.2.3. *Gildi.*

Skírteinið er gefið út eftir að skrifleg ósk um það hefur borist frá viðurkenndum flugskóla, en flugkennara sbr. gr. 2.15.3. er þó heimilt að senda nemann í fyrsta

einflug áður en skírteinið er gefið út. Skírteinið er því aðeins í gildi að flugkennari nemans hafi áritað það fyrir hvert einstakt flug og getið um hvað æfa skuli og um lengd æfingátímans. Flugkennari skal í flugi kynna sér hæfni nemans áður en hann áritar skírteinið ef neminn hefur ekki flogið síðustu 30 dagana.

2.3. Einkaflugmaður/flugvél.

2.3.1. Skilyrði fyrir útgáfu skírteinisins.

Umsækjandi um skírteini einkaflugmanns/flugvél skal fullnægja eftirfarandi skilyrðum um aldur, þekkingu, reynslu, færni og heilbrigði.

2.3.1.1. Aldur.

Hann skal ekki vera yngri en 17 ára.

2.3.1.2. Þekking.

Hann skal sanna þekkingu sína á eftirfarandi atriðum að því marki sem réttindi hans gefa tilefni til:

- a) undirstöðuatriðum flugfræðinnar, sem varða flugvélar, sérstaklega eðli og hugsanlegar afleiðingar ofriss,
- b) getumörkum viðeigandi flugvéla og hreyfla,
- c) gerð flugáætlana fyrir almannaflug við sjónflugsskilyrði, bæði fyrir flugtak og meðan á flugi stendur,
- d) notkun flugmálahandbóka AIP og NOTAM,
- e) reglum og reglugerðarákvæðum um einkaflug á flugvélum, þar með taldar viðeigandi venjur og starfshætti við flugumferðarþjónustu og stöðutilkynningar,
- f) hagnýtingu á undirstöðuatriðum flugveðurfræðinnar og aðferðum við öflun veðurfrétta,
- g) hagnýtum atriðum um landflug og notkun leiðarreiknings og annarrar flugleiðsögutækni sem flugmenn nota við staðsetningar, þar með talin notkun flugkorta,
- h) notkun flugmælitækja og búnaðar, meðal annars VOR og ADF, fyrir sjónflug ásamt mismunandi stillingum hæðarmæla, og
- i) viðeigandi öryggisreglum og neyðarráðstöfunum, þar með talið hvernig ber að forðast hættuleg veðurskilyrði.

2.3.1.3. Reynsla.

Hann skal hafa lokið að minnsta kosti:

- a) 40 klst. flugtíma á flugvél, einn síns liðs og með kennara eða a.m.k. 35 klst., ef hann hefur lokið viðurkenndu þjálfunarnámskeiði með fullnægjandi árangri, þó með þeim fyrirvara að
 - ef hann óskar skírteinis til að fljúga flugvél sem að dómi flugmálastjórnar er af óvenjulegri eða margbrotinni tegund má breyta þessum ákvæðum eftir þeirri hæfni og reynslu sem nauðsynleg er í hverju tilviki,
 - ef hann er handhafi skírteinis sviffflugmanns eða flugmanns á þyrilvængju getur flugmálastjórn dregið úr kröfum þessum í samræmi við hæfni hans og reynslu,
- b) 10 klst. flugtíma einn síns liðs í landflugi. Skal eitt flugið vera til flugvallar í a.m.k. 90 km. (50 sjómílna) fjarlægð frá brottfararstað og skal lent á ekki

færri en tveimur stöðum á flugleiðinni, þannig að flugvélin staðnæmist eftir landingu. Þessar 10 klst. í landflugi mega vera innifaldar í heildarflugtímanum, þ.e. 40 klst. eða 35 klst., sem um getur í gr. 2.3.1.3.a),

c) blindflugsnámi í flugvél í a.m.k. 5 klst.

2.3.1.4. Færni.

Hann skal sanna hæfni sína til að

- a) leysa af hendi bæði venjuleg flugstörf og neyðarflugstörf sem eiga við þá tegund flugvélar sem notuð er við prófið,
- b) fara eftir venjum og aðferðum við flugumferðarþjónustu,
- c) sinna blindflugi að því marki að hann geti snúið við eftir mælitækjum ef þörf krefur.

Aths.: Ofangreindar kröfur um færni gilda einnig fyrir sérstakt hæfnipróf (S-PFT).

2.3.1.5. Heilbrigði.

Hann skal fullnægja heilbrigðiskröfum sem gerðar eru til útgáfu 2. flokks heilbrigðisvottorðs.

2.3.1.5.1. Ef óskað er blindflugsáritunar skal fullnægja heyrnarkröfum sem gerðar eru til útgáfu 1. flokks heilbrigðisvottorðs.

2.3.2.

Réttindi handhafa skírteinisins og skilyrði sem fullnægja þarf til að neyta þeirra.

2.3.2.1.

Að því tilskildu að fullnægt sé skilyrðum þeim sem um getur í gr. 1.2.5., 1.2.6. og 2.1, hefur handhafi skírteinis einkaflugmanns/flugvél rétt til þess að starfa án endurgjalds

a) sem flugstjóri hvernar þeirrar flugvélar sem ekki er rekin gegn endurgjaldi, að því tilskildu:

- i) að hann flytji ekki farþega ef hann hefur ekki leyst af hendi a.m.k. 5 flugtök og 5 landingar á hlutaðeigandi tegund flugvélar á síðustu 90 dögum, og
- ii) að hann flytji ekki farþega að nóttu til, ef hann hefur ekki á undanförunum 6 mánuðum leyst af hendi a.m.k. 5 landingar og 5 flugtök að nóttu eða á undanförunum 12 mánuðum leyst af hendi a.m.k. 10 landingar og 10 flugtök að nóttu,

b) sem aðstoðarmaður hvernar þeirrar flugvélar sem ekki er rekin gegn endurgjaldi.

2.3.2.2.

Til þess að halda réttindum sínum þarf einkaflugmaður/ flugvél að hafa skráðan a.m.k. 10 klst. flugtíma sem flugstjóri eða með kennara á síðustu 12 mánuðum eða hafa staðist hæfnipróf (PFT) fyrir einkaflug/flugvél. Helmingur þessa flugtíma má vera á svifflugum eða þyrilvængjum. Hann skal standast hæfnipróf (PFT) fyrir einkaflug/flugvél ekki sjaldnar en á 24 mánaða fresti.

2.3.2.3.

Ef réttindi, sem skírteinið veitir, falla úr gildi skal handhafi þess standast sérstakt hæfnipróf (S-PFT) hjá flugmálastjórn eða eftirlitsflugmanni sem flugmálastjórn samþykkir. Ef skírteinið hefur verið ógilt í 24 mánuði eða lengur skal hann auk þess standast próf í flugreglum hjá flugmálastjórn. Ef það hefur verið ógilt í 36 mánuði eða lengur skal hann þar að auki standast próf í loftsiglingafræði og veðurfræði. Ef skírteinið hefur verið ógilt lengur en 48 mánuði skal hann standast próf í öllum greinum sem þarf til þess að fá í hendur skírteinið.

Aths.: Öll hæfnipróf skulu staðfest í flugdagbók.

2.4. Atvinnuflugmaður III. flokks/flugvél.

2.4.1. Skilyrði fyrir útgáfu skírteinisins.

Umsækjandi um skírteini atvinnuflugmanns III. flokks/flugvél skal fullnægja eftirfarandi skilyrðum um aldur, þekkingu og menntun, reynslu, færni og heilbrigði.

2.4.1.1. Aldur.

Hann skal ekki vera yngri en 18 ára.

Aths.: Tiltekin réttindi tengd skírteininu falla úr gildi samkvæmt gr. 2.1.7. þegar skírteinishafi hefur náð 60 ára aldri.

2.4.1.2. Þekking og menntun.

2.4.1.2.1. Hann skal sanna þekkingu sína á eftirfarandi atriðum að því marki sem réttindi hans gefa tilefni til:

- a) flugfræði flugvéla,
- b) getumörkum videigandi flugvéla og hreyfla þeirra, meginreglum um hleðslu og niðurröðun farmþunga og áhrifum þeirra á flugeiginleika, aðferðum við að álykta af heimildum um getu, þar með töldum flugtakshömlum,
- c) gerð flugáætlana fyrir flugumferðarþjónustu, videigandi rekstrarflugáætlana og flugáætlana meðan á flugi stendur,
- d) notkun upplýsingarita um flug, svo sem flugmálahandbóka AIP, NOTAM, lykla og skammstafana,
- e) reglum og reglugerðarákvæðum sem varða réttindi handhafa skírteinis atvinnuflugmanns III. flokks/flugvél, þar með taldar videigandi venjur og starfshættir við flugumferðarþjónustu og stöðutilkynningar,
- f) hagnýtingu á undirstöðuatriðum flugveðurfræðinnar, þar með talin túlkun veðurkorta og veðurskeyta ásamt aðferðum við öflun veðurfrétta,
- g) hagnýtri loftsiglingafræði fyrir landflug, notkun flugkorta, flugmælitækja og videigandi flugleiðsögutækja, ásamt mismunandi stillingum hæðarmæla,
- h) talstöðvarboðskiptum og videigandi orðasamböndum og skal sérstök áhersla lögð á tilkynningar um staðarákvarðanir,
- i) ráðstöfunum sem gera þarf ef radiósamband rofnar, og þegar flug við sjónflugsskilyrði er ekki framkvæmanlegt eftir gildandi flugáætlun vegna versnandi veðurs,
- j) notkun og prófun á videigandi tækjum og tækjakerfum flugvéla,
- k) almennum atriðum um viðhald flugvéla og hreyfla þeirra, og
 - l) videigandi öryggisreglum og neyðarráðstöfunum.

2.4.1.2.2. Hann skal hafa lokið a.m.k. eins árs almennu námi að loknum grunnskóla, með fullnægjandi árangri að mati skólans, eða öðru hliðstæðu námi og hafa gott vald á íslensku máli.

Vafaatriðum um það, hvort fyrrgreindum menntunarkröfum er fullnægt, má vísa til menntamálaráðuneytis til úrskurðar.

2.4.1.3. Reynsla.

Hann skal hafa alla þá reynslu sem krafist er fyrir skírteini einkaflugmanns/flugvél og má hún vera innifalin í þeim heildarkröfum sem tilgreindar eru í gr. 2.4.1.3.1.

2.4.1.3.1. Hann skal hafa lokið a.m.k. 200 klst. flugtíma í flugvél eða 150 klst. flugtíma ef hann hefur lokið viðurkenndu þjálfunarnámskeiði með fullnægjandi árangri.

Pessar 200 klst. eða 150 klst. skulu, eftir því sem við á, fela í sér:

- a) 100 klst. sem flugstjóri,
- b) 20 klst. flugtíma í landflugi sem flugstjóri, þar af eitt flug minnst 550 km (300 sjómíllur) með viðkomu á tveimur stöðum á leiðinni þar sem loftfarið hefur staðnæmst eftir landingu,
- c) 10 klst. blindflugsæfingatíma en þar af mega allt að 5 klst. vera blindflugsæfingatími á jörðu,
- d) ef naturflugsréttinda er óskað, 5 klst. naturflug, þar með talin a.m.k. 10 flugtök og 10 landingar sem flugstjóri, þannig að hann handfjalli einn stjórnækin.

Ef umsækjandi er handhafi flugskírteinis fyrir þyrilvængjur eða svifflugur má minnka kröfur þær sem um getur í a), b), c) og d) eftir hæfni hans og reynslu í slíku flugi.

Aths.: Reynsla sú í naturflugi, sem tilgreind er í gr. 2.4.1.3.1.d), og blindflugsæfingatími sá, sem tilgreindur er í gr. 2.4.1.3.1.c), veita ekki handhafa skírteinis atvinnuflugmanns III. flokks/flugvél rétt til að fljúga flugvélum samkvæmt blindflugsreglum (IFR).

2.4.1.4. Færni.

Hann skal, samkv. gr. 2.1.3., sanna hæfni sína til að:

- a) leysa af hendi bæði venjuleg flugstörf og neyðarflugstörf sem eiga við þá tegund flugvélar sem notuð er við prófið,
- b) fara eftir venjum og starfsháttum við flugumferðarþjónustu og annast viðeigandi fjarskipti með þeirri hæfni sem handhafa skírteinis atvinnuflugmanns III. flokks/flugvél sæmir,
- c) fljúga blindflug, að því marki, að hann geti stjórnað flugvél og leyst af hendi einföld flugstörf eingöngu eftir mælitækjum. Þetta veitir þó ekki réttindi til blindflugs.

Aths.: Ofangreindar kröfur um færni gilda einnig fyrir sérstakt hæfnipróf (S-PFT).

2.4.1.5. Heilbrigði.

Hann skal fullnægja heilbrigðiskröfum sem gerðar eru til útgáfu 1. flokks heilbrigðisvottorðs.

2.4.2. Réttindi handhafa skírteinisins og skilyrði sem fullnægja þarf til að neyta þeirra.

2.4.2.1. Að því tilskildu að fullnægt sé skilyrðum þeim, sem um getur í gr. 1.2.5., 1.2.6. og 2.1., skulu réttindi handhafa skírteinis atvinnuflugmanns III. flokks/flugvél vera sem hér segir:

- a) að neyta allra þeirra réttinda sem einkaflugmaður/ flugvél nýtur og einnig réttinda handhafa áritunar fyrir stjórnað sjónflug,
- b) að starfa sem flugstjóri í sérhverri flugvél sem ekki er rekin til atvinnuflutninga,
- c) að starfa sem flugstjóri í atvinnuflutningum í hverri þeirri flugvél sem hefur skráða hámarksþyngd við flugtak 5700 kg eða minni. Hann skal þó ekki starfa sem slíkur að nóttu nema hann hafi fullnægt ákvæðum gr. 2.4.1.3.1.d) og að hann hafi á síðustu 6 mánuðum fyrir slíkt naturflug leyst af hendi a.m.k. 10 flugtök og 10 landingar að nóttu eða á síðustu 12 mánuðum fyrir slíkt naturflug leyst af hendi a.m.k. 20 flugtök og 20 landingar að nóttu. Hann skal þó ekki starfa sem flugstjóri í atvinnuflutningum með farþega fyrr en hann hefur náð 500 klst. flugtíma reynslu,

- d) að starfa sem aðstoðarflugmaður í atvinnuflugningum í flugvélum þar sem krafist er aðstoðarflugmanns.
- 2.4.2.2. Til þess að halda réttindum sínum þarf atvinnuflugmaður III. flokks/flugvé: að hafa skráðan a.m.k. 70 klst. flugtíma sem flugstjóri á síðustu 12 mánuðum eða hafa á sama tíma staðist sérstakt hæfnipróf (S-PFT). Allt að helmingur þessa flugtíma má vera á þyrlu. Ef hann hefur unnið samsvarandi tíma sem aðstoðarflugmaður má meta tímenn í hlutfallinu 1:2. Hann skal standast hæfnipróf (PFT) til atvinnuflugs III. flokks/flugvél ekki sjaldnar en á 12 mánaða fresti.
- 2.4.2.3. Ef skírteinishafi fullnægir ekki kröfum sem gerðar eru um heilbrigði, nýlega reynslu eða hæfnipróf (PFT) til þess að halda óskertum réttindum sem skírteinið veitir, þá heldur skírteinishafi sjálfkrafa réttindum lægri réttinda-flokks ef hann fullnægir kröfum sem þar eru gerðar.
- 2.4.2.4. Ef réttindi sem skírteinið veitir falla úr gildi skal hafndhafi þess standast sérstakt hæfnipróf (S-PFT) hjá flugmálastörn eða eftirlitsflugmanni sem flugmálastjórn samþykkir. ef skírteinið hefur verið ógilt í 24 mánuði eða lengur skal hann auk þess standast próf í flugreglum hjá flugmálastörn. ef það hefur verið ógilt í 36 mánuði eða lengur skal hann þar að auki standast próf í loftsiglingafræði og verðurfræði. Ef skírteinið hefur verið ógilt lengur en 48 mánuði skal hann standast próf í öllum greinum sem þarf til þess að fá í hendur skírteinið.
- Aths.: Öll hæfnipróf skulu staðfest í flugdagbók.

2.5. **Atvinnuflugmaður II. flokks/flugvél.**

- 2.5.1. *Skilyrði fyrir útgáfu skírteinisins.*
 Umsækjandi um skírteini atvinnuflugmanns II. flokks/ flugvél skal fullnægja eftirfarandi skilyrðum um aldur, þekkingu og menntun, reynslu, færni og heilbrigði.
- 2.5.1.1. Aldur.
 Hann skal ekki vera yngri en 21 árs.
 Aths.: Tiltekin réttindi tengd skírteininu falla úr gildi samkvæmt gr. 2.1.7. þegar skírteinishafi hefur náð 60 ára aldri.
- 2.5.1.2. Þekking og menntun.
 2.5.1.2.1. Hann skal sanna þekkingu sína á eftirfarandi atriðum að því marki sem réttindi hans gefa tilefni til:
- a) flugfræði flugvéla,
 - b) getumörkum viðeigandi flugvéla og hreyfla þeirra, meginreglum um hleðslu og niðurröðun farmþunga og áhrifum þeirra á flugeiginleika, aðferðum við að álykta af heimildum um getu, þar með töldum flugtakshömlum,
 - c) gerð flugáætlana fyrir flugumferðarþjónustu, viðeigandi rekstrarflugáætlanana og flugáætlana meðan á flugi stendur,
 - d) notkun upplýsingarita um flug, svo sem flugmálahandbóka AIP, NOTAM, lykla og skammstafana,

- e) reglum og reglugerðarákvæðum, sem varða réttindi handhafa skírteinis atvinnuflugmanns II. flokks/flugvél, þar með taldar víðeigandi venjur og starfshættir við flugumferðarþjónustu og stöðutilkynningar,
- f) flugveðurfræði og hinni alþjóðlegu veðurþjónustu, veðurkortum og skjölum um veðurþjónustu, aðferðum við öflun veðurfrétta,
- g) veðurfari á svæðum, sem alþjóðlegar flugleiðir liggja um með hliðsjón af þeim atriðum sem hafa áhrif á flugsamgöngur, þróun og hreyfingum hæða og lægða, gerð veðurskila, svo og uppruna og sérkennum mikilvægra veðurfyrirbæra sem áhrif hafa á flugskilyrði, bæði meðan á flugi stendur og við flugtök og landingar,
- h) loftsiglingafræði, þar með talin notkun á formúlum, flugkortum, flugmælitækjum og flugleiðsögutækjum, mismunandi stillingum hæðarmæla ásamt skilningi á eiginleikum og einkennum víðeigandi flugleiðsögukerfa,
- i) aðferðum við talstöðvarboðskipti, sem notaðar eru við flugrekstur,
- j) notkun og prófun á víðeigandi tækjum og tækjakerfum flugvéla,
- k) almennum atriðum um viðhald flugvéla og hreyfla þeirra, og
- l) víðeigandi öryggisreglum og neyðarráðstöfunum.

2.5.1.2.2.

Hann skal hafa lokið:

- a) a.m.k. eins árs almennu námi að loknum grunnskóla, með fullnægjandi árangri að mati skólans, og hafa gott vald á íslensku máli,
- b) stúdentsprófi í ensku, stærðfræði og edlisfræði eða öðru hliðstæðu námi að mati flugmálastjórnar.

Vafaatriðum um það hvort fyrrgreindum menntunarkröfum er fullnægt, má vísa til menntamálaráðuneytis til úrskurðar.

2.5.1.3.

Reynsla.

Hann skal hafa alla þá reynslu, sem krafist er fyrir skírteini atvinnuflugmanns III. flokks/flugvél og má hún vera innifalin í þeim heildarkröfum sem tilgreindar eru í gr. 2.5.1.3.1.

2.5.1.3.1.

Hann skal:

- a) hafa lokið a.m.k. 900 klst. flugtíma á flugvél eða 700 klst. flugtíma á víðurkenndu flugþjálfunarnámskeiði. Af þessum tíma skal hann hafa flogið a.m.k. 150 klst. sem flugstjóri og það sem vantar á 200 klst., skal hann annaðhvort hafa flogið sem flugstjóri eða aðstoðarflugmaður, sem vinnur flugstjórástörf undir sérstakri handleiðslu flugstjóra að því tilskildu að tilhögun slíkrar handleiðslu sé samþykkt af flugmálastjórn. Flugtíma, sem þannig er fenginn sem aðstoðarflugmaður undir handleiðslu, skal taka til greina samkvæmt gr. 2.17.
 - i) innifalinn í þessum 200 klst. skal vera 50 klst. flugtími í landflugi, þar af a.m.k. 10 klst. að nóttu, ennfremur 25 klst. næturflug með 10 flugtökum og landingum,
 - ii) eða í stað 10 klst. landflugs að nóttu, sem tilgreint er í i), 10 klst. blindflugstími í landflugi sem þá skal vera til viðbótar við blindflugsæfingatímann sem um getur í gr. 2.5.1.3.1.b).
- b) hafa lokið a.m.k. 20 klst. blindflugsæfingatíma. Þar af mega allt að 10 klst. vera blindflugsæfingatími á jörðu.

Ef umsækjandi er handhafi flugskírteinis fyrir þyrilvængjur eða svifflugur má minnka kröfur þær, sem um getur í a) og b), eftir hæfni hans og reynslu í slíku flugi.

Aths.: Reynsla sú í næturflugi, sem tilgreind er í gr. 2.5.1.3.1.a), og blindflugsæfingatími sá, sem tilgreindur er í gr. 2.5.1.3.1.a) og b), veita ekki handhafa skírteinis atvinnuflugmanns II. flokks/ flugvél rétt til að fljúga flugvélum samkvæmt blindflugsreglum (IFR).

2.5.1.4. Færni.

Hann skal samkvæmt gr. 2.1.3. sanna hæfni sína til að:

a) leysa af hendi

i) bæði venjuleg flugstörf og neyðarflugstörf,

ii) í blindflugi, eingöngu eftir mælitækjum, venjuleg flugstörf og neyðarflugstörf, þar með talið að rétta flugvélinu við úr óeðlilegri flugstöðu,

b) fara eftir venjum og aðferðum við flugumferðarþjónustu og annast fjar-skipti með þeirri hæfni sem handhafa skírteinis atvinnuflugmanns II. flokks/ flugvél sámir.

Aths.: Ofangreindar kröfur um færni gilda einnig fyrir sérstakt hæfnipróf (S-PFT).

2.5.1.5.

Heilbrigði.

Hann skal fullnægja heilbrigðiskröfum sem gerðar eru til útgáfu 1. flokks heilbrigðisvottorðs.

2.5.2.

Réttindi handhafa skírteinisins og skilyrði sem fullnægja þarf til að neyta þeirra.

2.5.2.1.

Að því tilskildu að fullnægt sé skilyrðum þeim sem um getur í gr. 1.2.5., 1.2.6. og 2.1, skulu réttindi handhafa skírteinis atvinnuflugmanns II. flokks/flugvél vera sem hér segir:

a) að neyta allra réttinda einkaflugmanns/flugvél og atvinnuflugmanns III.

flokks/flugvél og einnig réttinda handhafa áritunar fyrir stjórnad sjónflug,

b) að starfa sem flugstjóri í atvinnuflutningum í hverri þeirri flugvél sem hefur skráða hámarksþyngd við flugtak 20.000 kg eða minni,

c) að starfa sem aðstoðarflugmaður í atvinnuflutningum í flugvélum þar sem krafist er aðstoðarflugmanns.

2.5.2.1.1.

Til þess að neyta réttinda skírteinis atvinnuflugmanns II. flokks/flugvél í atvinnuflutningum þarf skírteinishafi að hafa gilda blindflugsáritun/flugvél.

2.5.2.2.

Til þess að halda réttindum sínum þarf atvinnuflugmaður II. flokks/flugvél að hafa skráðan a.m.k. 35 klst. flugtíma sem flugstjóri á síðustu 6 mánuðum eða hafa á sama tíma staðist sérstakt hæfnipróf (S-PFT). Allt að helmingur þessa flugtíma má vera á þyrllu. Ef hann hefur unnið samsvarandi tíma sem aðstoðarflugmaður má meta tímann í hlutfallinu 1:2. Hann skal standast hæfnipróf (PFT) til atvinnuflugs II. flokks/flugvél ekki sjaldnar en tvisvar á ári. Milli þessara hæfniprófa má ekki líða skemmra en 4 mánuðir og ekki lengra en 8 mánuðir.

2.5.2.3.

Ef skírteinishafi fullnægir ekki kröfum sem gerðar eru um heilbrigði, nýlega reynslu eða hæfnipróf (PFT) til þess að halda óskertum réttindum sem skírteinið veitir þá heldur skírteinishafi sjálfkrafa réttindum lægri réttinda-flokks ef hann fullnægir kröfum sem þar eru gerðar.

2.5.2.4.

Ef réttindi sem skírteinið veitir falla úr gildi skal handhafi þess standast sérstakt hæfnipróf (S-PFT) hjá flugmálastjórn eða eftirlitsflugmanni sem flugmála-stjórn samþykkir. Ef skírteinið hefur verið ógilt í 24 mánuði eða lengur skal hann að auki standast próf í flugreglum hjá flugmálastjórn. Ef það hefur verið

ógilt í 36 mánuði eða lengur skal hann þar að auki standast próf í loftsiglingafræði og veðurfræði. Ef skírteinið hefur verið ógilt lengur en 48 mánuði skal hann standast próf í öllum greinum sem þarf til þess að fá í hendur skírteinið. Aths.: Öll hæfnipróf skulu staðfest í flugdagbók.

2.6. **Atvinnuflugmaður I. flokks/flugvél.**

2.6.1. *Skilyrði fyrir útgáfu skírteinisins.*

Umsækjandi um skírteini atvinnuflugmanns I. flokks/ flugvél skal fullnægja eftirfarandi skilyrðum um aldur, þekkingu og menntun, reynslu, færni og heilbrigði.

2.6.1.1. Aldur.

Hann skal ekki vera yngri en 21 árs.

Aths.: Titekin réttindi tengd skírteininu falla úr gildi samkvæmt gr. 2.1.7. þegar skírteinishafi hefur náð 60 ára aldri.

2.6.1.2. Þekking og menntun.

2.6.1.2.1. Hann skal sanna þekkingu sína á eftirfarandi atriðum að því marki sem réttindi hans gefa tilefni til:

- a) flugfræði flugvéla,
- b) getumörkum viðeigandi flugvéla og hreyfla þeirra, meginreglum um hleðslu og niðurröðun farmþunga og áhrifum þeirra á flugeiginleika, aðferðum við að álykta af heimildum um getu og hömlum tengdum getu,
- c) gerð flugáætlana fyrir flugumferðarþjónustu, rekstrarflugáætlana og flugáætlana meðan á flugi stendur,
- d) notkun upplýsingarita um flug, svo sem flugmálahandbóka AIP, NOTAM, lykla og skammstafana,
- e) reglum og reglugerðarákvæðum um rekstur loftfara í öllum veðurskilyrðum ásamt viðeigandi venjum og starfsháttum við flugumferðarþjónustu,
- f) flugveðurfræði og hinni alþjóðlegu veðurþjónustu, veðurkortum og skjölum um veðurþjónustu, aðferðum við öflun veðurfrétta,
- g) veðurfari á svæðum, sem alþjóðlegar flugleiðir liggja um með hliðsjón af þeim atriðum, sem hafa áhrif á flugsamgöngur, þróun og hreyfingum hæða og lægða, gerð veðurskila, svo og uppruna og sérkennum mikilvægra veðurfyrirbæra sem áhrif hafa á flugskilyrði bæði meðan á flugi stendur og við flugtök og landingar,
- h) loftsiglingafræði, þar með talin notkun á formúlum, flugkortum, flugmælitækjum og flugleiðsögutækjum, mismunandi stillingum hæðarmæla ásamt skilningi á eiginleikum og einkennum flugleiðsögukerfa bæði þeirra sem eru óháð öðrum (t.d. INS), og þeirra sem háð eru stöðvum á jörðu,
- i) flugleiðsögukerfum þeim, sem flugmenn lesa beint af, og notkun þeirra í blindflugi og við aðflug og landingar. Hann skal geta dæmt um áreiðanleika upplýsinga frá slíkum kerfum á flugi,
- j) aðferðum við talstöðvarboðskipti sem notaðar eru við flugrekstur,
- k) starfsemi viðeigandi tækja og tækjakerfa flugvéla, ásamt notkun og prófun á þeim,
- l) almennum atriðum um viðhald flugvéla og hreyfla þeirra, og
- m) öryggisreglum og neyðarráðstöfunum.

2.6.1.2.2. Hann skal hafa lokið:

- a) a.m.k. eins árs almennu námi að loknum grunnskóla með fullnægjandi árangri að mati skólans, og hafa gott vald á íslensku máli,
- b) stúdentsprófi í ensku, stærðfræði og eðlisfræði eða öðru hliðstæðu námi að mati flugmálastjórnar.

Vafaatriðum um það, hvort fyrrgreindum menntunarkröfum er fullnægt, má vísa til menntamálaráðuneytis til úrskurðar.

2.6.1.3. Reynsla.

Hann skal hafa alla þá reynslu sem krafist er fyrir skírteini atvinnuflugmanns II. flokks/flugvél og má hún vera innifalin í þeim heildarkröfum sem tilgreindar eru í gr. 2.6.1.3.1.

2.6.1.3.1. Hann skal hafa lokið a.m.k. 1500 klst. flugtíma í flugvél, sem metinn er í samræmi við gr. 2.17. Í þessum samanlagða flugtíma skal ekki vera minna en:

- a) 100 klst. næturflug sem flugstjóri eða aðstoðarflugmaður,
- b) 250 klst. annaðhvort sem flugstjóri eða þannig að a.m.k. 150 klst. hafi hann verið flugstjóri og það, sem á vantar, aðstoðarflugmaður sem gegnir störfum flugstjóra undir sérstakri handleiðslu flugstjóra að því tilskildu að tilhögun slíkrar handleiðslu sé samþykkt af flugmálastjórn. Flugtíma, sem þannig er fenginn sem aðstoðarflugmaður undir handleiðslu, skal taka til greina samkvæmt gr. 2.17. Í þessum 250 klst. skal vera innifalinn 100 klst. landflugstími, þar af a.m.k. 25 klst. að nóttu.
- c) 200 klst. landflugstími sem aðstoðarflugmaður í flugvél þar sem krafist er aðstoðarflugmanns. Skal þessi tími tekinn til greina samkvæmt gr. 2.17. en í þess stað má koma 100 klst. flugtími í landflugi sem flugstjóri, en þessi tími má hafa verið innifalinn í þeim 250 klst. sem um getur í b).
- d) 75 klst. blindflugsæfingatími, þar af mega allt að 25 klst. vera blindflugsæfingatími á jörðu.

Ef umsækjandi er handhafi flugskírteinis fyrir þyrilvængjur eða sviffflugur má minnka kröfur þær, sem um getur í a), b), c) og d) eftir hæfni hans og reynslu í slíku flugi.

2.6.1.4. Færni.

Hann skal samkvæmt gr. 2.1.3. sanna hæfni sína til að:

- a) leysa af hendi
 - i) bæði venjuleg flugstörf og neyðarflugstörf,
 - ii) í blindflugi, eingöngu eftir mælitækjum, venjuleg flugstörf og neyðarflugstörf, þar með talið að rétta flugvélina við úr óeðlilegri flugstöðu,
- b) fljúga fjölhreyfla flugvélum með einn hreyfil óvirkan,
- c) fara eftir venjum og aðferðum við flugumferðarþjónustu og annast fjarskipti með þeirri hæfni sem handhafa skírteinis atvinnuflugmanns I. flokks/flugvél sæmir,
- d) leysa af hendi biðflugsstörf og aðflugsstörf í flugvél í blindflugi eða gerviblindflugi með aðstoð flugleiðsögutækja, sem flugmenn lesa af sjálfir, og sýna nauðsynlega hæfni í notkun allra mælitækja, sem með þarf, og þar með hæfni sína fyrir blindflugsáritun,
- e) leysa af hendi a), b) og c) í fjölhreyfla flugvél með skráða hámarksþyngd yfir 5700 kg eða í fjölhreyfla flugvél sem flugmálastjórn samþykkir að jafngildi flugvélum sem notaðar eru í reglubundnum flugrekstri.

Aths.: Ofangreindar kröfur um færni gilda einnig fyrir sérstakt hæfnipróf (S-PFT).

- 2.6.1.5. Heilbrigði.
Hann skal fullnægja heilbrigðiskröfum sem gerðar eru til útgáfu 1. flokks heilbrigðisvottorðs.
- 2.6.2. *Réttindi handhafa skírteinisins og skilyrði sem fullnægja þarf til að neyta þeirra.*
- 2.6.2.1. Að því tilskildu að fullnægt sé skilyrðum þeim, sem um getur í gr. 1.2.5., 1.2.6. og 2.1., skulu réttindi handhafa skírteinis atvinnuflugmanns I. flokks/flugvél vera sem hér segir:
- a) að neyta allra réttinda einkaflugmanns/flugvél, atvinnuflugmanns III. og II. flokks/flugvél og einnig réttinda handhafa áritunar fyrir stjórnad sjónflug og blindflug í flugvélum,
- b) að starfa sem flugstjóri og sem aðstoðarflugmaður í loftflutningum
- 2.6.2.2. Til þess að halda réttindum sínum þarf atvinnuflugmaður I. flokks/flugvél að hafa skráðan a.m.k. 35 klst. flugtíma á síðustu 6 mánuðum eða hafa staðist á sama tíma sérstakt hæfnipróf (S-PFT). Allt að helmingur þessa flugtíma má vera á þyrilu. Hann skal standast hæfnipróf (PFT) til atvinnuflugs I. flokks/flugvél ekki sjaldnar en tvisvar á ári. Milli þessara hæfniprófa má ekki líða skemmra en 4 mánuðir og ekki lengra en 8 mánuðir.
- 2.6.2.3. Ef skírteinishafi fullnægir ekki kröfum, sem gerðar eru um heilbrigði, nýlega reynslu eða hæfnipróf (PFT) til þess að halda óskertum réttindum sem skírteinið veitir, þá heldur skírteinishafi sjálfkrafa réttindum lægri réttinda-flokks ef hann fullnægir kröfum sem þar eru gerðar.
- 2.6.2.4. Ef réttindi sem skírteinið veitir falla úr gildi skal handhafi þess standast sérstakt hæfnipróf (S-PFT) hjá flugmálastjórn eða eftirlitsflugmanni sem flugmálastjórn samþykkir. Ef skírteinið hefur verið ógilt í 24 mánuði eða lengur skal hann að auki standast próf í flugreglum hjá flugmálastjórn. Ef það hefur verið ógilt í 36 mánuði eða lengur, skal hann þar að auki standast próf í loftsiglingafræði og veðurfræði. Ef skírteinið hefur verið ógilt lengur en 48 mánuði skal hann standast próf í öllum greinum sem þarf til þess að fá í hendur skírteinið.
Ath.: Öll hæfnipróf skulu staðfest í flugdagbók.
- 2.7. **Svifflugmaður.**
- 2.7.1. *Skilyrði fyrir útgáfu skírteinisins.*
- Umsækjandi um skírteini svifflugmanns skal fullnægja eftirfarandi skilyrðum um aldur, þekkingu, reynslu, færni og heilbrigði.
- 2.7.1.1. Aldur.
Hann skal ekki vera yngri en 16 ára.
- 2.7.1.2. Þekking.
Hann skal sanna þekkingu sína á eftirfarandi atriðum að því marki sem réttindi hans gefa tilefni til:
- a) undirstöðuatriðum flugfræði svifflugna, sérstaklega eðli og hugsanlegum afleiðingum ofriss,
- b) getumörkum viðeigandi svifflugna,
- c) notkun flugmálahandbóka AIP og NOTAM,
- d) reglum og reglugerðarákvæðum sem varða réttindi handhafa svifflugsskírteinis, þar með taldar viðeigandi venjur og starfshættir við flugumferðarþjónustu,

- e) hagnýtingu á undirstöðuatriðum flugveðurfræðinnar og aðferðum við öflun veðurfrétta,
- f) hagnýtum atriðum um landflug og notkun leiðarreiknings og annarrar flugleiðsögutækni sem flugmenn nota við staðsetningar, þar með talin notkun flugkorta,
- g) notkun flugmælitækja og búnaðar fyrir sjónflug, ásamt mismunandi stillingum hæðarmæla, og
- h) viðeigandi öryggisreglum og neyðarráðstöfunum, þar með talið hvernig ber að forðast hættuleg veðurskilyrði.

2.7.1.3. Reynsla.

Hann skal haf lokið a.m.k. 6 klst. flug tíma í svifflugu, sem hæf er til landflugs, þar af a.m.k. 20 flugferðir einn síns liðs samtals 2 klst. Ef hann er þegar handhafi flugmannsskírteinis/flugvél er heimilt að minnka þessar kröfur til samræmis við hæfni hans og reynslu.

2.7.1.4. Færni.

Hann skal sanna:

- a) þekkingu sína á og hæfni til að leysa af hendi bæði venjuleg flugstörf og neyðarflugstörf, sem henta svifflugu sem hæf er til landflugs, með þeirri nákvæmni sem hæfir svifflugmanni,
- b) hæfni sína til að fljúga svifflugu þannig að það samræmist annarri flugumferð.

2.7.1.5. Heilbrigði.

Hann skal fullnægja heilbrigðiskröfum sem gerðar eru til útgáfu 2. flokks heilbrigðisvottorðs.

2.7.2. *Réttindi handhafa skírteinisins og skilyrði sem fullnægja þarf til að neyta þeirra.*

2.7.2.1. Að því tilskildu að fullnægt sé skilyrðum þeim, sem um getur í gr. 1.2.5., 1.2.6. og 2.1., skulu réttindi handhafa skírteinis svifflugmanns vera að starfa sem stjórnandi hvaða svifflugu sem er og flytja farþega eftir að hann hefur öðlast a.m.k. 10 klst. reynslu í svifflugu. Ennfremur fær hann réttindi til flugs í flugtogi enda hafi hann aflað sér slíkrar reynslu og skal hún staðfest með undirskrift svifflugkennara í flugdagbók svifflugmannsins.

2.7.2.2. Handhafa skírteinis svifflugmanns er heimilt að fljúga mótorsvifflugum samkvæmt nánari reglum er flugmálastjórn setur um mótorsvifflugur. Réttindi skulu staðfest með áritun á flugskírteinið.

2.7.2.3. Til þess að halda réttindum sínum þarf svifflugmaður að hafa flogið a.m.k. 12 flugferðir, sem samtals eru a.m.k. 3 klst., á síðasta 24 mánaða tímabili eða standast hæfnipróf (PFT) eftir nánari ákvörðun flugmálastjórnar.
Aths.: Öll hæfnipróf skulu staðfest í flugdagbók.

2.8. Stjórnandi frjáls loftbelgs.

2.8.1. *Skilyrði fyrir útgáfu skírteinisins.*

Umsækjandi um skírteini stjórnanda frjáls loftbelgs skal fullnægja eftirfarandi skilyrðum um aldur, þekkingu, reynslu, færni og heilbrigði.

2.8.1.1. Aldur.

Hann skal ekki vera yngri en 17 ára.

2.8.1.2.

Þekking.

Hann skal sanna þekkingu sína á eftirfarandi atriðum að því marki sem réttindi hans gefa tilefni til:

- a) undirstöðuatriðum flugfræðinnar og atriðum loftstöðufræðinnar sem varða flug í loftvægum loftförum, einkum frjálsum loftbelgjum, b) einni tegund af frjálsum loftbelg, búnaði hans, áfyllingu, undirbúningi fyrir flug, stjórn við flugtak, varúðarráðstöfunum gegn kulda og mikilli hæð,
- c) notkun flugmálahandbóka AIP og NOTAM,
- d) reglum og reglugerðarákvæðum sem varða réttindi handhafa skírteinis stjórnanda frjáls loftbelgs, þar með taldar viðeigandi venjur og starfshættir við flugumferðarþjónustu,
- e) hagnýtingu á undirstöðuatriðum flugveðurfræðinnar og aðferðum við öflun veðurfrétta,
- f) hagnýtum atriðum um landflug og notkun flugkorta,
- g) notkun flugmælitækja og búnaðar fyrir sjónflug ásamt mismunandi stillingum hæðarmæla, og
- h) viðeigandi öryggisreglum og neyðarráðstöfunum.

2.8.1.3.

Reynsla.

Hann skal hafa lokið a.m.k. 8 flugferðum í loftbelg, hverri um sig að meðaltali í 2 klst. Í þessum flugferðum skal með talið:

- a) 6 flugferðir sem nemi,
- b) 1 flugferð sem stjórnandi með og undir handleiðslu handhafa skírteinis stjórnanda loftbelgs. Skal það flug ná a.m.k. 10.000 feta (3000 m) flughæð,
- c) 1 einflug í loftbelg.

2.8.1.4.

Færni.

Hann skal sanna þekkingu sína á og hæfni til að leysa af hendi bæði venjulegt flug í loftbelg og flugstörf við erfiðum skilyrðum, sem henta loftbelg þeim sem notaður er við prófið, með þeirri nákvæmni sem sámir stjórnanda loftbelgs.

2.8.1.5.

Heilbrigði.

Hann skal fullnægja heilbrigðiskröfum sem gerðar eru til útgáfu 2. flokks heilbrigðisvottorðs.

2.8.2.

Réttindi handhafa skírteinisins og skilyrði sem fullnægja þarf til að neyta þeirra.

2.8.2.1.

Að því tilskildu, að fullnægt sé skilyrðum þeim er um getur í gr. 1.2.5., 1.2.6. og 2.1., skulu réttindi handhafa skírteinis stjórnanda frjáls loftbelgs vera þau að annast flugstjórn á frjálsum loftbelg. Þó skal hann ef um næturflug er að ræða, hafa farið 2 næturflugferðir með og undir handleiðslu stjórnanda frjáls loftbelgs sem hefur réttindi til slíks. Hvor þessara flugferða skal vera að meðaltali 2 klst.

2.8.2.2.

Til þess að halda réttindum sínum þarf stjórnandi frjáls loftbelgs að hafa flogið a.m.k. 8 sinnum og leyst af hendi 4 tæmingar og fyllingar loftbelgs á síðustu 24 mánuðum eða standast hæfnipróf (PFT) eftir nánari ákvörðun flugmála-stjórnar.

Aths.: Öll hæfnipróf skulu staðfest í flugdagbók.

2.9. Einkaflugmaður/þyrlla.**2.9.1. Skilyrði fyrir útgáfu skírteinisins.**

Umsækjandi um skírteini einkaflugmanns/þyrlla skal fullnægja eftirfarandi skilyrðum um aldur, þekkingu, reynslu, færni og heilbrigði.

2.9.1.1. Aldur.

Hann skal ekki vera yngri en 17 ára.

2.9.1.2. Þekking.

Hann skal sanna þekkingu sína á eftirfarandi atriðum að því marki sem réttindi hans gefa tilefni til:

- a) undirstöduatriðum flugfræðinnar sem varða þyrllur, sérstaklega eðli og hugsanlegum afleiðingum af ofrasi þyrilblaða,
- b) getumörkum viðeigandi þyrllna og hreyfla þeirra,
- c) gerð flugáætllana fyrir almannaflug við sjónflugsskilyrði bæði fyrir flugtak og meðan á flugi stendur,
- d) notkun flugmálahandbóka AIP og NOTAM,
- e) reglum og reglugerðarákvæðum um einkaflug á þyrllum þar með taldar viðeigandi venjur og starfshættir við flugumferðarþjónustu og stöðutilkynnningar,
- f) hagnýtingu á undirstöduatriðum flugveðurfræðinnar og aðferðum við öflun veðurfréttanna,
- g) hagnýtum atriðum um landflug og notkun leiðarreiknings og annarrar flugleiðsögutækni sem flugmenn nota við staðsetningar, þar með talin notkun flugkorta,
- h) notkun flugmælitækja og búnaðar fyrir sjónflug, ásamt mismunandi stillingum hæðarmæla,
- i) viðeigandi öryggisreglum og neyðarráðstöfunum, þar með talið hvernig ber að forðast hættuleg veðurskilyrði.

2.9.1.3. Reynsla.

Hann skal hafa lokið í þyrllu að minnsta kosti:

- a) 40 klst. flugtíma einn síns liðs og með kennara eða a.m.k. 35 klst. ef hann hefur lokið viðurkenndu þjálfunarnámskeiði með fullnægjandi árangri,
- b) 10 klst. flugtíma einn síns liðs, þar af skulu a.m.k. 3 klst. vera landflug. Skal eitt flugið vera til staðar sem er í a.m.k. 45 km (25 sjómílna) fjarlægð frá brottfararstað og skal lent þar. Þessar 10 klst. mega vera innifaldar í þeim 40 og 35 klst. sem nefndar eru í lið a). Ef umsækjandi er handhafi skírteinis flugmanns/flugvél eða þyrllflugu má minnka kröfurnar um reynslu, sem tilgreindar eru í lið a) og b) eftir hæfni hans og reynslu í að fljúga þessum gerðum loftfara. Þessi stytting á flugtíma skal þó ekki vera meiri en 5 klst.

2.9.1.4. Færni.

Hann skal sanna hæfni sína til að:

- a) leysa af hendi bæði venjuleg flugstörf og neyðarflugstörf sem eiga við þá tegund þyrllu sem notuð er við prófið,
- b) fara eftir venjum og starfsháttum við flugumferðarþjónustu.

Aths.: Ofangreindar kröfur um færni gilda einnig fyrir sérstakt hæfnipróf (S-PFT).

- 2.9.1.5. Heilbrigði.
Hann skal fullnægja heilbrigðiskröfum sem gerðar eru til útgáfu 2. flokks heilbrigðisvottorðs.
- 2.9.1.5.1. Ef óskað er blindflugsáritunar skal fullnægja heyrnarkröfum sem gerðar eru til útgáfu 1. flokks heilbrigðisvottorðs.
- 2.9.2. *Réttindi handhafa skírteinisins og skilyrði sem fullnægja þarf til að neyta þeirra.*
- 2.9.2.1. Að því tilskildu, að fullnægt sé skilyrðum þeim sem um getur í gr. 1.2.5., 1.2.6. og 2.1., hefur handhafi skírteinis einkaflugmanns/þyrila rétt til þess að starfa án endurgjalds:
- a) sem flugstjóri hvernar þeirrar þyrilu sem ekki er rekin gegn endurgjaldi, að því tilskildu:
- i) að hann flytji ekki farþega ef hann hefur ekki leyst af hendi a.m.k. 5 flugtök og 5 aðflug og landingar á hlutaðeigandi tegund þyrilu á síðustu 90 dögum, og
- ii) að hann flytji ekki farþega að nóttu til ef hann hefur ekki á síðustu 90 dögum leyst af hendi a.m.k. 5 flugtök og 5 aðflug og landingar að nóttu, eða á síðustu 12 mánuðum leyst af hendi a.m.k. 20 flugtök og 20 aðflug og landingar að nóttu.
- b) sem aðstoðarflugmaður hvernar þeirrar þyrilu sem ekki er rekin gegn endurgjaldi.
- 2.9.2.2. Til þess að halda réttindum sínum þarf einkaflugmaður/ þyrila að hafa skráðan a.m.k. 10 klst. flugtíma á þyrilu sem flugstjóri eða með kennara á síðustu 12 mánuðum eða hafa staðist hæfnipróf (PFT) fyrir einkaflug/þyrila. Hann skal standa hæfnipróf (PFT) fyrir einkaflug/þyrila ekki sjaldnar en á 24 mánaða fresti.
- 2.9.2.3. Ef réttindi sem skírteinið veitir falla úr gildi skal handhafi þess standa sérstakt hæfnipróf (S-PFT) hjá flugmálastjórn eða eftirlitsflugmanni sem flugmálastjórn samþykkir. Ef skírteinið hefur verið ógilt í 24 mánuði eða lengur skal hann auk þess standa próf í flugreglum hjá flugmálastjórn. Ef það hefur verið ógilt í 36 mánuði eða lengur skal hann þar að auki standa próf í loftsiglingafræði og veðurfræði. Ef skírteinið hefur verið ógilt lengur en 48 mánuði skal hann standa próf í öllum greinum sem þarf til þess að fá í hendur skírteinið. Aths.: Öll hæfnipróf skulu staðfest í flugdagbók.

2.10. **Atvinnuflugmaður III. flokks/þyrila.**

- 2.10.1. *Skilyrði fyrir útgáfu skírteinisins.*
Umsækjandi um skírteini atvinnuflugmanns III. flokks/ þyrila skal fullnægja eftirfarandi skilyrðum um aldur, þekkingu og menntun, reynslu, færni og heilbrigði.
- 2.10.1.1. Aldur.
Hann skal ekki vera yngri en 18 ára.
Aths.: Tiltekin réttindi tengd skírteininu falla úr gildi samkvæmt gr. 2.1.7. þegar skírteinishafi hefur náð 60 ára aldri.
- 2.10.1.2. Þekking og menntun.

- 2.10.1.2.1. Hann skal sanna þekkingu sína á eftirfarandi atriðum að því marki sem réttindi hans gefa tilefni til:
- flugfræði þýrlna,
 - getumörkum viðeigandi þýrlna og hreyfla þeirra, meginreglum um hleðslu og niðurröðun farmþunga og áhrifum þeirra á flugeiginleika, aðferðum við að álykta af heimildum um getu,
 - gerð flugáætlana fyrir flugumferðarþjónustu, viðeigandi rekstrarflugáætlana og flugáætlana meðan á flugi stendur,
 - notkun upplýsingarita um flug, svo sem flugmálahandbóka AIP, NOTAM, lykla og skammstafana,
 - reglum og reglugerðarákvæðum sem varða réttindi handhafa skírteinis atvinnuflugmanns III. flokks/þýrla, þar með taldar viðeigandi venjur og starfshættir við flugumferðarþjónustu og stöðutilkynningar,
 - hagnýtingu á undirstöðuatriðum flugveðurfræðinnar, þar með talin túlkun veðurkorta og veðurskeyta ásamt aðferðum við öflun veðurfrétta,
 - hagnýtri loftsiglingafræði fyrir landflug, notkun flugkorta, flugmælitækja og viðeigandi flugleiðsögutækja, ásamt mismunandi stillingum hæðarmæla,
 - talstöðvarboðskiptum og viðeigandi orðasamböndum og skal sérstök áhersla lögð á tilkynningar um staðarákvarðanir,
 - ráðstöfunum sem gera þarf þegar fjarskipti rofna,
 - notkun og prófun á viðeigandi tækjum og tækjakerfum þýrlna,
 - almennum atriðum um viðhald þýrlna og hreyfla þeirra, og
 - viðeigandi öryggisreglum og neyðarráðstöfunum.
- 2.10.1.2.2. Hann skal hafa lokið a.m.k. eins árs almennu námi að loknum grunnskóla, með fullnægjandi árangri að mati skólans, eða öðru hliðstæðu námi og hafa gott vald á íslensku máli.
- Vafaatriðum um það, hvort fyrrgreindum menntunarkröfum er fullnægt, má vísa til menntamálaráðuneytis til úrskurðar.
- 2.10.1.3. Reynsla.
- Hann skal hafa alla þá reynslu, sem krafist er fyrir skírteini einkaflugmanns/þýrla og má hún vera innifalin í þeim heildarkröfum sem tilgreindar eru í gr. 2.10.1.3.1.
- 2.10.1.3.1. Hann skal hafa lokið a.m.k. 150 klst. flugtíma í þýrlu eða 100 klst. flugtíma ef hann hefur lokið viðurkenndu þjálfunarnámskeiði með fullnægjandi árangri. Þessar 150 klst. eða 100 klst. skulu, eftir því sem við á, fela í sér:
- 35 klst. sem flugstjóri þýrlu,
 - 10 klst. flugtíma í landflugi sem flugstjóri þýrlu,
 - 15 klst. flugtíma við ýmsar aðstæður hér á landi undir leiðsögn reynds flugmanns sem samþykktur er af flugmálastjórn.
- Ef umsækjandi er handhafi skírteinis flugmanns/flugvél eða þýrilflugu má minnka kröfur um reynslu í þýrlu samkvæmt þessari grein eftir hæfni og reynslu hans í að fljúga þessum gerðum loftfara. Þessi minnkun á kröfum um flugreynslu í þýrlu skal þó ekki vera meiri en 25 af hundraði af þeim flugtíma sem krafist er.
- 2.10.1.4. Færni.
- Hann skal samkvæmt gr. 2.1.3. sanna hæfni sína til að:
- leysa af hendi bæði venjuleg flugstörf og neyðarflugstörf sem eiga við þá tegund þýrlu sem notuð er við prófið,

b) fara eftir venjum og starfsháttum við flugumferðarþjónustu og annast viðeigandi fjarskipti með þeirri hæfni sem handhafa skírteinis atvinnuflugmanns III. flokks/þyrla sæmir.

Aths.: Ofangreindar kröfur um færni gilda einnig fyrir sérstakt hæfnipróf (S-PFT).

- 2.10.1.5. Heilbrigði.
Hann skal fullnægja heilbrigðiskröfum sem gerðar eru til útgáfu 1. flokks heilbrigðisvottorðs.
- 2.10.2. *Réttindi handhafa skírteinisins og skilyrði sem fullnægja þarf til að neyta þeirra.*
- 2.10.2.1. Að því tilskildu, að fullnægt sé skilyrðum þeim sem um getur í gr. 1.2.5., 1.2.6. og 2.1., skulu réttindi handhafa skírteinis atvinnuflugmanns III. flokks/þyrla vera sem hér segir:
- a) að neyta allra þeirra réttinda, sem einkaflugmaður/ þyrla nýtur og einnig réttinda handhafa áritunar fyrir stjórnad sjónflug,
 - b) að starfa sem flugstjóri í hverri þeirri þyrlu sem ekki er rekin til farþegaflutninga í atvinnu skyni,
 - c) að starfa sem flugstjóri í atvinnuflutningum með farþega í hverri þeirri þyrlu sem hefur skráða hámarksþyngd við flugtak 5700 kg eða minni. Hann skal þó ekki flytja farþega að nóttu til ef hann hefur ekki á síðustu 90 dögum fyrir slíkt næturflug með farþega leyst af hendi a.m.k. 5 flugtök og 5 aðflug og landingar að nóttu, eða á síðustu 12 mánuðum fyrir slíkt næturflug leyst af hendi a.m.k. 20 flugtök og 20 aðflug og landingar að nóttu,
 - c) að starfa sem aðstoðarflugmaður í þyrlum þar sem krafist er aðstoðarflugmanns.
- 2.10.2.2. Til þess að halda réttindum sínum þarf atvinnuflugmaður III. flokks/þyrla að hafa skráðan a.m.k. 70 klst. flugtíma sem flugstjóri á síðustu 12 mánuðum eða hafa á sama tíma staðist sérstakt hæfnipróf (S-PFT). Þar af mega allt að 20 klst. vera á flugvél. Ef hann hefur unnið samsvarandi tíma sem aðstoðarflugmaður má meta tímann í hlutfallinu 1:2. Hann skal standast hæfnipróf (PFT) til atvinnuflugs III. flokks/þyrla ekki sjaldnar en á 12 mánaða fresti.
- 2.10.2.3. Ef skírteinishafi fullnægir ekki kröfum sem gerðar eru um heilbrigði, nýlega reynslu eða hæfnipróf (PFT) til þess að halda óskertum réttindum sem skírteinið veitir, þá heldur skírteinishafi sjálfkrafa réttindum lægri réttinda-flokks ef hann fullnægir kröfum sem þar eru gerðar.
- 2.10.2.4. Ef réttindi, sem skírteinið veitir, falla úr gildi skal handhafi þess standast sérstakt hæfnipróf (S-PFT) hjá flugmálastjórn eða eftirlitsflugmanni sem flugmálastjórn samþykkir. Ef skírteinið hefur verið ógilt í 24 mánuði eða lengur skal hann auk þess standast próf í flugreglum hjá flugmálastjórn. Ef það hefur verið ógilt í 36 mánuði eða lengur skal hann þar að auki standast próf í loftsiglingafræði og veðurfræði. Ef skírteinið hefur verið ógilt lengur en 48 mánuði skal hann standast próf í öllum greinum sem þarf til þess að fá í hendur skírteinið.
- Aths.: Öll hæfnipróf skulu staðfest í flugdagbók.
- 2.11. **Atvinnuflugmaður I. flokks/þyrla.**
- 2.11.1. *Skilyrði fyrir útgáfu skírteinisins.*
Umsækjandi um skírteini atvinnuflugmanns I. flokks/þyrla skal fullnægja eftirfarandi skilyrðum um aldur, þekkingu og menntun, reynslu, færni og heilbrigði.

2.11.1.1. Aldur.

Hann skal ekki vera yngri en 21 árs.

Aths.: Tiltekin réttindi tengd skírteininu falla úr gildi samkvæmt gr. 2.1.7. þegar skírteinishafi hefur náð 60 ára aldri.

2.11.1.2. Þekking og menntun.

2.11.1.2.1. Hann skal sanna þekkingu sína á eftirfarandi atriðum að því marki sem réttindi hans gefa tilefni til:

- a) flugfræði þýrlna,
- b) getumörkum videigandi þýrlna og hreyfla þeirra, meginreglum um hleðslu og niðurröðun farmþunga og áhrifum þeirra á flugeiginleika, aðferðum við að álykta af heimildum um getu og hömlum tengdum getu,
- c) gerð flugáætlana fyrir flugumferðarþjónustu, rekstrarflugáætlana og flugáætlana meðan á flugi stendur,
- d) notkun upplýsingarita um flug, svo sem flugmálahandbóka AIP, NOTAM, lykla og skammstafana,
- e) reglum og reglugerðarákvæðum sem varða réttindi handhafa skírteinis atvinnuflugmanns I. flokks/þýrla, þar með taldar videigandi venjur og starfshættir við flugumferðarþjónustu og stöðutilkynningar,
- f) flugveðurfræði og hinni alþjóðlegu veðurþjónustu, veðurkortum og skjölum um veðurþjónustu, aðferðum við öflun veðurfrétta,
- g) veðurfari á videigandi svæðum með hliðsjón af þeim atriðum sem hafa áhrif á rekstur þýrlu, þróun og hreyfingum hæða og lægða, gerð veðurskila svo og uppruna og sérkennum mikilvægra veðurfyrirbæra sem hafa áhrif á flugskilyrði bæði meðan á flugi stendur og við flugtök og landingar,
- h) loftsiglingafræði, þar með talin notkun á formúlum, flugkortum, flugmælitækjum og flugleiðsögutækjum, mismunandi stillingum hæðarmæla ásamt skilningi á eiginleikum og einkennum videigandi flugleiðsögukerfa, bæði þeirra sem eru óháð öðrum (t.d. INS) og þeirra, sem háð eru stöðvum á jörðu,
- i) flugleiðsögukerfum þeim, sem flugmenn lesa beint af, og notkun þeirra í blindflugi og við aðflug og landingar. Hann skal geta dæmt um áreiðanleika upplýsinga frá slíkum kerfum á flugi,
- j) aðferðum við talstöðvarboðskipti sem notaðar eru við flugrekstur,
- k) starfsemi videigandi tækja og tækjakerfa þýrlna, ásamt notkun og prófun á þeim,
- l) almennum atriðum um viðhald þýrlna og hreyfla þeirra, og
- m) öryggisreglum og neyðarráðstöfunum.

2.11.1.2.2. Hann skal hafa lokið:

- a) a.m.k. eins árs almennu námi að loknum grunnskóla, með fullnægjandi árangri að mati skólans, og hafa gott vald á íslensku máli,
- b) stúdentsprófi í ensku, stærðfræði og eðlisfræði eða öðru hliðstæðu námi að mati flugmálastjórnar.

Vafaatriðum um það, hvort fyrrgreindum menntunarkröfum er fullnægt, má vísa til menntamálaráðuneytis til úrskurðar.

2.11.1.3. Reynsla.

Hann skal hafa alla þá reynslu, sem krafist er fyrir skírteini atvinnuflugmanns III. flokks/þýrla og má hún vera innifalin í þeim heildarkröfum sem tilgreindar eru í gr. 2.11.1.3.1.

- 2.11.1.3.1. Hann skal hafa lokið a.m.k. 200 klst. flugtíma sem flugstjóri þyrlu og auk þess a.m.k. 1000 klst. flugtíma sem metinn er í samræmi við gr. 2.17. Þó má fækka þessum 1000 klst. ef þeir hafa aðallega verið flognir á þyrlum eða ef umsækjandinn hefur, að dómi flugmálastjórnar, öðlast hliðstæða reynslu.
- 2.11.1.4. Færni.
Hann skal samkvæmt gr. 2.1.3. sanna hæfni sína til að:
a) stjórna þyrlu á fullnægjandi hátt á jörðu og í lofti bæði í hangi og venjulegu flugi, þar með talið flug af legi eða í mikilli hæð þegar við á,
b) leysa af hendi neyðarflugstörf sem eiga við tegund þyrlunnar.
Aths.: Ofangreindar kröfur um færni gilda einnig fyrir sérstakt hæfnipróf (S-PFT).
- 2.11.1.5. Heilbrigði.
Hann skal fullnægja heilbrigðiskröfum sem gerðar eru til útgáfu 1. flokks heilbrigðisvottorðs.
- 2.11.2. *Réttindi handhafa skírteinisins og skilyrði sem fullnægja þarf til að neyta þeirra.*
- 2.11.2.1. Að því tilskildu, að fullnægt sé skilyrðum þeim sem um getur í gr. 1.2.5., 1.2.6. og 2.1., skulu réttindi handhafa skírteinis atvinnuflugmanns I. flokks/þyrla vera sem hér segir:
a) að neyta allra réttinda einkaflugmanns/þyrla og atvinnuflugmanns III. flokks/þyrla og einnig réttinda handhafa áritunar fyrir stjórnað sjónflug,
b) að starfa sem flugstjóri á hvers konar þyrlu í hvers konar rekstri.
- 2.11.2.2. Til þess að halda réttindum sínum þarf atvinnuflugmaður I. flokks/þyrla að hafa skráðan a.m.k. 35 klst. flugtíma sem flugstjóri á síðustu 6 mánuðum eða hafa staðist á sama tíma sérstakt hæfnipróf (S-PFT). Þar af mega allt að 10 klst. vera á flugvél. Hann skal standast æfnipróf (PFT) til atvinnuflugs I. flokks/þyrla ekki sjaldnar en tvisvar á ári. Milli þessara hæfniprófa má ekki líða skemmra en 4 mánuðir og ekki lengra en 8 mánuðir.
- 2.11.2.3. Ef skírteinishafi fullnægir ekki kröfum, sem gerðar eru um heilbrigði, nýlega reynslu eða hæfnipróf (PFT) til þess að halda óskertum réttindum sem skírteinið veitir, þá heldur skírteinishafi sjálfkrafa réttindum lægri réttinda-flokks ef hann fullnægir kröfum sem þar eru gerðar.
- 2.11.2.4. Ef réttindi, sem skírteinið veitir, falla úr gildi skal handhafi þess standast sérstakt hæfnipróf (S-PFT) hjá flugmálastjórn eða eftirlitsflugmanni sem flugmálastjórn samþykkir. Ef skírteinið hefur verið ógilt í 24 mánuði eða lengur skal hann að auki standast próf í flugreglum hjá flugmálastjórn. Ef það hefur verið ógilt í 36 mánuði eða lengur skal hann þar að auki standast próf í loftsiglingafræði og veðurfræði. Ef skírteinið hefur verið ógilt lengur en 48 mánuði skal hann standast próf í öllum greinum sem þarf til þess að fá í hendur skírteinið.
Aths.: Öll hæfnipróf skulu staðfest í flugdagbók.
- 2.12. **Áritun fyrir stjórnað sjónflug.**
- 2.12.1. *Skilyrði fyrir árituninni.*
Umsækjandi um áritun fyrir stjórnað sjónflug skal fullnægja eftirfarandi skilyrðum um þekkingu, reynslu og færni.

2.12.1.1. Þekking.

Hann skal sanna þekkingu sína á eftirfarandi atriðum að því marki sem áritunin gefur tilefni til:

- a) gerð flugáætlana fyrir flugumferðarþjónustu, rekstrarflugáætlana og flugáætlana meðan á flugi stendur í samræmi við getu loftfarsins og veðurskilyrði, einnig venjum og starfsháttum flugumferðarþjónustu sem við á,
- b) dreifingu, túlkun og nýtingu veðurfrétta,
- c) hagnýtri loftsiglingafræði með notkun leidarreiknings, víðeigandi radarupplýsinga og leiðsögutækja sem flugmenn lesa af,
- d) talstöðvarboðskiptum og víðeigandi orðasamböndum og skal sérstök áhersla lögð á tilkynningar um staðarákvarðanir, og
- e) ráðstöfunum sem gera þarf ef fjarskipti rofna þegar flug við sjónflugsskilyrði er ekki framkvæmanlegt eftir gildandi flugáætlun vegna versnandi veðurs.

2.12.1.2. Reynsla.

Hann skal:

- a) hafa lokið ekki minna en 100 klst. flug tíma, þar af sem flugstjóri a.m.k. 60 klst. og skulu minnst 20 klst. af þeim tíma vera landflug, eða
- b) hafa lokið viðurkenndu þjálfunarnámskeiði með fullnægjandi árangri þannig að hæfni sú, sem krafist er í gr. 2.12.1.3., hafi náðst.

2.12.1.3. Færni.

Hann skal sýna hæfni sína í að fara að reglum um flugumferðarþjónustu við stjórnað sjónflug, þar með talin hæfni til að fylgja gildandi flugáætlun miðað við feril, hraða og hæð.

2.12.2. Réttindi áritunarhafa.

Réttindi handhafa áritunar fyrir stjórnað sjónflug eru að starfa sem flugmaður loftfars sem er þátttakandi í stjórnun VFR-leiðarflugi.

Aths.: Í þessum skilningi er stjórnað VFR-leiðarflug allt stjórnað sjónflug annað en flugvallarumferð og sérlegt sjónflug.

2.13. **Blindflugsáritun/flugvél.**2.13.1. *Skilyrði fyrir árituninni.*

Umsækjandi um blindflugsáritun/flugvél skal fullnægja eftirfarandi skilyrðum um þekkingu, reynslu og færni.

2.13.1.1. Þekking.

Hann skal sanna þekkingu sína á eftirfarandi atriðum að því marki sem áritunin gefur tilefni til:

- a) gerð flugáætlana fyrir flugumferðarþjónustu, rekstrarflugáætlana og flugáætlana meðan á flugi stendur svo sem krafist er fyrir blindflug,
- b) notkun upplýsingarita um flug, svo sem flugmálahandbóka AIP, NOTAM, lykla og skammstafana,
- c) reglum og reglugerðarákvæðum um rekstur loftfara við öll veðurskilyrði ásamt víðeigandi venjum og starfsháttum við flugumferðarþjónustu,

- d) sérstökum atriðum veðurfræðinnar, þar með talin:
 - veðurfræðileg atriði, sem varða stillingu hæðarmæla, notkun veðurradars í flugvélum, skýjamyndanir, ísing og ókyrrð í lofti,
 - veðurfyrirbæri við jörðu sem skipta máli við flugtök og landingar,
- e) hagnýtri loftsíglingafræði, þar með talin notkun á formúlum, flugkortum, flugmælitækjum og flugleiðsögutækjum,
- f) flugleiðsögukerfum þeim, sem flugmenn lesa beint af, og notkun þeirra í blindflugi og við aðflug og landingar svo og starfsháttum sem þessu eru tengdir. Hann skal geta dæmt um áreiðanleika upplýsinga frá slíkum kerfum á flugi
- g) aðferðum við talstöðvarboðskipti sem notaðar eru við flugrekstur,
- h) notkun og prófun á mælitækjum þeim sem nauðsynleg eru við stjórn flugvéla í blindflugi, og
- i) öryggisreglum og neyðarráðstöfunum sem eiga við blindflug.

2.13.1.2. Reynsla.

Hann skal:

- a) hafa a.m.k. skírteini einkaflugmanns/flugvél,
- b) hafa lokið a.m.k. 150 klst. flugtíma sem flugstjóri á flugvél eða þyrilvængju, þar með talinn a.m.k. 50 klst. flugtími í landflugi,
- c) hafa lokið a.m.k. 40 klst. blindflugsæfingatíma í flugvélum eða þyrilvængjum. Þar af mega allt að 20 klst. vera blindflugsæfingatímar á jörðu, eða ef hann hefur lokið viðurkenndu þjálfunarnámskeiði með fullnægjandi árangri, 30 klst. blindflugsæfingatímar og mega þá allt að 15 klst. vera blindflugsæfingatími á jörðu,
- d) af blindflugsæfingatímanum, sem krafist er í c), skulu að minnsta kosti 10 klst. vera flugnám með kennara í flugvél.

2.13.1.3. Færni.

Hann skal, samkvæmt gr. 2.1.3., sanna á flugi, sem eingöngu er leyst af hendi eftir mælitækjum, hæfni sína til að:

- a) leysa af hendi þau flugstörf sem nauðsynleg teljast til að sanna hæfni hans til að fljúga flugvélum,
- b) gera staðarákvarðanir og við stjórn flugvélar í raunverulegu blindflugi eða gervibindflugi fljúga biðflug og aðflug með aðstoð flugleiðsögutækja sem flugmenn lesa af sjálfir og jafnframt annast viðeigandi fjarskipti,
- b) túlka radiókennimerki á morsi,
- d) fljúga fjölhreyfla flugvélum með einn hreyfil óvirkan ef áritunar er óskað fyrir fjölhreyfla flugvélar.

Breyta má eða fella niður hverja þá flugathöfn prófsins sem tilgreind er í a) til d) ef hún hæfir ekki þeirri tegund flugvélar sem notuð er við prófið.

2.13.2. Réttindi áritunarhafa og skilyrði sem fullnægja þarf til að neyta þeirra.

2.13.2.1. Handhafi blindflugsáritunar/flugvél hefur rétt til að stjórna flugvélum samkvæmt blindflugsreglum (IFR) og má jafnframt neyta réttinda áritunar fyrir stjórnað sjónflug.

2.13.2.2. Til þess að halda réttindum sínum þarf handhafi blindflugsáritunar/flugvél að hafa skráðan a.m.k. 20 klst. blindflugstíma á síðustu 12 mánuðum eða hafa staðist hæfnipróf (PFT) fyrir blindflug á síðustu 6 mánuðum. Helmingur þessa flugtíma má vera á þyrilu eða í gerviflugþjálfu er flugmálastjórn hefur

samþykkt. Hann skal standast hæfnipróf (PFT) fyrir blindflug/flugvél ekki sjaldnar en á 12 mánaða fresti. Í annað hvort skipti má taka slíkt hæfnipróf (PFT) í viðurkenndum gerviflugþjáfa.

Aths.: Öll hæfnipróf skulu staðfest í flugdagbók.

2.14. **Blindflugsáritun/þyrlla.**

2.14.1. *Skilyrði fyrir árituninni.*

Umsækjandi um blindflugsáritun/þyrlla skal fullnægja eftirfarandi skilyrðum um þekkingu, reynslu og færni.

2.14.1.1. Þekking.

Hann skal sanna þekkingu sína á eftirfarandi atriðum að því marki sem réttindi hans gefa tilefni til:

- a) gerð flugáætlana fyrir flugumferðarþjónustu, rekstrarflugáætlana og flugáætlana meðan á flugi stendur svo sem krafist er fyrir blindflug,
- b) notkun upplýsingarita um flug, svo sem flugmálahandbóka AIP, NOTAM, lykla og skammstafana,
- c) reglum og reglugerðarákvæðum um rekstur loftfara í öllum veðurskilyrðum ásamt víðeigandi venjum og starfsháttum við flugumferðarþjónustu,
- d) sérstökum atriðum veðurfræðinnar, þar með talin:
 - veðurfræðileg atriði sem varða notkun veðurradars í loftförum, skýjamyndanir, ísing og ókyrrð í lofti,
 - veðurfyrirbæri við jörðu sem skipta miklu máli við flugtök og landingar,
- e) hagnýtri loftsiglingafræði, þar með talin notkun á formúlum, flugkortum, flugmælitækjum og flugleiðsögutækjum,
- f) flugleiðsögukerfum þeim, sem flugmenn lesa beint af, og notkun þeirra í blindflugi og við aðflug og landingar svo og starfsháttum sem þessu eru tengdir. Hann skal geta dæmt um áreiðanleika upplýsinga frá slíkum kerfum á flugi,
- g) aðferðum við talstöðvarboðskipti sem notaðar eru við flugrekstur,
- h) notkun og prófun á mælitækjum þeim sem nauðsynleg eru við stjórn þyrlna í blindflugi, og
- i) öryggisreglum og neyðarráðstöfunum sem eiga við blindflug.

2.14.1.2. Reynsla.

Hann skal:

- a) hafa skírteini flugmanns/þyrllu,
- b) hafa lokið a.m.k. 150 klst. flugtíma sem flugstjóri á flugvél eða þyrilvængju, þar með talinn a.m.k. 50 klst. flugtími í landflugi,
- c) hafa lokið a.m.k. 40 klst. blindflugsæfingatíma í flugvélum eða þyrilvængjum, þar af mega allt að 20 klst. vera blindflugsæfingatími á jörðu. Af þessum 40 klst. blindflugsæfingatíma skulu a.m.k. 20 klst. hafa verið í þyrllu,
- d) í 40 klst. blindflugsæfingatímanum, sem krafist er í c), skal vera hæfilegt flugnám með kennara að dómi flugmálastjórnar.

2.14.1.3. Færni.

Hann skal sanna á flugi, sem eingöngu er leyst af hendi eftir mælitækjum, hæfni sína til að:

- a) leysa af hendi þau flugstörf sem nauðsynleg teljast til að sanna hæfni hans til að fljúga þyrllum,

- b) gera staðarákvarðanir og við stjórn þyrlu í raunverulegu blindflugi eða gerviblindflugi fljúga aðflug með aðstoð flugleiðsögutækja sem flugmenn lesa af sjálfir og jafnframt annast videigandi fjarskipti,
- c) túlka radiókennimerki á morsi, og
- d) fljúga fjölhreyfla þyrlu með einn hreyfil óvirkan ef óskað er áritunar fyrir slíka þyrlu.

2.14.2. *Réttindi áritunarhafa og skilyrði sem fullnægja þarf til að neyta þeirra.*

2.14.2.1. Handhafi blindflugsáritunar/þyrla hefur rétt til að stjórna þyrlum samkvæmt blindflugsreglum (IFR) og má jafnframt neyta réttinda áritunar fyrir stjórnad sjónflug.

2.14.2.2. Til þess að halda réttindum sínum þarf handhafi blindflugsáritunar/þyrla að hafa skráðan a.m.k. 20 klst. blindflugstíma á síðustu 12 mánuðum eða hafa staðist hæfnipróf (PFT) fyrir blindflug á síðustu 6 mánuðum. Helmingur þessa flugtíma má vera á þyrlu eða í gerviflugþjálfu sem flugmálastjórn hefur samþykkt. Hann skal standast hæfnipróf (PFT) fyrir blindflug/þyrla ekki sjaldnar en á 12 mánaða fresti. Í annað hvort skipti má taka slíkt hæfnipróf (PFT) í viðurkenndum gerviflugþjálfu.

Aths.: Öll hæfnipróf skulu staðfest í flugdagbók.

2.14.3. *Sameiginleg áritun blindflugsréttinda fyrir flugvélar og þyrlur.*

Réttindi þau, sem tilgreind eru í gr. 2.13.2. og 2.14.2., má sameina í eina áritun, sem gildir jafnt fyrir flugvélar og þyrlur, enda hafi skilyrðum þeim, sem tilgreind eru í gr. 2.13. og 2.14., verið fullnægt.

2.15. **Flugkennsluáritun/flugvél og flugkennsluáritun/þyrlvængja (þyrla).**

2.15.1. *Almennar reglur um veitingu áritunarinnar.*

2.15.1.1. Réttindaflokkar: Flugkennsluáritun er veitt í tvennu lagi a) aðstoðarflugkennari, b) flugkennari.

2.15.1.2. Flugmálastjórn getur krafist þess, að umsækjandi sanni hæfni sína með því að gangast undir sálfræðilega rannsókn og fullnægja þeim kröfum sem flugmálastjórn gerir í samráði við trúnaðarsálfræðing sinn.

2.15.2. *Aðstoðarflugkennari.*

2.15.2.1. Skilyrði fyrir árituninni.

Umsækjandi um áritunina skal fullnægja eftirfarandi skilyrðum um aldur, þekkingu, reynslu og færni.

2.15.2.2. Aldur.

Hann skal ekki vera yngri en 19 ára.

2.15.2.3. Þekking.

Hann skal sanna þekkingu sína á eftirfarandi atriðum:

- a) öllum þeim þekkingaratriðum sem krafist er af atvinnuflugmanni III. flokks/flugvél eða atvinnuflugmanni III. flokks/þyrla, eftir því sem við á,
- b) fræðilegum og verklegum vandamálum sem fram koma í námi og þjálfun flugnema,
- c) kennsluoftfarinu og æfingum sem krafist er fyrir einkaflugmannspróf, og
- d) undirbúningi undir kennsluflug og leikni í viðræðum við nemandann að loknu flugi.

- 2.15.2.4. *Reynsla.*
- Hann skal a.m.k. hafa reynslu handhafa skírteinis atvinnuflugmanns III. flokks á þá gerð sem áritunin gildir fyrir, og ef sótt er um flugkennsluáritun/flugvél þá skal umsækjandi vera handhafi blindflugsáritunar.
 - Hann skal hafa lokið a.m.k. 300 klst. flugtíma, viðurkenndum í samræmi við gr. 2.17.
 - Hann skal hafa lokið viðurkenndu þjálfunarnámskeiði í flugkennslu og bókgri kennslu með fullnægjandi árangri.
- 2.15.2.5. *Færni.*
Hann skal samkvæmt gr. 2.1.3. sanna hæfni sína til að:
- framkvæma á flugi og útskýra þær æfingar sem tilgreindar eru í námskrá fyrir skírteini einkaflugmanns eða blindflugsáritun, eftir því sem við á,
 - útskýra fræðileg og verkleg vandamál sem við er að etja í flugkennslu.
- 2.15.2.6. *Réttindi handhafa áritunarinnar og skilyrði sem fullnægja þarf til að neyta þeirra.*
- 2.15.2.6.1. *Að því tilskildu að fullnægt sé skilyrðum þeim er um getur í gr. 1.2.5. og 2.1., skulu réttindi handhafa flugkennsluáritunar aðstoðarflugkennara vera sem hér segir:*
- hann má stjórna og hafa eftirlit með einflugi flugnema. Hann má þó ekki úrskurða flugnema hæfan til fyrsta einflugs né fyrsta landflugs, og
 - hann má kenna flug til einkaflugmannsprófs undir eftirliti flugkennara.
- 2.15.2.6.2. *Til þess að halda réttindum sínum, þá þarf handhafi að fullnægja kröfum sem gerðar eru til að halda við flugskírteini hans og til að halda við blindflugsáritun hans (flugkennsluáritun/flugvél). Hann skal á síðustu 12 mánuðum hafa staðist hæfnipróf (PFT) hjá flugmálastjórn til að halda við flugkennararéttindum og hafa skráðan a.m.k. 50 klst. flugtíma á þann flokk loftfara, sem hann hefur flugkennsluáritun fyrir. Hafi hann ekki skráðan ofangreindan flugtíma, þá skal hann hafa staðist sérstakt hæfnipróf (S-PFT) hjá flugmálastjórn á síðustu 6 mánuðum. Flugmálastjórn getur hvenær sem er krafist hæfniprófs (PFT).
Ath.: Öll hæfnipróf skulu staðfest í flugdagbók.*
- 2.15.3. *Flugkennari.*
- 2.15.3.1. *Skilyrði fyrir árituninni.*
Umsækjandi um áritunina skal fullnægja eftirfarandi skilyrðum um aldur, þekkingu, reynslu og færni.
- 2.15.3.2. *Aldur.*
Hann skal ekki vera yngri en 21 árs.
- 2.15.3.3. *Þekking.*
Hann skal sanna þekkingu sína á eftirfarandi atriðum:
- öllum þeim þekkingaratriðum, sem krafist er af atvinnuflugmanni III. flokks/flugvél eða atvinnuflugmanni III. flokks/þyrlla, eftir því sem við á,
 - fræðilegum og verklegum vandamálum sem fram koma í námi og þjálfun flugnema,
 - kennsluoftfarinu og æfingum sem krafist er fyrir einkaflugmannspróf, og
 - undirbúningi undir kennsluflug og leikni í viðræðum við nemandann að loknu flugi.

- 2.15.3.4. **Reynsla.**
- Hann skal a.m.k. hafa reynslu handhafa skírteinis atvinnuflugmanns III. flokks á þá gerð sem áritunin gildir fyrir, og ef sótt er um flugkennsluáritun/ flugvél þá skal umsækjandi vera handhafi blindflugsáritunar.
 - Hann skal hafa lokið a.m.k. 500 klst. flugtíma, viðurkenndum í samræmi við gr. 2.17.
 - Hann skal hafa starfað sem aðstoðarflugkennari samkvæmt gr. 2.15.2. í a.m.k. 200 klst. og á þeim tíma búið a.m.k. 3 nema undir einflugspróf.
- 2.15.3.5. **Færni.**
Hann skal samkvæmt gr. 2.1.3. sanna hæfni sína til að:
- framkvæma á flugi og útskýra þær æfingar sem tilgreindar eru í námskrá fyrir skírteini einkaflugmanns eða blindflugsáritun, eftir því sem við á,
 - útskýra fræðileg og verkleg vandamál sem við er að etja í flugkennslu.
- 2.15.3.6. **Réttindi handhafa áritunarinnar og skilyrði sem fullnægja þarf til að neyta þeirra.**
- 2.15.3.6.1. **Að því tilskildu að fullnægt sé ákvæðum þeim sem um getur í gr. 1.2.5. og 2.1., skulu réttindi handhafa flugkennsluáritunar flugkennara vera sem hér segir:**
- hann má stjórna og hafa eftirlit með einflugi flugnema og úrskurða hann hæfan til fyrsta einflugs og fyrsta landflugs, og
 - hann má kenna flug til einkaflugmannsprófs hjá viðurkenndum flugskóla, og
 - hann má hafa eftirlit með flugkennslu aðstoðarflugkennara, og/eða
 - hann má kenna blindflug fyrir blindflugsáritun, enda hafi hann gilda blindflugsáritun.
- 2.15.3.6.2. **Til þess að halda réttindum sínum, þá þarf handhafi að fullnægja kröfum sem gerðar eru til að halda við flugskírteini og blindflugsáritun hans (flugkennsluáritun/ flugvél). Hann skal á síðustu 12 mánuðum hafa staðist hæfnipróf (PFT) hjá flugmálastjórn til að halda við flugkennararéttindum og hafa skráðan a.m.k. 50 klst. flugtíma á þann flokk loftfara, sem hann hefur flugkennsluáritun fyrir. Hafi hann ekki skráðan ofangreindan flugtíma, þá skal hann hafa staðist sérstakt hæfnipróf (S-PFT) hjá flugmálastjórn á síðustu 6 mánuðum. Flugmálastjórn getur hvenær sem er krafist hæfniprófs (PFT).
Ath.: Öll hæfnipróf skulu staðfest í flugdagbók.**
- 2.16. **Flugkennsluáritanir fyrir svifflugur og frjálsa loftbelgi.**
Flugmálastjórn setur reglur um áritanir fyrir flugkennslu á svifflugur og frjálsa loftbelgi.
- 2.17. **Viðurkenning á flugtíma.**
- 2.17.1. Viðurkenna skal og fullgilda til fullnægingar á skilyrðum um flugtíma fyrir flugmannsskírteini, sem veitir meiri réttindi, allan þann flugtíma sem flugnemi eða handhafi skírteinis einkaflugmanns starfar sem flugstjóri og handfjallar einn stjórn tækin.
- 2.17.2. Ekki skal viðurkenna gildan til fullnægingar á skilyrðum um flugtíma fyrir skírteini atvinnuflugmanns III. flokks nema helming þess flugtíma sem einkaflugmaður starfar sem aðstoðarflugmaður á loftfari þar sem að jafnaði er krafist aðstoðarflugmanns. Flugtími sem þannig er viðurkenndur skal ekki vera yfir 50 klst.

- 2.17.3. Viðurkenna skal og fullgilda til fullnægingar á skilyrðum um flugtíma fyrir flugmannsskírteini, sem veitir meiri réttindi, allan þann flugtíma sem handhafi skírteinis atvinnuflugmanns III. flokks eða atvinnuflugmanns II. flokks starfar sem flugstjóri.
- 2.17.4. Viðurkenna skal og fullgilda allan þann flugtíma sem handhafi skírteinis atvinnuflugmanns III. flokks eða atvinnuflugmanns II. flokks sem í starfi aðstoðarflugmanns leysir af hendi störf flugstjóra undir handleiðslu hans. Tími, sem þannig er tekinn til greina, skal þó ekki fara fram úr 300 klst., þegar skírteini atvinnuflugmanns II. flokks er veitt, og 500 klst. þegar skírteini atvinnuflugmanns I. flokks er veitt.
- 2.17.4.1. Ekki skal viðurkenna gildan til fullnægingar á skilyrðum um flugtíma fyrir flugmannsskírteini, sem veitir meiri réttindi, nema helming þess flugtíma sem atvinnuflugmaður starfar sem aðstoðarflugmaður í loftfari þar sem að jafnaði er krafist aðstoðarflugmanns.
- 2.17.5. Viðurkenna skal allan flugtíma handhafa skírteinis atvinnuflugmanns I. flokks, hvort sem hann starfar sem flugstjóri eða aðstoðarflugmaður, enda hafi skírteini hans verið réttilega staðfest samkvæmt gr. 2.1.2.
- 2.17.6. Viðurkenna skal gildan til fullnægingar á skilyrðum um flugtíma fyrir flugmannsskírteini, sem veitir meiri réttindi, allan flugtíma flugmanns þegar hann handfjallar stjórn tækin í raunverulegu blindflugi eða gerviblindflugi eingöngu eftir mælitækjum án viðmiðunar utan stjórnklefans.
- 2.17.7. Til viðbótar við flugtímamann sem viðurkenndur er samkvæmt gr. 2.17.1. og 2.17.3., skal taka til greina allan flugtíma með kennara til fullnægingar á skilyrðum fyrir flugmannsskírteini, sem veitir meiri réttindi, eða fyrir blindflugsáritun ef meta má þennan flugtíma sem blindflugsæfingatíma.

III. KAFLI

SKÍRTEINI FLUGLÍÐA ANNARRA EN FLUGMANNA

- 3.1. **Flugleiðsögumaður.**
- 3.1.1. *Skilyrði fyrir útgáfu skírteinisins.*
Umsækjandi um skírteini flugleiðsögumanns skal fullnægja eftirfarandi skilyrðum um aldur, þekkingu og menntun, reynslu, færni og heilbrigði.
- 3.1.1.1. Aldur.
Hann skal ekki vera yngri en 21 árs.
- 3.1.1.2. Þekking og menntun.
- 3.1.1.2.1. Hann skal sanna þekkingu sína á eftirfarandi atriðum:
a) gerð flugáætlana fyrir flugumferðarþjónustu, rekstrarflugáætlana og flugáætlana meðan á flugi stendur,

- b) getumörkum flugvéla, meginreglum um hleðslu og niðurröðun farmþunga og áhrifum þeirra á flugeiginleika, aðferðum við að álykta af heimildum um getu og hömlum tengdum getu,
- c) notkun upplýsingarita um flug, svo sem flugmálahandbóka AIP, NOTAM, lykla og skammstafana,
- d) reglum og reglugerðarákvæðum um almannaflug, einkum þeim sem varða flugleiðsögu,
- e) flugveðurfræði og hinni alþjóðlegu veðurþjónustu, veðurkortum og skjölum um veðurþjónustu, aðferðum við öflun veðurfrétta,
- f) venjum og starfsháttum við flugumferðarþjónustu, einkum þeim sem varða flugleiðsögu,
- g) veðurfari á svæðum, sem alþjóðlegar flugleiðir liggja um, með hliðsjón af þeim atriðum sem hafa áhrif á flugsamgöngur, þróun og hreyfingum hæða og lægða, gerð vedurskila, svo og uppruna og sérkennum mikilvægra veðurfyrirbæra sem áhrif hafa á flugleiðsögu,
- h) himinhvolfinu og lögum jarðar, þar með talið skilgreiningar, einingar og formúlur sem varða flugleiðsögu,
 - hreyfing himintungla og ráð til að velja og þekkja þau til miðana,
- i) starfsaðferðum við flugleiðsögu, þar með talið:
 - frágangur nauðsynlegra skjala,
 - leiðsögn eftir leiðarreikningi,
 - leiðsögn eftir stjörnumiðun,
 - leiðsögn, bæði eftir óháðum kerfum og þeim, sem háð eru stöðvum á jörðu,
 - j) leiðsögukerfum fyrir loftför bæði í sjónflugi og blindflugi, og
 - k) kvörðun, stillingu og notkun mælitækja og annars búnaðar loftfara sem notaður er við flugleiðsögu.

3.1.1.2.2. Hann skal hafa lokið:

- a) a.m.k. eins árs almennu námi að loknum grunnskóla, með fullnægjandi árangri að mati skólans, og hafa gott vald á íslensku máli,
- b) stúdentsprófi í ensku, stærðfræði og eðlisfræði eða öðru hliðstæðu námi að mati flugmálastjórnar.

Vafaatriðum um það, hvort fyrrgreindum menntunarkröfum er fullnægt, má vísa til menntamálaráðuneytis til úrskurðar.

3.1.1.3. Reynsla.

- 3.1.1.3.1. Umsækjandi skal hafa 200 klst. flugtíma reynslu í flugleiðsögu í landflugi. Þar af skulu a.m.k. 30 klst. flugtímar hafa verið í næturflugi. Ef hann hefur þegar reynslu sem flugmaður í loftflutningum má meta honum til frádráttar helming þess flugtíma, sem þannig er fenginn, til þess að ná helmingi þeirra 200 klst. flugtíma sem um getur að ofan en þó ekki til að fullnægja kröfunni um 30 klst. flugtíma landflug að nóttu.
- 3.1.1.3.2. Hann skal færa sönnur á að hann hafi á fullnægjandi hátt ákvarðað á flugi staðsetningu loftfars í minnsta lagi 25 sinnum með stjörnumiðunum að nóttu og 25 sinnum að degi til með því að styðjast við rafeindabúnað, hæðarmælingar og önnur hjálpargögn og hafa notað slík gögn og aðferðir við hagnýta flugleiðsögn.
- 3.1.1.3.3. Umsækjandi, sem lokið hefur viðurkenndri þjálfun í flugleiðsögu, er talinn fullnægja skilyrðum um reynslu samkvæmt gr. 3.1.1.3.1.

3.1.1.4. Færni.

Hann skal sanna hæfni sína til að:

- a) notfæra sér leiðsögutæki og leysa af hendi stillingar á þeim, einnig til að þekkja og túlka merki leiðsögutækja á jörðu,
- b) annast flugleiðsögu að nóttu og degi með þeirri nákvæmni sem sæmir handhafa skírteinis flugleiðsögumanns.

3.1.1.5. Heilbrigði.

Hann skal fullnægja heilbrigðiskröfum sem gerðar eru til útgáfu 1. flokks heilbrigðisvottorðs.

3.1.2. *Réttindi handhafa skírteinisins og skilyrði sem fullnægja þarf til að neyta þeirra.*

3.1.2.1. Að því tilskildu að fullnægt sé skilyrðum þeim sem um getur í gr. 1.2.5. og 1.2.6., hefur handhafi skírteinis flugleiðsögumanns rétt til að starfa sem slíkur í hvaða loftfari sem er.

3.1.2.2. Til þess að halda réttindum sínum skal hann á síðustu 12 mánuðum:

- a) hafa sýnt undir eftirliti hæfni sína til þess að gegna störfum flugleiðsögumanns, eða
- b) hafa skráðan a.m.k. 24 klst. flug tíma sem slíkur.

3.1.2.3. Ef réttindi, sem skírteinið veitir, falla úr gildi skal handhafi þess standast sérstakt hæfnipróf (S-PT) hjá flugmálastjórn eða flugleiðsögumanni sem hún tilnefnir.

Aths.: Öll hæfnipróf skulu staðfest í flugdagbók.

3.2. **Flugvélstjóri.**

Aths.: Flugvirkjun er iðngrein á Íslandi og skírteini flugvélstjóra veita því handöfum ekki réttindi til þess að vinna flugvirkjastörf nema þeir séu einnig flugvirkjar.

3.2.1. *Skilyrði fyrir útgáfu skírteinisins.*

Umsækjandi um skírteini flugvélstjóra skal fullnægja eftirfarandi skilyrðum um aldur, þekkingu og menntun, reynslu, færni og heilbrigði.

3.2.1.1. Aldur.

Hann skal ekki vera yngri en 21 árs.

3.2.1.2. Þekking og menntun.

3.2.1.2.1. Hann skal sanna þekkingu sína á eftirfarandi atriðum:

- a) flugfræði,
- b) eiginleikum og getumörkum loftfara,
- c) tilteknum atriðum, sem varða gerð flugáætlaana, svo sem útreikningi þyngdarpunkts, eldsneytiseyðslu og flugþoli, afköstum hreyfils og nýtingu hreyfilorku,
- d) flugskjólum sem varða starf flugvélstjóra,
- e) reglum og reglugerðarákvæðum um rekstur almanna loftfara að því er varðar starf flugvélstjóra,
- f) undirstöðuatriðum um viðhald og starfsemi skrokka, hreyfla ásamt búnaði þeirra, mælitækja og annars búnaðar, einnig búnaðar í farþegarými ef um er að ræða loftför sem krafist er að í sé flugvélstjóri,
- g) aðgerðum ef truflanir verða á starfsemi hreyfla eða tækjakerfa, og
- h) undirstöðuatriðum loftsiglingafræðinnar.

- 3.2.1.2.2. Hann skal hafa lokið:
- a.m.k. eins árs almennu námi að loknum grunnskóla, með fullnægjandi árangri að mati skólans, og hafa gott vald á íslensku máli,
 - stúdentsprófi í ensku, stærðfræði og eðlisfræði eða öðru hliðstæðu námi að mati flugmálastjórnar.
- Vafaatriðum um það, hvort fyrrgreindum menntunarkröfum er fullnægt, má vísa til menntamálaráðuneytis til úrskurðar.
- 3.2.1.2.3. Hann skal vera handhafi skírteinis flugvéltækis I. eða II. flokks sem tekur til loftfara í heild sinni,
- 3.2.1.3. Reynsla.
Hann skal hafa, undir eftirliti, lokið a.m.k. 100 klst. reynslu á flugi og sinnt skyldustörfum flugvélstjóra. Þó má upp í þessa kröfu taka gilda allt að 50 klst. þjálfun í flugvélarlíki enda hafi hún farið fram á viðurkenndu þjálfunarnám-skeiði fyrir flugvélstjóra.
- 3.2.1.4. Færni.
Hann skal hafa sýnt hæfni sína til að gegna störfum flugvélstjóra, þar með talið að grípa til neyðarráðstafana. Enn fremur skal hann geta leyst af hendi á flugi minni háttar viðgerðir og stillingar og geta skipt um smáhluti.
- 3.2.1.5. Heilbrigði.
Hann skal fullnægja heilbrigðiskröfum sem gerðar eru til útgáfu 1. flokks heilbrigðisvottorðs.
- 3.2.2. *Réttindi handhafa skírteinisins og skilyrði sem fullnægja þarf til að neyta þeirra.*
- 3.2.2.1. Að því tilskildu að fullnægt sé skilyrðum þeim sem um getur í gr. 1.2.5. og 1.2.6., hefur handhafi skírteinis flugvélstjóra rétt til að starfa sem slíkur í hvaða loftfari sem er enda hafi hann á síðustu 12 mánuðum:
- sýnt, undir eftirliti, hæfni sína til þess að gegna störfum flugvélstjóra á hlutaðeigandi tegund loftfars og skal hafa kynnt sér gildandi upplýsingar um rekstur þess loftfars, eða
 - starfað sem flugvélstjóri í a.m.k. 50 flugtíma á hlutaðeigandi tegund loftfars.
- 3.2.2.2. Ef réttindi, sem skírteinið veitir, falla úr gildi skal handhafi þess standast sérstakt hæfnipróf (S-PFT) hjá flugmálastjórn eða flugvélstjóra sem hún tilnefnir.
Ath.: Öll hæfnipróf skulu staðfest í flugdagbók.

IV. KAFLI

SKÍRTEINI OG ÁRITANIR ANNARRA EN FLUGLIÐA

- 4.1. **Flugvéltæknir — II. flokkur.**
- Aths. 1: Flugvéltæknir getur verið flugtæknifræðingur, flugverkfræðingur eða flugvirki. Í vissum tilvikum, sem varða rafeindabúnað loftfara, getur verið um radíóvirkja eða aðilja með hliðstæða menntun að ræða.
- Aths. 2: Eftirfarandi reglur gera ráð fyrir að hægt sé að gefa út skírteini flugvéltækna II. flokks sem veita réttindi sem varða viðhald loftfara í heild sinni eða réttindi takmörkuð við þá hluta loftfara sem skráð eru á skírteinið.

Aths. 3: Flugvirkjun er iðngrein á Íslandi og skírteini flugvéltækna II. flokks veita því handhöfum ekki réttindi til þess að vinna flugvirkjastörf, nema þeir séu einnig flugvirkjar.

4.1.1. *Skilyrði fyrir útgáfu skírteinisins.*

Umsækjandi um skírteini flugvéltækis II. flokks skal fullnægja eftirfarandi skilyrðum um aldur, þekkingu og menntun, reynslu og færni.

4.1.1.1. Aldur.

Hann skal ekki vera yngri en 18 ára.

4.1.1.2. Þekking og menntun.

4.1.1.2.1. Hann skal sanna þekkingu sína á eftirfarandi atriðum:

- a) reglum um skyldur handhafa skírteinis flugvéltækis II. flokks,
- b) samsetningu, starfsemi, skoðun, viðhaldi og hönnun þeirra eftirtalinnna hluta sem við eiga og veita á réttindi fyrir:
 - i) loftfara í heild sinni,
 - ii) skrokka, þ.e. bola, vængja, stéla og stýra,
 - iii) hreyfla loftfara ásamt fylgihlutum þeirra,
 - iv) kerfa loftfara og eininga þeirra,
 - v) mælitækja loftfara, og
 - vi) rafeindabúnaðar loftfara.

4.1.1.2.2. Hann skal hafa lokið:

- a) a.m.k. eins árs almennu námi að loknum grunnskóla, með fullnægjandi árangri að mati skólans, og hafa gott vald á íslensku máli,
- b) stúdentsprófi í ensku eða öðru hliðstæðu námi að mati flugmálastjórnar. Vafaatriðum um það, hvort fyrrgreindum menntunarkröfum er fullnægt, má vísa til menntamálaráðuneytis til úrskurðar.

4.1.1.3. Reynsla.

Hann skal hafa eftirfarandi reynslu í skoðun og viðhaldi loftfara eða hluta þeirra:

- a) til útgáfu skírteinis, sem veitir réttindi til að undirrita viðhaldsvottorð, eigi minna en:
 - i) 3 ár, eða
 - ii) 2 ár ef umsækjandi hefur lokið með fullnægjandi árangri viðurkenndu þjálfunarnámskeiði sem veitir samsvarandi verklega reynslu.
- b) til útgáfu skírteinis með takmörkuðum réttindum, samkvæmt gr. 4.1.2.2.b) eða c), skal hann hafa reynslutíma sem gerir mönnum kleift að öðlast sömu hæfni og krafist er samkvæmt a). Þessi tími skal ekki vera styttri en:
 - i) 2 ár, eða
 - ii) sá tími, sem flugmálastjórn telur nauðsynlegan fyrir umsækjendur, sem lokið hafa viðurkenndu þjálfunarnámskeiði með fullnægjandi árangri, til að öðlast samsvarandi verklega reynslu.

4.1.1.4. Færni.

Hann skal hafa sannað hæfni sína til að annast þau störf sem réttindin eru veitt til.

4.1.2.

Réttindi handhafa skírteinisins og skilyrði sem fullnægja þarf til að neyta þeirra.

4.1.2.1.

Að því tilskildu að fullnægt sé skilyrðum þeim, sem um getur í gr. 4.1.2.2., hefur handhafi skírteinis flugvéltækni II. flokks réttindi sem hér segir:

a) til skírteinis sem tekur til loftfara í heild sinni

— til að staðfesta lofthæfi loftfars eftir lítills háttar viðgerðir, heimilaðar minni háttar breytingar, ísetningu viðurkennds hreyfils, aukabúnaðar og tækja og til að undirrita viðhaldsvottorð að aflokinni skoðun og/eða venjulegu viðhaldi,

b) til skírteinis með takmörkuðum réttindum samkvæmt gr. 4.1.2.2.b) eða c)
— til að staðfesta lofthæfa þá hluta loftfars, sem skírteinið tekur til, eftir skoðun, lítills háttar viðgerðir eða heimilaðar minni háttar breytingar.

4.1.2.2.

Réttindi handhafa skírteinis flugvéltækni II. flokks, sem tilgreind eru í gr. 4.1.2.1., gilda aðeins:

a) um þau loffför í heild sem rituð eru á skírteinið annaðhvort nákvæmlega tilgreind eða flokkuð á breiðum grundvelli, eða

b) um þá skrokka, hreyfla og þau kerfi eða einingar sem rituð eru á skírteinið, annaðhvort nákvæmlega tilgreind eða flokkuð á breiðum grundvelli, og/eða

c) um þau kerfi eða einingar rafeindabúnaðar loftfara sem rituð eru á skírteinið, annaðhvort nákvæmlega tilgreind eða flokkuð á breiðum grundvelli,

d) ef hann hefur kynnt sér viðeigandi upplýsingar og fyrirmæli, sem í gildi eru, um viðhald og lofthæfi þeirrar tilteknu tegundar loftfars, sem hann undirritar viðhaldsvottorð fyrir, eða fyrir þá skrokka, hreyfla, hluta loftfara, kerfi og rafeindabúnað sem hann staðfestir lofthæfan,

e) ef hann hefur á síðastliðnum 24 mánuðum annaðhvort nýtt viðeigandi réttinda flugvéltækni II. flokks ekki skemur en 6 mánuði eða ef hann hefur sannað flugmálastjórn að hann fullnægi kröfum til að öðlast réttindin.

4.1.3.

Réttindi veitt viðurkenndri viðhaldsstofnun.

Fyrirmælin í gr. 4.1.1. og 4.1.2. taka til veitingar skírteina til einstaklinga. Þegar í þess stað viðurkenndri viðhaldsstofnun eru veitt réttindi, hliðstæð þeim sem eru í gr. 4.1.2.1., skal þess gætt að með kröfum, sem gerðar eru til slíkrar stofnunar, sé tryggt að sömu hæfni sé krafist. Gæta skal þess þegar stofnun eru veitt slík réttindi að heimild til að undirrita viðhaldsvottorð sé takmörkuð við einstaklinga sem hafa þekkingu og reynslu samsvarandi því sem um getur í gr. 4.1.1.2. og 4.1.1.3.

4.2.

Flugvéltæknir — I. flokkur.

Aths. 1: Flugvéltæknir getur verið flugtæknifræðingur, flugverkfræðingur eða flugvirki. Í vissum tilvikum, sem varða rafeindabúnað loftfara, getur verið um radióvirkja eða aðilja með hliðstæða menntun að ræða.

Aths. 2: Eftirfarandi reglur gera ráð fyrir að hægt sé að gefa út skírteini flugvéltækna I. flokks sem veita réttindi, sem varða grannskoðanir, heimilaðar viðgerðir eða heimilaðar breytingar loftfara í heild sinni, eða réttindi takmörkuð við þá hluta loftfara sem skráð eru á skírteinið.

Aths. 3: Flugvirkjun er iðngrein á Íslandi og skírteini flugvéltækna I. flokks veita því handhöfum ekki réttindi til þess að vinna flugvirkjastörf, nema þeir séu einnig flugvirkjar.

4.2.1. *Skilyrði fyrir útgáfu skírteinisins.*

Umsækjandi um skírteini flugvéltækni I. flokks skal fullnægja eftirfarandi skilyrðum um aldur, þekkingu og menntun, reynslu og færni.

4.2.1.1. Aldur.

Hann skal ekki vera yngri en 21 árs.

4.2.1.2. Þekking og menntun.

4.2.1.2.1. Hann skal sanna þekkingu sína á eftirfarandi atriðum:

- a) reglum um skyldur handhafa skírteinis flugvéltækni I. flokks,
- b) samsetningu, starfsemi, skoðun og hönnun þeirra hluta sem við eiga og veita á réttindi fyrir:
 - i) loftfara í heild sinni,
 - ii) skrokka, þ.e. bola, vængja, stéla og stýra,
 - iii) hreyfla loftfara ásamt fylgihlutum þeirra,
 - iv) kerfa loftfara og eininga þeirra, v) mælitækja loftfara, og vi) rafeindabúnaðar loftfara.
- c) aðferðum og tilhögun við skoðanir og hvenær samþykkja skal viðgerðir, grannskoðanir og prófanir þeirra eftirtalinn hluta, sem við eiga og veita á réttindi fyrir:
 - i) loftfara í heild sinni,
 - ii) skrokka, þ.e. bola, vængja, stéla og stýra,
 - iii) hreyfla loftfara, þar með taldar víðeigandi einingar þeirra, búnaður, mælitæki og aðrir fylgihlutir, svo og ísetning þessara hluta,
 - iv) kerfa loftfara og eininga þeirra,
 - v) mælitækja loftfara, og vi) rafeindabúnaðar loftfara.

4.2.1.2.2. Hann skal hafa lokið:

- a) a.m.k. eins árs almennu námi að loknum grunnskóla, með fullnægjandi árangri að mati skólans, og hafa gott vald á íslensku máli,
- b) stúdentsprófi í ensku, stærðfræði og eðlisfræði eða öðru hliðstæðu námi að mati flugmálastjórnar.

Vafaatriðum um það, hvort fyrrgreindum menntunarkröfum er fullnægt, má vísa til menntamálaráðuneytis til úrskurðar.

4.2.1.3. Reynsla.

Hann skal hafa eftirfarandi reynslu í skoðunum, grannskoðunum, leyfðum viðgerðum og heimiludum breytingum á loftförum eða hlutum þeirra:

- a) til útgáfu skírteinis, sem veitir réttindi til að staðfesta loftför lofthæf, eigi minna en:
 - i) 5 ár, eða
 - ii) 3 ár ef umsækjandi hefur lokið með fullnægjandi árangri viðurkenndu þjálfunarnámskeiði sem veitir samsvarandi verklega reynslu.
- b) til útgáfu skírteinis með takmörkuðum réttindum, samkvæmt gr. 4.2.2.2.b) skal hann hafa reynslutíma sem gerir mönnum kleift að öðlast sömu hæfni og krafist er samkvæmt a). Þessi tími skal ekki vera styttri en:
 - i) 3 ár, eða
 - ii) sá tími, sem flugmálastjórn telur nauðsynlegan fyrir umsækjendur, sem lokið hafa viðurkenndu þjálfunarnámskeiði með fullnægjandi árangri, til að öðlast samsvarandi verklega reynslu.

Aths.: Viðeigandi reynsla, sem handhafi skírteinis II. flokks hefur aflað sér, koma til álitu sem fullnægjandi fyrir kröfur um reynslu til útgáfu skírteinis I. flokks.

4.2.1.4.

Færni.

Hann skal hafa sannað hæfni sína til að annast þau störf sem réttindin eru veitt til.

4.2.2.

Réttindi handhafa skírteinisins og skilyrði sem fullnægja þarf til að neyta þeirra.

4.2.2.1.

Að því tilskildu að fullnægt sé skilyrðum þeim sem um getur í gr. 4.2.2.2., hefur handhafi skírteinis flugvéltæknis I. flokks réttindi sem hér segir:

a) til skírteinis sem tekur til loftfara í heild sinni

— til að staðfesta loftfar lofthæft eftir sérhverja grannskoðun, heimilaða viðgerð eða heimilaða breytingu á loftfari, skrokk eða hreyfli, að meðtöldum aukabúnaði og mælitækjum, rafeindabúnaði og öðrum búnaði, svo og ísetningu þeirra. Áskilið er að við þessar grannskoðanir, viðgerðir og/eða breytingar verði eingöngu notaðir viðurkenndir varahlutir til endurnýjunar.

b) til skírteinis með takmörkuðum réttindum samkvæmt gr. 4.2.2.2.b)

— til að staðfesta lofthæfa þá hluta loftfars, sem skírteinið tekur til, eftir grannskoðun, heimilaða viðgerð eða heimilaða breytingu, þar með talin ísetning viðurkenndra varahluta.

Aths.: Í þessu felast ekki réttindi til að undirrita viðhaldsvottorð nema í samræmi við gr. 4.2.3.

4.2.2.2.

Réttindi handhafa skírteinis flugvéltæknis I. flokks, sem tilgreind eru í gr. 4.2.2.1., gilda aðeins:

- a) um þau verk og þau loftför í heild sem rituð eru á skírteinið annaðhvort nákvæmlega tilgreind eða flokkuð á breiðum grundvelli, eða
- b) um þau verk og þá skrokka loftfara, þá hreyfla, þau kerfi eða einingar og rafeindakerfi og hluta þeirra sem rituð eru á skírteinið, annaðhvort nákvæmlega tilgreind eða flokkuð á breiðum grundvelli,
- c) ef hann hefur kynnt sér allar viðeigandi upplýsingar og fyrirmæli sem í gildi eru um lofthæfi þeirrar tegundar loftfars, skrokks, hreyfils, kerfis eða hluta þess, svo og rafeindabúnaðar, sem hann staðfestir lofthæft eftir grannskoðun, heimilaða viðgerð eða heimilaða breytingu,
- d) ef hann hefur á síðastliðnum 24 mánuðum annaðhvort nýtt viðeigandi réttinda flugvéltæknis I. flokks ekki skemur en 6 mánuði eða ef hann hefur sannað flugmálastjórn að hann fullnægi kröfum til að öðlast réttindin.

4.2.3.

Veiting og neyting sameiginlegra réttinda I. flokks og II. flokks skírteinis.

Réttindi, sem skilgreind eru í gr. 4.1.2.1. og 4.2.2.1., má veita með einu skírteini í stað þess að gefa út sérstakt I. flokks og II. flokks skírteini enda hafi kröfum þeim, sem um getur í gr. 4.1.1. og 4.2.1., verið fullnægt. Réttinda, sem þannig eru veitt, skal neyta skv. gr. 4.1.2.2. og 4.2.2.2.

4.2.4.

Réttindi veitt viðurkenndri viðhaldsstofnun.

Fyrirmælin í gr. 4.2.1. og 4.2.2. taka til veitingar skírteina til einstaklinga. Þegar í þess stað viðurkenndri viðhaldsstofnun eru veitt réttindi, hliðstæð þeim, sem eru í gr. 4.2.2.1., skal þess gætt að með kröfum, sem gerðar eru til slíkrar stofnunar, sé tryggt að sömu hæfni sé krafist.

4.3. **Flugumferðarstjóri.**

4.3.1. *Skilyrði fyrir útgáfu skírteinisins.*

Umsækjandi um skírteini flugumferðarstjóra skal fullnægja eftirfarandi skilyrðum um aldur, þekkingu og menntun, reynslu, færni og heilbrigði, ásamt kröfum um a.m.k. eina flugumferðarstjórnaráritun, samkvæmt gr. 4.4.1., 4.4.2., 4.4.3. og 4.4.4. Flugmálastjórn er þó rétt að setja nánari reglur um töku prófa fyrir útgáfu skírteinis og áritana.

4.3.1.1. Aldur.

Hann skal ekki vera yngri en 21 árs.

4.3.1.2. Þekking og menntun.

4.3.1.2.1. Hann skal sanna þekkingu sína á eftirfarandi atriðum:

- a) íslensku og ensku til notkunar við flugumferðarstjórn og hæfni til að tala þau mál án hreims eða málfarslegra galla sem myndu hafa bagaleg áhrif á radióboðskipti,
- b) flugreglum eins og þær eru skráðar í ritum ICAO og flugmálastjórnar,
- c) venjum og starfsháttum við flugumferðarstjórn eins og frá þeim er greint í viðeigandi ICAO-ritum og íslenskum starfsreglum. Sérstaka áherslu skal leggja á stjórn IFR-umferðar,
- d) viðeigandi köflum úr ICAO-ritum er varða fjarskiptabúnað og fjarskiptaaðferðir, þar með talin orðasambönd og venjur í talstöðvarboðskiptum,
- e) undirstöðuatriðum í loftsíglingafræði, þar á meðal kunnátta í notkun hæðarmæla,
- f) viðeigandi gerðum flugleiðsögutækja að meðtöldum merkingum og ljósbúnaði ásamt notkun þeirra og takmörkunum,
- g) yfirlitskortum um veður, veðurskeytum og veðurspám svo að hann geti metið veður og veðurhorfur eftir þeim,
- h) getumörkum mismunandi tegunda loftfara, að því marki sem varðar flugumferðarstjórn, og
- i) undirstöðuatriðum radartækja, notkun þeirra og takmörkunum. 4.3.1.2.2. Hann skal hafa lokið stúdentsprófi eða öðru hliðstæðu námi að mati flugmálastjórnar.

Vafaatriðum um það, hvort fyrrgreindum menntunarkröfum er fullnægt, má vísa til menntamálaráðuneytis til úrskurðar.

4.3.1.3. Reynsla.

Hann skal hafa:

- a) nýlega starfað með fullnægjandi árangri í a.m.k. 12 mánuði sem flugmaður eða flugleiðsögumaður, eða
- b) starfað með fullnægjandi árangri í a.m.k. 9 mánuði við stjórn flugumferðar undir eftirliti fullgilds flugumferðarstjóra, eða
- c) lokið viðurkenndu þjálfunarnámskeiði með fullnægjandi árangri og starfað í a.m.k. 3 mánuði við stjórn flugumferðar undir eftirliti fullgilds flugumferðarstjóra.

Aths.: Reynsla sú, sem tilgreind er í gr. 4.4.1.2., 4.4.2.2., 4.4.3.2. og 4.4.4.3., má vera hluti reynslu þeirrar sem um getur í gr. 4.3.1.3.b) og c).

4.3.1.4. Heilbrigði.

Hann skal fullnægja heilbrigðiskröfum sem gerðar eru til útgáfu 3. flokks heilbrigðisvottorðs.

4.4. Áritanir á skírteini flugumferðarstjóra.

Áritanir á skírteini flugumferðarstjóra skulu vera fyrir flugturnsþjónustu, aðflugsstjórnarþjónustu, flugstjórnarsvæðisþjónustu og radarþjónustu. Skilyrði fyrir útgáfu áritana eru skráð í gr. 4.4.1., 4.4.2., 4.4.3. og 4.4.4. og réttindi þeirra eru tilgreind í gr. 4.4.5.

4.4.1. Skilyrði áritunar fyrir flugturnsþjónustu.

Umsækjandi um áritun skal fullnægja eftirfarandi kröfum um þekkingu, reynslu og færni í eftirfarandi atriðum að því er varðar flugvöll þann sem sótt er um áritun fyrir.

4.4.1.1. Þekking.

Hann skal sanna þekkingu sína á eftirfarandi atriðum:

- a) reglum sem gilda um flugvöllinn,
- b) flugleiðsögutækjum sem tiltæk eru innan hringlaga svæðis með 25 sjómílna geisla frá miðju flugvallarins,
- c) númerum, skammstöfunum og öðrum nauðsynlegum gögnum sem lúta að veðurfregnum, svo og sérkennum veðurfars á flugvellinum og í nánd hans,
- d) sérkennum flugumferðar við flugvöllinn,
- e) samstarfi flugumferðarstjórnar vallarins við aðrar flugumferðarþjónustudeildir, eins og við á,
- f) umhverfi flugvallarins og kennileitum,
- g) reglum, sem gilda á staðnum, um notkun og athuganir á brautarskyggni (RVR), eins og við á, og
- h) reglum, sem gilda á staðnum, um neyðarráðstafanir.

4.4.1.2. Reynsla.

- a) Hann skal hafa lokið með fullnægjandi árangri viðurkenndu þjálfunarnámskeiði og starfað með fullnægjandi árangri undir stjórn fullgilds flugumferðarstjóra ekki skemur en einn mánuð á síðustu 12 mánuðum fyrir umsókn, eða
- b) ef viðurkenndu þjálfunarnámskeiði hefur ekki verið lokið skal starfsreynslan undir stjórn fullgilds flugumferðarstjóra hafa verið a.m.k. 6 mánuðir á síðustu 12 mánuðum fyrir umsókn, eða
- c) ef umsækjandi hefur þegar skírteini flugumferðarstjóra með áritun fyrir aðflugsstjórnarþjónustu eða flugstjórnarsvæðisþjónustu skal starfsreynslutíminn ekki vera skemmri en 1 mánuður.

4.4.1.3. Færni.

Hann skal hafa sannað hæfni sína til að annast þau störf sem réttindin eru veitt til.

4.4.2. Skilyrði áritunar fyrir aðflugsstjórnarþjónustu.

Umsækjandi um áritun skal fullnægja eftirfarandi kröfum um þekkingu, reynslu og færni í eftirfarandi atriðum að því er varðar flugvöll þann eða flugvelli þá sem sótt er um áritun fyrir.

4.4.2.1. Þekking.

Hann skal sanna þekkingu sína á eftirfarandi atriðum:

- a) staðbundnum reglum um aðflug að flugvöllum og um flugstjórnarsvið,
- b) flugleiðsögutækjum innan og í nánd við það svæði sem hann er ábyrgur fyrir,

- c) númerum, skammstöfunum og öðrum nauðsynlegum gögnum sem lúta að veðurfregnum, svo og sérkennum veðurfars sem líkleg eru að hafa áhrif í svæðinu sem hann er ábyrgur fyrir,
- d) sérkennum flugumferðar í svæðinu,
- e) rafeindabúnaði sem notaður er við flugumferðarstjórn,
- f) samstarfi aðflugsstjórnarinnar við aðrar flugumferðarþjónustudeildir, eins og við á,
- g) landslagi og kennileitum,
- h) reglum, sem gilda á staðnum, um notkun og athuganir á brautarskyggni (RVR) eins og við á,
- i) aðferðum við leitar- og björgunarþjónustu og búnaði, sem hana varðar,
- j) reglum, sem gilda á staðnum, um neyðarráðstafanir, og
- k) aðferðum við biðflug, aðflug, fráhrarfsflug og brottflug í blindflugsskilyrðum.

4.4.2.2. Reynsla.

- 4.4.2.2.1. a) Hann skal hafa lokið með fullnægjandi árangri viðurkenndu þjálfunarnám-skeiði og starfað með fullnægjandi árangri undir stjórn fullgilds flugumferðarstjóra ekki skemur en 3 mánuði á síðustu 12 mánuðum fyrir umsókn, eða
- b) ef viðurkenndu þjálfunarnámsskeiði hefur ekki verið lokið skal starfsreynslan undir stjórn fullgilds flugumferðarstjóra hafa verið a.m.k. 6 mánuðir á síðustu 12 mánuðum fyrir umsókn, eða
- c) ef umsækjandi hefur þegar skírteini flugumferðarstjóra með áritun fyrir flugturnsþjónustu eða flugstjórnarsvæðiþjónustu skal starfsreynslutíminn undir stjórn fullgilds flugumferðarstjóra ekki vera skemmri en 2 mánuðir.
- 4.4.2.2.2. Flugmálastjórn ákveður eftir aðstæðum hverju sinni hve mikil staðbundin reynsla er nauðsynleg til að öðlast áritun fyrir aðflugsstjórnarþjónustu á nýjum stað.

4.4.2.3. Færni.

Hann skal hafa sannað hæfni sína til að annast þau störf sem réttindin eru veitt til.

4.4.3. Skilyrði áritunar fyrir flugstjórnarsvæðiþjónustu.

Umsækjandi um áritun skal fullnægja eftirfarandi kröfum um þekkingu, reynslu og færni í eftirfarandi atriðum að því er varðar flugstjórnarsvæði það sem sótt er um áritun fyrir.

4.4.3.1. Þekking.

Hann skal sanna þekkingu sína á eftirfarandi atriðum:

- a) flugleiðsögutækjum innan og í nánd við flugstjórnarsvæðið,
- b) gögnum um veðurupplýsingar og sérkennum veðurfars sem líkleg eru til að hafa áhrif á svæðinu sem hann er ábyrgur fyrir,
- c) flugvöllum og flugumferðarskilyrðum,
- d) samstarfi flugstjórnarmiðstöðvarinnar við aðrar flugumferðarþjónustudeildir,
- e) viðeigandi atriðum um fjarskiptastöðvar, þar með talið hver tíðni þeirra og starfshættir eru,
- f) landslagi og kennileitum,
- g) aðferðum við leitar- og björgunarþjónustu og búnaði sem hana varðar, og
- h) aðferðum við biðflug, aðflug, fráhrarfsflug og brottflug í blindflugsskilyrðum.

4.4.3.2. *Reynsla.*

- a) Hann skal hafa lokið með fullnægjandi árangri viðurkenndu þjálfunarnám-skeiði og starfað með fullnægjandi árangri undir stjórn fullgilds flugumferð-arstjóra ekki skemur en 3 mánuði á síðustu 12 mánuðum fyrir umsókn, eða
- b) ef viðurkenndu þjálfunarnám-skeiði hefur ekki verið lokið skal starfs-reynslan undir stjórn fullgilds flugumferðarstjóra hafa verið a.m.k. 6 mánuðir á síðustu 12 mánuðum fyrir umsókn, eða
- c) ef umsækjandi hefur þegar skírteini flugumferðarstjóra með áritun fyrir flugturnsþjónustu eða aðflugstjórnarþjónustu skal starfsreynslutíminn undir stjórn fullgilds flugumferðarstjóra ekki vera skemmri en 2 mánuðir.

4.4.3.3. *Færni.*

Hann skal hafa sannað hæfni sína til að annast þau störf sem réttindi eru veitt til.

4.4.4. *Skilyrði fyrir radaráritun.*

Umsækjandi skal hafa fullgilt skírteini flugumferðarstjóra, sbr. gr. 4.3.1., með þeirri áritun sem krafist er til þeirra starfa sem hann á að leysa af hendi. Hann skal fullnægja kröfum um þekkingu, skv. gr. 4.4.4.2., og reynslu, skv. gr. 4.4.4.3., um flugvöll þann eða flugvelli þá og flugstjórnarsvæði, sem áritunar er óskað fyrir, með hliðsjón af þeim radar sem nota skal.

Aths. 1: Þessar kröfur gera ráð fyrir að umsækjandi hafi viðeigandi áritun fyrir flugturnsþjónustu, aðflugstjórnarþjónustu eða flugstjórnarsvæðisþjónustu í samræmi við þá radarumsjón sem honum er falin.

Aths. 2: Þetta ber ekki að skilja svo að radaráritun geti ekki verið innifalin í áritun fyrir flugturnsþjónustu, aðflugstjórnarþjónustu eða flugstjórnar-svæðisþjónustu.

4.4.4.1. *Radaráritun skiptist í áritanir fyrir PAR-aðflugsradar, SRE-aðflugsradar og svæðisradar.*4.4.4.2. *Þekking.*

Hann skal sanna þekkingu sína á eftirfarandi atriðum:

- a) aðferðum til að tryggja rétta hæð yfir jörðu, þar með taldar viðeigandi ATS-flugleiðir og hindranalágmark sem við eiga,
- b) sérkennum og flughæfni mismunandi tegunda loftfara, að því er varðar radarflugstjórn,
- c) grundvallaratriðum radartækni,
- d) sérkennum hlutaðeigandi radartækja, notkun þeirra og takmörkunum, þar með taldar takmarkanir vegna landslags, veðurskilyrða og annarra atriða sem hafa áhrif á starfsemi þeirra,
- e) samstarfi innan flugumferðarþjónustudeildarinnar og við aðrar slíkar deildir, hvort sem þær eru búnar radar eða ekki,
- f) aðferðum við radarskírkenningu loftfara, eins og við á, og
- g) aðferðum við radarflugstjórn, þar með talið aðflug, fráhrarfsflug, brottflug og leiðarflug, eins og við á.

4.4.4.3. *Reynsla.*

- a) Hann skal hafa lokið með fullnægjandi árangri viðurkenndu þjálfunarnám-skeiði og starfað með fullnægjandi árangri undir stjórn fullgilds flugumferð-arstjóra sem hefur radarréttindi, ekki skemur en 1 mánuð á síðustu 12 mánuðum fyrir umsókn, eða

- b) hann skal hafa starfað með fullnægjandi árangri undir stjórn fullgilds flugumferðarstjóra, sem hefur radarréttindi, eigi skemur en 3 mánuði á síðustu 12 mánuðum fyrir umsókn, að því tilskildu að
- i) ef umsækjandi á að starfa við PAR-aðflugsradar skal reynsla hans skv. lið a) eða b) fela í sér a.m.k. 200 slík aðflug. Af þeim skulu ekki vera fleiri en 100 í viðurkenndu þjálfunartæki og a.m.k. 50 leyst af hendi með PAR-aðflugsradar á þeim flugvelli þar sem umsækjandi hyggst starfa,
 - ii) ef umsækjandi á að starfa við SRE-aðflugsradar skal reynsla skv. lið a) fela í sér a.m.k. 25 hringsjáraðflug (PPI) eða skv. lið b) fela í sér a.m.k. 50 hringsjáraðflug (PPI). Við öll aðflugin skulu hafa verið notuð sams konar radartæki og það sem sótt er um réttindi fyrir.
- Aths.: Kröfur þær um reynslu, sem tilgreindar eru í gr. 4.4.4.3., má telja sem hluta af þeirri reynslu sem tekin er til greina og um getur í gr. 4.4.2.2.c).

4.4.4.4. Færni.

Hann skal hafa sannað hæfni sína til að annast þau störf sem réttindi eru veitt til.

4.4.5. *Réttindi handhafa skírteinis flugumferðarstjóra og skilyrði sem fullnægja þarf til að neyta þeirra.*

4.4.5.1. Að því tilskildu, að fullnægt sé kröfum þeim sem um getur í gr. 1.2.5. og 1.2.6., eru réttindi handhafa skírteinis flugumferðarstjóra, sem hefur eina eða fleiri eftirtalinna áritana, svo sem hér greinir.

4.4.5.1.1. Áritun fyrir flugturnsþjónustu.

Að annast eða hafa í sinni umsjá flugturnsþjónustu á þeim flugvelli sem hann hefur áritun fyrir, að því tilskildu að hann hafi kynnt sér allar upplýsingar sem máli skipta og í gildi eru.

4.4.5.1.2. Áritun fyrir aðflugsstjórnarþjónustu.

Að annast eða hafa í sinni umsjá aðflugsstjórnarþjónustu við flugvöll eða flugvelli þá, sem hann hefur áritun fyrir, í því loftrými eða á tilteknum hluta þess sem flugmálastjórn hefur ákveðið að heyrri undir hlutaðeigandi aðflugsstjórnarþjónustudeild enda hafi hann kynnt sér allar upplýsingar sem máli skipta og í gildi eru.

4.4.5.1.3. Áritun fyrir flugstjórnarsvæðisþjónustu.

Að annast eða hafa í sinni umsjá þjónustu á því flugstjórnarsvæði eða á tilteknum hluta þess sem hann hefur áritun fyrir enda hafi hann kynnt sér allar upplýsingar sem máli skipta og í gildi eru.

4.4.5.1.4. Radaráritun.

Að annast eða hafa í sinni umsjá stjórn flugumferðar sem hann hefur áritun fyrir, með

- a) notkun tilgreinds PAR-aðflugsradars á ákveðnum flugvelli,
- b) notkun tilgreinds SRE-aðflugsradars til aðflugsstjórnar í loftrými tilgreindrar aðflugsstjórnardeildar,
- c) notkun tilgreinds svæðisradars til umferðarstjórnar í loftrými tilgreindrar flugstjórnarmiðstöðvar.

- 4.4.5.2. Gildistími áritana.
 Áritun fellur úr gildi þegar flugumferðarstjóri hefur ekki starfað samkvæmt henni á 6 mánaða tímabili. Hafi áritun fallið úr gildi getur flugumferðarstjóri endurnýjað hana með því að standast sérstakt hæfnipróf (S-PT). Hann skal einnig standast hæfnipróf (PT) fyrir áritun þá, sem hann starfar eftir, eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti.
- 4.5. **Flugumsjónarmaður.**
- 4.5.1. *Skilyrði fyrir útgáfu skírteinisins.*
 Umsækjandi um skírteini flugumsjónarmanns skal fullnægja eftirfarandi kröfum um aldur, þekkingu og menntun, reynslu og færni.
- 4.5.1.1. Aldur.
 Hann skal ekki vera yngri en 21 árs.
- 4.5.1.2. Þekking og menntun.
- 4.5.1.2.1. Hann skal sanna þekkingu sína á eftirfarandi atriðum að því marki sem réttindi hans gefa tilefni til:
- a) gerð flugáætlana fyrir flugumferðarþjónustu og rekstrarflugáætlana, þar með talinn útreikningur á þyngdarpunkti, eldsneytiseyðslu og flugþoli ásamt vali á varaflugvöllum,
 - b) notkun upplýsingarita um flug, svo sem flugmálahandbóka AIP, NOTAM, lykla og skammstafana,
 - c) reglum og reglugerðarákvæðum um loftflutninga,
 - d) venjum og starfsháttum við flugumferðarstjórn sem varða starf flugumsjónarmanna,
 - e) flugveðurfræði,
 - f) notkun og takmörkunum hæðarmæla, einkanlega mismunandi stillingum þeirra,
 - g) grundvallaratriðum um flugleiðsögu, sérstaklega á flugrekstri við blindflugsskilyrði,
 - h) aðferðum við að fylgjast með flugi, og
 - i) fjarskiptaadferðum við loftför og víðeigandi farþjónustustöðvar.
- 4.5.1.2.2. Hann skal hafa lokið:
- a) a.m.k. eins árs almennu námi að loknum grunnskóla, með fullnægjandi árangri að mati skólans, og hafa gott vald á íslensku máli,
 - b) stúdentsprófi í ensku, stærðfræði og eðlisfræði eða öðru hliðstæðu námi að mati flugmálastjórnar.
- Vafaatriðum um það, hvort fyrrgreindum menntunarkröfum er fullnægt, má vísa til menntamálaráðuneytis til úrskurðar.
- 4.5.1.3. Reynsla.
- 4.5.1.3.1. Hann skal hafa á síðustu 3 árum fyrir umsókn lokið tveggja ára starfi í einhverri einni eða fleiri en einni eftirtalinna starfsgreina enda hafi hann verið starfsmaður í einhverri þeirra ekki skemur en 1 ár:
- a) flugmaður í loftflutningum,
 - b) flugleiðsögumaður í loftflutningum,
 - c) flugloftskeytamaður í loftflutningum,

- d) veðurfræðingur í sambandi við flugrekstur,
 e) flugumferðarstjóri eða tæknilegur umsjónarmaður með flugumsjón flugfélags sem rekur loftflutningastarfsemi, eða
- 4.5.1.3.2. hann skal hafa starfað sem aðstoðarmaður við flugumsjón með loftflutningum eigi skemur en 1 ár á síðustu 2 árum fyrir umsókn, eða
- 4.5.1.3.3. hann skal hafa lokið viðurkenndu þjálfunarnámskeiði með fullnægjandi árangri.
- 4.5.1.3.4. Umsækjandi, sem fullnægir settum skilyrðum, samkvæmt gr. 4.5.1.3.1., 4.5.1.3.2. og 4.5.1.3.3., skal hafa starfað sem flugumsjónarmaður undir eftirliti flugumsjónarmanns með réttindum eigi skemur en 90 daga á síðustu 6 mánuðum fyrir umsókn.
- 4.5.1.4. Færni.
 Hann skal sanna hæfni sína til að:
- a) gera á fullnægjandi hátt, á grundvelli daglegra veðurkorta og veðurskeyta, grein fyrir ríkjandi veðurfari á tiltekinni flugleið eða í námunda við hana og segja fyrir veðurbreytingar, sem varða loftflutninga, með sérstakri hliðsjón af tilteknum flugvöllum,
- b) ákvarða æskilegustu flugleið,
- c) annast flugumsjón og alla aðra aðstoð við flug í óhagstæðum skilyrðum, svo sem handhafa skírteinis flugumsjónarmanns sæmir.
- 4.5.2. *Réttindi handhafa skírteinisins og skilyrði sem fullnægja þarf til að neyta þeirra.*
- 4.5.2.1. Að því tilskildu að fullnægt sé skilyrðum þeim, sem um getur í gr. 1.2.5., eru réttindi handhafa skírteinis flugumsjónarmanns þau að starfa sem flugumsjónarmaður á hverju því svæði sem hann fullnægir lágmarkskröfum fyrir, að því tilskildu að hann haldi við hæfni þeirri sem um getur í ICAO, viðbæti 6.
- 4.5.2.2. Til þess að halda réttindum sínum skal handhafi skírteinis flugumsjónarmanns hafa starfað sem slíkur a.m.k. 6 mánuði á síðustu 24 mánuðum eða hafa staðist sérstakt hæfnipróf (S-PT) sem flugmálastjórn tekur gilt.
- 4.6. **Flugradiómaður.**
- 4.6.1. *Skilyrði fyrir útgáfu skírteinisins.*
- 4.6.1.1. Umsækjandi um skírteini flugradiómans skal fullnægja eftirfarandi skilyrðum um aldur, þekkingu, reynslu og færni. Einstaklingur má þó starfa sem flugradiómaður án þess að hafa skírteini enda fullnægi hann engu að síður kröfum þessum.
- Aths. 1: Samkvæmt ICAO viðbæti 10 er „Flugradió“ skilgreint sem radióstöð á landi sem veitir loftförum farstöðvarþjónustu. Í sérstökum tilvikum getur flugradióstöð verið um borð í skipi eða í gervitungli.
- Aths. 2: Flugumferðarstjóra, sem fullnægja kröfum í gr. 4.3.1., má telja fullnægja kröfum þessum.
- 4.6.1.2. Aldur.
 Hann skal ekki vera yngri en 18 ára.
- 4.6.1.3. Þekking.
 Hann skal sanna þekkingu sína á eftirfarandi atriðum:
- a) undirstöduatriðum í skipulagi talstöðvarkerfis sem notað er við flug,
 b) séreinkennum hátíðni og notkun mismunandi tíðniflokka,

- c) mælitækjum, ICAO-stafrófinu og orðasamböndum sem notuð eru í farstöðvarboðskiptum,
- d) táknmáli og skammstöfunum sem notaðar eru,
- e) skipulagi fastastöðvarþjónustunnar sem tengd er farstöðvarþjónustunni. Sérstaka áherslu skal leggja á nauðsyn skjótrar og tafarlausrar sendingar skilaboða til loftfara og frá þeim,
- f) starfsaðferðum ICAO við fjarskipti, þróun og beitingu þeirra. Áhersla skal lögð á hvernig bregðast skuli við í neyðartilvikum,
- g) íslensku og ensku, þar sem þess er þörf, án hreims eða málgalla sem myndu spilla fyrir radióboðskiptum, og
- h) almennum skilningi á flugumferðarþjónustu.

4.6.1.4. Reynsla.

Hann skal hafa:

- a) lokið með fullnægjandi árangri viðurkenndu námskeiði á síðustu 12 mánuðum fyrir umsókn og hafa starfað með fullnægjandi árangri undir stjórn fullgilds flugradiómanss eigi skemur en 2 mánuði, eða
- b) starfað með fullnægjandi árangri undir stjórn fullgilds flugradiómanss eigi skemur en 6 mánuði á síðustu 12 mánuðum fyrir umsókn.

4.6.1.5. Færni.

Hann skal sýna eða hafa sýnt hæfni sína í að:

- a) meðhöndla og hagnýta venjuleg sendi- og móttökutæki sem í notkun eru,
- b) leysa af hendi daglegt eftirlit og skoðanir á radiótækjum sem hann notar. Skoðanir þessar skulu vera svo nákvæmar að hann geti fundið og gert við bilanir sem algengastar eru enda þurfi ekki sérhæft tæki til viðgerðanna,
- c) senda talskeyti, beita rétttri senditækni, hafa góðan og skýran framburð,
- d) taka á móti talskeytum, og þar sem það er nauðsynlegt, skrá radiómerki og skeyti jafnhraðan á ritvél.

4.6.1.5.1. Ef óskað er eftir auknum réttindum, sem taka til símrítunar, skal umsækjandi sanna eða hafa sannað hæfni sína í að:

- i) senda og taka á móti hljóðmerkjum hins alþjóðlega morsekerfis (stafir, tákn og punktamerki) á hraða sem er ekki minni en 16 samstæður á mínútu og í mæltu máli á hraða sem er ekki minni en 20 orð á mínútu. Táknasamstæður skulu að jafnaði hafa 5 stafir hver. Tölustafur og greinarmerki teljast 2 stafir. Í mæltu máli skulu að jafnaði vera 5 stafir í orði. Sérhvert próf skal vara eigi skemur en 5 mínútur, og
- ii) meðhöndla og stilla stjórn tæki venjulegs símrítubúnaðar flugradióstöðvar.

4.6.2. Réttindi fullgilds flugradiómanss og skilyrði sem fullnægja þarf til að neyta þeirra.

4.6.2.1. Að því tilskildu að fullnægt sé skilyrðum þeim, sem um getur í gr. 1.2.5. og 4.6.2.2., eru réttindi fullgilds flugradiómanss þau að starfa sem slíkur í flugradióstöð, að því tilskildu að hann hafi kynnt sér allar tiltækar upplýsingar sem máli skipta um tækjabúnað og tækni sem notuð er í hlutaðeigandi flugradióstöð.

4.6.2.2. Ef þekking og hæfni umsækjanda hefur einnig verið sannreynð að því er varðar símrítun þá má flugmálastjórn með áritun auka réttindi skírteinishafa þannig að þau nái einnig til þess að hagnýta símríta. Handhafi slíks skírteinis má hagnýta morslykla jafnt og talstöðvartæki í flugradióstöð.

V. KAFLI
GERÐ SKÍRTEINA

- 5.1. **Skírteini útgefin af flugmálastjórn.**
Skírteini, útgefin af flugmálastjórn samkvæmt þessari reglugerð, skulu gerð í samræmi við eftirfarandi ákvæði.
- 5.1.1. *Atriði.*
Eftirfarandi atriði skulu koma fram á skírteininu:
- I. Nafn ríkisins (feitu letri).
 - II. Tegund skírteinisins (mjög feitu letri).
 - III. Númer skírteinisins með arabískum tölustöfum.
 - IV. Fullt nafn skírteinishafa.
 - V. Heimilisfang skírteinishafa.
 - VI. Þjóðerni skírteinishafa.
 - VII. Eiginhandarundirskrift skírteinishafa.
 - VIII. Útgefandi skírteinisins og, ef nauðsynlegt er, með hvaða skilyrðum skírteinið er útgefið.
 - IX. Ákvæði um gildistíma og réttindi skírteinishafa.
 - X. Undirskrift fulltrúa flugmálastjórnar og dagsetning útgáfu skírteinisins.
 - XI. Stimpill flugmálastjórnar.
 - XII. Áritanir, þ.e. flokksáritanir, tegundaráritanir, radaráritanir o.s.frv.
 - XIII. Athugasemdir, þ.e. sérstakar athugasemdir um takmörkun réttinda og aukin réttindi.
 - XIV. Sérhver önnur atriði er flugmálastjórn æskir.
- 5.1.2. *Efni.*
Í skírteinin skal notaður úrvals pappír eða annað hentugt efni og atriðin sem talin eru í 5.1.1. skulu sjást þar greinilega.
- 5.1.3. *Litur.*
- 5.1.3.1. Grunnlitur allra skírteina skal vera hvítur.
- 5.1.3.2. Sérhver tegund skírteina er einkennd ákveðnum lit, á eftirfarandi hátt:
- a) Einkaflugmaður/flugvél — ljósbrún rönd.
 - b) Atvinnuflugmaður III. flokks/flugvél — ljósblá rönd.
 - c) Atvinnuflugmaður II. flokks/flugvél — dökkblá rönd.
 - d) Atvinnuflugmaður I. flokks/flugvél — dökkgræn rönd.
 - e) Flugleiðsögumaður — rauð rönd.
 - f) Flugvélstjóri — brún rönd.
 - g) Svifflugmaður — bleik rönd.
 - h) Stjórnandi frjáls loftbelgs — fjólublá rönd.
 - i) Einkaflugmaður/pyrlla — ljósgrá rönd.
 - j) Atvinnuflugmaðir III. flokks/pyrlla — dökkgrá rönd.
 - k) Atvinnuflugmaður I. flokks/pyrlla — tvær dökkgráar rendur.
 - l) Flugvéltæknir II. flokks — rauðbrún rönd.
 - m) Flugvéltæknir I. flokks — rauðbrún rönd.
 - n) Flugumferðarstjóri — gul rönd.
 - o) Flugumsjónarmaður — ljósgræn rönd.
 - p) Flugradíómaður — tvær eða fleiri rauðgular rendur.

- 5.1.4. *Tungumál.*
Öll skírteini, nema flugnemaskírteini, skulu prentuð á íslensku og ensku.
- 5.1.5. *Stærð og niðurröðun atriða.*
- 5.1.5.1. Niðurröðun atriða.
Atriði skulu tölusett rómverskum tölustöfum eins og segir í gr. 5.1.1. og í samræmi við nefnda grein. Niðurröðun má vera sú er best þykir henta en samræmi skal vera milli hinna ýmsu gerða skírteina.
- 5.1.5.2. Stærð.
Stærðin skal vera íslenskur staðall A-7.

VI. KAFLI

ÁKVÆÐI UM HEILBRIGÐI VEGNA ÚTGÁFU SKÍRTEINA

- Aths. 1: Leiðbeiningar til afnota fyrir flugmálastjórn og trúnaðarlækna hennar eru gefnar út sérstaklega og er þær að finna í gildandi útgáfu ICAO af „Manual of Civil Aviation Medicine“ (Doc 8984-AN/895).
- Aths. 2: Ögerningur er að rekja staðla þessa í smáatriðum þannig að þeir nái yfir öll einstök tilvik. Hljóta því margar ákvarðanir, sem varða mat á heilbrigði, að vera háðar dómgreind og persónulegu mati hlutað-eigandi trúnaðarlæknis. Þess vegna verður að grundvalla matið á nákvæmri læknisskoðun í samræmi við strangar og almennar kröfur lækna. Tilhlýðilega hliðsjón verður að hafa af réttindum þeim, sem skírteini það veitir, sem sótt er um eða umsækjandi hefur, og þeim skilyrðum, sem hann vinnur við er hann neytir réttinda sinna við skyldustörf sín.
- Aths. 3: Athygli er vakin á ákvæðum í gr. 1.2.4.8. er varða viðurkennt læknisfræðilegt mat.

6.1. **Heilbrigðisvottorð — almennt.**

6.1.1. *Flokkar heilbrigðisvottorða.*

Flokkar heilbrigðisvottorða skulu vera þrír svo sem hér segir:

a) 1. flokks heilbrigðisvottorð

á við umsækjendur um eftirfarandi skírteini og handhafa þeirra:

- skírteini atvinnuflugmanns III. fl./flugvél og þyrta
- skírteini atvinnuflugmanns II. fl./flugvél
- skírteini atvinnuflugmanns I. fl./flugvél og þyrta
- skírteini flugleiðsögumans
- skírteini flugvélstjóra

b) 2. flokks heilbrigðisvottorð

á við umsækjendur um eftirfarandi skírteini og handhafa þeirra:

- skírteini einkaflugmanns/flugvél og þyrta
- skírteini sviffflugmanns
- skírteini stjórnanda loftbelgs

c) 3. flokks heilbrigðisvottorð
á við umsækjendur um eftirfarandi skírteini og handhafa þeirra:
—skírteini flugumferðarstjóra.

6.1.2. *Umsækjandi um heilbrigðisvottorð skal láta trúnaðarlækni í té yfirlýsingu, sem hann hefur sjálfur undirritað, um heilsufar sitt og fjölskyldu sinnar, svo og um arfgenga sjúkdóma innan fjölskyldunnar. Athygli umsækjanda skal vakin á nauðsyn þess að yfirlýsing þessi sé eins fullkomin og nákvæm og vitneskja hans leyfir og að farið verði með rangar upplýsingar í samræmi við gr. 1.2.4.5.1.*

6.1.3. *Læknir sá, sem sér um skoðunina, skal tilkynna flugmálastjórn sérhvert tilvik þar sem umsækjandi stenst ekki að hans mati einhverjar kröfur, hvort sem þær eru tilgreindar í tölum eða á annan hátt, og mat læknisins er að þótt umsækjandi neyti réttinda skírteinis þess, sem hann sækir um eða hefur, sé ekki líklegt að það stofni flugöryggi í hættu (1.2.4.8.).*

6.1.4. *Sömu kröfur eru gerðar um endurnýjun heilbrigðisvottorða og um fyrstu útgáfu þeirra nema annað sé sérstaklega tekið fram.*
Aths.: Tímabil milli reglubundinna læknisskoðana til þess að endurnýja heilbrigðisvottorð eru skilgreind í gr. 1.2.5.2.

6.2. **Skilyrði fyrir heilbrigðisvottorði.**

6.2.1. *Almennt.*

Umsækjandi um heilbrigðisvottorð, sem gefið er út samkvæmt ákvæðum í gr. 1.2.4.1., skal gangast undir læknisskoðun, þar sem stuðst er við kröfur um eftirfarandi atriði:

- a) líkamshreysti og andlega heilbrigði,
- b) sjón- og litaskynjun, og
- c) heyrn.

6.2.2. *Kröfur um líkamshreysti og andlega heilbrigði.*

Umsækjendur um alla flokka heilbrigðisvottorða skulu vera lausir við:

- a) hvers konar afbrigðileika, meðfæddan eða ákominn, eða
- b) hvers konar virka, dulda, bráða eða langvinna vanhæfi, eða
- c) hvers konar sár, áverka eða eftirstöðvar aðgerða sem gætu haft í för með sér svo verulega óhæfi að líkindi væru til að truflað gæti örugga stjórn loftfars eða örugga framkvæmd skyldustarfa.

6.2.3. *Kröfur um sjón.*

Þær aðferðir, sem notaðar eru við mælingu sjónskerpu geta hæglega haft í för með misjafnt mat. Til að ná heildarsamræmi skal gæta þess að innbyrðis samkvæmni ríki í mati á mismunandi aðferðum.

6.2.3.1. Við sjónskerpupróf skal eftirfarandi haft í huga:

- a) Til sjónskerpuprófs í upplýstu herbergi skal notaður um það bil 50 lúxa ljósstyrkleiki en hann samsvarar 30 kandelum á fermetra. Ljósstyrkleiki herbergisins ætti að vera um það bil 1/5 af þeim ljósstyrkleika sem notaður er við mælingu.

- b) Til sjónskerpuþrófs í dimmu eða rökkvuðu herbergi skal notaður 15 lúxa ljósstyrkleiki en hann samsvarar að jafnaði 10 kandelum á fermetra.
- c) Sjónskerpa er mæld með röð af sjónspjöldum Landolts eða öðrum sjónspjöldum líkum þeim. Skulu þau vera í 6 m fjarlægð frá umsækjanda, eða 5 m, eftir því sem á við prófunaraðferðina.

6.2.4. *Kröfur um litaskynjun.*

Flugmálastjórn skal nota skoðunaraðferðir sem tryggja örugga prófun litaskynjunnar.

6.2.4.1. Þess skal krafist að umsækjandi geti hæglega skynjað þá liti sem nauðsynlegt er að hann skynji til þess að geta leyst skyldustörf sín vel og örugglega af hendi.

6.2.4.2. Prófa skal hæfi umsækjanda til að þekkja rétta röð af samlitum plötum (töflum) í dagsljósi eða í gerviljósi, sem hefur sama lithitastig og ljósgjafar „C“ og „D“ sem skilgreindir eru af „International Commission on Illumination“ (ICI).

6.2.4.2.1. msækjandi, sem stenst þær kröfur er flugmálastjórn setur, skal teljast hæfur. Samt sem áður má telja umsækjanda hæfan þótt hann standist ekki slíkt próf ef hann getur hæglega þekkt ljósmerki notuð í flugi sem stafa frá viðurkenndum litaskynjunarlampa.

6.2.5. *Kröfur um heyrn.*

Kröfur um heyrn eru gerðar til viðbótar við þær eyrnaskoðanir sem gerðar eru við læknisskoðun samkvæmt kröfum um líkamshreysti og andlega heilbrigði.

6.2.5.1.1. Þess skal krafist að umsækjandi sé laus við hvers konar heyrnargalla sem mundu hamla því að hann gæti með öryggi gegnt þeim skyldustörfum sem skírteinið veitir honum rétt til.

Aths. 1: Viðmiðunarnúllið til stillingar hreintónsheyrnarmælis þess, sem notaður er samkvæmt gr. 6.3.4.1. og gr. 6.5.4.1., er hið sama og hjá „International Organization for Standardization“ (Recommendation R389, 1964).

Aths. 2: Hæfilegt tíðnisvið hávaða þess, sem getið er í gr. 6.3.4.1. a) og gr. 6.5.4.1. a), er 600 — 4800 Hz.

Aths. 3: Í vali samtalsefnis skal ekki aðeins notast við efni er varðar flugstörf. Skrá um orð, sem hafa eðlilegt hljóðafar, er notuð með góðum árangri í mörgum löndum.

Aths. 4: Stofa, sem hljótt er í og notuð er til heyrnarprófunar, er herbergi þar sem styrkleiki umhverfishávaða er minni en 50 dB mælt á hljóðstyrksmæli sem stilltur er á „hægt“ við „A“ álag.

Aths. 5: Með hliðsjón af kröfum um heyrn skal athygli vakin á hljóðstyrkleika meðalsterkrar samtalsraddar en hann er á bilinu 85 dB til 95 dB.

6.3. **1. flokks heilbrigðisvottorð.**

6.3.1. *Útgáfa og endurnýjun vottorðs.*

6.3.1.1. Umsækjandi um skírteini atvinnuflugmanns I., II. og III. flokks/flugvél eða þyrlla, skírteini flugvélstjóra eða skírteini flugleiðsögumans skal gangast undir læknisskoðun fyrir útgáfu 1. flokks heilbrigðisvottorðs.

6.3.1.2. Ef annað er ekki tekið fram í þessum kafla þá skulu handhafar skírteina atvinnuflugmanns I., II. og III. flokks/flugvél eða þyrlla, skírteina flugvélstjóra

eða skírteina flugleiðsögumanns endurnýja 1. flokks heilbrigðisvottorð sín ekki sjaldnar en greint er í gr. 1.2.5.2.

6.3.1.3. Þegar flugmálastjórn getur sannprófað að kröfum þessa kafla og almennum ákvæðum í gr. 6.1. og 6.2. er fullnægt skal gefa út 1. flokks heilbrigðisvottorð umsækjanda til handa.

6.3.2. *Kröfur um líkamshreysti og andlega heilbrigði.*

Læknisskoðunin skal miðuð við eftirfarandi kröfur.

6.3.2.1. Umsækjandi má ekki þjást af nokkrum sjúkdómi eða vanhæfi til starfa sem gætu stuðlað að því að hann yrði skyndilega ófær um að stjórna loftfari örugglega eða vinna skyldustörf sín af öryggi.

6.3.2.2. Í sjúkrasögu eða við læknisskoðun umsækjanda má ekki koma fram:

a) geðveiki,

b) ofdrykkja,

c) lyfjaávani,

d) neins konar persónuleikatruflun, sérstaklega svo alvarleg, að hún hafi hvað eftir annað haft í för með sér brotlegt athæfi af ásettu ráði,

e) geðrænn afbrigðileiki eða taugaveiklun að nokkru ráði,

þannig að það gæti gert umsækjanda óhæfan til þess að neyta af öryggi réttinda skírteinis þess, sem hann sækir um eða hefur, nema viðurkennt læknisfræðilegt mat bendi til þess, að þótt umsækjandi fullnægi ekki kröfunum, þá sé ekki líklegt að það stofni, við vissar aðstæður, flugöryggi í hættu, þótt hann neyti réttinda skírteinisins.

6.3.2.2.1. Í sjúkrasögu eða við læknisskoðun umsækjanda má ekki koma fram neins konar geðrænn afbrigðileiki, persónuleikatruflun né taugaveiklun sem að viðurkenndu læknisfræðilegu mati gæti bent til að umsækjandi verði innan tveggja ára frá læknisskoðun óhæfur til þess að neyta á öruggan hátt þeirra réttinda sem skírteini það eða áritun veita sem sótt er um eða þegar eru fengin. Aths.: Umsækjanda, sem hefur fengið bráðan geðsjúkdóm af völdum eitrunar, þarf ekki að telja óhæfan, ef hann hefur ekki orðið fyrir neinum varanlegum skaða.

6.3.2.3. Í sjúkrasögu eða við læknisskoðun umsækjanda mega ekki koma fram eftirfarandi atriði:

a) sjúkdómur í taugakerfinu, sem kann að ágerast og/eða er óbreyttur og að viðurkenndu læknisfræðilegu mati gæti truflað öryggi í störfum miðað við réttindi þau sem skírteini og áritanir umsækjanda veita,

b) flogaveiki,

c) hvers konar truflun meðvitundar án fullnægjandi læknisfræðilegrar skýringar á orsök hennar.

6.3.2.4. Umsækjandi, sem hlotið hefur höfuðmeiðsli, sem að viðurkenndu læknisfræðilegu mati eru líkleg til að geta truflað öryggi í störfum, miðað við réttindi þau sem skírteini hans og áritanir veita, skal ekki talinn hæfur.

6.3.2.5. Umsækjandi má ekki þjást af neinum meðfæddum né ákomnum hjartagalla sem er líklegur til að geta truflað öryggi í störfum miðað við réttindi þau sem skírteini hans og áritanir veita. Ef umsækjandi hefur þjást af kransæðastíflu skal hann ekki talinn hæfur.

Aths.: Algengt óregluástand, svo sem mishraðan hjartslátt við andardrátt, tilfallandi aukaslög hjartans, sem hverfa við áreynslu, aukinn hjartsláttarhraða, sem stafar af geðshræringu eða áreynslu, eða hægan hjartslátt án misræmis milli slaga fram- og afturhólfa (auriculo-ventricular dissociation) má telja innan takmarka þess sem edlilegt er.

- 6.3.2.5.1. Hjartalínuritun skal vera hluti hjartarannsóknar við fyrstu útgáfu skírteinis og skal endurtekin við síðari skoðanir umsækjanda á aldrinum 30 til 40 ára a.m.k. á tveggja ára fresti og eftir það ekki sjaldnar en árlega.
- Aths. 1: Tilgangur venjulegrar hjartalínuritunar er að greina sjúkdómstilfelli. Hún veitir þó engan veginn næga vitneskju til að réttlæta það að umsækjandi sé talinn óhæfur án frekari nákvæmrar rannsóknar á æðakerfi hjartans.
- Aths. 2: Leiðbeiningar um hjartalínuritun í hvíld og við áreynslu er að finna í ICAO „Manual of Civil Aviation Medicine“ (Doc 8984-AN/895).
- 6.3.2.6. Blóðþrýstingur (efra og neðra mark) skal vera eðlilegur.
- Aths. 1: Ef umsækjandi notar lyf gegn háum blóðþrýstingi telst hann ekki hæfur nema ef um er að ræða lyf sem að viðurkenndu læknisfræðilegu mati trufla ekki öryggi í störfum miðað við þau réttindi sem skírteini hans og áritanir veita.
- Aths. 2: Rækilugar leiðbeiningar um þetta efni er að finna í ICAO „Manual of Civil Aviation Medicine“ (Doc 8984-AN/895).
- 6.3.2.7. Ekki mega vera neinar starfrænar né vefrænar veitur í æðakerfinu.
- 6.3.2.8. Ekki má vera um neina bráða sjúkdóma í lungum, miðmæti (mediastinum) né brjóstthimnu (pleura) að ræða. Röntgenmyndataka skal vera hluti læknisskoðunar í þeim tilvikum þar sem vafi leikur á um sjúkdómsgreiningu.
- 6.3.2.8.1. Röntgenmyndataka skal vera hluti fyrstu rannsóknar í brjóstholi og skal endurtaka hana með vissu millibili eftir það.
- 6.3.2.9. Umsækjandi með meiri háttar skemmdir á brjóstvegg ásamt innföllnum brjóstkassa og afleiðingar uppskurðar, sem hefur í för með sér minnkun á öndunarhæfi í mikilli hæð, skal ekki talinn hæfur.
- 6.3.2.10. Umsækjandi með lungnabembu, sem er á því stigi að einkenni koma í ljós, skal ekki talinn hæfur.
- 6.3.2.11. Umsækjandi með virka lungnaberkla telst ekki hæfur. Ef um óvirk eða læknuð mein er að ræða, sem greina má sem berkla eða ætla má að séu berklakyns, má telja umsækjanda hafan.
- Aths. 1: Leiðbeiningar um mat á sjúkdómum í öndunarfærum er að finna í ICAO „Manual of Civil Aviation Medicine“ (Doc 8984-AN/895).
- Aths. 2: Leiðbeiningar um hættur, sem stafa af lyfjum, er að finna í ICAO „Manual of Civil Aviation Medicine“ (Doc 8984-AN/895).
- 6.3.2.12. Umsækjandi með sjúkdóm, sem veldur vanhæfi og er samfara verulegum truflunum í meltingarfærum eða líffærum sem þeim eru tengd (adnexae), skal ekki talinn hæfur.
- 6.3.2.13. Þess skal krafist að umsækjandi hafi ekki þess konar kviðslit sem gæti haft í för með sér sjúkdómseinkenni sem valda óhæfi.
- 6.3.2.14. Umsækjandi með hvers konar afleiðingar sjúkdóms eða uppskurðar á meltingarvegi eða líffærum, sem honum eru tengd (adnexae), sérstaklega lokun líffæris vegna þrengsla eða þrýstings, sem gætu valdið óhæfi skírteinishafa á flugi, skal ekki talinn hæfur.
- 6.3.2.14.1. Umsækjandi, sem hefur gengist undir meiri háttar skurðaðgerð á gallgangi eða á meltingarvegi og þeim líffærum, sem honum eru tengd, og haft hefur í för með brottnámi að hluta eða öllu leyti eða breytingu á einhverjum hluta líffæra þessara, skal ekki talinn hæfur þar til trúnaðarlæknir flugmálastjórnar hefur kynnt sér öll gögn, sem lúta að aðgerðinni, og að því loknu metið afleiðingar og áhrif skurðaðgerðarinnar ólíkleg til þess að valda óhæfi á flugi.

- 6.3.2.15. Umsækjandi með efnaskipta-, næringar- og innrennslistirtlatruflanir, sem gætu truflað öryggi í störfum miðað við þau réttindi sem skírteini hans og áritanir veita, skal ekki talinn hæfur.
- 6.3.2.16. Umsækjanda með sykursýki, sem hægt er að meðhöndla á fullnægjandi hátt án sykursýkislyfja, má telja hæfan.
- 6.3.2.17. Umsækjandi með svo mikla miltisstækkun, að miltið nær stöðugt niður fyrir brún rifjahylkis, skal ekki talinn hæfur.
- 6.3.2.18. Umsækjandi með greinilega stækkun á einstökum eitlum eða eitlakerfi líkamans í heild, og umsækjandi með blóðsjúkdóm, skal ekki talinn hæfur nema ef viðurkennt læknisfræðilegt mat bendir til þess að ástandið sé ekki líklegt til þess að hafa áhrif á öryggi í störfum miðað við þau réttindi sem skírteini og áritanir umsækjanda veita.
 - 6.3.2.18.1. Þótt umsækjandi hafi sigðfrumusjúkdóm (sickle cell trait) ætti það ekki að valda því að hann sé talinn óhæfur nema það sé læknisfræðilega staðfest.
 - 6.3.2.18.2. Í grein 6.3.2.18. er um að ræða skammvinnan sjúkdóm skal umsækjandi ekki talinn hæfur um tíma.
- 6.3.2.19. Umsækjandi með merki um vefræna sjúkdóma í nýrum skal ekki talinn hæfur. Ef aðeins er um skammvinnan sjúkdóm að ræða skal umsækjandi ekki talinn hæfur um tíma. Í þvagi má ekki vera neitt óeðlilegt sem trúnaðarlæknir telur greinilega sjúklegt. Umsækjandi með hvers konar einkenni um sjúkdóma í þvagvegum og kynfærum skal ekki talinn hæfur. Ef um skammvinnu ástand er að ræða skal umsækjandi ekki talinn hæfur um tíma.
- 6.3.2.20. Ef um er að ræða einhvers konar afleiðingar sjúkdóms eða uppskurðar á nýrum eða þvagvegum, sérstaklega lokun líffæris, sem stafar af þrengslum eða þrýstingi, líklegt til að valda óhæfi, skal umsækjandi ekki talinn hæfur. Ef annað nýrð hefur verið numið burt en hitt starfar eðlilega, án hækkaðs blóðþrýstings eða þvageitrunar, má telja umsækjanda hæfan.
 - 6.3.2.20.1. Umsækjandi, sem hefur gengist undir meiri háttar skurðaðgerð á þvagfærum, sem haft hefur í för með sér brott nám að hluta eða öllu leyti eða breytingu á einhverjum hluta líffæra þessara, skal ekki talinn hæfur þar til trúnaðarlæknir flugmálastjórnar hefur kynnt sér öll gögn, sem lúta að aðgerðinni, og að því loknu metið afleiðingar og áhrif skurðaðgerðarinnar ólíkleg til þess að valda óhæfi við flugstörf.
- 6.3.2.21. Umsækjandi, sem haft hefur sárasótt og sækir um skírteini í fyrsta sinn, skal krafinn um að láta trúnaðarlækni í té sönnunargögn um að hann hafi gengist undir fullnægjandi meðferð.
- 6.3.2.22. Kona, sem haft hefur alvarlega óreglu á tímum sem ekki hefur lagast við videigandi meðferð og líklegt er að trufla öryggi í störfum miðað við þau réttindi sem skírteini og áritanir umsækjanda veita, skal ekki talin hæf.
 - 6.3.2.22.1. Umsækjendur, sem gengist hafa undir skurðaðgerð við kvensjúkdómi, skal meta í hverju einstöku tilviki.
- 6.3.2.23. Þungun veldur tímabundinni óhæfi.
 - 6.3.2.23.1. Ef engin meiri háttar óeðlileg einkenni gera vart við sig má telja hlutaðeigandi hæfan á miðmánuðum meðgöngu að viðurkenndu læknisfræðilegu mati.
- 6.3.2.24. Eftir að sængurlegu eða meðgöngu lýkur skal konu ekki leyft að neyta réttinda skírteinis síns fyrr en hún hefur gengist undir nýja læknisskoðun og verið metin hæf.
- 6.3.2.25. Ef um er að ræða einhvers konar virkan sjúkdóm í beinum, liðamótum, vöðvum eða sinum, eða einhvers konar alvarlegar starfrænar afleiðingar af

meðfæddum eða ákomnum sjúkdómi, skal umsækjandi ekki talinn hæfur. Ef um er að ræða starfrænar afleiðingar löskunar á beinum, liðamótum, vöðvum eða sinum og tiltekna líffæragalla, sem ekki myndu trufla öryggi í störfum miðað við réttindi, sem skírteini og áritanir umsækjanda veita, má telja hann hæfan.

6.3.2.26. Ekki má vera:

- a) neitt sjúklegt ástand, brátt eða langvinnt, í innra eyra eða miðeyra,
- b) neitt ógróíð gat á hljóðhimnu. Eitt gat án útferðar þarf ekki að gera umsækjanda óhæfan. Við þessar aðstæður skal skírteini hvorki gefið út né endurnýjað nema viðeigandi kröfum um heyrn í gr. 6.3.4. sé fullnægt,
- c) nein varanleg stífla í kokhlustum,
- d) nein varanleg truflun í vöfundarhúsi. Ef um skammvinnt ástand er að ræða má telja umsækjanda óhæfan um tíma.

Aths.: Frá heyrnarkröfum er greint í einstökum atriðum í gr. 6.3.4.

6.3.2.27. Nasagöng skulu vera vel opin fyrir loftstraumi báðum megin. Engin veruleg vansköpun né alvarlegur, bráður eða langvinnur kvilli má vera í koki eða efri öndunarvegi. Ef umsækjandi er málhaltur eða stamar skal hann ekki talinn hæfur.

6.3.3. *Kröfur um sjón.*

Læknisskoðun skal miðuð við eftirfarandi kröfur.

6.3.3.1. Starfsemi augnanna og þeirra líffæra, sem þeim eru tengd (adnexae), skal vera eðlileg. Í hvorugu auga né þeim líffærum, sem þeim eru tengd, má vera neitt virkt sjúkdómsástand, brátt eða langvinnt, þannig að það sé líklegt til að hindra eðlilega starfsemi augnanna að því marki að það trufla öryggi í störfum miðað við þau réttindi sem skírteini og áritanir umsækjanda veita.

6.3.3.2. Umsækjandi skal hafa eðlilegt sjónsvið.

6.3.3.3. Þess skal krafist að umsækjandi hafi fjarsýniskerpu sem ekki er minni en 6/9 (20/30, 0.7) á hvoru auga um sig með eða án sjónglers. Ef þessum kröfum um sjónskerpu er aðeins fullnægt með því að nota sjóngler má telja umsækjanda hæfan ef:

- a) umsækjandi hefur sjónskerpu ekki minni en 6/60 (20/200, 0.1) á hvoru auga um sig án þess að nota sjóngler, eða
- b) ljósbrotsgalli er innan + 3 ljósbrotseininga (dioptr) eða samsvarandi kúpuglersskekkju, og
- c) slík sjóngler eru notuð við þau störf sem skírteinið eða áritun sú, sem sótt er um eða veitt hefur verið, veita rétt til,
- d) umsækjandi hefur tiltæk viðeigandi varasjóngler þegar hann rækir störf í samræmi við þau réttindi sem skírteini hans veitir.

Aths. 1: Gr. 6.3.3.3.d) er háð kröfum í ICAO viðbæti 6, I. hluta.

Aths. 2: Umsækjandi, sem viðurkennt er að fullnægi kröfum í gr. 6.3.3.3.b), er talinn gera það áfram, nema ástæða sé til að ætla að svo sé ekki, en þá er augnskoðun endurtekin samkvæmt ákvörðun flugmálastjórnar. Sjónskerpan er mæld án glers og skráð við hverja endurrannsókn. Ástand, sem gefur tilefni til að mæla ljósbrotsgalla aftur, er m.a.: ljósbrotshæfi sem nálgast þau mörk sem viðurkennd eru, veruleg minnkun á sjónskerpu án glers og ef um augnsjúkdóm, augnmeiðslu eða uppskurð á augum er að ræða.

6.3.3.4. Þess skal krafist að umsækjandi geti lesið N5 kortið eða kort, sem samsvarar því, úr fjarlægð sem hann velur sér sjálfur á milli 30—50 cm, og geti lesið N14 kortið eða kort, sem samsvarar því, úr 100 cm fjarlægð. Ef kröfum þessum er ekki fullnægt nema með notkun sjónglers má telja umsækjanda hæfan að því tilskildu að sjóngler séu alltaf og þegar í stað til taks við þau störf sem skírteinið veitir rétt til. Ekki skulu notuð nema ein sjóngler þegar prófað er eftir sjónkröfum þessum. Ekki má nota lestrargleraugu (single vision near correction).

Aths. 1: N5 og N14 eiga við „Times Roman“ (rómverskt) letur.

Aths. 2: Umsækjandi, sem nota þarf sjóngler til aðstandast þessar kröfur, verður að hafa „hálfmánagler“, tvískipt eða jafnvel þrískipt gler, til að geta lesið á mælitæki og kort eða handbók, sem hann heldur á í hendinni, og einnig til að geta séð fjær sér í gegnum gluggarúðuna án þess að taka af sér glerin. Lestrargleraugu (óskipt gler, hæfileg til lestrar), draga verulega úr fjarsýnisskerpu. Þegar þörf er á að fá eða endurnýja sjóngler er þess vænst að umsækjandi skýri augnlækni frá lestrarfjarlægðum í stjórnklefa við flugstörf í loftförum þeim sem líklegt er að hann starfi við.

6.3.2.4.1. Umsækjandi skal sjá vel í 30 cm fjarlægð þegar hann notar sjóngler sem krafist er í gr. 6.3.3.3. Umsækjandi, sem stenst ekki þessar kröfur, getur samt sem áður talist hæfur að því tilskildu að hann leggi fram gögn, sem flugmálastjórn tekur gild, þess efnis að umsækjandi hafi fengið sjóngler fyrir stuttar vegalengdir og millivegalengdir eða að hann þarfnist ekki slíks sjónglers um tíma. Þess skal krafist að slíkur umsækjandi noti þau sjóngler, sem þörf er á fyrir stuttar vegalengdir og millivegalengdir, í viðbót við hvers konar gler sem krafist er samkvæmt gr. 6.3.3.3., við störf þau sem skírteini hans veitir réttindi til.

6.3.4. *Kröfur um heyrn.*

Læknisskoðun skal miðuð við eftirfarandi kröfur.

6.3.4.1. Umsækjandi, sem prófaður er með hreintónsheyrnarmæli við fyrstu útgáfu skírteinis og að minnsta kosti á fimm ára fresti þar til 40 ára aldri er náð, og eftir það að minnsta kosti á þriggja ára fresti, má ekki vera haldinn heyrnardeyfð á hvoru eyra um sig meiri en 35 dB á neinni tíðni sem er 500, 1000 eða 2000 Hz, eða meiri en 50 dB við tíðnina 3000 Hz. Ef heyrnardeyfð umsækjanda er meiri en að ofan greinir má samt sem áður telja hann hæfan, að því tilskildu að:

a) umsækjandi hafi heyrn á hvoru eyra sem samsvarar heyrn venjulegs manns við svipaðan umhverfishávaða og er í flugstjórnarklefa og stafar af fjarskiptum með tali og vitamerkjum,

b) umsækjandi geti heyrt með báðum eyrum venjulega rödd manns sem stendur í tveggja metra fjarlægð fyrir aftan hann í hljóðlátu herbergi.

6.3.4.1.1. Ef aðrar aðferðir eru notaðar skulu þær fullnægja sömu skilyrðum og greint er frá í gr. 6.3.4.1.

6.4. 2. flokks heilbrigðisvottorð.

6.4.1. *Útgáfa og endurnýjun vottorðs.*

6.4.1.1. Umsækjandi um skírteini einkaflugmanns/flugvél eða þyrlla, skírteini sviffflugmanns og skírteini stjórnanda frjáls loftbelgs skal fyrst gangast undir læknisskoðun fyrir útgáfu 2. flokks heilbrigðisvottorðs.

6.4.1.2. Ef annað er ekki tekið fram í þessum kafla þá skulu handhafar skírteina einkaflugmanns/flugvél eða þyrlla, skírteina sviffflugmanns og skírteina stjórnanda frjáls loftbelgs endurnýja 2. flokks heilbrigðisvottorð sitt ekki sjaldnar en greint er í gr. 1.2.5.2.

6.4.1.3. Þegar flugmálastjórn hefur sannprófað að kröfum þessa kafla og almennum ákvæðum í gr. 6.1. og 6.2. er fullnægt skal gefa út 2. flokks heilbrigðisvottorð umsækjanda til handa.

6.4.2. *Kröfur um líkamshreysti og andlega heilbrigði.*

Læknisskoðunin skal miðuð við eftirfarandi kröfur.

6.4.2.1. Umsækjandi má ekki þjást af nokkrum sjúkdómi eða vanhæfi til starfa sem gætu stuðlað að því að hann yrði skyndilega ófær um að stjórna loftfari örugglega eða vinna skyldustörf sín af öryggi.

6.4.2.2. Í sjúkrasögu eða við læknisskoðun umsækjanda má ekki koma fram:

- a) geðveiki,
- b) ofdrykkja,
- c) lyfjaávani,
- d) neins konar persónuleikatrufun, sérstaklega svo alvarleg, að hún hafi hvað eftir annað haft í för með sér brotlegt athæfi af ásettu ráði,
- e) geðrænn afbrigðileiki eða taugaveiklun að nokkru ráði,

þannig að það gæti gert umsækjanda óhæfan til þess að neyta af öryggi réttinda skírteinis þess, sem hann sækir um eða hefur, nema viðurkennt læknisfræðilegt mat bendi til þess, að þótt umsækjandi fullnægi ekki kröfunum þá sé ekki líklegt að það stofni, við vissar aðstæður, flugöryggi í hættu, þótt hann neyti réttinda skírteinisins.

6.4.2.2.1. Í sjúkrasögu eða við læknisskoðun umsækjanda má ekki koma fram neins konar geðrænn afbrigðileiki, persónuleikatrufun né taugaveiklun sem að viðurkenndu læknisfræðilegu mati gæti bent til að umsækjandi verði innan tveggja ára frá læknisskoðun óhæfur til þess að neyta á öruggan hátt þeirra réttinda sem skírteini það eða áritun veita sem sótt er um eða þegar eru fengin. Aths.: Umsækjanda, sem hefur fengið bráðan geðsjúkdóm af völdum eitrunar, þarf ekki að telja óhæfan, ef hann hefur ekki orðið fyrir neinum varanlegum skaða.

6.4.2.3. Í sjúkrasögu eða við læknisskoðun umsækjanda mega ekki koma fram eftirfarandi atriði:

- a) sjúkdómur í taugakerfinu, sem kann að ágerast og/eða er óbreyttur, og að viðurkenndu læknisfræðilegu mati gæti truflað öryggi í störfum miðað við réttindi þau sem skírteini og áritanir umsækjanda veita,
- b) flogaveiki,
- c) hvers konar truflun meðvitundar án fullnægjandi læknisfræðilegrar skýringar á orsök hennar.

6.4.2.4. Umsækjandi sem hlotið hefur höfuðmeiðsli, sem að viðurkenndu læknisfræðilegu mati eru líkleg til að geta truflað öryggi í störfum, miðað við réttindi þau sem skírteini hans og áritanir veita, skal ekki talinn hæfur.

- 6.4.2.5. Umsækjandi má ekki þjást af neinum meðfæddum né ákomnum hjartagalla sem er líklegur til að geta truflað öryggi í störfum miðað við réttindi þau sem skírteini hans og áritanir veita. Ef umsækjandi hefur þjást af kransæðastíflu skal hann ekki talinn hæfur.
- Aths.: Algengt óregluástand, svo sem mishraðan hjartslátt við andardrátt, tilfallandi aukaslög hjartans, sem hverfa við áreynslu, aukinn hjartsláttarhraða, sem stafar af geðshræringu eða áreynslu, eða hægán hjartslátt án misræmis milli slaga fram- og afturhólfa (auriculo-ventricular dissociation) má telja innan takmarka þess sem eðlilegt er.
- 6.4.2.5.1. Hjartalínuritun skal vera hluti hjartarannsóknar við fyrstu útgáfu skírteinis, við fyrstu endurrannsókn eftir að 40 ára aldri er náð og eftir það eigi sjaldnar en á 5 ára fresti og einnig í endurrannsóknum almennt ef um vafatilvik er að ræða.
- Aths. 1: Tilgangur venjulegrar hjartalínuritunar er að greina sjúkdómstíffelli. Hún veitir þó engan veginn næga vitneskju til að réttlæta það að umsækjandi sé talinn óhæfur án frekari nákvæmrar rannsóknar á æðakerfi hjartans.
- Aths. 2: Leiðbeiningar um hjartalínuritun í hvíld og við áreynslu er að finna í ICAO „Manual of Civil Aviation Medicine“ (Doc 8984-AN/895).
- 6.4.2.6. Blóðþrýstingur (efra og neðra mark) skal vera eðlilegur.
- Aths. 1: Ef umsækjandi notar lyf gegn háum blóðþrýstingi telst hann ekki hæfur nema ef um er að ræða lyf sem að viðurkenndu læknisfræðilegu mati trufla ekki öryggi í störfum miðað við þau réttindi sem skírteini hans og áritanir veita.
- Aths. 2: Rækilegar leiðbeiningar um þetta efni er að finna í ICAO „Manual of Civil Aviation Medicine“ (Doc 8984-AN/895).
- 6.4.2.7. Ekki mega vera neinar starfrænar né vefrænar veilur í æðakerfinu. Umsækjandi með æðahnúta telst ekki skilyrðislaust óhæfur.
- 6.4.2.8. Ekki má vera um neina bráða sjúkdóma í lungum, miðmæti (mediastinum) né brjósthimnu (pleura) að ræða. Röntgenmyndataka skal vera hluti lækniaskoðunar í þeim tilvikum þar sem vafi leikur á um sjúkdómsgreiningu.
- 6.4.2.8.1. Röntgenmyndataka skal vera hluti fyrstu rannsóknar í brjóstholi og skal endurtaka hana með vissu millibili eftir það.
- 6.4.2.9. Umsækjandi með meiri háttar skemmdir á brjóstvegg ásamt innföllnum brjóstakassa og afleiðingar uppskurðar, sem hefur í för með sér minnkun á öndunarhæfi í mikilli hæð, skal ekki talinn hæfur.
- 6.4.2.10. Umsækjandi með lungnapembu, sem er á því stigi að einkenni koma í ljós, skal ekki talinn hæfur.
- 6.4.2.11. Umsækjandi með virka lungnaberkla telst ekki hæfur. Ef um óvirk eða læknuð mein er að ræða, sem greina má sem berkla eða ætla má að séu berklakyns, má telja umsækjanda hæfan.
- Aths. 1: Leiðbeiningar um mat á sjúkdómum í öndunarfarum er að finna í ICAO „Manual of Civil Aviation Medicine“ (Doc 8984-AN/895).
- Aths. 2: Leiðbeiningar um hættur, sem stafa af lyfjum, er að finna í ICAO „Manual of Civil Aviation Medicine“ (Doc 8984-AN/895).
- 6.4.2.12. Umsækjandi með sjúkdóm, sem veldur vanhæfi og er samfara verulegum truflunum í meltingarfærum eða líffærum sem þeim eru tengd (adnexae), skal ekki talinn hæfur.
- 6.4.2.13. Þess skal krafist að umsækjandi hafi ekki þess konar kviðslit sem gæti haft í för með sér sjúkdómseinkenni sem valda óhæfi.

- 6.4.2.14. Umsækjandi með hvers konar afleiðingar sjúkdóms eða uppskurðar á meltingarvegi eða líffærum, sem honum eru tengd (adnexae), sérstaklega lokun líffæris vegna þrengsla eða þrýstings, sem gætu valdið óhæfi skírteinishafa á flugi, skal ekki talinn hæfur.
- 6.4.2.14.1. Umsækjandi, sem hefur gengist undir meiri háttar skurðaðgerð á gallgangi eða á meltingarvegi og þeim líffærum, sem honum eru tengd, og haft hefur í för með sér brottnám að hluta eða öllu leyti eða breytingu á einhverjum hluta líffæra þessara, skal ekki talinn hæfur þar til trúnaðarlæknir flugmálastjórnar hefur kynnt sér öll gögn, sem lúta að aðgerðinni, og að því loknu metið afleiðingar og áhrif skurðaðgerðarinnar ólíkleg til þess að valda óhæfi á flugi.
- 6.4.2.15. Umsækjandi með efnaskipta-, næringar- og innrennisliskirtlatruflanir, sem gætu truflað öryggi í störfum miðað við þau réttindi, sem skírteini hans og áritanir veita, skal ekki talinn hæfur.
- 6.4.2.16. Umsækjanda með sykursýki, sem hægt er að meðhöndla á fullnægjandi hátt án sykursýkislyfja, má telja hæfan. Notandi sykursýkislyfja telst ekki hæfur nema ef um lyf er að ræða, sem tekin eru inn (gleypilyf) við skilyrði sem gera viðeigandi lækniseftirlit kleift og að viðurkenndu læknisfræðilegu mati tufla ekki öryggi í störfum miðað við þau réttindi sem skírteini og áritanir umsækjanda veita.
- 6.4.2.17. Umsækjandi með greinilega stækkun á einstökum eitlum eða eitlakerfi líkamans í heild, og umsækjandi með blóðsjúkdóm, skal ekki talinn hæfur nema ef viðurkennt læknisfræðilegt mat bendir til þess að ástandið sé ekki líklegt til þess að hafa áhrif á öryggi í störfum miðað við þau réttindi sem skírteini og áritanir umsækjanda veita.
- 6.4.2.17.1. Þótt umsækjandi hafi sigðfrumusjúkdóm (sickle cell trait) ætti það ekki að valda því að hann sé talinn óhæfur nema það sé læknisfræðilega staðfest.
- 6.4.2.17.2. Ef í gr. 6.4.2.17. er um að ræða skammvinnan sjúkdóm skal umsækjandi ekki talinn hæfur um tíma.
- 6.4.2.18. Umsækjandi með merki um vefræna sjúkdóma í nýrum skal ekki talinn hæfur. Ef aðeins er um skammvinnan sjúkdóm að ræða skal umsækjandi ekki talinn hæfur um tíma. Í þvagi má ekki vera neitt óeðlilegt sem trúnaðarlæknir telur greinilega sjúklegt. Umsækjandi með hvers konar einkenni um sjúkdóma í þvagevgum og kynfærum skal ekki talinn hæfur. Ef um skammvinnt ástand er að ræða skal umsækjandi ekki talinn hæfur um tíma.
- 6.4.2.19. Ef um er að ræða einhvers konar afleiðingar sjúkdóms eða uppskurðar á nýrum eða þvagevgum, sérstaklega lokun líffæris, sem stafar af þrengslum eða þrýstingi, líkleg til að valda óhæfi, skal umsækjandi ekki talinn hæfur. Ef annað nýrað hefur verið numið burt en hitt starfar eðlilega, án hækkaðs blóðþrýstings eða þvageitrunar, má telja umsækjanda hæfan.
- 6.4.2.19.1. Umsækjandi, sem hefur gengist undir meiri háttar skurðaðgerð á þvagfærum, sem haft hefur í för með sér brottnám að hluta eða öllu leyti eða breytingu á einhverjum hluta líffæra þessara, skal ekki talinn hæfur þar til trúnaðarlæknir flugmálastjórnar hefur kynnt sér öll gögn, sem lúta að aðgerðinni, og að því loknu metið afleiðingar og áhrif skurðaðgerðarinnar ólíkleg til þess að valda óhæfi við flugstörf.
- 6.4.2.20. Umsækjandi, sem haft hefur sárásótt og sækir um skírteini í fyrsta sinn, skal krafinn um að láta trúnaðarlækni í té sönnunargögn um að hann hafi gengist undir fullnægjandi meðferð.

- 6.4.2.21. Kona, sem haft hefur alvarlega óreglu á tíðum sem ekki hefur lagast við viðeigandi meðferð og líklegt er að truflri öryggi í störfum miðað við þau réttindi sem skírteini og áritanir umsækjanda veita, skal ekki talin hæf.
- 6.4.2.21.1. Umsækjendur, sem gengist hafa undir skurðaðgerð við kvensjúkdómi, skal meta í hverju einstöku tilviki.
- 6.4.2.22. Pungun veldur tímabundinni óhæfi.
- 6.4.2.22.1. Ef engin meiri háttar óeðlileg einkenni gera vart við sig má telja hlutaðeigandi hæfan á miðmánuðum meðgöngu að viðurkenndu læknisfræðilegu mati.
- 6.4.2.23. Eftir að sængurlegu eða meðgöngu lýkur skal konu ekki leyft að neyta réttinda skírteinis síns fyrir en hún hefur gengist undir nýja lækni skoðun og verið metin hæf.
- 6.4.2.24. Ef um er að ræða einhvers konar virkan sjúkdóm í beinum, liðamótum, vöðvum eða sinum, eða einhvers konar alvarlegar starfrænar afleiðingar af meðfæddum eða ákomnum sjúkdómi, skal umsækjandi ekki talinn hæfur. Ef um er að ræða starfrænar afleiðingar löskunar á beinum, liðamótum, vöðvum eða sinum og tiltekna líffæragalla, sem ekki myndu trufla öryggi í störfum miðað við réttindi, sem skírteini og áritanir umsækjanda veita, má telja hann hæfan.
- 6.4.2.25. Ekki má vera:
- a) neitt sjúklegt ástand, brátt eða langvinnt, í innra eyra eða miðeyra,
 - b) nein varanleg truflun í vöndurhúsi. Ef um skammvinnt ástand er að ræða má telja umsækjanda óhæfan um tíma.
- Aths.: Frá heyrnarkröfum er greint í einstökum atriðum í gr. 6.4.4. 6.4.2.26. Engin veruleg vansköpun né alvarlegur, bráður eða langvinnur kvilli má vera í koki eða efri öndunarvegi.
- 6.4.3. *Kröfur um sjón.*
- Lækni skoðun skal miðuð við eftirfarandi kröfur.
- 6.4.3.1. Starfsemi augnanna og þeirra líffæra, sem þeim eru tengd (adnexae), skal vera eðlileg. Í hvorugu auga né þeim líffærum, sem þeim eru tengd, má vera neitt virkt sjúkdómsástand, brátt eða langvinnt, þannig að það sé líklegt til að hindra eðlilega starfsemi augnanna að því marki að það trufla öryggi í störfum miðað við þau réttindi sem skírteini og áritanir umsækjanda veita.
- 6.4.3.2. Umsækjandi skal hafa eðlilegt sjónsvið.
- 6.4.3.3. Þess skal krafist að umsækjandi hafi fjarsýnisskerpu sem ekki er minni en 6/12 (20/40, 0.5) á hvoru auga um sig með eða án sjónglers. Ef þessum kröfum um sjónskerpu er aðeins fullnægt með því að nota sjóngler má telja umsækjanda hæfan ef:
- a) slík sjóngler eru notuð við þau störf sem skírteinið eða áritun sú, sem sótt er um eða veitt hefur verið, veita rétt til, og
 - b) umsækjandi hefur tiltæk viðeigandi varasjóngler þegar hann rækir störf í samræmi við þau réttindi sem skírteini hans veitir.
- 6.4.3.3.1. Ef sjónskerpa sú, sem krafist er í gr. 6.4.3.3., næst aðeins með notkun sjónglers og sjónskerpan án sjónglers á hvoru auga er minni en 6/60 (20/200, 0.1) má telja umsækjanda hæfan, ef ljósbrotsgalli hans er innan við + 5 ljósbrotseiningar (diopters) eða samsvarandi kúpu glersskekkju. Umsækjandi með ljósbrotsgalla á öðru hvoru auga sem er meiri en + 5 ljósbrotseiningar eða samsvarandi kúpu glersskekkju, má samt sem áður telja hæfan að viðurkenndu lækni fræðilegu mati.

Aths.: Umsækjandi, sem viðurkennt er að fullnægi þessum kröfum er talinn gera það áfram nema ástæða sé til að ætla að svo sé ekki en þá er augnskoðun endurtekin samkvæmt ákvörðun flugmálastjórnar. Sjónskerpan er mæld án glers og skráð við hverja endurrannsókn. Ástand sem gefur tilefni til að mæla ljósbrotsgalla aftur, er m.a.: ljósbrotshæfi sem nálgast þau mörk sem viðurkennd eru, veruleg minnkun á sjónskerpu án glers og ef um augnsjúkdóm, augnmeiðsli eða uppskurð á augum er að ræða.

6.4.3.4. Þess skal krafist að umsækjandi geti lesið N5 kortið eða kort, sem samsvarar því, úr fjarlægð sem hann velur sér sjálfur á milli 30—50 cm. Ef kröfum þessum er ekki fullnægt nema með notkun sjónglers má telja umsækjanda hæfan að því tilskildu að sjóngler séu alltaf og þegar í stað til taks við þau störf sem skírteinið veitir rétt til. Ekki skulu notuð nema ein sjóngler þegar prófað er eftir sjónkröfum þessum. Ekki má nota lestrargleraugu (single vision near correction).

Aths. 1: Lestrargleraugu (óskipt gler, hæfileg til lestrar) draga verulega úr fjarsýnisskerpu.

Aths. 2: Þegar þörf er á að fá eða endurnýja sjóngler er þess vænst að umsækjandi skýri augnlækni frá lestrarfjarlægðum í stjórnklefa við flugstörf í loftförum þeim sem líklegt er að hann starfi við.

6.4.4. *Kröfur um heyrn.*

Læknisskoðun skal miðuð við eftirfarandi kröfur.

6.4.4.1. Umsækjandi á að geta heyrt með báðum eyrum venjulega rödd manns sem stendur í tveggja metra fjarlægð fyrir aftan hann í hljóðlátu herbergi.

6.5. **3. flokks heilbrigðisvottorð.**

6.5.1. *Útgáfa og endurnýjun vottorðs.*

6.5.1.1. Umsækjandi um skírteini flugumferðarstjóra skal gangast undir læknisskoðun fyrir útgáfu 3. flokks heilbrigðisvottorðs.

6.5.1.2. Ef annað er ekki tekið fram í þessum kafla þá skulu handhafar skírteina flugumferðarstjóra endurnýja 3. flokks heilbrigðisvottorð sitt ekki sjaldnar en greint er í gr. 1.2.5.2.

6.5.1.3. Þegar flugmálastjórn getur sannprófað að kröfum þessa kafla og almennum ákvæðum í gr. 6.1. og 6.2. er fullnægt skal gefa út 3. flokks heilbrigðisvottorð umsækjanda til handa.

6.5.2. *Kröfur um líkamshreysti og andlega heilbrigði.*

Læknisskoðunin skal miðuð við eftirfarandi kröfur.

6.5.2.1. Umsækjandi má ekki þjást af nokkrum sjúkdómi eða vanhæfi til starfa sem gætu stuðlað að því að hann yrði skyndilega ófær um að vinna skyldustörf sín af öryggi.

6.5.2.2. Í sjúkrasögu eða við læknisskoðun umsækjanda má ekki koma fram:

- a) geðveiki,
- b) ofdrykkja,
- c) lyfjaávani,
- d) neins konar persónuleikatrufun, sérstaklega svo alvarleg, að hún hafi hvað eftir annað haft í för með sér brotlegt athæfi af ásettu ráði,

- e) geðrænn afbrigðileiki eða taugaveiklun að nokkru ráði, þannig að það gæti gert umsækjanda óhæfan til þess að neyta af öryggi réttinda skírteinis þess, sem hann sækir um eða hefur, nema viðurkennt læknisfræðilegt mat bendi til þess, að þótt umsækjandi fullnægi ekki kröfunum, þá sé ekki líklegt að það stofni, við vissar aðstæður, flugöryggi í hættu, þótt hann neyti réttinda skírteinisins.
- 6.5.2.2.1. Í sjúkrasögu eða við læknisskoðun umsækjanda má ekki koma fram neins konar geðrænn afbrigðileiki, persónuleikatrúflun né taugaveiklun sem að viðurkenndu læknisfræðilegu mati gæti bent til að umsækjandi verði innan tveggja ára frá læknisskoðun óhæfur til þess að neyta á öruggan hátt þeirra réttinda sem skírteini það eða áritun veita sem sótt er um eða þegar eru fengin. Aths.: Umsækjanda, sem hefur fengið bráðan geðsjúkdóm af völdum eitrunar, þarf ekki að telja óhæfan, ef hann hefur ekki orðið fyrir neinum varanlegum skaða.
- 6.5.2.3. Í sjúkrasögu eða við læknisskoðun umsækjanda mega ekki koma fram eftirfarandi atriði:
- a) sjúkdómur í taugakerfinu, sem kann að ágerast og/eða er óbreyttur, og að viðurkenndu læknisfræðilegu mati gæti truflað öryggi í störfum miðað við réttindi þau sem skírteini og áritanir umsækjanda veita,
 - b) flogaveiki,
 - c) hvers konar trúflun meðvitundar án fullnægjandi læknisfræðilegrar skýringar á orsök hennar.
- 6.5.2.4. Umsækjandi sem hlotið hefur höfuðmeiðsli, sem að viðurkenndu læknisfræðilegu mati eru líkleg til að geta truflað öryggi í störfum, miðað við réttindi þau sem skírteinið veitir honum, skal ekki talinn hæfur.
- 6.5.2.5. Umsækjandi má ekki þjást af neinum meðfæddum né ákomnum hjartagalla sem er líklegur til að geta truflað öryggi í störfum miðað við réttindi þau sem skírteini hans veitir. Ef umsækjandi, sem þjáðst hefur af kransæðastíflu, hefur að viðurkenndu læknisfræðilegu mati náð viðunandi bata má telja hann hæfan. Aths.: Algengt óregluástand, svo sem mishraðan hjartslátt við andardrátt, tilfallandi aukaslög hjartans, sem hverfa við áreynslu, aukinn hjartsláttarhraða sem stafar af geðshreringu eða áreynslu, eða hægan hjartslátt án misræmis milli slaga fram- og afturhólfa (auriculo-ventricular dissociation) má telja innan takmarka þess sem edlilegt er.
- 6.5.2.5.1. Hjartalínuritun skal vera hluti hjartarannsóknar við fyrstu útgáfu skírteinis, við fyrstu endurrannsókn eftir að 40 ári aldri er náð og eftir það eigi sjaldnar en á fimm ára fresti og einnig í endurrannsóknnum almennt ef um vafatilvik er að ræða. Aths. 1: Tilgangur venjulegrar hjartalínuritunar er að greina sjúkdómstilfelli. Hún veitir þó engan veginn næga vitneskju til að réttlæta það að umsækjandi sé talinn óhæfur án frekari nákvæmrar rannsóknar á æðakerfi hjartans. Aths. 2: Leiðbeiningar um hjartalínuritun í hvíld og við áreynslu er að finna í ICAO „Manual of Civil Aviation Medicine“ (Doc 8984-AN/895).
- 6.5.2.6. Blóðþrýstingur (efra og neðra mark) skal vera edlilegur. Aths. 1: Ef umsækjandi notar lyf gegn háum blóðþrýstingi telst hann ekki hæfur nema ef um er að ræða lyf sem að viðurkenndu læknisfræðilegu mati trufla ekki öryggi í störfum miðað við þau réttindi sem skírteini hans og áritanir veita.

Aths. 2: Rækilegar leiðbeiningar um þetta efni er að finna í ICAO „Manual of Civil Aviation Medicine“ (Doc 8984-AN/895).

- 6.5.2.7. Ekki mega vera neinar starfrænar né vefrænar veilur í æðakerfinu. Umsækjandi með æðahnúta telst ekki skilyrðislaust óhæfur.
- 6.5.2.8. Ekki má vera um neina bráða sjúkdóma í lungum, miðmæti (mediastinum) né brjósthimnu (pleura) að ræða. Röntgenmyndataka skal vera hluti læknisskoðunar í þeim tilvikum þar sem vafi leikur á um sjúkdómsgreiningu.
- 6.5.2.8.1. Röntgenmyndataka skal vera hluti fyrstu rannsóknar í brjóstholi og skal endurtaka hana með vissu millibili eftir það.
- 6.5.2.9. Umsækjandi með lungnaþembu, sem er á því stigi að einkenni koma í ljós, skal ekki talinn hæfur.
- 6.5.2.10. Umsækjandi með virka lungnaberkla telst ekki hæfur. Ef um óvirk eða læknuð mein er að ræða, sem greina má sem berkla eða ætla má að séu berklakyns, má telja umsækjanda hæfan.
- Aths. 1: Leiðbeiningar um mat á sjúkdómum í öndunarfærum er að finna í ICAO „Manual of Civil Aviation Medicine“ (Doc 8984-AN/895).
- Aths. 2: Leiðbeiningar um hættur, sem stafa af lyfjum, er að finna í ICAO „Manual of Civil Aviation Medicine“ (Doc 8984-AN/895).
- 6.5.2.11. Umsækjandi með sjúkdóm, sem veldur vanhæfi og er samfara verulegum truflunum í meltingarfærum eða líffærum sem þeim eru tengd (adnexae), skal ekki talinn hæfur.
- 6.5.2.12. Þess skal krafist að umsækjandi hafi ekki þess konar kviðslit sem gæti haft í för með sér sjúkdómseinkenni sem valda óhæfi.
- 6.5.2.13. Umsækjandi með hvers konar afleiðingar sjúkdóms eða uppskurðar á meltingarvegi eða líffærum, sem honum eru tengd (adnexae), sérstaklega lokun líffæris vegna þrængsla eða þrýstings, sem gætu valdið óhæfi, skal ekki talinn hæfur.
- 6.5.2.14. Umsækjandi með efnaskipta-, næringar- og innrennsliskirtlatruflanir, sem gætu truflað öryggi í störfum miðað við þau réttindi sem skírteini hans veita, skal ekki talinn hæfur.
- 6.5.2.15. Umsækjandi með sykursýki, sem hægt er að meðhöndla á fullnægjandi hátt án sykursýkislyfja, má telja hæfan. Notandi sykursýkislyfja telst ekki hæfur nema ef um lyf er að ræða, sem tekin eru inn (gleypilyf) við skilyrði sem gera viðeigandi lækniseftirlit kleift og að viðurkenndu læknisfræðilegu mati trufla ekki öryggi í störfum miðað við þau réttindi sem skírteini umsækjanda veita.
- 6.5.2.16. Umsækjandi með greinilega stækkun á einstökum eitlum eða eitlakerfi líkamans í heild, og umsækjandi með blóðsjúkdóm, skal ekki talinn hæfur nema ef viðurkennt læknisfræðilegt mat bendir til þess að ástandið sé ekki líklegt til þess að hafa áhrif á öryggi í störfum miðað við þau réttindi sem skírteini umsækjanda veita.
- 6.5.2.16.1. Ef í grein 6.5.2.16. er um að ræða skammvinnan sjúkdóm skal umsækjandi ekki talinn hæfur um tíma.
- 6.5.2.17. Umsækjandi með merki um vefræna sjúkdóma í nýrum skal ekki talinn hæfur. Ef aðeins er um skammvinnan sjúkdóm að ræða skal umsækjandi ekki talinn hæfur um tíma. Í þvagi má ekki vera neitt óeðlilegt sem trúnaðarlæknir telur greinilega sjúklegt. Umsækjandi með hvers konar einkenni um sjúkdóma í þvagvegum og kynfærum skal ekki talinn hæfur. Ef um skammvinnt ástand er að ræða skal umsækjandi ekki talinn hæfur um tíma.

- 6.5.2.18. Ef um er að ræða einhvers konar afleiðingar sjúkdóms eða uppskurðar á nýrum eða þvagvegum, sérstaklega lokun líffæris, sem stafar af þrengslum eða þrýstingi, líklegar til að valda óhæfi, skal umsækjandi ekki talinn hæfur. Ef annað nýrað hefur verið numið burt en hitt starfar eðlilega, án hækkaðs blóðþrýstings eða þvageitrunar, má telja umsækjanda hæfan.
- 6.5.2.19. Umsækjandi, sem haft hefur sárásótt og sækir um kírtæni í fyrsta sinn, skal krafinn um að láta trúnaðarlækni í té sönnunargögn um að hann hafi gengist undir fullnægjandi meðferð.
- 6.5.2.20. Kona, sem haft hefur alvarlega óreglu á tíðum sem ekki hefur lagast við viðeigandi meðferð og líklegt er að truflri öryggi í störfum miðað við þau réttindi sem skírteini umsækjanda veita, skal ekki talin hæf.
- 6.5.2.21. Ef um er að ræða einhvers konar virkan sjúkdóm í beinum, liðamótum, vöðvum eða sinum, eða einhvers konar alvarlegar starfrænar afleiðingar af meðfæddum eða ákomnum sjúkdómi, skal umsækjandi ekki talinn hæfur. Ef um er að ræða starfrænar afleiðingar löskunar á beinum, liðamótum, vöðvum eða sinum og tiltekna líffæragalla, sem ekki myndu trufla öryggi í störfum miðað við réttindi, sem skírteini umsækjanda veita, má telja hann hæfan.
- 6.5.2.22. Ekki má vera:
- neitt sjúklegt ástand, brátt eða langvinnt, í innra eyra eða miðeyra,
 - nein varanleg truflun í vöndurhúsi. Ef um skammvinnt ástand er að ræða má telja umsækjanda óhæfan um tíma.
- Aths.: Frá heyrnarkröfum er greint í einstökum atriðum í gr. 6.5.4.
- 6.5.2.23. Engin veruleg vansköpun né alvarlegur, bráður eða langvinnur kvilli má vera í koki eða efri öndunarvegi. Ef umsækjandi er málhatur eða stamar skal hann ekki talinn hæfur.
- 6.5.3. *Kröfur um sjón.*
- Læknisskoðun skal miðuð við eftirfarandi kröfur.
- 6.5.3.1. Starfsemi augnanna og þeirra líffæra, sem þeim eru tengd (adnexae), skal vera eðlileg. Í hvorugu auga né þeim líffærum, sem þeim eru tengd, má vera neitt virkt sjúkdómsástand, brátt eða langvinnt, þannig að það sé líklegt til að hindra eðlilega starfsemi augnanna að því marki að það trufla öryggi í störfum miðað við þau réttindi sem skírteini umsækjanda veita.
- 6.5.3.2. Umsækjandi skal hafa eðlilegt sjónsvið.
- 6.5.3.3. Þess skal krafist að umsækjandi hafi fjarsýnisskerpu sem ekki er minni en 6/9 (20/30, 0.7) á hvoru auga um sig með eða án sjónglers. Ef þessum kröfum um sjónskerpu er aðeins fullnægt með því að nota sjóngler má telja umsækjanda hæfan ef:
- umsækjandi hefur sjónskerpu ekki minni en 6/60 (20/200, 0.1) á hvoru auga um sig án þess að nota sjóngler, eða
 - ljósbrotsgalli er innan + 3 ljósbrotseininga (dioptr) eða samsvarandi kúpuglersskekkju, og
 - slík sjóngler eru notuð við þau störf sem skírteinið eða áritun sú, sem sótt er um eða veitt hefur verið, veita rétt til,
 - umsækjandi hefur tiltæk viðeigandi varasjóngler þegar hann rækir störf í samræmi við þau réttindi sem skírteini hans veitir.
- Aths.: Umsækjandi, sem viðurkennt er að fullnægi kröfum í gr. 6.5.3.3.b), er talinn gera það áfram, nema ástæða sé til að ætla að svo sé ekki, en þá er augnskoðun endurtekin samkvæmt ákvörðun flugmálastjórnar. Sjón-

skerpan er mæld án glers og skráð við hverja endurrannsókn. Ástand, sem gefur tilefni til að mæla ljósbrotsgalla aftur, er m.a.: ljósbrotshæfi sem nálgast þau mörk sem viðurkennd eru, veruleg minnkun á sjónskerpu án glers og ef um augnsjúkdóm, augnmeiðsli eða uppskurð á augum er að ræða.

- 6.5.3.4. Þess skal krafist að umsækjandi geti lesið N5 kortið eða kort, sem samsvarar því, úr fjarlægð sem hann velur sér sjálfur á milli 30—50 cm, og geti lesið N14 kortið eða kort, sem samsvarar því, úr 100 cm fjarlægð. Ef kröfum þessum er ekki fullnægt nema með notkun sjónglers má telja umsækjanda hæfan að því tilskildu að sjóngler séu alltaf og þegar í stað til taks við þau störf sem skírteinið veitir rétt til. Ekki skulu notuð nema ein sjóngler þegar prófað er eftir sjónkröfum þessum.

Aths. 1: N5 og N14 eiga við „Times Roman“ (rómverskt) letur.

Aths. 2: Lestrarglæraugu (single-vision near correction) má telja nægileg við viss skyludstörf er varða flugumferðarstjórn. Hins vegar ber að gæta þess að venjuleg lestrarglæraugu (óskipt gler, hæfileg til lestrar), draga verulega úr fjarsýnisskerpu. Þegar þörf er á að fá eða endurnýja sjóngler er þess vænst að umsækjandi skýri augnlækni frá lestrarfjarlægðum við flugumferðarstjórnarstörf þau sem líklegt er að hann starfi við.

- 6.5.3.4.1. Umsækjandi skal sjá vel í 30 cm fjarlægð þegar hann notar sjóngler sem krafist er í gr. 6.5.3.3. Umsækjandi, sem stenst ekki þessar kröfur, getur samt sem áður talist hæfur að því tilskildu að hann leggi fram gögn, sem flugmálastjórn tekur gild, þess efnis að umsækjandi hafi fengið sjóngler fyrir stuttar vegalengdir og millivegalengdir eða að hann þarfnist ekki slíks sjónglers um tíma. Þess skal krafist að slíkur umsækjandi noti þau sjóngler, sem þörf er á fyrir stuttar vegalengdir og millivegalengdir, í viðbót við hvers konar gler sem krafist er samkvæmt gr. 6.5.3.3., við störf þau sem skírteini hans veitir réttindi til.

6.5.4. *Kröfur um heyrn.*

Læknisskoðun skal miðuð við eftirfarandi kröfur.

- 6.5.4.1. Umsækjandi, sem prófaður er með hreintónsheyrnarmæli við fyrstu útgáfu skírteinis og að minnsta kosti á fimm ára fresti þar til 40 ára aldri er náð og eftir það að minnsta kosti á þriggja ára fresti, má ekki vera haldinn heyrnardeyfð á hvoru eyra um sig meiri en 35 dB á neinni tíðni sem er 500, 1000 eða 2000 Hz, eða meiri en 50 dB við tíðnina 3000 Hz. Ef heyrnardeyfð umsækjanda er meiri en að ofan greinir má samt sem áður telja hann hæfan, að því tilskildu að:
- a) umsækjandi hafi heyrn á hvoru eyra sem samsvarar heyrn venjulegs manns við svipaðan umhverfishávaða og er á venjulegum vinnustað flugumferðarstjóra, og
 - b) umsækjandi geti heyrt með báðum eyrum venjulega rödd manns sem stendur í tveggja metra fjarlægð fyrir aftan hann í hljóðlátu herbergi.
- 6.5.4.1.1. Ef aðrar aðferðir eru notaðar skulu þær fullnægja sömu skilyrðum og greint er frá í gr. 6.5.4.1.

VII. KAFLI
VIÐBÓTARÁKVÆÐI

- 7.1. **Umsókn um veitingu skírteinis.**
- 7.1.1. Umsókn um veitingu skírteinis skal senda til flugmálastjórnar á sérstökum eyðublöðum sem hún leggur til.
Umsókn skal fylgja:
- a) Skírnar- og/eða fæðingarvottorð.
 - b) Sakavottorð.
 - c) Læknisvottorð um það að umsækjandi fullnægi þeim skilyrðum sem sett eru í VI. kafla um heilbrigði, eftir því sem við á hverju sinni.
 - d) Greinargerð um fræðilega og verklega menntun umsækjanda, sem hann hefur aflað sér til þess að öðlast skírteini það sem hann sækir um, og þau gögn sem krefjast verður henni til sönnunar.
 - e) Tvær lausar ljósmyndir.
 - f) Skírteini Póst- og símamálastofnunar, sbr. gr. 1.2.7.2., ef við á.
- 7.1.2. Eftir að flugmálastjórn hefur athugað umsóknina og vottorð þau, sem henni fylgja, og prófað, eftir því sem við á, hæfni umsækjanda til þess að öðlast skírteini það eða áritun, sem hann sækir um, skal skírteinið gefið út eða áritað enda fullnægi umsækjandinn skilyrðum reglugerðar þessarar.
- 7.2. **Almenn ákvæði um próf.**
Eftirfarandi almenn ákvæði gilda um próf.
- 7.2.1. Öll próf og athuganir á hæfni og leikni samkvæmt reglugerð þessari skulu fara fram undir umsjón flugmálastjórnar eða eftirlitsmanna og/eða prófdómenda, sem hún skipar, á þeim tíma og stað sem hún tiltekur.
- 7.2.2. Umsækjandi skal áður hafa staðist þær kröfur sem gerðar eru um heilbrigði og læknisskoðun samkv. VI. kafla.
- 7.2.3. Umsækjandi skal leggja til loftfar fyrir öll nauðsynleg flugpróf, sem hann kann að taka, og skal loftfar þetta fullnægja þeim skilyrðum sem flugmálastjórn setur hverju sinni með hliðsjón af lofthæfi o.fl.
- 7.2.4. Til að standast skriflegt eða verklegt próf skal umsækjandi a.m.k. hljóta 70 stig í meðaleinkunn (miðað við hæst 100 stig), þó þannig að einkunn í einstakri grein sé eigi lægri en 60 stig.
- 7.2.5. Ef umsækjandi um flugmannsskírteini hefur ekki lokið öllum prófum né fullnægt að öðru leyti skilyrðum samkvæmt reglugerð þessari innan tveggja ára frá því að hann tók fyrsta prófið til þess að öðlast viðkomandi skírteini, skulu allar próflausnir hans og prófraunir þar að lútandi ógildar.
- 7.2.6. Umsækjanda, sem hefur ekki staðist próf í bóklegum námsgreinum, skal leyfilegt að endurtaka slíkt próf eftir 6 vikur ef flugmálastjórn telur hann hafa fengið nægilega kennslu í hlutaðeigandi námsgreinum til að þreyta próf að nýju.

- 7.2.7. Umsækjanda um skírteini einkaflugmanns eða atvinnuflugmanns III. flokks, sem hefur ekki staðist það verklegt flugpróf sem með þarf, skal leyfilegt að endurtaka slíkt próf þegar hann hefur flogið í að minnsta kosti 4 klukkustundir, þar af 2 klst. með flugkennara. Skal flugkennarinn votta í flugdagbók umsækjanda að hann telji hann hæfan til þess að þreyta próf að nýju.
- 7.2.8. Umsækjanda um skírteini atvinnuflugmanns II. og I. flokks, sem hefur ekki staðist það verklega próf sem með þarf, skal leyfilegt að endurtaka slíkt próf eftir einn mánuð ef hann hefur flogið að minnsta kosti 10 klst. til viðbótar og þar af 5 klst. blindflug.
- 7.2.9. Nú hefur umsækjandi stundað nám við viðurkenndan erlendan skóla eða stofnun og lokið þaðan prófi og skal hann þá senda flugmálastjórn öll prófskírteini sín. Flugmálastjórn getur þá að athuguðu máli veitt skírteini það eða réttindi, sem sótt var um, án þess að nýtt próf komi til, enda hafi námið verið fyllilega sambærilegt við nám á Íslandi, m.a. að því er varðar námsefni og námstíma, að mati flugmálastjórnar. Að öðrum kosti getur flugmálastjórn krafist þess að umsækjandi sanni þátttöku í námi með vottorði, og þekkingu með prófi í þeim greinum sem þurfa þykir, á þeim stað og tíma er hún ákveður.
- 7.2.10. Flugmálastjórn felur viðurkenndum skólum stjórn bóklegs atvinnuflugnáms og hefur eftirlit með framkvæmd þess. Námið skal stundað samkvæmt staðfestri kennsluáætlun frá flugmálastjórn. Rétt til bóklegs atvinnuflugnáms hefur hver sá, sem náð hefur 17 ára aldri, lokið grunnskólaprófi, bóklegu einkaflugnámi og er handhafi flugnemaskírteinis. Próf skulu haldin tvisvar á ári, í maí og desember. Atvinnuflugpróf, samkvæmt þessum kafla, veitir bókleg réttindi I. flokks atvinnuflugmanns samkvæmt reglugerð þessari.
- 7.2.11. Flugmálastjórn getur ákveðið að:
- a) bóklegt flugkennaranám sé stundað á sérstöku námskeiði sem hún viðurkennir,
 - b) áritun í skírteini flugliða fyrir fjölhreyfla flugvélar sé háð því að umsækjandi hafi áður sótt námskeið um notkun og getumörk viðeigandi flugvélategunda og staðist próf að því loknu hjá flugmálastjórn eða aðilja sem flugmálastjórn viðurkennir.
- 7.2.12. Flugmálastjórn getur veitt umsækjanda undanþágu frá prófi í einstökum greinum ef hann hefur nýlega lokið slíku prófi til þess að öðlast annað skírteini.
- 7.3. **Framlenging og endurnýjun skírteinis.**
- 7.3.1. Ef óskað er framlengingar eða endurnýjunar á gildistíma skírteinis skal senda flugmálastjórn umsókn um það á eyðublöðum, sem gerð eru í því skyni, ásamt:
- a) skírteininu,
 - b) læknavottorði um að handhafi fullnægi áfram þeim heilbrigðisskilyrðum sem gerð eru til hlutaðeigandi starfs, samkvæmt VI. kafla,
 - c) yfirliti yfir störf þau sem handhafi hefur leyst af hendi síðan skírteinið var gefið út eða endurnýjað síðast, ásamt flugdagbók hans ef við á.

- 7.3.2. Að lokinni athugun framlengir flugmálastjórn síðan skírteinið, áritar með takmörkuðum réttindum eða synjar erindinu, allt eftir því sem við á.
- 7.4. **Gildisaukning skírteinis.**
- 7.4.1. Ef handhafi skírteinis óskar að því sé gefið aukið gildi skal hann senda flugmálastjórn skriflega umsókn um þetta ásamt skírteininu sjálfu og nákvæmri greinargerð um það hvernig hann hefur öðlast þá hæfni, fræðilega eða verklega, sem til viðbótar þarf.
- 7.4.2. Ef talið er, eftir nákvæma athugun, að hægt sé að verða við umsókninni, ritar flugmálastjórn gildisaukninguna í skírteinið.
- 7.5. **Skráning flugtíma.**
- 7.5.1. Um skráningu flugtíma skal farið eftir reglugerð um það efni eins og hún er á hverjum tíma.
- 7.6. **Svipting eða ógilding skírteinis.**
- 7.6.1. Handhafi skal ekki, hvernig sem á kann að standa, lána eða gefa skírteini sitt né láta öðrum það í té til afnota og skal það varða sviptingu réttinda ef ekki liggur þyngrí hegning við að lögum.
- 7.6.2. Handhafar skírteina samkvæmt reglugerð þessari mega ekki neyta áfengis síðustu 18 klukkustundir áður en störf eru hafin né heldur meðan þeir eru að starfi. Varðar það að jafnaði missi skírteinisins um stundarsakir, þó eigi skemur en 3 mánuði, eða að fullu og öllu ef sakir eru miklar eða brot ítrekað. Sá, sem starfað hefur í loftfari, má eigi neyta áfengis, örvandi eða deyfandi lyfja næstu 6 klukkutíma eftir að starfa hans í loftfari lauk ef svo stendur á að hann hafi ástæðu til að ætla að opinber rannsókn verði hafin um atferli hans við starfann.
- 7.6.3. Nú kemur í ljós að rangar eða villandi upplýsingar hafa verið gefnar, þegar skírteini var gefið út, því gefið aukið gildi eða það verið endurnýjað og skal þá skírteinið, gildisaukningin eða endurnýjun skírteinis, sem vegna rangra eða villandi upplýsinga hafa verið veitt, talin ógild og afturkölluð nema eigandi skírteinis geti sannað að ekki sé hægt að gefa honum sök á hinum röngu eða villandi upplýsingum og að gefnar upplýsingar hafi ekki skipt máli fyrir útgáfu skírteinisins, gildisaukningu eða endurnýjun þess.
- 7.6.4. Skylt er hverjum handhafa skírteinis að tilkynna flugmálastjórn tafarlaust ef nokkur vafi leikur á að hann vegna veikinda, slysa eða af öðrum ástæðum fullnægi áfram tilskildum heilbrigðisskilyrðum. Ef flugmálastjórn telur vafa leika á að handhafi skírteinis hafi áfram nægilega verklega eða líkamlega hæfni eða fræðilega þekkingu getur hún afturkallað skírteinið þar til gengið hefur verið úr skugga um óskerta hæfni hans með lækni skoðun og/eða nýju prófi ef með þarf. Flugmálastjórn getur, hvenær sem er, krafist nýs lækni svottorðs ef grunur leikur á að skírteinishafi fullnægi ekki lengur tilskildum heilbrigðisskilyrðum.

- 7.6.5. Flugmálastjórn getur fyrirvaralaust afturkallað skírteini um tiltekinn tíma ef handhafi hefur sýnt í starfi sínu ábyrgðarleysi, skort á dómgreind og reynslu, vanrækslu eða gerst brotlegur á annan hátt.
- 7.6.6. Ef skírteini hefur verið afturkallað eða hlutaðeigandi fyrirgert réttindum sem í því felast skal hann tafarlaust afhenda það flugmálastjórn eða trúnaðarmanni hennar.

VIII. KAFLI GILDISTAKA O.FL.

- 8.1. **Undanþágur.**
Samgönguráðuneytið getur veitt heimild til að víkja frá reglugerð þessari þegar sérstökum ástæðum er til að dreifa.
- 8.2. **Ágreiningur.**
Ágreiningi, sem rísa kann vegna reglugerðar þessarar, má vísa til samgönguráðuneytis til úrskurðar.
- 8.3. **Refsiákvæði.**
Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt XIII. kafla laga nr. 34, 21. maí 1964.
- 8.4. **Gildistaka.**
Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 34, 21. maí 1964, um loftferðir, staðfestist hér með til að öðlast gildi 15. júlí 1986. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um skírteini gefin út af flugmálastjórn, nr. 301/1978, og reglugerðir nr. 524/1980, 159/1982, 591/1983 og 398/1985 um breytingar á henni.

Samgönguráðuneytið, 16. júní 1986.

Matthías Bjarnason.

Birgir Guðjónsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Reykjahlíðar í Skútustaðahreppi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 30. júní 1986 staðfest endurskoðaðan uppdrátt af Reykjahlíð við Mývatn.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Skútustaðahrepps og skipulagsstjórn ríkisins.

Jafnframt er felldur úr gildi skipulagsuppdráttur af Reykjahlíð við Mývatn, sem staðfestur var af ráðuneytinu 30. september 1971.

Félagsmálaráðuneytið, 4. júlí 1986.

Alexander Stefánsson.

Hallgrímur Dalberg.

AUGLÝSING

um breytingar á staðfestu aðalskipulagi Hveragerðishrepps.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 30. júní 1986 staðfest átta breytingar á gildandi aðalskipulagi Hveragerðishrepps.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- 1) Á Fagrahvammstúni er gert ráð fyrir íþróttasvæði.
- 2) Fljótsmörk lengist að Reykjamörk.
- 3) Íbúða- og ylræktarsvæði verður sunnan Fljótsmerkur.
- 4) Milli Þelamerkur og Austurmerkur verður íbúðasvæði og fleira.
- 5) Sunnan Austurmerkur og vestan Grænumerkur verður verslunar- og útivistarsvæði.
- 6) Austan Breiðumerkur að Tívolí verður verslunar- og iðnaðarsvæði.
- 7) Á spildu vestan Breiðumerkur verður verslunar- og iðnaðarsvæði, og skipulagi frestað.
- 8) Á spildu í Ölfusdal verður ylræktar- og iðnaðarsvæði ennfremur breytist lega aðkomuvegar.

Þessar breytingar hafa hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hafa verið samþykktar af hreppsnefnd Hveragerðishrepps og skipulagsstjórn ríkisins.

Aðalskipulag Hveragerðishrepps, sem staðfest var 14. júlí 1982, breytist í samræmi við þessar samþykktir á ofangreindum svæðum. Að öðru leyti er gildandi aðalskipulag Hveragerðishrepps óbreytt.

Félagsmálaráðuneytið, 9. júlí 1986.

Alexander Stefánsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

um bann við veiðum smábáta í ágúst 1986.

1. gr.

Á tímabilinu frá og með 1. ágúst til og með 10. ágúst 1986, er bátum, sem eru minni en 10 brl. óheimilt að stunda fiskveiðar aðrar en grásleppuveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og ákvæðum laga nr. 97 20. desember 1985, um stjórn botnfiskveiða 1986—1987.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 97 20. desember 1985, um stjórn botnfiskveiða 1986—1987, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 4. júlí 1986.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Þórdur Eyþórsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 190 8. maí 1978 um Leiklistarskóla Íslands.

1. gr.

8. grein reglugerðarinnar orðist svo:

Í inntökunefnd eiga sæti skólastjóri Leiklistarskóla Íslands, sem jafnframt er formaður og fjórir fulltrúar kosnir af skólanefnd til eins árs í senn. Fulltrúar kosnir af skólanefnd skulu vera: Einn menntaður leikari, einn leiklistarkennari og tveir leikstjórar en annar þeirra hafi einkum reynslu af gerð leikinna kvikmynda og hinn einkum reynslu af starfi í atvinnuleikhúsum.

Hlutverk inntökunefndar er að annast inntöku nýrra nemenda skólans.

Nefndinni er heimilt að leita aðstoðar annarra sérfróðra aðila ef sérstök ástæða virðist til.

2. gr.

16. grein reglugerðarinnar orðist svo:

Inntökunefnd annast inntöku nemenda.

Skólanum er heimilt að taka inn nýja nemendur þrjú ár í senn, en fjórða árið skulu ekki teknir inn nemendur, þannig að í skólanum séu flest þrjú árgangar samtímis. Fjöldi nýrra nemenda hverju sinni skal ekki vera meiri en átta í leikaradeild, einn í leikstjórn eða leikmyndateiknun og einn í tæknináms, eða samtals, 10 nemendur, sbr. þó 17. gr. Umsækjendur um inngöngu í Leiklistarskóla Íslands skulu m. a. fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

að vera orðnir fullra 19 ára,

að hafa a. m. k. lokið námi í grunnskóla eða fengið sambærilega menntun,

að hafa gott vald á íslenskri tungu,

að geta kynnt sér lestrarefni á tveim erlendum tungumálum,

að leggja fram fullnægjandi heilbrigðisvottorð.

Inntökunefnd getur veitt undanþágu frá ofangreindum atriðum, ef sérstakar aðstæður mæla með. Skólinn auglýsir eftir umsóknum með minnst sex vikna fyrirvara. Sækja skal um á þar til gerðum eyðublöðum. Inntökunefnd ákveður hvaða umsóknir teljast fullnægja þeim skilyrðum, sem að framan greinir, og annast síðan inntöku nemenda m. a. með hæfnikönnun samkvæmt nánari ákvörðun nefndarinnar. Úrskurði inntökunefndar verður ekki hnekk.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild 2. gr. laga nr. 37/1975 um Leiklistarskóla Íslands og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 4. júlí 1986.

Sverrir Hermannsson.

Knútur Hallsson.

REGLUGERÐ

um breyting á samþykkt um stjórn bæjarmálefna Kópavogskaupstaðar nr. 276 1. júní 1984.

1. gr.

7. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Bæjarstjórn heldur reglulega fundi annan og fjórða þriðjudag hvers mánaðar nema júlí, ágúst og desember, er halda skal aðeins einn fund og þá þriðja þriðjudag hvers mánaðar. Fundur skal að jafnaði hefjast kl. 16.00. Aukafund skal halda, samkvæmt ákvörðun bæjarstjóra, forseta bæjarstjórnar eða ef fjórir fulltrúar hið fæsta krefjast þess. Fundum bæjarstjórnar skal að jafnaði ljúka fyrir miðnætti, kl. 24.00.

2. gr.

8. gr. breytist í samræmi við 7. gr., þannig að fimmtudagur kemur í stað þriðjudags.

3. gr.

24. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Bæjarstjórn kýs eftirtaldar nefndir og starfsmenn til að fara með tiltekin málefni, eftir því, sem lög mæla fyrir.

A. Til eins árs á síðari fundi í júní ár hvert:

1. Forseta bæjarstjórnar.
2. 1. varaforseta bæjarstjórnar.
3. 2. varaforseta bæjarstjórnar.
4. Tvo skrifara bæjarstjórnar og tvo til vara.
5. Fimm bæjarfulltrúa í bæjarráð.
6. Tvo skoðunarmenn bæjarreikninga og tvo til vara.
7. Kjörstjórnir við bæjarstjórnarkosningar:
 - a) Þrjú menn í yfirkjörstjórn.
 - b) Þrjú menn í hverja undirkjörstjórn og þrjú til vara.
8. Kjörstjórnir við alþingiskosningar:
 - a) Þrjú menn í hverja hverfiskjörstjórn og þrjú til vara.
 - b) Þrjú menn í hverja undirkjörstjórn og þrjú til vara.
9. Fimm menn í framtalsnefnd og fimm til vara. Starfstími nefndarinnar skal hefjast og enda við áramót.
10. Fimm menn í hafnarstjórn.
11. Tvo menn í stjórn Sparisjóðs Kópavogs. Auk þess eiga sæti í stjórninni þrír fulltrúar kjörnir af ábyrgðarmönnum sparisjóðsins.

B. Til fjögurra ára á öðrum fundi eftir bæjarstjórnarkosningar:

1. Fimm menn í atvinnumálanefnd og fimm til vara.
2. Fimm menn í lista- og menningarráð og fimm til vara.

3. Fimm menn í byggingarnefnd og jafnmarga til vara.
4. Fimm menn í félagsmálaráð og fimm til vara.
5. Fimm menn í heilbrigðisnefnd og fimm til vara.
6. Fimm menn í íþróttaráð og fimm til vara.
Samstarfsnefnd íþróttafélaganna er heimilt að tilnefna þrjá áheyrnarfulltrúa með málfrelsi og tillögurétt.
7. Fimm menn í jafnréttisnefnd og fimm til vara.
8. Fimm menn í skipulagsnefnd og fimm til vara.
9. Fimm menn í skólanefnd og fimm til vara.
10. Fimm menn í umferðarnefnd og fimm til vara.
Rétt til setu á fundum nefndarinnar hefur bæjarfógeti og bæjarverkfræðingur með málfrelsi og tillögurétt.
11. Fimm menn í stjórn Vélamiðstöðvar, þar af tilnefna starfsmenn Vélamiðstöðvar og Strætisvagna Kópavogs sinn hvorn manninn.
12. Fimm menn í tómsundaráð og fimm til vara. Auk þess skal starfandi félögum í bænum, þó ekki íþróttá- og stjórnmalafélögum, heimilt að tilnefna þrjá áheyrnarfulltrúa með málfrelsi og tillögurétt.
13. Sex menn í áfengisvarnarnefnd og sex til vara. Auk þess á sæti í nefndinni einn fulltrúi skipaður af ráðherra og er hann formaður nefndarinnar.
14. Fjóra menn í stjórn Sjúkrasamlags Kópavogs og fjóra til vara. Auk þess skipar ráðherra til viðbótar formann og varaformann stjórnarinnar.
15. Fimm menn í umhverfisráð og fimm til vara.
16. Þrjá menn í húsaleigunefnd og þrjá til vara.
17. Þrjá menn í stjórn Félagsheimilis Kópavogs og þrjá til vara. Auk þess eiga sæti í stjórninni tveir fulltrúar tilnefndir af aðildarfélögum.
18. Þrjá menn í stjórn verkamannabústaða og þrjá til vara.
19. Þrjá menn í stjórn Örva, verndaðs vinnustaðar.
20. Þrjá menn í vinabæjanefnd og þrjá til vara. Auk þess eiga sæti í nefndinni einn fulltrúi frá Norræna félaginu í Kópavogi og bæjarstjóri.
21. Tvo menn í stjórn Heilsugæslustöðvar Kópavogs og jafnmarga til vara. Auk þess á sæti í stjórninni einn fulltrúi sem starfslið Heilsugæslustöðvarinnar kys úr sínum hópi.
22. Tvo bæjarfulltrúa eða varabæjarfulltrúa í stjórn Lífeyrissjóðs Kópavogskaupstaðar og tvo til vara. Auk þess eiga sæti í stjórninni tveir fulltrúar kjörnir af sjóðsfélögum og bæjarstjóri, sem er formaður stjórnarinnar.
23. Einn forðagæslumann.
24. Einn mann í fulltrúaráð Brunabóttafélags Íslands og einn til vara.
25. Einn mann í stjórn Bláfjalla- og Reykjanesfólkvangs og einn til vara.
26. Einn mann í stjórn Tónlistarskóla Kópavogs.

C. Í aðrar nefndir sem stofnaðar kunna að verða.

Bæjarstjórn kys formenn nefnda, nema þar sem lög og reglugerðir kveða á um annað.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 8 18. apríl 1986 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 7. júlí 1986.

Alexander Stefánsson.

Hallgrímur Dalberg.

AUGLÝSING

um breyting á samþykkt um stjórn Dalvíkurkaupstaðar og fundar- sköp bæjarstjórnar nr. 279 10. september 1974.

1. gr.

35. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Bæjarstjórn kýs eftirtaldar nefndir og starfsmenn, auk þess sem áður getur, til þess að fara með tiltekin málefni, eftir því sem lög mæla fyrir:

A. Til eins árs:

1. Þrjú bæjarfulltrúa í bæjarráð og þrjú til vara.
2. Þrjú menn í kjörstjórn til Alþingiskosninga og þrjú til vara.
3. Einn mann í stjórn Sparisjóðs Svarfdæla og einn til vara.

B. Til fjögurra ára:

1. Fimm menn í skólanefnd Dalvíkurskóla og fimm til vara.
2. Fjóra menn í stjórn sjúkrasamlags og fjóra til vara.
3. Þrjú menn í náttúruverndarnefnd og þrjú til vara.
4. Tvo menn í heilbrigðisnefnd, skv. grein 6.6.2. l. nr. 50/1981, og tvo til vara.
5. Tvo menn í stjórn heilsugæslustöðvar og tvo til vara.
6. Fimm menn í bygginganefnd og fimm til vara.
7. Fimm menn í skipulagsnefnd og fimm til vara.
8. Þrjú menn í hafnarnefnd og þrjú til vara.
9. Þrjú menn í stjórn verkamannabústaða og þrjú til vara.
10. Tvo menn til að annast forðagæslu og tvo til vara.
11. Fimm menn í félagsmálaráð og fimm til vara.
12. Einn mann í heilbrigðismálaráð N.u.e. og einn til vara.
13. Þrjú menn í kjörstjórn til bæjarstjórnarkosninga og þrjú til vara.
14. Þrjú menn í umferðarnefnd og þrjú til vara.

Eftirtaldar nefndir gegna auk lögboðinna verkefna, störfum til viðbótar sem hér segir:

- a) Bygginganefnd fer með málefni ferlinefndar fatlaðra.
- b) Skipulagsnefnd fer með málefni gatnanafnanefndar.
- c) Félagsmálaráð fer með málefni barnaverndarnefndar, áfengisvarnarnefndar og húsa-leigunefndar.

Til viðbótar kjörnum fulltrúum í þessar nefndir skv framangreindu, skulu tilnefndir eða skipaðir í þær aðilar í samræmi við lög og reglur er varða viðbótarverkefni þeirra, og skal starfsemi þeirra við þá málaflokka fara í einu og öllu eftir ákvæðum laga þar um.

2. gr.

36. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Bæjarstjórn kýs eftirtaldar nefndir samkvæmt sérstökum samþykktum.

Til fjögurra ára:

1. Fimm menn í veitunefnd (vatns- og hitaveitu) og fimm til vara.
2. Fimm menn í atvinnumálanefnd og fimm til vara.
3. Þrjú menn í stjórn tónlistarskóla og þrjú til vara.
4. Fimm menn í fjallskilanefnd og fimm til vara.
5. Þrjú menn í riðunefnd og þrjú til vara.
6. Þrjú menn í íþrótt- og æskulýðsráð og þrjú til vara.
7. Þrjú menn í félagsheimilisnefnd og þrjú til vara.
8. Þrjú menn í stjórn bókasafns og í stjórn H.S.D. og þrjú til vara.

9. Þrjá menn í byggðasafnsnefnd og þrjá til vara.
10. Fimm menn í stjórn Dalbæjar og fimm til vara.
11. Þrjá menn á Fjórðungsþing Norðlendinga, skv. lögum Fjórðungssambands Norðlendinga og þrjá til vara.
12. Einn mann á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga og einn til vara.
13. Einn mann á aðalfund Brunabótafélags Íslands og einn til vara.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Dalvíkurkaupstaðar hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 8 18. apríl 1986 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 7. júlí 1986.

Alexander Stefánsson.

Hallgrímur Dalberg.

AUGLÝSING

um breyting á samþykkt um stjórn bæjarmála Vestmannaeyjabæjar nr. 536 31. ágúst 1982 með síðari breytingum.

1. gr.

24. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Á fundi bæjarstjórnar í júní ár hvert, skal kjósa þrjá menn í bæjarráð og þrjá menn til vara, hlutfallskosningu. Kosning bæjarráðs gildir uns nýtt bæjarráð hefur verið kjörið. Flokkur, sem býður fram sjálfstæðan lista og á fulltrúa í bæjarstjórn, en ekki í bæjarráði, má tilnefna bæjarfulltrúa til að sitja fundi bæjarráðs með málfrelsi og tillögurétt. Þeir skulu fá sömu þóknun fyrir fundarsetu og kjörnir fulltrúar í bæjarráði. Bæjarstjóri situr fundi bæjarráðs. Bæjarráð kys formann og má kjósa bæjarstjóra, þótt ekki sé hann kjörinn í ráðið.

Bæjarráð skal halda fundi í viku hverri og ákveður bæjarráð vikudag. Heimilt er að fækka fundum bæjarráðs í júlí og ágúst. Aukafundi skal halda, ef bæjarstjóri ákveður það eða ef tveir bæjarráðsmenn óska þess skriflega.

Bæjarstjóri undirbýr dagskrá bæjarráðs. Bæjarráð getur ráðið fundarritara utan bæjarráðs. Í gerðabók skal greina frá því hvar fundur er haldinn og hvenær, tölu fundar, hverjir sitja fundinn og hver sé fundarritari. Þá skal greint frá framlögðum skjölum og efni þeirra í stuttu máli, svo og hverja afgangi þau fá.

Um fundarsköp bæjarráðs fer eftir sömu reglum og gilda um bæjarstjórn eftir því, sem þau geta átt við.

2. gr.

36. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Bæjarstjórn kys hlutfallskosningu eftirtaldar nefndir og starfsmenn til að fara með tiltekin mál eftir því, sem lög mæla fyrir og samkvæmt sérstakri samþykkt bæjarstjórnar í júní ár hvert:

A. Til eins árs:

1. Atvinnumálanefnd: Fimm aðalmenn og fimm til vara.
2. Félagsmálaráð: Fimm aðalmenn og fimm til vara.
3. Landnytjanefnd: Þrjú aðalmenn og þrjú til vara.
4. Menningamálanefnd: Fimm aðalmenn og fimm til vara.

5. Samninganefnd: Tveir aðalmenn og tveir til vara.
 6. Skólanefnd framhaldsskóla: Fimm aðalmenn og fimm til vara.
 7. Stjórn Sparisjóðs Vestmannaeyja: Tveir aðalmenn, tveir til vara.
 8. Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Vestmannaeyja: Einn aðalmaður, einn til vara.
 9. Stjórn veitustofnana: Fjórir aðalmenn og fjórir til vara.
 10. Tótmundaráð: Fimm aðalmenn og fimm til vara.
 11. Kjörstjórn við bæjarstjórnarkosningar:
 - a) Undirkjörstjórn: Þrír aðalmenn og þrír til vara.
 - b) Kjördeildir: Þrír aðalmenn í hverja kjördeild, þrír til vara.
 12. Kjörstjórnir við Alþingis- og forsetakosningar:
 - a) Undirkjörstjórn: Þrír aðalmenn og þrír til vara.
 - b) Kjördeildir: Þrír aðalmenn í hverja kjördeild, þrír til vara.
 13. Umferðarnefnd: Þrír aðalmenn og þrír til vara.
 14. Brunavarnanefnd: Fjórir aðalmenn og fjórir til vara.
 15. Heilbrigðis- og umhverfisverndarnefnd: Fimm aðalmenn, fimm til vara.
 16. Stjórn Íþróttamiðstöðvar: Þrír aðalmenn og þrír til vara.
 17. Stjórn sjúkrahúss og heilsugæslustöðvar: Þrír aðalmenn, þrír til vara.
- B. Til fjögurra ára:
1. Bygginganefnd: Fimm aðalmenn og fimm til vara.
 2. Hafnarstjórn: Fimm aðalmenn og fimm til vara.
 3. Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands: Einn aðalmaður og einn til vara.
 4. Skólanefnd grunnskóla: Fimm aðalmenn og fimm til vara.
 5. Stjórn sjúkrasamlags: Fjórir aðalmenn og fjórir til vara.
 6. Áfengisvarnanefnd: Sex aðalmenn.
 7. Stjórn verkamannabústaða í Vestmannaeyjum: Þrír aðalmenn og þrír til vara.
 8. Húsaleigunefnd: Þrír aðalmenn og þrír til vara.
 9. Samband ísl. sveitarfélaga: Þrír aðalmenn og þrír til vara.
- C. Skoðunarmenn til eins árs:
1. Tveir skoðunarmenn reikninga bæjarsjóðs og stofnana og tveir til vara.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyjabæjar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 8 18. apríl 1986 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 10. júlí 1986.

Alexander Stefánsson.

Hallgrímur Dalberg.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðalaga nr. 40, 1968 og að fengnum tillögum borgarráðs hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Háteigsvegur verði aðalbraut, þó þannig að umferð um hann víki fyrir umferð um Rauðarárstíg og Lönguhlíð.
2. Umferð um Skaftahlíð víki fyrir umferð um Bólstaðarhlíð með biðskyldu.

3. Einstefnuakstur verði á Lindargötu til austurs frá Ingólfsstræti að Klapparstíg. Bifreiðastöður heimilaðar að norðanverðu á Lindargötu milli Ingólfsstrætis og Klapparstígs og að sunnanverðu milli Ingólfsstrætis og Smíðjustígs.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 1. ágúst 1986.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 8. júlí 1986.

Böðvar Bragason.

Nr. 338

REIKNINGUR

fyrir sjóðinn Gerðuminning.

Rekstarreikningur 1985

	kr.
Tekjur:	
Vextir af bankabók	4 292,39
	<hr/>
	4 292,39
Gjöld:	
Leiga fyrir bankahólf	300,00
Tekjur umfram gjöld	3 992,39
	<hr/>
	4 292,39
	<hr/>

Efnahagsreikningur 31. desember 1985

Eignir:	
Í kjörbók, Landsbanka Íslands nr. 261594	17 870,78
Spariskírteini ríkissjóðs 1. fl. 74	1 100,00
	<hr/>
	18 970,78
Skuldir:	
Höfuðstólsreikningur:	
Höfuðstóll	14 978,39
Tekjur umfram gjöld	3 992,39
	<hr/>
	18 970,78
	<hr/>

Reykjavík, 17. janúar 1986.

Ólöf Sigurjónsdóttir.

Við undirritaðar höfum lesið reikninginn og teljum hann rétt færðan. Bankainnstæða og verðbréf eru fyrir hendi.

Reykjavík, 12. mars 1986.

Anna Gísladóttir.

Vigdís Jónsdóttir.

REGLUGERÐ

um búmark og fullvirðisrétt til framleiðslu mjólkur og sauðfjárafurða verðlagsárið 1986—1987.

I. KAFLI

Orðaskýringar.

1. gr.

Merking orða í reglugerð þessari er sem hér segir:

Framleiðandi er hver sá, sem á eigin vegum hefur með höndum búvöruframleiðslu til afhendingar í afurðastöð, hvort sem er einstaklingur, lögaðili, aðili að félagsbúi eða ríkisbú.

Búmark er viðmiðunartala afurðaeininga reiknuð í ærgildum, sem ákveðin er fyrir lögbýli eða framleiðendur búvöru utan lögbýla skv. reglugerð þessari.

Ærgildisafurð er afurðaeining. Ein ærgildisafurð telst vera 18,2 kg af kindakjöti (16,8 kg af dilkakjöti og 33,0 kg kjöts af fullorðnu fé) og tilsvareandi magn af slátri og gærum eða 174 lítrar af mjólk.

Ærgildi er talin vetrarfóðruð sauðkind. Ærgildi í nautgripum reiknast þannig: kýr 20 ærgildi, kelfd kviga 12, vetrungur 8 og kálfur 4 ærgildi.

Lögbýli eða jörð er í reglugerð þessari skilgreint skv. 1. gr. ábúðarlaga nr. 64, 31. maí 1976 með síðari breytingum.

Félagsbú er sameiginlegur búrekstur tveggja eða fleiri einstaklinga á einu eða fleiri lögbýlum með samningi, sem hlotið hefur samþykki Landnáms ríkisins eða landbúnaðar-ráðuneytisins, sbr. jarðalög nr. 65/1976 með síðari breytingum.

Fullvirðisréttur er það magn mjólkur og sauðfjárafurða, sem framleiðendum er ábyrgt fullt verð fyrir á grundvelli samnings skv. a-lið 30. gr. l. nr. 46/1985.

Fullvirðismark er samanlagður fullvirðisréttur allra framleiðenda á búmarkssvæði til framleiðslu mjólkur eða sauðfjárafurða, reiknaður sem hlutfall af samanlögðu búmarki svæðisins í viðkomandi búgrein.

II. KAFLI

Um búmark.

2. gr.

Búmark það, sem í gildi var við stjórn á framleiðslu mjólkur og sauðfjárafurða samkvæmt búmarksskrá Framleiðsluráðs landbúnaðarins hinn 1. ágúst 1986, skal halda gildi sínu með eftirtöldum undantekningum:

- a. Heimilt er Framleiðsluráði landbúnaðarins, að fengnum tillögum hlutaðeigandi búnaðarsambands, að þrengja búmark á félagsbúum, ef aðilum að félagsbúi hefur fækkað frá árinu 1979. Skerðing þessi má að hámarki nema því, að hver aðili að félagsbúi hafi 600 ærgilda búmark í mjólk eða 450 ærgildi í sauðfjárafurðum, en 660 eða 500 ærgildi, ef aðeins einn aðili er eftir, enda hafi þeir eða hann meirihluta tekna sinna af búinu miðað við næstliðið almanaksár. Sama gildir um búmark á lögbýli, sem fengið hefur úrskurð um búmark til félagsbús eða fleirbýlis eftir 1979, ef einhver aðili, sem átti hlut að því búmarki, er hættur búrekstri eða hefur flutt lögheimili sitt af lögbýlinu og aðilum búsins þannig fækkað. Við útreikning skerðingar búmarks á blönduðum búum, skal miða við hlutfallið á milli ofangreindra ærgildistalna fyrir mjólk og sauðfé.

- b. Heimilt er Framleiðsluráði landbúnaðarins, að fengnum tillögum hlutaðeigandi búnaðarsambands, að kalla inn búmark þeirra lögbýla, þar sem nautgripir og/eða sauðfé hefur ekki verið skráð á forðagæsluskýrslu á árabílinu 1980—1985 að báðum árum meðtöldum, nema um sé að ræða leigu á búmarkinu til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, sbr. reglugerð nr. 370/1985.
- c. Kalla skal inn búmark framleiðanda sem býr ekki á lögbýli, um leið og hann hættir búvöruframleiðslu í viðkomandi grein. Framleiðandi utan lögbýlis getur ekki ráðstafað búmarki sínu, hvorki með bústofni sínum eða á annan hátt.
- d. Niður skal fella búmark sem selt hefur verið Framleiðnisjóði landbúnaðarins. Helming þess búmarks sem selt er vegna búháttabreytinga skal fella út úr heildarbúmarki hlutaðeigandi búmarkssvæðis.

3. gr.

Framleiðsluráði landbúnaðarins er heimilt, að fengnu samþykki hlutaðeigandi búnaðarsambands, að stækka búmark á lögbýlum hjá aðilum, sem um það sækja og uppfylla einhver eftirtalinna skilyrða:

- a. Purfa að mati byggingarfulltrúa og héraðsráðunautar að endurbyggja hús vegna búrekstrar þ. e. gripahús, áburðarhús og hlöður. Auka má þá búmark þannig að búmark viðkomandi býlis verði allt að 660 ærgildi í mjólk eða 500 ærgildi í sauðfjárafurðum, ef um einstakling er að ræða, en 10% færri ærgildi á hvern aðila að félagsbúi, sem hefur meirihluta tekna sinna af búrekstrinum.
- b. Um sé að ræða ættliðaskipti á viðkomandi jörð (tímabundið félagsbú). Auka má þá búmark um allt að 350 ærgildi fyrir hvern aðila sem í bú sest við ættliðaskipti. Aukning þessi skal að hámarki veitt til 5 ára í senn.
- c. Um sé að ræða frumbýlinga, þ. e. þá er hafa hafið búskap eftir 1. janúar 1983. Heimilt er að ákveða býlinu allt að 660 ærgildi í mjólk eða 500 ærgildi í sauðfjárafurðum, ef um einstakling er að ræða.
- d. Um sé að ræða stofnun félagsbús. Auka má búmark þannig, að búmark býlisins fyrir hvern aðila að félagsbúinu verði allt að 600 ærgildi í mjólk eða 450 ærgildi í sauðfjárafurðum.

Einungis er heimilt að ráðstafa því búmarki, sem til fellur á hverju búmarkssvæði skv. a-, b- og c-liðum 2. gr., b-lið 3. gr. og 4. gr. Ráðstöfun búmarks, sem þannig losnar, skal bundin innan hlutaðeigandi búmarkssvæðis.

4. gr.

Heimilt er Framleiðsluráði landbúnaðarins, að fengnu samþykki viðkomandi búnaðarsambands, að úthluta framleiðanda sem búmark hefur, auknu búmarki, sé það til ráðstöfunar í hlutaðeigandi búgrein skv. síðari mgr. 3. gr.

Úthlutunina má binda því skilyrði að fallið sé frá jafnmörgum ærgildum í annarri búgrein, sem háð er búmarki.

5. gr.

Umsókn um nýtt eða aukið búmark skal senda viðkomandi búnaðarsambandi. Búnaðarsamband gerir tillögu um afgreiðslu og sendir til Framleiðsluráðs landbúnaðarins ásamt upplýsingum héraðsráðunautar um fyrirhugaðan búrekstur. Ef um nýjan framleiðanda er að ræða, skal héraðsráðunautur staðfesta upplýsingar um starfsmenntun og/eða reynslu umsækjanda í þeirri búgrein eða þeim búgreinum, sem hann hyggst stunda.

6. gr.

Heimilt er að færa búmark, allt eða að hluta, á milli lögbýla, ef eigendur þeirra óska eftir slíku, enda liggi fyrir samþykki viðkomandi búnaðarsambands (-sambanda). Þá er heimilt að færa búmark á milli ábúenda á sama lögbýli. Ósk um að nota þessar heimildir skal berast Framleiðsluráði landbúnaðarins, studd tilskyldum gögnum, fyrir 10. október 1986 vegna framleiðslu sauðfjárafurða, og fyrir 1. mars 1987 fyrir mjólkurframleiðslu.

Heimilt er búmarkssvæðum að skipta á búmarki því sem til ráðstöfunar kann að vera skv. síðari mgr. 3. gr. til mjólkurframleiðslu og sauðfjárræktar, enda liggi fyrir því samþykki aðalfunda hlutaðeigandi búnaðarsambanda. Um ráðstöfun þessa búmarks fer eftir ákvæðum 3. og 4. gr.

7. gr.

Búmarki skal skipt eftir svæðum. Skulu búmarkssvæði vera þessi:
Svæði nr.

1. Gullbringu- og Kjósarsýsla, Grindavík, Keflavík, Njarðvík, Hafnarfjörður, Kópavogur, Garðabær, Reykjavík og Seltjarnarnes.
2. Borgarfjarðarsýsla utan Skarðsheiðar og Akraness.
3. Borgarfjarðarsýsla innan Skarðsheiðar.
4. Mýrasýsla.
5. Snæfellsness- og Hnappadalssýsla og Ólafsvík.
6. Dalasýsla.
7. Austur-Barðastrandarsýsla.
8. Vestur-Barðastrandarsýsla.
9. Vestur-Ísafjarðarsýsla.
10. Norður-Ísafjarðarsýsla, Ísafjörður og Bolungarvík.
11. Strandasýsla.
12. Vestur-Húnavatnssýsla.
13. Austur-Húnavatnssýsla.
14. Skagafjarðarsýsla, Sauðárkrókur og Siglufjörður.
15. Eyjafjarðarsýsla, Akureyri, Dalvík Ólafsfjörður og Suður-Pingeyjarsýsla vestan Ljósavatnshrepps.
16. Aðrir hreppar í Suður-Pingeyjarsýslu og Húsavík.
17. Keldunes-, Öxarfjarðar-, Fjalla-, Presthóla- og Raufarhafnarhreppar í Norður-Pingeyjarsýslu.
18. Aðrir hreppar í Norður-Pingeyjarsýslu.
19. Skeggjastaða- og Vopnafjarðarhreppar.
20. Norður-Múlasýsla að öðru leyti, Seyðisfjörður, hreppar í Suður-Múlasýslu á Héraði, ásamt Helgustaða-, Reyðarfjarðar-, Búða- og Fáskrúðsfjarðarhreppum og Eskifirði.
21. Norðfjörður, Neskaupstaður og Mjóifjörður.
22. Stöðvar-, Breiðdals-, Berunes-, Búlands- og Geithellnahreppar.
23. Austur-Skaftafellssýsla.
24. Vestur-Skaftafellssýsla.
25. Rangárvallasýsla.
26. Árnessýsla og Selfoss.

8. gr.

Þar sem hluti búmarkssvæðis fellur innan félagssvæðis annars búnaðarsambands skulu viðkomandi búnaðarsambönd fjalla sameiginlega um málefni framleiðenda á þeim hluta búmarkssvæðisins.

9. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins heldur skrá um búmark. Það lætur búnaðarsamböndum árlega í té búmarksskrá fyrir starfssvæði þeirra, ásamt sérstakri skrá yfir breytingar, sem orðið hafa á búmarki þar undangengið ár, og skrá um samanlagt búmark í hverri búgrein á einstökum búmarkssvæðum landsins.

10. gr.

Reglugerð þessi tekur ekki til búmarks vegna framleiðslu nautakjöts sem sett var á grundvelli laga nr. 95/1981, sbr. l. nr. 46/1985.

III. KAFLI

Um fullvirðisrétt.

11. gr.

Heildarfullvirðisréttur til mjólkurframleiðslu annars vegar og til framleiðslu sauðfjár-afurða hins vegar telst vera það magn þessara búvara, sem um hefur verið samið skv. a-lið 30. gr. l. nr. 46/1985 fyrir hvert verðlagsár. Rétti þessum skal skipt í tveimur áföngum. Fyrst skal honum skipt á milli einstakra búmarkssvæða, sbr. 7. gr., en síðan á milli framleiðenda þessara búvara innan hvers búmarkssvæðis.

12. gr.

Til þess að búvöruframleiðanda sé reiknaður fullvirðisréttur til mjólkur- og/eða sauðfjárframleiðslu þarf hann að fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

- a) hafa búmark í hlutaðeigandi búgrein skv. II. kafla þessarar reglugerðar, sbr. einnig 23. gr.
- b) Hafa lagt afurðir, mjólk og/eða kindakjöt, inn í afurðastöð á verðlagsárinu 1985/1986 sbr. þó 2. mgr. 14. gr. Framleiðsluráði landbúnaðarins er heimilt að víkja frá þessu ákvæði hafi framleiðsla í búgreininni verið felld niður tímabundið og ráðinu tilkynnt um það fyrir 1. september 1986, eða vegna niðurskurðar búfjár vegna sjúkdóma.

IV. KAFLI

Fullvirðisréttur til mjólkurframleiðslu verðlagsárið 1986—1987.

13. gr.

Fullvirðisréttur búmarkssvæðis til **mjólkurframleiðslu** (FR_{MSV}) fyrir verðlagsárið 1986—1987 skal fundinn með eftirfarandi reiknireglu:

$$FR_{MSV} = FR_{85/86} \times \frac{SM_{86/87}}{HFR_{85/86}}$$

þar sem

- $FR_{85/86}$: fullvirðisréttur allra mjólkurframleiðenda á hlutaðeigandi búmarkssvæði, sem úthlutað var skv. reglugerðum nr. 37/1986 og 178/1986.
- $HFR_{85/86}$: heildarfullvirðisréttur allra mjólkurframleiðenda sem úthlutað var skv. reglugerðum nr. 37/1986 og nr. 178/1986.
- $SM_{86/87}$: heildarfullvirðisréttur til mjólkurframleiðslu verðlagsárið 1986—1987, sbr. 11. gr.

Frá fullvirðisrétti búmarkssvæðis þannig reiknuðum skal draga fullvirðisrétt, sem úthlutað var til einstakra mjólkurframleiðenda á svæðinu skv. 2. gr. rg. nr. 178/1986, en ekki reyndist þörf á að nýta á verðlagsárinu 1985/1986.

Fullvirðisréttur einstakra mjólkurframleiðenda (FR_{MB}) fyrir verðlagsárið 1986—1987 skal fundinn með eftirfarandi reiknireglu, sbr. þó ákvæði 14. gr.:

$$FR_{MB} = GFR_{85/86} \times \frac{SM_{86/87}}{HFR_{85/86}}$$

þar sem

$GFR_{85/86}$: fullvirðisréttur sem framleiðanda var reiknaður skv. 6. gr. reglugerðar nr. 37/1986.

Þeim fullvirðisrétti til mjólkurframleiðslu, sem ráðstafað var til einstakra framleiðenda skv. 5. og 10. gr. reglugerðar nr. 37/1986, svo og reglugerð nr. 178/1986, að því marki er hinn síðast taldi var nýttur með framleiðslu á verðlagsárinu 1985/1986 skal ráðstafað þannig:

1. Áður en til úthlutunar kemur skal minnka fullvirðisréttinn í sama hlutfalli og fullvirðisrétt einstakra búmarkssvæða, sbr. 1. mgr. þessarar greinar.
2. Fullvirðisréttur skv. þessari málsgrein skal haldast áfram innan sömu búmarkssvæða og á verðlagsárinu 1985/1986.
3. Viðbótarfullvirðisrétti skv. 5. gr. rg. nr. 37/1986, sbr. þó 1. tl. þessarar greinar, skal úthlutað til framleiðenda, sem samanlagt framleiddu innan við 300 ærgildisafurðir í mjólk og sauðfjárafurðum verðlagsárið 1984/1985 og höfðu meirihluta tekna sinna af mjólkurframleiðslu og sauðfjárrækt á árunum 1984 og 1985. Framleiðsluráði landbúnaðarins er heimilt að veita þeim, sem um það sækja og uppfylla skilyrði þessi, aukinn fullvirðisrétt, þannig að samanlagður fullvirðisréttur viðkomandi í mjólkurframleiðslu og sauðfjárrækt innan búmarks nemi allt að 300 ærgildisafurðum.
Nýtist umræddur fullvirðisréttur ekki allur með framangreindum hætti á búmarkssvæði, er hlutaðeigandi búnaðarsambandi heimilt að ákveða að viðmiðunartala ærgildisafurða, þ. e. 300 ærgildisafurðir, skuli hækkuð, eða að fullvirðisréttinum, sem af gengur, öllum eða hluta hans, skuli ráðstafað skv. 4. tl. þessarar greinar.
4. Fullvirðisrétti skv. 10. gr. rg. nr. 37/1986 og rg. nr. 178/1986, sbr. þó 1. tl. þessarar greinar, er heimilt að úthluta til þeirra framleiðenda, er uppfylla skilyrði 14. gr. þessarar reglugerðar, svo og til leiðréttinga á fullvirðisrétti einstakra mjólkurframleiðenda sem nauðsynlegar kunna að reynast skv. 22. gr.

14. gr.

Búnaðarsambandi er heimilt að veita mjólkurframleiðendum, sem uppfylla skilyrði einhverra eftirtalinnna tölulíða og um það sækja, aukningu fullvirðisréttar:

1. a) að viðkomandi sitji lögbýli, sem hefur búmark í mjólk og/eða sauðfjárafurðum skv. skrá Framleiðsluráðs landbúnaðarins.
- b) að viðkomandi hafi hafið framleiðslu mjólkur og afhent í afurðastöð á þremur næstliðnum verðlagsárum, eða hafi á þeim tíma tekið í notkun nýtt fjós eða hlöðu, stækkað fjós eða endurnýjað að meirihluta eða stofnað til félagsbús með samningi sem hlotið hefur samþykki landbúnaðarráðuneytisins, sbr. jarðalög nr. 65/1976 með síðari breytingum.
2. að viðkomandi hafi orðið fyrir áföllum í framleiðslu mjólkur vegna búfjársjúkdóma, slysa og annarra orsaka sem leitt hafa til a. m. k. 10% afurðatjóns verðlagsárið 1984/1985 miðað við meðalframleiðslu viðkomandi bús og gripi skráða á forðagæsluskýrslu verðlagsárin 1982/1983 og 1983/1984.
3. að viðkomandi hafi orðið að auka mjólkurframleiðslu tímabundið vegna niðurskurðar sauðfjár að opinberum fyrirmælum til útrýmingar riðuveiki eftir 1983.
4. að viðkomandi hafi fengið heimild til færslu búmarks úr sauðfjárafurðum til mjólkurframleiðslu með gildistöku hinn 1. september 1986.

Þá er heimilt að veita allt að 10% aukningu fullvirðisréttar þeim sem reiknaður hefur verið fullvirðisréttur innan fullvirðismarks. Ennfremur er búnaðarsambandi heimilt að veita frumbýlingum sem um það sækja fullvirðisrétt til mjólkurframleiðslu, þ. e. þeim sem hefja mjólkurframleiðslu til innleggs í afurðastöð 1. sept. 1986 eða síðar, enda sitji þeir lögþýli sem hefur búmark til mjólkurframleiðslu.

Búnaðarsambandi er heimilt að fela Framleiðsluráði landbúnaðarins að annast fyrir sína hönd framangreinda veitingu fullvirðisréttar til mjólkurframleiðslu á grundvelli tillagna sem sambandið gerir til Framleiðsluráðs. Framleiðsluráð ákveður fresti til umsókna og til afgreiðslu þeirra. Skal umsóknarfrestur vera eigi skemmri en 3 vikur og hann auglýstur með tryggilegum hætti.

Að jafnaði skal ekki úthluta framleiðanda sem sækir um aukinn fullvirðisrétt samkvæmt þessari grein og uppfyllir ofangreind skilyrði meira en 100 ærgildisafurða viðbótarframleiðslurétti. Heimilt er að hækka eða lækka þetta magn til samræmis við fjölda umsækjenda, er áður nefnd skilyrði uppfylla og þann fullvirðisrétt sem til ráðstöfunar er og viðkomandi búnaðarsamband óskar eftir að nýta.

Framleiðsluráð landbúnaðarins tilkynnir framleiðanda um breytingu á fullvirðisrétti skv. þessari grein. Fer um meðferð þeirra tilkynninga og úrlausn ágreinings er rísa kann vegna ákvæða þessarar greinar eftir 22. gr.

Þeim fullvirðisrétti skv. síðustu málsgrein 13. gr. og 14. gr. sem ekki verður úthlutað samkvæmt ákvæðum þeirra greina, skal úthlutað til mjólkurframleiðenda í hlutfalli við reiknaðan fullvirðisrétt þeirra skv. 13. gr.

15. gr.

Nýti mjólkurframleiðandi ekki fullvirðisrétt sinn á verðlagsárinu, skal hinn ónýtti réttur koma til viðbótar fullvirðisrétti einstakra framleiðenda við uppgjör framleiðslu á viðkomandi búmarkssvæði það verðlagsár í þessari röð:

- a. til þeirra framleiðenda á hverju svæði er fengu fullvirðisrétt skv. 13. gr. sem er lægra hlutfall af búmarki þeirra en svarar til fullvirðismarks svæðisins, skipt hlutfallslega á milli þeirra, upp að fullvirðismarki.
- b. til framleiðenda á svæðinu, skipt hlutfallslega á milli þeirra, allt að búmarki þeirra í greininni.
- c. til annarra búmarkssvæða, að fenginni staðfestingu landbúnaðarráðherra, og skal þeim rétti skipt skv. a- og b-liðum þessara greinar.

16. gr.

Búnaðarsambandi er heimilt að leita eftir skriflegri staðfestingu mjólkurframleiðanda, sem hættir eða dregur úr framleiðslu sinni, á að hann nýti ekki að fullu fullvirðisrétt sinn á verðlagsárinu. Að fenginni slíkri staðfestingu úthlutar hlutadeigandi búnaðarsamband þessum fullvirðisrétti til aðila á búmarkssvæðinu í samræmi við ákvæði 14. gr. Kjósi búnaðarsambandið ekki að nýta réttinn allan með þessum hætti, skal þeim sem af gengur, deilt á milli mjólkurframleiðenda á búmarkssvæðinu í hlutfalli við reiknaðan fullvirðisrétt þeirra skv. 13. gr.

Nú afsalar framleiðandi sér fullvirðisrétti skv. þessari grein og skal þá fullvirðisréttur hans á næsta verðlagsári ákveðinn eins og viðkomandi hefði nýtt sér réttinn með framleiðslu.

V. KAFLI

Fullvirðisréttur til framleiðslu sauðfjárafurða verðlagsárið 1986—1987.

17. gr.

Fullvirðisréttur búmarkssvæðis til framleiðslu kindakjöts (FR_{KSV}) fyrir verðlagsárin 1986—1987 skal fundinn með eftirfarandi reiknireglu:

$$FR_{KSV} = \frac{SM \times GT_{KSV}}{SGT_K}$$

þar sem

SM : heildarfullvirðisréttur til framleiðslu kindakjöts sbr. 11. gr.

GT_{KSV} : grunntala búmarkssvæðis. Grunntala er innvegið kindakjöt allra framleiðenda innan búmarks á búmarkssvæðinu það verðlagsáranna 1984—1985 eða 1985—1986 sem kjötmagnið er meira. Hafi umtalsverð röskun orðið á kindakjötsinnleggi á búmarkssvæði vegna niðurskurðar sauðfjár að opinberum fyrirmælum, er ráðherra, að fengnum tillögum hlutaðeigandi búnaðarsambands og Framleiðsluráðs landbúnaðarins, heimilt að ákveða að viðmiðunarár skulu vera önnur en að framan greinir.

SGT_K : Samanlagðar grunntölur allra búmarkssvæða landsins.

Fullvirðisbúmarkssvæðis (FM_{KSV}) í framleiðslu kindakjöts er fundið þannig:

$$FM_{KSV} = \frac{FR_{KSV}}{BM_{KSV}}$$

þar sem

FR_{KSV} : fullvirðisréttur búmarkssvæðis til framleiðslu kindakjöts samkvæmt síðustu málgrein;

BM_{KSV} : samanlagt sauðfjárþúmark allra framleiðenda kindakjöts á búmarkssvæðinu á verðlagsárinu 1984/1985.

Nýti búmarkssvæði ekki fullvirðisrétt sinn, skal mismuninum ráðstafað til svæða, þar sem framleiðsla reynist umfram reiknaðan fullvirðisrétt. Skal við það miðað, að skerðing framleiðslu kindakjöts á einstökum svæðum verði sem jöfnust að tiltölu miðað við framleiðslu þeirra það verðlagsáranna 1984/1985 og 1985/1986, er hún var meiri. Skal aðeins miðað við þá framleiðslu, sem telst vera innan búmarks og lögð hefur verið inn í afurðastöð fyrir 10. nóvember 1986, nema framleiðandi hafi sérstaklega samið við sláturleyfishafa um slátrun á öðrum tíma, sbr. síðustu málgrein þessarar greinar.

Framleiðsluráð landbúnaðarins annast útreikning þennan og tilkynnir búnaðarsamböndum niðurstöður hans fyrir einstök búmarkssvæði eigi síðar en 30. nóvember 1986. Við ráðstöfun á þessum fullvirðisrétti er Framleiðsluráði landbúnaðarins heimilt að halda eftir allt að 3000 ærgildisafurðum vegna leiðréttinga, sem nauðsynlegar kunna að reynast skv. 22. gr. og vegna samningsbundinnar slátrunar sbr. 3. mgr. þessarar greinar.

18. gr.

Fullvirðisréttur hvers framleiðanda kindakjöts á verðlagsárinu 1986/1987 skal fundinn þannig, reynist kjötinnlegg meira en heildarfullvirðisréttur til framleiðslu kindakjöts, sbr. 11. gr.:

1. Framleiðendum kindakjöts í þéttbýli sem hafa þúmark í sauðfé skal reiknaður fullvirðisréttur allt að 90% af innleggi þeirra verðlagsárið 1985/1986, þó að hámarki 70% af þúmarki þeirra.
2. Þá skal engum framleiðanda kindakjöts ætlaður meiri fullvirðisréttur en nemur sauðfjárþúmarki lögbýlis hans skv. 2. gr. nema um sé að ræða niðurskurð sauðfjár

vegna sjúkdóma að opinberum fyrirmælum, eða fækkun sauðfjár vegna búháttabreytinga sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 370/1985. Reynist ekki þörf á þessari skerðingu allri, skal hún vera hlutfallslega meiri eftir því sem framleiðslan fer meira fram úr búmarki.

3. Þurfi að grípa til frekari skerðingar á fullvirðisrétti framleiðenda kindakjöts á einstökum búmarkssvæðum, þannig að hann samanlagður fyrir svæðið verði jafn fullvirðisrétti hlutaðeigandi svæðis, skal eftirfarandi reglum fylgt hvorri af annarri uns jöfnuði er náð:
 - a) Hjá þeim framleiðendum, sem nýta meira af sauðfjárþúmarki sínu en sem svarar til fullvirðismarks hlutaðeigandi svæðis, skal skerða fullvirðisrétt um það sem innleggið er meira en innlegg þeirra það verðlagsáranna 1984/1985 og 1985/1986 er meira var. Undanþegnir þessu ákvæði eru þeir framleiðendur sem á verðlagsárunum 1983/1984 til og með 1986/1987 hafa fellt fjárstofn sinn eða keypt eða selt líffé vegna útrýmingar sauðfjársjúkdóma að opinberum fyrirmælum. Tekur undanþága þessi aðeins til afurðamagns, sem svarar til hins keypta eða selda líffjár.
 - b) Síðan skal skerða fullvirðisrétt framleiðenda frá búmarki þannig að innlegg sem svarar til:

95,1—100%	af sauðfjárþúmarki	skerðist að hámarki um	10%
90,1—95%	af sauðfjárþúmarki	skerðist að hámarki um	7%
85,1—90%	af sauðfjárþúmarki	skerðist að hámarki um	5%
80,1—85%	af sauðfjárþúmarki	skerðist að hámarki um	3%
75,1—80%	af sauðfjárþúmarki	skerðist að hámarki um	1%

19. gr.

Hlutaðeigandi búnaðarsambandi er heimilt að ákveða, að aðilar sem uppfylla einhver eftirtalinna skilyrða verði undanþegnir skerðingu skv. 18. gr. tl. 3b, að einhverju eða öllu leyti:

1. Framleiðendur, sem framleiddu minna en 300 ærgildisafurðir mjólkur og sauðfjárafurða verðlagsárið 1985/1986 og höfðu meirihluta tekna sinna af mjólkurframleiðslu og sauðfjárrækt á árunum 1984 og 1985.
2. Framleiðendur, sem orðið hafa fyrir einstaklingsbundnum áföllum í sauðfjárrækt, svo sem vegna sauðfjársjúkdóma og annarra orsaka, þannig að innlegg þeirra á verðlagsárunum 1984/1985 og 1985/1986 eftir ásettan fjárstofn telst vera óeðlilega lítið miðað við afurðir næstu tvö verðlagsár á undan.
3. Framleiðendur, sem tekið hafa í notkun ný fjárhús og/eða hlöður, stækkuð fjárhús eða endurnýjuð að meirihluta eftir 1. september 1983 eða stofnað til félagsbús eftir 1. janúar 1983 með samningi, sem hlotið hefur samþykki Landnáms ríkisins eða landbúnaðarráðuneytisins, sbr. jarðalög nr. 65/1976 með síðari breytingum.
4. Framleiðendur, sem teljast frumbýlingar, þ. e. hafa hafið búskap eftir 1. janúar 1983.

Umsókn um undanþágu, studd staðfestum upplýsingum um búskaparaðstöðu, skal senda viðkomandi búnaðarsambandi fyrir 15. nóvember 1986. Búnaðarsamband tilkynnir umsækjendum og Framleiðsluráði landbúnaðarins afgreiðslu umsókna fyrir 30. nóvember 1986. Framleiðsluráð tilkynnir hlutaðeigandi sláturleyfishöfum fullvirðisrétt framleiðenda skv. þessum kafla, eigi síðar en 10. desember 1986.

20. gr.

Frumgreiðsla fyrir sauðfjárafurðir skv. 1. tl. 29. gr. 1. nr. 46/1985 skal miðuð við að greitt sé fyrir innlagðar sauðfjárafurðir, þó ekki umfram 85% af búmarki hlutaðeigandi framleiðanda. Fullnaðargreiðsla og viðbótargreiðsla skv. 2. og 3. tl. 29. gr. áðurnefndra laga skulu miðast við fullvirðisrétt framleiðanda til framleiðslu sauðfjárafurða skv. þessum kafla.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

21. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins reiknar út fullvirðisrétt fyrir framleiðendur mjólkur og sauðfjárafurða, sjá þó 14. gr. Það heldur skrá um fullvirðisrétt, og lætur afurðastöðvum í té eintak af henni fyrir starfssvæði viðkomandi afurðastöðvar.

Framleiðsluráð landbúnaðarins aflar upplýsinga og annast útreikninga vegna framkvæmdar þessarar reglugerðar og eftirlit með uppgjöri afurðastöðva við framleiðendur. Afurðastöðvum er skylt að láta Framleiðsluráði landbúnaðarins í té allar þær upplýsingar sem að gagni geta komið við störf þess og þær geta veitt.

22. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal tilkynna framleiðendum fullvirðisrétt þeirra. Þeir eiga þess kost að gera athugasemdir við hann og skulu þær berast Framleiðsluráði landbúnaðarins innan 30 daga frá birtingu tilkynningar, ella gildir hann fyrir verðlagsárið. Framleiðsluráð landbúnaðarins endurskoðar útreikninga, sem athugasemdir eru gerðar við og tilkynnir framleiðanda niðurstöðu sína.

Berist Framleiðsluráði ekki athugasemdir við þá niðurstöðu innan 25 daga frá dagsetningu úrskurðarins, gildir hún fyrir hlutadeigandi verðlagsár. Uni viðkomandi framleiðandi ekki þeirri niðurstöðu, hefur hann rétt til að skjóta ágreiningnum með rökstuddri kæru til nefndar, sem skipuð er skv. 31. gr. 1. nr. 46/1985. Skal nefndin fella úrskurð sinn innan 30 daga frá því erindi berst henni. Með sama hætti skal nefnd þessi úrskurða um ágreining, sem rísa kann vegna framkvæmdar á ákvæðum 2.—7. gr. þessarar reglugerðar.

23. gr.

Framleiðanda er óheimilt að ráðstafa fullvirðisrétti sínum til annars aðila eða leggja afurðir inn í afurðastöð á fullvirðisrétti annars framleiðanda án samþykkis viðkomandi búnaðarsambands sbr. 6. gr. Við ábúendaskipti á lögbýlum skal framleiðsla fráfarandi bónda og þess er við tekur teljast framleiðsla býlisins á viðkomandi verðlagsári. Reiknast hún skv. því búmarki og þeim fullvirðisrétti, sem viðkomandi lögbýli hefur og skiptist á milli þeirra í því hlutfalli sem notað hefur verið, þegar ábúendaskipti fara fram.

24. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 59. gr. laga nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

25. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. lögum nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast gildi þegar í stað, að undanskildum ákvæðum 1. mgr. 6. gr., sem öðlast gildi 1. september 1986. Jafnframt falla úr gildi þau ákvæði reglugerðar nr. 465/1983 sem fjalla um ákvörðun búmarks vegna framleiðslu mjólkur og sauðfjárafurða.

Landbúnaðarráðuneytið, 22. júlí 1986.

Jón Helgason.

Guðmundur Sigþórsson.

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð um loðdýrarækt og innflutning loðdýra,
nr. 444 22. júlí 1982.**

1. gr.

1. mgr. 17. gr. orðist svo:

Sala loðdýra innanlands er aðeins heimil til þeirra er hafa leyfi landbúnaðarráðuneytisins til reksturs loðdýrabús. Seljanda ber að fullvissa sig um að kaupandi hafi slíkt leyfi. Búnaðarfélag Íslands hefur yfirumsjón með mati á lífdýrum. Kaupendum lífdýra skal gefinn kostur á því að trúnaðarmaður Búnaðarfélags Íslands meti þau lífdýr, sem hann áformar að kaupa. Skulu þá dýrin merkt og skráð í þrírítu og heldur seljandi einu eintaki, kaupandi fær annað og Búnaðarfélag Íslands hið þriðja.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 7. gr. laga nr. 51 29. maí 1981 um loðdýrarækt, öðlast gildi þegar í stað.

Landbúnaðarráðuneytið, 14. júlí 1986.

Jón Helgason.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ**um eftirlitsgjald vegna lyfjaeftirlits fyrir árið 1986.**

1. gr.

Gjald það, sem lyfsölum, lyfjagerðum, lyfjaheildsölum, læknum og sveitarfélögum með lyfjasölu ber að greiða fyrir árið 1986, vegna lyfjaeftirlits skv. 52. og 53. gr. lyfjalaga, nr. 108, 14. nóvember 1984, skal vera sem hér segir:

	Kr.
I. flokkur	52 000,00
II. flokkur	46 000,00
III. flokkur	40 000,00
IV. flokkur	29 000,00
V. flokkur	20 000,00
VI. flokkur	14 000,00

2. gr.

Lyfjabúðum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjaldsins, sem hér segir:

I. flokkur:

Keflavíkur Apótek
Laugavegs Apótek
Lyfjabúðin Iðunn
Reykjavíkur Apótek
Stjörnu Apótek
Apótek Austurbæjar

II. flokkur:

Borgar Apótek
Háaleitis Apótek
Hafnarfjarðar Apótek
Holts Apótek
Ingólfs Apótek
Kópavogs Apótek
Vesturbæjar Apótek

III. flokkur:

Akureyrar Apótek
Garðs Apótek
Laugarnesapótek
Lyfjabúð Breiðholts
Selfoss Apótek

IV. flokkur:

Akraness Apótek
Apótek Vestmannaeyja
Árbæjar Apótek
Húsavíkur Apótek
Ísafjarðar Apótek
Stykkishólms Apótek

V. flokkur:

Apótek Austurlands
Apótek Blönduóss
Apótek Garðabæjar
Borgarness Apótek
Dalvíkur Apótek
Egilsstaða Apótek
Grindavíkur Apótek
Hafnar Apótek
Lyfjaberg

Mosfells Apótek
Nes Apótek, Neskaupstað
Nesapótek, Seltjarnarnesi
Norðurbæjar Apótek, Hafnarfirði
Apótek Ólafsvíkur
Patreks Apótek
Rangár Apótek
Sauðárkróks Apótek
Siglufjarðar Apótek
Ölfus Apótek

3. gr.

Lyfjagerðum og -heildsölum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjalds, sem hér segir:

I. flokkur

Delta hf.
G. Ólafsson hf.
Lyfjaverzlun ríkisins
Pharmaco hf.
Stefán Thorarensen hf.
Tóro hf.

II. flokkur

Lyf sf.
Medico hf.

III. flokkur

Ásgeir Sigurðsson hf.
Farmasía hf.
Gróco hf.
H. Ólafsson & Bernhöft

4. gr.

Lækna- og sveitarfélög, sem annast lyfjasölu, samkv. 4. gr. reglugerðar nr. 27, 13. janúar 1983, um staðsetningu lyfjabúða og lyfjaútibúa, skulu greiða eftirlitsgjald samkv. VI. flokki.

5. gr.

Heimilt er að leggja eftirlitsgjald á sjúkrahús og aðrar stofnanir, sem hafa lyf undir höndum. Skulu þá deildarskipt sjúkrahús greiða eftirlitsgjald samkv. II. flokki, en önnur sjúkrahús og stofnanir samkv. VI. flokki.

6. gr.

Eftirlitsgjald skal greiða fyrir 15. október 1986. Gjaldið er lögtakskræft.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkv. 52. og 53. gr. lyfjalaga nr. 108, 14. nóvember 1984, tekur gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 11. júlí 1986.

Ragnhildur Helgadóttir.

Ingolf J. Petersen.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um slátrun, mat og meðferð sláturafurða, sbr. breytingu með reglugerð nr. 341/1981.

1. gr.

19. gr., 1. og 2. töluliður orðist svo:

I. Dilkakjöt.

Dilkakjöt sem selja á innanlands nýtt, fryst, saltað og reykt eða flytja skal á erlendan markað skal metið í eftirfarandi gæðaflokka: I. fl. +, I. fl., II. fl., II. fl.O, III. fl.

Kjötið skal metið og merkt í gæðaflokka og þyngdarflokka um leið og það er vigtað inn frá framleiðanda.

Gæðaflokkar dilkakjöts eru þessir:

I. flokkur * (stjörnudilkur): Sérlega vel vaxnir skrokkar með greinilegum ræktunar-einkennum, vel holdfylltir, einkum í lærum og á baki, hæfilega feitir og með jafnri dreifingu hvítrar fitu um allan skrokkinn. Fituþykkt á síðu, þ. e. á 12. rifbeini, 11 cm frá miðjum hrygg, sé að hámarki 8 mm. Fituþykkt á bakvöðva (við 12. rifbein) sé að hámarki 3 mm. Skrokkar gallalausir í útliti. Þessir skrokkar skulu sérstaklega merktir *.

I. flokkur: Vel holdfylltir skrokkar með fituþykkt á síðu, þ. e. á 12. rifbeini, 11 cm frá miðjum hrygg, minni en 12 mm, gallalausir í útliti.

II. flokkur: Vöðvarýrir, útlitsljótir skrokkar og með minni háttar mar eða aðra verkunargalla.

II. flokkur O: Skrokkar sem hafa fituþykkt á síðu yfir 12 mm, einnig skrokkar með blóðlitaðri fitu eða fitu sem ekki stirðnar. Þessir skrokkar skulu sérstaklega merktir O, sbr. meðfylgjandi töflu. Merkingu þessara skrokka skal hagað þannig að þeim verði ekki blandað saman við annað kjöt í heildsölu.

III. flokkur: Mjög vöðvarýrir og magrir skrokkar, verulega marðir, limhögnir eða með verulegum verkunargöllum.

Merkja skal dilkakjöt samkvæmt gæða- og þyngdarflokkum svo sem hér segir:

I. flokkur*. Vel holdfyllt læri og bak. Hvít fituhula	Að 12,5 kg.	13—16 kg	16,5—19 kg	19,5—22,5 kg	23 kg og þyngri
	DI *6	DI *2	DI *8	DI *4	
I. flokkur. Vel holdfylltir, miðlungsfita, galla- lausir í útliti	DI 6	DI 2	DI 8	DI 4	DI T
II. flokkur. Sæmilega holdfylltir, lítill fita, gallalítillir	DII 6×	DII 2×	DII 8×	DII 4×	DII T×
II. flokkur O. Holdgóðir skrokkar, mikil fita og/eða fita sem ekki stirðnar	DII O 6	DII O 2	DII O 8	DII O 4	DII O T
III. flokkur. Allir holdrýrir, fitu- lítillir, marðir, gallaðir eða með mjög gula fitu	DIII 6××	DIII 2××	DIII 8××	DIII 4××	DIII T ××

Þar sem skylt er að miða við 100 gr þungamun, skulu kjötmatsmenn gæta þess að hækka eða lækka í flokkum þannig t. d., að 12,7 kg skrokur merkist í þyngdarflokkinn 6 en 12,8 kg í þyngdarflokkinn 2. Sé kjötið vigtað blautt skulu mörkin vera 300 gr hærri (2% af þyngd).

2. Annað kindakjöt.

Gæðaflokkar annars kindakjöts eru þessir:

- a. Kjöt af veturgömlu geldfé, gimbrum og geldingum skal merkja VI, ef skrokkarnir eru holdmiklir og falletir í útliti og vega minnst 18 kg. Aðra skrokka skal meta og merkja í ær- og hrútaflokkum eftir holdum og útliti. Veturgamla hrúta skal merkja VII séu þeir vöðvafylltir og holdgóðir.
Til þess að kjöt af veturgömlum hrútum sé metið í VII skal þeim slátrað ekki seinna en 10. október, ella fari þeir í hrútaflokkum eftir gæðum.
- b. Kjöt af sauðum tveggja og þriggja vetra skal merkja SI ef skrokkarnir eru vel holdfylltir og hæfilega feitir, en rýrari eða óhæfilega feita sauðaskrokka skal meta og merkja í ærflokkum eftir gæðum og útliti. Kjöt af hrútum, geltum að vori, þrevetrum og yngri, metist sem af sauðum væri.
- c. Kjöt af geldum ám tveggja og þriggja vetra skal merkja GI, ef skrokkarnir eru vel holdfylltir og vel útlítandi. Skrokka af eldri ám og þeim sem missa lömb sín að vorinu og ganga lamblausar yfir sumarið skal merkja GII ef holdfylling er góð. Rýra skrokka og skrokka sem eru mjög feitir, af geldum ám, skal meta og merkja í ærflokkum eftir gæðum og útliti.
- d. Kjöt af mylkum ám skal merkja Æ I, ef skrokkarnir eru holdgóðir og líta vel út, Æ II séu þeir sámilega holdgóðir og ekki útlitsljótir, en Æ III alla rýra skrokka og ljóta í útliti. Kjöt af holdgóðum, mylkum ám, þriggja vetra og yngri, fallett í útliti, má merkja Æ I Z. Sérstaklega skal vanda til Æ I og Æ II til útflutnings, varðandi heilbrigði og útlit kjötsins. Rýrt geldfé frá flokkunum V, S og G, sem merkt hefur verið í ærflokk, skal ekki sent á erlendan markað.
- e. Kjöt af fullorðnum hrútum skal meta í tvo gæðaflokka, H I og H II. Í H I skal meta vöðvafyllta og vel útlítandi skrokka, hafi hrútarnir verið geltir að vori eða slátrað ekki síðar en 10. október. Í H II skal meta rýra og/eða útlitsljóta skrokka af hrútum, sem slátrað er ekki síðar en 10. október og allt kjöt af hrútum sem slátrað er eftir þann tíma. Ennfremur skal meta í þennan flokk skrokka af lambhrútum, sem slátrað er 1. nóvember eða síðar.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að ákveða sérstaka merkingu á dillakjöti, sem fer á erlendan markað, eftir þeim reglum og venjum sem gilda í viðkomandi landi. Slíkar reglur séu þó jafnan gerðar í samráði við seljanda kjötsins og kjötmatsformann.

Útflytjendum á breskan markað heimilast að merkja dillakjöt í fyrsta gæða flokki með merkimiðum, sem á er prentað: PRIME ICELANDIC LAMB.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 30 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 15. júlí 1986.

Jón Helgason.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

um Iðnþróunarsjóð.

1. gr.

Heiti sjóðsins er Iðnþróunarsjóður (Nordisk Industrialiseringsfond for Island). Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík. Stofnaðilar sjóðsins eru ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar. Stofnaðilar hafa gert með sér sérstakan stofnsamning fyrir sjóðinn dags. 12. desember 1969, og viðbótarsamning við stofnsamning, dags. 29. apríl 1980, og viðbótarsamning við stofnsamning, dags. 21. mars 1986, og eru þeir birtir sem fylgiskjöl með lögum um Iðnþróunarsjóð nr. 9 frá 13. febrúar 1970, sbr. lög nr. 43 frá 23. maí 1980 og lög nr. 59 frá 19. júní 1985 og hafa ákvæði þeirra lagagildi hér á landi.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að uppbyggingu ahlíða og samkeppnishæfs atvinnulífs á Íslandi og skal hann leggja megináherslu á tækni- og iðnþróun og samvinnu á sviði iðnaðar og viðskipta milli Íslands og hinna Norðurlandanna.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins skal vera jafnvirði 14 milljóna Bandaríkjadollara, sem stofnaðilar leggja fram skv. stofnsamningi frá 12. desember 1969. Ábyrgð Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar á skuldbindingum sjóðsins er takmörkuð við hlutdeild þeirra í stofnfénu á hverjum tíma. Ísland er á sama hátt ábyrgt fyrir skuldbindingum sjóðsins með sínum hluta stofnfjárins og ber auk þess eitt ábyrgð á þeim skuldbindingum umfram stofnféð, sem sjóðurinn kann að taka á sig vegna ábyrgða og lántöku.

4. gr.

Reikningseining sjóðsins skal vera jöfn einum Bandaríkjadal. Lán, sem tekin eru í öðrum gjaldmiðli en Bandaríkjadal, skulu endurlánuð í sama gjaldmiðli. Lán, sem veitt eru af eigin fé sjóðsins, má veita í öðrum gjaldmiðli en Bandaríkjadal, eftir ákvörðun stjórnar sjóðsins. Útistandandi lán í Bandaríkjadöllum mega þó aldrei nema lægri upphæð en sem nemur stofnframlögum eins og þau eru á hverjum tíma, að viðbættum lánnum teknum í Bandaríkjadöllum. Verði breyting á stofngengi eða raunverulegu sölugengi þessara gjaldmiðla og þar með reikningseiningu sjóðsins, breytast eftirstöðvar lána, svo og greiðslur vaxta og afborgana í samræmi við það.

5. gr.

Sjóðurinn starfar að verkefnum sínum með því:

- a) að veita lán til ákveðinna verkefna annað hvort einn eða í samvinnu við aðra aðila.
- b) að ábyrgjast lán sem veitt eru af öðrum aðilum.
- c) að kaupa í sérstökum tilvikum hlutabréf í nýjum og starfandi fyrirtækjum, enda verði að því stefnt að selja hlutabréfin strax og aðstæður leyfa og hagkvæmt þykir.
- d) að veita í sérstökum tilvikum lán með hagstæðum kjörum eða framlög, m. a. til tækniadstoðar, rannsókna, vöruþróunar og markaðsathugana. Slík lán eða framlög mega samtals ekki nema meira en 10% af stofnfénu. Frá og með árinu 1980 er í sama tilgangi heimilt að ráðstafa til viðbótar 10% af eigin fé sjóðsins eins og það var í byrjun ársins 1980, auk 10% af rekstrarafgangi hvers árs. Í fyrsta skipti af rekstrarafgangi ársins 1980.

Fé til ofangreindrar starfsemi fær sjóðurinn af stofnfé sínu, tekjum og með lántökum. Ákvarðanir um lánveitingar, hlutabréfakaup og ábyrgðir skulu vera í samræmi við almenn

viðskiptasjónarmið. Sjóðurinn skal stefna að því að tryggja eðlilega ávöxtun stofnfjár og eigin fjár. Lán, framlög eða ábyrgðir má veita til fyrirtækja í einkaeign eða í eigu opinberra aðila og til fjárfestingarlánasjóða sem hafa sama tilgang og sjóðurinn. Sama gildir um kaup á hlutabréfum. Þess skal ávallt gætt að á móti óendurgreiddum stofnframlögum og lánnum til sjóðsins standi lán með fullnægjandi tryggingum. Sjóðurinn skal hafa náð samstarf við íslenskar lánastofnanir.

Þrátt fyrir heimildir í ákvæðum 4. liðar c) og 2. og 3. mgr. sama liðar samningsins og samsvarandi staflíðs og mgr. hér að framan um kaup sjóðsins á hlutabréfum í fyrirtækjum eru þær heimildir takmarkaðar, þar til annað verður nánar ákveðið, við að kaupa hlutabréf í hlutafélögum sem ríkið á hlut í og stofnuð eru með heimild í lögum eða samkvæmt sérstakri ríkisstjórnarsamþykkt. Breyting á þessu ákvæði reglugerðarinnar skal háð samþykki iðnaðarráðherra Norðurlandanna.

6. gr.

Sjóðurinn skal hafa stjórn, framkvæmdastjórn og framkvæmdastjóra.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð fimm mönnum, einum frá hverju aðildarríki. Varamaður skal skipaður fyrir hvern stjórnarmann. Menn þessir skulu skipaðir til þriggja ára í senn. Iðnaðarráðherra skipar fulltrúa Íslands og varamann hans. Fulltrúa og varamenn hinna ríkjanna skipa stjórnvöld hvers ríkis eftir reglum, er þau setja. Sjóðurinn greiðir laun stjórnarmanna og framkvæmdarstjórnarmanna skv. ákvörðun iðnaðarráðherra.

8. gr.

Stjórn sjóðsins kys sér formann til eins árs í senn, frá 1. maí til jafnlengdar næsta ár á eftir. Engar bindandi ákvarðanir má taka, nema a. m. k. 3 stjórnarmenn eða varamenn þeirra séu á fundi. Hver stjórnarmaður fer með eitt atkvæði. Til ákvörðunar þarf meirihluta atkvæða, og skal atkvæði íslenska stjórnarmannsins vera þar með.

9. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda a. m. k. tvo fundi á ári. Formaður stjórnar og framkvæmdastjóri boða til og undirbúa fundi. Fund skal boða, komi fram ósk um það frá einum eða fleiri stjórnarmanna. Framkvæmdastjóri er ritari á fundum stjórnarinnar.

10. gr.

Stjórn sjóðsins tekur ákvarðanir um málefni hans, en í því felst m. a.:

- a) að taka ákvarðanir um lánveitingar og setja lágmarksskilyrði fyrir þeim og um ábyrgðir, sem veita á og kaup á hlutabréfum skv. ákvæðum 5. gr.,
- b) að taka ákvarðanir um lántökur,
- c) að taka ákvarðanir um vaxta- og útlánskjör sjóðsins,
- d) að ráða framkvæmdastjóra að fengnum tillögum framkvæmdastjórnar,
- e) að setja framkvæmdastjóra starfsreglur með erindisbréfi eftir tillögum framkvæmdastjórnar,
- f) að fela framkvæmdastjórninni eftir því, sem hún telur heppilegt, að taka ákvarðanir um starfsemi sjóðsins, þ. m. t. lánveitingar,
- g) að skipa tvo menn til að endurskoða bókhald og reikninga sjóðsins, og skal annar þeirra vera löggiltur endurskoðandi og hinn aðalendurskoðandi Seðlabanka Íslands,
- h) að úrskurða reikninga sjóðsins og taka ákvarðanir um ráðstöfun tekjuafgangs svo og um afskriftir krafna sjóðsins, að fengnum tillögum framkvæmdastjórnar.

11. gr.

Iðnaðarráðherra skipar fimm menn í framkvæmdastjórn eftir tilnefningu eftirtalinnna aðila: Landsbanka Íslands, Iðnaðarbanka Íslands hf., Iðnlánasjóðs, Útvegsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, sem hver tilnefnir einn mann. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt, og skal skipunartími aðalmanna og varamanna vera þrjú ár. Ráðherra skipar formann framkvæmdastjórnar, en hún skiptir með sér verkum að öðru leyti. Framkvæmdastjóri undirbýr fundi framkvæmdastjórnar í samráði við formann hennar. Fundi skal halda eftir því sem þörf krefur, en þó að jafnaði eigi sjaldnar en tvisvar í mánuði.

12. gr.

Verkefni framkvæmdastjórnar eru einkum þessi:

- a) að gera tillögur til sjóðsstjórnarinnar um þau mál, er sjóðsstjórnin tekur ákvörðun um, þar á meðal um lántökur, lánveitingar, kaup á hlutabréfum skv. 5. gr., framlög, ábyrgðir, ráðstöfun tekjuafgangs og afskriftir,
- b) að gera tillögu um ráðningu framkvæmdastjóra,
- c) að taka ákvarðanir um starfsemi sjóðsins, þar með talið lánveitingar, hlutabréfakaup skv. 5. gr. og framlög, eftir því sem sjóðsstjórnin felur henni, sbr. 10. gr.,
- d) að afgreiða lánveitingar og ábyrgðir skv. samþykktum sjóðsstjórnar,
- e) að undirrita skjöl sjóðsins, hafa umsjón með rekstri hans og starfsemi,
- f) að vinna að því í samstarfi við sjóðsstjórnina, að tilgangi með stofnun sjóðsins verði sem best náð.

13. gr.

Framkvæmdastjóri sjóðsins ber ábyrgð á ráðningu og uppsögn starfsfólks og daglegum rekstri. Hann annast vörslu eigna sjóðsins, hefur yfirumsjón með bókhaldi, úrvinnslu lánsúmsókna og fer með prókúruumboð fyrir sjóðinn.

14. gr.

Til að skuldbinda sjóðinn þarf undirskrift tveggja manna, sem eiga sæti í framkvæmdastjórninni.

15. gr.

Seðlabanki Íslands skal veita sjóðnum nauðsynlega fyrirgreiðslu og starfsaðstöðu, að því er varðar húsnæði, bókhald, afgreiðslu, daglega endurskoðun, lögfræðilega þjónustu, innheimtu, geymslu verðbréfa o. fl. Sjóðurinn endurgreiðir útlagt fé vegna þessa.

16. gr.

Bókhaldsár sjóðsins skal vera hið sama og almanaksárið. Í lok hvers bókhaldsárs semur framkvæmdastjórn sjóðsins skýrslu um starfið á árinu og leggur hana ásamt endurskoðuðum og árituðum ársreikningum fyrir stjórn sjóðsins til samþykktar í síðasta lagi 1. maí næstan á eftir. Samþykktir ársreikningar ásamt ársskýrslu skulu lagðir fyrir iðnaðarráðherra eigi síðar en 1. júní.

17. gr.

Halda skal árlega ársfund Iðnþróunarsjóðs. Rétt til setu á ársfundi eiga eftirtaldir aðilar:

- a) stjórn og framkvæmdastjórn Iðnþróunarsjóðs,
- b) fjórir menn tilnefndir af iðnaðarráðherra og tveir tilnefndir af sérhverjum þeim sem tilnefnir mann til setu í framkvæmdastjórn.

Framkvæmdastjóri Iðnþróunarsjóðs situr ársfundinn svo og þeir sem stjórn eða framkvæmdastjórn bjóða sérstaklega til fundarins.

Á ársfundinum skal kynna ársreikninga og ársskýslu sjóðsins og ræða atriði er þar koma fram. Þá skal á ársfundinum ræða þátt sjóðsins í tækni og iðnþróun á Íslandi eftir því sem ástæða er til.

Formaður stjórnar sjóðsins eða sá sem hann tilnefnir stýrir ársfundi.

18. gr.

Iðnþróunarsjóður er undanþeginn opinberum gjöldum og sköttum til ríkissjóðs og sveitarsjóða á sama hátt og Seðlabanki Íslands. Sjóðurinn er og undanþeginn stimpilgjaldi af fjárskuldbindingum, sem hann kann að taka á sig.

19. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt tillögum stjórnar Iðnþróunarsjóðs og með heimild í lögum nr. 9 frá 13. febrúar 1970 með áorðnum breytingum skv. lögum nr. 43 frá 23. maí 1980 og lögum nr. 59 frá 19. júní 1985, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 120, 18. maí 1972, með áorðnum breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 18. júlí 1986.

Albert Guðmundsson.

Halldór J. Kristjánsson.

um forkaupsrétt Svalbarðsstrandarhrepps að fasteignum innan sveitarfélagsins.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22/1932 um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl. og 26. gr. skipulagslaga nr. 19/1964 hefur hreppsnefnd Svalbarðsstrandarhrepps gert eftirfarandi samþykkt:

Svalbarðsstrandarhreppi er áskilinn forkaupsréttur að eftirtöldum lóðum og mannvirkjum:

Svalbarðseyri ásamt mannvirkjum.

1. Um er að ræða landssvæði sem takmarkast af eftirfarandi: að sunnan merkjalína milli Svalbarðs og Mógils, að austan takmarkast lóðin af brekkunni og norður fyrir svokallað Línadalshús.

Þá tekur við síki og liggja mörkin austan við það allt út að svokölluðu Pálshúsi en eftir það norður eystri bakka Svalbarðstjarnar að línu er dregin sé þvert austur úr ós þeim er grafinn er úr tjörninni til sjávar skammt norðan við vitann.

Landið er 26 885m² að stærð samkvæmt fasteignamati.

2. Öll mannvirki sem eru á fyrrgreindu landsvæði.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún til upplýsinga fyrir þá sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 18. júlí 1986.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Þorgerður Benediktsdóttir.

REGLUGERÐ**um bann við togveiðum við Vestmannaeyjar.**

1. gr.

Frá og með 25. júlí 1986 eru allar togveiðar bannaðar á svæði sem afmarkast af Heimaey og línunum sem dregnar eru um eftirgreinda punkta:

- a. 63°26'8 N og 20°28'5 V (Dalfjall)
- b. 63°29'3 N og 20°30'8 V (Prídrangar)
- c. 63°24'0 N og 20°22'2 V (Álsey)
- d. 63°24'0 N og 20°17'3 V (Stórhöfði)

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varðar viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Mál út af brotum skal farið með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 22. júlí 1986.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Kjartan Júlíusson.

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð nr. 264 31. desember 1971, um raforku-
virki, með áorðnum breytingum.**

1. gr.

Við gr. 1.5.3, skilyrði til A-löggildingar, bætist nýr tölulíður, sem verður 5. tl., svohljóðandi:

5. hafa B-löggildingu og 10 ára starf við raforkuvirki rafveitna eða raforkuvera, þar af a. m. k. 5 ár við háspennuvirki.

Löggildingu skv. þessum lið er heimilt að takmarka við þau störf og þá stærð virkja, sem umsækjandi telst hafa kunnáttu til að annast samkvæmt skilgreiningu í leyfisbréfi.

Ágreiningu um leyfisveitingu skv. þessum lið getur hlutaðeigandi skotið til úrskurðar iðnaðarráðherra.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 7. gr. laga nr. 60/1979, um Rafmagnseftirlit ríkisins, staðfestist til að taka gildi þegar í stað.

Iðnaðarráðuneytið, 21. júlí 1986.

Albert Guðmundsson.

Halldór J. Kristjánsson.

AUGLÝSING

um starfsleyfi fyrir Síldarvinnsluna hf., Neskaupstað, til að framleiða fiskimjöl og lýsi úr bræðslufiski og fiskúrgangi.

1. Almenn ákvæði.

- 1.1. Verksmiðjunni er heimilt að framleiða fiskimjöl og lýsi úr bræðslufiski og fiskúrgangi sem nemur u. þ. b. 800 tonna hámarksafköstum á sólarhring.
- 1.2. Verksmiðjunni er skylt að sjá um, að á öllu athafnasvæði verksmiðjunnar sé gætt fyllsta hreinlætis. Svæðið skal lagt bundnu slitlagi eftir því sem þurfa þykir að mati heilbrigðisnefndar Neskaupstaðar. Verksmiðjunni ber að halda útliti sínu og umhverfi snyrtilegu.
- 1.3. Verksmiðjunni er skylt að ganga þannig frá byggingum og haga allri starfsemi svo, að hætta á gerlamengun í mjóli verði sem minnst. Skal um það haft samráð við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.
- 1.4. Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
- 1.5. Óski verksmiðjan eftir því að gera umtalsverðar breytingar á rekstri eða stækka verksmiðjuna, skal greina Mengunarvörnum Hollustuverndar ríkisins og heilbrigðisnefnd Neskaupstaðar skriflega frá því.
- 1.6. Mengunarvarnir Hollustuverndar ríkisins geta, að höfðu samráði við umsagnaradila, lagt til við heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að starfsleyfið verði endurskoðað, ef í ljós koma skaðleg áhrif á umhverfið sem ekki voru ljós fyrir. Sama gildir ef almennar kröfur, ráð og tæki koma til aukinna mengunarvarna.

2. Varnir gegn mengun ytra umhverfis.

- 2.1. Við löndun á hráefni skal nota þurrðælingu, en að öðrum kosti endurnýta löndunarvatn eins oft og mögulegt er. Allt löndunarvatn skal tekið til vinnslu í verksmiðju.
- 2.2. Verksmiðjunni er skylt að taka við og nýta skolvatn frá fyrstu skolun fiskiskipa eftir löndun. Skolvatninu skal halda í lágmarki t. d. með notkun háþrýstidælu. Aldrei skal nota meira vatn en sem nemur 10 l vatns fyrir hvert tonn af hráefni sem landað er.
- 2.3. Til flutnings á hráefni skulu einungis notuð vökvaheld flutningatæki, viðurkennd af heilbrigðisnefnd Neskaupstaðar.
- 2.4. Allt hráefni skal geymt í yfirbyggðum þróm eða geymum. Hráefnisgeymslur skulu vera þéttar og skal allt blöðvatn og annar vökví frá hráefni tekinn til vinnslu. Strax og hráefnisgeymsla hefur verið tæmd skal skola hana með vatni. Fyrsta skolvatni skal halda í lágmarki, t. d. með háþrýstidælum, og það tekið til vinnslu í verksmiðju.

- 2.5. Tæming hráefnisgeymsla skal vera sem mest sjálfvirk. Reynist nauðsynlegt að nota moksturstaeki, skal þrifa þau vel að verki loknu.
- 2.6. Fiskúrgang skal að jafnaði ekki geyma lengur en fjóra sólarhringa áður en hann er tekinn til vinnslu. Hafi hitastig verið undir 4°C meðan á geymslu stóð er heimilt að geyma úrgang í allt að eina viku. Heilbrigðisnefnd Neskaupstaðar getur veitt undanþágu frá þessari kröfu ef ástæða þykir til.
- 2.7. Við fotvörn bræðslufisks skal nota viðurkenndan blöndunarbúnað. Um styrk og meðferð rotvarnarefna fer samkvæmt reglugerð um notkun rotvarnarefna til geymslu á bræðslufiski, eins og hún er hverju sinni.
- 2.8. Loftræsta skal frá verulegum lyktaruppsprettum í verksmiðju og ræstiloftið flutt til lyktaeyðingar. Loftræsting skal hönnuð á þann hátt, að sem minnst af ómengdu lofti sé dregið með.
- 2.9. Loft frá þurrkara skal leiða í gegnum rykskiljur með góða skiljunarhæfni og síðan til lyktaeyðingar.
- 2.10. Lyktaeyðing skal framkvæmd með þvotta- og þéttiturni sem kælir útblásturinn niður í a. m. k. 20°C eða með brennslu lyktarefnanna. Lyktaeyðing skal þá vera jafngóð og eftir hitun í lofti í 700°C í 1/3 úr sekúndu. Við hönnun lyktaeyðingarbúnaðarinnar skal fullt tillit taka til orkuendurvinnslusjónarmiða.
- 2.11. Innan eins árs frá því að lofthreinsibúnaðurinn er tekinn í notkun skal fara fram athugun á hæfni hans í samráði við Mengunarvarnir Hollustuverndar ríkisins. Niðurstöður þeirrar athugunar skal hafa til viðmiðunar varðandi kröfur um viðbótarhreinsun og/eða enn frekari dreifingu útblásturslofts frá verksmiðjunni.
- 2.12. Soðkjarnatæki skulu útbúin fullkomnum dropagildrum. Fylgjast skal vel með því að soðtæki séu ekki ofhlaðin. Allt soðvatn skal nýta.
- 2.13. Framkvæma skal hreinsun á tækjabúnaði og mannvirkjum þannig að hreinsivökvanum sé safnað saman og hann endurnýttur eins oft og hægt er. Þegar hreinsivökvanum er veitt til sjávar, skal sýrustig (pH) frárennslisstrauma vera á bilinu 5 til 10.
- 2.14. Frárennslu úr hráefnisþróum og innan úr verksmiðju skal tengjast í fitugildru og þaðan ásamt öðru frárennslu leitt niður fyrir stórstraumsfjöruborð. Fitugildru skal hreinsa eins oft og nauðsyn krefur. Fitu sem safnast fyrir skal nýta ef kostur er, en annars farga ásamt öðrum úrgangi á viðurkenndan hátt að mati heilbrigðisnefndar Neskaupstaðar.
Fiskimjölverksmiðjan skal hafa samráð við Mengunarvarnir Hollustuverndar ríkisins um stærð og gerð fitugildru.
- 2.15. Framkvæma skal reglulega athugun á lífrænum efnum í frárennslu. Skal það gert í samráði við Mengunarvarnir Hollustuverndar ríkisins. Niðurstöður skulu hafðar til hliðsjónar varðandi kröfur um hreinsibúnað á frárennslu.
- 2.16. Frárennslu frá snyrtingum skal leiða í rotþró eða frá því gengið með öðrum viðurkenndum hætti að mati heilbrigðisnefndar Neskaupstaðar.
- 2.17. Lýsisgeymar skulu vera í lýsisheldri þró að rúmtaki minnst 20% af rúmtaki stærsta geymisins í þrónni. Lokunarbúnaður skal vera af viðurkenndri gerð og þannig staðsettur að ekki sé hætt á því að hann verði fyrir hnjaski. Einn loki skal staðsettur innan þróar.
- 2.18. Um frágang olíugeyma og varnir gegn mengun af völdum olíu fer samkvæmt heilbrigðisreglugerð nr. 45/1972 og reglum nr. 560/1982 um varnir gegn olíumengun sjávar við oliubirgðastöðvar.
- 2.19. Verksmiðjan skal sjá um, að mengunarvarnabúnaður sé ávallt í sem fullkomnustu lagi. Skal hafa reglulegt eftirlit með búnaði og ástandi hráefnis hverju sinni.

Niðurstöður og athuganir skal skrá niður í sérstaka dagbók og skal fulltrúum Mengunarvarna Hollustuverndar ríkisins og heilbrigðisnefndar Neskaupstaðar heimill aðgangur að þeim hvenær sem er.

3. Gildistaka.

- 3.1. Starfsleyfi þetta sem veitt er í samræmi við 5. grein reglugerðar nr. 390/1985, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem getur haft í för með sér mengun, sem sett er með stöð í 3. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit öðlast gildi þegar í stað.

4. Ákvæði til bráðabirgða.

- 4.1. Byggingu fitugildru á frárennsli skv. gr. 2.14. skal lokið innan þriggja mánaða frá útgáfu þessa starfsleyfis.
- 4.2. Ákvörðun og áætlanir um lofthreinsibúnað og fjárhagsáætlun vegna þeirra framkvæmda skulu liggja fyrir 1. janúar 1987.
- 4.3. Lofthreinsibúnaður skal taka til starfa innan tveggja ára frá útgáfu þessa starfsleyfis.
- 4.4. Bundið slitlag skal lagt umhverfis verksmiðjuna fyrir 1. júní 1987.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 16. júní 1986.

Ragnhildur Helgadóttir.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um náttúruvætti.

Samkvæmt heimild í 22. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur Náttúruverndarráð fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa sem náttúruvætti Dynjandi og aðra fossa í Dynjandisá í Arnarfirði ásamt umhverfi þeirra við Dynjandisvog.

Mörk náttúruvættisins eru: Frá odda Meðalness upp í fjallseggjar og með fjallsbrúnum umhverfis voginn og Dynjandisdal allt að mörkum jarðarinnar Dynjandi í Urðarhlíð og með þeim til sjávar í Deild. Þaðan með sjávarströnd að Meðalnesi.

Þessar reglur gilda um svæðið:

1. Í friðuninni felst að ekki má skerða vatnsrennsli til fossanna. Gildir þetta einnig utan hins friðlýsta svæðis, að Stóra Eyjavatni og aðrennslissvæði þess undanskildu. Um hugsanlega vatnsmiðlun þar er skylt að hafa samráð við Náttúruverndarráð.
2. Mannvirkjagerð og jarðrask, svo og aðrar breytingar á landi eru háðar leyfi Náttúruverndarráðs.
3. Stefnt skal að verndun kjarrlendis á hinu friðlýsta svæði. Náttúruverndarráð getur sett nánari reglur um gróðurvernd þar.
4. Umferð um hið friðlýsta svæði er öllum heimil, enda sé góðrar umgengni gætt. Akstur er óheimill utan vegar. Náttúruverndarráð getur sett nánari reglur um aðgang almennings að svæðinu og dvöl þar.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Náttúruverndarráðs eða þess sem fer með umboð ráðsins.

Endurprentað blað.


Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni, sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum. Jafnframt er felld úr gildi auglýsing nr. 245/1981 um friðlýsingu Fjallfoss og annarra fossa í Dynjandi í Arnarfirði ásamt umhverfi þeirra í Dynjandisvoggi.

Menntamálaráðuneytið, 23. júní 1986.

Sverrir Hermannsson.

Runólfur Þórarinnsson.



REGLUGERÐ

um þungaskatt.

1. gr.

Greiða skal árlega þungaskatt af bifreiðum sem hér segir:

- a. Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín og eru minni en 4000 kg að leyfðri heildarþyngd, öðrum en þeim bifreiðum sem ekið er gegn gjaldi samkvæmt mælum:

Eigin þyngd bifreiðar kg	Pungaskattur kr.	Eigin þyngd bifreiðar kg	Pungaskattur kr.
Allt að 1000	36 000	2800 — 2999	59 181
1000 — 1999	46 016	3000 — 3199	61 814
2000 — 2199	48 649	3200 — 3399	64 447
2200 — 2399	51 282	3400 — 3599	67 080
2400 — 2599	53 915	3600 — 3799	69 713
2600 — 2799	56 548	3800 — 3999	72 346

- b. Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín, eru undir 4000 kg að leyfðri heildarþyngd og ekið er gegn gjaldi samkvæmt löggiltum mælum:

Eigin þyngd bifreiðar kg	Pungaskattur kr.	Eigin þyngd bifreiðar kg	Pungaskattur kr.
Allt að 1000	46 800	2800 — 2999	76 936
1000 — 1999	59 821	3000 — 3199	80 358
2000 — 2199	63 244	3200 — 3399	83 781
2200 — 2399	66 667	3400 — 3599	87 204
2400 — 2599	70 090	3600 — 3799	90 627
2600 — 2799	73 512	3800 — 3999	94 050

2. gr.

Af bifreiðum, sem nota annan orkugjafa en bensín og eru 4000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd, skal þungaskattur greiðast í formi gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt öikumæli. Af tengi- og festivögnum, sem eru 6000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd, greiðist þungaskattur á sama hátt.

Kílómetragjald skv. 1. mgr. skal vera sem hér segir:

Leyfð heildarþyngd bifreiðar, tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km, kr.	Leyfð heildarþyngd bifreiðar, tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km, kr.
4,0— 4,9	2,47	15,0—15,9	5,25
5,0— 5,9	2,63	16,0—16,9	5,67
6,0— 6,9	2,84	17,0—17,9	6,08
7,0— 7,9	2,98	18,0—18,9	6,45
8,0— 8,9	3,11	19,0—19,9	6,94
9,0— 9,9	3,25	20,0—20,9	7,31
10,0—10,9	3,45	21,0—21,9	7,73
11,0—11,9	3,58	22,0—22,9	8,22
12,0—12,9	4,03	23,0—23,9	8,61
13,0—13,9	4,41	24,0—24,9	9,00
14,0—14,9	4,88	25,0 og þyngri	9,44

3. gr.

- a. Af akstri fólksflutningabifreiða er taka 17 farþega eða fleiri í sæti, sem á sér stað vegna áætlunarferða í þéttbýli, þ. e. akstur almenningsvagna eða sérleyfisferða, skal greiða 30% af þeim þungaskatti er um getur í 2. gr. Við ákvörðun á aksturslengd vegna sérleyfisferða skal leggja til grundvallar ekna kílómetra hvers sérleyfishafa á viðkomandi sérleið á hverju greiðslutímabili samkvæmt leiðabók umferðamáladeildar fólksflutninga sem í gildi er hverju sinni. Afslátturinn skal miðast við að allur akstur í áætlunarferðum í þéttbýli og sérleyfisferðum fari fram á bifreiðum sem eru 15,0—15,9 tonn að leyfðri heildarþyngd. Komi í ljós að akstur á sérleið hefur verið minni en leiðabók segir til um skal afslátturinn miðast við raunverulegan akstur. Með almenningsvögnum samkvæmt þessari málsgrein er átt við vagna sem ekið er samkvæmt fyrirfram ákveðinni tímaáætlun í þéttbýli og ætlaðir eru almenningi til afnota gegn fyrirfram ákveðnu gjaldi.
- b. Af akstri vöruflutningabifreiða, þ. m. t. festi- og tengivagnar, umfram 25.000 km á ári skal veittur 10% afsláttur af þungaskatti skv. 2. gr. Af akstri þessara ökutækja umfram 35.000 km á ári skal veittur 20% afsláttur og 50% afsláttur af akstri þeirra umfram 45.000 km á ári.
- Af akstri annarra bifreiða skal afsláttur þessi vera 10% af akstri umfram 25.000 km á ári og 20% af akstri umfram 45.000 km á ári.
- Afsláttur kemur til framkvæmda við fyrsta uppgjör eftir að akstur hefur náð framan-greindum mörkum, talið frá og með 10. október ár hvert.
- c. Eigendur bifreiða er um getur í 1. gr. geta að eigin vali greitt þungaskatt í formi gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt öikumæli í stað árgjalds. Gjald fyrir hvern ekinn kílómetra skal þá vera það sama og greiða ber af bifreiðum sem eru 4,0—4,9 tonn að heildarþyngd. Greiða skal $\frac{1}{12}$ hluta árgjalds skv. 1. gr. fyrir hvern mánuð sem bifreiðin er í notkun án þess að vera útbúin viðhlítandi öikumælisbúnaði. Mánuður í þessu sambandi teljast 15 dagar eða fleiri en 14 dögum eða færri skal sleppt. Bifreiðaeftirlitsmaður skal skrá í athugasemdadálk skráningarskírteinis bifreiðar hvort greiða skuli þungaskatt samkvæmt öikumæli eða fast árgjald.
- Frá þeirri stundu er bifreiðaeftirlitsmaður hefur viðurkennt öikumælisbúnað bifreiða, er hér um ræðir, gilda um þær öll ákvæði þessarar reglugerðar er að öikumælum lúta svo og ákvæði reglugerðar nr. 62/1977 með síðari breytingum.
- d. Noti bifreið innlendan orkugjafa skal þungaskattur vera helmingi lægri en kveðið er á um í 1. og 2. gr. eftir því sem við á hverju sinni.

4. gr.

Nú er bifreið eða festi- eða tengivagn eingöngu notuð við flutninga þar sem leyfður heildarþungi nýtist ekki til fulls og á þá eigandi rétt á að gjaldskylda sé miðuð við aðra þyngd en leyfða heildarþyngd. Slík þyngd er hér eftir nefnd skráð þyngd. Skráð þyngd, sem skattur er greiddur af, skal aldrei vera minni en 13 000 kg sé um bifreið að ræða, en 6000 kg sé um vagn að ræða. Skráð þyngd, sé um bifreið að ræða, en 6000 kg sé um vagn að ræða. Skráð þyngd, sem greiðsla er miðuð við, má og aldrei vera minni en eigin þyngd bifreiðar eða vagns og ekki skal slík skráning vera til skemmri tíma en 12 mánaða. Bifreiðaeftirlit ríkisins ákveður hver sé skráð þyngd samkvæmt þessari grein.

Bifreiðaeftirlit ríkisins færir upplýsingar um skráða þyngd í skráningarskírteini. Að lokinni færslu í skráningarskírteini og álestri á öikumæli bifreiðar miðast þungaskattur við hina skráðu þyngd. Nú verður uppvíst að heildarþyngd bifreiðar er meiri en hin skráða þyngd og skal þá heimild til notkunar skráðrar þyngdar þegar afmáð úr skráningarskírteini og skal notkun skráðrar þyngdar þá ekki heimiluð næstu fjögur árin.

5. gr.

Ökumælar skulu settir í bifreiðar, festi- og tengivagna á kostnað eigenda þeirra. Um tegundir ökumæla, ísetningu þeirra, innsíglun, álestur og viðgerðir, svo og um skyldur umráðamanns bifreiðar varðandi álestur, færslu akstursbókar o. þ. h., gilda ákvæði reglugerðar um ökumæla nr. 62/1977 með síðar breytingum.

Réttur til endurgreiðslu og afsláttar þungaskatts fylgir bifreið þótt eigendaskipti verði. Verði ágreiningur um gerð bifreiðar og gjaldskyldu sker fjármálaráðherra úr.

6. gr.

Af bifreiðum, sem skrásettar eru erlendis og nota annan orkugjafa en bensín og eigi er ætlað að vera hérlendis lengur en fjóra mánuði í senn, skal greiða þungaskatt samkvæmt sérstakri reglugerð þar að lútandi. Sama á við um tengi- og festivagna, sem að leyfðri heildarþyngd eru 6 tonn eða meira og skrásettar eru erlendis.

Bifreiðar erlendra sendisveita eru undanþegnar gjaldi skv. 1. og 2. gr. svo og bifreiðar erlendra ræðismanna, ef þeir eru eigi íslenskir ríkisborgarar.

Eigendur jeppabifreiða eiga rétt á endurgreiðslu á helmingi skatts skv. 1. gr. með eftirtöldum skilyðrum:

- a. Þeir lýsi því yfir að bifreiðarnar hafi verið notaðar næstliði ár að mestu eða öllu leyti við landbúnaðarstörf.
- b. Þeir sanni með vottorði hlutaðeigandi skattstjóra að eigandi bifreiðarinnar hafi haft meiri hluta atvinnutekna sinna næstliðið ár, að frádrögnum kostnaði við öflun þeirra, af búrekstri. Heimilt er þó að víkja frá ákvæði þessa staflíðar ef heildartekjur samkvæmt landbúnaðarframtali næstliðins árs eru hærri en tekju vísitölubús.

7. gr.

Gjalddagi skatts þess, sem um ræðir í 1. gr., er 1. janúar árlega, en eindagi 1. apríl, og skal skatturinn innheimtast fyrir hvert ár þar sem bifreið er skráð í ársbyrjun. Skattskyldan telst frá afhendingu skráningarmerkis ef um nýskráða bifreiða er að ræða, ella frá 1. janúar það ár sem skattur er greiddur. Skatturinn reiknast fyrir heila mánuði þannig, að 15 dagar eða fleiri teljast heill mánuður en færri dögum skal sleppt.

Skattinn skal sá greiða sem er skráður eigandi á gjalddaga eða síðast var það, ef bifreið er afskráð sem ónýt. Hafi bifreið skipt um eiganda án þess að það hafi verið tilkynnt til skráningar hvílir greiðsluskyldan jafnframt á hinum nýja eiganda.

Lækka skal eða endurgreiða þungaskatt að rétttri tiltölu hafi skattskyld bifreið verið afskráð sem ónýt eða skráningarmerki bifreiðar verið afhent lögreglustjóra í skráningarumdæmi hennar til geymslu í a. m. k. 30 daga samfellt. Við útreikning á frádrætti skattsins skal miðað við heila mánuði þannig, að 15 dagar eða fleiri teljast heill mánuður en færri dögum skal sleppt.

Eigi skal endurgreiða skatt af bifreið sem greiddur hefur verið af henni út árið þótt skipt sé um eiganda að henni eða hún flutt í annað skráningarumdæmi, heldur skal greiðslan gilda fyrir þá bifreið allt árið hver sem eigandi hennar er eða hvert sem hún er flutt á landinu.

8. gr.

Þungaskatt skv. 2. gr. skal greiða þrisvar á ári eftir á og eru gjalddagar skattsins 11. febrúar, 11. júní og 11. október ár hver en eindagi síðasti dagur næsta mánaðar eftir gjalddaga. Skatturinn skal greiðast fyrir hvert gjaldtímabil þar sem bifreið er skráð þegar álestur fer fram.

Eigandi eða umráðamaður bifreiðar skal, án sérstakrar tilkynningar, koma með bifreið sína til eftirlitsmanns fjármálaráðuneytis eða bifreiðaeftirlits á síðustu 20 dögum hvers

gjaldtímabils, þ. e. á tímabilinu 20. janúar til 10. febrúar, 20. maí til 10. júní og 20. september til 10. október ár hvert, og láta lesa á og skrá stöðu ökumælis.

9. gr.

Heimilt er að veita sérstaka undanþágu frá því að komið sé með bifreið, sem greiða skal af þungaskatt skv. 2. gr., til álestrar ársþriðjungslega ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, svo sem ófærð eða veikindi, enda hafi beiðni þar að lútandi borist viðkomandi innheimtumanni með hæfilegum fyrirvara. Sé ekki komið með bifreið til álestrar á tilskildum tíma skal innheimtumaður leggja dagsektir á eiganda eða umráðamann bifreiðar er nemi 120 kr. á hvern dag sem líður frá þeim tíma sem ákveðinn er til álesturs skv. 8. gr. í allt að 30 daga, eða þar til komið er með bifreiðina til álestrar sé það fyrr.

Heimilt er innheimtumanni að fella niður dagsektir skv. 1. mgr. hafi sérstakar ástæður orðið til þess að ekki var komið með bifreið til álestrar á réttum tíma, enda hafi fullnægjandi greinargerð borist innheimtumanni um orsök tafarinnar innan tveggja vikna frá lokum þess tímabils er tilgreint er til álestrar ökumæla.

Ef taka þarf ökumæli úr bifreið til viðgerðar skal setja annan ökumæli í stað hans. Nú verður því ekki við komið og er þá heimilt að veita tímabundna heimild til aksturs bifreiðarinnar gegn greiðslu daggjalds, er miðist við meðaltal ekinna kílómetra á dag á næstliðnu álesturstímabili samkvæmt álestursbók eða sambærilegu tímabili fyrra árs verði því við komið, enda teljist það eðlilegt eftir atvikum.

10. gr.

Við árlega aðalskoðun bifreiðar, sem gjaldskyld er samkvæmt þessari reglugerð, skal eigandi hennar eða umráðamaður færa sönnur á að greiddur hafi verið af henni gjaldfallinn þungaskattur svo og skráningargjald og váttryggingariðgjald ökumanns. Að öðrum kosti skal skoðunarmaður neita um skoðun á bifreiðinni, taka af henni skráningarmerki og afhenda þau lögreglustjóra. Lögreglustjóri skal ekki afhenda þau aftur fyrr en færðar hafa verið sönnur á greiðslu fyrrnefndra gjalda.

Skráning og/eða umskráning bifreiðar skal ekki fara fram nema framangreind gjöld hafi áður verið greidd af bifreiðinni til næstu áramóta.

Sé ekki komið með bifreið til skoðunar á tilskildum tíma eða gjöld af henni ekki greidd á réttum gjalddaga skal lögreglustjóri, eftir kröfu skattheimtumanns eða skoðunarmanns, taka af bifreiðinni skráningarmerki til geymslu svo sem að framan segir.

Þungaskattur af bifreiðum og váttryggingariðgjald ökumanns hafa lögtaksrétt. Bifreiðin skal vera að veði fyrir gjöldum þessum og skal það veð ganga fyrir öðrum veðum.

11. gr.

Komi í ljós við eftirlit að ökumælir bifreiðar, sem gjaldskyld er skv. 2. gr., sé eigi innsigliður svo sem fyrir er mælt, svo og ef ökutæki hefur verið í notkun án þess að mælir þess hafi verið virkur, greiðir eigandi og/eða umráðamaður bifreiðar álag sem nemur þungaskatti af allt að 10.000 km akstri á mánuði, en 15.000 km akstri á mánuði við ítrekað brot. Álag þetta innheimtist eins og um venjulegan álestur væri að ræða.

Ef í ljós kemur við skoðun bifreiðar eða við álestur ökumælis að ökumælir eða ökumælisbúnaður er ekki virkur eða mælir telur rangt og ætla má að eigandi og/eða umráðamaður bifreiðar hafi verið grandalaus, getur viðkomandi innheimtumaður ríkissjóðs ákvarðað skattinn samkvæmt því sem telja má sennilegan akstur að viðbættu 10% álagi.

Nú vanrækir eigandi að láta setja ökumæli í bifreið sína á tilskildum tíma og hann nýtur eigi til þess sérstakrar undanþágu frá Bifreiðaeftirliti ríkisins eða viðkomandi skattheimtumanni og skal þá lögreglustjóri stöðva bifreiðina hvar sem til hennar næst og taka skráningarmerki hennar til geymslu uns ökumælir hefur verið settur í bifreiðina.

Sé ekki komið með bifreið til skoðunar á tilskildum tíma eða gjöld af henni ekki greidd á réttum gjalddaga skal lögreglustjóri, eftir kröfu skattheimtumanns eða skoðunarmanns, taka af bifreiðinni skráningarmerki til geymslu svo sem að framan segir.

12. gr.

Bifreið, sem í bifreiðaskrá er talin nota annan orkugjafa en bensín, skal talin vera slík hvað skatti viðkemur þangað til eigandi eða umráðamaður sannar fyrir lögreglustjóra (bifreiðaeftirliti) að hún noti þar eftir bensín sem orkugjafa.

Eigandi eða umráðamaður bensínbifreiðar sem setur í bifreið sína hreyfil er notar annan orkugjafa en bensín skal tilkynna lögreglustjóra (bifreiðaeftirliti) breytinguna jafnskjótt og hún kemur til framkvæmda.

Nú kemur í ljós að bifreið notar annan orkugjafa en bensín, en hún hefur ekki verið skráð sem slík, og skal þá hvað skattinn snertir telja að hún hafi verið þannig frá síðustu aðalskoðun nema eigandi eða umráðamaður sanni að svo hafi ekki verið.

13. gr.

Innheimtu framanritaðra gjalda annast lögreglustjórar, í Reykjavík tollstjóri.

Séu gjöld samkvæmt reglugerð þessari ekki greidd í síðasta lagi á eindaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem ógreitt er, talið frá og með gjalddaga. Dráttarvextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10 29. mars 1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma. Dráttarvextir reiknast með sama hætti og hjá innlánsstofnunum.

Pungaskattur, dagsektir og álag hafa lögtaksrétt. Skal bifreiðin vera að veði fyrir gjöldum þessum og skal það veð ganga fyrir öðrum veðum.

14. gr.

Eftirlitsmönnum með öikumælum er heimilt að stöðva bifreiðar, sem gjaldskyldar eru samkvæmt reglugerð þessari, í því skyni að kanna hvort fyrirhæli reglugerðar þessarar og reglugerðar nr. 62/1977 um öikumæla með síðar breytingum séu haldin.

15. gr.

Reglugerð þessi sem sett er skv. lögum nr. 79/1974 um fjáröflun til vegagerðar, sbr. lög nr. 19/1986 um breyting á þeim, öðlast þegar gildi. Jafnframt er reglugerð nr. 485/1984 um innheimtu bifreiðagjalda o. fl. ásamt reglugerðum nr. 362/1985 og nr. 474/1985 um breyting á henni felldar úr gildi.

Fjármálaráðuneytið, 22. júlí 1986.

Þorsteinn Pálsson.

Lárus Ögmundsson.

REGLUGERÐ

um afnám reglugerðar nr. 13/1986.

1. gr.

Reglugerð nr. 13. frá janúar 1986 um menntun, réttindi og skyldur sjúkranuddara er hér með afnumin.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 24. júlí 1986.

Ragnhildur Helgadóttir.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um starfsmenntunarsjóð félaga í Kennarasambandi Íslands innan Bandalags kennarafélaga.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Starfsmenntunarsjóður félaga í Kennarasambandi Íslands innan Bandalags kennarafélaga og starfar hann með því skipulagi og markmiði sem segir í reglugerð þessari. Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Markmið sjóðsins er að tryggja fjárhagslegan grundvöll símenntunar og endurmenntunar fyrir kennara þannig að þeir beri ekki kostnað eða verði fyrir tekjutapi vegna slíks náms.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð til tveggja ára í senn. Tveir skulu skipaðir af fjármálaráðherra og tveir af stjórn BK. Stjórnin skal halda gerðabók og rita í hana allar samþykktir sínar. Til þess að samþykkt sé lögmæt þarf meirihluti stjórnarmanna að greiða henni atkvæði.

Stjórn sjóðsins er heimilt, telji hún þess þörf, að ráða starfsmann er inni af hendi nauðsynleg störf til þess að tryggja að sjóðurinn sinni því hlutverki sem honum er ætlað.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

a) Framlag úr ríkissjóði er nema skal 0,2% af föstum mánaðarlaunum félagsmanna. Hlutfall þetta skal endurskoðað árlega miðað við þarfir sjóðsins. Um skil á framlagi ríkissjóðs skal höfð hliðsjón af reglum er gilda um skil á orlofsfé.

b) Vaxtatekjur.

Tekjum sjóðsins skal einungis varið í samræmi við markmið hans, sbr. 2. grein.

5. gr.

Til þess að annast hlutverk sitt er sjóðnum heimilt að beita sér fyrir námskeiðum og annarri fræðslustarfsemi er lýtur að aukinni starfsmenntun sjóðfélaga. Starfsemi þessa er honum heimilt að rækja í samvinnu við aðra aðila.

Þá er sjóðstjórn m. a. heimilt að veita neðangreindum aðilum fjárstyrki úr sjóðnum til eftirtalinna viðfangsefna:

1. Einstakra sjóðfélaga til

a) að sækja námskeið eða nám innanlands eða utan.

b) rannsókna eða ákveðinna verkefna sem teljast til endurmenntunar þeirra.

2. Svæðasambanda eða einstakra félagssamtaka innan BK vegna námskeiðshalds á vegum þeirra eða í samstarfi við aðra.

6. gr.

Peir sem æskja styrks úr sjóðnum skulu senda stjórn sjóðsins umsókn þar að lútandi þar sem fram komi lýsing á því námi eða verkefni sem styrkurinn skal renna til, áætlaðan kostnað, hvenær fyrirhugað er að stunda námið eða verkefni sem styrkur er veittur út á og aðrar þær upplýsingar er sjóðstjórn kann að telja nauðsynlegar. Á grundvelli þeirra tekur sjóðstjórn ákvörðun um hvort og hve háan styrk viðkomandi umsækjandi skuli fá. Að jafnaði skal aðeins veita styrk vegna umsóknar sem lýtur að væntanlegum kostnaði

umsækjanda. Þó getur sjóðstjórn veitt styrk vegna kostnaðar sem þegar hefur verið stofnað til innan viðkomandi reikningsárs telji hún slíkt nauðsynlegt vegna sérstæðra aðstæðna. Úthlutun styrkja úr sjóðnum skal fara fram a. m. k. árstjórnungslega.

7. gr.

Greiðslur úr sjóðnum má aðeins inna af hendi þegar tveir stjórnarmenn, hvor frá sínum aðila hafa samþykkt þær með áritun sinni, t. d. á umsóknir eða reikninga.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið. Reikningar skulu endurskoðaðir af ríkisendurskoðun.

Stjórn sjóðsins er heimilt að semja við aðra aðila um að sjá um störf þau sem nauðsynlegt er að vinna til að tryggja starfrækslu sjóðsins.

9. gr.

Árlega skal stjórn sjóðsins gera skýrslu þar sem gerð skal grein fyrir fjárhag hans og starfsemi síðastliðið reikningsár. Skal skýrsla þessi send fjármálaráðherra annars vegar og stjórn BK hins vegar.

10. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt ákvæðum í kjarasamningi ríkisins og Bandalags kennarafélaga öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 24. júlí 1986.

Þorsteinn Pálsson.

Sigurgeir Jónsson.

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 64 5. febrúar 1974 með síðari breytingum.

1. gr.

33. gr. samþykktarinnar orðist svo:

„Bæjarritari hefur með höndum umsjón með skrifstofum bæjarsjóðs og er ritari bæjarstjórnar og bæjarráðs. Bæjarstjóri getur falið honum meðferð tiltekinna málaflokka í umboði sínu samkvæmt nánari reglum, sem bæjarstjórn setur um þau málefni.

Fjármálastjóri fer með daglega stjórn fjármála bæjarsjóðs undir yfirstjórn bæjarstjóra samkvæmt nánari reglum sem bæjarstjórn setur um þau málefni.

Bæjarlögmaður fer með þau lögræðilegu málefni sem snerta bæjarsjóð og bæjarfyrirtæki og honum eru falin af bæjarstjóra samkvæmt nánari reglum, sem bæjarstjórn setur um þau málefni.“

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar hefur sett, staðfestist hér með samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 8 18. apríl 1986, til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 28. júlí 1986.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Pórhildur Líndal.

AUGLÝSING

um starfsleyfi fyrir Síldarverksmiðju ríkisins, Reyðarfirði, til framleiðslu á fiskimjöli og lýsi úr bræðslufiski og fiskúrgangi.

1. Almenn ákvæði.

- 1.1. Verksmiðjunni er heimilt að framleiða fiskimjöl og lýsi úr bræðslufiski og fiskúrgangi sem nemur u. þ. b. 450 tonna hámarksafköstum á sólarhring.
- 1.2. Verksmiðjunni er skylt að sjá um, að á öllu athafnasvæði verksmiðjunnar sé gætt fyllsta hreinlætis. Svæðið skal lagt bundnu slitlagi eftir því sem þurfa þykir að mati heilbrigðisnefndar Reyðarfjarðar. Verksmiðjunni ber að halda útliti sínu og umhverfi snyrtilegu.
- 1.3. Verksmiðjunni er skylt að ganga þannig frá byggingum og haga allri starfsemi svo, að hætta á gerlamengun í mjöli verði sem minnst. Skal um það haft samráð við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.
- 1.4. Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
- 1.5. Óski verksmiðjan eftir því að gera umtalsverðar breytingar á rekstri eða stækka verksmiðjuna, skal greina Mengunarvörnum Hollustuverndar ríkisins og heilbrigðisnefnd Reyðarfjarðar skriflega frá því.
- 1.6. Mengunarvarnir Hollustuverndar ríkisins geta, að höfðu samráði við umsagnaraðila, lagt til við heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að starfsleyfið verði endurskoðað, ef í ljós koma skaðleg áhrif á umhverfið sem ekki voru ljós fyrir. Sama gildir ef almennar kröfur, ráð og tæki koma til aukinna mengunarvarna.

2. Varnir gegn mengun ytra umhverfis.

- 2.1. Við löndun á hráefni skal nota þurrðælingu, en að öðrum kosti endurnýta löndunarvatn eins oft og mögulegt er. Allt löndunarvatn skal tekið til vinnslu í verksmiðju.
- 2.2. Verksmiðjunni er skylt að taka við og nýta skolvatn frá fyrstu skolun fiskiskipa eftir löndun. Skolvatninu skal halda í lágmarki t. d. með notkun háþrýstidælu. Aldrei skal nota meira vatn en sem nemur 10 l vatns fyrir hvert tonn af hráefni sem landað er.
- 2.3. Til flutnings á hráefni skulu einungis notuð vökvaheld flutningatæki, viðurkennd af heilbrigðisnefnd Reyðarfjarðar.
- 2.4. Allt hráefni skal geymt í yfirbyggðum þróm eða geymum. Hráefnisgeymslur skulu vera þéttar og skal allt blöðvatn og annar vökvi frá hráefni tekinn til vinnslu. Strax og hráefnisgeymsla hefur verið tæmd skal skola hana með vatni. Fyrsta skolvatni skal halda í lágmarki, t. d. með háþrýstidælum, og það tekið til vinnslu í verksmiðju.
- 2.5. Tæming hráefnisgeymsla skal vera sem mest sjálfvirk. Reynist nauðsynlegt að nota moksturæki, skal þrifa þau vel að verki loknu.
- 2.6. Fiskúrgang skal að jafnaði ekki geyma lengur en fjóra sólarhringa áður en hann er tekinn til vinnslu. Hafi hitastig verið undir 4°C meðan á geymslu stóð er heimilt að geyma úrgang í allt að eina viku. Heilbrigðisnefnd Reyðarfjarðar getur veitt undanþágu frá þessari kröfu ef ástæða þykir til.
- 2.7. Við rotvörn bræðslufisks skal nota viðurkenndan blöndunarbúnað. Um styrk og meðferð rotvarnarefna fer samkvæmt reglugerð um notkun rotvarnarefna til geymslu á bræðslufiski, eins og hún er hverju sinni.
- 2.8. Loftræsta skal frá verulegum lyktaruppsprettum í verksmiðju og ræstiloftið flutt til lyktheydingar. Loftræsting skal hönnuð á þann hátt, að sem minnst af ómengdu lofti sé dregið með.

- 2.9. Loft frá þurrkara skal leiða í gegnum rykskiljur með góða skiljunarhæfni og síðan til lyktheydingar.
- 2.10. Lyktheyding skal framkvæmd með þvotta- og þéttiturni sem kælir útblásturinn niður í a. m. k. 20°C eða með brennslu lyktarefnanna. Lyktheyding skal þá vera jafngóð og eftir hitun í lofti í 700°C í 1/3 úr sekúndu. Við hönnun lyktheydingarbúnaðarins skal fullt tillit taka til orkuendurvinnslusjónarmiða.
- 2.11. Innan eins árs frá því að lofthreinsibúnaðurinn er tekinn í notkun skal fara fram athugun á hæfni hans í samráði við Mengunarvarnir Hollustuverndar ríkisins. Niðurstöður þeirrar athugunar skal hafa til viðmiðunar varðandi kröfur um viðbótarhreinsun og/eða enn frekari dreifingu útblásturslofts frá verksmiðjunni.
- 2.12. Soðkjarnatæki skulu útbúin fullkomnum dropagildrum. Fylgjast skal vel með því að soðtæki séu ekki ofhlaðin. Allt soðvatn skal nýta.
- 2.13. Framkvæma skal hreinsun á tækjabúnaði og mannvirkjum þannig að hreinsivökvanum sé safnað saman og hann endurnýttur eins oft og hægt er. Þegar hreinsivökvanum er veitt til sjávar, skal sýrustig (pH) frárennslisstrauma vera á bilinu 5 til 10.
- 2.14. Frárennslu úr hráefnisþróum og innan úr verksmiðju skal tengjast í fitugildru og þaðan ásamt öðru frárennslu leitt niður fyrir stórstraumsfjöruborð. Fitugildru skal hreinsa eins oft og nauðsyn krefur. Fitu, sem safnast fyrir, skal nýta ef kostur er, en annars farga ásamt öðrum úrgangi á viðurkenndan hátt að mati heilbrigðisnefndar Reyðarfjarðar.
Fiskimjölsverksmiðjan skal hafa samráð við Mengunarvarnir Hollustuverndar ríkisins um stærð og gerð fitugildru.
- 2.15. Framkvæma skal reglulega athugun á lífrænum efnum í frárennslu. Skal það gert í samráði við Mengunarvarnir Hollustuverndar ríkisins. Niðurstöður skulu hafðar til hliðsjónar varðandi kröfur um hreinsibúnað á frárennslu.
- 2.16. Frárennslu frá snyrtingum skal leiða í rotþró eða frá því gengið með öðrum viðurkenndum hætti að mati heilbrigðisnefndar Reyðarfjarðar.
- 2.17. Lýsisgeymar skulu vera í lýsisheldri þró að rúmtaki minnst 20% af rúmtaki stærsta geymisins í þrónni. Lokunarþúnaður skal vera af viðurkenndri gerð og þannig staðsettur að ekki sé hætt á því að hann verði fyrir hnjaski. Einn loki skal staðsettur innan þróar.
- 2.18. Um frágang olíugeyma og varnir gegn mengun af völdum olíu fer samkvæmt heilbrigðisreglugerð nr. 45/1972 og reglum nr. 560/1982 um varnir gegn olíumengun sjávar við olíubirgðastöðvar.
- 2.19. Verksmiðjan skal sjá um, að mengunarvarnabúnaður sé ávallt í sem fullkomniustu lagi. Skal hafa reglulegt eftirlit með búnaði og ástandi hráefnis hverju sinni. Niðurstöður og athuganir skal skrá niður í sérstaka dagbók og skal fulltrúum Mengunarvarna Hollustuverndar ríkisins og heilbrigðisnefndar Reyðarfjarðar heimill aðgangur að þeim hvenær sem er.

3. Gildistaka.

- 3.1. Starfsleyfi þetta sem veitt er í samræmi við 5. grein reglugerðar nr. 390/1985, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem getur haft í för með sér mengun, sem sett er með stoð í 3. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi starfsleyfi frá 7. nóvember 1984.

4. Ákvæði til bráðabirgða.

- 4.1. Byggingu fitugildru á frárennslu skv. gr. 2.14. skal lokið innan þriggja mánaða frá útgáfu þessa starfsleyfis.

- 4.2. Ákvörðun og áætlanir um lofthreinsibúnað og fjárhagsáætlun vegna þeirra framkvæmda skulu liggja fyrir 1. janúar 1987.
- 4.3. Lofthreinsibúnaður skal taka til starfa innan tveggja ára frá útgáfu þessa starfsleyfis.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 2. júní 1986.

Ragnhildur Helgadóttir.

Páll Sigurðsson.

Nr. 354

21. júlí 1986

AUGLÝSING

um breytingu á starfsleyfi fyrir Sildarvinnsluna hf., Neskaupstað, til að framleiða fiskimjöl og lýsi úr bræðslufiski og fiskúrgangi, frá 16. júní 1986.

1. gr.

4. gr. 3. tl. orðist svo:

Sé ætlun verksmiðjunnar að breyta um þurrkunaraðferð skal lofthreinsibúnaður taka til starfa innan tveggja ára frá útgáfu starfsleyfisins. Að öðrum kosti skal hreinsibúnaður tekinn í notkun innan árs frá útgáfu starfsleyfis.

2. gr.

Starfsleyfi þetta er gefið út í samræmi við 5. gr. reglugerðar nr. 390/1985, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem getur haft í för með sér mengun, sem sett er með stöð í 3. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 21. júlí 1986.

Ragnhildur Helgadóttir.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 355

23. júlí 1986

GJALDSKRÁ

vegna starfsleyfisskyldra fyrirtækja samkvæmt reglugerð nr. 390/1985.

1. gr.

Eftirlitsgjöld

Hollustuvernd ríkisins, samkvæmt lögum nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, skal árlega innheimta eftirlitsgjöld af starfsleyfisskyldri starfsemi skv. reglugerð nr. 390/1985 í samræmi við gjaldskrá þessa.

Gjaldið skal standa undir kostnaði við reglubundið eftirlit Hollustuverndar ríkisins, þar með talinni starfsleyfisvinnslu. Eftirlit þetta er með tvennum hætti: Annars vegar beint eftirlit mengunarvarna Hollustuverndar ríkisins og hins vegar eftirlit sjálfs fyrirtækisins, sem Hollustuvernd ríkisins fær sendar niðurstöður úr og flokkar og metur.

Eftirlitsskyldum fyrirtækjum er skipt í fjóra flokka, samanber 1. gr. reglugerðar nr. 390/1985. Í samræmi við fylgiskjal með gjaldskrá þessari skal árlega greitt, sem hér segir:

1. flokkur kr. 80 000,00
2. flokkur kr. 30 000,00
3. flokkur kr. 15 000,00
4. flokkur kr. 5 000,00

2. gr.

Innheimta.

Hollustuvernd ríkisins innheimtir eftirlitsgjöld samkvæmt gjaldskrá þessari. Gjaldldagi eftirlitsgjalda er 1. febrúar og eindagi 1. maí. Um innheimtu fer að öðru leyti samkvæmt lögum nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

3. gr.

Eftirlit mengunarvarna Hollustuverndar ríkisins.

Flokkur	Frestur fyrir fyrstu skoðun	Tíðni sérfræðiskoðunar og minni mælingar	Nákvæmar „Emissionmælingar“
1.	6 mánuðir	Árlega	Þriðja hvert ár
2.	6 mánuðir	Þriðja hvert ár	Sjöta hvert ár
3.	1 ár	Fimmta hvert ár	Tíunda hvert ár
4.	1 ár	Fimmta hvert ár	Aldrei

4. gr.

Eftirlit á vegum fyrirtækja.

Flokkur	Eftirlit	Niðurstöður sendar Hollustuvernd ríkisins
1.	Stöðugt/vikulega	Hálfsárslega
2.	Fjórum til tólf sinnum á ári	Árlega
3.	Einu sinni til fjórum sinnum á ári	Árlega
4.	Tilfallandi	

5. gr.

Komi fram við eftirlit að ekki er fylgt ákvæðum starfsleyfis eða séu rökstuddar kvartanir miklar vegna starfseminnar, má færa viðkomandi fyrirtæki upp um einn flokk.

Berist ekki rökstuddar kvartanir og sýni eftirlitið ekki umhverfisleg vandamál, má færa fyrirtækið niður um einn flokk.

Gefi eftirlitið til kynna að um veruleg umhverfisvandamál geti verið að ræða, getur Hollustuvernd ríkisins krafist úttektar, sem kosta má allt að fimmföldu árgjaldi.

6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Hollustuverndar ríkisins, staðfestist hér með samkvæmt 17. gr. 6. tl. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Ákvæði til bráðabirgða

Gjaldldagi eftirlitsgjalda fyrir árið 1986 er 1. ágúst og eindagi 1. nóvember

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 23. júlí 1986.

Ragnhildur Helgadóttir.

Ingimar Sigurðsson.

Fylgiskjal með gjaldskrá vegna starfsleyfisskyldra fyrirtækja samkvæmt reglugerð nr. 390/1985.

1	2
<p>Álframleiðsla. Framleiðsla á tilbúnum áburði. Sements- og kalkframleiðsla. Kísiljárnframleiðsla (SiFe). Kísilmálmframleiðsla (Si). Kísilframleiðsla (SiO₂). Cellulosa- og pappírsframleiðsla. Járn- og steinullarframleiðsla. Glerullar- og steinullarframleiðsla. Fiskeldisstöðvar, ef framleiðsla er meiri en 1000 tonn á ári og afrennsli til sjávar, eða meiri en 100 tonn á ári og afrennsli í ferskvatn. Sorphaugar og sorpbrennsla ef þær þjóna fleiri en 50.000 einstaklingum.</p>	<p>Fiskimjölsverksmiðjur ef framleiðslugeta er meiri en 500 tonn á sólarhring og staðsetning í þéttbýli. Fiskeldisstöðvar ef framleiðslugeta er meiri en 200 tonn á ári og afrennsli til sjávar, eða meiri en 20 tonn og afrennsli í ferskvatn. Seiðaeldisstöðvar með meira en 350 þús. seiðum og afrennsli í ferskvatn. Sorphaugar og sorpbrennsla ef þær þjóna fleiri en 10.000 einstaklingum. Skolphreinsistöðvar ef frárennsli samsvarar 10.000 PE og leitt er til sjávar eða 100 PE og leitt er í ferskvatn.</p>
3	4
<p>Fiskimjölsverksmiðjur ef framleiðsla er meiri en 500 tonn á sólarhring og staðsetning í strjálbýli. Einnig minni verksmiðjur sem staðsettar eru í þéttbýli. Yfirborðsmeðhöndlun á jární, stáli og öðrum málum. Galvanisering og stærri fyrirtæki. Framleiðsla á mjöli og feiti úr sláturúrgangi. Súturnarverksmiðjur. Olíumalar- og malbikunarstöðvar. Fiskeldisstöðvar ef framleiðsla er meira en 100 tonn á ári og afrennsli til sjávar, eða meira en 10 tonn og afrennsli í ferskvatn. Seiðaeldisstöðvar með meira en 150.000 seiði og afrennsli í ferskvatn. Sorphaugar og sorpbrennsla sem þjóna fleiri en 2000 einstaklingum. Skolphreinsistöðvar ef frárennsli samsvarar 5000 PE og leitt er til sjávar eða 500 PE og leitt er í ferskvatn.</p>	<p>Yfirborðsmeðhöndlun á jární, stáli og öðrum málum annað en um getur í 3. Seiða- og fiskeldisstöðvar annað en um getur í 1—3. Lím- og málningarverksmiðjur. Hreinlætisvöruverksmiðjur. Plastvöruframleiðsla. Olíumalar- og malbikunarstöðvar með breytilega staðsetningu. Sorphaugar og sorpbrennsla annað en um getur í 1—3. Skolphreinsistöðvar annað en um getur í 1—3.</p>

REGLUGERÐ

um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislun.

I. KAFLI

Geislavarnir ríkisins

1. gr.

Ríkið rekur stofnun, er nefnist Geislavarnir ríkisins, sem er sjálfstæð stofnun undir yfirstjórn heilbrigðismálaráðherra. Stofnunin hefur það hlutverk að annast öryggisráðstafanir gegn jónandi geislun frá geislavirkum efnum og geislatækjum, samkvæmt lögum nr. 117, 31. desember 1985, í því skyni að koma í veg fyrir skaðleg áhrif slíkra geisla. Starfsemi Geislavarna ríkisins skal miða við reglur Alþjóðgeislavarnaráðsins, International Commission on Radiological Protection, ICRP um geislavarnir.

2. gr.

Geislavarnir ríkisins annast:

1. Reglubundið eftirlit með öllum geislatækjum og geislavirkum efnum, sem leyfi þarf fyrir samkvæmt 10. gr. laga nr. 117, 31. desember 1985.
2. Leyfisveitingar samkvæmt 11. gr. laga nr. 117, 31. desember 1985. Leita skal staðfestingar heilbrigðismálaráðherra áður en leyfi er veitt fyrir nýrri tækni og nýrri notkun á geislavirkum efnum og geislatækjum.
3. Eftirlit með og rannsóknir á þeirri geislun, sem starfsfólk, sjúklingar og almenningur verður fyrir vegna notkunar jónandi geislunar.
4. Eftirlit með uppsetningu og breytingu röntgentækja og annarra geislatækja.
5. Eftirlit með innflutningi, umbúnaði, tollskoðun, fjarlægingu og förgun geislavirkra efna.
6. Hvers konar eftirlit og athuganir, sem nauðsynlegar eru samkvæmt lögum nr. 117, 31. desember 1985, reglugerð þessari eða reglum settum samkvæmt þeim.
7. Fræðslu um geislavarnir fyrir starfsfólk, er vinnur við jónandi geisla svo og upplýsingar fyrir almenning og fjölmiðla.
8. Eftirlit með og rannsóknir á geislavirkni í umhverfi, matvælum o. fl.
9. Rannsóknir á sviði geislavarna.
10. Aðild að evrópsku viðvörunkerfi, er starfar í neyðartilfellum og að annast viðvörun vegna geislahættu.
11. Eftirlit og umsjón með, að lögum nr. 117, 31. desember 1985, reglugerð þessari og reglum samkvæmt þeim, sé fylgt.
12. Þátttöku í norrænu og alþjóðlegu samstarfi á sviði geislavarna.
13. Önnur verkefni á sviði geislavarna, eftir nánari ákvörðun ráðherra.
14. Geislavarnir ríkisins skulu hafa samvinnu við aðrar opinberar stofnanir svo sem landlækni, Hollustuvernd ríkisins, Siglingamálastofnun, Ríkismat sjávarafurða, Vinnu- eftirlit ríkisins og Náttúruverndarráð varðandi rannsóknir og eftirlit á geislavirkni eftir því sem við á hverju sinni.

3. gr.

Geislavarnir ríkisins skulu árlega gera skýrslu um starfsemi stofnunarinnar.

II. KAFLI

Leyfi til innflutnings, framleiðslu, eignar, sölu og afhendingar.

4. gr.

Áður en leyfi samkvæmt 10. gr. sbr. 11. gr. laga nr. 117, 31. desember 1985, um geislavarnir, er veitt, skulu Geislavarnir ríkisins kanna, hvort öryggisbúnaður og fyrirhuguð notkun umræddra tækja og efna sé í samræmi við lög, reglugerð þessa eða aðrar reglur, sem settar eru samkvæmt þeim.

5. gr.

Þeim, sem hefur fengið leyfi samkvæmt 10. gr. laga nr. 17, 31. desember 1985, um geislavarnir, er aðeins heimilt að selja, leigja, lána eða láta af hendi á annan hátt, umrædd tæki og efni til aðila, sem hefur leyfi Geislavarna ríkisins til þess að starfrækja þau. Framsal tækja og efna skal tafarlaust tilkynna Geislavörnum ríkisins.

III. KAFLI

Uppsetning og breytingar á geislatækjum.

6. gr.

Viðgerðir, uppsetningar eða breytingar á geislatækjum mega þeir einir annast, sem hafa til þess nægilega þekkingu og reynslu, að mati Geislavarna ríkisins.

7. gr.

Þeir, sem taka að sér að setja upp geislatæki, gera við slík tæki eða breyta, skulu ganga úr skugga um, að öryggisbúnaður tækjanna sé í samræmi við lög, reglugerð þessa eða aðrar reglur, sem settar eru samkvæmt þeim, og tilkynna Geislavörnum ríkisins tafarlaust, ef svo er ekki.

8. gr.

Þeir aðilar, er hyggjast setja upp geislatæki eða breyta slíkum tækjum, skulu senda Geislavörnum ríkisins áætlun um verkið á sérstökum eyðublöðum, er stofnunin lætur gera. Óheimilt er að hefja verkið, fyrr en fengið er samþykki stofnunarinnar.

IV. KAFLI

Eftirlit með geislatækjum og geislavirkum efnum.

9. gr.

Eftirlit Geislavarna ríkisins með geislatækjum og geislavirkum efnum skal vera alhliða, reglubundið eftirlit með þeim þáttum, er lúta að öryggi starfsfólks, sjúklinga og annarra, vegna notkunar jónandi geislunar. Eftirlitið skal miðað að því, að sú geislun, sem þessir aðilar verða fyrir, sé eins lítil og kostur er, með skynsamlegu tilliti til aðstæðna. Einnig skal eftirlitið fela í sér leiðbeiningar og fræðslu um geislavarnir svo og meðferð tækja og efna.

Geislavarnir ríkisins annast reglubundnar skóðanir á geislatækjum og geislavirkum efnum. Eigandi eftirlitsskylds tækis eða efnis getur óskað eftir aukaskoðun sér að kostnaðarlausu. Árlega skal gera skýrslu um eftirlitið til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og landlæknis.

10. gr.

Eigendur geislatækja og geislavirkra efna skulu láta framkvæma þær lagfæringar, sem Geislavarnir ríkisins telja nauðsynlegar, innan tiltekens frests. Ef lagfæringar eru eigi framkvæmdar innan tiltekens frests, er Geislavörnum ríkisins heimilt að banna frekari notkun tækja og efna þar til lagfæring hefur farið fram.

11. gr.

Geislavörnum ríkisins er heimilt að banna frekari notkun tækja og efna þar til lagfæring hefur farið fram, sé öryggisbúnaði það ábótavant að hætta geti stafað af.

12. gr.

Gjöld vegna eftirlitsskyldra efna og tækja svo og gjöld vegna eftirlits með geislaskömmtum starfsfólks skulu greidd af skráðum eigendum geislatækja og geislavirkra efna samkvæmt gjaldskrá, er heilbrigðismálaráðherra setur, að fengnum tillögum Geislavarna ríkisins. Gjaldinu skal varið til þess að standa undir kostnaði við eftirlitsstarfsemi Geislavarna ríkisins og fellur það í gjalddaga 1. febrúar með eindaga 1. maí ár hver. Eftirlitsgjöld eru tryggð með lögveðsrétti í hinu eftirlitsskylda tæki í 2 ár eftir gjalddaga.

V. KAFLI

Tollskoðun, flutningur, geymsla, fjarlæging og förgun geislavirkra efna.

13. gr.

Tollskoðun á sendingum, sem innihalda geislavirk efni, skal framkvæma í viðurvist sérfróðs aðila frá Geislavörnum ríkisins, sé þess óskað af hálfu Tollstjóra eða umboðsmanna hans.

14. gr.

Við flutning skulu geislavirk efni vera í öruggum umbúðum, þannig að efnið dreifist eigi út í umhverfið, þótt umbúðir rofni. Skal svo um búið, að geislunin geti eigi valdið óleyfilega háum geislaskömmtum meðan á flutningi stendur, samkvæmt reglum Alþjóða geislavarnaráðsins. Á umbúðirnar skal rita tegund og magn hins geislavirka efnis. Þá skal þess getið, hver sé sendandi og viðtakandi og heimilisföng beggja. Þess skal getið á flutningsskjölum öllum, að um geislavirk efni sé að ræða.

15. gr.

Geislavirk efni skulu ávallt geymd í öruggum og traustum geymslum. Geislavarnir ríkisins setja nánari reglur um gerð þeirra og frágang. Þeir staðir, þar sem geislavirk efni eða tæki, sem nýta jónandi geisla, eru geymd, skulu greinilega merktir aðvörunarmerkjum eftir fyrirmælum Geislavarna ríkisins.

16. gr.

Vegna fjarlægingar og förgunar geislavirkra efna, skal haft samráð við Geislavarnir ríkisins. Skal fylgt fyrirmælum, er stofnunin gefur, svo og reglum er hún setur um fjarlægingu og förgun geislavirkra efna.

VI. KAFLI

Notkun geislavirkra efna og geislatækja.

17. gr.

Aðilar, er hyggjast hefja eða breyta starfsemi þar sem notuð eru geislavirk efni eða geislatæki, skulu sbr. 19. grein laga nr. 117, 31. desember 1985, um geislavarnir, senda Geislavörnum ríkisins umsókn um leyfi til þess, ásamt áætlun um fyrirhugaða starfsemi eða breytingar með ítarlegum upplýsingum. Óheimilt er að hefja eða breyta starfsemi, fyrr en fengið er leyfi Geislavarna ríkisins. Þegar notkun geislavirkra efna og geislatækja er hætt, skal það tilkynnt Geislavörnum ríkisins tafarlaust. Sala, leiga eða annað framsal á þessum efnum og tækjum er aðeins heimil til aðila, er hefur leyfi til eignar og notkunar slíkra tækja og efna. Framsal tækja og efna skal tafarlaust tilkynnt Geislavörnum ríkisins.

18. gr.

Áður en leyfi er veitt samkvæmt 17. gr., skulu Geislavarnir ríkisins kanna aðstæður umsækjanda til þess að uppfylla öryggiskröfur samkvæmt lögum, reglugerð þessari eða öðrum reglum.

19. gr.

Eigendur bera ábyrgð á starfrækslu geislatækja og geislavirkra efna. Við sjúkdómsgreiningu eða meðferð skulu þau starfrækt undir handleiðslu og faglegri ábyrgð læknis, dýralæknis eða tannlæknis, eftir því sem við á.

20. gr.

Þar sem geislavirk efni eða geislatæki eru starfrækt, skal ábyrgðarmaður, sbr. 19. gr., eða aðili tilnefndur af honum, sjá um að starfræksla og meðferð umræddra tækja og efna sé í samræmi við lög, reglugerð þessa og aðrar reglur um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislun.

21. gr.

Þekking þess, sem stjórnar starfi þar sem notuð er jónandi geislun, svo og þekking þess aðila, sem tilnefndur er samkvæmt 20. gr., skal vera fullnægjandi að dómi Geislavarna ríkisins og má gera kröfur um viðbótarmenntun, sé þess talin þörf.

22. gr.

Við hönnun og byggingu húsnæðis og annarrar aðstöðu fyrir starfsemi, þar sem nota á geislavirk efni eða geislatæki, skal leitað álits Geislavarna ríkisins, hvort fyrirhugað húsnæði, aðstaða og annar búnaður uppfylli kröfur, sem gerðar eru um geislavarnir.

23. gr.

Allir þeir staðir, þar sem unnið er með geislavirk efni eða geislatæki, skulu greinilega merktir aðvörunarmerkjum eftir fyrirsögn Geislavarna ríkisins.

24. gr.

Þeir einir mega vinna við geislavirk efni og geislatæki, sem hafa til þess fullnægjandi þekkingu og reynslu að dómi Geislavarna ríkisins. Starfsfólk skal gæta þess að fara eftir settum reglum um geislavarnir.

25. gr.

Geislavarnir ríkisins setja nánari reglur um öryggisráðstafanir, búnað og frágang tækja og efna, meðferð o. fl.

Eigendur geislavirkra efna og geislatækja bera ábyrgð á því, að farið sé eftir þeim reglum.

VII. KAFLI

Heilbrigðiseftirlit, hópskoðanir.

26. gr.

Geislavarnir ríkisins setja að höfðu samráði við landlækni reglur um lækniseftirlit starfsfólks, er starfar við jónandi geislun.

27. gr.

Aðilar, er ætla að framkvæma hópskoðanir á fólki og nota til þess jónandi geisla, skulu leita heimildar Geislavarna ríkisins til þess. Óheimilt er að hefja slíkar skoðanir fyrir en heimild Geislavarna ríkisins liggur fyrir, að fengnu álitum landlæknis.

VIII. KAFLI

Gildistaka.

28. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 9. gr. laga nr. 117/1985, um geislavarnir, öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 24. júlí 1986.

Ragnildur Helgadóttir.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ**um Ríkisútvarpið.**

I. KAFLI

Starfssvið Ríkisútvarpsins.

1. gr.

Ríkisútvarpið er sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins og heyrir stjórnarfarsleg undir menntamálaráðuneytið.

2. gr.

Ríkisútvarpið skal senda út til alls landsins og næstu miða tvær hljóðvarpsdagskrár og minnst eina sjónvarpsdagskrá árið um kring. Um lengd þessara dagskráa, útsendingardaga og útsendingartíma fer eftir ákvörðunum útvarpsstjóra og útvarpsráðs.

Heimilt er Ríkisútvarpinu að senda út fleiri dagskrár hljóðvarps eða sjónvarps, í lengri eða skemmri tíma, til alls landsins eða hluta þess samkvæmt ákvörðunum útvarpsstjóra og útvarpsráðs.

Ríkisútvarpið annast hljóðvarp til annarra landa samkvæmt ákvörðunum útvarpsstjóra og útvarpsráðs.

Heimilt er ríkisútvarpinu að hafa samvinnu við aðra aðila um dagskrárgerð, hvort heldur er til útsendingar í dagskrá Ríkisútvarpsins eða í dagskrá annarra útvarpsstöðva.

Ríkisútvarpið skal stefna að því að koma upp aðstöðu til dagskrárgerðar og hljóðvarps í öllum kjördæmum landsins.

Ríkisútvarpið skal starfrækja fræðsluútlarp í samvinnu við fræðsluyfirvöld samkvæmt því sem nánar semst og fjárveitingar í fjárlögum leyfa.

Ríkisútvarpinu er rétt að hafa til útlána eða sölu dagskrárefni sem flutt hefur verið, enda sé gengið frá samningum um það við réttihafa.

Heimilt er Ríkisútvarpinu að leigja öðrum aðilum sem leyfi hafa til útvarps hér á landi afnot af tækjabúnaði sínum til útsendingar. Útvarpsráð ákveður að fengnum tillögum útvarpsstjóra hvaða daga vikunnar og á hvaða tímum dags leigja megi öðrum aðilum afnot af tækjabúnaði ríkisútvarpsins til útsendingar og hvers konar afnot leigja megi. Ákvörðun um það hverjum skuli leigt, skal vera í höndum útvarpsstjóra. Binda má leiguafnot skilyrðum varðandi dagskrárstefnu og óhlutdrægni í frásögn, túlkun og dagskrárgerð.

3. gr.

Ríkisútvarpið reisir eftir þörfum sendistöðvar og endurvarpsstöðvar að fenginni heimild Póst- og símamálastofnunarinnar fyrir tíðni og útgeislað afl í samræmi við settar reglur og alþjóðasamþykktir.

Heimilt er útvarpsstjóra, að fengnu samþykki menntamálaráðherra, að semja við Póst- og símamálastofnunina um að hún reisi og reki sendistöðvar og endurvarpsstöðvar Ríkisútvarpsins.

II. KAFLI

Útvarpsráð.

4. gr.

Útvarpsráð heldur fundi svo oft sem þurfa þykir. Formaður boðar fundi og stýrir þeim. Skylt er formanni að kveðja til fundar, ef útvarpsstjóri eða tveir útvarpsráðsmenn æskja þess.

Útvarpsstjóri á sæti á fundum útvarpsráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt. Útvarpsráð getur eftir því sem ástæða þykir til eða þörf krefur veitt öðrum yfirmönnum Ríkisútvarpsins rétt til setu á fundum ráðsins, eða boðað aðra aðila á einstaka útvarpsráðs-fundi.

5. gr.

Útvarpsráð velur ritara innan ráðsins. Hann eða annar, sem til þess er sérstaklega ráðinn, færir í gerðabók ályktanir útvarpsráðs og annað það, sem miklu þykir skipta af því, sem fram fer á fundum. Skylt er að færa til bókar ágreiningsorð eftir óskum útvarpsráðsmanna, útvarpsstjóra eða annarra sem rétt hafa til setu á fundum útvarpsráðs.

6. gr.

Fundur í útvarpsráði er lögmatúr ef meirihluti útvarpsráðsmanna er viðstaddur.

Ákvörðun útvarpsráðs er því aðeins lögmat, að meirihluti útvarpsráðsmanna taki þátt í atkvæðagreiðslu. Nafnakall skal viðhafa, ef einhver útvarpsráðsmaður eða útvarpsstjóri æskir þess, og teljast þá allir viðstaddir útvarpsráðsmenn taka þátt í atkvæðagreiðslunni. Skal þá ágreiningsefni, svo og atkvæðagreiðslan, fært í gerðabók.

7. gr.

Ef útvarpsráðsmaður forfallast, skal kveðja til varamann ef beiðni um það kemur fram.

Útvarpsráð skiptir með sér verkum eftir því sem henta þykir. Það getur skipað undirnefndir til að hafa með höndum undirbúning sérstakra mála. Tillögur og ályktanir nefnda skulu lagðar fyrir útvarpsráð í heild til samþykktar.

8. gr.

Útvarpsráð ákveður hvernig útvarpsefni skuli haga í höfuðdráttum innan marka fjárhagsáætlunar. Það ákveður hvert vera skuli í meginráttum hlutfall tónlistar og talaðs máls svo og hlutur fræðslu-, menningar-, og frétt- og skemmtiefnis í þeim dagskrám sem Ríkisútvarpið sendir út, en útvarpsstjóri ásamt framkvæmdastjórum og sérstökum dagskrárstjórum undirbýr og stjórnar framkvæmd dagskrár í einstökum atriðum. Útvarpsráð getur ennfremur ákveðið að ríkisútvarpið ráðist í gerð tiltekinna tegunda eða flokka dagskrárefnis sem fallnir þykja til að ná fram markmiðum 15. gr. útvarpslaga, en útvarpsstjóri getur þó stöðvað gerð slíks útvarpsefnis þygi sýnt að það reynist Ríkisútvarpinu fjárhagslega ofviða.

Dagskrá Ríkisútvarpsins skal lögð fyrir útvarpsráð til kynningar áður en hún kemur til framkvæmda.

Útvarpsráð setur reglur eins og þurfa þykir til gæslu þess að fylgt sé ákvæðum 15. gr. útvarpslaga. Leiki vafi á hvernig skuli fara með mál er snerta 15. gr. útvarpslaga skal vísa þeim til útvarpsráðs.

Útvarpsráð fjallar um önnur þau mál sem lögð skulu fyrir það samkvæmt útvarpslögum eða reglugerð þessari, eða samkvæmt edli máls.

9. gr.

Menntamálaráðherra ákveður þóknun fyrir störf útvarpsráðs.

III. KAFLI

Útvarpsstjóri.

10. gr.

Útvarpsstjóri annast rekstur Ríkisútvarpsins, sér um fjárreiður þess og semur ár hvert fjárhagsáætlun þess.

Útvarpsstjóri undirbýr og stjórnar framkvæmd dagskrár og gætir þess að settum reglum um hana sé fylgt.

Útvarpsstjóri ræður starfsmenn Ríkisútvarpsins, aðra en framkvæmdastjóra deilda, þó að fengnum tillögum útvarpsráðs ef um fastráðningar starfsfólks dagskrár er að ræða.

Útvarpsstjóri er formaður framkvæmdastjórnar Ríkisútvarpsins.

11. gr.

Útvarpsstjóri gefur út reglur um fréttaflutning í hljóðvarpi og sjónvarpi að fengnu samþykki útvarpsráðs, sbr. þó IV. kafla reglugerðar þessarar.

12. gr.

Um auglýsingar í Ríkisútvarpinu skal fara samkvæmt reglugerð um auglýsingar í útvarpi. Útvarpsstjóri gefur út nánari reglur um auglýsingar í hljóðvarpi og sjónvarpi, þar á meðal auglýsingatíma, að fengnu samþykki útvarpsráðs.

13. gr.

Útvarpsstjóri staðfestir auglýsingataxta og aðrar gjaldskrár eftir tillögu framkvæmdastjóra fjármáladeildar. Útvarpsstjóri setur gjaldskrá fyrir flutning útvarpsefnis. Framkvæmdastjóri fjármáladeildar og framkvæmdastjóri hljóðvarpsdeildar og sjónvarpsdeildar ákveða greiðslu samkvæmt gjaldskránni, en skylt er þeim að hafa samráð við útvarpsstjóra, ef vafi leikur á um það, hversu ákveða skuli þóknun, eða um er að ræða meiriháttar greiðslur vegna afbrigðilegrar dagskrár, kostnaðarsamra leikrita o. s. frv.

14. gr.

Í fjarveru útvarpsstjóra gegnir sá af framkvæmdastjórum Ríkisútvarpsins störfum hans sem menntamálaráðherra ákveður.

IV. KAFLI

Fréttir.

15. gr.

Ríkisútvarpið skal veita almenna fréttáþjónustu og vera vettvangur fyrir mismunandi skoðanir á þeim málum sem efst eru á baugi hverju sinni eða almenning varða.

Fréttir þær sem Ríkisútvarpið flytur mega ekki vera blandnar neins konar ádeilum eða hlutdrægum umsögnum, heldur skal gætt fyllstu óhlutdrægni gangvart öllum flokkum og stefnum í opinberum málum, stofnunum, félögum og einstaklingum.

Féttaskýringar ber að afmarka greinilega frá fréttum, og skal ávallt kynnt nafn höfundar slíkra skýringa.

Við skráningu fréttar skal þess jafnan gætt, að heimildir séu sem fyllstar og óyggjandi.

16. gr.

Óheimilt er að flytja ummæli manns, hvort sem er í frásögn, hljóð- eða myndritun, nema sá hafi vitað, að fréttamaður var viðstaddur, er orð hans féllu, eða ummælin hafi verið viðhöfð á mannfundi sem öllum var heimill aðgangur að.

Við val fréttamynda skal þess vandlega gætt, að þær gefi sem sannasta mynd af þeim atvikum eða atburðum, sem sýna á.

V. KAFLI

Útvarpsgjald og innheimta þess.

17. gr.

Eigandi viðtækis, sem nýta má til móttöku á útsendingum Ríkisútvarpsins, skal greiða afnotagjald, útvarpsgjald, af hverju tæki, sbr. þó 18. gr. Til viðtækja sem nýta má til móttöku á útsendingum Ríkisútvarpsins teljast m. a. talstöðvartæki með útbúnað til hljóðvarpsmóttöku og myndskermar sem tengdir eru myndbandstæki eða öðrum tækjum með útbúnað til sjónvarpsmóttöku.

Menntamálaráðherra staðfestir útvarpsgjald að fengnum tillögum útvarpsstjóra.

18. gr.

Sá viðtækjaeigandi sem aðeins getur nýtt sér svart/hvíta móttöku sjónvarpsefnis skal greiða 90% útvarpsgjalds og sá sem einungis getur nýtt sér hljóðvarpssendingar skal greiða 30% útvarpsgjalds. Eigandi sem breytir afnotum sínum skal tilkynna það Ríkisútvarpinu þegar í stað.

Aðeins skal greiða eitt útvarpsgjald fyrir einkaafnot fjölskyldu á heimili. Með heimili er átt við íbúðarhúsnæði, sem útvarpsnotandi býr í sjálfstætt, einn eða ásamt fjölskyldu sinni. Það tekur meðal annars til þess, er útvarpsnotandi býr einn í leiguherbergi. Í því sambandi, sem hér um ræðir, telst sumarbústaður hluti af heimili. Ef viðtæki er notað með leiðslum til annarra heimila, telst hvert heimili útvarpsnotandi, sem þannig hagnýtir sér útsendingar Ríkisútvarpsins. Viðtæki í einkabifreiðum telst heimilisviðtæki notanda. Af viðtækjum í öðrum bifreiðum og vélknúnum tækjum skal greiða fullt gjald.

Sjúkrahús, heilsuhæli, vistheimili, dvalar- og elliheimili og sjúkradeildir slíkra stofnana, skólar, aðrar stofnanir og fyrirtæki skulu greiða 50% útvarpsgjald af hverju aukasjónvarpstæki í samfelldri notkun í eigu stofnunarinnar og 15% útvarpsgjald af hverju aukahljóðvarpstæki, en ekki línunum frá þeim til annarra vistarvera. Vismenn dvalar- og elliheimila með eigin viðtæki í notkun þar, greiði ekki útvarpsgjöld af þeim. Starfsfólk, sem býr í slíkum stofnunum, greiði gjald eftir almennum reglum. Það teljast sjálfstæð útvarpsnot, ef útvarp er tengt með línu til vistarvera starfsmanna þessara frá viðtæki í eigu stofnunarinnar.

Gistihús skulu greiða 25% útvarpsgjald af hverju aukasjónvarpstæki og 7½% útvarpsgjald af hverju aukahljóðvarpstæki, en ekki línunum af þeim til annarra vistarvera.

Ef stofnun, gistihús eða annað fyrirtæki, sbr. 3. mgr. og 4. mgr. hér að framan, er til húsa á fleiri en einum stað, skal hver staður talinn sjálfstæð stofnun eða fyrirtæki.

Af viðtækjum í skipum skal greiða í samræmi við almennar reglur. Af viðtækjum í skipum í millilandasiglingum skal greiða hálf almennt gjald. Af viðtækjum í fiskiskipum, sem um lengri tíma veiða á fjarlægum miðum, er heimilt að lækka gjald með hliðsjón af þeim aðstæðum.

Veita skal þeim elli- og örorkulífeyrisþega, sem býr einn og fær uppbót á lífeyri sinn samkvæmt reglugerð nr. 351/1977 um tekjutryggingu, heimilisuppbót og heimildarhækkunar samkvæmt 19. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum, undanþágu frá greiðslu útvarpsgjalds af viðtæki í hans eigu, enda sé viðtækið hagnýtt til einkanota. Undanþága frá greiðslu útvarpsgjalds tekur gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir

að tilkynning berst Ríkisútvarpinu um að viðkomandi elli- og örorkulífeyrisþegi njóti uppþóta á lífeyri samkvæmt fyrrnefndri reglugerð.

Útvarpsstjóri ákveður undanþágu blindra manna frá greiðslu útvarpsgjalds vegna hagnýtingar á hljóðvarpssendingum Ríkisútvarpsins að fengnum tillögum samtaka blindra.

19. gr.

Gjalddagar útvarpsgjalds skulu vera 2 eða fleiri á ári samkvæmt nánari ákvörðun Ríkisútvarpsins. Eindagi skal vera 3 vikum eftir hvern gjalddaga.

Fyrsta virkan dag eftir eindaga leggst á útvarpsgjald 10% álag vegna kostnaðar við innheimtu.

Dráttarvextir, sem vera skulu jafnháir og almennir mánaðarlegir dráttarvextir utan innlánsstofnana lögum samkvæmt, reiknast frá og með næsta degi eftir eindaga.

Útvarpsgjaldi ásamt dráttarvöxtum, öðru vangreiðsluálagi og öllum innheimtukostnaði fylgir lögveðsréttur í viðkomandi viðtæki sem helst þótt eigendaskipti verði. Gengur veðið fyrir hvers konar eldri sem yngri sammingsveðum, dómveðum og öðrum höftum sem á viðtæki kunna að hvíla, nema eignarréttarfyrvörum. Lögveðið helst í þrjú ár frá gjalddaga.

Útvarpsgjaldi ásamt dráttarvöxtum, öðru vangreiðsluálagi og öllum innheimtukostnaði fylgir lögtaksréttur samkvæmt 1. gr. laga nr. 29/1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar, sbr. og 2. mgr. 29. gr. útvarpslaga. Meðan lögtaksréttur helst má selja viðtæki það, em lögveð hefur stofnast í, á uppboði án undangengins lögtaks, enda sé fylgt ákvæðum laga nr. 49/1951 um sölu lögveða án undangengins lögtaks að því er varðar greiðsluáskorun og tilkynningu til skrásetts eiganda lögveðsins um að óskað verði uppboðs.

Pegar mánuður er liðinn frá eindaga útvarpsgjalda getur innheimtustjóri krafist lögtaks fyrir ógreiddum gjöldum ásamt vöxtum og kostnaði og skal úrskurður auglýstur eins og fyrir er mælt um opinber gjöld.

20. gr.

Hver sá, er fæst við sölu viðtækja, sbr. 1. mgr. 17. gr., skal tilkynna innheimtudeild Ríkisútvarpsins á eyðublöðum sem Ríkisútvarpið lætur í té hverjir séu kaupendur. Tilkynningarnar skal senda Ríkisútvarpinu í 1. viku næsta mánaðar eftir sölumánuð.

Pegar eigendaskipti verða að viðtæki, skal nýr eigandi, svo og sá sem af hendi lætur, tilkynna innheimtudeild Ríkisútvarpsins eigendaskiptin þegar í stað. Eigendur viðtækja bera persónulega ábyrgð á greiðslu gjalda af þeim, sem á hafa fallið áður en tilkynning um eigendaskipti hefur borist Ríkisútvarpinu.

Tilkynningar skv. 1. og 2. mgr. skulu greina dagsetningu sölu eða annarrar eignayfirfærslu, fullt nafn og heimilisfang bæði þess, er viðtæki lætur af hendi, og þess, er við tekur, nafnúmer hins nýja eiganda, svo og tegund og framleiðslunúmer viðtækis. Tilkynning skal undirrituð bæði af þeim, er viðtæki lætur af hendi og hinum nýja eiganda þess.

Hver sá, er fæst við sölu hljóðvarps- og sjónvarpstækja, eða annarra tækja er nota má til hljóðvarps- eða sjónvarpsmóttöku, skal tilkynna Ríkisútvarpinu þegar í stað, er hann hefur þau störf.

21. gr.

Ríkisútvarpið heldur skrá yfir öll viðtæki sem notuð eru hér á landi og í íslenskum skipum og flugvélum og nota má til móttöku útvarpsefnis.

Í skránni skal greina:

1. Skráningarnúmer, sem auðkennir hvert tæki.
2. Tegund viðtækis og framleiðslunúmer.
3. Dagsetningu frumskráningar.
4. Fullt nafn, nafnúmer og heimilisfang eiganda.

5. Dagsetningu eigendaskipta, með hverjum hætti sem verða, og upplýsingar um nýjan eiganda, eins og segir í 4. tölulið. Einnig skal greina hvaða dag tilkynning um eigendaskipti barst Ríkisútvarpinu.

Afmá skal viðtæki af skrá, ef sönnur, sem innheimtustjóri metur gildar, eru á það færðar að tækið sé orðið ónýtt eða verði af öðrum ástæðum ekki lengur notað til móttöku útsendingar Ríkisútvarpsins.

Tilkynna skal Ríkisútvarpinu skriflega uppsögn á útvarpsnotum. Gjaldskylda fellur niður, þegar tilkynning berst Ríkisútvarpinu. Lækkun afnotagjalda Ríkisútvarpsins vegna tímabundinnar innsiglunar viðtækis er því aðeins veitt að innsiglun skal vera í þrjá mánuði hið skemmsta. Gjald fyrir innsiglun skal vera sem svarar útvarpsgjaldi í einn mánuð þegar innsiglun á sér stað.

22. gr.

Innheimtudeild Ríkisútvarpsins hefur með höndum innheimtu útvarpsgjalds af viðtækjum. Innheimtudeildin hefur eftirlit með því að fullnægt sé fyrirmælum útvarpslaga og reglugerðar þessarar um tilkynningar viðtækja og annast könnun í því skyni.

Innheimtudeild heldur skrá samkvæmt 21. gr. og aðrar nauðsynlegar skrár yfir viðtæki og gjaldendur.

23. gr.

Innheimtustjóri getur innsiglað eða látið innsigla viðtæki:

1. Ef það er hagnýtt til móttöku án þess að það hafi verið tilkynnt til Ríkisútvarpsins,
2. ef vanskil eru orðin á greiðslu útvarpsgjalds,
3. ef hlutaðeigandi aðili hefur sagt upp útvarpsnotum.

Nú eru fyrir hendi skilyrði samkvæmt 1. tölulið 1. mgr. eða gert hefur verið lögtak í viðtæki fyrir vangreiddu útvarpsgjaldi, eða skilyrði til sölu viðtækis á uppboði án undangengins uppboðs og getur þá innheimtustjóri tekið eða látið taka viðtækið úr vörslu eiganda eða annars vörslumanns.

Viðkomandi héraðsdómari kveður upp dómsúrskurð ef nauðsyn ber til vegna framangreindra framkvæmda.

Heimildarlaust rof á innsigli varðar refsingu eftir 113. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þegar viðtæki er innsiglað eða tekið úr vörslu samkvæmt framansögðu, ber eiganda eða umráðamanni að greiða allan áfallinn kostnað af því.

Nú hefur viðtæki verið innsiglað eða tekið úr vörslu vegna vanskila og skal þá því aðeins fella hömlur þessar niður, að full skil hafi verið gerð.

VI. KAFLI

Framkvæmdasjóður.

24. gr.

Í framkvæmdasjóð Ríkisútvarpsins skal leggja 10% af brúttótekjum stofnunarinnar.

Aðflutningsgjöld af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum og hlutum í þau skulu renna óskipt í sjóðinn.

Fé framkvæmdasjóðs skal verja til að tryggja viðunandi húsnæði, tækjakost og dreifikerfi Ríkisútvarpsins.

Útvarpsstjóri annast fjárreiður framkvæmdasjóðs.

VII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

25. gr.

Ríkisútvarpið skal stuðla að almennri menningarþróun og efla íslenska tungu.

Efni á erlendu máli, sem sýnt er í sjónvarpi Ríkisútvarpsins skal jafnan fylgja íslenskt tal eða neðanmálstexti á íslensku, eftir því sem við á hverju sinni. Það skal þó ekki eiga við þegar í hlut eiga erlendir söngtextar eða þegar dreift er viðstöðulaust um gervihnött og móttökustöð fréttum eða dagskrárefni, er sýnir atburði, sem gerast í sömu andrá. Í síðastgreindu tilviki skal að jafnaði fylgja kynning eða endursögn þular.

Allt íslenskt tal og texti í dagskrám Ríkisútvarpsins skal vera á lýtalausum máli.

26. gr.

Ríkisútvarpið skal varðveita í a. m. k. 18 mánuði upptöku af öllu frumsömdu útsendu efni. Þó skal heimilt að varðveita fréttir í handriti. Allt annað útsent efni, þ. á. m. þular- og dagskrárkynningar, skal varðveita í a. m. k. 3 mánuði. Ríkisútvarpinu ber að stuðla að því að frumflutt dagskrárefni stofnunarinnar verði varðveitt til frambúðar.

Skylt er að láta þeim sem telur misgert við sig í útsendingu, í té afrit upptöku þeirrar útsendingar, ef hann krefst þess skriflega meðan varðveisluskylda á viðkomandi efni helst, enda greiði hann innkaupsverð mynd- eða hljóðbands þess sem honum er látið í té.

27. gr.

Vanræksla á tilkynningum samkvæmt 20. gr. varðar sektum. Brot gegn öðrum ákvæðum reglugerðar þessarar varðar refsingu samkvæmt lögum.

28. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 38. gr. útvarpslaga nr. 68/1985 og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 23. júlí 1986.

Sverrir Hermannsson.

Knútur Hallsson.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld í Egilsstaðahreppi, Suður-Múlasýslu.

1. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að leggja gatnagerðargjald á lóðir í sveitarfélaginu eftir því sem nánar segir í reglugerð þessari.

2. gr.

Gatnagerðargjald þetta er:

A-gjald, sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að gera undirbyggða götu.

B-gjald, sem er gjald lagt á húseigendur til að greiða kostnað við varanlega gatnagerð, þ. e. bundið slitlag og gangstéttar.

3. gr.

Til útreiknings A-gjalds skal nota eftirfarandi einingatölur, miðaðar við byggingarvísitölu 250, sem breytast samkvæmt sömu vísitölu eins og hún er á hverjum þeim tíma sem gjaldið er lagt á.

		Kr.
1. Einbýlishús m/bifreiðageymslu	að 400m ³	52 000,00
2. Parhús	að 400m ³	42 000,00
3. Tvíbýlishús á tveimur hæðum. Tveggja hæða íbúðarhús á einni hæð, hver íbúð	að 400m ³	33 000,00
4. Raðhús á tveimur hæðum, hver íbúð	að 400m ³	25 000,00
5. Fjölbýlishús á tveimur hæðum með allt að 8 íbúðum, hver íbúð	að 300m ³	21 000,00
6. Fjölbýlishús á þremur hæðum eða fleiri með fleiri en 8 íbúðum, hver íbúð	að 300m ³	15 000,00
7. Verslunar-, skrifstofu- og skólahúsnæði	hver m ³	83,00
8. Iðnaðarhús og vörugeymslur	hver m ³	62,00
9. Umframstærðir í íbúðarhúsum	hver m ³	42,00
10. Lóðir	hver m ²	17,00

Ef byggt er við eldri hús og stærð þeirra verður meiri en lágmarksstærð, skal greiða sama gjald fyrir umframstærðir og áður greinir í 9. tölulið.

4. gr.

Til útreiknings B-gjalds skal nota eftirfarandi einingartölur, miðaðar við byggingarvísitölu 250, sem breytast samkvæmt sömu vísitölu, eins og hún er á hverjum þeim tíma, sem gjaldið er lagt á.

		Kr.
1. Einbýlishús m/bifreiðageymslu	að 400m ³	63 000,00
2. Parhús	að 400m ³	57 000,00
3. Tvíbýlishús á tveimur hæðum, tveggja hæða íbúðarhús með allt að 4 íbúðum og raðhús á einni hæð, hver íbúð	að 400m ³	40 000,00
4. Raðhús á tveimur hæðum, hver íbúð	að 400m ³	30 000,00
5. Fjölbýlishús á tveimur hæðum með allt að 8 íbúðum, hver íbúð	að 300m ³	25 000,00
6. Fjölbýlishús á þremur hæðum eða fleiri með fleiri en 8 íbúðum, hver íbúð	að 300m ³	18 000,00
7. Verslunar-, skrifstofu- og skólahúsnæði	hver m ³	101,00
8. Iðnaðarhús og vörugeymslur	hver m ³	76,00
9. Umframstærðir í íbúðarhúsum	hver m ³	101,00
10. Lóðir	hver m ²	20,00

Ef byggt er við eldri hús og stærð þeirra verður meiri en lágmarksstærð skal greiða sama gjald fyrir umframstærðir og áður greinir í 9. tölulið.

5. gr.

Gjalddagi A-gatnagerðargjalda samkvæmt 3. gr. skal vera þegar byggingarleyfi er veitt. Þó er sveitarstjórn heimilt að veita gjaldfrest á hluta gjaldsins þar til byggingaframkvæmdir hefjast eða allt að 2 mánuði. Sé gjaldið þá eigi greitt er heimilt að stöðva framkvæmdir fyrirvaralaust þar til skuldin hefur verið greidd að fullu.

6. gr.

Upphæð B-gatnagerðargjalda samkvæmt 4. gr. skal miðast við þá byggingarvísitölu sem í gildi er þegar lagning bundins slitlags fer fram. Sé bygging heimiluð við götu, sem þegar hefur verið lögð bundnu slitlagi, miðast upphæð B-gatnagerðargjaldsins við þá byggingarvísitölu sem er í gildi, þegar byggingarleyfið er veitt, enda sé eigi lengri tími en fimm ár liðin frá því slitlag var sett eða gangstétt lögð.

7. gr.

B-gatnagerðargjald samkvæmt 4. gr. skal greitt á fjórum árum með jöfnum afborgunum. Lánin verði verðtryggt eða með sömu kjörum og Bygðasjóður lánar sveitarfélögum til varanlegrar gatnagerðar. Sé gjaldið staðgreitt verður gefinn 10% afsláttur.

Gjalddagar eru 15. júlí ár hvert, í fyrsta sinn sama ár og lagning bundins slitlags fer fram eða byggingarleyfi veitt samanber 6. gr. Lokagreiðslu skal þó ekki innheimta fyrr en endanlega hefur verið gengið frá viðkomandi götu.

8. gr.

Nú hefur gatnagerðargjald verið greitt af lóð sem sveitarfélagið hefur innheimt, og skal það þá gilda sem greiðsla á A-gjaldi. Hafi lóðarhafar hins vegar ekki greitt nein slík gjöld en eru með byggingu á byrjunarstigi þegar reglugerð þessi gengur í gildi, ber þeim að greiða samkvæmt 3. gr. þessarar reglugerðar.

9. gr.

Gatnagerðargjöldum fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem þau eru lögð á og ganga þau ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla, næstu tvö ár eftir gjalddaga og taka einnig til váttryggingarfjár eignarinnar.

10. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjaldstuðlana í 3. og 4. gr. hvern um sig eða alla í einu um allt að 50% án frekari staðfestingar ráðuneytisins. Sveitarstjórn hefur fulla heimild til þess að endurskoða flokkun húsa í gjaldstuðla sbr. 3. og 4. gr. svo og gjöld einstakra gjaldenda, ef sérstakar ástæður eru til.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Egilsstaðahrepps í Suður-Múlasýslu, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 16. maí 1974 til að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt eru úr gildi felldar reglugerðir nr. 85/1975 og nr. 256/1977 ásamt síðari breytingum, um gatnagerðargjöld í Egilsstaðahreppi.

Félagsmálaráðuneytið, 25. júlí 1986.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Þórhildur Línadal.

REIKNINGUR

Lánasjóðs sveitarfélaga fyrir árið 1985.

Rekstrarreikningur ársins 1985

Fjármagnstekjur:	Kr.
Vaxtatekjur af innstæðum	2 091 600
Vaxtatekjur af útlánum	39 947 501
Verðbætur	290 639 692
Lántökugjöld	1 019 000
	<hr/>
Fjármagnstekjur alls:	333 697 793
	<hr/>
Fjármagnsgjöld:	
Vaxtagjöld af langtímalánum	24 844 072
Verðbætur af langtímalánum	85 580 060
Lántökugjöld	50 000
Gengismunur	5 784 437
Reiknuð gjöld v/verðbreytinga	179 019 397
	<hr/>
Fjármagnsgjöld alls:	295 277 966
	<hr/>
Hreinar fjármagnstekjur:	38 419 827
	<hr/>
Aðrar tekjur:	
Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarf.	45 000 000
Aðrar tekjur	50 000
	<hr/>
Aðrar tekjur alls:	45 050 000
	<hr/>
Rekstrargjöld:	
Hlutdeild í sameiginl. kostnaði	2 528 360
Sérkostnaður sjóðsins	552 490
Afskriftir	1 127 288
	<hr/>
Rekstrargjöld alls:	4 208 138
	<hr/>
Tekjuafgangur:	79 261 689
	<hr/>

Efnahagsreikningur 31. desember 1985.

Eignir:

Veltufjármunir:	Kr.
Sjóður	827 933
Bankainnstæða	9 652 860
Bjargráðasjóður	0
Samband ísl. sveitarfélaga	351 619
Gjaldf. útist. vextir og verðb.	58 861 042
Gjaldfallnar afborganir	21 748 445
Áfallnir útistandandi vextir	27 624 565
Afborg. sem gjaldf. á næsta ári	124 695 355
	<hr/>
Veltufjármunir alls:	243 761 819
	<hr/>

Fastafjármunir:

Langtímakröfur:

Skuldabréf	1 138 265 882
Afb. til greiðslu á næsta ári	146 443 800
	<hr/>
Langtímakröfur alls:	991 822 082
	<hr/>

Varanlegir rekstrarfjármunir:

	Kr.
Áhöld og búnaður	4 189 776
Fasteign	16 397 837
	<hr/>
Afskrifað alls	20 587 613
	3 509 516
	<hr/>
Varanl. rekstrarf.m. alls:	17 078 097
	<hr/>

Áhættufé:

Hlutabréf	50 000
	<hr/>
Áhættufé alls:	50 000
	<hr/>

Fastafjármunir alls:	1 008 950 179
	<hr/>

Eignir samtals:	1 252 711 998
	<hr/>

Skuldir og eigið fé:**Skammtímaskuldir:**

	Kr.
Skuldheimtumenn	149 327
Bjargráðasjóður	9 690 099
Ríkissjóður v/ábyrgðargjalda	300 000
Áfallnir ógr. vextir	6 981 897
Afb. næsta árs af langtímask.	64 775 545

Skammtímaskuldir alls: 81 896 868

Langtímaskuldir:

Frankvæmdasjóður Íslands	473 039 716
Seðlabanki Íslands	7 514 649
	<u>480 554 365</u>
Afborganir næsta árs	64 775 545

Langtímaskuldir alls: 415 778 820

Skuldir alls: 497 675 688

Eigið fé:

Endurmatsreikningur	452 696 637
Óráðstafað eigið fé	302 339 673

Eigið fé: 755 036 310

Skuldir og eigið fé samtals 1 252 711 998

Reykjavík, 17. janúar 1986.

REGLUGERÐ

**um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Skagastrandarhöfn
nr. 383 29. september 1985.**

1. gr.

Liður 2.2 í 2. gr. orðist svo:

Hafnarnefnd fer með framkvæmd hafnarmála í umboði hreppsnefndar. Hafnarnefnd skal skipuð 5 fulltrúum, er hreppsnefnd kýs og jafnmörgum til vara.

Fulltrúa þessa skal kjósa leynilega með hlutfallskosningu. Kjörtímabil hafnarnefndar er hið sama og hreppsnefndar. Það er borgarleg skylda að taka við kosningu í hafnarnefnd.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 69 28. maí 1984, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 18. júlí 1986.

Matthías Bjarnason

Ólafur S. Valdimarsson.

Nr. 361

REIKNINGUR

Framkvæmdasjóðs Íslands árið 1985.

Rekstrarreikningur 1985.

TEKJUR:

	Skýringar	Kr.
Vextir, verðbætur og gengismunur		3 625 698 837
Aðrar tekjur:		
Tekjur af fasteignum		3 493 885
Tekjur af tölvubúnaði		2 571 982
Tekjur af hlutabréfum		88 088
Tekjur samtals		<u>3 631 852 792</u>

GJÖLD:

Vextir, verðbætur og gengismunur		3 471 952 039
Gjöld vegna verðbreytinga	1a	87 177 748
Rekstrargjöld:		
Rekstrarkostnaður	2	29 817 181
Veittir styrkir		6 215 000
Keyptur tölvubúnaður		970 100
Keyptur skrifstofubúnaður		192 211
		<u>3 596 324 279</u>

Rekstrarhagnaður:

Framkvæmdasjóður	35 327 509
Mótvirðissjóður	201 004

35 528 513

Gjöld samtals

3 631 852 792

EIGNIR:

	Skýringar:	Kr.
Skuldabréf fyrir lánum:		
Gengistryggð lán		8 721 318 379
Verðtryggð lán		4 324 679 179
Önnur lán		31 429 656
		<hr/>
		13 077 427 214
		<hr/>
Bankainnistæður:		
Seðlabanki Íslands		78 244 844
Aðrar lánastofnanir		71 536 677
Erlend bankainnistæða		875 827 822
		<hr/>
		1 025 608 343
		<hr/>
Aðrar eignir:		
Áfallnir vextir		258 051 174
Ýmsir viðskiptamenn		26 314 677
Hlutabréf	3	153 448 651
Fasteignir	4	59 548 000
		<hr/>
		497 362 502
		<hr/>
Eignir samtals		14 600 398 059
		<hr/>

Með skírskotun til yfirlýsingar endurskoðenda staðfestir stjórn Framkvæmdasjóðs Íslands ársreikning 1985.

Reykjavík, 6. mars 1986.

Þórður Friðjónsson.

Höskuldur Jónsson.

Tómas Árnason.

Með skírskotun til yfirlýsinga endurskoðenda og stjórnar Framkvæmdasjóðs Íslands staðfestist reikningurinn hér með.

Reykjavík, 17. mars 1986.

Steingrímur Hermannsson, forsætisráðherra.

31. Desember 1985.

SKULDIR:

	Skýringar	Kr.
Lántökur:		
Erlend lán		9 566 504 138
Innlend lán verðtryggð		4 199 969 189
Önnur innlend lán		41 152 856
		<hr/>
		13 807 626 183
		<hr/>

Aðrar skuldir:		
Áfallnir vextir		140 089 266
Ýmsir viðskiptamenn		5 259 868
Ógreiddur hluti veittra lána		9 664 752
Afskriftareikningur útlána		14 231 958
		<hr/>
		169 245 844
		<hr/>
Eigið fé:		
Höfuðstóll		463 526 032
Varasjóður		160 000 000
Mótvirðissjóður	1b	0
		<hr/>
		623 526 032
		<hr/>
Skuldir samtals:		14 600 398 059
		<hr/>
Ábyrgðir vegna viðskiptamanna	5	27 785 500

Reykjavík, 7. febrúar 1986.

Framkvæmdasjóður Íslands.

Guðmundur B. Ólafsson,
forstjóri.

Árni Thorlacius,
aðalbókari.

FJÁRMAGNSSTREYMI 1985

Uppruni fjármagns:		
Frá rekstri		Kr.
Rekstrarhagnaður skv. rekstgrarreikningi		35 528 514
Rekstrarliðir sem ekki breyta lausafjárstöðu:		
Áfallnir vextir og uppfærsla verð- og gengistryggðra lána		144 858 541
Gjaldfærsla vegna verðlagsbreytinga		87 177 748
		<hr/>
		267 564 803
		<hr/>
Annað:		
Tekin ný lán		2 248 612 225
Afborganir veittra lána		730 839 771
Seldur helmingur fasteignar að Rauðarárstíg 25		49 693 00
Seld hlutabréf		180 000
Ógreiddur hluti veittra lána og styrkja		14 664 752
Lækkun bankainnistæðna		29 830 728
		<hr/>
		3 073 820 476
		<hr/>
Uppruni fjármagns alls		3 341 385 279
		<hr/>

Ráðstöfun fjármagns:

Veitt lán	2 585 714 202
Afborganir tekinnna lána	739 053 140
Hækkun viðskiptareikninga	15 705 895
Afskrifuð töpuð lán	912 042

Ráðstöfun fjármagns alls	3 341 385 279
---------------------------------------	----------------------

Skýringar með ársreikningi 1985.**1. Breytinga á reikningsskilaaðferðum.****1a. Gjöld vegna verðbreytinga.**

Tekinn er upp sá háttur að reikna út áhrif almennra verðlagsbreytinga á rekstrarafkomu ársins 1985 með því að færa verðbreytingafærslu í ársreikning, sem reiknuð er út á eftirgreindan hátt:

Peningalegar eignir 1. jan. 1985	Kr. 10 318 414 447
Skuldir 1. jan. 1985	10 073 464 326

Stofn til útreiknings verðbreytingarfærslu	244 950 121
--	-------------

Útreikningur verðbreytingafærslu miðast við hækkun lánsjaravísitölu frá jan. 1985 til jan. 1986, sem varð 35.59% eða kr. 87 177 748.

1b. Mótvirðissjóður

Með lögum um Framkvæmdasjóð Íslands frá 1. júlí 1985 eru felld úr gildi eldri lög nr. 97 frá 1976 um Framkvæmdastofnun ríkisins en þar voru ákvæði um að Mótvirðissjóður skildi færður sérstaklega í efnahagsreikningi Framkvæmdasjóðs Íslands. Þar sem þetta ákvæði hefur nú verið fellt niður hefur höfuðstóll Mótvirðissjóðs verið sameinaður höfuðstól Framkvæmdasjóðs Íslands.

2. Rekstrarkostnaður:

Framlag til Framkvæmdastofnunar ríkisins	21 758
Launakostnaður	2 805
Launatengd gjöld	106
Aðkeypt sérfræðivinna	88
Ýmis aðkeypt þjónusta	79

Endurskoðun	98
Ljós og hiti	87
Póstur og sími	76
Bækur, blöð, tímarit	71
Prentun, pappír, ritföng	180
Ferðakostnaður	358
Gestamóttaka og risnukostnaður	60
Ýmis kostnaður	138
Tölvukostnaður	1 596
Rekstur fasteigna	2 317
	<hr/>
	29 817
	<hr/>

3. Hlutabréfaeign (nafnverð):

	Kr.
Álafoss hf.	117 750 000
Norðurstjarnan hf.	31 419 000
Fjárfestingarfélag Íslands hf.	4 279 651
	<hr/>
	153 448 651
	<hr/>

4. Fasteignir: (tilgreindar á fasteignamati 1985)

Tjaldbúðir Snæfellsnesi	Kr.	Kr.
jarðarmat	90 000	
húsmat	1 175 000	1 265 000
	<hr/>	
Brunabótamat Kr. 2 381 000		
Laufásvegur 7-9		
lóðamat	3 635 000	
húsmat	4 955 000	8 590 000
	<hr/>	
Brunabótamat Kr. 18 859 231		
Rauðarárstígur 25		
lóðamat	5 552 500	
húsmat	44 140 500	49 693 000
	<hr/>	
Brunabótamat Kr. 51 989 886		59 548 000
		<hr/>

5. Ábyrgðir:

Ísnó hf.	
NOK 2 000 000,00 til Nordiska Investeringsbanken	Kr. 11 114 200
NOK 3 000 000,00 til Nordiska Investeringsbanken	16 671 300
	<hr/>
	27 785 500
	<hr/>

Við höfum endurskoðað ársreikning Framkvæmdasjóðs Íslands fyrir árið 1985.

Innihald ársreiknings er þetta:

Rekstrarreikningur, efnahagsreikningur og fjármagnsstreymi fyrir Framkvæmdasjóð Íslands fyrir árið 1985, ásamt skýringum nr. 1—5.

Endurskoðunin var framkvæmd í samræmi við góða endurskoðunarvenju og í því sambandi gerðar nauðsynlegar kannanir.

Að okkar áliti teljum við, að ársreikningurinn gefi áreiðanlega mynd af rekstri og efnahag Framkvæmdasjóðs Íslands, fyrir árið 1985.

Reykjavík, 7. febrúar 1986.

Bjarni Bjarnason,
löggiltur endurskoðandi.

Kjörnir af Alþingi
Kristján Valdimarsson.
Jón Kristjánsson.

Nr. 362

REIKNINGUR

Bjargráðasjóðs fyrir árið 1984.

	Aðalrekstrarreikningur	Kr.
Fjármunatekjur:		
Vextir		12 980
Lántökugjöld		340
		13 320
Fjármagnsgjöld:		
Vextir		4 238
Lántökugjöld		496
Vísitöluálag		11 095
Reikn.gjöld v/verðbreytinga		2 128
		17 957
	Hrein fjármagnsgjöld	(4 637)
Aðrar tekjur:		
Framl. ríkissjóðs v/vaxtamism.'81—'84		16 400
Framlag ríkissjóðs		5 400
Framlög sveitarfélaga		4 695
Gjald af söluv. landbúnaðarins		19 881
Húsaleiga		211
	Aðrar tekjur alls	46 587

Styrkveitingar:

Styrkir	10 936
Eftirgefin lán	144

 11 080

 Hreinar tekjur alls 30 870

Rekstrargjöld:

Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði	1 747
Stjórnunarkostnaður	555
Rekstur fasteigna	69
Innheimtulaun	398
Afskriftir	166

 Rekstrargjöld alls 2 935

 Mism. gjalda og tekna 27 935

Aðalefnahagsreikningur 31. desember 1984**Eignir:****Kr.****Veltufjármunir:**

Hlaupareikningur	2 891 482
Sparisjóðsbækur	5 189 589
Viðskiptamenn	244 746
Séreignadeild, sparisjóðsinnstæða,	122 921
Gjaldfallnir útist. vextir	10 717 495
Gjaldfallnar útist. afborganir	6 192 018
Áfallnir útist. vextir	1 762 292
Afborganir, sem gjaldf. næsta ár	18 211 922

 Veltufjármunir alls 45 332 455

Fastafjármunir:**Langtímakröfur:**

Skuldabréfaeign	73 774 006
÷ Afborganir næsta árs	(24 403 930)

 Langtímakröfur alls 49 370 076

Varanlegir rekstrarfjármunir:

Áhöld	236 802
Fasteignir	7 969 973
	<hr/>
	8 206 775
Afskrifað alls	(288 896)
	<hr/>
	Rekstrarfjármunir alls 7 917 879
	<hr/>
	Fastafjármunir alls 57 287 955
	<hr/>
	Eignir samtals 102 620 410
	<hr/>

Skuldir og eigið fé:

Skammtímaskuldir:	Kr.
Ógreiddir reikningar	33 699
Samband ísl. sveitarfélaga	0
Lánasjóður sveitarfélaga	317 016
Hrein eign séreignadeildar	4 040 801
Viðskiptamenn	0
Áfallnir ógreiddir vextir	1 181 084
Afb. næsta árs af langtímaskuldum	26 995 195
	<hr/>
	Skammtímaskuldir alls 32 567 795
	<hr/>
Langtímaskuldir:	
Föst lán	54 765 807
÷ Afborganir næsta árs	(26 995 195)
	<hr/>
	Langtímaskuldir alls 27 770 612
	<hr/>
	Skuldir alls 60 338 407
	<hr/>
Eigið fé:	
Endurmatsreikningar	9 166 192
Eigið fé	33 115 811
	<hr/>
	Eigið fé alls 42 282 003
	<hr/>
	Skuldir og eigið fé samtals 102 620 410
	<hr/>

Reykjavík, 13. febrúar 1985.

Magnús E. Guðjónsson.

Birgir L. Blöndal.

STJÓRNARTÍÐINDI B 36 — 1986

8. ágúst 1986

773

Nr. 363

GJALDSKRÁ

vegna þátttöku almannatrygginga í tannlæknakostnaði samkv. 44.
gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

I. KAFLI

Greiðsluskylda

1. gr.

Sjúkrasamlög greiða fyrir tannlæknþjónustu í samræmi við gjaldskrá þessa, sbr. II. kafla, og reglum sem fylgja með gjaldskránni á sérstöku fylgiskjali sem hér segir:

1. Fyrir börn 5 ára eða yngri 75% kostnaðar við hvers konar þjónustu.
2. Fyrir börn og unglinga 6—15 ára 50% af kostnaði við tannlækningar, aðrar en gullfyllingar, krónu- og brúargerðir og tannréttingar, en 25% af þessum aðgerðum. Sveitarfélögum skal skylt að leggja fram jafnmikið á móti. Þjónustan skal veitt hjá skólatannlækni eða heilsugæslustöð ef þess er kostur.
3. Fyrir 16 ára unglinga 50% kostnaður við hvers konar þjónustu.
4. Fyrir unglinga, þótt eldri séu en 16 ára, skal greiða 50% kostnaðar við tannréttingarmedferð, sem hafin hefur verið áður en þeir urðu 16 ára, þar til meðferð er lokið.

Heimilt er að greiða 50% meðferðar á 17—18 ára unglungi ef þörfin hefur komið upp fyrr, enda sé tryggingayfirlækni gerð grein fyrir því, þegar þörfin kemur upp eða a. m. k. áður en unglingurinn verður 17 ára, að rétt sé að fresta aðgerðinni og tryggingayfirlæknir samþykki það.

5. Fyrir elli- og örorkulífeyrisþega, sem njóta tekjutryggingar, 75% kostnaðar, en fyrir aðra elli- og örorkulífeyrisþega 50% kostnaðar, þó ekki við gullfyllingar, krónur eða brýr.

II. KAFLI

Gjaldskrá.

2. gr.

I. Skoðun, fræðsla og undirbúningur.

1. „Cariesskoðun“, „periodontalskoðun“, bitskoðun, „vitalitetspróf“, skýrslugerð, „motivering“, „dietary planning“, aðlögunarmedferð, viðtal, trauma-skoðun, upplýsingar, ráðgjöf, lausleg kostnaðaráætlun og færsla á kort. kr.
Fyrir hverjar byrjaðar 10 mín 450

	kr.
2. „Stúdiumódel“	650
3. Skrifleg kostnaðaráætlun	790
4. Lyfseðill, vottorð, tilvísun	155
5. Vitjun í heimahús, ferðakostnaður ekki innifalinn	755
6. Myndataka: pr. mynd	105
7. „Audio-visuel motivering“	635
8. „Anesthetic test“	1 350
9. Gúmmídúkur settur á	155

II. Röntgenskoðun.

1. Fyrsta mynd	405
2. Viðbótarmynd í sömu vitjun	205
3. Hver „bitewingmynd“	405

III. Deyfing.

1. Yfirborðsdeyfing	80
2. „Infiltrationsdeyfing“. Fyrir hvorn munnfjórðung í báðum kjálkum og leiðsludeyfing í efri kjálka	180
3. Leiðsludeyfing í neðri kjálka pr. helming	220

IV. Tannfyllingar.

Einfalt botnlag innifalið í verði fyllinga.

1. Auka botnlag	125
2. „Fosfat sement“	450
3. „Silicat sement“ ein fylling	790
Viðbótar „Silicat“ fylling í sömu vitjun	665
4. „Composite resin“ fyllingar. Ein fylling II, III, IV cl og uppbygging undir krónu	935
Viðbótar „Composite“ fylling í sömu vitjun	790
5. „Acryl“ fyllingar II, III, IV cl	860
6. „Amalgam“ fyllingar:	
a. 1 flötur	600 670
b. 2 fletir og uppbygging undir krónu	860 1 010
c. 3 fletir	1 110 1 345
d. 3 fletir með bitfleti	1 240 1 490
e. „Amalgam“ króna	1 505 1 740
7. Stifti til styrktar plastískri fyllingu pr. stifti	475
8. „Prefabrikeraðar“ krónur úr stáli eða plasti t. d. fyrir barnatennur	2 270
9. Uppbygging á brotinni tönn:	
a. Meiriháttar „trauma“ byggt með geisla „polym“ efnum	4 750
b. Meiriháttar „trauma“ með öðrum „etsandi“ efnum	2 530
10. Fyllingar með „acid etching“ teknik (etsað, grunnað, fylling, glerungsyfirborð) III, IV, V cl	1 565
11. Gúmmídúkur settur á	155

V. Aðgerðir.

Deyfingar og myndatökur ekki innifaldar í verði:

1. „Excavering“ og bráðabirgðafylling t. d. vegna tannpínu	510
2. „Pulpaoverkapping“	325

	kr.
3. „Devitalisation“ með bráðabirgðafyllingu	615
4. „Amputation“:	
a. „Vital“ Ca (OH) 2 meðferðir	1 125
b. „Mortal“	510
c. „Formokresolmeðferð“	1 125
5. „Extirpation“ og útvíkkun í sömu tönn í hvert sinn:	
Einn rötargangur	1 110
Tveir rötargangar	1 660
Þrjú rötargangar	2 215
Fjórir rötargangar	2 770
6. Rötarfyllingar.	
(„guttaperca“ eða silfurstifti):	
Einn rötargangur	1 110
Tveir rötargangar	1 660
Þrjú rötargangar	2 215
Fjórir rötargangar	2 770
Við aðrar aðferðir og önnur efni notist tímaeining	
7. „Gangrenmeðferð“ í hvert sinn:	
Einn rötargangur	460
Tveir rötargangar	565
Þrjú rötargangar	850
Fjórir rötargangar	1 110
8. Gúmmíúkur settur á	155
9. Erfið tilfelli fyrir hverjar byrjaðar 10 mínútur	450
10. „Replantation“ (vanalega framtennur, úrslegnar)	3 350
11. „Intentional replantation“	3 350
12. „Transplantation“	8 090
13. Lýsing — fyrir hverjar byrjaðar 10 mín.	450

VI. Steyptar fyllingar.

Gull og „laboratoríkostnaður“ ekki innifalinn.

	„Praem“	„Molar“
1. Gull:		
a. Einn flötur	3 370	3 370
b. Tveir fletir	4 045	4 720
c. Þrjú fletir	5 505	7 205
d. Þrjú fletir m. bitfl.	5 505	7 205
e. Hamrað gull sama og steypt.		
2. Steypt uppbygging undir krónu með stiftfest.		3 370
3. Postulín sama og steypt gull.		

VII. Krónu- og brúargerð.

Gull og „laboratoríkostnaður“ ekki innifalinn.

1. Stiftkrónur:	
a. Plast með „gullbasis“	5 685
b. „Richmondkróna“	7 115
2. Gullkrónur:	

	kr.
Framtönn	
a. $\frac{3}{4}$ króna	5 505
b. Heilkróna	5 635
c. „Pinledge“	6 615
„Praemolar“	
a. $\frac{4}{5}$ króna	5 505
b. Heilkróna	5 635
c. „Pinledge“	6 615
Molar	
a. $\frac{4}{5}$ króna	7 205
b. Heilkróna	6 445
c. „Pinledge“	8 620
3. Jacketkrónur:	
a. Plast	7 115
b. Postulín	7 115
4. Postulín brennt á gull:	
a. Framtönn	7 285
b. „Praemolar“	7 600
c. Molar	7 920
5. „Facetta“ á heilkrónu (plast)	1 425
6. Brúargerð:	
a. Stöplar, sjá liði 1,2,3,4,5	
b. Milliliður pr. tönn	4 375
c. Lóðning hver tenging	485
7. Bráðabirgðakrónur og brýr:	
a. Plastkróna	1 260
b. Stiftkróna	1 410
c. Álkróna	460
d. Bráðabirgðabrýr hver eining	1 085
8. Viðgerðir:	
a. „Facettur“ plast eða postul.	1 675
b. Ný króna sett á stifti	2 470
c. „Sementering“ hver tönn	535

VIII. Gervitennur (prótesur).

A. Tennur, gull, stál og „laboratoríkostnaður“ ekki innifalinn.	
1. „Heilpróthesa“ báðir gómar	16 390
Annar gómur eða „immediateprótesa“	9 420
2. Stál eða gull sama og liður 1 + tvöfaldur kostnaður á stáli eða gulli.	
B. „Partial prothesa“:	
1. Plast:	
a. Ein tönn	3 600
b. Viðbótar tönn	735
2. Stál eða gullpartur 9 420 + 735 pr. tönn	
Stál eða gullpartur gerður samfara heilpr. 8 190 + 735 pr. tönn	

C. Viðgerðir.

1. Fóðrun á „heilpróthesu“ eða parti (annar gómur):	kr.
a. „Direkte“	2 025
b. „Relining“	3 480
c. „Rebasing“	4 480
2. Sprunga í „plastprothesu“	575
3. Laus tönn	245
4. Viðgerð með tönn:	
a. 1 tönn	630
b. Viðbótartönn	245
5. Stækkun á parti:	
a. 1 tönn	1 730
b. Viðbótartönn	460

D. Gull í gervitönn	1 345
---------------------------	-------

E. Eftirmeðferð.

Prjár lagfæringar á gervitönnum innifalið í verði.

Eftir það fyrir hverjar byrjaðar 10 mínútur	450
---	-----

IX. Skurðaðgerðir (Kirurgi).

A. „Extraction dentium“ (án deyfingar)

1. Tönn með einni rót:	
a. Ein tönn	600
b. Hver tönn í viðbót	195
2. Tönn með fleiri en einni rót:	
a. Ein tönn	695
b. Hver tönn í viðbót	205
3. „Kompliceruð extraction“ t. d. ef kljúfa þarf rætur	1 345
4. „Sutura“ (t. d. við „extraction“):	
a. Eitt spor	345
b. Viðbótarspor	70
5. „Impacteraðar tennur“:	
a. Tönn imp. í mjúkum vef	1 345
b. Tönn hálf eða „alimp“ í beini	6 740
c. „Radical operation“	6 740

B. „Apex amputation“ án rótþyllingar

a. Framtönn	3 350
b. „Praemolar“	3 850
c. Molar	4 440
d. Viðbótartönn eða rót í sömu aðgerð	1 785
e. „Retrograd amalgamþylling“	670

C. „Cystuáðgerð“

a. Minniháttar	3 350
b. Meiriháttar eða erfið sbr. „Radical operation“	6 740

D. „Alveolectomi“—hvor kjálki	kr.
a. Við tanndrátt	1 695
b. Sérstök aðgerð	2 820
E. „Torus“ aðgerð	
a. „Torus palatinus“	2 260
b. „Torus Mandibularis“	
1. „Unilateral“	2 260
2. „Bilateral“	3 000
F. „Tuberplastic“ — hvor „tuber“	2 260
G. „Frenulumplastic“	1 885
H. Fjarlægður „hyperpl.“ vefur	1 885
I. Lokun á „sinus perf.“ með slímh. flipa	2 195
J. „Abscess incisio“	450
K. Eftirmeðferð t. d. stöðvun blæðingar og sárameðferð, hverjar byrjaðar 10 mín.	450
L. Erfið tilfelli — hverjar byrjaðar 10 mín.	450

X. Tannholdssjúkdómar

A. Tannhreinsun og þússning á fyllingum, „ultrasonisk“ hreinsun, „hand-instrumentation“, „supragingival“ hreinsun, „subgingival“ hreinsun, „root planning“. Fyrir hverjar byrjaðar 10. mín	450
B. „Fluormeðferð“	
1. „Fluorpenslun“ eða „fluorgelmeðferð“ pr. góm	600
2. Þússning með „fluor pasta“ og/eða „pimpstein“ pr. góm	300
C. „Periodontal Terapi“	
„Plaqueletun“ með eftirhreinsun	600
Meðferð á „hypersensitivum“ tannhálsun, „slippingfyllingar“, bráðabirgða „cervicalfyllingar“, „limited“ bitslípun vegna „sekundær traumatism“, „completed“ bitslípun vegna „primær traumatism“. Fyrir hverjar byrjaðar 10 mín.	450
D. „Splint“	
a. „Extra coronal splint“ pr. tönn	785
b. „Intra coronal splint“ pr. tönn	785
E. „Curettage“	
a. „Gingival curettage pr. quadr.“	2 020
b. Subgingival curettage“:	
1. „Suprabony“, hverjar byrjaðar 10 mín.	450
2. „Infrabony“ („reattachment“) pr. tönn	2 020
F. „Gingivectomi“ og „Gingivóplastic“	
1. „per quadrant“ með þakkingu	4 770
2. per viðbótar „quadrant“ í sömu vitjun	2 200

	kr.
G. Djúprista („fenestrering“)	
1. Án „suturu per segment“	1 800
2. Með „suturu per segment“	2 695
H. „Flapoperation“	
a. „Full-thicknessflap pr. quadr.“	6 740
b. „Split flap pr. quadr.“	6 740
c. „Lateral flap“	3 150
I. „Osteoplastic“ og „ostoctomi incl.“	
„flap per quadrant“	6 740
„Radixectomi“ eða „hemisection“	2 695
J. „Transplantation“	
a. „Free gingival graft (intraoral)“	8 090
b. „Beingraft (intraoral)“	8 090
K. Sárabúnaður	
Pakning sem sérstök aðgerð:	
1. Pakning sett á	950
2. Pakningu skipt	1 900
3. Pakning fjarlægð	950

XI. Tannréttingar („Orthodonti“)

A. 1. „Bitmodel“, slípað í bit/steypt í „okkludator“	2 240
2. „Vinnumódel“	490
3. Handröntgen	785
4. „Profilröntgen“	785
5. „Modelanalýsa“	1 635
6. „Profílanalýsa“	2 085
7. „Vaxtaranalýsa“	2 385
B. 1. „Separation“ annar gómur	830
2. „Separation“ báðir gómar	1 150
3. Stálband	840
4. „Bracket“ álímt	1 130
5. „Labialbogi“, sléttur	1 245
6. „Loop“	200
7. Spunninn bogi	1 320
8. Kantbogi, sléttur	1 880
9. „Occip“, bogi	1 720
10. „Occip“, bogi m., „Kahnspora“	1 780
11. „High-pull head gear“	1 950
12. Framdráttarbogi	2 515
13. „Lingualbogi“	1 890
14. „Há-labialbogi“	1 440
15. „Lip-Bumper“	2 135
16. Hökukappi	2 190
17. „Sektionsbogi a. m. Rickets“	1 245

		kr.
	18. Þrýsti-/toggormur	195
	19. Rennikrókur/snúinn krókur	200
	20. Upprétti/snúningsfjöður	700
	21. Rennibogi	645
	22. Teygjukeðja/teygjutvinni	375
	23. „Ligering“boga/„fællesligatur“	375
		kr.
C.	1. Bitplata	3 150
	2. Krókur	450
	3. Adamsklemma	470
	4. „Facialbogi“	810
	5. „Retr.slynge“	875
	6. Fjöður í plötu	575
	7. „Exp.“ skrúfa	1 020
	8. „Aktivator complete“	7 990
D.	1. Herða boga	205
	2. Stilla um boga	1 065
	3. „Aktivera occip“/plötu	810
	4. Viðgerð á plötu m.„acryl“	860
	5. Slaglódning	495
	6. „Elektropolering“	300
	7. Endursementering pr. 10 mín.	450
	8. Hreinsun á sementi	450
	9. Bandi breytt/lagfært	450
E.	1. Föst tæki út pr. góm	495
	2. 3-3/4-4 „ret“	2 050
	3. „Positioner“	10 675
	4. „Stripping“ pr. 10 mín.	450
	5. „Occlusal equilibration“ pr. 10. mín.	450

Rannsóknastofukostnaður er innifalinn í verði.

3. gr.

Heimilt er að innheimta vegna gullvinnu sem hér segir:

		af verði
	Við lok „preparationar“	¼
	Við móttöku	¼
	Við lokamátun	¼
	Við afhendingu	¼

Heimilt er að innheimta fyrir „prothesur“ sem hér segir:

		af verði
	Við „primert“ mát	¼
	Við „secundert“ mát	¼
	Við bitprófun	¼
	Við afhendingu	¼

Sé um að ræða önnur viðvik en upp eru talin í þessari grein skal nota tímaeiningu, sbr. róm I, tl. 1.

4. gr.

Pau orð og orðatiltæki í 2. og 3. gr., og í fylgiskjali sem ekki hafa verið þýdd á íslensku, og eru orðrétt tekin upp úr áðurgildandi samningum, ber að túlka í samræmi við þá.

5. gr.

Sérfræðingi er heimilt að taka allt að 40% hærra gjald fyrir sína sérfræðipjónustu en gjaldskrá þessi segir til um enda sé um skriflega tilvísun að ræða frá öðrum tannlækni eða frá lækni.

III. KAFLI

Ýmis ákvæði

6. gr.

Reikningum skal framvísað til sjúkrasamlaga á því reikningsformi, sem Tryggingastofnun ríkisins ákveður.

Framlag sjúkratrygginga til tannverndarsjóðs skal vera 1% af heildarútgjöldum almennatrygginga vegna tannlækninga.

7. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt 1. mgr. 44. gr. laga nr. 67/1971, um almennatryggingar, með síðari breytingum, gildir frá 1. ágúst 1986 til og með 30. nóv. 1986, eða til skemmri tíma takist samningar á tímabilinu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 8. ágúst 1986.

Ragnhildur Helgadóttir.

Páll Sigurðsson.

Fylgiskjal.

REGLUR

um útselda gull-, parta- og „prótesuvinnu“ með venjulegum gull- og „laboratorikostnaði“.

Verð gulls er hér reiknað á kr. 773.

Verð tanna í heilsett reiknað á kr. 2 135.

I. Steyptar fyllingar

	„Praem“	„Molar“
1. Gull		
a. Einn flötur	5 665	5 665
b. Tveir fletir	6 775	7 450
c. Þrír fletir	9 135	11 610
d. Þrír fletir m.bitfl.	9 665	12 140
2. Steypt uppb. undir		
krónu úr gulli		6 435

II. Krónu og brúargerð

1. Stíftkrónur	kr.
a. Plast með „gullbasis“	9 055
b. „Richmondkróna“	12 970
2. Gullkrónur	
Framtönn	
a. $\frac{3}{4}$ króna	9 260
b. Heilkróna	9 385
c. „Pinledge“	11 105
„Praemolar“	
a. $\frac{4}{5}$ króna	9 260
b. Heilkróna	9 770
c. „Pinledge“	11 105
„Molar“	
a. $\frac{4}{5}$	12 110
b. Heilkróna	12 130
c. „Pinledge“	14 550
3. „Jacketkrónur“	
a. Plast	9 865
b. Postulín — verð sbr. taxa plus „lab.kostn.“	
4. Postulín brennt á gull	
Verð sbr. taxa plus „lab.“ og gullkostnaður.	
5. „Facetta“ á heilkrónu	2 250
6. Brúargerð — sjá liði 1, 2, 3, 4, 5.	
b. Milliliður pr. tönn	7 655
c. Lóðning hver tenging	1 225

III. „Prótesur“

A. „Heilprótesa“ báðir gómar	28 465
Annar gómur eða „immediateprótesa“	15 750
B. „Partial prótesa“	
1. Plast:	
a. Ein tönn)+ verð	5 855
b. Viðbótartönn) tanna	1 065
2. Stál eða gullpartur	9 420
+ kr. 695 pr.tönn plus útlagður kostn. á stáli eða gulli + „lab.kostn.“	
3. Stál eða gullpartur gerður samfara „heilprótesu“	8 190
plus kr. 695 pr. tönn plus kostn. á stáli eða gulli + „lab.kostnaður.“	
C. Viðgerðir	
1. Fóðrun á „heilprótesu“ eða parti:	
a. „Relining“	5 390
b. „Rebasing“	7 010
2. Sprunga í „plastprótesu“	1 225
3. Laus tönn	745
4. Viðgerð með tönn	
a. Ein tönn)	1 365
b. Viðbótartönn)	575

5. Stækkun á parti) + verð	kr.
a. Ein tönn)tanna	2 680
b. Viðbótartönn)	790

D. Gull í gervitönn 3 200

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Suðurnesja fyrir heitt vatn.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar.

Vatnsrennsli að húsinu verður takmarkað um hemil, eftir því sem þörf krefur.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal húseigandi greiða samkvæmt magn-hemli kr. 900,00 fyrir hvern mínútulíttra á mánuði. Þar til hemill hefur verið settur upp eða ef hemill bilar, áætla hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Verði um sölu á heitu vatni að ræða í öðru formi en að framan greinir, skal verðið ákveðið hlutfallslega, skv. mæli pr. tonn kr. 35,00

4. gr.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og hemla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli eða hemil skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli eða hemil á mánuði:

a) Fyrir mæla eða hemla allt að $\frac{3}{4}$ "	kr. 160,00
b) Fyrir mæla eða hemla 1"—2"	kr. 320,00
c) Fyrir mæla eða hemla 3" og stærri	kr. 640,00

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. og 4. gr. má krefja mánaðarlega.

6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningurinn ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

7. gr.

Heimæðargjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss utanmál (m ³)	Heimæðargjald
Allt að 400	47 000,00
400— 2000	47 000,00 fyrir 400m ³ + 37,60 kr/m ³ þar yfir
2000— 6000	108 000,00 fyrir 2 000m ³ + 31,70 kr/m ³ þar yfir
6000— 10000	235 000,00 fyrir 16 000m ³ + 28,00 kr/m ³ þar yfir
Meira en 10000	347 000,00 fyrir 10 000m ³ + 24,50 kr/m ³ þar yfir

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum hemlum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 5 600,00 í aukagjald fyrir hvern hemil umfram þann fyrsta.

8. gr.

Hitaveitu Suðurnesja er heimilt að hækka eða lækka hitaveitugjöld í sama hlutfalli og vísitala byggingarkostnaðar breytist. Þó skal meðalheildarkostnaður við hitun húsa með hitaveitu ekki fara fram úr 80% af meðalheildarkostnaði hitunar með olíukyndingu.

9. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 5 árum ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

III. KAFLI

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað húseiganda.

11. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur kr. 730,00 hverju sinni.

12. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

IV. KAFLI

13. gr.

Gjaldskrárbreyting þessi sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. júlí 1986, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 205, 20. mars 1986.

Iðnaðarráðuneytið, 1. ágúst 1986.

Albert Guðmundsson.

Guðrún Skúladóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 37 — 1986

28. júlí 1986

785

Nr. 365

LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Kópavogskaupstað.

1. gr.

Almannafæri táknað í samþykkt þessari götur, gangstéttir, og svæði, sem almenningi eru ætluð til afnota, svo sem leikvelli, bryggjur, torg og íþróttasvæði. Reglur um almannafæri gilda einnig um þá staði, sem eru almenningi opnir, svo sem verslanir, veitingastaði, almenningssöfn, afgreiðslustaði bifreiða o. fl.

2. gr.

Sérhver borgari sem er á almannafæri, er skyldur að skýra frá nafni sínu og heimilisfangi, ef lögreglan óskar þess.

3. gr.

Pegar fólk safnast saman á almannafæri, svo sem í eða við útsölur, biðstöðvar strætisvagna, skemmtistaði eða aðra þjónustustaði, skal það mynda röð, þannig að þeir fái fyrst afgreiðslu sem fyrst koma.

4. gr.

Öllum er skylt að fara eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan veitir í því skyni að koma á reglu á almannafæri og greiða fyrir því að umferð sé með eðlilegum hætti. Beri nauðsyn til, getur lögreglan kvatt sérhvern fulltíða mann sem nærstæður er, til þess að afstýra óreglu eða óspektum á almannafæri.

Skylt er að tilkynna lögreglustjóra fyrirhugaðar hópgöngur og útifundi. Skal gönguleið og fundarstað lýst. Lögreglustjóri getur breytt gönguleið og/eða fundarstað, telji hann það nauðsynlegt vegna umferðar.

5. gr.

Háttsemi, sem raskar allsherjarreglu, má ekki eiga sér stað á almannafæri. Bannað er að berja á dyr, hringja dyrabjöllum eða síma að ófyrirsynju. Einnig er bannað að raska næturro fólks að tilefnislausu.

6. gr.

Ekki mega menn þyrpast saman á almannafæri ef það truflar umferð eða veldur vegfarendum töfum eða óþægindum.

Lögreglan getur bannað notkun magnara, hljómflutningstækja eða sambærilegs búnaðar, ef sýnt þykir að slíkt valdi ónæði.

7. gr.

Þvott á útitróppum, gangstéttum eða gluggum má einungis framkvæma í frostlausu veðri, ef þvotturinn veldur rennsli í gangstéttir eða götur. Þvotti skal þannig hagað að eigi sé hætt á að vatn skvettist á vegfarendur.

Eiganda eða umráðamanni húss er skylt að fjarlægja af því snjó og ís, sem hætt er á að fallið geti á vegfarendur og valdið þeim tjóni.

Bæjarstjórn ákveður götunöfn og lætur festa upp vegvísa og götunöfn þar sem þurfa þykir. Húseigendur og umráðamenn húsa skulu festa töluspjöld er tákna húsaröð.

8. gr.

Skylt er að ganga vel um á almannafæri og skaða hvorki né skemma hluti, sem ætlaðir eru til almenningsafnota eða til fegrunar. Gildir það einnig um mannvirki, sem liggja að almannafæri. Þannig er óheimilt að mála á vegg og önnur mannvirki eða festa auglýsingar, nema að fengnu leyfi eiganda eða umráðanda. Sá sem hefur fest upp auglýsingu, skal taka hana niður og hreinsa öll vegsummerki, þegar auglýsing hefur þjónað tilgangi sínum og er orðin ótímabær. Löglega uppfestar auglýsingar má ekki fjarlægja eða skemma.

Trjágróður sem skyggir á umferð t. d. við gatnamót skal snyrta svo að útsýn fyrir vegfarendur skerðist ekki. Bannað er að rífa upp gróður, sem komið hefur verið fyrir á almannafæri og skulu vegfarendur gæta þess að troða ekki niður grasflatir, blómabeð eða trjálundi, sem ræktað er til fegrunar og menningarauka í bænum.

9. gr.

Bannað er að fleygja eða skilja eftir rusl eða annað það, sem valdið getur óheilmæmi eða óþryði á auðar lóðir, í fjörum eða annars staðar á almannafæri.

10. gr.

Á almannafæri má enga atvinnu stunda, sem tálmar umferð. Utan sölubúða er sala á hvers konar varningi bönnuð með þeim undanþágum, sem hér greinir: blöð, bæklinga, dagskrár, aðgöngumiða, happdrættismiða og merki. Bæjarstjórn getur veitt leyfi til vörusölu á torgum og öðrum stöðum í bænum, enda séu ákvæði um verslunarleyfi og önnur sambærileg ákvæði því ekki til fyrirstöðu, að dómi lögreglustjóra. Slík leyfi bæjarstjórnar skulu bundin við ákveðnar tegundir varnings enda er heimilt að setja skilyrði fyrir leyfi, sem talin eru nauðsynleg.

11. gr.

Afgreiðslustað bifreiða (bifreiðastöð) eða bílasölu má einungis hafa í því húsnæði og á þeim stað í bænum, sem bæjarstjórn hefur samþykkt. Áður en leyfi er veitt skal leita umsagnar lögreglustjóra. Bæjarstjórn veitir leyfi um tiltekinn tíma í senn og getur takmarkað leyfið við ákveðinn fjölda bifreiða og sett önnur þau skilyrði, sem þurfa þykir.

12. gr.

Á götum bæjarins má ekki gera rennibrautir né renna sér á sledum eða skíðum eða iðka aðra slíka leiki eða íþróttir, ef lögreglan telur slíkt valda hættu eða truflun umferðar. Lögreglustjóri getur þó veitt leyfi til skíðaleikja, sleðaferða eða annarra leikja og íþróttá alfaraleiðum. Skal þá merkja slíkar leiðir og loka þeim fyrir umferð ökutækja.

13. gr.

Á almannafæri má ekki nota skotvopn, halda flugeldasýningar, bera logandi blys eða tendra bálköst, nema með leyfi lögreglustjóra. Sprengingar vegna mannvirkjagerðar má

aðeins gera með samþykki lögreglustjóra. Sprengiefni má aðeins geyma þar sem lögreglustjóri og slökkviliðsstjóri samþykkja.

14. gr.

Án leyfis húsráðanda má enginn láta fyrirberast á lóðum eða í húsi hans eða geymsluhúsi og ekki fara þangað í söluerindum.

15. gr.

Bannað er að fleygja rusli eða úrgangi á lóð annars manns eða á almannafæri. Hver sá sem það gerir skal skyldur að hreinsa upp ruslið og flytja það á brott tafarlaust, á sinn kostnað.

16. gr.

Á almannafæri má ekki setja neitt það, sem hindrað getur umferð. Óheimilt er að leggja bifreiðum og öðrum ökutækjum á gangstéttar. Bæjarstjórn getur þó veitt undanþágu frá banninu. Merkja skal sérstaklega þau bifreiðastæði, sem undanþágan nær til. Slík stæði mega þó ekki taka meira rými af gangstétt en svo að eftir verði að minnsta kosti hálf annars metra skák fyrir gangandi fólk að komast leiðar sinnar. Vöruflutningabílar, sem eru meira en 3 tonn að leyfðri heildarþyngd svo og fólksflutningabifreiðar, sem gerðar eru til þess að flytja 10 farþega eða fleiri, mega ekki standa á götum eða almennum bifreiðastæðum bæjarins á tímanum milli kl. 22.00 og 06.00. Bann þetta nær einnig til allra gerða vinnuvéla og dráttarvéla án tillits til þunga þeirra. Bæjarstjórn getur veitt undanþágu frá banni þessu og skal þá afmarka og merkja sérstaklega þá staði þar sem undanþágan hefur verið veitt. Heimilt er að flytja á brott og taka í vörslu bæjarins bifreiðar sem standa án skráningarnúmera á götum og almennum bifreiðastæðum. Tilkynna skal skráðum eiganda og/eða umráðamanni um flutninginn. Hann ber kostnað vegna flutnings og vörslu bifreiðarinnar.

17. gr.

Lögreglustjóri getur bannað stöður hjólhýsa, tengivagna, gáma, báta og slíkra flutningatækja á götum bæjarins og almennum bifreiðastæðum svo og húsalóðum ef hann telur að slík tæki valdi íbúum ónæði eða séu umferðinni til trafala eða hættu. Bæjarstjórn getur einnig átt frumkvæði að slíkum aðgerðum í samráði við lögreglustjóra.

18. gr.

Lögreglustjóri getur bannað umferð um ís á vatni eða sjó, ef hann þykir ekki traustur.

19. gr.

Bannað er að stöðva eða leggja ökutæki nær gatnamóum en 5 metra miðað við brún þvervegjar.

20. gr.

Bæjarstjórn getur bannað að mjög hávaðasömum flutninga- og farartækjum sé ekið um götur í íbúðahverfum. Er unnt að banna slíka umferð allan sólarhringinn eða eftir atvikum að kvöld- og næturlagi.

Bannað er að stöðva eða leggja ökutæki í botngötu þannig að það hindri eðlilegan akstur við að snúa bifreiðum.

21. gr.

Þeir sem flytja varning eða farm um götur bæjarins skulu gæta þess að vandlega sé búið um farminn þannig að hann valdi ekki óþrifnaði eða tjóni. Hrynji möl, mold, áburður eða

annar flutningur á almannafæri við flutninginn, fermingu eða losun er stjórnanda flutnings-tækis skylt að hreinsa það strax upp.

22. gr.

Hross mega ekki ganga laus á almannafæri. Lausa hesta má ekki reka um götur bæjarins.

23. gr.

Ekki má gera skurð í gangstéttir, götur eða torg bæjarins né heldur raska þeim á annan hátt nema að fengnu leyfi bæjarverkfræðings og samþykki lögreglustjóra. Að verki loknu skal færa það á ný í lag sem raskað var. Skal haga verkum þannig að sem minnstur farartálmi verði að.

Bæjarverkfræðingur gerir þær ráðstafanir, er honum þykja þurfa, svo sem að setja upp viðvaranir eða merkingar, til þess að afstýra hættu fyrir vegfarendur. Lögreglustjóri getur bannað alfarið eða að hluta umferð um götur meðan á verki stendur.

Ennfremur getur hann ákveðið að skurðir eða gryfjur í götur séu bygðar þannig að umferð sé óhindruð um göturnar á þeim tíma sem ekki er starfað, svo sem að næturlagi og um helgar. Ef lögreglustjóri telur verkið dragast óhæfilega, getur hann látið færa í samt lag það sem raskað var, á kostnað þess sem framkvæma átti verkið.

24. gr.

Við byggingu húsa eða annarra mannvirkja, niðurrif, viðgerðir eða brottflutning þeirra, skal hafa samráð við lögreglustjóra og er öllum viðkomandi skylt að fara eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan setur í því skyni að forðast umferðartafir, hættu og óþægindi fyrir hinn almenna vegfaranda.

Girðingar, sem reistar hafa verið til þess að afstýra hættu, eða farartálma, skal fjarlægja strax að framkvæmd lokinni, eða þegar lögreglan krefst þess.

Ef hús brennur eða það er flutt á brott, er eiganda skylt að ganga þannig frá lóðinni eða grunninum og nágrenni, að ekki stafi af því hætta vegna áfoks braks eða að vatn safnist í grunna. Ennfremur skal gæta þess að óþrifnaður og óþrýði stafi ekki af slíkum stöðum.

Ekki má geyma mól eða annað byggingarefni nær brunahana en að 15 metrar hið minnsta sé í milli.

25. gr.

Lausir stigar, sem notaðir eru við viðgerðir á húsum, málun þeirra, eða við gluggaþvott, skulu vera traustir. Við götu í þéttbýli skal vörður standa við stigann á meðan verk fer fram. Strax og verki lýkur skal fjarlægja stiga. Gera skal ráðstafanir til þess að stigar sjáist vel, t. d. með endurskinsmerkjum eða/og áberandi lit.

26. gr.

Enginn má reka leiktæki, spilakassa, knattborð eða slík skemmtitæki gegn greiðslu nema að fengnu samþykki bæjarráðs. Slík leyfi skulu ekki veitt til lengri tíma í senn en þriggja ára. Leyfi verða einungis bundin við nafn leyfishafa og rekstur á ákvæðnum, tilteknum stað.

Brjótí leyfishafi gegn ákvæðum þessarar samþykktar eða að reksturinn er ámælisverður að dómi bæjarstjórnar, getur hún svipt hann leyfinu enda hafi leyfishafi áður verið áminntur um úrbætur.

Knattborð, spilakassa eða leiktæki má reka frá kl. 09.00 til kl. 23.30.

Börnum yngri en 14 ára er óheimill aðgangur að slíkum tækjum nema í fylgd forráðamanna.

27. gr.

Heimilt er að hafa veitingastaði í bænum opna frá kl. 06.00 til kl. 03.00, eftir nánari ákvörðun lögreglustjóra. Skulu gestir hafa farið út eigi síðar en hálfri stundu eftir að lokað er.

Á gistihúsum má þó selja ferðamönnum veitingar á hvaða tíma sólarhrings sem er.

Lögreglustjóra er heimilt að leyfa annan afgreiðslutíma en um ræðir í 1. mgr. á veitingastað sem aðallega er ætlaður fyrir ferðamenn.

28. gr.

Peir sem reka veitingastað, gistihús, kvikmyndahús, leikhús eða annað samkomuhús eða halda almenna skemmtun, skulu sjá um að allt fari vel fram.

Peim sem reka veitingahús þar sem dansað er skal alltaf skylt að hafa dyraverði. Á öðrum samkomustöðum ákveður lögreglustjóri hvort slík gæsla teljist nauðsynleg.

Allt samkomuhald, sem um ræðir hér að framan skal háð sérstöku eftirliti. Lögreglunni er heimilt að fara um samkomusali og önnur húsakynni, sem gestir eiga aðgang að.

Á gististöðum skal haldin gestaskrá.

29. gr.

Peim sem hafa á hendi veitingasölu er skylt að gera allt það sem í þeirra valdi stendur til þess að halda góðri reglu og velsæmi í heiðri. Peir skulu gæta þess að fjöldi gesta hverju sinni takmarkist við leyfilegan hámarksfjölda samkvæmt veitingaleyfi eða rekstrarleyfi. Þá skal forráðamönnum skylt að gæta þess að loftræsting sé í lagi svo og að fulls hreinlætis sé gætt og annarra hollustuhátta.

30. gr.

Láti einhver ógert það sem honum er skylt að gera samkvæmt samþykkt þessari, getur lögreglustjóri látið framkvæma það eða gert nauðsynlegar ráðstafanir til þess að hindra að vanræksla valdi tjóni eða slysum.

Kostnaður við þetta og kostnaður, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, er lögreglustjórinn gerir til þess að hindra brot gegn því, sem bannað er í samþykktunum, greiðist af brotamanninum eða, ef hann er eigi fær um það, úr ríkissjóði.

31. gr.

Brot gegn lögreglusamþykkt þessari varða sektum. Með mál sem rísa út af brotum á samþykktinni skal fara að hætti opinberra mála.

Lögreglusamþykkt þessi, sem bæjarstjórn Kópavogs hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 13. janúar 1890, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin lögreglusamþykkt fyrir Kópavogskaupstað, nr. 85 30. maí 1962, með síðari breytingum.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 28. júlí 1986.

Jón Helgason.

Ólafur W. Stefánsson.

STARFSLEYFI

fyrir Síldar- og fiskimjölsverksmiðju Akraness hf., Akranesi,
til framleiðslu á fiskimjöli úr fiski og fiskúrgangi.

1. gr.

Almenn ákvæði.

- 1.1. Verksmiðjunni er heimilt að framleiða fiskimjöl og lýsi úr fiski og fiskúrgangi. Hámarksafköst verksmiðjunnar skulu við það miðast, að ekki verði um sérstaka mengun umhverfis að ræða vegna of mikils álags á tækjakost.
- 1.2. Verksmiðjunni er skylt að sjá um, að á öllu athafnasvæði verksmiðjunnar sé gætt fyllsta hreinlætis. Svæðið skal lagt bundnu slitlagi eftir því sem þurfa þykir að mati heilbrigðisnefndar Akranessvæðis. Verksmiðjunni ber að halda útliti sínu og umhverfi snyrtilegu.
- 1.3. Verksmiðjunni er skylt að ganga þannig frá mannvirkjum og búnaði og haga allri starfsemi svo, að hætta á gerlamengun í hráefni og mjöli verði sem minnst.
- 1.4. Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkv. lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
- 1.5. Áformi verksmiðjan að gera umtalsverðar breytingar á rekstri eða stækka verksmiðjuna, skal greina Hollustuvernd ríkisins og heilbrigðisnefnd Akranessvæðis skriflega frá því áður en framkvæmdir hefjast.
- 1.6. Hollustuvernd ríkisins getur, að höfðu samráði við umsagnaraðila, lagt til við heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að starfsleyfið verði endurskodað, ef í ljós koma skaðleg áhrif á umhverfið, sem ekki voru ljós fyrir. Sama gildir ef almennar kröfur, ráð og tæki koma til aukinna mengunarvarna.

2. gr.

Varnir gegn mengun ytra umhverfis.

- 2.1. Allt löndunarvatn, sem til fellur, skal tekið til vinnslu í verksmiðju.
- 2.2. Verksmiðjan skal hafa aðstöðu til að taka við vatni frá grófskolun lesta til vinnslu, enda sé vatnsmagninu haldið í lágmarki t. d. með notkun á háþrýstidælum. Aldrei skal nota meira vatn en sem nemur 1% af lönduðu hráefni.
- 2.3. Flutningstæki, sem notuð eru til flutnings á hráefni til verksmiðju skulu vera vökvaheld og viðurkennd af heilbrigðisnefnd Akranessvæðis.
- 2.4. Allt hráefni skal geymt í yfirbyggðum þróm eða geymum. Hráefnisþrær skulu vera þéttar og skal allt blöðvatn og annar vökví frá hráefni tekinn til vinnslu. Strax og hráefnisgeymsla hefur verið tæmd, skal skola hana með vatni. Vatni frá fyrstu skolun skal halda í lágmarki, t. d. með háþrýstidælum og taka til vinnslu í verksmiðju.
- 2.5. Tæming hráefnisgeymslna skal vera sem mest sjálfvirk. Reynist nauðsynlegt að nota moksturstæki, skal þrifa þau vel að verki loknu.
- 2.6. Fiskúrgang skal að jafnaði ekki geyma lengur en fjóra sólarhringa áður en hann er tekinn til vinnslu. Hafi hitastig verið undir 4°C meðan á geymslu stóð er heimilt að geyma úrgang í allt að eina viku. Heilbrigðisnefnd Akranessvæðis getur veitt undanþágu frá þessari kröfu, ef ástæða þykir til.
- 2.7. Við rotvörn bræðslufisks skal nota viðurkenndan skömmtunar- og blöndunarbúnað. Um styrk og meðferð rotvarnarefna fer samkvæmt reglugerð um notkun rotvarnarefna til geymslu á bræðslufiski, eins og hún er hverju sinni.

- 2.8. Loftræsta skal frá verulegum lyktaruppsprettum í verksmiðju og ræstiloftið flutt til lyktareyðingar. Loftræsting skal hönnuð á þann hátt, að sem minnst af ómengdu lofti sé dregið með.
- 2.9. Loft frá þurrkurum skal leiða í gegnum rykskiljur með góða skiljunarhæfni og síðan til lyktheyðingar.
- 2.10. Lyktheyðing skal framkvæmd með þvotta- og þéttiturni, sem kælir útblásturinn niður í a. m. k. 20° og/eða með brennslu lyktarefnanna. Lyktheyðing við brennslu skal vera jafngóð og eftir hitun í lofti í 700°C í 1/3 úr sekúndu. Við hönnun lyktheyðingarbúnaðarins skal tillit taka til orkuendurvinnslusjónarmiða.
- 2.11. Innan eins árs frá því að lofthreinsibúnaðurinn er tekinn í notkun, skal fara fram athugun á hæfni hans í samráði við Hollustuvernd ríkisins. Niðurstöður þeirrar athugunar skal hafa til viðmiðunar varðandi kröfur um viðbótarhreinsun og/eða enn frekari dreifingu útblásturslofts frá verksmiðjunni.
- 2.12. Soðkarnatæki skulu útbúin fullkomnum dropagildrum. Fylgjast skal vel með því að soðtæki séu ekki ofhlaðin. Allt soðvatn skal nýta.
- 2.13. Framkvæmd skal hreinsun á tækjabúnaði og mannvirkjum þannig að hreinsivökvanum sé safnað saman og hann endurnýttur eins oft og hægt er. Þegar hreinsivökvanum er veitt til sjávar, skal sýrustig (pH) frárennslisstraumsins vera á bilinu 5—10.
- 2.14. Frárennslí úr hráefnisþróum og innan úr verksmiðju skal tengjast í fitugildru og þaðan ásamt öðru frárennslí leitt niður fyrir stórstraumsfjöruborð. Fitugildru skal hreinsa eins oft og nauðsyn krefur. Fitu og úrgang, sem safnast fyrir í fitugildru, skal nýta eða farga á viðeigandi hátt að mati heilbrigðisnefndar Akranessvæðis. Fiskimjölverksmiðjan skal hafa samráð við Hollustuvernd ríkisins um stærð og gerð fitugildru.
- 2.15. Framkvæma skal reglulega athugun á lífrænum efnum í frárennslí. Skal það gert í samráði við Hollustuvernd ríkisins. Niðurstöður skulu hafðar til hliðsjónar varðandi frekari kröfur um hreinsibúnað á frárennslí.
- 2.16. Frárennslí frá snyrtingum skal leiða í rotþró, eða frá því gengið með öðrum viðurkenndum hætti að mati heilbrigðisnefndar Akranessvæðis.
- 2.17. Lýsisgeymar skulu vera í lýsisheldri þró að rúmtaki minnst 20% af rúmtaki geymisins í þrónni. Séu fleiri en einn geymir í sömu þró skal rúmtakið vera minnst 20% af rúmtaki stærsta geymisins.
Lokunarúnaður skal vera af viðurkenndri gerð og þannig staðsettur að ekki sé hætt á því að hann verði fyrir hnjaski. Einn loki skal staðsettur innan þróar.
- 2.18. Um frágang olfugeyma og varnir gegn mengun af völdum olíu fer skv. heilbrigðisreglugerð nr. 45/1972 og reglum nr. 560/1982 um varnir gegn olíumengun sjávar við olíubirgðastöðvar.
- 2.19. Verksmiðjan skal sjá um, að mengunarvarnarúnaður sé ávallt í sem fullkomnustu lagi. Skal hafa reglulegt eftirlit með búnaði og ástandi hráefnis hverju sinni. Niðurstöður og athuganir skal skrá niður í sérstaka dagbók og skal fulltrúum Hollustuverndar ríkisins og heilbrigðisnefnd Akranessvæðis heimill aðgangur að þeim hvenær sem er.

3. gr.

Gildistaka.

- 3.1. Starfsleyfi þetta, sem veitt er í samræmi við 5. gr. reglugerðar nr. 390/1985, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem getur haft í för með sér mengun, og sett er með stoð í 3. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast gildi þegar í stað.
Jafnframt fellur úr gildi starfsleyfi frá 13. maí 1975.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Loftræstibúnaður samkv. 2. gr. 7. tl. skal tilbúinn fyrir 1. september 1986.
2. Lagningu nýrrar frárennislagnar og byggingu fitugildru skal lokið fyrir 1. janúar 1987.
3. Uppsetningu á lyktheydingarbúnaði fyrir reyk frá þurrkurum samkv. 2. gr. 10. tl. skal lokið fyrir 1. janúar 1989.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. júlí 1986.

Ragnildur Helgadóttir.

Ingimar Sigurðsson.

STARFSLEYFI

fyrir Fiskimjölsverksmiðju Hraðfrystihúss Eskifjarðar til framleiðslu á fiskimjöli og lýsi úr bræðslufiski og fiskúrgangi.

1. gr.

Almenn ákvæði.

- 1.1. Verksmiðjunni er heimilt að framleiða fiskimjöl og lýsi úr bræðslufiski og fiskúrgangi sem nemur u. þ. b. 900 tonna hámarksafköstum á sólarhring.
- 1.2. Verksmiðjunni er skylt að sjá um, að á öllu athafnasvæði verksmiðjunnar sé gætt fyllsta hreinlætis. Svæðið skal lagt bundnu slitlagi eftir því sem þurfa þykir að mati heilbrigðisnefndar Eskifjarðar. Verksmiðjunni ber að halda útliti sínu og umhverfi snyrtilegu.
- 1.3. Verksmiðjunni er skylt að ganga þannig frá byggingum og haga allri starfsemi svo, að hætta á gerlamengun í mjöli verði sem minnst. Skal um það haft samráð við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.
- 1.4. Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
- 1.5. Óski verksmiðjan eftir því að gera umtalsverðar breytingar á rekstri eða stækka verksmiðjuna, skal greina mengunarvörnum Hollustuverndar ríkisins og heilbrigðisnefnd Eskifjarðar skriflega frá því.
- 1.6. Mengunarvarnir Hollustuverndar ríkisins geta, að höfðu samráði við umsagnaraðila, lagt til við heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að starfsleyfið verði endurskodað, ef í ljós koma skaðleg áhrif á umhverfið sem ekki voru ljós fyrir. Sama gildi ef almennar kröfur, ráð og tæki koma til aukinna mengunarvarna.

2. gr.

Varnir gegn mengun ytra umhverfis.

- 2.1. Við löndun á hráefni skal nota þurrðælingu, en að öðrum kosti endurnýta löndunarvatn eins oft og mögulegt er. Allt löndunarvatn skal tekið til vinnslu í verksmiðju.
- 2.2. Verksmiðjunni er skylt að taka við og nýta skolvatn frá fyrstu skolun fiskiskipa eftir löndun. Skolvatninu skal halda í lágmarki t. d. með notkun háþrýstidælu. Aldrei skal nota meira vatn en sem nemur 10 l. vatns fyrir hvert tonn af hráefni sem landað er.
- 2.3. Til flutninga á hráefni skulu einungis notuð vökvaheld flutningstæki, viðurkennd af heilbrigðisnefnd Eskifjarðar.

- 2.4. Allt hráefni skal geymt í yfirbyggðum þróm eða geymum. Hráefnisgeymslur skulu vera þéttar og skal allt blóðvatn og annar vökvi frá hráefni tekinn til vinnslu. Strax og hráefnageymsla hefur verið tæmd, skal skola hana með vatni. Fyrsta skolvatni skal halda í lágmarki, t. d. með háþrýstidælum, og það tekið til vinnslu í verksmiðju.
- 2.5. Tæming hráefnisgeymsla skal vera sem mest sjálfvirk. Reynist nauðsynlegt að nota moksturstæki, skal þrifa þau vel að verki loknu.
- 2.6. Fiskúrgang skal að jafnaði ekki geyma lengur en fjóra sólarhringa áður en hann er tekinn til vinnslu. Hafi hitastig verið undir 4° C meðan á geymslu stóð er heimilt að geyma úrgang í allt að eina viku. Heilbrigðisnefnd Eskifjarðar getur veitt undanþágu frá þessari kröfu ef ástæða þykir til.
- 2.7. Við rotvörn bræðslufisks skal nota viðurkenndan blöndunarbúnað. Um styrk og meðferð rotvarnarefna fer samkvæmt reglugerð um notkun rotvarnarefna til geymslu á bræðslufiski, eins og hún er hverju sinni.
- 2.8. Loftræsta skal frá verulegum lyktaruppsprettum í verksmiðju og ræstiloftið flutt til lyktheyðingar. Loftræsting skal hönnuð á þann hátt, að sem minnst af ómenguðu lofti sé dregið með.
- 2.9. Loft frá þurrkara skal leiða í gegnum rykskiljur með góða skiljunarhæfni og síðan til lyktheyðingar.
- 2.10. Lyktheyðing skal framkvæmd með þvotta- og þéttiturni sem kælir útblásturinn niður í a. m. k. 20°C eða með brennslu lyktarefnanna. Lyktheyðing skal þá vera jafn góð og eftir hitun í lofti í 700°C í 1/3 úr sekúndu. Við hönnun lyktheyðingarbúnaðarins skal fullt tillit taka til orkuendurvinnslusjónarmiða.
- 2.11. Innan eins árs frá því að lofthreinsibúnaðurinn er tekinn í notkun skal fara fram athugun á hæfni hans í samráði við mengunarvarnir Hollustuverndar ríkisins. Niðurstöður þeirrar athugunar skal hafa til viðmiðunar varðandi kröfur um viðbótarhreinsun og/eda enn frekari dreifingu útblásturslofts frá verksmiðjunni.
- 2.12. Sodkjarnatæki skulu útbúin fullkomnum dropagildum. Fylgjast skal vel með því að sodtæki séu ekki ofhlaðin. Allt sodvatn skal nýta.
- 2.13. Framkvæma skal hreinsun á tækjabúnaði og mannvirkjum þannig að hreinsivökvanum sé safnað saman og hann endurnýttur eins oft og hægt er. Þegar hreinsivökvanum er veitt til sjávar, skal sýrustig (pH) frárennslisstraumsins vera á bilinu 5 til 10.
- 2.14. Frárennslu úr hráefnisþrómi og innan úr verksmiðju skal tengjast í fitugildru og þaðan ásamt öðru frárennslu leitt niður fyrir stórstraumsfjöruborð. Fitugildru skal hreinsa eins oft og nauðsyn krefur. Fitu sem safnast fyrir skal nýta ef kostur er, en annars farga ásamt öðrum úrgangi á viðurkenndan hátt að mati heilbrigðisnefndar Eskifjarðar. Fiskimjölsverksmiðjan skal hafa samráð við mengunarvarnir Hollustuverndar ríkisins um stærð og gerð fitugildru.
- 2.15. Framkvæma skal reglulega athugun á lífrænum efnunum í frárennslu. Skal það gert í samráð við mengunarvarnir Hollustuverndar ríkisins. Niðurstöður skulu hafðar til hliðsjónar varðandi kröfur um hreinsibúnað á frárennslu.
- 2.16. Frárennslu frá snyrtingum skal leiða í rotþró eða frá því gengið með öðrum viðurkenndum hætti að mati heilbrigðisnefndar Eskifjarðar.
- 2.17. Lýsisgeymar skulu vera í lýsisheldri þró að rúmtaki minnst 20% af rúmtaki stærsta geymisins í þrónni. Lokunarbúnaður skal vera af viðurkenndri gerð og þannig staðsettur að ekki sé hætta á því að hann verði fyrir hnjaski. Einn loki skal staðsettur innan þróar.
- 2.18. Um frágang olíugeyma og varnir gegn mengun af völdum olíu fer samkvæmt heilbrigðisreglugerð nr. 45/1972 og reglum nr. 560/1982 um varnir gegn olíumengun sjávar við olíubirgðastöðvar.

- 2.19. Verksmiðjan skal sjá um, að mengunarvarnarbúnaður sé ávallt í sem fullkornustu lagi. Skal hafa reglulegt eftirlit með búnaði og ástandi hráefnis hverju sinni. Niðurstöður og athuganir skal skrá niður í sérstaka dagbók og skal fulltrúum mengunarvarna Hollustuverndar ríkisins og heilbrigðisnefndar Eskifjarðar heimill aðgangur að þeim hvenær sem er.

3. gr.

Gildistaka.

- 3.1. Starfsleyfi þetta, sem veitt er í samræmi við 5. gr. reglugerðar nr. 390/1985, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem getur haft í för með sér mengun, sem sett er með stoð í 3. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi starfsleyfi frá 2. janúar 1974 með breytingum frá 3. apríl 1976.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Byggingu fitugildru á frárennsli skv. gr. 14. skal lokið innan þriggja mánaða frá útgáfu þessa starfsleyfis.
2. Frárennsli skal lagt niður fyrir stórstraumsfjöruborð innan þriggja mánaða frá útgáfu starfsleyfis þessa.
3. Lofthreinsibúnaður skal taka til starfa fyrir 1. janúar 1987.
4. Yfirbyggingu þróa skal lokið fyrir 1. janúar 1988.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. júlí 1986.

Ragnhildur Helgadóttir.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um endurgreiðsluhlutfall söluskatts til fiskvinnslufyrirtækja.

Með skírskotun til laga nr. 24, 7. maí 1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins og 2. gr. reglugerðar nr. 280, 6. júní 1986, um endurgreiðslu söluskatts af aðföngum fiskvinnslu hefur ráðuneytið ákveðið eftirfarandi hlutfall endurgreiðslu, sem miðað er við fob-verðmæti framleiðslu:

- | | |
|-------------------------------|------|
| 1. Frysting | 1.8% |
| 2. Söltun | 1.8% |
| 3. Rækjuvinnsla | 1.8% |
| 4. Hörpudiskvinnsla | 1.8% |
| 5. Síldarvinnsla | 1.8% |
| 6. Mjöl og lýsisvinnsla | 3.0% |

Sjávarútvegsráðuneytið, 5. ágúst 1986.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Gylfi Gautur Pétursson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Afmælistjóð Lionsklúbbs Reykjavíkur til styrktar blindum og sjónskertum, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 11. ágúst 1986.

Skipulagsskráin er þannig:

200 ára afmæli Reykjavíkurborgar

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Afmælistjóð Lionsklúbbs Reykjavíkur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Afmælistjóður Lionsklúbbs Reykjavíkur til styrktar blindum og sjónskertum, stofnaður á 200 ára afmæli Reykjavíkurborgar.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 50 000,00, gjöf frá líknarsjóði Lionsklúbbs Reykjavíkur.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja blinda og sjónskerta Reykvíkinga, einstaklinga, félög eða félagasamtök.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum, tveimur úr Lionsklúbbi Reykjavíkur og skal annar vera formaður sjóðsins, auk þess einum skipuðum af borgarstjóranum í Reykjavík. Stjórnin skal skipuð til fimm ára í senn.

Hlutverk stjórnarinnar er að ákveða hver styrk hlýtur úr sjóðnum hverju sinni svo og yfirumsjón með ávöxtun sjóðsins, sbr. 5. grein.

5. gr.

Fjárgæsla sjóðsins skal falin sjóðsstjórnardeild Landsbanka Íslands. Sjóðsstjórnin skal sjá um að fé sjóðsins beri hæstu fáanlega vexti á hverjum tíma og skal stjórnin koma saman a. m. k. einu sinni á ári til sérstakra ráðagerða þar að lútandi.

Greinargerð sjóðsstjórnar fylgi jafnan ársreikningum Lionsklúbbs Reykjavíkur.

6. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir af höfuðstól (sbr. 5. gr.) svo og gjafir eða önnur framlög, sem sjóðnum kunna að berast frá félögum í Lionsklúbbi Reykjavíkur eða öðrum.

7. gr.

Úthlutun úr sjóðnum skal fara fram á afmælisdegi Reykjavíkurborgar, 18. ágúst. Úthlutun fer fram á fimm ára fresti, í fyrsta sinn á 205 ára afmæli borgarinnar, hinn 18. ágúst 1991.

Til úthlutunar komi $\frac{2}{3}$ hlutar vaxta undanfarinna fimm ára, en $\frac{1}{3}$ hluti vaxtanna skal jafnan lagður við sjóðsupphæð.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

AUGLÝSING

um skiptingu Klofningshrepps í Dalasýslu milli Fellsstrandarhrepps og Skarðshrepps í sömu sýslu.

Á grundvelli 2. mgr. 5. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8 frá 18. apríl 1986 hefur félagsmálaráðuneytið ákveðið að Klofningshreppi í Dalasýslu skuli skipt milli Fellsstrandarhrepps og Skarðshrepps í sömu sýslu. Ákvörðun þessi er í samræmi við tillögur nefndar, sem skipuð var skv. 107. gr. sveitarstjórnarlaga.

Ráðuneytið hefur ákveðið eftirfarandi varðandi skiptinguna:

1. Jarðirnar Ballará og Melar í Klofningshreppi í Dalasýslu skulu frá 1. september 1986 teljast til Skarðshrepps í sömu sýslu en aðrar jarðir í Klofningshreppi skulu frá sama tíma teljast til Fellsstrandarhrepps.
2. Mörk Fellsstrandarhrepps og Skarðshrepps skulu breytast í samræmi við 1. tl.
3. Þeir sem eiga lögheimili á jörðum í Klofningshreppi 31. ágúst 1986, skulu frá og með 1. september 1986 vera íbúar í þeim hreppi, sem jarðirnar teljast þá til.
4. Nöfn Fellsstrandarhrepps og Skarðshrepps skulu haldast óbreytt eftir stækkun hreppanna.
5. Hinn 1. september n. k. taka Fellsstrandarhreppur og Skarðshreppur við eignum og skuldum, réttindum og skyldum Klofningshrepps í hlutfalli við þann fjölda íbúa, sem til þeirra flyst. Verði ágreiningur um þau skipti, skal úr honum skorið af 3ja manna gerðardómi. Hreppsnefnd hvors hrepps skal kjósa einn mann í dóminn, en ráðherra skipar oddamann.
6. Skjöl og bókhaldsgögn Klofningshrepps skulu afhendast Fellsstrandarhreppi til varðveislu.
7. Skipting Klofningshrepps tekur gildi 1. september 1986 og þá fellur niður umboð þeirra, sem kjörnir voru í sveitarstjórn Klofningshrepps í kosningunum 14. júní 1986.
8. Sveitarstjórnarkosningar skulu fara fram í Fellsstrandarhreppi og Skarðshreppi 8. nóvember 1986. Kjörtímabil hinna nýju sveitarstjórna er til næstu almennra sveitarstjórnarkosninga.

Félagsmálaráðuneytið, 30. júlí 1986.

Alexander Stefánsson.

Hallgrímur Dalberg.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 1968 og að fenginni tillögu borgarráðs, hefur verið ákveðin stöðvunarskylda á Flókagötu gagnvart umferð um Lönguhlíð.

Ákvörðun þessi tekur gildi 20. ágúst 1986.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 6. ágúst 1986.

Böðvar Bragason.

NÁMSSKRÁ

fyrir rafverktakanám.

Samkvæmt grein 1.5.4. í reglugerð nr. 264/1971, um raforkuvirki, með áorðnum breytingum m. a. í 1 gr. reglugerðar nr. 243/1986 um skilyrði til B-löggildingar hefur Rafmagnseftirlit ríkisins samið tillögu að námsskrá fyrir rafverktakanám, að fengnum tillögum frá samtökum rafvirkja og rafverktaka. Með hliðsjón af þeim tillögum staðfestir iðnaðarráðherra hér með svofellda námsskrá fyrir rafverktakanám:

1. Inntökuskilyrði.

Sveinsbréf í rafvirkjun eða rafvélavirkjun. Lokapróf frá iðnfræðsluskóla.

Viðkomandi skal hafa hlotið almenna menntun eftir grunnskóla hið minnsta 36 einingar í almennum greinum framhaldsskólanáms sem skiptast þannig:

Stærðfræði	8 einingar
Eðlisfræði	6 einingar
Efnafræði	6 einingar
Íslenska	6 einingar
Enska	6 einingar
Danska	4 einingar

Samtals 36 einingar

Af ofangreindu námsefni má meta allt að 12 einingum af bóklegu námi rafiðnaðarnáms sem jafngildi raungreina.

Sá sem lokið hefur sveinsprófi í rafvirkjun eða rafvélavirkjun og hafði fyrir 1. júní 1986 starfað við rafvirkjun eigi skemur en fjögur ár getur öðlast B-löggildingu hafi hann lokið námi í fagtæknilegum áföngum og rekstrar- og stjórnunaráföngum námsskrárinnar.

2. Fagtæknilegir áfangar.

Nemandi í löggildingarnámi skal ljúka eftirtöldum námskeiðum Eftirmenntunarnefndar rafiðnaðar eða sambærilegu námi.

	kennslust.	ein.
Rafeindatækni I og II	80	3
Lofstýringar	40	1½
Iðntölvur I og II	80	3
Smáspennuvirki I og II	80	3
Reglugerð og rafdreifikerfi	80	3
Raflagnir og lýsingartækni	40	1½
Ákvæðisvinnuverðskráin	20	1
Samtals	420	16

3. Rekstrar- og stjórnunaráfangar.

Nemandi í löggildingarnámi skal ljúka eftirtöldum áföngum við Tækniskóla Íslands eða sambærilegu námi.

	kennslust.	ein.
Reikningshald	60	2
Hagfræði	60	2
Stjórnun, lög og reglugerðir	60	2

Uppeldis- og kennslufræði og verkstjórn	60	2
Vinnuvistfræði	60	2
Áætlanagerð	60	2
Markaðsfræði	60	2
	Samtals	420
		14

4. Áfangalýsingar löggildingarnáms í rafíðnaði.

FAGTÆKNILEGIR ÁFANGAR.

Rafeindatækni I og II

Tilgangurinn er að veita þekkingu á rafeindaskynjurum og mögnurum, einnig rökrásam og öðrum íhlutum rafeindastýringa. Farið er í Boolean algebru, flæðirit og raðarkeðjur.

Lofstýringar

Tilgangurinn er að kynna íhluta loftstýringa og tákni þeirra á teikningum. Farið er í samspil raf- og loftstýringa.

Iðntölvur I og II

Tilgangurinn er að kynna virkni iðntölva (PLC-stýrikerfa), forritun og uppbyggingu forrita með hjálp flæðirita, raðarkeðja eða hringteljara. Farið er í uppsetningu, tengingu og frágang iðntölva.

Smáspennuvirki I og II

Tilgangurinn er að veita staðgóða þekkingu á aðvörunar-, eftirlits-, síma- og loftnetskerfum.

Reglugerð og rafdreifikerfi

Tilgangurinn er að veita staðgóða þekkingu á reglugerð um raforkuvirki og kynna helstu þætti í samskiptum rafverktaka og rafveitna. Einnig uppbyggingu rafdreifikerfisins. Farið er yfir helstu þætti reglugerðar um raforkuvirki, gjaldskrár rafveitna og útfyllingu eyðublaða sem notuð eru í samskiptum rafverktaka og rafveitna.

Raflagnir og lýsingartækni

Tilgangurinn er að kynna lestur raflagnateikninga, gera mælingar og efnistalningar eftir þeim. Einnig nýjar gerðir af ljósgjöfum og lampabúnaði. Farið er í ljósmælingar og orkuhagkvæmnisútreikninga á ýmis konar lýsingarkerfum.

Ákvæðisvinnuverðskráin

Tilgangurinn er að veita staðgóða þekkingu á verðgrundvelli ákvæðisverka hjá rafvirkjum.

REKSTRAR OG STJÓRNUNARÁFANGAR.

Reikningshald

Tilgangurinn er að æfa nemendur í að meta hvaða áhrif ákvarðanir hafa á rekstrar- og efnahagsstöðu fyrirtækis. Í því skyni er fjallað um framlegðarreikning og margs konar kennitölur er snerta rekstur, efnahag og greiðslustöðu. Farið er yfir lokun reikninga og ársuppgjör og gerð fjárhagsáætlana.

Hagfræði

Tilgangurinn er að lýsa áhrifum efnahagssumhverfisins á rekstur fyrirtækja og þeim efnahagslegu skyldum sem fyrirtæki ber að rækja.

Stjórnun, lög og reglugerðir

Tilgangurinn er að kynna rekstrarform fyrirtækja, frumvinnu við stofnun þeirra og starfsþætti. Rekstrarlegt samhengi milli starfsþátta, stjórnskipulag, þróunarstjórn. Almennan inngang um réttarreglur, réttaraðild og lögræði. Samningar og samningagerð á sviði fjármunaréttar. Eignarrétt og óbein eignarréttindi, kröfuréttindi. Almennan verzlunar- og viðskiptarétt og vinnumálarétt.

Uppeldis- og kennslufræði og verkstjórn

Tilgangurinn er að kynna störf og ábyrgð leiðbeinanda og verkstjóra, að kynna lög og reglugerðir um samskipti starfsmanna og atvinnurekanda. Lögð er áhersla á gildi verkstjórans fyrir framleiðni fyrirtækisins. Þekking á vinnurannsóknum.

Vinnuvistfræði

Tilgangurinn er að kynna mikilvægi þess að vinnustaðurinn sé aðlaðandi. Fjallað er um vinnuaðstöðu, þreytu og slysavarnir. Lögð skal áhersla á öryggismál á vinnustað.

Áætlanagerð

Tilgangurinn er að kynna gerð kostnaðaráætlana, tilboðsgerð, framkvæmdaáætlanir og greiðsluáætlanir. Hver nemandi gerir lokaverkefni sem er gerð tilboðs í verk.

Markaðsfræði

Tilgangurinn er að kynna markaðsstarfsemi og gildi hennar. Farið er í kynningu fyrirtækja, gildi markaðsrannsókna og gerð auglýsinga.

Ofangreind námsskrá, ásamt áfangalýsingum löggildingarnáms staðfestist hér með skv. reglugerð um raforkuvirki nr. 264/1971 sbr. reglugerð nr. 243, 25. apríl 1986 um breytingu á þeirri reglugerð.

Iðnaðarráðuneytið, 31. júlí 1986.

Albert Guðmundsson.

Halldór J. Kristjánsson.

Nr. 373

REIKNINGUR

Bjargráðasjóðs fyrir árið 1985.

Aðalrekstrarreikningur.

	Kr.
Fjármagnstekjur:	
Vextir og lántökugjöld	14 360
Vísitöluálag	9 556
	23 916
Fjármagnsgjöld:	
Vextir og lántökugjöld	4 288
Vísitöluálag	12 916
Reikn. gjöld v/verðbreytinga	11 014
	28 218
Hrein fjármagnsgjöld:	(4 302)

	Kr.
Aðrar tekjur:	
Framlag ríkissj. v/vaxtamismunar	19 800
Framlag ríkissjóðs	0
Framlag sveitarfélaga	5 939
Gjald af söluv. landbúnaðarins	39 336
Húsaleiga	284
	<hr/>
Aðrar tekjur alls	65 359
	<hr/>
Styrkveitingar:	
Styrkir	16 700
Eftirgefin lán	160
	<hr/>
	16 860
	<hr/>
Hreinar tekjur alls:	44 197
Rekstrargjöld:	
Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði	2 528
Stjórnarkostnaður	354
Rekstur fasteignar	84
Innheimtulaun	786
Afskriftir	207
	<hr/>
Rekstrargjöld alls:	3 959
	<hr/>
Rekstrarafgangur:	40 238
	<hr/>

Aðalefnahagsreikningur 31. desember 1985.

Eignir:

	Kr.
Veltufjármunir:	
Hlaupareikningur	12 906 903
Sparisjóðsbækur	6 508 547
Viðskiptamenn	457 653
Lánasjóður sveitarfélaga	9 690 099
Séreignadeild, sparisjóðsinnstæða	150 850
Gjaldfallnir útist. vextir	20 210 761
Gjaldfallnar útist. afborganir	14 104 714
Áfallnir útist. vextir	1 265 465
Afborganir, sem gjaldf. næsta ár	14 985 968
	<hr/>
Veltufjármunir alls	80 280 960
	<hr/>
Fastafjármunir:	
Langtímakröfur:	
Skuldabréfaeign	72 413 463
÷ Afborganir næsta árs	(29 090 682)
	<hr/>
Langtímakröfur alls:	43 322 781
	<hr/>

Varanlegir rekstrarfjármunir:

	Kr.
Áhöld	312 477
Fasteignir	9 634 305
	<hr/>
Afskrifað alls	9 946 782 (579 233)
	<hr/>
Rekstrarfjármunir alls:	9 367 549
	<hr/>
Eignir samtals:	132 971 290
	<hr/>

Skuldir og eigið fé:**Skammtímaskuldir:**

	Kr.
Ógreiddir reikningar	6 498
Lánasjóður sveitarfélaga	0
Hrein eign séreignadeildar	4 958 960
Áfallnir ógreiddir vextir	513 374
Afb. næsta árs af langtímaskuldum	17 190 654
	<hr/>
Skammtímaskuldir alls	22 669 486
	<hr/>

Langtímaskuldir:

Föst lán	32 363 283
÷ Afborganir næsta árs	(17 190 654)
	<hr/>
Langtímaskuldir alls:	15 172 629
	<hr/>
Skuldir alls:	37 842 115
	<hr/>

Eigið fé:

Endurmatsreikningar	21 775 001
Eigið fé	73 354 174
	<hr/>
Eigið fé alls:	95 129 175
	<hr/>
Skuldir og eigið fé samtals	132 971 290
	<hr/>

Reykjavík, 27. febrúar 1986.

Magnús E. Guðjónsson.

Birgir L. Blöndal.

FJALLSKILAREGLUGERÐ

fyrir Borgarfjarðarsýslu og Akraneskaupstað.

I. KAFLI

Um stjórn fjallskilamála, fjallskiladeildir og afréttir.

1. gr.

Sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu hefur á hendi yfirstjórn fjallskilamála í sýslunni og í Akraneskaupstað. Sveitarstjórnir fara með framkvæmd þeirra og gæta þess, að farið sé eftir ákvæðum laga um afréttarmál o. fl. og fjallskilasamþykktar. Þær geta og sett nákvæmari ákvarðanir í einstökum atriðum, en eigi mega þær ákvarðanir raska samþykkt þessari.

2. gr.

Borgarfjarðarsýsla og Akraneskaupstaður eru eitt fjallskilaumdæmi, er skiptist í sjö fjallskiladeildir. Svæði það, er fjallskiladeild nær yfir, er hið sama og leitarsvæði hverrar skilaréttar (sbr. 27. gr.), og tekur hver deild nafn sitt af skilarétt þess svæðis.

3. gr.

Afréttir í Borgarfjarðarsýslu skulu vera þeir, er verið hafa og eru þessir:

1. Geitland milli Hvítár og Geitár, eign Hálsa- og Reykholtisdalshreppa, en þeir hreppar eiga meginafrétt sinn á Arnarvatnsheiði í Mýrasýslu.
2. Afréttur Lunddæla og Andkílinga, eign þeirra hreppa milli Grímsár og Flókadalsár, upp frá heimalöndum Gullberastaða og Oddsstaða og austur að sýslumörkum Borgarfjarðarsýslu og Árnassýslu.
3. Sandaland, leiguland Hvalfjarðarstrandarhrepps norðvestan Bláskeggsár og upp á Botnsheiði.
4. Kirkjuland Fitja á Botnsheiði, eign Akraneskaupstaðar.

Sveitarstjórnir geta breytt takmörkum afrétta og lagt til þeirra heimalönd eða landshluta einstakra jarða með samþykki landeiganda og umráðamanna og hreppsnefndar þess hrepps, er það land, er lagt skal til afréttar, liggur í. Skylt er að tilkynna sýslunefnd strax slíkar breytingar.

4. gr.

Ef tvö eða fleiri sveitarfélög eða sveitarhlutar eru innan sömu fjallskiladeildar, skulu sveitarstjórnir gera með sér samning um framkvæmd fjallskilamála.

II. KAFLI

Um smalanir á vorum.

5. gr.

Hver sem hefur jörð til ábúðar eða umráða þar með taldar eyðijarðir eða eyðilönd, er skyldur að hlýta þeim samþykktum er hreppsnefnd gerir um vorsmalanir hver á sínu svæði. Hreppsnefnd er heimilt að aflétta smölunarskyldu á vorum telji hún aðstæður mæla með því.

6. gr.

Komi afbæjarfé fyrir við vorsmalanir heimalanda, er umráðandi lands, eða sá er annast smölun fyrir hann, skyldur til að láta nágranna vita af órónu fé, er þeir eiga. Ef eigandi er lengra frá skal ef unnt er taka af órónu fé og marka ómörkuð lömb gegn sanngjarnri greiðslu.

7. gr.

Sé afréttur ógirtur, getur hreppsnefnd látið smala hann og skal farið með óruíð fé og ómörkuð lömb eins og segir í síðari hluta 6. gr.

III. KAFLI

Um not afréttar og rekstur á afrétt.

8. gr.

Þeir sem afréttarnot eiga eða hafa, mega setja þangað sauðfé sitt þegar það er komið úr ull og árferði og önnur atvik leyfa, að mati hreppsnefndar og gróðurverndarnefndar Borgarfjarðarsýslu. Skal hreppsnefnd tilkynna ábúendum hvenær setja megi fé á afrétt. Hafi ítala verið gerð í afrétt og fjárfjöldi er meiri en þeirri ítölu nemur, skal einungis setja þann fjölda fjár frá hverju býli sem því hefur verið ákveðinn í ítölusamþykkt, en annað fé haft í heimalandi. Hafa má allt sauðfé í heimalandi, ef það er girt fjárheldri girðingu eða hreppsnefnd samþykkir, og er ekki fleira en ítölusamþykkt um heimaland leyfir eða landgæði og landrými nægja til, að mati hreppsnefndar. Hreppsnefnd getur skyldað ábúanda jarðar til að setja fé sitt á afrétt telji hún þess þörf.

9. gr.

Hafi ítala verið gerð í afrétt, skulu þeim sem upprekstur eiga eða hafa, gera hreppsnefnd grein fyrir þeim fjölda fjár, sem þeir hyggjast reka á afrétt, fyrir tilsettan tíma er hreppsnefnd ákveður. Hreppsnefnd hefur ráðstöfunarrétt á ónýttri ítölu í afrétt. Hverjum þeim er ekki nýtir ítölu sína í afrétti ber engu að síður að gera álögd fjallskil.

10. gr.

Stóðhross má reka á afrétt, ef hreppsnefnd leyfir.

11. gr.

Enginn má nota annan afrétt en þann er hann á upprekstur í, nema með leyfi hlutaðeigandi hreppsnefnda. Enginn má, án leyfis hreppsnefndar, leyfa upprekstur í landi umráðajarðar sinnar nema girt sé fjárheldri girðingu. Ávallt þarf leyfi hreppsnefndar til að taka beitarfénað af utansveitarmönnum. Þess skal ávallt gætt, að taka ekki meiri fénað í hagagöngu en umráðalandið ber með góðu móti eða samkvæmt ítölu, ef í gildi er. Sá er tekur fénað í hagagöngu ber sömu ábyrgð á honum og væri hann hans eigin, hvað varðar fjallskil, ágang og usla í annarra landi. Hreppsnefnd getur synjað sveitungum um beitarkaup utan sveitar, standi beitarnot til boða í heimasveit eða afréttur hennar telst vannýttur.

12. gr.

Enginn má taka sameignarafrétt til sérstakra afnota fyrir sjálfan sig. Telji einhver sig þurfa að ná fé sínu af afrétti til förgunar fyrir aðalleitir, verður hann að fá til þess leyfi hreppsnefndar, og setur hún þau skilyrði, er henni þykja við eiga.

13. gr.

Verði veruleg brögð að ágangi sauðfjár eða hrossa úr afrétti í heimahaga, getur sá, er fyrir verður, gert sveitarstjórn aðvart. Sé ágangur verulegur eða óeðlilegur að mati sveitarstjórnar skal hún skipa fyrir um smölun ágangsfénaðar og rekstur til afréttar eða skilaréttar. Kostnaður greiðist að $\frac{3}{4}$ af fjallskilasjóði þess hrepps eða hreppa, er þann afrétt nota, er ágangsfénaður kom frá, en landráðandi $\frac{1}{4}$. Heimilt er þó sveitarstjórn hrepps þess, sem sú bújörð liggur í, er ágangi sætir, að greiða þann hluta kostnaðar, sem landráðanda er

annars ætlað að bera. Stafi verulegur ágangur af búfé, sem skylt hefur verið að reka á afrétt, ber sveitarstjórn að sjá um, að eigandi reki féð á afrétt. Nú stafar óeðlilegur ágangur af fé, sem heimilt er að hafa í heimahögum og ber þá sveitarstjórn að láta smala því og reka til eiganda. Um kostnað í því tilviki fari þannig, að fjáreigandi greiði $\frac{3}{4}$, landráðandi $\frac{1}{4}$. Verði ágreiningur með hreppsnefnd og landeiganda (ábúanda, umráðanda) um, hvað teljist vera verulegur eða óeðlilegur ágangur, geta aðilar skotið máli sínu til sýslumanns (oddvita sýslunefndar), er þá skipar þrjá óvilhalla menn til þess að skera úr slíkum ágreiningi.

IV. KAFLI

Um ítölu.

14. gr.

Sýslunefnd getur gert samþykkt um ítölu, eftir ákvæðum laga um afréttarmálefni III. kafla og ber þá búfjáreigendum að fara eftir henni.

V. KAFLI

Um fjallskil.

15. gr.

Skylt er að gera fjallskil af öllu sauðfé. Leyfi hreppsnefnd rekstur stóðhrossa á afrétt, skal og gera fjallskil af þeim. Fjallskilagjald af hrossi má vera allt að tíu sinnum hærra en af vetrarfóðraðri sauðkind. Nú hefur ítölureglum verið beitt og nokkurn hluta sauðfjár verður að hafa í heimalandi, þá má hreppsnefnd ákveða lægra fjallskilagjald af þeim fénaði.

Sveitarstjórn jafnar niður fjallskilum. Skal hver leggja til fjallskila það, sem sveitarstjórn ákveður. Hver húsbóndi er skyldur til að gera fjallskil fyrir þann fénað, sem hann hafði á fóðrum veturinn næsta á undan eða hann eða hans heimamenn hafa eignast síðan og flutt inn í hreppinn. Skylt er húsbónda að tilkynna hreppsnefnd fyrir júlilok um breytingar frá vetri á tölu fjallskilaskylds búpenings síns og heimamanna sinna. Heimilt er hreppsnefnd að jafna fjallskilakostnaði allt að einum þriðja hluta á landverð bújarðar, að frádregnu verði ræktaðs lands og hlunninda, er eigandi eða umráðandi greiði.

Heimilt er að greiða úr sveitarsjóði kostnað að meira eða minna leyti við byggingu almenningsrétta (skilarétta), leitarmannaskála og annarra mannvirkja, sem þörf er á vegna aðalleita og réttarhalds, svo og girðinga á milli heimalanda og afrétta, að því leyti sem aðilum innan hrepps er skylt að leggja til þeirra. Einnig er hreppsnefnd heimilt að greiða hluta annars fjallskilakostnaðar úr sveitarsjóði ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi og sýslunefnd leyfir (sbr. 19. gr.).

16. gr.

Tvennar aðalleitir skal gera á hverju hausti á afrétti og heimalöndum. Nú er heimaland girt fjárheldri girðingu eða afmarkað af ám eða vötnum, er mega teljast fjárheld, og er þá hreppsnefnd heimilt að leyfa, að það sé ekki smalað til fyrri réttar, ef smölun vegna förgunar verður að fara fram næstu daga. Komi afbæjarfé fram í þeirri smölun, skal sá er smalar geyma það til næstu skilaréttar eða koma því til eigenda á sinn kostnað. Eftir aðalleitir skal fara fram eftirleit á afrétti eftir ákvörðun hreppsnefndar og smölun allra heimalanda skal fara fram þriðju helgi í október. Með afbæjarfénað, er kemur fyrir í þessum leitum eða smölunum, skal farið eins og hreppsnefnd segir til um. Senda skal menn eftir því, sem þörf krefur, til að hirða fé í útréttum. Útréttir kallast skilaréttir utan leitarsvæðisins.

17. gr.

Hver bóndi er skyldur til að leita land ábýlisjarðar sinnar, nema hreppsnefnd telji landið að einhverju leyti notað sem afrétt, eða hafi gert samning um það við umráðendur

jarðarinnar (sbr. 19. gr.). Þótt jörð sé ekki í ábúð, hvíla sömu skyldur á eiganda hennar eða umráðanda. Vanræki einhver smölun, er hreppsnefnd skylt að láta smala það á kostnað umráðanda eða eiganda landsins. Skylt er að koma úrtíningi til skilaréttar í tæka tíð. Heimilt er hreppsnefnd að meta til fjallskila haustsmalanir landstórra jarða að meira eða minna leyti, þótt hreppurinn eigi afrétt, enda sé landið ekki varið annarra fénaði.

18. gr.

Ef bóndi eða búfjáreigandi notar beitarréttindi utan sinnar heimasveitar skulu hlutað-eigandi hreppsnefndir eða fulltrúar þeirra koma sér saman um fjallskil í þeim tilvikum. Skal skipta álöguheimild á fjallskilaskyld bífé í hundradshluta og deila þeim á hreppana m. t. t. beitarnota bónda og skyldum hreppanna við hann. Bóndi skal gera hlutaðeigandi hreppsnefnd grein fyrir tilhugun beitar.

Fjallskilasjóður heimasveitar kostar hirðingu búfjár bónda í útréttum, öðrum en þeim er teljast skilaréttir þeirra afrétta eða jarða er hann notar beitarréttindi í. Bóndi hefur sama afnotarétt af og skyldur við skilarétt ábúðarjarðar sinnar og aðrir sveitungar. Hafa má aðra skipan á um skyldur heimasveitar við bónda og réttindi hans og skyldur, með samþykki hlutaðeigandi. Greini hreppsnefndir á um deilingu álöguheimildar hreppanna, skulu þeir óvilhallir menn er sýslunefnd skipar, skera úr.

19. gr.

Hafi sveitarfélag engin afréttarnot, getur hreppsnefnd ákveðið, að haustsmalanir heimalanda, sem ekki eru varin fénaði annarra, verði metnar til fjallskila. Nú þykir sveitarstjórn ekki ástæða til að svo verði gert um smalanir allra óvarinna heimalanda vegna landsmæðar eða mjög auðveldrar smölunar sumra þeirra, og skulu þá umráðendur þeirra landa og einnig varinna heimalanda greiða lægra fjallskilagjald af fénaði sínum eftir mati hreppsnefndar. Hreppsnefnd skal annast um ráðningu manna til að sækja fé hreppsþúa í útréttir. Kostnað í þessum tilvikum má greiða að meira eða minna leyti úr sveitarsjóði eftir ákvörðun hreppsnefndar.

20. gr.

Sveitarstjórnir allra hreppa innan hverrar fjallskiladeildar eða fulltrúar þeirra, skulu á sameiginlegum fundi setja allar reglur um fyrirkomulag leita, sendingu manna í útréttir og annað það, er þörf þykir til bera að samvinna sé höfð um. Hafi tveir eða fleiri hreppar sameiginlegt upprekstrarland, skulu sveitarstjórnir þeirra hafa árlega fund með sér og gera áætlun um fjallskilakostnað á upprekstrarsvæðinu og skipta með sér sameiginlegum kostnaði. Til þessa fundar boðar oddviti þess hrepps, er skilarétt stendur í.

21. gr.

Hreppsnefnd jafnar niður fjallskilum, bæði fjallskilavinnu og peningagreiðslum. Leggja má allan kostnað fjallskilaskylds aðila á í peningum, eftir því sem hreppsnefnd þykir best henta. Fjallskilagjald rennur í fjallskilasjóð og skal hann vera í varðveislu oddvita þess hrepps sem gjald er á lagt. Öll vinna við fjallskil skal lögð í dagsverk og dagsverk metið sem næst gildandi kauptaxta.

Á niðurrjöfnunarfundi skal kjósa leitarstjóra. Ennfremur réttarstjóra og tvo marklýsingarmenn. Þeir skulu kosnir af hreppsnefnd þess hrepps er skilarétt liggur í. Niðurrjöfnun skal lokið svo tímanlega að hún verði öllum kunn, er leggja eiga fram vinnu, eigi síðar en viku áður en leitir byrja. Fjallskilaseðill skal sendur eða birtur sérhverjum er fjallskil ber að gera. Á honum skal tilgreina upphæð fjallskila hvers og eins, hversu mikið ber að greiða í peningum, og annað það sem þörf þykir að taka fram varðandi fjallskilin.

22. gr.

Sérhver, er á að leggja fram vinnu við fjallskil, skal vanda vel tillag sitt, svo sem með því að senda fullgilda og vel útbúna menn í leitir og útréttir o. s. frv. Sé þess sérstaklega vel gætt, að þeir hafi hlýjan, vatnsheldan klæðnað, séu nestaðir og vel hestaðir eftir atvikum. Leitarmenn skulu bera litmerki í bak og fyrir.

Láti einhver farast fyrir að senda mann í leitir eða gera þau fjallskil, sem hann er tilkvaddur og birt eru í fjallskilaseðli, skal hann auk greiðslu fyrir fjallskil eins og þau eru metin, gjalda sekt til fjallskilasjóðs, allt að helmingi af matsverði fjallskilanna. Ef einhver sendir mann í leitir, sem leitarstjóri telur óhæfan sökum ágalla eða ills útbúnaðar, skal vísa honum heim aftur, og er þá sá, er þann mann sendi, skyldur til að borga fjallskil og sekt, eins og hann hefði engan sent. Sama gildir um mann í útréttir.

Sannist það, að leitarmaður eða annar, er fjallskil á að vinna, vanræki skyldu sína, getur hreppsnefnd krafist uppbótar frá honum eða þeim, er hann sendi. Vilji hann ekki hlíta úrskurðinum, getur hann skotið máli sínu til sýslunefndar.

Gjaldi fyrir leitarsvik eða aðra vanrækslu á fjallskilum má verja til að kaupa mann til fjallskilanna, ella renni það fé í fjallskilasjóð þess leitarsvæðis, er hlut á að máli.

Sektir og fjallskilgjöld eru lögtakskræf.

23. gr.

Leitarsvæði hverrar skilaréttar skal hafa sameiginlegan fjallskilasjóð, er oddviti þess hrepps, er skilarétt stendur í, varðveitir. Í þann sjóð rennur andvirði alls óskilapenings (þar með taldir ómerkingar), er ekki finnst eigandi að. Geti sjóðurinn ekki staðið undir þeim gjöldum, er úr honum ber að greiða, leggja fjallskilasjóðir hreppanna honum það til, er á vantar. Framlag fjallskilasjóða sveitarfélaganna greiðist eftir því hlutfalli, sem hreppsnefndir, er hlut eiga að máli, hafa samþykkt á sameiginlegum fundi. Reikningur fjallskilasjóðs skal sendur árlega með reikningum sveitarsjóðs til sýslunefndar.

Kostnaður við fjallskilamál greiðist úr fjallskilasjóði, nema að því leyti sem sveitarsjóði er ætlað að greiða hann, eða öðruvísi er ákvæðið. Komist fénaður ekki til réttis eiganda vegna fjarlægðar, eða er seldur eða ráðstafað á annan hátt, af því að hreppsnefnd hrepps þess, sem fénaðurinn er úr, telur það hagkvæmara, má borga áfallinn kostnað úr fjallskilasjóði. Þó skal hreppsnefnd ekki láta selja eða ráðstafa hrossi, nema eiganda hafi áður verið tilkynnt um það, þannig að honum, gefist kostur á að sækja hrossið á sinn kostnað.

24. gr.

Enga aðalleit má gera nema leitarstjóri stjórn henni og sé í henni, enda skulu leitarmenn skyldir að hlýða honum. Áður en leit hefst, kannar leitarstjóri lið sitt, og ef svo reynist, að einhverja vanti eða einhverjir eru taldir óhæfir til að fara í leit, kaupir hann menn í þeirra stað, ef unnt er. Skal leitarstjóri sérstaklega gæta þess, að framfylgt sé ákvæðum 22. gr. um útbúnað leitarmanna. Leitarstjóri skipar fyrir um, hvernig hver leitarmaður hagi leit sinni, gætir þess að allir vandi verk sín, að safn sé rekið með reglu til réttar, svo að það sé komið þangað í tæka tíð, allrar mannúðar sé gætt, að lamakindur séu fluttar til byggða eða þeim lógað, sé ekki annað unnt, og að safnsins sé gætt, uns gæslumanni eða réttarstjóra ber að taka við því.

25. gr.

Skilamenn í útréttum skulu gera sitt ítrasta til að fénaður verði ekki eftir þar, og mega þeir ekki fara frá réttinni fyrr en töfludrætti er lokið. Sé einhver skepna svo illa á sig komin að hún verði eigi rekin eða flutt, skal koma henni í gæslu eða henni lógað sé ekki annars kostur. Sá er stjórnar rekstri skal sjá til þess að ekki verði skildar eftir skepnur úr rekstri nema þeim sé ráðstafað eins og best hentar.

26. gr.

Nú þykir einhverjum niðurjöfnun fjallskila eigi rétt og vill fá leiðrétting á því þá ber honum eigi að síður að inna álögð fjallskil af hendi, en sent getur hann skriflega kæru til hreppsnefndar fyrir októberlok næstu á eftir, og beðið hana leiðréttingar. Sætti kærandi sig ekki við aðgerðir hreppsnefndar, getur hann krafist úrskurðar sýslunefndar.

VI. KAFLI

Fjallskiladeildir (leitarsvæði), réttir og réttardagar.

27. gr.

Fjallskiladeildir og réttir í Borgarfjarðarsýslu skulu vera þessar:

1. Rauðgilsrétt: Leitarsvæðið nær yfir öll lönd í Hálsahreppi og Reykholtisdalshreppi að undanskildu Kálphanesi. Geitland skal þó leitað fyrir Fljótstunguréttar.
Fyrri Rauðgilsrétt skal fara fram föstudaginn í 23. viku sumars og hin seinni sunnudaginn í 24. viku sumars. Sundurdráttarrétt má vera á Húsafelli.
2. Oddsstaðarétt: Leitarsvæði nær yfir Lundarreykjadalshrepp allan Andakílhrepp norðan Andakílsár, lönd jarða í Skorradal norðan- og neðanverðum, frá og með Skálpastaðalandi að sveitarenda. Ennfremur land Kálphaness.
Fyrri Oddsstaðarétt skal fara fram miðvikudaginn í 22. viku sumars og hin síðari sunnudaginn í 24. viku sumars. Sundurdráttarrétt má vera á Þverfelli. Á meðan núverandi reglur gilda um sauðfjárveikivarnir á þessu svæði, skal Þverfellsrétt vera skilarétt.
Fyrri Þverfellsrétt skal fara fram sunnudaginn í 22. viku sumars og hin seinni laugardaginn í 25. viku sumars. Sundurdráttarréttir mega og vera á Hesti og Varmalæk.
3. Hreppsrétt: Leitarsvæði nær yfir lönd jarða í Andakílhreppi sunnan Andakílsár og jarða í sunnan- og neðanverðum Skorradal að landamerkjum Haga.
Fyrri Hreppsrétt skal fara fram mánudaginn í 22. viku sumars og hin seinni, laugardaginn í 25. viku sumars.
4. Bakkakotsrétt: Leitarsvæðið nær yfir fremri hluta Skorradals frá svæðamörkum Oddsstaðaréttar norðan Skorradalsvatns og að svæðamörkum Hreppsréttar sunnan vatns.
Fyrri Bakkakotsrétt skal fara fram mánudaginn í 22. viku sumars og hin seinni laugardaginn í 25. viku sumars.
5. Svarthamarsrétt: Leitarsvæði nær fyrir Hvalfjarðarstrandarhrepp allan og upprekstrarland Akraneskaupstaðar á Botnsheiði.
Fyrri Svarthamarsrétt skal fara fram þriðjudaginn í 22. viku sumars og hin seinni sunnudaginn í 25. viku sumars.
6. Hafnarrétt: Leitarsvæðið nær yfir Leirár- og Melahrepp allan.
Fyrri Hafnarrétt skal fara fram mánudaginn í 22. viku sumars og hin seinni laugardaginn í 25. viku sumars.
7. Grafarrétt: Leitarsvæðið nær yfir allan Skilmannahrepp, Innri-Akraneshrepp og Akraneskaupstað.
Fyrri Grafarrétt skal fara fram sunnudaginn í 22. viku sumars og hin seinni laugardaginn í 25. viku sumars.

Heimilt er sýslunefnd að leyfa hreppsnefndum, ef um afmörkuð eða afgirt svæði er að ræða, að breyta leitartíma og réttardögum ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

28. gr.

Hreppsnefnd eða hreppsnefndir hverrar fjallskiladeildar skulu sjá um byggingu aðalréttar og tryggja, að sómasamleg aðstaða sé til sundurdráttar, þar sem slíkar réttir skulu vera. Kostnaður greiðist úr fjallskilasjóði eða sveitarsjóði eftir samþykkt hreppsnefndar

(sbr. 15. gr.). Þess skal gætt, að rétt sé þannig byggð, að nægilega stórt rými sé fyrir allt fé, er til réttar rekst, og að allir, er fjárvon eiga, hafi þar nóg dilkrými. Þar séu og dilkar fyrir útréttarfé; ómerkinga og annað óskilafé. Gætt skal þess, að rétt sé svo vel byggð og vel við haldið, að fé geti ekki sloppið úr henni. Hreppsnefnd eða hreppsnefndir skulu og annast um byggingu leitarmanaskála og húss fyrir leitarhesta, eins vistlegra og rúmgóðra og þörf er talin fyrir.

29. gr.

Réttarbóndi, þar sem fé er gætt náttlangt, skal fá fyrir átroðningi gjald eftir samkomulagi. Verði ágreiningur um gjald sker sýslunefnd úr.

30. gr.

Réttarstjóri stjórnar skilarétt og tekur hann við af leitarstjóra eða gæslumanni, þegar markljóst er og lætur þá þegar fara að rétta. Hann gerir sé far um, að allt fari skipulega fram, meðan á réttarhaldinu stendur, hefur vald til að banna fjárkaup, slark, óreglu og allt annað, sem tafið getur fyrir réttarhaldinu. Skyldir eru allir að hlýða skipunum réttarstjóra, og getur hann kært þá til sekta, ef út af er brugðið. Hann getur skipað annan í sinn stað um stundarsakir, ef á þarf að halda.

Réttarstjóri skal sjá um, að ómerkingar (lömb og folöld) séu settir í ómerkingadilk, svo eigendum gefist kostur á að láta mæður helga sér þá.

Enginn má taka ómerking án leyfis réttarstjóra.

Enginn má hleypa út úr dilk fyrr en réttarstjóri leyfir og búið er að kanna féð í dilknum. Að þeim starfa eru allir þeir skyldir að vinna sem réttarstjóri nefnir til þess. Hreppstjóri þess hrepps, sem rétt liggur í, skal ætíð vera við réttina og gæta lögreglu. Ef tvær réttir eru í sama hreppi sama dag, má hreppstjóri ráða mann til að vera á öðrum staðnum í sinn stað.

Marklýsingarmenn skulu lýsa öllum mörkum eftir að töfludráttur hefst. Greini þá um mark, skal réttarstjóri tilnefna þrjá menn, er þá lýsa markinu og telst það rétt mark skepnunnar, sem meiri hluti þeirra telur rétt að vera.

31. gr.

Það er skylda sérhvers manns á upprekstrarsvæðinu, er fjárvon á í skilaréttinni, að hafa þar nægan mannafla að hirða fénað sinn. Ef einhver vanrækir þetta, er réttarstjóra heimilt að láta draga fénað hans og flytja heim til hans á hans kostnað.

32. gr.

Einstökum mönnum er heimilt að leita að fénaði í afrétti, eftir að aðalleitir og eftirleit hafa farið fram að haustinu. Hafi einstakir menn fundið fé í afrétt, áður en eftirleit er framkvæmd, eiga þeir ekki kröfu á fundarlaunum úr fjallskilasjóði fyrir þann fénað, en heimilt er hreppsnefnd þó að greiða einhverja þóknun fyrir slíkt úr sjóðnum, ef henni þykir ástæða til.

Ákveða skal á fjallskilafundi hver skuli fundarlaun fyrir fénað, áður en óheimtan, er finnst í afrétti eftir leitir.

Kostnað við rekstur hins fundna fjár, eftir að það er komið til byggða innan leitarsvæðisins, ber eigandi sjálfur. Hið sama gildir um hross.

VII. KAFLI

Meðferð óskilapenings.

33. gr.

Hver, sem innir fjallskil af höndum eða annast smölun heimalands, skal leitast við að handsama ómerkinga eins fljótt og við verður komið, og auðkenna þá ef þeir fylgja móður.

Ómerkinga og annað óskilafé, er til réttar rekst, skal réttarstjórinn láta draga í ómerkingadilk, þar sem menn eiga kost á að leiða mæður til ómerkinga, og sanna eignarrétt sinn á þeim og öðru óskilafé. Ómerkingar, sem ekki ganga út og annað óskilafé, skal að lokinni skilarétt flutt í sláturhús til förgunar undir umsjón hreppstjóra. Ómerkinga og annað óskilafé, er kemur fyrir eftir réttir, eða fé sem ekki kemst til eiganda vegna fjarlægðar eða vegna búfjárveikivarna, skal fara með á sama hátt. Áður en fénu er lógað skal skrifa nákvæma lýsingu á því, þar sem getið er marks og annarra einkenna, sem eigendur geta helgað sér féð eftir.

Leggja skal andvirði slíks fjár inn á reikning skilaréttar á því svæði, er það kemur fyrir í, og skal reikningur færður þannig, að greiða megi út andvirði hverrar kindar sér, ef upplýsingar fást um eiganda. Ef fullvíst er um eiganda, áður en fé er lagt inn í sláturhús, skal þá leggja inn á nafn hans og skrá númer kindarinnar á innleggsnótuna, ef merkt er. Ber sláturleyfishafa að tilkynna eiganda um innleggið innan þriggja mánaða frá sláturdegi.

Sömu ákvæði gilda um geitfé og óskilautgripi eins og um óskilafé.

34. gr.

Í lok skilaréttar skal selja á uppboði óskilahross, þar með talin ómörkuð folöld, er ekki gengu út í réttinni. En óskilahross, er koma fyrir síðar, skal selja á opinberu uppboði af hreppstjóra þeirrar sveitar, er óskilahrossin koma fyrir í. Auglýsa skal slíkt uppboð með a. m. k. viku fyrirvara. Innlausnarfræstur á óskilahrossum skal vera 12 vikur frá sölu-degi. Kaupandi skal geyma gripi þá, er hann hefur keypt meðan innlausnarfræstur varir, en ekki eru þeir í ábyrgð hans að öðru leyti; fóðra skal kaupandi gripina eftir því sem þörf er á. Fóðurkostnað, hagatoll og gæslukaup skal greiða eftir mati hreppsnefndar og draga frá andvirðinu; verði kaupandi eigandi að slíkum grip að innlausnarfræsti liðnum, ber honum ekki greiðsla fyrir tilkostnað.

35. gr.

Hreppstjóri skal auglýsa í Lögbirtingablaði óskilafé, sem fargað hefur verið, fyrir áramót næstu á eftir, en óskilahross seld á uppboði skal auglýsa þegar eftir sölu, bæði í Lögbirtingablaði og útvarpi. Geti einhver sannað eignarrétt sinn innan 6 mánaða frá auglýsingardegi, skal honum greitt andvirðið að frádregnum áföllnum kostnaði, svo sem gjaldi fyrir flutning og auglýsingu, sölu og fundarlaun og annað það, er á hefur fallið. Að öðrum kosti skal andvirðið renna í fjallskilasjóð skilaréttarinnar og sendir hlutaðeigandi hreppstjóri skýrslu um sölu óskilafjár, óskilageitfjár, óskilautgripa og óskilahrossa, ásamt eftirstöðvum af verði, til oddvita þess, er heldur reikning skilaréttar; skal hreppstjóri hafa lokið skilum innan tveggja mánaða frá því, að víst er um, hvaða fjallskilasjóði beri af andvirðinu.

VIII. KAFLI

Um vörslu og smölun hrossa.

36. gr.

Heimilt er sýslunefnd eða einstakri hreppsnefnd að ákveða, að öllum hrossaeigendum sé skylt að hafa hross sín í vörslu allt árið eða tiltekinn hluta þess, nema að því leyti, sem hreppsnefnd kann að leyfa að stóðhross séu rekin á afrétt (sbr. 38. gr. laga um búfjárrækt).

Hreppsnefnd er og heimilt að skylda alla landeigendur til að smala hrossum síðasta dag sumars hvers og koma þeim hrossum, er ekki ganga út heima hjá þeim, til þess staðar í hreppnum, er hreppsnefnd ákveður.

IX. KAFLI

Mörk sauðfjár og hrossa og markaskrár.

37. gr.

Hver maður skal auðkenna fé sitt og hross með glöggu eyrnamarki og brennimerkja hyrnt fé með hreppsrennimarki á vinstra horni og plötumerkja kollótt í vinstra eyra.

Hreppsrennimörk skulu vera þessi:

Fyrir Hvalfjarðarstrandarhrepp	B1
Fyrir Innri-Akraneshrepp	B2
Fyrir Skilmannahrepp	B3
Fyrir Leirár- og Melahrepp	B4
Fyrir Andakilshrepp	B5
Fyrir Skorradalshrepp	B6
Fyrir Lundarreykjadalshrepp	B7
Fyrir Reykholtisdalshrepp	B8
Fyrir Hálsahrepp	B9
Fyrir Akraneskaupstað	AK

Ef fullorðið fé er ekki hreppsmerkt á hornum eða plötumerkt í eyra, getur eigandi þess ekki krafist skaðabóta, þótt fé hans verði eftir í útréttum, enda ber þá fjallskilasjóði ekki að borga gæslukostnað og annan kostnað, er á slíkt fé kann að falla. Skylt er, og að plötumerkja fé með bæjarmerkjum eins og þau eru auglýst í markaskrá.

38. gr.

Fé skal draga eftir mörkum. Markið helgar eiganda kind, nema sönnun komi fyrir, að annar eigi. Kind, sem ekki ber rétt mark manns, er honum óheimilt að draga sér, hve lítið sem á vantar, sama gildir um hross. Ef kind er með brennimarki annars en þess, er á eyrnarmarkið, skal sá talinn eigandi, sem á brennimarkið og skal hann þá ef eigandi eyrnarmarks krefst þess, gera grein fyrir því, hvernig hann eignaðist kindina. Kind, sem hefur eyrnarmark eins, en brennimark annars skal talin eign þess, sem brennimarkið á; þó skal hann, ef krafist er, gera grein fyrir því, hvernig hann hefur eignast hana. Um ágreining, er rísa kann út af vafamörkum, skera marklýsingamenn. Verði þeir ekki samdóma, fer um það svo sem fyrir er mælt í 30. gr.

39. gr.

Enginn má taka upp mikil særingarmörk né mörk, sem vandi er að marka svo auðþekkjandi séu. Ekki má nota mark, sem er meira en níu hnífsbrögð alls.

Þessi mörk er leyfilegt að nota: Andfjárað, biti, blaðrifað, blaðstýft, fjöður, gagnbitað, gagnfjárað, hamrað, hangfjöður, heilhamrað, heilrifað, hvatt, hálf-af, (jaðrað), lögg, miðhlutað, oddfjárað, sneiðrifað, sneitt, stig, stýft hálf-af, stúfrifað, stýft, sýlt, tvírifað í sneitt, tvírifað í heilt, tvírifað í stúf, tvístýft.

Fleiri en tvö undirben má ekki nota sömu megin á eyra. Mörk þau, sem ekki er leyft að nota samkvæmt þessari grein, mega þó notast af núverandi eigendum þeirra, en mega ekki ganga að erfðum, kaupum eða gjöfum og ekki má flytja þau inn í fjallskilaumdæmið.

Jafnan skal auglýsa í markaskrá sýslunnar, hvaða mörk leyfilegt er að nota.

40. gr.

Sýslunefnd skal láta prenta markaskrá sýslunnar 8. hvert ár. Skal hver markeigandi koma marki sínu í hana, og má enginn nota mark, sem ekki er prentað í markaskránni (sbr. þó 42. gr.). Sýslunefnd ákveður greiðslu fyrir hvert mark, en markeigandi fær ókeypis eitt eintak af markaskránni. Einnig skal sýslunefnd sjá um, að nægilega mörg eintök af markaskránni séu send ókeypis til allra hreppa utan sýslu, sem fjársamgöngur eru við.

Gjald það, er sýslunefnd ákveður fyrir mörkin, skal ætíð vera svo hátt, að það nægi fullkomlega fyrir öllum kostnaði við markasöfnun, umsjón með skrásetningu og prentun markanna. Ef afgangur verður þegar allur kostnaður við söfnun og útgáfu er greiddur, skal hann leggjast í sýslusjóð.

Markavarsla fjallskilaumdæmisins getur geymt mark sem markeigandi tilkynnir ekki til prentunar í markaskrá, með því að prenta það í skrána og leyfa öðrum á svæðinu að taka það upp þegar 8 ár eru liðin eða fyrr með samþykki fyrri eiganda. Hafi markavarslan geymt mark lengur en 8 ár, fellur aldursréttur þess niður.

41. gr.

Sýslunefnd kýs mann til að sjá um útgáfu markaskrár og til þess að hafa umsjón með upptöku nýrra marka á milli þess, sem markaskrá er gefin út (sbr. 42. gr.). Markasöfnun skal fara fram í september- eða októbermánuði árið áður en prenta skal skrá. Hreppstjórum er skylt að safna mörkum, hver í sínum hreppi, ef markavörður óskar þess.

Hvert mark skal ritað á sérstakan seðil með tilgreindu nafni og heimilisfangi markeiganda. Að öðru leyti ákveður markavörður gerð markaseðla.

42. gr.

Að lokinni söfnun markaseðla, senda hreppstjórar þá markaverði, er sýslunefnd hefur valið. Skal hann athuga markaseðlana, raða upp nöfnum og athuga um sammerkingar innan sýslu og í nærliggjandi sýslum. Skal hann fella niður þau nýupptekin mörk, sem eru sammerkt eða um of lík eldri mörkum, svo og mörk, er líkjast um of hvert öðru, og ennfremur mörk, sem ekki má upptaka samkvæmt ákvæðum samþykktar. Nú hefur markavörður fellt niður mark og skal hann þá tilkynna það marktakanda bréflega og jafnframt benda honum á annað mark, er hann geti fengið sem líkast því, sem hann hefur kosið. Hafi hann eigi svarað bréfi markavarðar fyrir janúarlok, skal líta svo á, að hann taki marki, er markavörður benti honum á og skal þá prenta það í markaskránni. Enginn maður má eiga fleiri en tvö sauðfjármörk og eitt hrossamark.

Vilji einhver taka upp nýtt mark milli þess er markaskrá er prentuð, skal hann tilkynna það markaverði og fá til þess leyfi hans. Að því fengnu skal markavörður láta prenta það á kostnað markeiganda í Lögbirtingablaðinu, og er það þá fyrst heimilt til notkunar. Sama máli gegnir um þann, er flyst inn í fjallskilaumdæmið, að hann verður að fá samþykki markavarðar til þess að mega nota áfram það mark, er hann áður átti. Eigandaskipti að marki skulu og auglýst í Lögbirtingablaði.

Hreppstjórum er skylt að færa öll mörk úr sýslunni, sem auglýst eru í Lögbirtingablaðinu inn í markaskráreintök þau, sem nota skal við töfludrátt í skilaréttum. Sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu skal leita samvinnu við sýslunefndir í Mýrasýslu, Dalasýslu, Stranda-sýslu, Húnavatnssýslu, Árnassýslu, Kjósarsýslu og Gullbringusýslu um ráðstafanir til þess að afstýra sammerkingum á þeim svæðum, er fjársamgöngur geta komið fyrir á.

X. KAFLI

Fjárrekstrar og fjárflutningar.

43. gr.

Þegar hross eða sauðfé er rekið um héraðið, skal þess gætt, að rekstri hverjum fylgi ætíð næglega margir og duglegir rekstrarmenn, svo að sem minnstur bagi verði fyrir þá, er þau lönd eiga, sem um er rekið eða í er áð. Eigi má leggja upp með slíka rekstra fyrr en markljóst er orðið, og eigi má halda áfram að kvöldi, þegar mjög er orðið skuggsýnt, nema brýna nauðsyn beri til.

Þegar fénaður er fluttur á bifreiðum eða tengivögnum, skal þess gætt, að hann hafi nægilegt rými og að vel fari um hann. Skaða, sem hlýst af því, að út af þessu er brugðið, ber eiganda eða umsjónarmanni rekstursins eða flutningatakis að greiða eiganda fjárins, nema váttryggingataki greiði. En sannist það, að skaðinn stafi af skeytingarleysi rekstrarmanns eða ökumanns, skal hann sæta sektum.

Skylt er sláturleyfishafa að láta fara fram markaskoðun á öllu fé, sem hann lætur slátra.

44. gr.

Stranglega er bannað að svelta fénað, umfram það, sem ekki verður hjá komist, hundbeita hann að óþörfu eða misþyrma honum á nokkurn hátt við fjárréttir, í rekstrum, flutningi, gæslu, fjallgöngum eða við heimasmölun.

XI. KAFLI

Almenn ákvæði.

45. gr.

Sýslunefnd sker úr öllum ágreiningi milli sveitarstjórna í fjallskilum. Undir úrskurð hennar heyra líka allar kærur og kröfur á hendur hreppsnefndum og hreppstjórum snertandi fjallskil. Ennfremur geta einstakir menn komið sér saman um að leggja slík mál undir úrskurð sýslunefndar.

46. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum, nema þyngri refsing liggji við eftir öðrum lögum, og renna sektirnar í fjallskilasjóð þess leitarsvæðis, sem brotið er framið í.

Með mál, sem rísa út af brotum gegn reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu hefur samið, staðfestist hér með samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 8 18. apríl 1986, og 3. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o. fl. nr. 6 21. mars 1986, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi fjallskilareglugerð fyrir Borgarfjarðarsýslu og Akraneskaupstað nr. 297/1973, ásamt síðari breytingum.

Landbúnaðarráðuneytið, 21. júlí 1986.

Jón Helgason.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð fyrir Íslenskar Getraunir, nr. 472 13. ágúst 1981.

1. gr.

Við 2. málsg. 10. gr. bætist: Stjórn Íslenskra Getrauna hefur heimild til að svipta umboðsaðila söluumboði fari hann ekki að reglum samningsins.

2. gr.

a. 1. málsg. 11. gr. orðist svo:

Getraunaseðlar skiptast í þrjá flokka eftir útfærslugerðum: Einfaldar raðir, heil margföldunarkerfi og minnkuð margföldunarkerfi.

b. Í stað 3. og 4. málsg. 11. gr. komi þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Á getraunaseðli, sem gerður er fyrir margföldunarkerfi, er prentaður einn aðaldálgur. Á getraunaseðli fyrir heil margföldunarkerfi hefur dálkurinn yfirskriftina K, og á seðli fyrir minnkuð margföldunarkerfi hefur hann yfirskriftina R. Er þá heimilt í samræmi við textann á seðlinum að setja eitt eða tvö aukamerki við tiltekinn fjölda leikja. Skulu seðlar fyrir minnkuð kerfi yfirfarnir í samræmi við þar til gerðar töflur, sem Íslenskar Getraunir gefa út.

Séu aukamerki fleiri en að framan greinir og seðillinn því með fleiri röðum en hann er ætlaður fyrir, er seðillinn ógildur. Séu merkin færri en tilgreint er á seðlinum, er seðillinn gildur og reiknast með þeim raðafjölda, sem á seðlinum er. Raðafjöldinn fæst með því að margfalda saman merkjafjöldann við þá leiki, sem bera fleiri en eitt merki. Leikur með tveimur merkjum er sagður vera tvítryggður og leikur með þremur merkjum þrítryggður. Kerfi með tveimur tvítryggingum og einni þrítryggingu er þannig $2 \times 2 \times 3 = 12$ raðir.

Íslenskum Getraunum er ekki heimilt að gefa út getraunaseðla með fleiri en 10368 röðum í heilu margföldunarkerfi. En í minnkuðu margföldunarkerfi má fjöldi raða ekki samsvara fleiri en 177147 röðum í heilu margföldunarkerfi.

3. gr.

a. 1. málsg. 12. gr., sbr. reglugerð nr. 315 7. ágúst 1985, orðist svo:

Verð hvern getraunaraðar er kr. 5,00.

b. 3. málsg. 13. gr. orðist svo:

Af heildarupphæð vinninga skal 4% lagt í sérstakan sjóð. Sjóður þessi leggst við heildarupphæð vinninga 3 eða 4 sinnum á reikningsári eftir ákvörðun stjórnar Íslenskra Getrauna, þar af ávallt í síðustu leikviku hvers reikningsárs. Skal þessa jafnan minnst á seðlum viðkomandi leikviku. Heildarupphæð vinninga skiptist síðan í 2 hluta og skiptast

70% hennar milli þeirra seðla, sem flestar réttar ágiskanir hafa, en 30% skiptast milli þeirra seðla, sem næstflestar réttar ágiskanir hafa.

c. 6. málsg. 13. gr. orðist svo:

Vinningar, sem ekki ná kr. 350,00 skulu ekki greiddir út. Ef vinningshlutar í 2. flokki ná ekki kr. 350,00 bætist vinningsupphæð 2. flokks við vinningsupphæð 1. flokks og skiptist heildarvinningsupphæð vikunnar þá milli seðla í 1. vinningsflokki. Nú nær vinningshluti í 1. flokki ekki kr. 350,00, og fellur þá greiðsla vinninga í þeirri viku niður, en vinningsupphæðinni skal þá bætt við heildarvinningsupphæð næstu getraunaviku á eftir.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um getraunir, nr. 59 29. maí 1972, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 20. ágúst 1986.

Jón Helgason.

Ólafur W. Stefánsson.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Reykjahlíðar.

1. gr.

Hitaveita Reykjahlíðar selur hitaorku frá aðveituæð og dreifikerfi veitunnar samkvæmt ákvæðum gjaldskrár þessarar.

2. gr.

Hitaveita Reykjahlíðar lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi eftirlitsmanns hitaveitu.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 2. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. janúar ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir fyrir allt árið, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

4. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins miðast við rúmmál húsa, og eru sem hér segir:

- a) Fastagjald á ári fyrir hvert hús kr. 8 197,00
 b) Vatnsgjald á ári pr.m³ húss kr. 35,47

Þó skal reikna hálf gjald af bifreiða- og vélageymslum og úpphituðu rými í íbúðarhúsum.

Á gjöld þessi leggst söluskattur samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma.

5. gr.

Heimæðagjald Hitaveitu Reykjahlíðar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Hús 400—2000 m³:

Fyrir 400 m³ kr. 117 079,00

og á hvern rúmmetra þar yfir kr. 101,15

Hús stærri en 2000 m³: kr. 279 367,00

og á hvern rúmmetra þar yfir kr. 81,00

Öll gjöld í gjaldskrá þessari miðast við utanmál húsa.

Stofngjald fyrir hvern aðrennslisemil umfram einn á sama inntaki er kr. 7 403,00

Hitaveita Reykjahlíðar hefur rétt til að loka aðrennslis heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 7 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun aðrennslis og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er, auk 552,00 kr. í hvert skipti.

6. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar svo sem heypurrkunar eða ræktunar og er þá hitaveitunni heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

7. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

8. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. september 1986 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 433 14. nóvember 1985.

Iðnaðarráðuneytið, 15. ágúst 1986.

Albert Guðmundsson.

Guðrún Skúladóttir.

STARFSLEYFI

fyrir Fiskimjöl og lýsi hf., Grindavík, til að framleiða fiskimjöl og lýsi úr fiski og fiskúrgangi.

1. gr.

Almenn ákvæði.

- 1.1. Verksmiðjunni er heimilt að framleiða fiskimjöl og lýsi úr fiski og fiskúrgangi. Hámarksafköst verksmiðjunnar skulu við það miðast að ekki verði um sérstaka mengun umhverfis að ræða, vegna of mikils álags á tækjakost.
- 1.2. Verksmiðjunni er skylt að sjá um að á öllu athafnasvæði verksmiðjunnar sé gætt fyllsta hreinlætis. Svæðið skal vera lagt bundnu slitlagi eftir því sem þurfa þykir að mati heilbrigðisnefndar Suðurnesja. Verksmiðjunni ber að halda útliti sínu og umhverfi snyrtilegu.

- 1.3. Verksmiðjunni er skylt að ganga þannig frá mannvirkjum og búnaði og haga allri starfsemi svo, að hætta á gerlamengun í hráefni og mjöli verði sem minnst.
- 1.4. Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
- 1.5. Áformi verksmiðjan að gera umtalsverðar breytingar á rekstri eða stækka verksmiðjuna, skal greina Hollustuvernd ríkisins og heilbrigðisnefnd Suðurnesja skriflega frá því áður en framkvæmdir hefjast.
- 1.6. Hollustuvernd ríkisins getur að höfðu samráði við umsagnaraðila, lagt til við heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, að starfsleyfið verði endurskoðað, ef í ljós koma skaðleg áhrif á umhverfið, sem ekki voru ljós fyrir. Sama gildir ef almennar kröfur, ráð og tæki koma til aukinna mengunarvarna.

2. gr.

Varnir gegn mengun ytra umhverfis.

- 2.1. Allt löndunaratn, sem til fellur, skal tekið til vinnslu í verksmiðju.
- 2.2. Verksmiðjan skal hafa aðstöðu til að taka við vatni frá grófskolun lesta til vinnslu, enda sé vatnsmagninu haldið í lágmarki t. d. með notkun á háþrýstidælum. Aldrei skal nota meira vatn en sem nemur 1% af lönduðu hráefni.
- 2.3. Flutningstæki, sem notuð eru til flutnings á hráefni til verksmiðju skulu vera vökvaheild og viðurkennd af heilbrigðisnefnd Suðurnesja.
- 2.4. Allt hráefni skal geymt í yfirbyggðum þróm eða geymum. Hráefnisþrær skulu vera þéttar og skal allt blöðvatn og annar vökvi frá hráefni tekinn til vinnslu. Strax og hráefnisgeymsla hefur verið tæmd, skal skola hana með vatni. Vatni frá fyrstu skolun skal halda í lágmarki, t. d. með háþrýstidælum og taka til vinnslu í verksmiðju.
- 2.5. Tæming hráefnisgeymslna skal vera sem mest sjálfvirk. Reynist nauðsynlegt að nota moksturstæki, skal þrifa þau vel að verki loknu.
- 2.6. Fiskúrgang skal að jafnaði ekki geyma lengur en fjóra sólarhringa áður en hann er tekinn til vinnslu. Hafi hitastig verið undir 4°C meðan á geymslu stóð er heimilt að geyma úrgang í allt að eina viku. Heilbrigðisnefnd Suðurnesja getur veitt undanþágu frá þessari kröfu, ef ástæða þykir til.
- 2.7. Við rotvörn bræðslufisks skal nota viðurkenndan skömmtnar- og blöndunarbúnað. Um styrk og meðferð rotvarnarefna fer samkvæmt reglugerð um notkun rotvarnarefna til geymslu á bræðslufiski, eins og hún er hverju sinni.
- 2.8. Loftræsta skal frá verulegum lyktaruppsprettum í verksmiðju og ræstiloft flutt til lyktheyðingar. Loftræsting skal hönnuð á þann hátt, að sem minnst af ómengdu lofti sé dregið með.
- 2.9. Loft frá þurrkurum skal leiða í gegnum rykskiljur með góða skiljunarhæfni og síðan til lyktheyðingar.
- 2.10. Lyktheyðing skal framkvæmd með þvotta- og þéttiturni, sem kælir útblásturinn niður í a. m. k. 20°C og/eða með brennslu lyktarefnanna. Lyktheyðing við brennslu skal vera jafngóð og eftir hitun í lofti í 700°C í 1/3 úr sekúndu. Við hönnun lyktheyðingarbúnaðarins skal tillit taka til orkuendurvinnslusjónarmiða.
- 2.11. Innan eins árs frá því að lofthreinsibúnaðurinn er tekinn í notkun, skal fara fram athugun á hæfni hans í samráði við Hollustuvernd ríkisins. Niðurstöður þeirra athugana skal hafa til viðmiðunar varðandi kröfur um viðbótarhreinsun og/eða frekari dreifingu útblásturs frá verksmiðjunni.
- 2.12. Soðkjarnatæki skulu útbúin fullkomnum dropagildrum. Fylgjast skal vel með því að soðtæki séu ekki ofhlaðin. Allt soðvatn skal nýta.

- 2.13. Framkvæma skal hreinsun á tækjabúnaði og mannvirkjum þannig að hreinsivökvanum sé safnað saman og hann endurnýttur eins oft og hægt er. Þegar hreinsivökvanum er veitt til sjávar, skal sýrustig (pH) frárennslisstraumsins vera á bilinu 5—10.
- 2.14. Frárennslí úr hráefnisþróum og innan úr verksmiðju skal tengjast í fitugildru og þaðan ásamt öðru frárennslí leitt niður fyrir stórstraumsfjöruborð. Fitugildru skal hreinsa eins oft og nauðsyn krefur. Fitu og úrgang, sem safnast saman í fitugildru, skal nýta eða farga á viðeigandi hátt að mati heilbrigðisnefndar Suðurnesja. Fiskimjölverkmiðjan skal hafa samráð við Hollustuvernd ríkisins um stærð og gerð fitugildru.
- 2.15. Framkvæma skal reglulega athugun á lífrænum efnunum í frárennslí. Skal það gert í samráði við Hollustuvernd ríkisins. Niðurstöður skulu hafðar til hliðsjónar varðandi frekari kröfur um hreinsibúnað á frárennslí.
- 2.16. Frárennslí frá snyrtingum skal leiða í rotþró eða frá því gengið með öðrum viðurkenndum hætti að mati heilbrigðisnefndar Suðurnesja.
- 2.17. Lýsisgeymar skulu vera í lýsisheldri þró að rúmtaki minnst 20% af rúmtaki geymisins í þrónni. Séu fleiri en einn geymir í sömu þró, skal rúmtakið vera minnst 20% af rúmtaki stærsta geymisins. Lokunarbúnaður skal vera af viðurkenndri gerð og þannig staðsettur að ekki sé hætta á því að hann verði fyrir hnjaski. Einn loki skal vera innan þróar.
- 2.18. Um frágang olúgeyma og varnir gegn mengun af völdum olíu fer samkv. heilbrigðisreglugerð nr. 45/1972 og reglum nr. 560/1982 um varnir gegn olíumengun sjávar við olíubirgðastöðvar.
- 2.19. Verkmiðjan skal sjá um að mengunarvarnarbúnaður sé ávallt í sem fullkomnustu lagi. Skal hafa reglulegt eftirlit með búnaði og ástandi hráefnis hverju sinni. Niðurstöður og athuganir skal skrá niður í sérstaka dagbók og skal fulltrúum Hollustuverndar ríkisins og heilbrigðisnefndar Suðurnesja heimill aðgangur að þeim hvenær sem er.

3. gr.

Gildistaka.

- 3.1. Starfsleyfi þetta, sem veitt er samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 390/1985, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem getur haft í för með sér mengun, sem sett er með stöð í 3. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi starfsleyfi frá 22. ágúst 1975.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Þvottaturn fyrir reyk frá þurrkurum skal þannig búinn að hann kæli útblástur niður í a. m. k. 20°C. Skal lagfæringu hér að lútandi lokið fyrir 1. september 1986.
2. Byggingu fitugildru skv. 2. gr. 14. tl. skal lokið fyrir 1. janúar 1987.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 31. júlí 1986.

Ragnhildur Helgadóttir.

Ingimar Sigurðsson.

STARFSLEYFI

fyrir Malbikunarstöðina Hvammsvík hf., Smárahvammi, Garðabæ,
til að framleiða malbik.

1. gr.

Almenn ákvæði.

- 1.1. Stöðinni er heimilt að framleiða malbik. Þess skal gætt að ekki sé um að ræða sérstaka mengun vegna óeðlilegs álags á tækjakost. Óheimilt er að gera teljandi breytingar á tækjakosti á starfstímanum án samráðs við Hollustuvernd ríkisins.
- 1.2. Stöðin skal sjá um að á öllu athafnasvæðinu sé gætt fyllsta hreinlætis, og skal öllum úrgangi komið fyrir í samráði við heilbrigðisnefnd Garðabæjar. Girða skal lóð fyrirtækisins.
- 1.3. Hollustuvernd ríkisins getur að höfðu samráði við umsagnaraðila lagt til við heilbrigðisráðherra að starfsleyfið verði endurskoðað, ef í ljós koma skaðleg áhrif á umhverfið sem ekki voru ljós fyrir. Sama gildir ef almennar kröfur, ráð og tæki koma til aukinna mengunarvana.
- 1.4. Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer skv. lögum nr. 45/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

2. gr.

Varnir gegn ytri mengun.

- 2.1. Malbikunarstöðin skal koma í veg fyrir rykmengun vegna flutnings á steinmulningi og sandi, eftir því sem kostur er. Fallhæð efnis við flutning í kaldmatara skal aldrei vera meiri en 2 m.
- 2.2. Malbikunarstöðin skal, í samráði við sérfróða aðila, sjá svo um að olíubrennarar séu ætíð þannig stilltir, að um sem minnsta reykmengun sé að ræða. Ennfremur skal stöðin sjá um svo sem kostur er, að óþægileg lykt eða reykur berist ekki inn í íbúðarhverfi.
- 2.3. Útblástursloft frá þurrk- og blöndunartromlu skal leiða í gegnum rykskiljur með góða skiljunarhæfni. Útblástursloft má ekki innihalda meira en 150 mg af ryki í normalrúm-meter, eftir að hafa farið í gegnum hreinsibúnað.
- 2.4. Útblástursloft frá hreinsibúnaði skal leiða út í gegnum skorstein. Hæð skorsteinsins skal ákveðin í samráði við Hollustuvernd ríkisins.
- 2.5. Skorsteinn skal þannig útbúinn, í samráði við Hollustuvernd ríkisins, að auðvelt sé að framkvæma mælingar, til þess að fylgjast með ástandi útblástursloftsins.
- 2.6. Frárennsli, sem getur verið mengað olíu, skal leiða í gegnum olíugildrur, áður en það er leitt burt. Slíkt frárennsli skal hafa a. m. k. einnar klst. viðdvöl í olíugildru, og yfirborðshleðsla gildrunnar skal ekki vera meiri en $2 \text{ m}^3/\text{m}^2$ á klst.
- 2.7. Malbikunarstöðin skal sjá til þess að hávaði sé takmarkaður, eftir því sem kostur er. Hávaði við lóðamörk skal eigi vera meiri en 60 dB(A) að degi til og 50 dB(A) að kvöld og næturlagi, miðað við mælingu jafngildishávaða í 10 mín. í senn.
- 2.8. Verksmiðjan skal sjá svo um að allur mengunarvarnarbúnaður sé ávallt í fullkomnu lagi og að ráðstafanir til varnar mengun haldi upphaflegu gildi sínu.
Hafa skal reglulegt eftirlit með búnaðinum svo sem stillingu á olíubrennurum o. fl. og halda skrá yfir niðurstöður. Fulltrúum heilbrigðisyfirvalda skal heimill aðgangur að þessum upplýsingum þegar óskað er.
Viðhald alls búnaðarins skal vera fyrirbyggjandi og skal m. a. taka mið af eðlilegum endingartíma hinna ýmsu hluta. Þá skal varahlutalager einnig við það miðaður.

3. gr.

Gildistaka og gildistími.

1. Starfsleyfi þetta, sem veitt er í samræmi við reglugerð nr. 319/1985, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem getur haft í för með sér mengun, sem sett er með stoð í 3. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast gildi þegar í stað og gildir til og með 30. nóvember 1987.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 31. júlí 1986.***Ragnhildur Helgadóttir.**

Ingimar Sigurðsson.

18. ágúst 1986

Nr. 379

AUGLÝSING**um staðfestingu á aðalskipulagi Þingeyrar 1985—2005.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 12. ágúst 1986 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Þingeyrar 1985—2005.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Hreppsnefnd Þingeyrar hefur samþykkt hann og skipulagsstjórn ríkisins mælt með að hann verði staðfestur.

Jafnframt fellur úr gildi staðfestur skipulagsuppdráttur af Þingeyri frá 10. febrúar 1944.

*Félagsmálaráðuneytið, 18. ágúst 1986.***Alexander Stefánsson.**

Þórhildur Líndal.

15. ágúst 1986

Nr. 380

REGLUGERÐ**um hækkun á bótum almannatrygginga.**

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga samkv. lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum, skulu hækka um 3,39% frá 1. september 1986 að telja frá því sem þær eru 31. ágúst 1986. Bætur samkv. 19. gr. skulu hækka jafnmikið frá sama tíma.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkv. 79. gr. laga nr. 67/1971 og öðlast gildi 1. september 1986. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 267/1986.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. ágúst 1986.***Ragnhildur Helgadóttir.**

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð nr. 578/1982 um námslán og námsstyrki.**

1. gr.

46. grein orðist svo:

Óski stjórn Sambands íslenskra námsmanna erlendis eftir því, skal Lánasjóðurinn draga félagsgjald til samtakanna af útborguðu láni til námsmanna erlendis. Á sama hátt skal sjóðurinn innheimta félagsgjald til Bandalags íslenskra sérskólanema af lánnum til sérskólanema á Íslandi. Gjald þetta skal vera hliðstætt hlut Stúdentaráðs Háskóla Íslands í innritunargjöldum Háskólans.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytið, 6. ágúst 1986.***Sverrir Hermannsson.**

*Knútur Hallsson.***REGLUGERÐ****um breytingu á reglugerð nr. 628 30. desember 1980,
um jöfnunargjald.**

1. gr.

Tollskrárnúmer 87.05.09 falli brott úr upptalningu tollskrárnúmera í 2. gr. reglugerðarinnar.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimildum í 3. og 4. gr. laga nr. 78 23. desember 1980, um jöfnunargjald, til að öðlast gildi þegar í stað.

*Fjármálaráðuneytið, 25. ágúst 1986.***Þorsteinn Pálsson.**

Bjarnveig Eiríksdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 39 — 1986

29. ágúst 1986

821

Nr. 383

REGLUGERÐ

um sérstakt togveiðisvæði í Héraðsflóa.

1. gr.

Prátt fyrir ákvæði B. liðar 3. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, er öllum skipum heimilt að stunda veiðar með botnvörpu á svæði í Héraðsflóa frá línu réttvísandi austnord austur af Bjarneyjarvita að línu réttvísandi austnord austur af Ósfles (65°37'8 N, 13°55'3 V) utan línu, sem dregin er í einnar sjómílu fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 18. gr. laga nr. 97 20. desember 1985, um stjórn fiskveiða 1986—1987 til þess að öðlast gildi 1. september 1986 og gildir til 31. desember 1986 og birtist öllum þeim til eftirbreytni, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 29. ágúst 1986.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

2. september 1986

Nr. 384

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum á Mánáreyjahrygg.

1. gr.

Frá og með 5. september 1986 eru allar togveiðar bannaðar á svæði sem afmarkast af línnum sem dregnar eru um eftirgreinda punkta:

- a) 66°28'00 N og 17°22'00 V
- b) 66°40'30 N og 17°21'30 V
- c) 66°41'00 N og 17°14'00 V
- d) 66°32'40 N og 17°11'00 V

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varðar viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Mál út af brotum skal farið með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 2. september 1986.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Kjartan Júlíusson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um vinnumiðlun nr. 129/1986.

1. gr.

Staflíður k) í 4. gr. orðist svo:

Húsavík

Tjörneshreppur

Reykjahreppur

Aðaldælahreppur

Reykðælahreppur

Bárðdælahreppur

Ljósavatnshreppur

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 18/1985 um vinnumiðlun, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 2. apríl 1986.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Óskar Hallgrímsson.

SAMÞYKKT

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík, nr. 27. janúar 1930.

1. gr.

Við 46. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Í Suðurhlíðum, þ. m. t. Suðurhlíð milli Bústaðavegar og Sléttuvegar, skal hámarks-
hraði vera 30 km á klst.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 13. janúar 1890 um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 15. ágúst 1986.

Jón Helgason.

Ólafur W. Stefánsson.

LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Norður-Ísafjarðarsýslu.

I. KAFLI

Um reglur og velsæmi á almannafæri.

1. gr.

Uppbót eða óspektir mega ekki eiga sér stað á almannafæri. Ekki mega menn þyrpast saman, svo að til tálma sé fyrir umferð eða til óþæginda fyrir vegfarendur. Með almannafæri er átt við vegi, götur og svæði, t. d. hafnasvæði, sem almenningur fer um og ætluð eru honum til nota. Um samkomuhús og opinberar stofnanir gilda ákvæði þessarar samþykktar, eftir því sem við á.

2. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri í því skyni að sinna lögmætum erindum, skal raða sér þannig, að þeir, sem fyrstir koma, fái fyrstir afgreiðslu. Viðstöddum ber að haga sér í einu og öllu eftir þeim fyrirmælum, sem lögregla eða umsjónarmaður gefur til að halda uppi góðri reglu.

3. gr.

Þeir, sem hyggjast efna til útifundar eða fara í hóp göngu, skulu tilkynna það lögreglustjóra með hæfilegum fyrirvara. Tilkynningu um hóp göngu skal fylgja nákvæm lýsing á fyrirhugaðri gönguleið. Lögreglustjóra er heimilt að breyta leiðinni, á hvaða stigi sem er, ef hann telur brýna nauðsyn til.

4. gr.

Á almannafæri má ekki fljúgast á né hafa í frammi hávaða eða annars konar háttalag, sem veldur ónæði eða raskar allsherjarreglu. Óheimilt er að þeyta hátalara eða hafa hljómflutningstæki svo hátt stillt, að það valdi ónæði eða truflun. Í kirkjugörðum og grafreitum ber að virða grafarhelgi í hvívetna og fara þar hljóðlega um.

5. gr.

Enginn má klæðast né hegða sér þannig á almannafæri, að misboðið sé almennu velsæmi.

6. gr.

Bannað er að raska næturró manna að óþörfu. Enginn má án tilefnis berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllum eða hafast neitt það að, sem valdið getur ónæði eða ótta.

7. gr.

Á götum Súðavíkur eða þar, sem hætta getur stafað af, má ekki renna sér á sledum, skautum né vera að leikjum, þannig að truflað geti umferð eða valdið hættu. Bannað er að hanga aftan í bifreiðum eða öðrum farartækjum, sem eru á ferð. Bannað er að kasta grjóti, snjókúlum eða öðru, ef það veldur óþægindum eða tjóni.

8. gr.

Allir eru skyldir til að segja til nafns síns og heimilis, ef lögregla krefst þess.

9. gr.

Bannað er að skjóta af byssum eða skotvopnum innan marka Súðavíkurkauptúns. Lögreglustjóri getur ákveðið sérstök æfingasvæði eða veitt heimild til einstakra æfinga með skotvopn. Hlaðin skotvopn má ekki bera á götum Súðavíkur eða á almannafæri þar. Lögreglustjóri getur bannað sölu skotelda í umdæmi sínu.

10. gr.

Í Súðavík má ekki kveikja í eldfimum efnum eða sprengiefnum. Ekki má bera þar logandi blys eða kyndla nema með leyfi lögreglustjóra. Nauðsynlegar sprengingar vegna mannvirkjagerðar eru háðar samþykki lögreglustjóra. Sprengiefni eða önnur eldfim efni má ekki hafa í íbúðarhúsum né þar, sem hætta stafar af. Sprengiefni má aðeins geyma þar, sem lögreglustjóri ákveður eða samþykkir.

11. gr.

Almenningi er skylt að hlýða öllum skipunum lögreglumanna, er þeir gefa í þágu réttarvörslu. Lögreglu er heimilt a vísa hverjum þeim brott af almannafæri, sem brýtur gegn ákvæðum þessarar samþykktar um reglu og velsæmi. Ef nauðsyn ber til, geta lögreglumenn krafði sér til aðstoðar hvern fulltíða mann, sem viðstaddur er.

II. KAFLI

**Ákvarðanir til að afstýra truflunum og hættu í veitukerfum,
umferð og öryggisþjónustu.**

12. gr.

Enginn má án sérstakrar heimildar hrófla við leiðslum eða öðrum búnaði þeirra stofnana, sem starfræktar eru í almenningsþágu, svo sem vatns-, orku- og boðveitu eða slökkviliðs. Verði einhver óviljandi valdur að slíku, skal hann þegar í stað tilkynna það viðkomandi stofnun. Óheimilt er að tálma eða trufla starfsemi lögreglu, slökkviliðs, almannavarna, hjálparsevita eða annarra þeirra, sem annast öryggisþjónustu í þágu almennings.

13. gr.

Óheimilt er að stunda á almannafæri atvinnu, sem er til tálmunar fyrir umferðina. Sala hvers konar varnings utan sölubúða og farandsala er bönnuð nema með leyfi lögreglustjóra. Þó má án sérstakrar heimildar selja á almannafæri blöð, bæklinga, merki, happdrættismiða, dagskrár, aðgöngumiða og annað þessu skylt. Ef ágreiningur rís, sker lögreglustjóri úr.

14. gr.

Óheimilt er að tálma umferð um vegi nema nauðsyn krefji. Ökutæki eða varning má ekki skilja eftir á vegum lengur en brýna nauðsyn ber til og aldrei á gangstéttum. Heimilt er lögreglustjóra að láta fjarlægja allar tálmanir á kostnað eigenda. Hreppsnefndir ákveða í

samráði við lögreglustjóra hvar á vegum bifreiðar og vinnuvélar megi standa. Hreppsnefndir geta sett reglur um stöðureiti og ákveðið gjald fyrir þá. Lögreglustjóra er heimilt að láta fjarlægja á kostnað eigenda ökutæki, er standa án skráningarnúmera á götum, vegum, almennum bifreiðastæðum eða öðrum svæðum í sýslunni.

15. gr.

Á almannafæri má ekki setja neitt, er hindrar umferð eða veldur hættu. Í íbúðahverfum Súðavíkur er bannað að leggja stórum fólks- og vöruflutningabifreiðum og einnig vinnuvélum. Hreppsnefnd getur í samráði við lögreglustjóra veitt undanþágu frá þessari reglu, ef talið er, að slíkt leiði ekki af sér óþægindi eða ónæði fyrir íbúana.

16. gr.

Húseigendur og umráðamenn húsa skulu jafnan leitast við að hreinsa snjóhengjur og grýlukerti af húsum sínum til að fyrirbyggja hættu eða skaða. Þakrennum og frárennslum frá þeim skal haldið svo við, að ekki stafi af þeim hætta, vatnsrennsli eða önnur óþægindi. Gangstígum við og að húsum skulu húseigendur og umráðamenn halda greiðfærum og fjarlægja, svo sem kostur er, snjóbreiður og svellbunka eða annað það, er vegfarendum getur stafað hætta eða óþægindi af.

17. gr.

Nú er hús svo hrörlegt, að hætt er við, að það eða einhver hluti þess hrynni eða fjúki, og getur lögreglustjóri þá bannað notkun hússins og lagt fyrir eigandann að rífa það eða endurbæta svo innan tiltekins tíma, að hættu sé afstýrt. Lögreglustjóri getur á kostnað eigandans gert aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til að afstýra hættu eða óþægindum fyrir vegfarendur eða aðra. Hinu sama gegnir, þegar bryggju, steinvegg, girðingu eða öðru liggur við falli eða hruni.

18. gr.

Ekki má fleygja á almannafæri nokkru því, er óþrifum, óþægindum eða hættu getur valdið. Umráðamenn og eigendur skulu gæta þess, að á lóðum þeirra og löndum safnist ekkert það fyrir, sem fokið getur eða valdið tjóni, óþrifum eða lýtum í umhverfinu. Eigi má hafa á almannafæri óbygða brunna, safnþrær, skúra, forir eða annað það, sem börnum eða öðrum getur stafað hætta af.

III. KAFLI

Um umferð.

19. gr.

Ökuhraða skal ávallt stilla svo, að eigi valdi hættu eða óþægindum fyrir aðra umferð. Innan Súðavíkur skal hámarkshraði bifreiða, bifhjóla og annarra ökutækja vera 35 km miðað við klukkustund.

20. gr.

Þeir, sem flytja vörur eða annað, skulu gæta þess, að flutningstæki séu þannig gerð, að ekki valdi óþrifum eða hættu. Falli eitthvað af flutningstæki, á meðan á flutningi stendur, skal sá, er flytur eða flutningi ræður, hreinsa það upp þegar í stað.

21. gr.

Allur óþarfur akstur utan vega og gatna er bannaður.

Lögreglustjóri getur takmarkað eða bannað umferð bifreiða á einstökum götum eða vegum, ef slík umferð er álitin hættuleg eða til sérlegra óþæginda fyrir aðra umferð. Þá getur lögreglustjóri takmarkað næturumferð ökutækja í Súðavík.

Aksturskeppnir innan sýslunnar eru háðar leyfi lögreglustjóra, enda liggi fyrir samþykki sveitarstjórnar og veghaldara.

IV. KAFLI

Um götuspjöld, húsnúmer, merkingar lögbýla og auglýsingar.

22. gr.

Hreppsnefndir ákveða götunöfn og láta festa upp nafnspjöld, þar sem þurfa þykir. Húseigendur og umráðamenn húsa í Súðavík skulu festa á hús sín töluspjöld, er tákna húsaröð. Sömu aðilar skulu annast viðhald og endurnýjun spjaldanna á eigin kostnað.

Eigendur og umráðamenn lögbýla skulu sjá til þess, að heiti býlanna séu skilmerkilega gefin til kynna við þjóðveg eða annars staðar, er henta þykir.

23. gr.

Hreppsnefndir ákveða, hvar festa skuli upp auglýsingar frá yfirvöldum og öðrum stjórnvöldum. Aðrar auglýsingar má einungis festa upp með leyfi húsráðenda.

24. gr.

Leyfi byggingarnefndar þarf til að setja upp föst auglýsingaspjöld eða aðrar varanlegar auglýsingar og hluti utan á hús. Lögreglustjóri getur jafnan mælt fyrir um brottnám þess háttar, ef það þykir valda hættu eða óþægindum fyrir umferðina.

25. gr.

Hlutaðeigendur skulu taka niður uppfestar auglýsingar, er þær hafa náð tilgangi sínum, og hreinsa vel staðinn, þar sem þær voru hafðar. Enginn má rífa niður löglega uppfesta auglýsingu, krota í hana eða skemma á annan hátt.

V. KAFLI

Um umgengni og friðun almenningsigna.

26. gr.

Forsjarmönnum lóða, landa og mannvirkja í einka- eða almenningsign er skylt að gæta þess jafnan, að því, er þeir hafa forsjá fyrir, sé haldið hreinu og þrífalegu og að það fái nægilegt viðhald og góða umhirðu í hvívetna.

Úr vanrækslu í þessum efnum geta hreppsnefndir látið bæta á kostnað þess, er ábyrgð ber á því, sem um er að ræða.

27. gr.

Eigi má fleygja rusli, úrgangi eða öðru því, er óþrifnaði, óheilmæmi eða óþrýði getur valdið, á lóðir, opin svæði, í hafnir eða svo nærri landi, að borist geti á fjörur. Innan Súðavíkur má ekki kveikja í rusli eða sorpi nema með leyfi slökkviliðsstjóra.

28. gr.

Bannað er að spilla neysluvatni eða skemma gróður í almenningsgördum eða á víðavangi. Óheimilt er að brenna sinu nema með leyfi lögreglustjóra, er veitt getur leyfið frá 1. desember til 1. maí.

29. gr.

Mannvirki, girðingar og það annað, sem ætlað er til almenningsnota eða prýði, má enginn lýta, skemma eða færa úr stað.

Áningarstaði, tjaldstæði og útivistarsvæði, hvar sem er innan sýslunnar, skal að notkun lokinni hreinsa vandlega að öllu því, er óprýði og mengun veldur.

VI. KAFLI

Um veitingahús, samkomur og almennar skemmtanir.

30. gr.

Allir veitinga- og gististaðir skulu háðir eftirliti lögreglustjóra og skal lögreglunni jafnan heimill umgangur um húsakynni þau, sem reksturinn fer fram í.

Veitinga- og greiðasölu má einungis hafa um hönd í húsnæði, sem heilbrigðisnefnd viðurkennir og viðkomandi hreppsnefnd hefur samþykkt.

Á öllum gististöðum skal haldin nákvæm gestaskrá.

31. gr.

Hver sá, er selur veitingar, heldur dansleiki, samkomur, aðrar skemmtanir eða selur gistingu, skal afstýra því, að í veitinga-, dans- eða gistihúsi hans fari nokkuð það fram, sem brýtur í bága við góða reglu og velsæmi. Hann skal einnig sjá um, að loftræsting og hreinlæti sé í góðu lagi. Verði misbrestur á í þessum efnum, er lögreglustjóra heimilt að banna starfsemina um stundarsakir eða að fullu og öllu, ef ekki er þegar bætt úr ágöllum að fenginni viðvörun.

32. gr.

Unglingum innan 16 ára er eftir kl. 20.00 óheimil dvöl á almennum dansleikjum, öðrum en sérstöku unglingskemmtunum skóla, æskulýðsfélaga eða annarra aðila, er til þess hafa leyfi, og skulu þær háðar sérstöku eftirliti. Ungmennum yngri en 18 ára er eftir kl. 20.00 óheimil dvöl á vínveitingastað, nema í fylgd með foreldrum sínum eða maka. Forstöðumönnum dans- og vínveitingahúsa er skylt að fylgjast með því, að ákvæði þessi séu haldin. Viðurlög nema sektum eða missi leyfis til veitinga- eða skemmtanahalds um lengri eða skemmri tíma.

33. gr.

Veitinga- og gististöðum skal loka kl. 23.30 í síðasta lagi og skal sú lokun ekki standa skemur en til kl. 06.00. Allir gestir, sem eiga þar ekki náttstað, skulu vera á brott innan hálftrar stundar frá því, að lokað var. Þó má selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma, sem er.

Lögreglustjóri getur veitt leyfi til þess, að skemmtanir og aðrar samkomur standi lengur en til kl. 23.30.

34. gr.

Enginn má reka knattborð, spilakassa eða leiktæki nema með leyfi lögreglustjóra að fengnu álitni viðkomandi hreppsnefndar. Leyfi skal ekki veitt lengur en 4 ár í senn og er óframseljanlegt. Leyfið skal bundið við nafn og veitir leyfishafa aðeins rétt til reksturs í því húsnæði, sem hann hefur þegar leyfið er veitt. Leyfi má einungis veita í húsnæði, sem til þess er hæft að dómi heilbrigðisnefndar.

Unglingum innan 16 ára aldurs er óheimill aðgangur og dvöl að knattborðs- og leiktækjastofum. Aldur miðast við fæðingarár en ekki fæðingardag. Starfsmenn við slík tæki skulu ekki vera undir 18 ára aldri.

Aðgangur að knattborðum, spilakössum og leiktækjum skal einungis heimill frá kl. 15.30 til kl. 23.30 dag hvern að undanskildum föstudeginum langa og fyrri degi stórhátíða þjóðkirkjunnar. Lögreglustjóri getur veitt undanþágu frá ákvæðum um opnunartíma.

Brot gegn ákvæðum þessarar greinar um aldursmörk varðar sviptingu leyfis. Ef leyfishafi brýtur að öðru leyti gegn ákvæðum greinarinnar, reksturinn veldur ónæði í nærliggjandi húsum eða þykir ekki fara vel úr hendi, getur lögreglustjóri svipt hann leyfinu, enda hafi leyfishafi ekki látið sér segjast við aðvörun.

35. gr.

Föst kvikmyndahús eða leikhús má ekki starfrækja í sýslunni nema með leyfi lögreglustjóra að fenginni umsögn viðkomandi hreppsnefndar. Heimilt er að binda leyfið skilyrði um greiðslu leyfisgjalds í sveitarsjóð, og tiltekur þá hreppsnefnd fjárhæðina.

36. gr.

Hver sá, sem heldur skemmtun eða aðra samkomu, skal tilkynna það lögreglustjóra. Hann skal einnig sjá svo um, að þar fari ekkert fram, sem brýtur í bága við reglur og velsæmi. Verði brestur á þessu, er lögreglu heimilt að slíta samkomu og skipa áhorfendum og öðrum að hverfa á brott. Lögreglustjóri getur bannað þeim mönnum aðgang að samkomu, sem ítrekað hafa hagað sér þar ósæmilega.

VII. KAFLI

Um samgöngur við skip.

37. gr.

Lögreglustjóri getur bannað börnum innan 16 ára aldurs umferð um bryggjur og ferðir út í skip og báta í höfnum, ef sérstök ástæða þykir til.

38. gr.

Telji lögreglustjóri þess þörf til að halda uppi velsæmi og góðri reglu, getur hann bannað allar samgöngur við erlend skip.

VIII. KAFLI

Um hundahald.

39. gr.

Hundahald er bannað í Súðavík nema með leyfi hreppsnefndar.

40. gr.

Þeir hundar, sem ekki er leyfi til að halda, skulu teknir og færðir í sérstaka hundageymslu á vegum hreppsins. Þar skulu hundar geymdir í allt að 7 daga á meðan eigendum gefst kostur á að koma þeim fyrir til frambúðar utan marka kaupsins. Kostnaður við töku og geymslu hunda skal að fullu greiddur af eigendum.

Hirði eigendur óleyfilegra hunda ekki um að koma þeim í vörslu utan Súðavíkur innan 7 daga frá því, að þeir voru teknir, né greiði af þeim áfallinn kostnað, skulu hundarnir aflífaðir.

41. gr.

Hunda, sem ráðast á menn eða skepnur, skal fjarlægja þegar í stað. Lögreglustjóri, sveitarstjóri (oddviti), heilbrigðisfulltrúi og dýralæknir taka ákvörðun um það í sameiningu, hvornig með skuli fara, og mega þeir ákveða afturköllun leyfis eða aflífun hunds.

IX. KAFLI

Um búfjánhald og fleira.

42. gr.

Búfjánhald er bannað á skipulagssvæðum í sýslunni, nema með leyfi viðkomandi hreppsnefndar.

Um rekstur búpenings til og frá afréttum, hirðingu hans og fjallskil fer eftir ákvæðum fjallskilareglugerðar sýslunnar hverju sinni.

43. gr.

Ef búfé gengur laust í Súðavík skal hreppsnefnd hlutast til um, að það sé handsamað og fært til geymslu á vegum sveitarfélagsins. Sé búfé ekki leyst út innan viku gegn greiðslu kostnaðar og bóta vegna tjóns, sem það kann að hafa valdið, skal það selt á opinberu uppboði eða því slátrað. Allan kostnað af þessum aðgerðum skulu búfjáreigendur greiða.

Eigendur eða umráðamenn ágangsfénaðar skulu sæta sektum, ef rekja má ágang búfjár til vanrækslu þeirra.

44. gr.

Sé búfé haldið án heimildar, skal búfjáreigandi sviptur vörslu þess og það selt á opinberu uppboði eða því slátrað. Allan kostnað, sem af þessu hlýst, skulu búfjáreigendur greiða.

45. gr.

Alla flækningsketti, sem enginn eigandi finnst að, er lögreglu heimilt að aflífa.

X. KAFLI

Um gildi samþykktarinnar, refsingar og kostnað.

46. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir lögsagnarumdæmi Norður-Ísafjarðarsýslu. Hún gildir til eftirbreytni og um þær aðstæður og starfsemi, sem fyrir eru í sýslunni.

47. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem er skylda hans samkvæmt samþykktinni, má lögreglustjóri láta framkvæma það eða gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra, að vanrækslan valdi tjóni. Allur kostnaður vegna þeirra ráðstafana, sem lögreglustjóri gerir til að hindra brot gegn samþykktinni, greiðist af viðkomandi eða, ef hann er ekki fær um það, úr ríkissjóði.

48. gr.

Með mál út af brotum á samþykkt þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, ef ekki liggur þyngrri refsing við brotinu samkvæmt lögum.

49. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi lögreglusamþykkt fyrir Norður-Ísafjarðarsýslu, nr. 314 22. ágúst 1977, og öll önnur staðbundin ákvæði, sem kunna að brjóta í bága við samþykkt þessa.

Lögreglusamþykkt þessi, sem sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, nr. 107 8. maí 1935, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 22. ágúst 1986.

GJALDSKRÁ

fyrir leiðsögu við Ísland.

1. gr.

Gjald fyrir leiðsögu skips er miðað við brúttórúmlestarstærð þess, og þá vegalengd sem það siglir, samkvæmt meðfylgjandi töflu.

Fyrir hverja sjómílu, eða brot úr sjómílu, allt að 10 sjómílum að og frá höfn eða stað, þar sem skipið hefur viðkomu, skal leiðsögumanni greitt samkvæmt eftirfarandi:

	kr.
Fyrir skip allt að 500 br. rml.	230,00
Fyrir skip frá 501 til 1.000 br. rml.	240,00
Fyrir skip frá 1.001 til 1.500 br. rml.	255,00
Fyrir skip frá 1.501 til 2.000 br. rml.	270,00
Fyrir skip frá 2.001 til 3.000 br. rml.	290,00
Fyrir skip frá 3.001 til 4.000 br. rml.	310,00
Fyrir skip frá 4.001 til 5.000 br. rml.	330,00
Fyrir skip frá 5.001 til 10.000 br. rml.	355,00
Fyrir skip frá 10.001 til 15.000 br. rml.	380,00
Fyrir skip frá 15.001 til 20.000 br. rml.	405,00
Fyrir skip frá 20.001 til 30.000 br. rml.	430,00
Fyrir skip frá 30.001 og þar yfir	460,00

Greiðsla fyrir hverja sjómílu eða brot úr sjómílu fram yfir áður nefndar 10 sjómílu skal vera:

	kr.
Fyrir skip allt að 500 br. rml.	50,00
Fyrir skip allt frá 501 til 5.000 br. rml.	60,00
Fyrir skip frá 5.001 til 10.000 br. rml.	69,00
Fyrir skip frá 10.001 og þar yfir	80,00
Mínsta leiðsögugjald skal vera kr. 2.000,00	

Leggi leiðsögumaður skipi að bryggju eða frá, komi því fyrir eða losi það úr festum, skal hann fá fyrir það kr. 590,00 fyrir skip allt að 500 br.rml. og kr. 60,00 fyrir hverjar 100 br. rúmlestir skipsins þar fram yfir.

2. gr.

Fari viðstaða skipsins í höfn eða viðkomustað fram úr 6 klst. á leiðsögumaður tilkall til biðpeninga fyrir þann tíma, sem viðstaðan fer fram úr 6 klst., á hverjum stað. Skulu biðpeningar greiddast með kr. 265,00 pr. klst., þó ekki lengur en 8 klst. á hverjum sólarhring. Þar að auki ber leiðsögumanni fritt fæði og hvíldaraðstaða fyrir sig og aðstoðarmann.

3. gr.

Leiðsögumanni ber greiðsla alls eðlilegs og sannanlegs kostnaðar fyrir flutning sinn milli skips og lands auk ferðakostnaðar í veg fyrir skipið, eða frá því til leiðsöguhafnar. Hér með teljast laun á ferðalögum og ef leiðsögumaður bíður skips eftir ákveðinn komu- eða brottfarartíma þess. Skal þá á sama hátt greitt með kr. 265,00 pr. klst., þó aldrei meira en 8 klst. á sama sólarhring (frá 00,00—24,00).

4. gr.

Vetrargjaldskrá gildir á tímabilinu 1. október til 31. mars og skal hún vera $\frac{1}{3}$ hærri samkvæmt 1. gr., en óbreytt varðandi 2. og 3. gr.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt lögum nr. 48, 19. júní 1933, um leiðsögu skipa staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir leiðsögu við Ísland nr. 223, 17. maí 1985.

Samgönguráðuneytið, 12. ágúst 1986.

Matthías Bjarnason.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

AUGLÝSING

**um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli
fyrir frystar afurðir fyrir framleiðslutímabilið
1. júní 1986 til 30. september 1986.**

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll fyrir frystar afurðir fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní s.l. til 30. september 1986:

Vélskelflett rækja:

SDR pr. lb. cif.

Færri en 350 stk. í lb.:

Blokkfryst	2,666
5×2 kg og 4×2,5 kg vatnshúðuð, sérfryst	2,548
5×2 kg og 4×2,5 kg óvatnshúðuð, sérfryst	2,794
500 gr vatnshúðuð, sérfryst	2,956
200 gr vatnshúðuð, sérfryst	2,105

Fleiri en 350 stk. í lb. og óflokkuð:

Blokkfryst	2,548
5×2 kg og 4×2,5 kg vatnshúðuð, sérfryst	2,548
5×2 kg og 4×2,5 kg óvatnshúðuð, sérfryst	2,666
500 gr vatnshúðuð, sérfryst	2,956
200 gr vatnshúðuð, sérfryst	2,105

Verðbil verði 5%.

Greiðslur í eða úr sjóðnum miðast við 62,5% af verðbreytingu frá grundvallarverði að teknu tilliti til verðbils. Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Laus- og blokkfrystur hörpuðiskur:

US \$ pr. lb. cif.

Færri en 60 stk. í lb.	3,23
Fleiri en 60 stk. í lb. og óflokkað	2,99
Hálfhreinsaður	1,47
Rauður og brotinn	1,81

Verðbil verði 5%.

Greiðslur í eða úr sjóðnum miðast við 62,5% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádrægni verðbili.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 11. ágúst 1986.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Sigurður P. Sigmundsson.

AUGLÝSING

**um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli
á saltfiskafurðum fyrir framleiðslutímabilið
frá 1. apríl til 31. maí 1986.**

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. apríl til 31. maí 1986.

Tandurverkaður þorskur:		US \$ pr. lest fob.
10/30	1.	2 600
30/40	1.	2 358
40/60	1.	2 180
60/80	1.	1 916

Verðbil verður 4,5% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn verða 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Þorsklök:	US \$ pr. lest fob.	
	A-flök	B-flök
700/UP	3 976	3 541
400/700	3 821	3 717
200/400	3 667	3 366
100/200	3 098	2 735

Verðbil verður 3,5% og miðast við verðhækkun sem verðlækkun.

Greiðslur í eða úr sjóðnum verða 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádrægni verðbili.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 11. ágúst 1986.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Sigurður P. Sigmundsson.

SAMÞYKKT

um afgreiðslutíma verslana á Sauðárkróki.

1. gr.

Samþykktin tekur til hvers konar smásöluverslana á Sauðárkróki, þ. á. m. söluturna, mjólkurbúða og brauðbúða.

Um daglegan vinnutíma og önnur starfskjör fólks, sem vinnur í starfsgreinum þeim, sem samþykkt þessi tekur til, fer eftir hlutaðeigandi kjarasamningum og venjum er tíðkast hafa í hverri grein.

Bæjarstjórn getur ákveðið, að fyrirmæli þessarar samþykktar taki að nokkru eða öllu leyti til afgreiðslutíma annarra fyrirtækja, sem hafa bein viðskipti við almenning, t. d. rakarastofa, hárgreiðslustofa, ljósmyndastofa, viðgerðarverkstæða o. s. frv.

Undanþegnar ákvæðum samþykktarinnar eru þó lyfjabúðir, bifreiðastöðvar, að því er varðar bifreiðaafgreiðslu og bensínafgreiðslur, að því er snertir sölu á bensíni og öðrum vörum til bifreiða. Ekki ná ákvæðin heldur til sjálfsala, blaðasölu á götum, úr blaðasöluvögunum eða blaðasöluturnum, merkjasölu og annars slíks.

Ef ágreiningur rís um skilning á ákvæðum samþykktar þessarar, úrskurðar bæjarstjórn ágreiningsefnið að fenginni umsögn lögreglustjóra, en skjóta má þeim úrskurði til ráðherra.

2. gr.

Daglegur afgreiðslutími smásöluverslana og annarra sölustaða, er samþykkt þessi tekur til, skal vera sem hér segir, nema öðruvísi sé sérstaklega ákveðið í samþykktinni: Virka daga er heimilt að opna sölustaði kl. 8,00 og þeim skal lokað eigi síðar en kl. 18,00.

Á föstudögum er heimilt að halda öllum sölustöðum opnum til kl. 19,00.

Á þriðjudögum og fimmtudögum er heimilt að halda öllum sölustöðum opnum til kl. 22,00 eða næsta virkan dag á undan séu þeir helgidagar.

Á laugardögum er heimilt að halda sölustöðum opnum til kl. 12,00. Fyrsta laugardag í desember má þó halda sölustöðum opnum til kl. 16,00, en aðra laugardaga í þeim mánuði til kl. 18,00. Hinn 18. desember má halda verslunum opnum til kl. 22,00 en sé 18. desember sunnudagur gildir sú regla 19. desember.

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að hafa verslanir opnar til kl. 24,00.

Bæjarstjórn getur að fengnum tillögum lögreglustjóra heimilað, að sölustaður verði opnaður fyrr en segir í grein þessari.

3. gr.

Bæjarstjórn getur leyft, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar, að matvöruverslanir, söluturnar og sambærilegir sölustaðir séu opnir alla daga frá kl. 8,00 til 22,00 á tímabilinu 15. september — 14. maí. Á tímabilinu 15. maí til 14. september frá kl. 8,00 til 23,30, sbr. þó a-lið 5. gr.

4. gr.

Bæjarstjórn getur leyft rýmri afgreiðslutíma einstakra verslana en segir í 2. og 3. gr., m. a. þegar um er að ræða minjagripaverslanir, sölu á lifandi blómum, sölu á garðplöntum, sölu á jólatrjám og slíkum vörum í desembermánuði og áþekka sölu, þar sem eðlilegt telst, að afgreiðslutími sé rýmri.

5. gr.

- Um lokun sölustaða á einstökum helgidögum og hátíðisdögum gilda eftirfarandi reglur:
- Föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag, jóladag og nýársdag skal öllum sölustöðum lokað allan daginn.
 - Alla sunnudaga, skírdag, annan páskadag, sumardaginn fyrsta, 1. maí, annan hvítasunnudag, uppstigningardag, 17. júní, fyrsta mánudag í ágúst og annan jóladag, skal sölustöðum lokað allan daginn, sbr. þó undantekningarákvæði 3. og 4. gr.
 - Á aðfangadag jóla og gamlársgang skal öllum sölustöðum lokað eigi síðar en kl. 12,00.

6. gr.

Í kvikmyndahúsum, leikhúsum, á íþróttavöllum, útiskemmtistöðum og slíkum stöðum, er heimilt, að fengnu samþykki heilbrigðisnefndar, að selja sælgæti, tóbak, ís, gosdrykki og annað slíkt, sem ætla má að neytt verði á staðnum. Einnig má selja sýningarskrár, minjagripa eða annað slíkt, sem eðlilegt telst að þar sé til sölu, utan þess tíma, er um getur í 2. gr., þó aldrei eftir að sýningu lýkur eða skemmtistað er lokað.

7. gr.

Eftir lokunartíma sölustaða er óheimilt að selja þann varning, sem verslunarleyfi þarf til sölu á. Þó skal heimilt að afgreiða það fólk, sem komið er í verslun eða á sölustað þegar lokað er.

Ennfremur er heimilt að afgreiða vörur til skipa hvenær sem er sólarhrings.

8. gr.

Lögreglustjóri getur heimilað í einstökum tilvikum rýmri sölutíma en segir í samþykkt þessari, þegar hann telur sérstaka ástæðu til, meðal annars þegar ákveðið er að ágóði af sölu renni til almenningsheilla.

9. gr.

Fyrir leyfi samkvæmt 3. gr. og 4. gr. skal greiða gjald í bæjarsjóð. Bæjarstjórn ákveður árlega upphæð gjaldsins. Gjaldldagi þess er fyrirfram 1. febrúar ár hvert. Sé gjaldið ekki greitt á réttum gjalddaga fellur leyfið úr gildi.

Ef leyfishafi brýtur samþykkt þessa eða skilyrði, sem bæjarstjórn eða lögreglustjóri setja fyrir leyfi, eða rekstur sölustaðar þykir ekki fara vel úr hendi, má bæjarstjórn svipta leyfishafa leyfi enda hafi hann ekki látið segjast við aðvörun. Jafnframt má þá ákveða, að leyfi verði ekki veitt til slíks rekstrar á viðkomandi stað um tiltekinn tíma.

10. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum.

Með mál út af brotum á samþykktinni skal farið að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Sauðárkrókskaupstaðar samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 19. ágúst 1986.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Pórhildur Línadal.

REIKNINGUR**Innheimtustofnunar sveitarfélaga.****Rekstrarreikningur fyrir árið 1985.**

Rekstrargjöld:	Kr.
Laun og launatengd gjöld	5 262 213,00
Annar rekstrarkostnaður	1 685 424,00
Gjaldfærð fjárfesting	2 163 729,00
	<hr/>
	9 111 366,00
	<hr/>
Rekstrartekjur:	
Innheimtuþóknun v/erlendra innheimtu	655 271,00
Innheimtuþóknun	117 011,00
Endurgr. innheimtukostnaður	943 702,00
Vextir	1 870 739,00
	<hr/>
	3 586 723,00
Hlutur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	5 524 643,00
	<hr/>
	9 111 366,00
	<hr/>

Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1985.

Eignir:	
Sjóður	2 615 190,00
Inneign á hlr. 333 Útvegsbanka Íslands	1 787 831,00
Skuldabréfaeign	100 000,00
Ógreidd innheimtuþóknun	335 081,00
Óinnheimtar kröfur	433 511 141,00
Jöfnunarsjóður v/skrifstofukostnaðar	5 524 643,00
	<hr/>
	443 873 886,00
	<hr/>
Skuldir:	
Ógreiddur kostnaður	0
Tryggingastofnun ríkisins	26 112 652,00
Erlendar innheimtur	585 643,00
	<hr/>
	26 698 295,00
Framlag Jöfnunarsjóðs	417 175 591,00
	<hr/>
	443 873 886,00
	<hr/>

Reykjavík, 21. apríl 1986.

Stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga:

Guðm. Vignir Jósefsson, form.,

Hallgrímur Dalberg,
Árni Guðjónsson.

Steinþór Júlíusson.

REGLUGERÐ

um svæðisstjórnir málefna fatlaðra.

I. KAFLI

Stofnun og skipan svæðisstjórna.

1. gr.

Á hverju starfssvæði samkvæmt 5. gr. laga nr. 41/1983 um málefni fatlaðra skal starfa svæðisstjórn.

2. gr.

Í hverri svæðisstjórn eiga sæti: héraðslæknir, fræðslustjóri og fimm menn skipaðir af félagsmálaráðherra, tveir þeirra samkvæmt tilnefningu svæðisbundinna samtaka sveitarfélaga og skal annar þeirra vera úr stjórn eða fulltrúi viðkomandi samtaka og þrír samkvæmt tilnefningu fatlaðra, Landssamtakanna Þroskahjálpar og Öryrkjabandalags Íslands.

Í Reykjavík tilnefnir borgarstjórn tvo fulltrúa, annan úr sínum hópi en hinn fulltrúa í félagsmálaráði Reykjavíkur.

Um skipan í svæðisstjórn fer samkvæmt reglugerð nr. 779/1983. Skipunartími svæðisstjórna er fjögur ár.

II. KAFLI.

Hlutverk svæðisstjórna.

Áætlanagerð.

3. gr.

Svæðisstjórnir safna upplýsingum og kanna þörf fyrir þjónustu við fatlaða hver á sínu svæði. Hér er bæði átt við sérstaka þjónustu vegna fatlaðra svo og hvernig veita megi fötluðum þjónustu á almennum stofnunum.

Á grundvelli þessara upplýsinga gera svæðisstjórnir tillögur og áætlun um þjónustu fyrir fatlaða hver á sínu svæði.

Svæðisstjórnir skulu samræma tillögur um þjónustu við fatlaða þannig að aðgerðir þeirra aðila, sem með þessi mál fara á svæðinu, séu með þeim hætti að þær tryggji fötluðum jafnrétti og sambærileg lífskjör við aðra þjóðfélagsþegna, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1983 um málefni fatlaðra.

Svæðisstjórnir senda viðkomandi ráðuneytum tillögur, sbr. 2. og 3. mgr., ásamt framkvæmdaáætlun til 3ja ára. Afrit af áætluninni skal sent stjórnarnefnd.

4. gr.

Svæðisstjórnir skulu gera árlega áætlun og tillögur um forgang verkefna vegna úthlutunar úr Framkvæmdasjóði fatlaðra og senda hlutaðeigandi ráðuneyti eigi síðar en í september ár hvert.

Við forgangsroðun verkefna skal taka mið af fyrri áætlunum.

5. gr.

Svæðisstjórnir gera árlega fjárhags- og framkvæmdaáætlanir til notkunar við undirbúning fjárlaga og skal senda þær til viðkomandi ráðuneytis fyrir 1. apríl ár hvert.

Vistun á stofnanir.

6. gr.

Umsóknir um þjónustu og vistun á meðferðarheimilum, sambýlum, hjúkrunarheimilum og vistheimilum skulu sendar hlutaðeigandi svæðisstjórn. Svæðisstjórn skal leita sérfræðilegrar aðstoðar og umsagnar Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins eða hjá öðrum greiningar- og ráðgjafaraðila. Að fenginni slíkri sérfræðilegri aðstoð/umsögn skal ákvörðun um vistun tekin með þeim hætti sem hér greinir:

- a) Þegar um stofnanir á vegum opinberra aðila er að ræða, skal svæðisstjórn taka ákvörðun um vistun í samráði við forstöðumann stofnunarinnar. Rísi ágreiningur milli þessara aðila sker stjórnarnefnd um málefni fatlaðra úr um.
- b) Þegar í hlut eiga stofnanir, sem reknar eru af öðrum en opinberum aðilum, getur vistun því aðeins átt sér stað að fyrir liggji samþykki forstöðumanns og/eða stjórnar viðkomandi stofnunar. Sé umsókn um vistun synjað er heimilt að vísa málinu til stjórnarnefndar um málefni fatlaðra sem leitar lausnar.

7. gr.

Sé óskað eftir vistun á stofnun, sbr. 6. gr. reglugerðar þessarar, sem er á öðru svæði en lögheimili umsækjanda, skal umsókn send til svæðisstjórnar á því svæði þar sem stofnunin er. Sú svæðisstjórn skal fjalla um umsóknina og mæli hún með vistun skal hún hafa samráð við svæðisstjórn á því svæði þar sem lögheimili umsækjanda er en taka síðan endanlega ákvörðun.

8. gr.

Ákvæði 6. og 7. gr. skulu eiga við hvort heldur um er að ræða vistun til lengri eða skemmri tíma á þeim stofnunum sem greindar eru í 6. gr. reglugerðar þessarar.

9. gr.

Hafi ekki verið um fyrirfram umsáminn dvalartíma að ræða á stofnunum skv. 6. gr. reglugerðar þessarar, skulu svæðisstjórnir fylgjast með því hvenær dvalartíma lýkur og eiga hlut að máli þegar ákvörðun um brottför er tekin.

Eftirlitsskylda svæðisstjórna með stofnunum fatlaðra.

10. gr.

Svæðisstjórnir skulu, hver á sínu svæði, annast eftirlit með stofnunum fyrir fatlaða, öðrum en þeim sem svæðisstjórn er beinn rekstraraðili að, þ. e. a. s. sjálfseignarstofnunum, stofnunum félaga fatlaðra og stofnunum sveitarfélaga. Eftirlitið nær til allrar starfsemi slíkra stofnana, s. s. stjórnunar, fjármála og faglegs starfs. Stjórnendum stofnana er skylt að veita svæðisstjórn og/eða fulltrúa hennar aðgang að öllum upplýsingum sem kann að vera óskað eftir í þessu skyni. Svæðisstjórn getur óskað eftir að sitja fundi innan stofnunarinnar og er stjórnendum skylt að veita svæðisstjórn aðgang að þeim.

11. gr.

Svæðisstjórnir geta hvenær sem er óskað eftir upplýsingum er snerta fjármál stofnana, sbr. 10. gr., hvort heldur um er að ræða rekstur eða stofnkostnað. Svæðisstjórn er heimilt að fá yfirlit yfir launagreiðslur til fatlaðra af hálfu stofnunarinnar. Einnig getur svæðisstjórn krafist stofnanir um yfirlit vegna þeirra tekna sem einstaklingar leggja til reksturs stofnunarinnar.

12. gr.

Faglegt eftirlit, sbr. 10. gr., felst í því að svæðisstjórnnum er hvenær sem er heimilt að óska eftir upplýsingum um stjórnun, starfsmannahald svo og um það hvers konar þjónusta, alhliða eða einstaklingsbundin, sé veitt á viðkomandi stofnun. Stjórnendum stofnunarinnar ber að láta slíkar upplýsingar í té.

13. gr.

Komi í ljós, að mati svæðisstjórnar, að einhverju sé ábótavant í starfsemi stofnunar, sbr. 10.—12. gr. reglugerðar þessarar, ber svæðisstjórn að leiðabefna stofnunum um það sem betur má fara og fylgja eftir þeim breytingum sem hún telur nauðsynlegar. Þegar einstaklingsbundin meðferð og velferð hins fatlaða á stofnuninni á í hlut, er svæðisstjórn heimilt að óska eftir því að Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins veiti faglegar ráðleggingar, sbr. 8. tl. 16. gr. laga nr. 41/1983 um málefni fatlaðra. Einnig skal svæðisstjórn beita sér fyrir breytingum í samræmi við þær ráðleggingar/ráðgjöf sem Greiningar- og ráðgjafarstöðin hefur mælt með.

Fari stofnunin ekki eftir þeim kröfum til úrbóta, sem svæðisstjórnin hefur sett fram, innan hæfilegs tíma, sendir svæðisstjórn málið til stjórnarnefndar um málefni fatlaðra.

Umsagnir vegna starfsleyfa stofnana.

14. gr.

Svæðisstjórnir veita umsagnir vegna beiðna um starfsleyfi, sbr. 11. gr. laga um málefni fatlaðra nr. 41/1983, til hlutadeigandi ráðuneyta þegar félög fatlaðra eða sveitarfélög óska eftir að setja á fót og starfrækja stofnanir fyrir fatlaða skv. 7. gr. laga um málefni fatlaðra.

Húsnæðismál.

15. gr.

Svæðisstjórnir skulu fjalla um úrbætur í húsnæðismálum fatlaðra, bæði hvað varðar stofnanir og einstaklinga og gera ákveðnar tillögur í þeim efnum til Húsnæðisstofnunar ríkisins.

16. gr.

Svæðisstjórnir skulu kynna sér rétt hinna fötluðu til lána úr Byggingarsjóði ríkisins samkvæmt reglugerð nr. 321/1986 um Byggingarsjóð ríkisins samkvæmt reglugerð sbr. hér 13. gr. þeirrar reglugerðar um almennan rétt hinna fötluðu í þessum efnum svo og rétt þeirra til lána vegna kaupa á nýjum íbúðum skv. 19.—27. gr. ofangreindrar reglugerðar og til kaupa á notuðum íbúðum skv. 28.—33. gr. reglugerðarinnar svo og um rétt hinna fötluðu til lána vegna sérþarfa sinna skv. 47. og 48. gr. reglugerðarinnar. Einnig um það hvernig lán vegna sérþarfa hinna fötluðu geta farið saman með lánnum til kaupa á nýjum eða notuðum íbúðum, sbr. 26. og 32. gr. framangreindrar reglugerðar.

Jafnframt skulu svæðisstjórnir kynna sér möguleika hinna fötluðu til að fá lán úr Byggingarsjóði verkamanna skv. IV. kafla laga nr. 60/1984, sbr. lög nr. 54/1986, svo og til að fá leiguíbúð skv. c-lið 33. gr. sömu laga.

Ferlimál.

17. gr.

Svæðisstjórnir skulu fylgjast með því að aðgengi fatlaðra, utan húss sem innan, verði sem best tryggt við byggingu nýrra vinnustaða svo og þjónustustofnana, s. s. samkomuhúsa, sjúkrahúsa, skólahúsa, iðnaðar-, verslunar- og skrifstofuhúsa, sbr. ákvæði 6.10.1.1. byggingarreglugerðar nr. 292/1979 með síðari breytingum. Skal hér sérstaklega gætt ákvæða

byggingarreglugerðar um aðkomu að opinberum byggingum (6.10.1.4.), snyrtiaðstöðu (6.10.1.2.), lyftur (6.10.1.5.) og rými fyrir hjólastóla í hverju samkomuhúsi (6.10.2.6.).

Jafnframt skulu svæðisstjórnir gera tillögur um það hvernig breyta megi eldri vinnustöðum og þjónustustofnunum þannig að tilgangi 1. mgr. þessarar greinar verði sem best náð.

Um aðgengi skal höfð samvinna við Vinnueftirlit ríkisins, byggingarnefndir, ferlinefndir sveitarfélaga og hönnuði.

Endurhæfing. Atvinnuleit.

18. gr.

Svæðisstjórn skal jafnan leggja áherslu á að sem best tengsl séu á milli hæfingar og endurhæfingar annars vegar og atvinnuleitar hins vegar. Lögð verði sem mest áhersla á að fatlaðir, sem notið hafa hæfingar og endurhæfingar, fái vinnu við sitt hæfi þannig að endurhæfingin nýtist þeim.

19. gr.

Á hverju svæði skal koma á atvinnuleit fyrir fatlaða sem hefur það hlutverk að afla fötluðum atvinnu við sitt hæfi.

Þar sem vinnumiðlun hlutaðeigandi sveitarfélags starfrækir sérstaka deild fyrir öryrkja samkvæmt lögum um vinnumiðlun nr. 18/1985, skal svæðisstjórn fela þeirri skrifstofu starfrækslu atvinnuleitar, sbr. 1. mgr.

Á öðrum svæðum skulu svæðisstjórnir stuðla að atvinnuleit í nánnum tengslum við félagsmálaráðuneytið, vinnumiðlun hlutaðeigandi sveitarfélags, aðila vinnumarkaðarins og aðra hlutaðeigandi aðila.

Leggja skal áherslu á að skipuleggja hlutastörf eftir því sem við verður komið vegna þeirra sem ekki þola vinnuálag sem fullt starf hefur í för með sér.

Jafnframt skulu svæðisstjórnir, í samvinnu við stjórnendur fyrirtækja og trúnaðarmenn hlutaðeigandi stéttarfélaga, beita sér fyrir fjölgun starfa fyrir fatlaða á vinnustöðum.

Kennsla í heimahúsum.

20. gr.

Hlutaðeigandi svæðisstjórn skal sjá um að fatlaðir, sem samkvæmt lögum um grunnskóla eiga rétt á kennslu en af óviðráðanlegum ástæðum geta ekki sótt skóla og notið kennslu utan heimilis, fái kennslu við sitt hæfi í heimahúsum. Svæðisstjórnir skulu gera tillögur í samráði við hlutaðeigandi aðila, þ. e. a. s. fræðslufirvöld og aðstandendur hins fatlaða um það hvernig fyrirkomulag þessarar þjónustu verði best háttáð.

Stuðningsfjölskyldur.

21. gr.

Umsóknir um þjónustu stuðningsfjölskyldu skulu sendar hlutaðeigandi svæðisstjórn sem fjallar um þær í samræmi við reglugerð nr. 345/1985 um stuðningsfjölskyldur vegna fatlaðra.

Fjárhagsaðstoð við fatlaða.

22. gr.

Svæðisstjórn skal sjá um að framfærendur, sem kjósa sjálfir að annast fatlaða í heimahúsum og að mati svæðisstjórnar eru hæfir til þess, fái fjárhagsaðstoð og skal farið með slík mál í samræmi við reglugerð nr. 457/1984.

Jafnframt annast svæðisstjórn eftirlit með þeim er slíkrar aðstoðar njóta, sbr. 7. gr. fyrrnefndrar reglugerðar.

23. gr.

Svæðisstjórnir gera tillögur um fjárhagsaðstoð til fatlaðra í samræmi við 19. gr. laga nr. 41/1983 um málefni fatlaðra, sbr. reglugerð nr. 244/1986 um styrki og lán til verkfæra- og tækjakaupa og reglugerð nr. 265/1985 um styrki og lán til greiðslu námskostnaðar fatlaðra.

Ýmislegt.

24. gr.

Svæðisstjórnir skulu fylgjast með framkvæmd laganna hver á sínu svæði og gera tillögur um úrbætur. Slíkar tillögur skulu sendar hlutaðeigandi ráðuneyti og stjórnarnefnd ásamt rökstuddum áætlunum. Stjórnarnefnd skal fylgjast með því að unnið sé að úrlausn þeirra tillagna er fram koma.

25. gr.

Svæðisstjórnir og stofnanir skv. 7. gr. laga nr. 41/1983 um málefni fatlaðra skulu senda hlutaðeigandi ráðuneyti skýrslu yfir reksturinn fyrir hvert almanaksár. Einnig skulu þær svæðisstjórnir og stofnanir sem ekki eru í bókhaldsþjónustu ríkisbókhalds senda hlutaðeigandi ráðuneyti ársreikning endurskoðaðan af löggiltum endurskoðanda fyrir lok mars ár hvert.

Sundurliðað kostnaðaryfirlit yfir framkvæmdir, sem úthlutað er til úr Framkvæmdasjóði, skal í árslok senda stjórnarnefnd.

26. gr.

Svæðisstjórn annast önnur þau verkefni, sem stjórnarnefnd eða ráðuneyti kunna að fela henni.

27. gr.

Sérhverjum, er starfar samkvæmt reglugerð þessari, ber að gæta fyllstu þagmælsku um það sem hann kemst að í starfi sínu og leynt skal fara samkvæmt lögum eða edli máls.

III. KAFLI**Starfshættir svæðisstjórna.**

28. gr.

Svæðisstjórn kýs sér formann, varaformann og ritara úr eigin hópi.

29. gr.

Svæðisstjórn kemur saman til fundar svo oft sem þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en fjórum sinnum á ári. Skyld er að boða til fundar ef tveir stjórnarmanna óska þess enda sé fundarefni tilgreint.

30. gr.

Fundur svæðisstjórnar telst lögmætur ef allir stjórnarmenn hafa verið boðaðir með að minnsta kosti þriggja daga fyrirvara. Fundur skal boðaður með dagskrá.

31. gr.

Svæðisstjórn afgreiðir mál með ályktunum á fundum. Afl atkvæða ræður úrslitum um afgreiðslu mála. Ályktanir eru því aðeins bindandi að meiri hluti stjórnar sé á fundi.

32. gr.

Fundargerðir svæðisstjórna skulu ritaðar í gerðabók og staðfestar með undirskrift fundarmanna.

33. gr.

Pegar taka skal ákvörðun, er varðar sérstaklega tiltekna stofnanir eða sveitarfélög, skal svæðisstjórn gefa hlutaðeigandi aðilum kost á að kynna sér málið og láta álit sitt í ljós á fundi hennar.

34. gr.

Svæðisstjórn er heimilt að ráða framkvæmdastjóra að fengnu samþykki félagsmálaráðuneytis. Hlutaðeigandi skal hafa þekkingu og/eða reynslu af málefnum fatlaðra. Starfssvið framkvæmdastjóra er m. a. að sjá um daglegan rekstur svæðisstjórna. Jafnframt er svæðisstjórn heimilt að fela framkvæmdastjóra að vinna að rekstrar- og fjárhagsáætlunum svo og önnur störf er svæðisstjórn telur rétt að fela honum. Svæðisstjórn er ennfremur heimilt að ráða aðra starfsmenn í þjónustu sína að fengnu samþykki félagsmálaráðuneytis.

35. gr.

Kostnaður vegna starfa fulltrúa í svæðisstjórn greiðist úr ríkissjóði. Þóknananefnd ákveður laun vegna starfa svæðisstjórna. Um greiðslu ferðakostnaðar gilda sömu reglur og um opinbera starfsmenn.

Annar kostnaður við starfsemi svæðisstjórna greiðist úr ríkissjóði.

Gildistaka.

36. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 41/1983 um málefni fatlaðra, öðlast gildi 1. september 1986.

Félagsmálaráðuneytið, 23. júlí 1986.

Alexander Stefánsson.

Margrét Margeirsdóttir.

5. september 1986

Nr. 394

SAMÞYKKT

**um breytingu á samþykkt um stjórn Akureyrar nr. 143 frá 29. ágúst
1962 sbr. samþykkt nr. 319 frá 20. júní 1986.**

1. gr.

29. tl. 29. gr. orðist svo:

Fimm fulltrúa á Fjórðungsþing Norðlendinga og fimm til vara.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Akureyrar hefur sett staðfestist hér með samkvæmt 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8 18. apríl 1986 til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 5. september 1986.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Þórhildur Línadal.

REGLUGERÐ

um sundnám grunnskóla.

1. gr.

Skólanemendum skal ætla sundtíma á stundaskrá skóla, eigi færri en einn á viku, ef sundlaug er svo nærri skólanum, að sundiðkunum verði við komið með öðru námi.

2. gr.

Þar sem eigi háttar svo til sem um getur í 1. gr. skal kenna sund á námskeiðum. Skal hver nemandi grunnskóla eiga kost á 180 kennslustundum í sundi þar af 120 í 1.–6. bekk, en 60 í 7.–9. bekk. Ríkissjóður tekur þátt í kostnaði nemenda vegna framkvæmdar sundkennslunnar samkvæmt reglugerð þessari. Ákveður ráðuneytið hver þátttaka ríkissjóðs í kostnaðinum skuli vera.

3. gr.

Pegar sundkennsla skólanna og sundnámskeið fara fram, skal ætla sundkennslunni sérstakan tíma. Skulu sundkennarar ef þeir eru starfsmenn sundstaðar þá aðeins sinna sundkennslu skólanemenda. Ef almenningi eru leyfð afnot af sundlaug er kennsla fer fram skal ætla skólanemendum afmarkað svæði í lauginni.

Í hverjum sundhópi skulu að jafnaði vera 15 nemendur hjá einum kennara í hverjum 40 mínútna sundtíma. Kennarar eiga að fræða nemendur um gildi sundkunnáttu í sambandi við björgun frá drukkun, sund í sjó, ám eða stöðuvötnum. Einnig skulu þeir fræða nemendur um gildi sundiðkana með tilliti til almennrar líkamsræktar og umgengni á sundstöðum og varúð við sundiðkunum í sjó, ám og vötnum. Kennarar skulu láta nemendur reyna sund í fötum og kenna þeim ýmis leysitök á sundi eftir því sem slíkri iðkun verður við komið.

4. gr.

Í 6. og 9. bekk skulu nemendur gangast undir sundpróf sem hér greinir, nema þeir sem að læknisráði hafa fengið undanþágu frá sundnámi. Sundkennara er heimilt í samráði við skólalækni að veita undanþágu frá prókröfum sundstiganna ef um vatnshræðslu eða hreyfihömlun er að ræða. Þessi sundpróf skulu fara fram undir eftirliti prófdómara.

Prófatriði VI. sundstigs eru eftirfarandi:

(samræmt sundpróf í 6. bekk).

- a. 200 m bringusund
- b. 50 m baksund (skólabaksund)
- c. 15 m björgunarsund með jafningja, frjáls aðferð
- d. 8 metra kafsund
- e. val nemenda: 50 m bringusund á tíma
25 m skriðsund á tíma
- f. 3 leysitök — grip um báða úlnliði — grip um framhandlegg með báðum höndum — grip um háls framan frá.
- g. ein lífgunaraðferð — blástursaðferðin.

Prófatriði IX. sundstigs eru eftirfarandi:

(samræmt próf í 9. bekk)

- a. 600 m bringusund án hvíldar
- b. 25 m björgunarsund með jafningja
- c. 12 m kafsund

- d. nemendur velja tvær sunnaðferðir af fjórum til að synda á tíma:
 100 m bringusund
 50 m skriðsund
 50 m bakskríðsund
 25 m flugsund
- e. 3 leysitök — grip í fatnað framan frá — grip um háls aftan frá — grip utan um brjóst aftan frá.
- f. ein lífgunaraðferð — blástursaðferðin — notkun björgunartækja, vesta, hringa o.fl.

5. gr.

Við sundpróf VI. stigs skal gefa einkunnir í heilum tölum frá 1–10. Fyrir að synda hverja tilskylda vegalengd a–c prófatriði stigsins fær nemandi 5 og til viðbótar 1–5 fyrir sundlag.

Einkunn fyrir valgrein d atriðsins ákveðst samkvæmt gildandi tímatöflu. Leysitök og lífgunaraðferð skulu ekki metin til einkunnar, en í þess stað skal prófdómari fullvissa sig um hvort nemandi getur leyst þau af hendi. Einkunnir skulu færðar inn á þar til gerð skírteini.

Nemandi telst hafa staðist VI. sundstig geti hann lokið þeim vegalengdum sem krafist er í prófinu.

Sundpróf IX. stigs er háð eftirfarandi: Nemandi telst hafa staðist tilskilið sundpróf, ef hann nær að synda viðstöðulaust þær sundvegalengdir, sem kveðið er á um í a–c prófatriðum stigsins (hámarksvegalendir), synt tvær sunnaðferðir af fjórum í d atriðum stigsins.

Nemandi verður að sýna kunnáttu í leysitökum og lífgunaraðferð og kunna skil á helstu björgunar- og hjálpartækjum við björgun úr sjó og vötnum.

6. gr.

Æskilegt er að námsmat í sundi fari fram árlega og til leiðbeiningar því eru eftirfarandi sundstig. Einkunnagjafir fyrir hreyfihamlaða og þroskahefta skulu miðast við vegalengdir sundstiga sem nemandi nær að synda en ekki sundlag eða hvernig synt er.

I. stig

- Staðið í botni, andað að sér og síðan frá með andlitið í kafi 10 sinnum í röð.
- Spyrna frá bakka og renna með andlitið í kafi 2,50 metra eða lengra.
- Bringusundsfótatök við bakka með eða án hjálpartækja.

II. stig

- Marglyttuflot með því að rétta úr sér.
- 10 metra bringusund.
- 6 metra baksunds fótatök, með eða án hjálpartækja.

III. stig

- 25 metra bringusund.
- 10 metra baksund.
- 6 metra skriðsunds fótatök, andlitið í kafi, armar teygðir fram.

IV. stig

- 75 metra bringusund.
- 20 metra baksund.
- 10 metra skriðsund.
- Stunga af bakka.
- Kafa eftir hlut á 1–2 metra dýpi.
- Troða marvaða í 10–20 sek.

V. stig

- a. 50 metra baksund.
- b. 25 metra skriðsund.
- c. 25 metra bringusund á tíma.
- d. 15 metra björgunarsund.
- e. 8 metra kafsund.
- f. 10 metra bakskriðsund með fótum.

VI. stig

Sjá grein um samræmt sundpróf í 6. bekk.

VII. stig

- a. 400 metra sund frjáls aðferð, án þess að stöðva.
- b. 25 metra bakskriðsund.
- c. 10 metra fótatök á flugsundi, sporðtök.
- d. Nemendur velja um að synda á tíma:
50 metra bringusund eða
50 metra skriðsund.
- e. Troða marvaða í 1 mínútu.

VIII. stig

- a. 300 metra þrísund: bringusund, baksund, skriðsund (viðstöðulaust).
- b. 50 metra bakskriðsund.
- c. 10 metra kafsund.
- d. 12 metra flugsund.
- e. Stunga af viðbragðspalli.
- f. 25 metra sund í fótum.
- g. Nemendur velja eina aðferð til að synda á tíma:
25 metra bakskriðsund
50 metra skriðsund
50 metra bringusund

IX. stig

Sjá grein 4 um samræmt sundpróf í 9. bekk.

Eftirfarandi sundstig X., XI., XII. og XIII. eru fyrir þá nemendur sem lokið hafa öðrum stigum áður en þeir hefja nám í 9. bekk og notist því sem áhugahvetjandi og til áframhaldandi námsmats í sundi og kallast Afreksstig.

X. stig

- a. 800 metra frjáls aðferð.
- b. 25 metra björgunarsund með jafningja.
- c. 15 metra kafsund.

XI. stig

- a. 1000 metra frjáls aðferð án hvíldar.
- b. 100 metra fjórsund (flugs.-baks.-bringus.-skriðsund).
- c. 25 metra marvaðasund með jafningja.
- d. Nemandi velur um að synda á tíma:
50 metra bakskriðsund
25 metra flugsund.

XII. stig

- a. 1500 metra frjáls aðferð.
- b. 40 metra björgunarsund með jafningja, sem er í fötum.
- c. Nemendur velji tvær sundaðferðir til þess að synda á tíma:
 - 100 metra skriðsund
 - 200 metra bringusund
 - 200 metra fjórsund
 - 100 metra bakskriðsund.

Tímalágmörk á öllum framangreindum sundstigum, nánari skýringar á sundlagi og kennslufræðilegum atriðum, skal skilgreina í kennsluleiðbeiningum svo og um klæðnað þann sem ætlast er til að nemendur noti við sund í fötum. Einnig skal í leiðbeiningunum gera grein fyrir helstu björgunartækjum og útbúnaði sem nemendur eiga að fá tilsögn í.

7. gr.

Fyrir sundstig þau sem um getur í 6. gr. önnur en VI. og IX. stig er heimilt að gefa einkunnir í tölum og bókstöfum eða einungis meta hvort nemendur hafi leyst atriði stigsins eða ekki.

Sá telst hafa leyst stig sem getur synt þær vegalendir sem mælt er fyrir um og staðist tímakröfur.

Sundstigin (til sundmats) eru ekki háð aldri nemenda. Um leið og nemandi hefur náð einu sundstigi öðlast hann rétt til þess að reyna við næsta sundstig.

8. gr.

Að loknu sundprófi í 6. og 9. bekk skulu sundskírteini undirrituð af prófdómara og sundkennara. Önnur sundstig skal sundkennari undirrita. Menntamálaráðuneytið skal annast prentun og dreifingu sundskírteina til skóla og sundstaða, sérstakrar sundbókar fyrir kennara, ásamt öðrum nauðsynlegum gögnum vegna sundnámsins.

9. gr.

Leyfi aðstaða á sundstað ekki kennslu í björgunartökum, leysitökum og lífgunaraðferðum skal fella kennslu í þessum atriðum sundnámsins inn í aðra kennslu í íþróttasal.

Skólastjóra eða skólanefnd er heimilt, ef þörf krefur að ráða aðstoðarfólk eða aðra kennara til aðstoðar við sundkennslu eða gæslu nemenda.

10. gr.

Skólastjórar skulu árlega gefa íþrótt- og æskulýðsmáladeild menntamálaráðuneytisins skýrslu um sundnám nemenda á þar til gerðum eyðublöðum. Um árangur nemenda í 6. og 9. bekk í sundi ber að skila upplýsingum á þar til gerðum eyðublöðum.

11. gr.

Hafi nemandi, án þess að lögmæt forföll hindri, eigi fullnægt tilskildum kröfum VI. og IX. stigs, telst hann eigi hafa uppfyllt ákvæði sundskyldunnar.

12. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt ákvæðum í íþróttalögum nr. 127/1956 öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi ákvæði reglugerðar um sundnám í grunnskóla nr. 236/1979 frá 16. maí.

Menntamálaráðuneytið, 5. september 1986.

Sverrir Hermannsson.

Guðmundur Harðarson.

REGLUGERÐ**um bann við veiðum smábáta í október 1986.**

1. gr.

Á tímabilinu frá og með 25. október til og með 31. október 1986, er bátum, sem eru minni en 10 brl. óheimilt að stunda fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og ákvæðum laga nr. 97 20. desember 1985, um stjórn fiskveiða 1986—1987.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 97 20. desember 1985, um stjórn fiskveiða 1986—1987, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 8. september 1986.

F.h.r.

Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ**um sérstök togveiðisvæði samkvæmt lögum nr. 97 20. desember 1985.**

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði F. og G. liðar 3. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, er öllum skipum heimilt að stunda veiðar með botnvörpu á eftirgreindum veiðisvæðum og tímum.

- A. Utan Breiðafjarðar, frá 1. október 1986 til 31. desember 1986 norðan 65° og utan fjögurra sjómílna frá línu, sem dregin er úr Öndverðarnesvita í Bjargtanga (65°30'2 N, 24°32'1 V). Að norðan markast svæðið af línu dreginni réttvísandi í vestur frá Bjargtöngum.
- B. Fyrir Vestfjörðum, frá 1. október 1986 til 31. desember 1986, utan línu sem dregin er 8 sjómíllur utan viðmiðunarlínu samkvæmt lögum nr. 81/1976, frá línu dreginni réttvísandi í vestur frá Bjargtöngum að línu sem dregin er 317° réttvísandi frá Óshólavita í Ísafjarðardjúpi. Norðan línu, sem er dregin 317° frá Óshólavita norður um að 22°44'0 V, eru togveiðar með botnvörpu heimilaðar utan fjögurra sjómílna frá viðmiðunarlínu.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 97 20. desember 1985 um stjórn fiskveiða 1986—1987 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 6. september 1986.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Pórður Eyþórsson.

AUGLÝSING**um umferð í Reykjavík.**

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 1968 og að fenginni tillögu borgarráðs, hefur verið ákveðið að banna vinstri beygju af Laufásvegi inn á Hringbraut til austurs. Ákvörðun þessi tekur gildi 23. september 1986.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 5. september 1986.

Böðvar Bragason.

15. september 1986

Nr. 399

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 628 30. desember 1980 um jöfnunargjald með síðari breytingum.

1. gr.

Við upptalningu tollskrárnúmera í 1. gr. reglugerðarinnar bætist tollskrárnúmer 84.17.10 og 85.12.10. Jöfnunargjald skal þó ekki greitt af hitastautum í tnr. 85.12.10.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 4. gr. laga nr. 79 23. desember 1980 um jöfnunargjald til að öðlast gildi frá og með 1. október 1986.

Fjármálaráðuneytið, 15. september 1986.

F.h.r.

Sigurgeir Jónsson.

Sigurgeir A. Jónsson.

15. september 1986

Nr. 400

AUGLÝSING

um niðurfellingu tolls af geymavatsniturum, gegnstreymisvatnsniturum og hitavatsdunkum.

1. gr.

Ráðuneytið hefur ákveðið að fella niður toll af geymavatsniturum, gegnstreymisvatnsniturum og hitavatsdunkum sem flokkast í tnr. 84.17.10 og 85.12.10 í 1. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o.fl. Sérstakt tímabundið vörugjald fellur jafnframt niður af þessum vörum.

2. gr.

Niðurfelling tolls samkvæmt framanrituðu er bundin því skilyrði að viðkomandi vörur verði taldar upprunavörur í skilningi auglýsingar nr. 680/1980 um sérstaka tollmeðferð vegna aðildar Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) og samnings Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu (EBE) viðbótarbókun við þann samning vegna aðildar Grikklands að Efnahagsbandalagi Evrópu, sbr. auglýsingu nr. 287/1981 um breyting á henni, sbr. og auglýsingu nr. 101/1986.

3. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt 6. tl. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o.fl. og 5. gr. laga nr. 107 30. desember 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald með síðari breytingum til að öðlast gildi frá og með 1. október 1986.

Fjármálaráðuneytið, 15. september 1986.

F.h.r.

Sigurgeir A. Jónsson.

Gudrún Ásta Sigurðardóttir

REGLUGERÐ

um bann við rækjuveiðum norðaustur af Langanesi.

1. gr.

Frá og með 19. september til 31. október 1986 eru allar rækjuveiðar bannaðar á svæði sem markast af línun sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 66°46'10 N — 14°28'50 V
2. 67°19'30 N — 14°27'50 V
3. 66°59'40 N — 12°56'40 V
4. 66°50'20 N — 13°05'10 V

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varðar viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Mál út af brotum skal farið með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 17. september 1986.

F.h.r.

Jón B. Jónsson.

Pórður Eyþórsson.

17. september 1986

849

Nr. 402

REGLUR

um sérfræðileyfi tannlækna.

1. gr.

Tannlæknar geta fengið sérfræðileyfi í eftirtöldum greinum tannlækninga að uppfylltum þeim skilyrðum sem fram koma í reglum þessum:

1. Barnatannlækningum
2. Bitlækningum
3. Munn- og kjálkaskurðlækningum
4. Sýklafræði
5. Tannfyllingu og tannsjúkdómalækningum
6. Tannholdslækningum
7. Tannholslækningum
8. Tann- og munngervalækningum
9. Tannréttingum

Ráðherra getur að fengnum tillögum nefndar samkvæmt 5. gr. laga nr. 38 frá 1985 fjölgað greinum eða fellt niður.

2. gr.

Nefnd skipuð skv. 5. gr. laga nr. 38/1985 um tannlækningar fjallar um reglur um nám sérfræðinga og umsóknir um sérfræðileyfi á sviði tannlækninga. Skipa skal varamenn í nefndina á þann hátt að í stað deildarforseta komi varadeildarforseti og heilbrigðisráðuneyti og Tannlæknafélag Íslands tilnefni hvort fyrir sig hina tvo.

Nefndin skal kveðja til tvo sérfróða menn til þátttöku í meðferð einstakra mála er varða viðkomandi sérgrein og fá þeir þá atkvæðisrétt í nefndinni.

3. gr.

Til þess að tannlæknir geti átt rétt á að öðlast sérfræðileyfi, og kalla sig sérfræðing, skal hann sanna fyrir sérfræðinefnd að hann uppfylli þau skilyrði, sem talin eru í reglum þessum.

4. gr.

Umsókn um sérfræðileyfi skal stíla til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, en senda sérfræðinefnd.

Nefndin skal skila ráðuneytinu álit á umsókn innan þriggja mánaða frá viðtöku hennar.

Meirihluti nefndarmanna þarf að vera meðmæltur umsókn, til þess að nefndin geti mælt með henni og þar af a. m. k. annar hinna sérfróðu manna, sem kvaddir voru til skv. 2. gr.

Hljóti umsókn ekki tilskilin meðmæli, skal nefndin gera skriflega grein fyrir niðurstöðu sinni og senda ráðuneytinu ásamt umsókninni.

Forsendur nefndarinnar skulu jafnframt kynntar umsækjanda skriflega.

5. gr.

- I. Umsækjandi skal hafa tannlækningaleyfi hér á landi. Hann skal hafa stundað almennar tannlækningar um eins árs skeið hið minnsta áður en sérnám hefst. Sérfræðinefnd getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði enda verði því fullnægt áður en sérfræðileyfi er veitt.
- II.
 - a) Eigi skal unnt að ljúka sérnámi á skemmri tíma en 3 árum.
 - b) Umsækjandi um sérfræðileyfi skal hafa stundað sérnám við viðurkennda menntastofnun og skal hafa lokið námi og uppfyllt þær kröfur, sem gerðar eru á hverjum tíma við viðkomandi stofnun. Að öllu jöfnu skal ekki tekið til greina minna en 1 ár á hverjum stað.
Ef námið spannar einungis tvö ár, skal umsækjandi hafa dvalið eitt ár til viðbótar við nám/störf í sérgrein sinni við sömu eða aðrar viðurkenndar menntastofnanir eða hjá viðurkenndum sérfræðingi í greininni, en þó ekki skemur en 3 mánuði á hverjum stað.
 - c) Umsækjanda ber að leggja fram vottorð eða önnur skilríki frá yfirmönnum viðkomandi stofnana um að öllum fyrrnefndum kröfum hafi verið fullnægt.
- III. Að sérfræðinámi loknu skal umsækjandi, áður en hann sækir um sérfræðileyfi, hafa unnið í sérgrein sinni í 2 ár a. m. k.
- IV. Umsækjandi skal leggja fram ritgerð um efni, er snertir sérgrein hans. Ritgerðin skal byggð á eigin rannsóknargögnum og þarf að sýna getu umsækjanda til að nýta sérfræðirit og þekkingu hans á vísindalegri aðferðafræði.
- V. Umsækjanda um sérfræðileyfi í klíniskri grein ber að leggja fram minnst 10 sjúkraskrár úr eigin starfi, er sýni sem fjölbreyttasta þekkingu á lausn klínískra vandamála, í þeim sérgreinum þar sem því verður við komið. Sjúkraskrár skulu studdar öllum þeim gögnum er best geta hjálpað til við mat, greiningu og meðferð viðkomandi sjúkdóms.
- VI. Umsækjandi í paraklíniskri grein skal leggja fram ritgerðir, tvær eða fleiri, sem birst hafa í viðurkenndu sérfræðiriti.
- VII. Veita má einum og sama tannlækni sérfræðileyfi í tveimur greinum tannlæknisfræði að uppfylltum skilyrðum 5. gr. í hvorri fræðigrein fyrir sig.

6. gr.

Reglur þessar sem settar eru af sérfræðinefnd samkvæmt 5. gr. laga nr. 38/1985 um tannlækningar staðfestast hér með skv. 5. gr. sömu laga til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt falla úr gildi reglur með sama heiti nr. 46 frá 2. mars 1965.

Ákvæði til bráðabirgða.

Peir tannlæknar, sem fullnægt hafa ákvæðum 5. gr. lið I, II og III fyrir gildistöku reglna þessara skulu fram til 1. október 1988 undanþegnir ákvæði 5. gr. lið IV og V. Undanþága samkvæmt 5. gr. lið V gildir þó ekki um tannréttingar.

Tannlæknir sem hafið hefur sérfræðinámi í tannréttingum fyrir gildistöku reglna þessara er heimilt að haga námi samkvæmt eldri reglum nr. 46 frá 1965 til 1. október 1990. Skal sérstaklega tekið fram í umsókn sé slíkrar heimildar óskað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 17. september 1986.

Ragnhildur Helgadóttir.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um varnir gegn fisksjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með fiskeldisstöðvum.

I. KAFLI

Orðskýringar og stjórn.

1. gr.

1.1. Merking orða í reglugerð þessari er sem hér segir:

Eftirlitsdýralæknar: Dýralæknir fisksjúkdóma sbr. l. nr. 61/1985, héraðsdýralæknar sbr. l. nr. 77/1981 og fulltrúar þeirra sbr. 1. mgr. 11. gr. í erindisbréfi héraðsdýralækna nr. 197/1971.

Eldisfiskur: Alifiskur, sbr. l. nr. 76/1970, og fiskur veiddur í hafbeitarstöð.

Fiskeldisstöð: Staður þar sem vatn, sjór, land eða mannvirki er nýtt til geymslu, fóðrunar og gæslu eldisfisks, hvort sem er í söltu eða ósöltu vatni eða til hafbeitar.

Hafbeit: Slepning gönguseiða til sjögöngu og veiði kynþroska fiska er þeir ganga úr sjó í ferskt vatn fiskeldisstöðvar.

2. gr.

2.1. Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn fisksjúkdómamála.

2.2. Fisksjúkdómanefnd skal vera ráðherra til aðstoðar. Hún skal hafa forgöngu um fisksjúkdómarannsóknir og gera tillögur til ráðherra um aðgerðir til varnar útbreiðslu fisksjúkdóma og annað er að fisksjúkdómum lýtur.

2.3. Dýralæknir fisksjúkdóma og deildarstjóri rannsóknadeildar fisksjúkdóma skulu vera fisksjúkdómanefnd til aðstoðar og ráðuneytis.

2.4. Dýralæknir fisksjúkdóma skal undir stjórn yfirdýralæknis og í samvinnu við héraðsdýralækna sinna vörnum, sjúkdómsgreiningu og reglubundnu eftirliti á sviði fisksjúkdóma eins og nánar er mælt fyrir í reglugerð þessari. Hann skal með almennri fræðslu og leiðbeiningarstarfi leitast við að auka skilning manna á fisksjúkdómum, vörnum gegn þeim og því tjóni sem þeir geta valdið. Þá skal dýralæknir fisksjúkdóma að staðaldri halda skrá yfir fiskeldisstöðvar í landinu. Þar skal tilgreina aðstöðu og búnað þeirra, vatnsból og vatnstöku (magn) og heilnæmi vatns, uppruna stofnfiska, kaup og sölu á hrognum og seiðum og annað sem kynni að skipta máli varðandi smitsjúkdóma og dreifingu þeirra. Jafnframt skal hann árlega gera yfirlit um heilsufar fiska og fisksjúkdóma sem staðfestir hafa verið, og varnaraðgerðir gegn þeim. Afrit af yfirliti þessu skal jafnan vera tiltækt á Rannsóknadeild fisksjúkdóma.

2.5. Héraðsdýralæknar skulu í samvinnu við dýralækni fisksjúkdóma hafa vakandi auga með heilbrigði hroгна og fiska í fiskeldisstöðvum, hver í sínu umdæmi. Þeir skulu og sinna reglubundnu heilbrigðiseftirliti eins og nánar er mælt fyrir í reglugerð þessari. Héraðsdýralæknar skulu tilkynna dýralækni fisksjúkdóma þegar í stað ef upp kemur grunur um sjúkdóma í fiskeldisstöð í umdæmi þeirra.

2.6. Í lok hvers árs skulu héraðsdýralæknar og dýralæknir fisksjúkdóma senda fisksjúkdómanefnd yfirlit um störf sín, er varða fisksjúkdóma.

II. KAFLI.

Úttekt á fiskeldisstöð.

3. gr.

3.1. Áður en fiskeldisstöð tekur til starfa skal dýralæknir fisksjúkdóma gera úttekt á stöðinni og búnaði hennar með tilliti til sjúkdómavarna. Úttekt þessi skal unnin samkvæmt fyrirmælum fisksjúkdómanefndar, með hliðsjón af V. kafla þessarar reglugerðar. Telji dýralæknir fisksjúkdóma að stöðin fullnægi ekki skilyrðum um sjúkdómavarnir, getur eigandi stöðvar skotið málinu til ráðherra sem fellir úrskurð í málinu að fenginni umsögn fisksjúkdómanefndar. Óheimilt er að veita fiskeldisstöð viðurkenningu skv. 66. gr. 1. nr. 76/1970, nema fyrir liggja vottorð dýralæknis eða úrskurður ráðherra skv. þessari grein um að stöðin fullnægi skilyrðum um sjúkdómavarnir.

3.2. Dýralæknir fisksjúkdóma skal eigi síðar en 1. júní 1987 gera úttekt skv. 3.1. á þeim fiskeldisstöðvum sem þegar eru starfræktar við gildistöku þessarar reglugerðar og/eða fengið hafa viðurkenningu skv. 66. gr. 1. nr. 76/1970. Setja skal stöð tiltekinn frest til að gera úrbætur ef þörf krefur, þó ekki lengri en til 1. október 1987. Hafi þá ekki verið gerðar nauðsynlegar úrbætur skal niður falla viðurkenning stöðvar skv. 66. gr. 1. nr. 76/1970. Um málskot til ráðherra gilda sömu reglur og í 3.1.

3.3. Veidimálastjóri skal tilkynna dýralækni fisksjúkdóma jafnóðum um þær fiskeldisstöðvar sem hann viðurkennir skv. 66. gr. 1. nr. 76/1970. Dýralæknir fisksjúkdóma tilkynnir fisksjúkdómanefnd, Rannsóknadeild fisksjúkdóma og viðkomandi héraðsdýralækni um viðurkenningu nýrra stöðva.

III. KAFLI.

Heilbrigðiseftirlit.

4. gr.

4.1. Dýralæknir fisksjúkdóma og héraðsdýralæknar skulu með reglubundnum heimsóknnum og sýnatöku hafa eftirlit með starfsemi fiskeldisstöðva og heilbrigði fiska í eldisstöðvum. Þeir skulu kanna vandlega hvort þar leynast sjúkdómar og fylgjast með því að heilbrigðisreglur fyrir fiskeldisstöðvar séu í heiðri hafðar.

4.2. Fisksjúkdómanefnd skal setja reglur um eftirlit og sýnatöku í fiskeldisstöðvum, að fengnum tillögum dýralæknis fisksjúkdóma og deildarstjóra Rannsóknadeildar fisksjúkdóma.

4.3. Eftirlitsdýralæknar skulu halda skýrslu í fjórriti um eftirlitsferðir sínar. Fisksjúkdómanefnd lætur dýralæknum í té form fyrir slíkar skrár. Eftirlitsdýralæknar skulu gefa forráðamönnum stöðvanna skriflegar athugasemdir og fyrirmæli og veita þeim hæfilegan frest til úrbóta. Eftirlitsdýralæknar skulu jafnan senda dýralækni fisksjúkdóma/héraðsdýralækni og Rannsóknadeild fisksjúkdóma afrit úr skýrslu um eftirlitsferðir sínar og fyrirmæli að lokinni heimsókn í fiskeldisstöð.

IV. KAFLI.

Sjúkdómavarnir.

5. gr.

5.1. Eldisaðstaða í fiskeldisstöðvum skal vera þannig hönnuð og búin, að auðvelt sé að hreinsa hana. Sama gildir um ganga og vistarverur starfsfólks. Gæta skal þess að á athafnasvæði stöðvarinnar séu ekki hlutir er auka hættu á sjúkdómum eða valda óþrifnaði.

5.2. Úrgangi og rusli sem fellur til við dagleg störf skal safnað saman á sérstakan stað (í ílát), sem er aðskilinn frá eldisrymi, fóðureldhúsi og gangvegum.

5.3. Gólf í seiðaeldisstöðvum skulu sótthreinsuð minnst vikulega.

5.4. Fóðurgeymslur og fóðureldhús skulu vera aðskilin frá öðrum hlutum fiskeldisstöðvar og vera með sérinnangi, þar sem taka skal inn fóður og hráefni. Við flutning og móttöku á fóðri og hráefnum í það skal þess gætt að ekki berist með því smitsjúkdómar inn í stöð.

5.5. Gólf og veggir í fóðureldhúsi og fóðurgeymslu skulu vera vatnsþolin og slétt, svo auðvelt sé að þrifa og sótthreinsa þau. Húsbúnaður allur svo og áhöld skulu vera vatnsþolin. Gólf og áhöld í fóðureldhúsi skulu þvegin daglega og sótthreinsuð eftir þörfum, minnst vikulega.

5.6. Verkfæri og annað sem ekki er notað daglega skal ekki geymt í fóðureldhúsi eða fóðurgeymslum.

5.7. Eldisker, klakbakkar, klakrennur og annað sem notað er til þess að geyma í eða ala í fisk, skal þvegið og sótthreinsað áður en þau eru tekin til notkunar fyrir nýjan eldishóp.

6. gr.

6.1. Til hreinsunar á eldiskerjum skal nota sérstök merkt áhöld fyrir hvert ker og halda þeim aðskildum frá öðrum áhöldum. Þegar áhöld eru ekki í notkun skulu þau geymd í sótthreinsivökva er endurnýja skal vikulega.

6.2. Stærri áhöld, sem notuð eru við fiskeldi og fiskur kemst í snertingu við, svo sem flokkunarvélar og flutningsker, skulu sótthreinsuð milli nota.

6.3. Ef súrefni og köfnunarefni er mælt í hverju eldiskeri á fætur öðru, skal nemi mælitækis sótthreinsaður á milli kerja.

7. gr.

7.1. Heimsóknum óviðkomandi aðila í fiskeldisstöðvar skal haldið í lágmarki.

7.2. Gestum skulu afhentar yfirhafnir, skófátnaður og plasthanskar til notkunar innandyra í klak- og eldisrymi stöðvar.

7.3. Dýralæknir fisksjúkdóma lætur gera leiðbeiningarspjöld um sóttvarnir vegna heimsókna í fiskeldisstöðvar og skulu þau sett upp á áberandi stöðum í stöðvunum.

7.4. Þeir hlutar eldisstöðvar sem eru í einangrun skulu lokaðir öllum óviðkomandi.

8. gr.

8.1. Hundum og köttum skal ekki hleypt inn í eldisstöðvar og aldrei skal hleypa hundum og köttum inn í klakhús, eldishús og fóðurgeymslur nema slíkt sé gert til að vinna á meindýrum og þá undir eftirliti og skulu þeir sérstaklega merktir stöðinni. Girða skal fyrir ágengni meindýra og fugla þar sem fóður er geymt og eldi fer fram.

9. gr.

9.1. Hlífðar- og skófátnaður sem starfsmenn fiskeldisstöðvar nota í stöðinni skal ekki notaður utan hennar. Í eldisstöðvum skulu vera búningsklefar þar sem starfsfólk getur skipt um föt, þurrkað hlífðarföt og haldið hlífðarfötum og hversdagsfötum aðskildum. Þar skal og vera hreinlætisaðstaða.

10. gr.

10.1. Við meðhöndlun á sýktum eða sjálfdauðum fiski skulu notuð sérstök áhöld, hlífðar- og skófátnaður, sem skal þvo og sótthreinsa eftir notkun.

10.2. Sjálfdauðan fisk má ekki geyma í fóðureldhúsi, fóðurgeymslum eða kæligeymslu fyrir nýslátradan fisk.

10.3. Sjálfdauðan fisk og fiskúrgang, þ.m.t. úrgang sem fellur til við slátrun, skal:

- a: brenna
- b: grafa á viðurkenndum stað þar sem hundar, kettir, meindýr og fuglar komast ekki að
- c: dauðhreinsa
- d: hakka og súrsa (pH undir 3,5)

10.4. Sjálfdauður fiskur og fiskúrgangur skal ekki notaður sem fiskifóður án dauðhreinsunar.

11. gr.

11.1. Óheimilt er að flytja til landsins eða milli fiskeldisstöðva innanlands áhöld og tæki sem notuð hafa verið við fiskeldi, nema þau séu hreinsuð og sótthreinsuð. Sama gildir um tæki og búnað sem notuð eru til flutnings á lifandi fiski milli stöðva innanlands og/eða til útlanda.

11.2. Komi áhöld, tæki eða búnaður sem fellur undir 11.1. erlendis frá, skal framvísa vottorðum dýralæknisyfirvalda, viðurkenndum af yfirdýralækni, um að sótthreinsun hafi farið fram á viðhlítandi hátt.

12. gr.

12.1. Dýralæknir fisksjúkdóma gefur út leiðbeiningar og setur nánari reglur um framkvæmd sótthreinsunar, sem mælt er fyrir í kafla þessum.

12.2. Fisksjúkdómanefnd er heimilt að setja nánari reglur um sjúkdómavarnir í einstökum fiskeldisstöðvum þar sem þess er þörf.

12.3. Um frárennsli frá fiskeldisstöðvum fer eftir ákvæðum rg. nr. 390/1985 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

V. KAFLI.

Rannsóknir á sýnum.

13. gr.

13.1. Rannsóknadeild fisksjúkdóma við Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum, sem starfar skv. lögum nr. 50/1986, rannsakar sýni sem tekin eru við reglubundið eftirlit skv. reglugerð þessari og athugana vegna gruns um smitsjúkdóma sem falla undir 14.1. og 14.2. með aðferðum sem fisksjúkdómanefnd viðurkennir.

VI. KAFLI.

Meðferð sjúkdóma.

14. gr.

14.1. Forráðamanni eldisstöðvar er skylt að tilkynna héraðsdýralækni eða dýralækni fisksjúkdóma þegar í stað ef vart verður við sjúkdóma í stöðinni. Þeir skulu þá hlutast til um að kannað sé svo fljótt sem auðið er um hvaða sjúkdóma sé að ræða. Jafnframt skal sá aðili sem tilkynningu fær þegar gera Rannsóknadeild fisksjúkdóma, fisksjúkdómanefnd og héraðsdýralækni eða dýralækni fisksjúkdóma, eftir því hvor hefur móttækið tilkynningu, aðvart.

14.2 Greinist eftirtaldir smitsjúkdómar við rannsókn hjá Rannsóknadeild fisksjúkdóma skal deildin þegar í stað tilkynna það til fisksjúkdómanefndar og dýralæknis fisksjúkdóma:

- a. *Aeromonas salmonicida* (furunculosis, kylaveiki)
- b. *Haemophilus piscium* (ulcer disease, sárásýking)
- c. *Versinia ruckeri* (enteric redmouth, rauðmunnaveiki)
- d. *Renibacterium salmoninarum*, (BKD, nýrnaveiki)

- e. *Vibrio anguillarum* (vibrio-veiki)
- f. IPN (Infectious pancreatic necrosis)
- g. IHN (Infectious haemopoetic necrosis)
- h. VHS (Viral haemorrhagic septicaemia)
- i. *Mykosoma cerebralis* (Whirling disease, hvirfilveiki)
- j. *Gyrodactylus salaris* (roðfliðrusýki)

14.3. Telji héraðsdýralæknir eða dýralæknir fisksjúkdóma líkur á að fiskar í eldisstöð séu smitaðir af einhverjum hinna tilteknu sjúkdóma skv. 14.2., er þeim heimilt að banna þegar í stað hvern þann samgang við aðrar stöðvar eða staði sem valdið gætu dreifingu á smiti frá stöðinni, þ.m.t. banna afhendingu á afurðum. Jafnframt skulu þeir hlutast til um að sjúkdómsgreiningu sé hraðað svo sem kostur er. Fisksjúkdómanefnd skal, jafnskjótt og við verður komið, gera tillögur til landbúnaðarráðherra um, hvort bannið skuli halda gildi sínu eða aðrar nauðsynlegar takmarkanir.

14.4. Greinist einhver hinna tilteknu sjúkdóma skv. 14.2. í fiskeldisstöð eða líkur eru taldar á að fiskar í fiskeldisstöð séu smitaðir af þeim, er landbúnaðarráðherra heimilt að banna eða takmarka hvern þann samgang við aðrar stöðvar eða staði sem valdið gætu dreifingu á smiti frá stöðinni, þ.m.t. banna afhendingu á afurðum.

14.5. Gefa skal fiskeldisstöð skrifleg fyrirmæli um bann eða takmarkanir sem ákveðnar eru skv. 14.3. og 14.4. Bann eða takmarkanir fisksjúkdómanefndarinnar gilda í allt að sjö sólarhringa nema landbúnaðarráðherra hafi áður tekið ákvörðun um ráðstafanir skv. 80. gr. l. nr. 76/1970 eða felli bannið úr gildi. Forráðamaður fiskeldisstöðvar getur skotið ákvörðun fisksjúkdómanefndar um bann skv. 14.3. og 14.4. til ráðherra.

14.6. Tilkynna skal viðkomandi lögreglustjóra um bann og takmarkanir skv. 14.3. og 14.4. og ráðstafanir sem ráðherra ákveður skv. 80. gr. l. nr. 76/1970 og skal hann hlutast til um að þeim sé framfylgt í samráði við viðkomandi héraðsdýralækni og dýralækni fisksjúkdóma.

15. gr.

15.1. Þegar nauðsynlegt er að uppræta smit í fiskeldisstöð skal hreinsun og sótthreinsun gerð skv. fyrirmælum fisksjúkdómanefndar. Dýralæknir fisksjúkdóma skal í samstarfi við héraðsdýralækni hafa eftirlit með framkvæmd verksins en forráðamaður stöðvarinnar leggja fram nægjanlega aðstoð á sinn kostnað svo verkið gangi fram án ónauðsynlegra tafa. Fiskeldisstöð ber allan kostnað af sótthreinsun sem og annarri hreinsun vegna smits í stöðinni.

VII. KAFLI.

Meðferð á undaneldisfiski og hrognum.

16. gr.

16.1. Óheimilt er fiskeldisstöðvum að taka villtan fisk til undaneldis án heimildar fisksjúkdómanefndar. Fisksjúkdómanefnd setur reglur um meðferð og rannsóknir á undaneldisfiskum.

17. gr.

17.1. Forráðamenn fiskeldisstöðva skulu láta fara fram sótthreinsun á öllum nýfrjög- uðum hrognum sem þeir ætla að ala, afhenda til eldis eða koma fyrir til náttúrulegs klaks í ám og vötnum.

17.2. Sótthreinsun hrogna skal fara fram á þann hátt sem fisksjúkdómanefnd segir fyrir um og skulu héraðsdýralæknar, í samvinnu við dýralækni fisksjúkdóma, leiðbeina og hafa eftirlit með því að sótthreinsun fari fram á viðhlítandi hátt. Þeir skulu og láta í té vottorð um sótthreinsun strax að verki loknu og skal þar tekið fram magn hrogna og uppruni þeirra.

17.3. Þeir sem ætla að sótthreinsa hrogn skulu tilkynna það héraðsdýralækni eða dýralækni fisksjúkdóma með rúmum fyrirvara. Þeir skulu og sjá fyrir nægilegum mannafla, svo verkið geti gengið fram án tafa. Kostnað við sótthreinsun og eftirlit skulu eigendur hrognanna bera.

18. gr.

18.1. Fisk sem gefin hafa verið sýklalyf má ekki nota til undaneldis (kreista) innan 120 daga frá því að lyfjagjöf fór fram, nema til komi leyfi fisksjúkdómanefndar.

18.2. Ef ástæða er talin til þess að gefa undaneldisfiski sýklalyf, skal lyfjagjöf vera undir eftirliti dýralæknis fisksjúkdóma í samvinnu við viðkomandi héraðdýralækni.

VIII. KAFLI.

Notkun lyfja, bóluefna og litarefna.

19. gr.

19.1. Óheimilt er að blanda sýklalyfjum eða litarefnum í fóður fiska, nema til komi leyfi fisksjúkdómanefndar. Skal dýralæknir fisksjúkdóma í samvinnu við viðkomandi héraðsdýralækni hafa eftirlit með notkun fóðurs, sem blandað er sýklalyfjum, og hita eldisvatns sem notað er.

19.2. Fá fiskeldisstöð leyfi fisksjúkdómanefndar skv. 19.1. er stöðinni skylt að mæla og skrá reglulega skv. nánari fyrirmælum nefndarinnar eða setja upp búnað sem skráir reglulega vatnshita hjá fiskum sem fá lyfjagjöf og á því tímabili sem getur í 19.3.

19.3. Afurðir fiska sem gefið hefur verið fóður blandað sýklalyfjum eða gefið sýklalyf á annan hátt má ekki nýta til manneldis fyrr en 50 dögum eftir að lyfjameðferð lauk, en 100 dögum eftir að lyfjameðferð lauk, ef vatnshiti hefur verið undir 9 C fyrstu 50 dagana eftir að lyfjameðferð lauk.

20. gr.

20.1. Óheimilt er að bólusetja fisk til varnar tilteknum sjúkdómum nema til komi heimild fisksjúkdómanefndar. Skal hlíta fyrirmælum hennar um hvaða tegund bóluefnis skal nota og hvernig. Bólusetning skal fara fram undir eftirliti dýralæknis fisksjúkdóma í samvinnu við viðkomandi héraðsdýralækni.

20.2. Innflutningur bóluefnis til notkunar skv. 20.1. er háður reglum sem um það gilda hverju sinni.

21. gr.

21.1. Óski fiskeldisstöð eða kaupandi afurða frá stöð eftir að fram fari rannsókn vegna hugsanlegra leifa af tilteknum lyfjum í fiski, skulu eftirlitsdýralæknar taka sýni skv. reglum sem fisksjúkdómanefnd setur. Rannsóknadeild fisksjúkdóma sem starfar skv. lögum nr. 50/1986 rannsakar sýnin og lætur í té vottorð um þau. Sá sem óskar eftir rannsókn skv. þessari grein ber kostnað af henni og töku sýna. Sama gildir ef eftirlitsdýralæknir telur slíka rannsókn nauðsynlega vegna útgáfu vottorðs um lyfjagjöf.

IX. KAFLI.

Útgáfa heilbrigðisvottorða.

22. gr.

22.1. Eftirlitsdýralæknar skulu láta fiskeldisstöðvum í té vottorð um eftirlit, athuganir og störf sín í stöðvunum ef forráðamenn stöðvanna óska þess. Afrit af slíkum vottorðum skulu send Rannsóknadeild fisksjúkdóma.

22.2. Óski kaupandi hroгна, seiða, eldisfisks eða afurða hans að heilbrigðisvottorð fylgi vörunni skal:

a) eftirlitsdýralæknir láta í té vottorð um reglubundið eftirlit í viðkomandi stöð og annað sem honum er falið skv. þessari reglugerð eða fellur undir starfsskyldur hans skv. lögum.

b) Rannsóknadeild fisksjúkdóma, sem starfar skv. lögum nr. 50/1986, lætur í té vottorð um rannsóknir sínar á sýnum úr viðkomandi fiskeldisstöð eftir því sem við á.

22.3. Ef vottorð skv. þessum kafla eru vegna fyrirhugaðs útflutnings skal sá sem gefur út vottorðið ganga úr skugga um að eftirlit og rannsóknir sem eftirlitið byggir á séu í samræmi við reglur um þau atriði í viðkomandi landi.

X. KAFLI.

Slátrun á eldisfiski.

23. gr.

23.1. Eldisfisk sem setja skal á markað eða afhenda með öðrum hætti til sölu, skal slátra í aðstöðu skv. 23.2 og héraðsdýralæknir hefur viðurkennt. Þar sem aðgerð, hreinsun og þökkun á eldisfiski fer fram má eigi samtímis vera önnur starfræksla eða geymsla á vöru sem skaðað eða mengað getur laxinn. Heimilt er að blóðgun eldisfisks fari fram utan dyra, enda sé hann strax fluttur í aðgerðarhús, þegar honum hefur blætt út.

23.2. Aðgerðarhúsnæði skal vera þannig að auðvelt sé að hreinsa það og sótthreinsa. Gólf skal vera steipt og halla að niðurföllum. Veggir úr ógegndræpu efni, ljóslitaðir. Lýsing skal vera góð (300 lux) og gluggar þannig úr garði gerðir, að unnt sé að verja fiskinn fyrir sól. Öllum tækjum, borðum og búnaði skal halda vel við og auðvelt skal vera að hreinsa hann eða sótthreinsa eftir því sem við á. Í húsinu skal vera nægt heilnæmt heitt vatn, og aðstaða til handþvotta haganleg. Starfsfólk skal klætt sérstökum hlífðarfötum við vinnu og í hvívetna skal gætt fyllsta hreinlætis.

23.3. Héraðsdýralæknar skulu eigi síðar en 1. janúar 1987 gera úttekt á aðgerðarhúsnæði þeirra fiskeldisstöðva sem þegar eru starfræktar við gildistöku þessarar reglugerðar. Setja skal viðkomandi tiltekinn frest til að gera úrbætur ef þörf krefur, þó ekki lengri en til 1. júní 1987. Hafi þá ekki verið gerðar nauðsynlegar úrbætur er óheimilt að slátra eldisfiski í húsnæðinu.

23.4. Forráðamaður eldisstöðvar getur skotið ákvörðunum héraðsdýralæknis skv. 23.1. og 23.3. til ráðherra sem fellir úrskurð í málinu að fenginni umsögn yfirdýralæknis.

24. gr.

24.1. Við slátrun á eldisfiski skal þess gætt að blóð, slóg og annar úrgangur er til fellur valdi ekki smithættu og fara skal með hann í samræmi við ákvæði 10.4. Við aðgerðarhús skal vera aðstaða til að taka til hliðar fisk sem ber sjúkleg einkenni.

24.2. Tæki sem notuð eru til flutnings á fiski til slátrunar skulu þannig gerð að auðvelt sé að sótthreinsa þau, og þau skulu ávallt sótthreinsuð milli flutninga.

24.3. Ef grunur leikur á að í eldisstöð leynist smitsjúkdómur, skal sýna sérstaka gát við slátrun á fiski frá stöðinni, og fara fram rækileg sótthreinsun á slátruaðstöðu og öllum búnaði, strax að slátrun lokinni, áður en slátrun frá öðrum hefst.

24.4. Sjálfdaudur eldisfiskur er óhæfur til sölu og sama gildir um sjúkan fisk nema héraðsdýralæknir leyfi sölu á honum.

25. gr.

25.1. Héraðsdýralæknar skulu hafa vakandi auga með því að hreinlætis, þrifnaðar og reglusemi sé ávallt gætt við slátrun á eldisfiski. Skal hann eða fulltrúi hans, sem

yfirdýralæknir hefur viðurkennt, hafa gætur á hvort til slátrunar komi fiskur sem beri sár, bólgur eða önnur sjúkleg einkenni, eða hvort í fiskinum kunni að leynast lyfjaleifar eða önnur óæskileg efni, er valda því að fiskurinn er ekki hæfur til manneldis.

25.2. Dýralæknir fisksjúkdóma gefur út leiðbeiningar um deyðingu, blóðtæmingu, aðgerð, kælingu, frystingu, flokkun, þökkun og merkingu og setur nánari reglur um framkvæmd sóttþreinsunar sem mælt er fyrir í kafla þessum.

XI. KAFLI.

Kostnaður vegna eftirlits og rannsókna.

26. gr.

26.1. Kostnaður við reglubundið eftirlit, þ.m.t. eftirlit vegna slátrunar á eldisfiski, sýnatöku og ferðir, greiðist af eigendum fiskeldisstöðva skv. gjaldskrá sem landbúnaðar-ráðuneytið gefur út skv. 81. gr. l. nr. 76/1970.

26.2. Kostnaður við eftirlit og rannsóknir héraðsdýralækna og dýralæknis fisksjúkdóma í fiskeldisstöð, sem sett hefur verið í dreifingarbann skv. 14.3., 14.4. eða 80. gr. l. nr. 76/1970, skal greiddur úr ríkissjóði. Tekur ákvæði þetta til eftirlits og rannsókna frá því að stöð er sett í bann og þar til því er létt af og aðeins til þess hluta stöðvar og fiska, sem slíkar ákvarðanir taka til. Sé heimiluð takmörkuð dreifing á afurðum, undir eftirliti dýralæknis, frá stöð sem sætir dreifingarbanni, ber viðkomandi stöð kostnað af slíku eftirliti og rannsóknum vegna þess.

26.3. Ekkert gjald kemur fyrir sýni sem tekin eru vegna eftirlits og rannsókna samkvæmt þessari reglugerð.

26.4. Um kostnað vegna rannsókna Rannsóknadeildar fisksjúkdóma á sýnum sem tekin eru skv. ákvæðum þessarar reglugerðar fer eftir 16. gr. l. nr. 50/1986, og er eigandi fiskeldisstöðvar ábyrgur fyrir greiðslu kostnaðar vegna rannsókna á sýni sem eftirlitsdýralæknir hefur tekið í stöð hans.

XII. KAFLI.

Ýmis ákvæði.

27. gr.

27.1. Fisksjúkdómanefnd, dýralæknir fisksjúkdóma, héraðsdýralæknar og fulltrúar þeirra sem hafa fengið viðurkenningu yfirdýralæknis, skulu hafa frjálstan aðgang að öllum mannvirkjum fiskeldisstöðva bæði til reglubundins eftirlits og í því skyni að kanna fisksjúkdóma, búnað stöðvanna og aðstæður, þegar nauðsyn krefur. Sömu aðilar hafa og heimild til að taka þar sýni til frekari rannsókna eins og þörf er á og þeim skulu veittar allar nauðsynlegar upplýsingar. Rísi ágreiningur um aðgang þessara aðila að fiskeldisstöð eða upplýsingum, sker ráðherra úr. Við heimsóknir og meðferð upplýsinga skal gætt ákvæða 2. og 3. mgr. 12. gr. l. nr. 50/1986.

27.2. Eiganda eða forráðamanni fiskeldisstöðvar er skylt að veita eftirlitsdýralæknum nauðsynlega aðstoð við töku sýna og eftirlit skv. reglugerð þessari.

28. gr.

28.1. Forráðamaður fiskeldisstöðvar skal halda nákvæmt bókhald um allar afhendingar á hrognum og fiski frá stöðinni. Þar skal tilgreint hvenær afhending hafi farið fram og hve mikið magn og hvaða tegund hafi verið afhent hverju sinni, hver sé móttakandi og hvernig hrognum eða fiskum hefur verið ráðstafað.

28.2. Þá skal og skrá magn hrogna, seiða, undaneldisfiska og eldisfiska sem geymdir eru í fiskeldisstöð um hver áramót.

28.3. Skylt er að upplýsa eftirlits- og rannsóknaraðila um ofangreind atriði, sé þess óskað.

28.4. Dýralæknir fisksjúkdóma lætur í té eyðublöð fyrir skýrslur skv. þessari grein.

29. gr.

29.1. Rísi ágreiningur um verkaskiptingu milli héraðsdýralækna og dýralæknis fisksjúkdóma við framkvæmd þessarar reglugerðar, sker yfirdýralæknir úr.

30. gr.

30.1. Um brot á ákvæðum reglugerðar þessarar fer samkvæmt j-lið 1. mgr. 97. gr. 1. nr. 76/1970, enda varði brotið ekki þyngri refsingu samkvæmt öðrum lögum.

30.2. Með mál út af brotum gegn ákvæðum reglugerðar þessarar skal farið að hætti opinberra mála.

31. gr.

31.1. Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 66. og 81. gr. 1. nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, 1. nr. 77/1981 um dýralækna með síðari breytingum og 2. mgr. 11. gr. 1. nr. 50/1986 um Rannsóknadeild fisksjúkdóma.

31.2. Við gildistöku þessarar reglugerðar falla úr gildi reglugerð nr. 70/1972 og reglugerð nr. 200/1978 um breytingu á þeirri reglugerð.

31.3. Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 18. september 1986.

Jón Helgason.

Guðmundur Sigþórsson.

FJALLSKILASAMÞYKKT

fyrir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.

I. KAFLI

Um stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Snæfellsness- og Hnappadalssýsla er eitt fjallskilaumdæmi og skiptist í fjallskiladeildir eftir hreppum. Ólafsvíkurkaupstaður telst og til fjallskilaumdæmis sýslunnar.

2. gr.

Sýslunefnd Snæfellsness- og Hnappadalssýslu hefur á hendi yfirstjórn allra fjallskilamála innan sýslumarka, og einnig að því leyti er tekur til Ólafsvíkurkaupstaðar. Hún sker úr öllum ágreiningi sem upp kann að rísa milli hreppsnefnda vegna fjallskilamála.

Allar kærur og kröfur á hendur hreppsnefndum og hreppstjórum vegna fjallskilamála heyra undir sýslunefnd og einnig geta einstaklingar lagt slík mál undir úrskurð sömu aðila.

3. gr.

Hreppsnefndir hafa á hendi stjórn og framkvæmdir í fjallskilamálum, hver í sínum hreppi eða fjallskilasvæði, ef þannig hagar til.

Þær geta tekið nánari ákvarðanir um fjallskil í einstökum atriðum, hver á sínu fjallskilasvæði, svo fremi að þær brjóti eigi í bága við reglugerð þessa.

4. gr.

Land, sem fjallskilaframkvæmd undir stjórn og umsjón hreppsnefndar tekur til, eru beitolönd þau sem nýtt eru sem sumarhagar búfjár.

II. KAFLI

Um sauðfjármörk.

5. gr.

Markaskrá sýslunnar skal prenta áttunda hvert ár og ákveður sýslunefnd hvenær svo skuli gert. Sýslunefnd kýs markavörð sýslunnar til átta ára í senn, eða þess tímabils er markaskrá gildir hverju sinni. Viðaukaskrá skal prenta fjórða hvert ár, ef þörf krefur. Allir markaeigendur skulu fá eitt eintak af markaskránni fyrir 30. ágúst á útgáfuári.

6. gr.

Sérhver fjáreigandi er skyldur til að hafa glögg og löglegt eyrnamark á sauðfé sínu. Markavörður skal, svo sem kostur er á, hamlá gegn notkun mikilla særingarmarka, en afeyrt er með öllu bannað og ný gatamörk. Séu notaðar eyrnaplötur ber að skrá á þær númerstölu bæjar og hrepps. Skulu þær vera í þeim lit sem mælt er fyrir um í reglugerð um litamerkingar sauðfjár.

7. gr.

Markavörður sér um mörk í sýslunni og útgáfu markaskrár. Skal hann gæta þess við upptöku nýrra marka að ekki sé sammerkt innan sýslu og koma í veg fyrir miklar námerkingar svo sem unnt er.

Enginn má hafa fleiri en þrjú fjármörk. Bannað er að taka upp ný mörk sem skrásett eru í Dalasýslu og Mýrasýslu. Þetta nær þó ekki til þess er barn tekur við marki foreldris.

8. gr.

Sveitarstjórnir annast söfnun allra eyrna- og brennimarka, hver í sínu umdæmi, raðar þeim eftir stafrófsröð í greinilegar skrár og afhendir markaverði sýslunnar, þegar að prentun markaskrár kemur.

Sérhver markaeigandi er skyldur til að skýra sveitarstjórn frá marki sínu og greiða gjald fyrir hvert mark eftir ákvörðun sýslunefndar hverju sinni. Fyrir brennimark skal þó eigi greiða sérstakt gjald.

9. gr.

Nú flyst maður inn í sýsluna og skal hann þá tilkynna markaverði sýslunnar mark sitt og fá samþykki hans fyrir því. Markavörður sér um lögbirtingu marka.

10. gr.

Brennimörk og plötumerki hreppanna eru þessi:

- SH-1 fyrir Kolbeinsstaðahrepp
- SH-2 fyrir Eyjahrepp
- SH-3 fyrir Miklaholtshrepp
- SH-4 fyrir Staðarsveit
- SH-5 fyrir Breiðavíkurhrepp
- SH-6 fyrir Neshrepp utan Ennis
- SH-7 fyrir Ólafsvíkurkaupstað
- SH-8 fyrir Fróðárhrepp
- SH-9 fyrir Eyrarsveit
- SH-10 fyrir Helgafellssveit
- SH-11 fyrir Stykkishólmshrepp
- SH-12 fyrir Skógarstrandahrepp

III. KAFLI

Um fjallskil o.fl.

11. gr.

Fjallskilaskyldir eru allir fjáreigendur, jarðeigendur og ábúendur jarða og inna þeir fjallskil af höndum eftir fyrirmælum sveitarstjórnar.

Húsbónda er skylt að annast fjallskil fyrir heimafólk sitt og aðra sem kunna að eiga hjá honum fjallskilaskyldan fénað. Fyrir sauðlausar jarðir skal gera fjallskil eftir ákvörðun sveitarstjórnar.

Nú reka menn einnig á fjall utan heimasveitar, og eru þeir þá skyldir að inna af hendi fjallskil þar, eftir þeirri tölu fullorðins fjár sem rekið er. Reki þeir ekkert fé á fjall í heimahreppi, eru þeir undanþegnir fjallskilaskyldu þar, nema þeir hafi lögbýli til umráða.

Annast síðastnefndir fjáreigendur ekki að fullu fénað sinn í réttum, skulu þeir greiða áfallinn kostnað í heimahreppi við að koma fénu til skila.

Heimilt er sveitarstjórn að leggja fjallskil á eigendur sauðlausra jarða sem svarar 1—3 dagsverkum á hverja jörð, enda sé land þeirra smalað af gangnamönnum.

Þá er hreppsnefnd heimilt að ákveða að eigendur eða umráðamenn jarða sjái um smölun hver á sínu landi, jafnt fjáreigendur sem aðrir.

12. gr.

Fjallskilum og kostnaði vegna þeirra skal sveitarstjórn jafna niður á fjáreigendur og hafa við það hliðsjón af skýrslum forðagæslumanna síðari hluta vetrar.

Heimilt er sveitarstjórn að veita ívilnanir í fjallskilum eftir því sem hún telur eðlilegt hverju sinni, enda séu gildar ástæður fyrir hendi.

13. gr.

Niðurföfnun fjallskila skv. 12. gr. skal birta fjáreigendum með nægum fyrirvara.

Skal þar taka fram hvað hverjum einum ber að leggja til fjallskila, tilgreindir leitarstjórar á hverju leitarsvæði, skýrt frá tilhögun leita og réttardögum. Þar skal einnig taka fram hverjir skuli fara í útréttir, tilnefndir réttarstjórar og skýrt frá öðru því er fjallskilum tilheyrir.

14. gr.

Leitarstjórar sjá til þess, eftir föngum, að hver gangnamaður leysi verk sitt vel af hendi. Þeir meta það hvort gangnamenn séu hæfir til starfans og vel búnir til leitar. Skulu gangnamenn skyldir að hlýða forsögu leitarstjóra.

15. gr.

Gangnamerki fylgja hreppamörkum, nema sveitarstjórnir semji sín á milli um annað og sýslunefnd samþykki.

Meðan varnargirðingu frá Skógarnesi í Álftafjörð er haldið við, skiptir hún leitum milli Eyhreppinga og Miklhreppinga, og er bóndinn í Miklaholtsseli fjallskilaskyldur í Eyjahreppi.

16. gr.

Leita skal tvisvar á hausti hverju bæði heimahaga og þá sem fjær liggja. Til fyrri leitar skal gengið daginn áður en réttað er telji hreppsnefnd þess þörf. Til síðari leitar skal ganga laugardaginn í 25. viku sumars. Hamli veður leit þann dag, skal leita næsta færan dag og breytingin tilkynnt í aðliggjandi hreppa.

Hver bóndi er skyldur að smala heimaland sitt á hausti, samhliða leitum, ef sveitarstjórn mælir svo fyrir. Sama gildir um eigendur eyðibýla, þó þeir eigi þar ekki fjárvon. Hlýði umráðamaður lands ekki fyrir mælum sveitarstjórnar, ber honum að greiða smölunarkostnað eftir mati sveitastjórnar. Ekki verður umráðamaður lands þó krafinn um þátttöku í smölunarkostnaði, sé honum meinað að nota land sitt til sumarþeitar eða leigja það eftir ákvörðun sveitarstjórnar, samkvæmt 8. gr. laga nr. 6, 21. mars 1986 um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. eða vegna búfjárveikivarna.

Öll haustsmölun fyrir 1. rétt á þeim löndum, sem leituð eru af gangnamönnum er stranglega bönnuð. Þó getur sveitarstjórn veitt undanþágu frá þessu, sé það nauðsynlegt vegna slátrunar á fé fyrir réttir eða af öðrum ástæðum.

Allt það fé sem kemur úr utansveitarréttum skal flutt til lögskilaréttar og skulu skilamenn tilkynna eigendum eða umráðamönnum um það þar. Þó er þeim heimilt að skila fé úr utansveitarréttum heim til eigenda þess. Ekki er skylt að reka óskilafé milli bæja eða hreppa.

Hafi eigendur eða umráðamenn eigi hirt fé sitt samkv. framansögðu innan sólahrings, skal sveitarstjórn ráðstafa því á kostnað eiganda.

17. gr.

Sveitarstjórn skal sjá um að eftirleitir séu gerðar, telji hún þörf á, og þá í samráði við nágrannahreppa. Óskilafé sem fyrir kann að koma í slíkum leitum, verði komið í hendur réttra eigenda.

18. gr.

Finni leitarmaður vanmetakind, sem ekki verður komið til réttar, skal hann athuga mark hennar og önnur auðkenni, og skýra leitarstjóra eða eiganda frá henni í gangnalok.

19. gr.

Nú koma utansveitarkindur fyrir í einhverju sveitarfélagi að afstöðnum skilaréttum og þekkja menn eigendur að þeim. Skulu þær þá á kostnað eigenda þeirra geymdar í vörslu hreppstjóra, eða annarra ef heppilegra þykir. Hreppstjóri annast um að eigendum verði tafarlaust gert aðvart um þetta.

20. gr.

Alla vanrækslu á álögðum fjallskilum skulu leitarstjórar tilkynna viðkomandi sveitarstjórn og sömuleiðis hafa einstaklingar rétt á að kæra það til sveitarstjórnar, telji þeir sig órétti beitta í sambandi við fjallskil.

Skulu slíkar kærur hafa komið fram fyrir lok októbermánaðar, en nái hlutaðeigandi ekki rétti sínum á þann hátt, geta þeir skotið máli sínu til sýslunefndar til endanlegs úrskurðar.

IV. KAFLI

Um réttir.

21. gr.

Tvisvar skal rétta í hverri lögskilarétt á hausti og skulu sveitarstjórnir sjá um að réttum sé vel við haldið og dilkarými sé nægilegt fyrir fé allra hreppsúa og fé sem fyrir kemur úr nágrannasveitarfélögum.

22. gr.

Réttir skulu haldnar í þeirri röð og á þeim dögum er nú skal greint: Kaldárakkarétt verður haldinn sunnudaginn í 21. viku sumars. Vörðufellsrétt laugardaginn í 22. viku sumars. Setbergsrétt sunnudaginn í 22. viku sumars. Pverárrétt og Bjarnarhafnarrétt mánudaginn í 22. viku sumars. Mýrdalsrétt og Arnarhólsrétt þriðjudaginn í 22. viku sumars. Langholtsrétt og Lárdalsrétt miðvikudaginn í 22. viku sumars. Ölkeldurétt, Grundarétt og Malarrífsrétt fimmtudaginn í 23. viku sumars. Vallnarrétt, Ólafsvíkurrétt og Bláfeldarrétt, föstudaginn í 23. viku sumars. Grafarrétt og Hraunskarðsrétt laugardaginn í 23. viku sumars. Kaldárakkarétt, Bjarnarhafnarrétt, Lárdalsrétt og Malarrífsrétt eru aukaréttir. Aðrar eru lögskilaréttir.

Hlutaðeigandi sveitarstjórnnum er skylt að sjá um að óskilafé úr aukaréttum sé komið til lögskilaréttar. Óski sveitarstjórn eftir breytingum á ofanskráðum réttarstöðum eða réttardögum, skal hún koma þeim óskum á framfæri við sýslunefnd, sem ein getur veitt heimild til frávíka.

23. gr.

Hreppstjórar skulu halda lögreglu í réttum, en réttarstjórar sjá um innrekstur fjárins, gæta þess að fé verði ekki fyrir misþyrmingum og líta eftir því að sundurdráttur fari vel og skipulega fram. Enginn má hleypa út fé nema með leyfi réttarstjóra og eftir að töflulestri er lokið. Markglöggir menn skulu líta yfir fé í utansveitardilkum, áður en það er fært á brott.

24. gr.

Leigu skal greiða úr sveitarsjóði, bændum eða landeigendum sem leggja til land undir réttir og girðingar við þær, og fer leiguupphæð eftir samkomulagi milli viðkomandi aðila.

V. KAFLI

Um meðferð ómerkinga og óskilafjár.

25. gr.

Gangnamenn skulu ávallt leitast við það í göngum að handsama ómerkinga og merkja þá, ef þeir fylgja móður. Öllum ómerkingum og öðru óskilafé, sem fyrir kemur í réttum, eða að afstöðnum réttum og ekki finnast eigendur að, skal lóga í sláturhúsi svo fljótt sem við verður komið, og sér hreppstjóri um að svo sé gert. Skal andvirðið renna í viðkomandi fjallskilasjóð, sé hann til, annars í sveitarsjóð.

26. gr.

Hreppstjóri skal skrifa upp mörk og einkenni þess fjár er fer til slátrunar skv. 25. gr. eftir því sem kostur er, og birtir fyrir árslok í Lögbirtingablaði tilkynningu um förgun þess, þar sem áður nefndum auðkennum er lýst og skorað á rétta eigendur að gefa sig fram og sanna eignarrétt sinn innan tiltekins tíma. Geti einhver sannað eignarrétt sinn, fær hann andvirði sláturfjárins greitt að frádregnum áföllnum kostnaði.

27. gr.

Réttarstjóri sér um að mæður helgi sér ómerkinga ef unnt er, og enginn má marka kind í réttum nema með leyfi hans og að viðstöddum tveim vottum.

VI. KAFLI

Um ágang búfjár og verndun beitilands.

28. gr.

Enginn má í heimildarleysi reka eða sleppa sauðfé eða hrossum í annarra manna lönd. Valdi slíkur fénaður ágangi á afgirt ræktarlönd er eiganda skylt að koma honum í örugga vörslu, þannig að komið sé í veg fyrir frekara tjón eða vandræði.

29. gr.

Verði mikill ágangur sauðfjár úr einni sveit í aðra, skal þeirri sveit, er áganginum veldur, skylt að leggja til fjallskila hjá ágangspóla sem svarar einu dagsverki fyrir hverjar 70 kindur sem koma fyrir í fyrri rétt árið á undan.

30. gr.

Pyki bændum eða jarðeigendum nauðsyn til bera að ákveðið sé með ítölu, hve margt fé megi vera í högum þeirra, er þeim heimilt að krefjast ítölumats, skv. gildandi lögum um ítölu. Skulu þeir hafa samráð við gróðurverndarnefnd sýslunnar um þessar eða aðrar aðgerðir til gróðurverndar.

31. gr.

Enginn má sleppa hrossum eða geldneytum lausum án marks eða eyrnamerkis. Skulu hrossaeigendur tilkynna markaverði mörk hrossa sinna til birtingar í markaskrá sýslunnar.

32. gr.

Hrossaeigendur í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu skulu, ef viðkomandi sveitarstjórn ákveður, skyldir til þess að hafa hross sín og nautgripi í öruggri vörslu. Sama gildir um þá sem taka hross í hagagöngu eða fóður. Valdi lausagönguhross átroðningi og skaða, skal sá er fyrir verður tilkynna það eiganda eða umráðamanni og krefjast úrbóta. Sinni hann því engu, eða aðeins til málamynda, skal tilkynna það lögreglu sem fjarlægir hrossin á kostnað eiganda.

VII. KAFLI

Almenn ákvæði.

33. gr.

Með mál vegna brota á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála. Sektarfé sem til kann að falla vegna þeirra, skal renna í hlutaðeigandi sveitarsjóð, eða í fjallskilasjóð, sé hann til.

34. gr.

Brot gegn fyrirmælum þessarar reglugerðar varða sektum, nema þyngri refsing liggji við skv. öðrum lögum.

35. gr.

Reglugerð þessi sem, sýslunefnd Snæfellsness- og Hnappadalssýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 6 21. mars 1986 um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð fyrir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, um fjallskil o.fl., nr. 376 18. ágúst 1975.

Landbúnaðarráðuneytið, 22. september 1986.

Jón Helgason.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

um flokkun og mat á gærum.

I. KAFLI

Um flokkun á gærum við móttöku fjár á sláturstað.

1. gr.

Allar gærun, sem til sölu verða, skulu flokkaðar við móttöku fjár í sláturhúsi. Flokkunin skal framkvæmd af lögskipuðum gærumatsmönnum og lögð til grundvallar við útreikning á verði gæranna til einstakra framleiðenda.

2. gr.

Í sláturfjárrétt skal flokka gærun hvers innleggjanda í eftirfarandi flokka, og skrá á innleggsnótur:

LU	Alhvítar lambagærun, tog jafnt og ekki gróft, án mors eða óhreininda í ull.
L Hv.	Hvítar, óskemmdar lambagærun.
L S	Svartar, óskemmdar lambagærun.
L M	Mórauðar, óskemmdar lambagærun.
L Gr.	Gráar, óskemmdar lambagærun.
L Tvíl.	Lambagærun, aðrir litir, óskemmdar.
L II	Skemmdar lambagærun, allir litir.
Æ Hv.	Óskemmdar, hvítar ærgærun.
Æ Misl.	Óskemmdar, mislitar ærgærun.
Æ II	Skemmdar ærgærun, allir litir.
Úrkast	Hrútagærun, tvíreyfa ærgærun, og ær- og lambagærun, nær ullarlausar eða ullarlausar á blettum.

Gærumatsformaður getur heimilað sláturleyfishöfum að flokka gærun í færri flokka en tilgreint er, með því að sameina tvo eða fleiri flokka.

Gærun teljast skemmdar ef:

1. mold eða sandur í baki er það mikill eða þéttur, að ætla megi að ekki fari úr við þvott.
2. miklir kleprar eru í lærum eða gæran öll útötuð í óhreinindum eða mori.
3. gærunar eru mjög illhæruskotnar, með hvítum og gulum illhærum, svo ullinn líkist fremur stríi en ull. Einnig mjög ullarstuttar eða snöðnar gærun (t.d. mjög skógdregnar).

Gæta skal þess vandlega, að gærun fari í réttan litarflokk. Hvítar lambagærun með mislitum blettum eða doppum teljast tvílitar.

II. KAFLI

Um meðferð á gærum og sölumat þeirra við afhendingu.

3. gr.

Sláturleyfishöfum er skylt að hlíta fyrir mælum lögskipaðra gærumatsmanna um fyrirristu, fláningu, kælingu, söltun, frágang og geymslu gæra. Gærun skulu saltaðar og geymdar eftir flokkum þeim, sem getið er um í kafla I.

Gærumatsmaður skal yfirfara gærunar við móttöku í sútunarverksmiðju, meta ástand þeirra og gefa vottorð þar um. Þó skal ekki meta þær gærun sem fara í úrkast. Í vottorðinu skal tilgreina tölu og flokk saltaðra gæra.

Úrkast telst: Gærur, sem flokkast sem úrkast samkvæmt I. kafla og gærur með mjög áberandi galla vegna meðferðar í sláturhúsi, s.s. gærusneplar og illa rifnar eða mjög götöttar gærur. Gærur skulu metnar í einhvern eftirfarandi flokka, eftir s.k. punktakerfi:

1. án galla.
2. með fyrirristugalla.
3. fita á holdrosa.
4. rot og/eða brot utan bakstykkis.
5. skurðir, sprungur eða göt, utan bakstykkis.
6. óskorið frá dindli.
7. hnífsbragð í bakstykki.
8. brot í bakstykki.
9. rot í bakstykki.
10. gat, rifið í bakstykki.

Hver galli rýrir verðmæti gærunnar og fer vægi í samræmi við það samkvæmt ákvörðun gærumatsformanns, að fengnum tillögum gærukaupenda.

Gallalaus gæra hefur gildistöluna 100. Mat þetta skal framkvæmt á eftirfarandi hátt:

1. taka skal 10% úrtak úr þeim gæruflokki, sem verið er að meta.
 2. alvarlegasti galli hvarrar gæru ræður mati. Sé mikið um að gærur hafi fleiri en einn galla, skal matsmaður taka sérstakt tillit til þess og lækka matið.
- Færa skal matsniðurstöður inn á vinnublað fyrir sölumat á gærum, sem gærumatsformaður lætur útbúa.
3. þegar búið er að meta 10% gæranna, er talið hve margar gærur eru í hverjum flokki og reiknað út hlutfall (%). Gildistala er síðan fundin með því að margfalda saman % × vægi hvers flokks. Gildistölurnar eru því næst lagðar saman og fæst þá meðalgildistala fyrir viðkomandi gærusendingu.
 4. niðurstöður matsins skal færa inn á eyðublað fyrir sölumat og skal afrit af því sent seljanda og kaupanda.
 5. komi upp ágreiningur um mat á gærum milli kaupanda og seljanda, er heimilt að leita úrskurðar gærumatsformanns.

Gærumatsformaður lætur endurmeta sendinguna svo fljótt sem auðið er, enda haldi kaupandi eftir 10% úrtaki, sem gærumatsmaður hefur tekið frá, þar til endurmat hefur farið fram. Ósk um endurmat verður að koma fram innan 10 daga frá dagsetningu sölumats.

Verði eigi umtalsverðar breytingar við yfirmat, ber matsbeiðandi kostnað af yfirmati eftir nánari reglum, sem gærumatsformaður setur.

III. KAFLI

Um starfsmenn við gærumat.

4. gr.

Lögreglustjóri skipar gærumatsmenn einn eða fleiri hjá hverjum sláturleyfishafa og hverri sútunarverksmiðju eftir tillögum yfirlögum gærumatsmanna. Skulu þeir hafa aflað sér þekkingar á gærumati, með því að starfa við það eða á annan hátt.

Gærumatsmenn skulu, áður en þeir taka til starfa, undirrita drengskaparheit hjá lögreglustjóra um að þeir ræki starf sitt af alúð og samvirkusemi og fari eftir þeim reglum, sem settar eru.

5. gr.

Ekki mega gærumatsmenn eiga hlut í því félagi, sem þeir starfa hjá. Félagar í samvinnufélögum eru þó undanþegnir þessu ákvæði. Gærumatsmenn mega ekki þiggja aukabókun frá þeim, sem söluna annast og skulu gæta fyllstu samvirkusemi í starfi sínu.

6. gr.

Sýni gærumatsmenn vanrækslu í starfi, hlutdrægni við mat eða leysi það illa af hendi, að dómi yfirkærumatsmanns, er yfirkærumatsmanni heimilt, í samráði við gærumatsformann, að víkja þeim frá um stundasakir. Þessa ákvörðun skal kynna lögreglustjóra, sem víkur hinum brotlegu úr starfi og skipar í þeirra stað.

7. gr.

Réttindi gærumatsmanna geta þeir einir hlotið, sem eru á aldrinum 20 til 70 ára og hafa öðlast þekkingu á flokkun og mati gæra. Þeir verða að geta greint liti á ull.

8. gr.

Ef ágreiningur verður um flokkun og/eða mat á gærum, skal yfirkærumatsmaður skera úr svo fljótt sem auðið er, frá því honum berst ósk um úrskurð.

9. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar yfirkærumatsmenn samkvæmt tilnefningu gærumatsformanns. Skulu þeir vera 4 og hafi hver þeirra ákveðið starfssvæði. Landbúnaðarráðherra skipar gærumatsformann. Skal hann vera sérfróður í öllu því, sem að framleiðslu, meðferð og geymslu gæra lýtur. Skal hann veita gærumatsmönnum og yfirkærumatsmönnum fræðslu um flokkun gæra og framkvæmd gærumatsins. Er yfirkærumatsmönnum og gærumatsmönnum skylt að haga gærumatinu eftir fyrir mælum hans og má leita úrskurðar hans ef ágreiningur verður um matið.

Nánari ákvæði um starfssvið gærumatsmanna skal setja í erindisbréfi, sem landbúnaðarráðherra gefur út, að fengnum tillögum gærumatsformanns.

10. gr.

Yfirkærumatsmenn hafa þessi starfssvæði:

1. frá Skeiðarársandi vestur um land að Gilsfjarðarbotni.
2. frá Gilsfjarðarbotni um Vestfirði til Hrutafjarðarbotns.
3. frá Hrutafjarðarbotni um Norðurland að Jökulsá í Öxarfirði, N.-Þingeyjarsýslu.
4. frá Jökulsá í Öxarfirði, N.-Þingeyjarsýslu, suður um land að Skeiðarársandi.

11. gr.

Yfirkærumatsmenn skulu fylgjast með því að farið sé eftir reglum þeim, sem ráðherra setur um flokkun og mat á gærum. Þeir skulu leiðbeina framleiðendum og gærumatsmönnum á námskeiðum og fundum, sem til er stofnað í þessu skyni.

Yfirkærumatsmenn gefa gærumatsformanni árlega yfirlit um störf sín í þágu gærumatsins.

12. gr.

Brot á reglugerð þessari varða refsingu samkvæmt 6. gr. laga nr. 22 10. maí 1976. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum um flokkun og mat á gærum nr. 22 10. maí 1976 og öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 509 5. september 1980 og reglugerð nr. 472 11. ágúst 1982 um breytingu á henni.

Landbúnaðarráðuneytið, 24. september 1986.

Jón Helgason.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

um stuðning Framleiðnisjóðs landbúnaðarins við nýjar búgreinar, búháttabreytingar og aðra nýbreytni í landbúnaði.

1. gr.

Merking orða er í reglugerð þessari sem hér segir:

Búmark er viðmiðunartala afurðaeininga hjá einstökum framleiðanda búvöru, sem ákveðin er skv. reglum, settum með heimild í lögum nr. 46 27. júní 1985.

Fullvirðisréttur er það magn mjólkur og sauðfjárafurða, sem framleiðendum er ábyrgst fullt verð fyrir á grundvelli samnings skv. a-lið 30. gr. 1. nr. 46/1985.

Ærgildi er bústofnseining. Vetrarfóðruð sauðkind telst 1 ærgildi, kýr telur 20 ærgildi, keflid kvíga 12, vetrungur 8 og kálfur 4 ærgildi.

Ærgildisafurð er afurðaeining. Ein ærgildisafurð telst vera 16,8 kg af dillakjöti og tilsvarendi verðmæti í kjöti af fullorðnu fé, eða 174 lítrar af mjólk, eða 20 kg af nautakjöti.

Lögbýli er skilgreint með sama hætti og í 1. gr. ábúðarlaga nr. 64 31. maí 1976 með síðari breytingum.

Verðlagsár er tímabilið frá 1. september til 31. ágúst árið eftir.

2. gr.

Framleiðnisjóður landbúnaðarins ráðstafar eftirgreindu fé til viðfangsefna í landbúnaði:

- a) fé sem ríkissjóður leggur fram til þess að mæta áhrifum samdráttar í framleiðslu mjólkur og sauðfjárafurða, sbr. 37. gr. 1. nr. 46 27. júní 1985,
- b) tekjum af hinu sérstaka fóðurgjaldi, sbr. 2. mgr. 34. gr. 1. nr. 46 27. júní 1985.

3. gr.

Fé skv. a—lið 2. gr. er stjórn Framleiðnisjóðs heimilt að ráðstafa sem framlögum til þeirra er breyta um búskaparhætti á lögbýlum á árunum 1986-1990. Um eftirfarandi framlög er að ræða:

- a. til þeirra sem fella niður eða draga úr framleiðslu mjólkur og/eða sauðfjárafurða til sölu á almennum markaði, með sölu á fullvirðisrétti. Heimilt er að greiða sérstakt álag vegna kaupa á fullvirðisrétti framleiðanda sauðfjárafurða, ef um er að ræða svæðisbundna fækkun t. d. vegna skógræktar, landfríðunar o. þ. l. Jafnframt er heimilt að greiða álag, þegar seldur er allur fullvirðisréttur í búgrein sem gefur minna en 20% af brúttótekjum búans,
- b. til þeirra sem fella niður eða draga úr framleiðslu mjólkur og/eða sauðfjárafurða til sölu á almennum markaði, um tiltekinn tíma, með leigu á fullvirðisrétti,
- c. til kaupa eða leigu á fullvirðisrétti þeirra framleiðenda, sem skera niður bústofn sinn vegna riðuveiki,
- d. til greiðslu afurða, sem falla til við bústofnsbreytingar vegna samdráttar í búrekstri og svara til þess fullvirðisréttar sem er keyptur eða leigður, með samningum skv. liðum a — c.
- e. til þeirra sem taka upp á lögbýlum annan atvinnurekstur en mjólkur- og kjötfra-
leiðslu.

Fyrir framlögum skv. e-lið skulu þeir að öðru jöfnu sitja, sem breyta búvöruframleiðslu sinni skv. a — c liðum þessarar greinar eða eru frumbýlingar.

Framlög skv. a — c liðum skulu vera tilteknar upphæðir á hvert ærgildi fullvirðisréttar, sem viðkomandi framleiðandi afsalar sér.

Með umsókn um framlag skv. e-lið þessarar greinar skal umsækjandi leggja fram stofn- og rekstraráætlun um fyrirhugaðan atvinnurekstur á býlinu. Áætlanir skulu staðfestar af héraðsráðunaut, eða öðrum þeim aðila, sem stjórn Framleiðnisjóðs telur til þess hæfan.

Við sölu og/eða leigu fullvirðisréttar skal Framleiðsluráð landbúnaðarins breyta búmarksskrá í samræmi við gerða samninga.

Stjórn Framleiðnisjóðs er heimilt að draga frá framlögum aðra beina styrki og hvers konar önnur óafturkræf framlög, sem viðkomandi framleiðendur fá vegna búháttabreytinga.

Að fengnum tillögum Framleiðnisjóðs ákveður landbúnaðarráðherra hver upphæð framlags í hverjum flokki skv. 1. mgr. þessarar greinar skuli vera fyrir hvert verðlagsár. Framlög skulu vera verðtryggð skv. nánari ákvörðun landbúnaðarráðherra.

4. gr.

Stjórn Framleiðnisjóðs er heimilt að binda framlag vegna búháttabreytinga með kaupum eða leigu á fullvirðisrétti við 500 ærgildi að hámarki hjá einstökum framleiðanda.

Samningar skulu gerðir við þá bændur, sem hverfa að búháttabreytingu skv. reglugerð þessari, eftir reglum sem ráðherra setur.

5. gr.

Framleiðnisjóði er heimilt að skipta greiðslu fyrir keyptan fullvirðisrétt á sex ára tímabil frá undirritun samnings um búháttabreytingu.

Leiga fullvirðisréttar skal greidd árlega. Leigutími skal að lágmarki vera sex ár. Óski viðkomandi framleiðandi að nýta fullvirðisrétt sinn að leigutíma loknum, ber honum að tilkynna Framleiðnisjóði það, eigi síðar en tólf mánuðum áður en leigutíma lýkur.

Óski framleiðandi ekki eftir að nýta fullvirðisrétt sinn að loknum leigutíma, fellur fullvirðisréttur hans niður án bóta. Framleiðnisjóði er þó heimilt að greiða sérstakt álag á hvert ærgildi fullvirðisréttar sem þannig fellur niður.

6. gr.

Samningi um sölu eða leigu á fullvirðisrétti skal þinglýst sem kvöð á viðkomandi jörð.

7. gr.

Óski ábúandi á jörð, sem afsalað hefur fullvirðisrétti með samningi við Framleiðnisjóð, eftir að fá fullvirðisrétt að nýju að loknum samningstíma til að hefja framleiðslu mjólkur og/ eða sauðfjárafurða, skal með það fara eins og um nýjan framleiðanda þessara afurða væri að ræða.

8. gr.

Staðfestingu á breytingum búmarks og fullvirðisréttar skal færa í búmarksskrá, sem haldin er í samræmi við VII. kafla l. nr. 46 27. júní 1985.

9. gr.

Um ráðstöfun annars fjár Framleiðnisjóðs en hér hefur verið talið sbr. 2. gr., gerir stjórn sjóðsins tillögur til landbúnaðarráðherra. Skal því varið til eflingar nýrra viðfangsefna í landbúnaði, stuðnings við búgreinar, markaðsöflunar og til fjárhagslegrar endurskipulagn- ingar búreksturs á lögbýlum. Fyrirgreiðslu má veita í formi framlaga og lána.

10. gr.

Framleiðnisjóður birtir reikninga sjóðsins árlega í Stjórnartíðindum. Þar skal tekjum af hinu sérstaka fóðurgjaldi, sbr. b-lið 2. gr., og ráðstöfun þeirra haldið sérgreindum. Skal ríkisendurskoðun endurskoða þann hluta reikninga sjóðsins, auk lögboðinna endurskoð- enda hans.

11. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu skv. 59. gr. laga nr. 46 27. júní 1985.

12. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 370 11. október 1985.

Landbúnaðarráðuneytið, 25. september 1986.

Jón Helgason.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 261/1983 um fæðingarorlof,
með síðari breytingum.**

1. gr.

Við 6. gr. bætist ný málsgrein er verði þriðja málsgrein og orðist svo:

Þegar sérstaklega stendur á vegna heilsufars barns er heimilt að fengnu vottorði læknis sem annast hefur barnið að konan taki hluta af fæðingarorlofi án þess að henni sé skylt að ljúka því í einu lagi. Hvert tímabil má þó ekki vera skemmra en einn mánuður.

2. gr.

Síðasta setning 13. gr. fellur brott.

3. gr.

3. mgr. 14. gr. orðist svo:

Hvort foreldri sem er getur að ósk móður dvalið hjá barni þennan mánuð.

4. gr.

15. gr. orðist svo:

Sé um fleirburafæðingu að ræða, greiðist fæðingarorlof einum mánuði lengur fyrir hvert barn umfram eitt.

5. gr.

16. gr. orðist svo:

Greiða skal fæðingarorlof í þrjá mánuði ef um er að ræða andvanaburð. Með andvanafæðingu er átt við meðgöngu í tuttugu og átta vikur eða lengri tíma, fósturþyngd 1000 gr eða meira og 35 cm lengd fósturs mælt frá hvirfli til ilja.

Sé um að ræða fósturlát eftir 20 vikna meðgöngu, greiðist fæðingarorlof í tvo mánuði.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 97/1980, um breytingu á lögum um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. september 1986.

Ragnhildur Helgadóttir.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um starfsleyfi fyrir fiskeldisstöð Óslax hf. í landi Garðs í Ólafsfirði.

1.0. Almenn ákvæði.

- 1.1. Starfsleyfi þetta gildir fyrir framleiðslu allt að 12—15 tonna ársframleiðslu.
- 1.2. Eigi má breyta eða auka þennan atvinnurekstur ef það getur leitt til aukinnar og/eða annarrar mengunar, nema að fengnu nýju starfsleyfi.
- 1.3. Stöðinni er skylt að sjá um, að á öllu athafnasvæði stöðvarinnar sé gætt fyllsta hreinlætis. Stöðinni ber að halda útliti sínu og umhverfi snyrtilegu.
- 1.4. Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
- 1.5. Mengunarvarnir Hollustuverndar ríkisins geta, að höfðu samráði við umsagnaraðila, lagt til við heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að starfsleyfið verði endurskoðað, ef í ljós kemur hættu á skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, heilbrigði eða tilveru náttúrulegra fiskstofna eða vegna röskunar á lífríki.
- 1.6. Afrit af lögbundinni árlegri skýrslu forráðenda eldisstöðva til veiðimálastjóra skal sent til Hollustuverndar ríkisins. Í henni koma fram: framleiðslumagn, fíðurnotkun og fíðurgerð, magn og gerð hreinsiefna, sótthreinsiefna, og lyfja sem notað var á árinu.

2.0. Varnir gegn mengun umhverfis.

- 2.1. Til að draga úr hugsanlegri smithættu sjúkdóma og vegna hættu á erfðablöndun milli náttúrulegra stofna og eldisstofna skal þannig gengið frá frárennsli að samgangur fiska í umhverfinu og fiska í stöðinni verði útilokaður.
- 2.2. Hreinsibúnaði skal komið á landstöðu. Hreinsibúnaður skal samanstanda af svifskilju (miðflóttaafllsskilju) tengdri settanki, eða þró, auk settjarnar til útfellingar á finni ögnum. Svifskiljan skal vera nægilega stór fyrir rennslið 100 l/sek. (5—6 metrar í þvermál). Útfelldar svifagnir ásamt 5% af frárennslinu skal sett í setþró sem vera skal 15m². Grófhreinsað vatn (95%) fer frá skiljunni í settjörn, sem skal taka a.m.k. 20 til 30 mínútur. Rennsli (dýpi 1—1,5 metrar) og rennslissvæði vatnsins skal ekki fara yfir 2—4 cm/s. Heimilt er, með samþykki Hollustuverndar ríkisins, að breyta útfærslum á hreinsibúnaði vegna endurnýtingar á vatni ef hreinsivirkni verður ekki lakari en svo að 80—90% af föstum lífrænum efnum verði fjarlægð úr frárennsli og magn fastra lífrænna svifagna fari aldrei yfir 4 mg/l í frárennsli.

3.0. Gildistaka.

- 3.1. Starfsleyfi þetta, sem veitt er í samræmi við 5. gr. reglugerðar nr. 390/1985, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem getur haft í för með sér mengun, og sett er með stöð í 3. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðisefirlit, öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 12. september 1986.

Ragnhildur Helgadóttir.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUR

um Byggingarsjóð Þjóðarbókhlöðu.

1. gr.

Hlutverk Byggingarsjóðs Þjóðarbókhlöðu er að fjármagna byggingu bókhlöðunnar. Stjórn sjóðsins skal sjá um eftirlit með sjóðnum og ráðstöfun hans.

2. gr.

Ávöxtun og bókhald sjóðsins sé við Seðlabanka Íslands. Reikningar sjóðsins skulu birtir í ríkisreikningi.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Sérstakur eignarskattur samkvæmt lögum nr. 49 frá 6. maí 1986, um þjóðaráttak til byggingar Þjóðarbókhlöðu, skal renna óskiptur í sjóðinn.
2. Vextir af inneignum sjóðsins á bankareikningum.

4. gr.

Tekjur sjóðsins verði jafnharðan og þær innheimtast færðar honum til tekna.

5. gr.

Stjórn sjóðsins gefur framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins heimild til að ávísa á sjóðinn eftir því sem verkinu miðar, með bréflægum tilmælum til Seðlabanka Íslands, en stofna skal undirreikning í viðskiptabanka og greiðast einstakar greiðslur af þeim reikningi.

6. gr.

Menntamálaráðherra skipar sjóðnum þriggja manna stjórn. Einn stjórnarmaður skal tilnefndur af fjármálaráðherra, annar samkvæmt tilnefningu Seðlabanka, en formaður skipaður af menntamálaráðherra án tilnefningar. Sjóðsstjórnin tilnefnir einn mann í Byggingarnefnd Þjóðarbókhlöðu.

7. gr.

Reglur þessar eru settar í samræmi við lög nr. 49 frá 6. maí 1986, um þjóðaráttak til byggingar Þjóðarbókhlöðu og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 23. september 1986.

Sverrir Hermannsson.

Knútur Hallsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 42 — 1986

14. september 1986

873

Nr. 410

REGLUGERÐ

fyrir Stofnun Sigurðar Nordals

1. gr.

Á vegum Háskóla Íslands starfar menntastofnun sem ber heitið Stofnun Sigurðar Nordals.

2. gr.

Hlutverk stofnunarinnar skal vera að efla hvarvetna í heiminum rannsóknir og kynningu á íslenskrri menningu að fornu og nýju og tengsl íslenskra og erlendra fræðimanna á því sviði.

3. gr.

Hlutverki sínu gegnir stofnunin einkum með því að:

1. Aflla gagna um rannsóknir tengdar íslenskrri menningu sem stundaðar eru í heiminum;
2. Þjófða erlendum fræðimönnum til Íslands til að kynna rannsóknir sínar, aflla gagna til þeirra eða til að stunda rannsóknir. Slík heimboð skulu að jafnaði ákveðin í samvinnu við háskóladeildir og rannsóknastofnanir á þeim sviðum sem við eiga eða að frumkvæði þeirra;
3. Gangast fyrir ráðstefnum, umræðufundum, námskeiðum og fyrirlesturum um íslenska menningu;
4. Styðja eða standa fyrir útgáfu rita um íslenska menningu, þ. á m. til að kynna íslensk vísindarit um þau efni á erlendum vettvangi;
5. Hafa forgöngu um kennslu í íslensku og íslenskum fræðum erlendis í samvinnu við aðila innan háskólans sem utan og annast þjónustu við íslenska sendikennara;
6. Styrkja íslenska fræðimenn til að fara til annarra landa í því skyni að stunda rannsóknir í fræðum sínum eða kynna þau;
7. Hafa samvinnu við erlenda aðila, einkum á Norðurlöndum, um hver þau verkefni sem falla undir hlutverk stofnunarinnar.

4. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð þremur mönnum.

Heimspekideild kýs einn stjórnarmanna, háskólaráð kýs annan, en menntamálaráðherra skipar hinn þriðja og skal hann vera formaður stjórnar. Stjórnin skal skipuð til þriggja ára í senn.

Stjórnin ræður starfslíð stofnunarinnar og forstöðumann eftir því sem heimildir á fjárlögum leyfa að fenginni umsögn heimspekideildar.

5. gr.

Rekstur stofnunarinnar er greiddur af ríkisfé samkvæmt því sem veitt er á fjárlögum. Aðrar tekjur eru:

- a) Styrkir til einstakra verkefna.
- b) Greiðslur fyrir umbeðin verkefni.
- c) Tekjur af útgáfu, námskeiðum, ráðstefnum eða annarri starfsemi.
- d) Gjafir og aðrar tekjur er stofnuninni kunna að berast.

Stofnunin skal hafa sjálfstæðan fjárhag óháðan öðrum stofnunum eða deildum háskólans, og skal reikningshaldið vera hluti af heildarreikningum háskólans.

6. gr.

Menntamálaráðuneytið sér stofnuninni fyrir húsnæði og annarri starfsaðstöðu.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 36. gr. sbr. 9. gr. laga nr. 77/1979 um Háskóla Íslands, og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 14. september 1986.

Sverrir Hermannsson.

Knútur Hallsson.

REIKNINGUR

Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 1985.

A. Rekstrarreikningur.

Gjöld:

	Kr.
Almenn framlög til sveitarfélaga skv. 13. gr.	724 139 500
Aukaframlög til sveitarfélaga skv. 15. gr.	56 885 600
Fólksfækkunarframlög til sveitarfél. skv. 16. gr.	16 078 975
Samband ísl. sveitarfél., framlag, 1% af vergum tekjum	9 411 553
Landshlutasamtök sveitarf., framlag, 1% af vergum tekjum	10 917 403
Lánasjóður sveitarfélaga, framlag, 5% af vergum tekjum	47 057 761
Húsfriðunarsjóður, framlag	1 630 204
Innheimtustofnun sveitarfélaga, rekstrarframlag	5 524 643
Afskrifaðar kröfur vegna barnsmeðlaga	688 883
Eftirlaunasjóður aldraðra	9 547 076
Vextir	32 648 897
Afgangur fluttur á höfuðstól	26 624 714

Alls kr. 941 155 209

Tekjur:

		Kr.
Sölugjald, hluti sjóðsins í álagningu		635 000 000
Aðflutningsgjöld, hluti sjóðsins í álagningu		147 500 379
Landsútsvör:		
Bankar		26 624 714
Aðrir	175 957 588	
–hluti sveitarfélaga	43 927 472	132 030 116
Sérstakur tekjuskattur:		
Kísiliðjan hf. og Johns Manville	9 643 164	
–til Húsavíkurkaupstaðar	5 843 038	
–til Skútustaðahrepps	3 800 126	—
		<hr/>
Almennar tekjur		941 155 290
Vaxtatekjur		—
		<hr/>
	Vergar tekjur	941 155 209

B. Efnahagsreikningur.

Eignir:

Greiðslufjárreikningar:		71 708 920
Óinnheimtar tekjur hjá gjaldendum ríkissjóðs		67 599 789
Sveitarfélög, viðskiptareikningar		24 978
Samband íslenskra sveitarfélaga		572 300
Landshlutasamtök sveitarfélaga		663 843
Lánasjóður sveitarfélaga		2 444 410
Sýslumaður og bæjarfógeti, Húsavík		195 177
Sveitarfélög v/landsútsvara		208 423
Lánareikningar:		476 354 674
Innheimtustofnun sveitarfélaga		476 234 674
Sauðaneshreppur		120 000
		<hr/>
	Alls kr.	548 063 594

Skuldir:

Greiðslufjárreikningar:		278 322 096
Innheimtustofnun sveitarfélaga		5 524 643
Sveitarfélög, viðskiptareikningar		317 094
Ríkissjóður, viðskiptareikningar		1 549 517
Ríkissjóður		194 024
Olúverslun Íslands v/landsútsvars		833 692
Framlagsfé til sveitarfélaga:		
Af óinnheimtum tekjum:		
Í ársbyrjun	67 599 789	
Af rekstrarreikningi	—	67 599 789
Af innheimtum tekjum:		
Í ársbyrjun	96 102 347	
Af rekstrarreikningi	797 104 075	
		<hr/>
	Samtals kr.	893 206 422
Úthlutað á árinu 1985	690 903 085	202 303 337

Langtímaskuldir:

Ríkisábyrgðasjóður	194 663 704
Eiginfjárreikningar:	75 077 794
Höfuðstóll í ársbyrjun	48 453 080
Tekjuafgangur	26 624 714
	<hr/>
	Alls kr. 548 063 594

Reykjavík, 19. september 1986.

Hallgrímur Dalberg.

Lára Hafliðadóttir.

Nr. 412

29. september 1986

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að einstefna verði á Skólastræti í átt frá Amtmannsstíg að Bankastræti. Ákvörðun þessi tekur gildi 1. nóvember 1986.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 29. september 1986.

Böðvar Bragason.

Nr. 413

18. september 1986

AUGLÝSING

um umferð í Kópavogi.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Kópavogs, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Kópavogi:

1. Biðskylda skal vera á Smiðjuvegi C og Skemmuvegi K, L, M og N gagnvart Skemmuvegi (aðalgötu).
2. Biðskylda skal vera á öllum aðliggjandi götum að Þverbrekku.
3. Einstefna á Sunnubraut, sem felld var niður um sinn með auglýsingu dags. 22. janúar 1986, skal tekin upp að nýju.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968, og koma til framkvæmda þegar í stað.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Kópavogi, sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

Bæjarfógetinn í Kópavogi, 18. september 1986.

Guðgeir Eyjólfsson, fulltrúi.

AUGLÝSING

um breyting á staðfestri legu vegar um Ölfusárós milli Eyrarbakka og Þorlákshafnarvegjar.

Samkvæmt ósk hreppsnefnda Ölfushrepps og Eyrarbakka hefur skipulagsstjórn ríkisins sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964, hinn 16. júlí 1986 staðfest breyting á legu vegar um Ölfusárós milli Eyrarbakka og Þorlákshafnarvegjar. Breytingin nær yfir ca. 480 m langan vegarkafli sinn hvoru megin við Ölfusárós.

Félagsmálaráðuneytið, 29. september 1986.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

26. september 1986

Nr. 415

AUGLÝSING

um útvarpsgjald.

Útvarpsgjald, sbr. 22. gr. útvarpslaga nr. 68/1985, hefur verið ákveðið kr. 1 525,00, fyrir 4. ársfjórðung 1986.

Menntamálaráðuneytið, 26. september 1986.

F. h. r.

Knútur Hallsson.

Þórunn J. Hafstein.

29. september 1986

Nr. 416

AUGLÝSING

um staðfestingu á breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur.

Samkvæmt 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964 hefur skipulagsstjórn ríkisins hinn 2. júlí 1986 staðfest breytingu á áður staðfestu aðalskipulagi Reykjavíkur varðandi landnotkun við Dalbraut og Sundlaugaveg þ.e. staðgreinireit 1.344 og 1.348.

Breytingarnar eru fólgnar í eftirfarandi:

1. Hluti opinbers stofnanasvæðis verði útivistarsvæði.
2. Hluti útivistarsvæðis verði opinbert stofnanasvæði.
3. Hluti útivistarsvæðis verði íbúðarsvæði.
4. Gatan Leirulækur verði götustæði.
5. Gatan Dalbraut verði ein akbraut.

Félagsmálaráðuneytið, 29. september 1986.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

fyrir Hitaveitu Ytri Torfustaðahrepps.

1. gr.

Gildissvið og eignaraðild.

Reglugerð þessi gildir um veituvæði hitaveitunnar sem er Laugarbakki og nágrenni. Reglugerðin getur einnig gilt á öðrum svæðum í hreppnum eftir því sem hreppsnefnd Ytri Torfustaðahrepps ákveður og ráðherra samþykkir samkvæmt orkulögum.

Hitaveita Ytri Torfustaðahrepps er eign Ytri Torfustaðahrepps og skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki.

2. gr.

Stjórn hitaveitu.

Hreppsnefnd fer með stjórn hitaveitunnar. Einnig getur hreppsnefnd skipað hitaveitunni sérstaka stjórn.

Hitaveitan er sjálfstæður réttaraðili og hefur sjálfstæðan fjárhag og reikningshald. Heimili hitaveitunnar er að Laugarbakka í Miðfirði.

Hreppsnefnd eða sá aðili, sem hreppsnefnd kann að fela starfið, annast bókhald og fjárreiður hitaveitunnar og sér um innheimtu hitaveitugjalda.

3. gr.

Verkefni hitaveitu.

Það er verkefni hitaveitunnar að kaupa vatn frá loftskilju af Hitaveitufélagi Miðfirðinga sf. og dreifa því til notenda gegn gjaldi sem ákveðið skal í gjaldskrá.

4. gr.

Einkaleyfi hitaveitu.

Hitaveita Ytri Torfustaðahrepps hefur einkaleyfi á dreifingu og sölu heits vatns á svæði því, sem hún nær yfir, sbr. 1. gr.

5. gr.

Veitukerfið.

Ytri Torfustaðahreppur afhendir Hitaveitu Ytri Torfustaðahrepps allt hitaveitukerfi á svæði veitunnar sbr. 1. gr., sem hefur verið í eigu hreppsins.

6. gr.

Notkun orkunnar.

Sú hitaorka sem hitaveitan lætur í té, er ætluð til upphitunar húsa og almennra heimilisnota og til sundlaugar. Nú kemur fram ósk um að nota heita vatnið til annarra þarfa en að framan greinir og þarf þá til þess heimild hreppsnefndar.

7. gr.

Afrennslisvatn frá húskerfum.

Húseigendum er heimilt að nota aftur vatn sem runnið hefur gegnum hitunarkerfi húss til upphitunar á gróðurhúsum, útihúsum o. s. frv. en skulu skila afrennslisvatninu aftur ef hitaveitan þarf á því að halda. Skal húsráðandi annast og kosta að leiða afrennslisvatnið í frárennslisvíð hússins.

8. gr.

Tenging.

Hver sá, er húseign á við götu eða veg, þar sem dreifiæðar hitaveitunnar liggja, hefur rétt á að láta tengja hitakerfi hússins við hitaveituæðina.

Nú eru sérstakir erfiðleikar á tengingu húss, eða tenging þykir af einhverjum ástæðum ekki ráðleg, og getur þá hreppsnefnd ákveðið, að húsið sé ekki tengt við dreifikerfið.

9. gr.

Varmaafi.

Hitaveitunefnd ákveður hámark varmaafis til notenda. Henni er heimilt að minnka það eða loka fyrir um stundarsakir, telji hún það nauðsynlegt vegna viðgerða, tenginga eða af öðrum ástæðum.

10. gr.

Ábyrgð hitaveitu.

Hitaveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, er leiða kann af rekstrartruflunum er verða vegna frosta, rafmagnsbilana, náttúruhamfara eða annarra óviðráðanlegra atvika. Sama gildir, ef rennsli um æð er stöðvað um stundarsakir vegna viðgerðar og annars slíks. Hitaveitan er ekki heldur bótaskyld vegna tjóns á mönnum eða eignum frá hitalögnum innan húss.

11. gr.

Umsóknir.

Áður en hafist er handa um lagningu nýrra kerfa, eða breytinga á eldri kerfum, skal húseigandi með minnst 7 daga fyrirvara senda hreppsnefnd umsókn um aðild að hitaveitunni.

Umsókn eiga að fylgja uppdrættir af hitalögnum hússins.

12. gr.

Eftirlit og viðhaldsskylda.

Eftirlitsmaður á vegum hreppsnefndar annast eftirlit með því, að hitalagnir séu í samræmi við samþykktan uppdrátt og reglugerð.

Hitaveitan hefur viðhaldsskyldu á dreifikerfi sínu. Notanda er óheimilt að torvelða á nokkurn hátt aðgang til eftirlits og viðhalds á dreifikerfi og hitalögnum og má m. a. ekki hylja lagnir innan húss.

13. gr.

Dælur á heimæðum.

Óheimilt er að tengja dælur við heimæðar nema gegn skriflegu leyfi hreppsnefndar.

14. gr.

Viðurlög.

Brot á reglugerð þessari varðar sektum, nema þyngri refsing liggja við samkvæmt lögum.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Ytri Torfustaðahrepps staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til þess að taka gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 29. september 1986.

Albert Guðmundsson.

Páll Flygenring.

REGLUGERÐ

Hitaveitu Mosfellshrepps.

I. KAFLI

Rekstrarform.

1. gr.

Hitaveita Mosfellshrepps er eign Mosfellshrepps, undir yfirstjórn hreppsnefndar.

2. gr.

Tilgangur hitaveitunnar er að afla, selja og veita heitu vatni um veitusvæði sitt og reka aðra þá starfsemi sem því tengist.

3. gr.

Veitusvæði hitaveitunnar er Mosfellshreppur. Hitaveitan hefur einkarétt til dreifingar og sölu á heitu vatni á veitusvæði sínu, að svo miklu leiti sem það stangast ekki á við áðurgerða samninga við Reykjavíkurborg.

4. gr.

Yfirstjórn hitaveitunnar er í höndum hreppsnefndar en rekstrarstjórn hennar skal falin veitunefnd.

5. gr.

Veitunefnd skipar fimm menn og fimm til vara sem kosnir eru af hreppsnefnd. Kjörtímabil hennar skal vera hið saman og hreppsnefndar. Veitunefnd skiptir með sér verkum, og kýs sér formann.

6. gr.

Veitunefnd er ákvörðunarbær þegar meirihluti hennar sækir fund. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum.

7. gr.

Verkefni veitunefndar er:

- 1) Að hafa eftirlit með því að skipulag hitaveitunnar og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi.
- 2) Að gera tillögur að framkvæmdum hitaveitumála á veitusvæði hitaveitunnar í samræmi við samþykktir og ákvæði sveitarstjórnarlaga.
- 3) Að semja gjaldskrá fyrir veituna og leggja hana fyrir hreppsnefnd.
- 4) Að undirbúa samninga um kaup og sölu á heitu vatni.
- 5) Að semja fjárhagsáætlanir fyrir hitaveituna og leggja fyrir hreppsnefnd.
- 6) Að gera tillögur um ráðningu fastra starfsmanna hitaveitunnar til hreppsnefndar.
- 7) Að gefa hreppsnefnd þær skýrslur sem óskað er eftir.
- 8) Að semja nánari reglur um einstök framkvæmdaatriði þessarar reglugerðar eftir því sem þörf gerist og leggja þær fyrir hreppsnefnd til staðfestingar.

8. gr.

Tæknifræðingur Mosfellshrepps er rekstrarstjóri hitaveitunnar. Rekstrarstjóri annast allan daglegan rekstur hennar og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum, sem veitustjórn gefur. Rekstrarstjóri situr fundi veitustjórnar og hefir þar málfrelsi og tillögurétt.

9. gr.

Hitaveitan skal hafa sjálfstætt reiknishald. Reikningsár hitaveitunnar er almanaksárið og skulu reikningar hennar fylgja reikningum sveitarsjóðs og vera endurskoðaðir af endurskoðendum hans.

Tekjum hitaveitunnar skal fyrst og fremst varið til að standa straum af nauðsynlegum rekstrarkostnaði þannig að tryggður sé öruggur rekstur veitunnar svo og til greiðslu afborgana og vaxta af skuldum hennar. Ráðstöfun hagnaðar eða jöfnun taps skal ákveðin af hreppsnefnd að fengnum tillögum veitustjórnar.

Við gerð gjaldskrár skal þess gætt að verð á heitu vatni sé við það miðað að eðlilegur afrakstur fái af því fjármagni, sem á hverjum tíma er bundið í rekstri fyrirtækisins. Einnig skal að því stefnt að fyrirtækið skili nægilegum greiðsluafgangi til þess að það geti jafnan með eigin fjármagni og hæfilegum lántökum tryggt notendum sínum nægjanlegt heitt vatn á hagkvæmu verði.

Við gerð gjaldskrár skal þó ætíð tekið tillit til samninga, milli Hitaveitu Mosfellshrepps og Hitaveitu Reykjavíkur, um verð á heitu vatni.

II. KAFLI

Almenn ákvæði.

10. gr.

Eigandi húsveitu eða annarrar veitu sem tengist veitukerfi hitaveitunnar nefnist húseigandi.

Kaupandi heits vatns eða sá, sem ber ábyrgð á greiðslu þess nefnist notandi.

11. gr.

Heitt vatn er afhent um veitukerfi hitaveitunnar samkvæmt gildandi reglugerð og gjaldskrá.

Hitaveitunni er heimilt að semja sérstaklega um sölu á heitu vatni utan almennra söluskilmála.

Slíkir samningar skulu háðir samþykki hreppsnefndar.

Hitaveituvatn sem runnið hefir í gegnum hitunarkerfi húss (bakrennsli) er eign hitaveitunnar. Hitaveitan getur heimilað notkun þess til upphitunar í gróðurhúsum, bílastæðum og öðrum stöðum. Frágangur lagna og búnaðar vegna slíkrar notkunar skal vera samkvæmt fyrirmælum hitaveitunnar. Hitaveitan getur afturkallað slík leyfi með 3ja mánaða fyrirvara, án bóta, ef nauðsynlegt er vegna almennra orkusparnaðarsjónarmiða. Óheimilt er að tengja vatnsdælur, varmadælur og/eða annan slíkan búnað við hitaveituinntök, bakrennsli eða hitakerfi húsa nema að fengnu samþykki hitaveitunnar.

12. gr.

Hitaveitan skal gefa kaupendum og húseigendum upplýsingar um þrýsting og hitastig í stofnæðum sé þess óskað.

13. gr.

Óviðráðanlegar breytingar á þrýstingi, hitastigi eða magni heita vatnsins eru án ábyrgðar hitaveitunnar. Um breytingar sem stafa af óviðráðanlegum ástæðum skal hitaveitan tilkynna notendum, svo fljótt sem unnt er.

14. gr.

Endursala á heitu vatni er óheimil án samþykkis hitaveitunnar.

III. KAFLI

Veitukerfi.

15. gr.

Hitaveitan leggur, kostar og á allar lagnir veitukerfisins, aðveituæðar, stofnæðar, dreifiæðar, götuæðar svo og heimæðar og lagnir innanhúss að og með mæligrindum ásamt tilheyrandi búnaði. Hún annast rekstur og viðhald eigin veitukerfis. Viðgerðir og tengingar sem hafa í för með sér röskun á vatnsrennsli, skal tilkynna notendum með hæfilegum fyrirvara, sjá þó ákvæði í 13. gr.

16. gr.

Húseiganda innan veitusvæðis hitaveitunnar þar sem veitukerfi hitaveitunnar liggur, er skylt að láta tengja hús sitt við hitaveituna. Heimilt er að veita undanþágu frá þessu ákvæði, ef til þess liggja sérstakar ástæður.

17. gr.

Hitaveitan annast tengingu eigin veitukerfis við húsveitu húseiganda. Við slíka framkvæmd skal hitaveitan halda raski í lágmarki og ganga þrifalega um. Jafnframt skal hitaveitan færa til fyrra horfs eins og við verður komið. Hitaveitan ákveður staðsetningu mælagrindar og inntaks. Húseigandi á ekki kröfu um sérstaka greiðslu fyrir óþægindi vegna lagningar og viðhalds veitukerfisins.

18. gr.

Húseigandi greiðir stofngjald samkvæmt gjaldskrá hverju sinni.

19. gr.

Kostnað við breytingar á húsveitu eða hitunarkerfi húss vegna tengingar við hitaveituna skal húseigandi annast og kosta.

Húseigandi kostar breytingar á heimæðum sem nauðsynlegar eru vegna framkvæmda hans.

Húseigandi skal fyrirfram sækja um leyfi til hverra þeirra framkvæmda, sem kunna að hafa í för með sér röskun á veitukerfi hitaveitunnar.

20. gr.

Hitaveitan hefur rétt til aðgangs að húsnæði því, sem veitukerfi hennar liggur um til viðhalds, eftirlits og breytinga. Inntak hitaveitu og mælagrind skulu alltaf vera í sama herbergi og skal lögn að mælagrind vera óhulin eða í stökk, sem auðvelt er að opna.

21. gr.

Sé nauðsynlegt, vegna bilunar eða endurnýjunar á heimtaug hitaveitu, að grafa upp heimtaugina, er starfsmönnum hitaveitunnar það heimilt.

Starfsmenn skulu færa lóð til fyrra horfs, svo sem unnt er.

Hafi húseigandi (notandi) gróðursett trjágróður, steipt veggj eða plan yfir heimtaugina, ellegar lagt yfir hana snjóbræðslukerfi, ber hitaveitan ekki ábyrgð á, eða greiðir skaðabætur, vegna þess tjóns, sem verða kann á þessum hlutum vegna nauðsynlegra aðgerða hitaveitunnar.

IV. KAFLI

Húsveitur og tenging þeirra.

22. gr.

Um lögn nýrra hitunarkerfa eða breytingu á eldri kerfum gilda ákvæði byggingarreglugerðar. Áhleytingu (tengingu) skal sækja um til hitaveitunnar um leið og greitt er fyrir hitaveitunntak. Engir aðrir en umboðsmenn hitaveitunnar mega hleypa vatni úr kerfi veitunnar á hitakerfi húsa. Hitaveitunni er heimilt að leggja heimæð eða sameiginlega heimæð um lóð og húseigandi skal sjá fyrir inntaksstað fyrir hitaveitu við útvegg kjallara eða fyrstu hæðar ef húsið er kjallaraalaust, ásamt nauðsynlegu rými fyrir mælagrindur og/eða annað tilheyrandi tengingu við veituna. Þar skal vera niðurfall í gólf og það húsrými skal vera aðgengilegt starfsmönnum hitaveitu.

23. gr.

Alltaf skal vera sjálfstæð heimtaug og/eða rennslismælir fyrir hverja íbúð í raðhúsum og parhúsum, sem og fjölbýlishúsum þar sem eru 6 íbúðir eða færri í húsinu.

24. gr.

Uppdrættir skulu uppfylla almennar reglur um hönnun heitavatnslagna, lofthitunarkerfa og loftræstikerfa. Ennfremur skal uppfylla ákvæði byggingasamþykktar og byggingaskilmála.

Samþykki hitaveitunnar á tengingu húsveita við veitukerfi sitt og/eða úttekt felur ekki í sér ábyrgð á hugsanlegum ágöllum við hönnun, gerð eða frágang húsveitunnar.

Rétt til að hanna hitalagnir og gera af þeim uppdraetti eða annast hitalagnir hafa þeir einir, er til þess hafa menntun og réttindi eins og almennt er krafist. Hreppsnefnd getur sett nánari fyrirmæli og reglur um slík réttindi á veitusvæði sínu.

Þeir aðilar, sem réttindi hafa til hönnunar og lagningar hitakerfa sbr. hér að framan, bera ábyrgð á því að verk þeirra sé í samræmi við reglugerð þessa, nánari fyrirmæli er kunna að verða gefin og samþykktu uppdraetti. Um meistaraskipti fer samkvæmt ákvæðum byggingarreglugerðar.

25. gr.

Starfsmenn hitaveitunnar eiga ætíð rétt til þess að hafa óhindraðan aðgang til skoðunar á veitum, jafnt fullgerðum sem ófullgerðum, hvort sem er til athugunar á öryggi þeirra þ. m. t. tækja, til athugunar á mælitækjum og hvort öll notkun komi rétt til mælis samkvæmt gjaldskrá, til álestrar á mælitæki, til lokunar vegna vanskila og til annarra þeirra aðgerða, sem nauðsynlegar eru samkvæmt réttindum og skyldum hitaveitunnar.

Húseiganda/notanda er skylt að láta í té upplýsingar um hitun hússins og heitt kranavatn sé þess óskað.

Komi í ljós að verk sé eigi framkvæmt samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, reglugerð um hitalagnir, eða öðrum reglum er settar kunna að verða, getur hitaveitan stöðvað verkið þar til úr því verður bætt. Pípulagningameistari skal annast prófun hitalagna og vera viðstaddur þegar vatni er hleypt á hitakerfið.

26. gr.

Sé húsveita tengd veitukerfi hitaveitunnar, án heimildar getur hitaveitan aftengt húsveituna fyrirvaralaust.

27. gr.

Húseigandi/notandi ber ábyrgð á meðferð búnaðar og lagna innanhúss sem eru í eigu hitaveitunnar.

Húseiganda/notanda ber að tilkynna tafarlaust til hitaveitunnar, ef vart verður bilunar á búnaði og tækjum hennar.

Húseigandi/notandi greiðir kostnað við viðgerð eða endurnýjun búnaðar sem verður fyrir skemmdum af þeirra völdum.

V. KAFLI

Skilmálar fyrir heitavatnssölu.

28. gr.

Upphaf og lok samningsins um kaup á heitu vatni eru við skráningu tilkynninga hjá hitaveitunni þess efnis.

29. gr.

Skilyrði fyrir sölu á heitu vatni er að í gildi sé samþykkt umsókn um tengingu viðeigandi húsveitu við veitukerfi hitaveitunnar. Hitaveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni sem leiða kann af rekstrartruflunum er verða á veitunni vegna frosta, rafmagnstruflana, náttúruhamfara eða annarra óviðráðanlegra atvika. Sama gildir ef rennsli í vatnsæð er stöðvað um stundarsakir vegna viðgerða eða annarra nauðsynlegra framkvæmda veitunnar. Þurfi að takmarka notkun á heitu vatni um lengri eða skemmri tíma ákveður hitaveitan hvornig hún skuli takmörkuð.

Takmörkunin hefir ekki áhrif á greiðslu fastagjalds (fasts aflsgjalds eða mæligjalds).

Hitaveitunni er ekki skylt að greiða bætur eða veita afslátt vegna takmörkunar á afhendingu vatns og/eða lækkunar á hitastigi.

30. gr.

Hitaveitan ákveður stærð og gerð rennismæla og skulu þeir innsiglaðir. Starfsmenn hitaveitunnar innsigla mælana.

Ef rofið er innsigli á búnaði hitaveitunnar varðar það refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.

Ef notandi óskar að mælir sé prófaður skal hann senda skriflega beiðni þar um til hitaveitunnar. Komi í ljós við prófun að um meira en 5% skekkju í mælingu sé að ræða skal hitaveitan setja upp nýjan mæli, án endurgjalds og leiðréttá reikning kaupanda við niðurstöður hennar, þó ekki fyrir lengra tímabil en tvo mánuði, nema kaupandi eða hitaveita, eftir því sem við á, geti sannað að um lengra tímabil hafi verið að ræða, þó lengst fjögur ár.

Notendur sem hafa hemil eiga ekki rétt á endurgreiðslu á föstu aflgjaldi þótt þeir hafi ekki getað náð því afli sem fasta greiðslan er miðuð við, en hitaveitunni er skylt að leiðréttá skekkju hemilsins eins fljótt sem auðið er.

31. gr.

Notandi skal greiða hitaveitunni fyrir heitt vatn samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Við breytingar á gjaldskrá skal reikningsfæra notkun í beinu hlutfalli við gildistíma hvernar gjaldskrár á því tímabili, sem reikningurinn tekur til.

Hitaveitan má byggja orkureikninga á áætlun um vatnsnotkun kaupanda og innheimta reglulega samkvæmt slíkri áætlun. Reikningar sem byggjast á staðreyndri vatnsnotkun nefnast álestrarreikningar, en reikningar sem byggjast á áætlaðri vatnsnotkun nefnast áætlunarreikningar.

Raunverulega vatnsnotkun skal staðreyna eigi sjaldnar en á 12 mánaða fresti. Þegar vatnsnotkun hefir verið staðreynd, skal hún reikningsfærð og gerð upp fyrir tímabilið milli álestra og koma þá áætlunarreikningar til frádráttar.

Kaupandi getur þó jafnan óskað aukaálestrar og uppgjörs miðað við staðreynda notkun. Ennfremur getur hann óskað eftir breytingu á áætlun um vatnsnotkun vegna nýrra forsenda.

Ef mælir bilar eða vatnskaup eru leyfð tímabundið án mælis, áætla hitaveitan selt vatnsmagn með hliðsjón af hitaþörf hússins, og ber húseiganda/notanda að greiða samkvæmt þeirri áætlun.

Reikninga skal senda kaupanda á notkunarstað eða annan stað sem hann tiltekur.

Gjalddagi reikninga er útgáfudagur. Eindagi er 15 dögum síðar og skal hann tilgreindur á reikningi. Einnig skal tilgreina greiðslustað. Utending heitavatnsreikninga skal fara fram eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Hitaveitan hefur heimild til að skipta reikningi vegna vatnskaupa, fleiri en eins notanda, um einn mæli. Skal þá miðað við stærðarhlutfall hverrar eignar í rúmmetrum, af heildarstærð viðkomandi húss, nema fullt skriflegt samkomulag sé milli allra aðila, sem hlut eiga að máli, um aðra skiptingu. Sé það gert bera kaupendur um þann mæli allir fyrir einn og einn fyrir alla ábyrgð á greiðslu hvers reiknings. Verði vanskil á greiðslu eins eða fleiri reikninga er hitaveitunni heimilt að stöðva vatnsafhendingu um hinn sameiginlega mæli samanber 1. mgr. 31. gr. Setji notandi á sameiginlegum mæli upp hjá sér einhvern þann búnað sem hefur í för með sér aukna heitavatnsnotkun, umfram það sem teljast má eðlileg heimilisnotkun, hefur hitaveitan heimild til að setja á slíkan búnað sérstakan mæli. Þetta gildir t. d. um snjóbræðslukerfi, heita potta, gróðurhús og sundlaugar.

Verði greiðslufall á reikningi hvort sem um er að ræða áætlunar- eða álestrarreikning, má hitaveitan reikna dráttarvexti frá eindaga reiknings hverju sinni.

32. gr.

Hitaveitan hefir rétt til að stöðva afhendingu á heitu vatni til húsveitu (mælis) kaupanda, sem greiðir ekki áætlunar- eða álestrarreikning eða vanrækir skyldur sínar samkvæmt reglugerð þessari.

Til slíkra aðgerða má þó fyrst grípa eftir eindaga og að undangenginni skriflegri viðvörðun, sem sendist kaupanda með fimm daga fyrirvara. Hitaveitan ber ekki ábyrgð á hugsanlegum afleiðingum slíkrar lokunar. Hitaveitan hefur rétt til að krefja notanda um greiðslu kostnaðar við undirbúning að stöðvun vatnsafhendingar, framkvæmd stöðvunarinnar, svo og opnun veitunnar á ný.

Enginn má af- eða endurtengja hitaveituna nema þeir sem hitaveitan hefur veitt umboð til þess. Sé brotið gegn þessu skal farið með það sem óleyfilega vatnsnotkun.

Verði uppvíst að heitt vatn hafi verið notað á annan hátt en um er samið, að raskað hafi verið mælitækjum eða tengingum breytt þannig að ekki komi fram öll notkun skal hitaveitan áætla það vatn sem notað var óleyfilega. Að öðru leyti skal fara með mál út af slíku í samræmi við 34. og 35. grein þessarar reglugerðar.

33. gr.

Nú vanrækir húseigandi/notandi að vinna verk sem honum ber samkvæmt reglugerð þessari, eða verk er ekki unnið á viðunandi hátt, er hitaveitunni þá heimilt að láta vinna það sem þörf krefur á kostnað hans.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

34. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari og gjaldskrá má innheimta með lögtaki.

35. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum, nema þyngri refsing liggvi við að lögum.

36. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

37. gr.

Reglugerð þessi sem samþykkt er af hreppsnefnd Mosfellshrepps er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 98 frá 24. mars 1975 og breyting á þeirri reglugerð frá 28. apríl 1976 um Hitaveitu Mosfellshrepps.

Iðnaðarráðuneytið, 29. september 1986.

Albert Guðmundsson.

Páll Flygenring.

Nr. 419

1. október 1986

REGLUGERÐ

um innheimtu framleiðslugjalds af mjólk umfram verðábyrgð ríkisjóðs á verðlagsárinu 1985–1986.

1. gr.

Til þess að framleiðendur mjólkurafurða fái sama verð fyrir þann hluta framleiðslu sinnar, sem er umfram það magn sem þeim er tryggt fullt verð fyrir með samningi ríkisstjórnarinnar við Stéttarsamband bænda, sbr. a lið 30. gr. l. nr. 46/1985 og það magn sem Framleiðnisjóður landbúnaðarins hefur tekið verðábyrgð á, skal á verðlagsárinu 1985/86 innheimta framleiðslugjald af þeim hluta innveginnar mjólkur sem er umfram verðábyrgð.

Sérstökum stuðningi Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, sem nemur 10% af grundvallarverði mjólkur 1. júní 1986, á það magn sem er umfram fullvirðisrétt, en innan búmarks hjá hverjum framleiðanda, skal haldið utan við uppgjör mjólkur skv. reglugerð þessari.

Framleiðslugjald þetta skal ekki hafa áhrif á útsöluverð mjólkur til neytenda.

2. gr.

Við uppgjör á verði mjólkur frá framleiðenda, sem er gjaldskyld skv. 1. gr., skal hvert mjólkurbú draga frá framleiðslugjald er nemur 85% af grundvallarverði skv. verðlagsgrundvelli búvöru 1. júní 1986. Þau 15% verðsins sem þá standa eftir skal framleiðandinn fá greidd.

Það framleiðslugjald, sem mjólkurbúin standa skil á til Framleiðsluráðs landbúnaðarins af sama magni og fram kemur í 1. mgr. skal hins vegar nema fullu grundvallarverði skv. verðlagsgrundvelli frá 1. júní 1986.

3. gr.

Gjald það sem hverju búmarkssvæði og hverjum framleiðanda er gert að greiða skal reiknað þannig:

1. Reikna skal hvort og þá hve mikið framleiðsla mjólkur á hverju svæði er umfram fullvirðisrétt (að meðtöldum ónýttum rétti sbr. rg. nr. 178/1986) og það mjólkurmagn sem Framleiðnisjóður hefur ábyrgst fullt verð á. Það magn mjólkur er gjaldskylt skv. 1. gr.
2. Framleiðslugjaldi sem fellur til á hverju svæði skv. 1. tl. skal deila á mjólk umfram fullvirðisrétt þeirra framleiðenda sem fara yfir fullvirðisrétt sinn og innheimta það þannig hjá framleiðendum.

Við þennan útreikning skal ekki skipta upp ónýttum fullvirðisrétti frá einu búmarkssvæði til annars. Þann hluta framleiðslugjaldsins sem ekki verður endurgreiddur mjólkurbúum vegna þessa, skal m.a. nota til þeirra leiðréttinga sem nauðsynlegar kunna að verða skv. frekari ákvörðun landbúnaðarráðherra.

4. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins annast útreikning gjaldsins, innheimtu þess, vörslu og reikningshald. Framleiðsluráð landbúnaðarins reiknar það gjald sem hverjum framleiðanda ber að greiða og tilkynnir viðkomandi mjólkurbúi um álögð gjöld á búmarkssvæði(um) þess skipt niður á framleiðendur.

Mjólkurbú skulu standa Framleiðsluráði landbúnaðarins skil á álögðu framleiðslugjaldi hvers búmarkssvæðis skv. útreikningum Framleiðsluráðsins eigi síðar en 20. október 1986 með eindaga 31. sama mánaðar og skulu útreikningar staðfestir af löggiltum endurskoðanda. Reikna skal hæstu leyfilegu dráttarvexti frá gjalddaga á það framleiðslugjald sem er í vanskilum.

5. gr.

Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði í samráði við Framleiðsluráð skulu gera yfirlit um ráðstöfun mjólkur hjá hverju mjólkurbúi fyrir sig á verðlagsárinu 1985/86. Yfirlit þetta skal sýna skiptingu mjólkur til vinnslu og sölu innanlands og í útfluttar afurðir ásamt birgðabreytingum á árinu. Jafnframt skal koma fram hver er hlutdeild einstakra mjólkurbúa í útflutningsbótum úr ríkissjóði á verðlagsárinu 1985/86. Ennfremur skal koma fram hlutur einstakra mjólkurbúa í útflutningi án verðábyrgðar.

6. gr.

Framleiðslugjaldið endurgreiðir Framleiðsluráð landbúnaðarins mjólkurbúum jafnóðum í samræmi við útreikninga skv. 5. gr. þannig að þau fái greitt sama hlutfall af heildsöluverði útfluttra mjólkurafurða á verðlagsárinu 1985/86.

Rísi ágreiningur um gjaldskyldu eða önnur atriði skv. reglugerð þessari sker landbúnaðarráðherra úr þeim ágreiningi.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 46/1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast gildi þegar í stað.

Landbúnaðarráðuneytið, 1. október 1986.

Jón Helgason.

Guðmundur Sigþórsson.

SAMÞYKKT**um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Eyjafjarðarsýslu,
nr. 155 30. júní 1943.**

1. gr.

35. gr. orðist svo:

Að öðru leyti gilda ákvæði umferðarlaga og reglugerða settra samkvæmt þeim.

Í Hríseyjarkauptúni skal þó sú sérregla gilda að hámarkshraði í kauptúninu verði 40 km á klst. Gildir hámarkshraði þessi innan svæðis sem afmarkast að sunnanverðu af vegamótum Austurvegar milli Bjargs og Hafnarvíkur, en að norðanverðu við gatnamót Norðurveggar og Lambhagavegar.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, nr. 107 8. maí 1935, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 6. október 1986.

Jón Helgason.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ**um breyting á reglugerð nr. 353/1984, um Orðabók Háskólans.**

1. gr.

3. gr. orðist svo:

Stjórn Orðabókar Háskólans skal hafa á hendi yfirstjórn Orðabókarinnar á vegum rektors og háskólaráðs. Hún skal skipuð fimm mönnum, kosnum til fjögurra ára í senn. Einn þeirra skal vera forstöðumaður Orðabókarinnar en aðrir kosnir af háskólaráði. Einn stjórnarmanna skal kosinn úr hópi sérfræðinga Orðabókarinnar að fengnum tillögum þeirra og þrír að fengnum tillögum heimspekideildar. Rektor skipar einn þeirra þriggja formann stjórnarinnar og ákveður þóknun til hans að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins. — Við atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti nema atkvæði falli jöfn, þá ræður atkvæði formanns.

2. gr.

Síðari málsgr. a-liðar 6. gr. orðist svo:

Forstöðumaður skal halda fundi með sérfræðingum stofnunarinnar tvisvar á ári um starfsáætlun og oftár ef þurfa þykir um þau verkefni sem stofnunina varða. Heimilt er að kveðja formann orðabókarstjórnar á slíka fundi. Samþykktir slíkra funda skulu bornar undir orðabókarstjórn ef þær varða valdsvið hennar.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum um Háskóla Íslands, nr. 77/1979, 36. gr., sbr. 64. gr. háskólareglugerðar, nr. 78/1979, og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 8. október 1986.

Sverrir Hermannsson.

Árni Gunnarsson.

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð nr. 320/1981 um eftirlit og mat á saltverkaðri síld til útflutnings.**

1. gr.

22. gr. reglugerðar nr. 320/1981 orðist svo:

Síldarsöltunarstöðvar skulu hafa nægjanlegt geymsluhúsnæði fyrir alla saltaða síld, þannig að unnt sé að geyma hverja síldartegund við réttar aðstæður. Tunnur skal geyma í geymsluhúsi á undirlögum þannig að þær nemi ekki við gólf. Geymsluhús skulu vera vel loftræst.

Í geymsluhúsnæði fyrir sérverkaða síld skal vera hægt að halda lofthitastigi $+8^{\circ}\text{C}$ til $+10^{\circ}\text{C}$ án tillits til veðráttu.

2. gr.

28. gr. reglugerðar nr. 320/1981 orðist svo:

Tunnur með sérverkaðri síld skal strax að loknum tilslætti flytja í geymsluhús þar sem lofthitastigi er haldið $+8^{\circ}\text{C}$ til $+10^{\circ}\text{C}$, sbr. 22. gr. og geyma þær þar, þar til síldin er verkuð eða í a.m.k. 4 vikur.

Tunnur með létverkaðri síld skal strax að loknum tilslætti flytja í geymsluhús þar sem lofthitastigi skal haldið stöðugu milli -5°C til $+4^{\circ}\text{C}$.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 53, 30. maí 1984 um Ríkismat sjávarafurða. Reglugerð þessi öðlast þegar gildi. Þó skal ákvæði 2. mgr. 2. gr. ekki öðlast gildi fyrr en 1. september 1988.

Sjávarútvegsráðuneytið, 17. september 1986.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Gylfi Gautur Pétursson.

17. september 1986

Nr. 423

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð nr. 55/1970 um eftirlit og mat á ferskum fiski o. fl.**

1. gr.

Aftan við 7. gr. rg. nr. 55/1970 bætist við ný málsgrein er orðist svo:

Í fiskveiðiskipum skal vera búnaður til að vernda fiska fyrir skemmdum af of miklum þunga. Bil milli hillna má ekki vera yfir 80 cm. Síld má þó aldrei geyma í þykkari lögum en 60 cm.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 53, 30. maí 1984 um Ríkismat sjávarafurða. Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 17. september 1986.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Gylfi Gautur Pétursson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 177/1985 um búnað og hreinlæti í fiskvinnslustöðvum.

1. gr.

22. gr. 2. mgr. rg. nr. 177/1985 um búnað og hreinlæti í fiskvinnslustöðvum orðist svo: Lofthitastigi í saltfiskkælum skal haldið milli 0°C og +4°C. Kælar fyrir saltfisk skulu vera þannig búnir að hægt sé að halda lofthitastigi milli 0°C og +4°C. Í geymsluhúsnæði fyrir léttverkaða síld skal lofthitastigi haldið milli -5°C og +4°C.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 53, 30. maí 1984 um Ríkismat sjávarafurða. Reglugerð þessi öðlast þegar gildi. Þó skal ákvæði 2. mgr. 1. gr. ekki öðlast gildi fyrr en 1. september 1988.

Sjávarútvegsráðuneytið, 17. september 1986.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Gylfi Gautur Pétursson.

SAMÞYKKT

um hundahald í Bolungarvíkurkaupstað.

1. gr.

Hundahald er bannað í lögsagnarumdæmi Bolungarvíkurkaupstaðar.

2. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að veita lögráða einstaklingum sem búa í Bolungarvík undanþágu frá 1. gr. og leyfi til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

- a. Leyfi er bundið við nafn og heimilisfang lögráða einstaklings og er óheimilt að framselja það.
- b. Ef sótt er um leyfi til að halda hund í sambylishúsi, skal skriflegt samþykki sameiganda/stjórnar húsfélags í húsinu fylgja umsókn.
- c. Leyfisgjald vegna undanþágu skal greiða til bæjarsjóðs og setur bæjarstjórn árlega gjaldskrá, (að fenginni tillögu heilbrigðisnefndar) sem heilbrigðisráðherra staðfestir. Gjaldið skal greitt í fyrsta sinn við skráningu hundsins og síðan árlega með gjalddaga 1. mars. Hafi gjaldið eigi verið greitt innan mánaðar frá gjalddaga fellur leyfið úr gildi.
- d. Hundeigandi skal hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu váttryggingarfélagi. Váttryggingin skal ná til alls þess tjóns, sem dýr hans kann að valda á mönnum og munum. Lámærstryggingaupphæð verði kr. 10 000 000,00.
- e. Hundurinn skal ávallt bera ól með plötu um hálsinn. Á plötuna skal greypt skráningarnúmer hundsins.

- f. Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd aðila sem hefur fullt vald yfir honum. Hundeigendum er skylt að sjá svo um að hundar raski eigi ró manna með hávaða eða gelti, eða verði mönnum til óþæginda á annan hátt. Þegar hundar eru í festi á húsalóðum skal lengd festarinnar við það miðuð að óhindrað megi ganga um dyr íbúðarhúsa. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í skóla, íþróttahús, sjúkrahús, sundstaði, almennar skrifstofur, samkomuhús og verslanir, svo og starfstöðvar hverju nafni sem nefnast, þar sem úrvinnsla, meðferð, eða geymsla matvæla á sér stað. Hundeigendum ber að viðhafa hreinlæti í meðferð hunda sinna, þar á meðal að þrifa eftir dýrin.
- g. Heimilt er bæjarstjórn að fenginni tillögu heilbrigðisnefndar að ákveða lægra gjald fyrir nauðsynlega minkahunda, leitarhunda og sporhunda. Af hundum sem blindir menn og öryrkjar þurfa á að halda vegna fötlunar sinnar og smalahundum á lögbýlum skal ekkert gjald greiða.
- h. Við greiðslu gjalds skv. þessari grein og c—lið 2. greinar ber hundeiganda að sýna fullgild skilríki fyrir greiðslu váttryggingargjalds skv. d—staflíð þessarar samþykktar. Vottorð dýralæknis um að hundur sé ekki haldinn smitandi sjúkdómi og hafi verið hreinsaður af bandormum, svo og önnur skilríki sem máli skipta samkv. lögum um hundahald og varnir gegn sullaveiki svo og fyrirmælum sem bæjarstjórn setur varðandi hunda.

3. gr.

Umsókn um leyfi til hundahalds skal senda á þar til gerðum eyðublöðum ásamt litmynd til heilbrigðisnefndar Bolungarvíkur sem gefur út umbedið leyfi að fengnu samþykki bæjarstjórnar. Upplýsingar um hundinn skal færa í þar til gerða bók hjá heilbrigðisnefnd. Þar skal skrá heiti, aldur, kyn, tegund, litarhátt og önnur einkenni hundsins. Þar skal einnig skrá nafn og heimilisfang leyfishafa. Senda skal embætti bæjarfógetans í Bolungarvík afrit af leyfisbréfi. Leyfishafi fær afhenta merкта plötu sbr. f—staflíð 2. gr., og eintak af samþykkt um hundahald í Bolungarvíkurkaupstað.

4. gr.

Hundaeftirlitsmaður skal verða starfandi í Bolungarvíkurkaupstað. Skal hann gefa bæjarstjórn og heilbrigðisnefnd árlega skýrslu um hundahald í Bolungarvíkurkaupstað og starf sitt vegna þess.

5. gr.

Ef leyfishafi brýtur alvarlega eða ítrekað gegn ákvæðum samþykktar þessarar eða öðrum reglum, sem um hundahald gilda afturkallast leyfið. Einnig getur bæjarstjórn afturkallað öll leyfi til hundahalds telji hún þess brýna þörf. Við fyrsta brot, ef lítilvægt er, skal að jafnaði veita leyfishafa áminningu.

6. gr.

Þeir hundar sem ekki er leyfi til að halda, eða hundar sem ganga lausir utanhúss, skulu handsamaðir. Kostnaður við töku og geymslu hunda skal að fullu greiddur af eigendum. Hættulegum hundum er heimilt að lóga þegar í stað, að höfðu samráði við héraðsdýralækni. Aðra hunda er heimilt að afhenda, ef leyfi er framvísað innan 7 daga frá því hundurinn kom í vörslu hundaeftirlitsmanns, enda verði greitt sérstakt handsömunargjald sem bæjarstjórn ákveður í gjaldskrá samkv. c—staflíð 2. gr. Að öðrum kosti skal hundinum lógað.

7. gr.

Um önnur atriði svo og brot gegn samþykkt þessari eða gegn reglum settum samkvæmt þeim fer skv. lögum nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

8. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Bolungarvíkur staðfestir hér með skv. lögum nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og 1. gr. laga nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi fyrri samþykkt um hundahald í lögsagnarumdæmi Bolungarvíkur frá 18. okt. 1983.

Ákvæði til bráðabirgða.

Að liðnum 3 mánuðum frá gildistöku samþykktar þessarar skal fara með alla óskráða hunda samkvæmt ákvæðum 6. gr. samþykktarinnar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 26. september 1986.

F.h.r.

Ingimar Sigurðsson.*Soffía Magnúsdóttir.***GJALDSKRÁ**

**fyrir hundahald í Bolungarvíkurkaupstað fyrir tímabilið 1. ágúst
1986 til 1. mars 1987.**

1. gr.

Leyfisgjald vegna undanþágu til hundahalds, sbr. c-staflið 2. gr. samþykktar um hundahald í Bolungarvíkurkaupstað frá 26. september 1986, skal vera fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði kr. 200,00.

Gjald greiðist fyrirfram fyrir allt tímabilið, þ. e. a. s. til 1. mars 1987.

2. gr.

Handsömunargjald skv. 6. gr. ofangreindrar samþykktar skal vera kr. 1 500,00 í fyrsta skipti, kr. 3 000,00 í annað skipti og kr. 5 000,00 í þriðja skipti.

3. gr.

Ofangreind gjaldskrá bæjarstjórnar Bolungarvíkur staðfestist hér með samkv. 22. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 6. október 1986.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.*Soffía P. Magnúsdóttir.*

16. október 1986

893

Nr. 427

AUGLÝSING

um leyfi til áætlunarflugs.

Samkvæmt heimild í VII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, og að höfðu samráði við dönsk stjórnvöld hefur ráðuneytið fyrst um sinn og þar til öðru vísi kann að verða ákveðið, veitt Flugleiðum hf. heimild til að halda uppi áætlunarflugi með farþega, vörur og póst á flugleiðinni Reykjavík-Narssarsuaq, Greenlandair samskonar heimild á leiðinni Reykjavík-Nuuk og loks Helga Jónssyni vegna flugs milli Reykjavíkur og Kulusuk.

Samgögnuráðuneytið, 16. október 1986.

Matthías Bjarnason.

Birgir Guðjónsson.

17. október 1986

Nr. 428

AUGLÝSING

um gjaldskrá hlutafélagaskrár.

Samkvæmt 145. gr. laga nr. 32 12. maí 1978 um hlutafélög er gjaldskrá hlutafélagaskrár ákveðin sem hér segir:

	Kr.
1. Skráning nýs hlutafélags	4 000
2. Skráning útibús erlends hlutafélags	2 400
3. Aukatilkynningar	500
4. Löggilding skilanevndarmanna vegna slita á hlutafélagi	600
5. Vottorð úr hlutafélagaskrá	90
6. Ljósrit	40

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 78 13. febrúar 1986 um gjaldskrá hlutafélagaskrár.

Viðskiptaráðuneytið, 17. október 1986.

Matthías Bjarnason.

Jón Ögmundur Pormóðsson.

B 76

REGLUGERÐ

um lánasjóð nemenda sjómannaskólanna.

1. gr.

Nafn sjóðsins.

Sjóðurinn heitir lánasjóður nemenda sjómannaskólanna (LNS). Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

Stofnfé sjóðsins er 1 millj. kr. framlag frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins.

Tilgangur sjóðsins er að veita lán þeim er stunda stýrimanna- eða vélstjóranám.

3. gr.

Tekjur sjóðsins.

Tekjur sjóðsins eru:

- a) Framlög sem sjóðnum kunna að áskotnast.
- b) Vaxtatekjur, lántökugjald og verðbætur.
- c) Aðrar tekjur.

4. gr.

Stjórn sjóðsins.

Stjórn sjóðsins skal skipuð sex fulltrúum. Þar af eru skólastjórar Stýrimannaskólans í Reykjavík og Vélskóla Íslands, einn fulltrúi nemenda frá hvorum þessara skóla kosinn af nemendaráði og fulltrúi tilnefndur af LÍÚ auk formanns sem ráðherra skipar án tilnefningar.

Stjórn sjóðsins er heimilt að fela bankastofnun vörslu sjóðsins, innheimtu lána og annað það er leiða kann af starfsemi hans.

Bankastofnun sú skal leggja endurskoðaða reikninga fyrra almanaksárs fyrir stjórn sjóðsins eigi síðar en 15. apríl árið eftir.

5. gr.

Umsóknir um lán.

Allar umsóknir skulu ritaðar á þar til gerð eyðublöð, sem sjóðstjórn lætur í té og skal þeim fylgja staðfesting viðkomandi skólayfirvalda að umsækjandi sé við nám.

Umsóknir skulu berast fyrir 15. október á haustönn og 15. febrúar á vorönn ár hvert, í fyrsta skipti fyrir 15. október 1987.

Sjóðstjórn skal stefna að afgreiðslu lána fyrir 15. nóvember og 15. mars ár hvert.

6. gr.

Úthlutun lána.

Fjárhæðir lána skulu ákveðnar af stjórn sjóðsins í samræmi við tekjur hans og eignir hverju sinni.

Við úthlutun úr sjóðnum skal stjórn hans m. a. taka tillit til fjölskyldustærðar, búsetu umsækjanda og annarra aðstæðna samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar sjóðsins.

7. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytið, 14. október 1986.

Matthías Bjarnason.

Ólafur S. Valdimarsson.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Blönduóss.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Blönduóss selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð á Blönduósi eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. og reglugerð um hitaveitu og hitalagnir á Blönduósi.

2. gr.

Hitaveita Blönduóss lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á. Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 2. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. janúar ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni, hluta úr ári.

II. KAFLI

4. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

	Kr.
a) Fastagjald á mánuði	417,00
fyrir hverja byrjaða 5 mín.lítra.	
b) Vatnsgjald	834,00
á mánuði fyrir hvern mín. lítra í hámarks stillingu hemils.	
c. Vatnsgjald um rennismæli	44,40
fyrir hvern rúmmetra vatns.	

5. gr.

Vilji notandi fá meira rennsli í kranavatnslögn en er á miðstöðvarkerfi getur hann fengið sér skammtara á kranavatnslögn hjá hitaveitunni. Kranavatnsskammtarar í sambandi við aðalhemil eru af 4 gerðum og gefa þeir eftirfarandi rennlishlutföll milli miðstöðvarkerfis og kranavatnslagnar:

A	1,00/1,0
B	0,95/1,3
C	0,90/1,7
D	0,85/2,8

Vatnsskammtur notanda (gjaldsskammtur) er í þessu tilviki reiknaður 1,0.

6. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafin mánaðarlega og skulu þau greiddast til þeirra innheimtustofnana, sem sveitarstjórn ákveður. Gjaldldagi er við útgáfu reiknings. Hafi

reikningur eigi verið greiddur innan 20 daga frá útgáfu reiknings er heimilt að reikna dráttarvexti eins og þeir eru ákveðnir hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

III. KAFLI

7. gr.

Heimæðagjald Hitaveitu Blönduóss skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss (utanmál)	Heimæðargjald
Allt að 300 m ³	45 021,00 kr.
300— 2 000 m ³	45 021,00 kr. fyrir 300 m ³ og 41,30 kr/m ³ þar yfir
2 000— 6 000 m ³	115 350,00 kr. fyrir 2 000 m ³ og 32,90 kr/m ³ þar yfir
6 000—10 000 m ³	246 763,00 kr. fyrir 6 000 m ³ og 26,80 kr/m ³ þar yfir
Meira en 10 000 m ³	353 839,00 kr. fyrir 10 000 m ³ og 23,10 kr/m ³ þar yfir

Stofngjald fyrir hvern aðrennslismæli umfram einn á sama inntaki er kr. 4 867,00.

8. gr.

Gjöld samkvæmt 7. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 3699. Er hitaveitunni heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða, að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins, hverju sinni.

IV. KAFLI

9. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar, svo sem heypurrkunar eða ræktunar og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldenda.

11. gr.

Hitaveita Blönduóss hefur rétt til að loka aðrennslis heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með minnst 5 daga fyrirvara. Lokunargjald er jafnvirði 1 mínútulítra af heitu vatni, á þeim tíma sem lokunartilkynning er send út, nú kr. 834,00

Hitaveita Blönduóss hefur rétt til að krefja notanda um innheimtugjald, er nemi hálfu lokunargjaldi, vegna undirbúnings að lokun vegna vanskila. Gjald þetta gjaldfellur fari lokunarmaður á vettvang og afhendi þar skriflega tilkynningu um lokun án þess að til lokunar hafi komið.

12. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Blönduóss skal hvenær sem er frjálss aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirætlum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 1. nóvember 1986, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 192, 20. mars 1986.

Iðnaðarráðuneytið, 20. október 1986.

Albert Guðmundsson.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Egilsstaðahrepps og Fella.

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum, sem gerð hafa verið og verða gerð á veitusvæði hitaveitunnar, eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. reglugerð um hitaveitu og hitalagnir Hitaveitu Egilsstaðahrepps og Fella.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem tengt er veitukerfi hennar, í té vatnsmagn til neysluvatnsnota og upphitunar, enda séu hitagjafar (ofnar) hússins nægilega stórir að dómi hitaveitunnar.

Einnig selur hitaveitan afnot af heitu vatni til annars en hitunar og neysluvatnsnota eftir því sem vatnsmagn leyfir og hún telur henta.

3. gr.

Vatnsrennsli að hitunarkerfi og neysluvatnslögn húss skal takmarkað um stillanlega hemla og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það mark, sem hemill fyrir hitunarkerfi húss er stilltur á, en þegar seld er önnur afnot vatns skal nota vatnsmæli og miðast gjaldið þá við hvern rúmmetra vatns. Vatn um hemil er selt sem margfeldi af 0,5 mínútulítrum þó aldrei minna en 2,0 mínútulítrar.

Hitaveitunni er heimilt að selja neysluvatn samkvæmt vatnsmæli til þeirra húsa sem ekki eru hituð með hitaveitu. Hitaveitan stillir hemil, sbr. 1. mgr., að ósk notanda og breytir stillingu ef notandi fer fram á það við hitaveituna.

Hæsta stilling hemils gildir eitt ár í senn miðað við 1. september—31. ágúst, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils.

4. gr.

Fyrir afnot af heitu vatni (varmaorku) úr veitukerfi hitaveitunnar skal greiða orkugjald:

A. Samkvæmt magnhemli	kr. 995,00
fyrir hvern mínútulítra á mánuði.	
B. Samkvæmt vatnsmæli	kr. 45,60
fyrir hvern rúmmetra vatns.	

Á gjöld þessi leggjast skattar samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma.

Þegar um afnot af heitu vatni er að ræða til annars en húshitunar og/eða neysluvatnsnota getur hitaveitan vikið frá framangreindu verði og ákveðið gjaldið sérstaklega í hverju tilviki með hlíðsjón af gjaldskrá þessari.

5. gr.

Þar sem vatn er selt um hemil til upphitunar afgreiðir hitaveitan kranavatn til heimilisnota án sérstaks orkugjalds að því marki sem hún telur nægilegt í venjulegum tilvikum og er þá miðað við að ekkert rennsli sé í gegnum hitagjafa (ofna) þegar kranavatn er notað að fullu.

Óski notandi eftir meira kranavatni til heimilisnota en að framan greinir getur hitaveitan afgreitt það gegn gjaldi sem nemur $\frac{1}{30}$ af orkugjaldi til upphitunar, reiknað af því umframmagni sem hann fær.

Orkugjald fyrir kranavatn um hemil til heimilisnota í húsum, sem ekki eru hituð með hitaveitu, skal vera 12% af áætluðum hitunarkostnaði með hitaveitu skv. mati hitaveitunnar. Gjald þetta skal lækka hlutfallslega ef hluti hússins er hitaður með vatni frá hitaveitunni.

Þar til hemill eða vatnsmælir hefur verið settur upp og hemill stilltur og ef hemill eða vatnsmælir bilar áætlað hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins og/eða fyrir notkun.

Hitaveitan stillir hemil þegar fullur hiti er kominn á vatnið.

6. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt 4. og 5. gr. má krefja mánaðarlega eftir á. Eigi skulu þau krafín sjaldnar en ársfjórðungslega. Séu gjöldin krafín sjaldnar en mánaðarlega er heimilt að krefja hluta þeirra fyrirfram.

Hafi breyting á stillingu hemils í för með sér viðbótargreiðslu fyrir þann hluta ársins, sem liðinn er sbr. 3. gr., er hitaveitunni heimilt að jafna þeirri greiðslu á þá mánuði ársins sem eftir eru.

7. gr.

Heimæðargjöld skal reikna af öllu húsrými á viðkomandi lóð, hvort sem það verður allt tengt veitukerfi hitaveitunnar eða ekki. Þó skal ekki reikna heimæðargjald af búpeningshúsum á jörðum og lögbýlum, nema þeim útihúsum (fjósum) sem tengd verða veitukerfinu, en af þeim skal greiða hálf gjald.

Heimæðargjöldin eru miðuð við þátttöku húseigenda í stofnkostnaði heildarveitukerfis hitaveitunnar.

Heimæðargjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir:

- a) Af húsnæði sem tengist hitaveitunni eftir að það hefur verið tekið í notkun skal reikna heimæðargjald samkvæmt eftirfarandi jöfnu: (Húsnæðið hefur verið hitað með vatnskerfi) $H_a = F_a + B_a \times V$

Hér tákna H heimæðargjald í krónum fyrir hverja heimæð og/eða hemlagrind. V tákna rúmmál (utan) viðkomandi húsnæðis í m³. F tákna fastagjald í krónum. B tákna gjald á hvern rúmmetra í krónum.

Miðað við vísitölu byggingarkostnaðar í mars 1985 verður $F_a = 33\,580,00$ kr., $B = 34,95$ kr/m³.

- b) Af nýju húsnæði og breytingu/endurbyggingu húsnæðis, sem felur í sér stækkun eða breytta notkun og tengist hitaveitu áður en það er tekið í notkun, skal reikna heimæðargjald samkvæmt jöfnu í a-lið, en samkvæmt byggingarvísitölu reiknast $F_b = 41\,860,00$. $B_b = 49,10$ /m³ í þessum gjaldskrárlíð.
- c) Af húseignum þar sem byggð er dreifð eða fjarlægð mikil frá vatnsæðum hitaveitunnar, þannig að ekki næst tilskilin arðsemi af fjárfestingu hitaveitunnar í stofnkostnaði lagna vegna viðkomandi húseignar, þegar heimæðargjald er reiknað samkvæmt a og b lið (eftir því sem við á), skal reikna heimæðargjald samkvæmt eftirfarandi jöfnu:

$$H = \frac{S - k - 0,02 \times S}{0,08}$$

H tákna hér heimæðargjald fyrir hverja heimæð og/eða hemlagrind. S tákna stofnkostnað lagna að viðkomandi húseign en ef þær nýtast fyrir fleiri húseignir skal áætla hlutdeild viðkomandi húseigna í þeim.

K tákna áætlaðan sparnað í kyndingarkostnaði viðkomandi húsnæðis og $0,02 \times S$ er reksturs- og viðhaldskostnaður viðkomandi lagna. Þetta heimæðargjald er við það miðað að arðsemi allrar viðbótarfjárfestingar hitaveitunnar sé minnst 8% og er þá ekki reiknað með kostnaði við vatnsöflun né afskriftum af stofnkostnaði viðkomandi lagna. Heimæðargjald skal þó aldrei vera lægra en segir í a og b lið.

Nú er um að ræða fleiri húseignir á tilteknu svæði, og er þá heimilt að jafna samanlögðum heimæðargjöldum, reiknað samkvæmt ofangreindri jöfnu, á viðkomandi húseignir innan svæðisins og skal þá heimæðargjald reiknað samkvæmt eftirfarandi jöfnu:

$$H = \frac{H_n}{F_a \times n + B_a V_n} \times (F_a + B_a \times V)$$

H_n táknar samanlögð heimæðargjöld allra húseigna á hinu tiltekna svæði, reiknuðum samkvæmt fyrri jöfnu um tilskilda arðsemi. N táknar fjölda heimæða eða hemlagrinda. V_n samanlagt rúmmál (utan) allra húseigna í rúmmetrum á hinu tiltekna svæði. H og V tákna eins og um er getið í a og b lið.

8. gr.

Af húsnæði, sem tengist hitaveitu eftir að það hefur verið tekið í notkun, gjaldfalla 50% heimæðargjalds þegar hafin er lagning dreifæða og götuæða veitukerfis sem bundin er ákveðnum framkvæmdaáföngum í viðkomandi hverfum, en eftirstöðvar gjaldsins gjaldfalla þegar heimæð hefur verið lögð inn fyrir húsvegg. Að því er varðar íbúðarhús með þilofna- eða rafgeislahitun er heimilt að fella niður eftirstöðvar gjaldsins ef hitunarkerfi hússins er breytt og tengt hitaveitu inna 5 ára frá lagningu heimæðar og tengingu kranavatns við veitukerfið. Að þeim tíma liðnum gjaldfalla eftirstöðvar gjaldsins og reiknast þá sem 50% af gildandi heimæðargjaldi fyrir tilsvarendi húsnæði samkvæmt b lið 7. gr.

Heimilt er þó hitaveitunni að veita lengri frest til að greiða eftirstöðvar gjaldsins og tengja hitunarkerfi hússins eða fella niður skyldu um tengingu. Af nýju húsnæði og breytingum eða endurbyggingu á húsnæði, sem húseigendur geta miðað við að tengja hitaveitunni áður en það er tekið í notkun, gjaldfellur 50% heimæðargjalds við lóðaveitingu eða veitingu byggingarleyfis. Eftirstöðvar skal greiða við útgáfu fohheldisvottorðs samkvæmt gildandi gjaldskrá á þeim tíma. Gjaldfrestur eftirstöðva verði þó ekki lengri en tvö ár frá útgáfu byggingarleyfis.

Af húseignum, sem um gilda sérstök ákvæði um heimæðargjöld vegna dreifðrar byggðar eða fjarlægðar frá lögnum veitukerfis hitaveitunnar eða sérsamningar við aðrar sveitarstjórnir, gjaldfellur heimæðargjald þegar tengingu heimæðar er lokið nema annað sé tekið fram í samningum við húseigendur eða í sérsamningum við sveitarstjórnir.

9. gr.

Þegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notanda vegna vanskila skal gjald fyrir að opna á ný vera sem svarar orkugjaldi fyrir einn mínútulítra á mánuði.

Heimilt er hitaveitunni að krefjast greiðslu þessarar áður en opnað er.

10. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupp- hæð og skulu gjöldin greidd þar sem hitaveitan ákveður.

Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

11. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskránni eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar.

Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, þó ekki meira en nemur breytingu sem á nefndri vísitölu verður, enda sé breytingin staðfest af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Hitaveitu Egilsstaðahrepps og Fella og sett er samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 1. nóvember 1986, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 198, 8. apríl 1986.

Iðnaðarráðuneytið, 17. október 1986.

Albert Guðmundsson.

Guðrún Skúladóttir.

Nr. 432

17. október 1986

REGLUGERÐ

um söluskatt af bátum.

1. gr.

Bátar sem eru 6 metrar að lengd eða stærri skulu undanþegnir söluskatti, enda beri bygging þeirra, fyrirkomulag og útbúnaður með sér að þeir séu byggðir til nota í atvinnuskyni og uppfylli skilyrði Siglingamálastofnunar ríkisins um slíka skráningu.

Af skemmtibátum skal ætíð greiða söluskatt.

2. gr.

Við tollafgreiðslu á innfluttum bátum skal leggja fram staðfestingu frá Siglingamálastofnun ríkisins um stærð og gerð bátanna.

Af innfluttum bátum skal innheimta söluskatt að fullu við tollafgreiðslu þeirra.

Af bátum sem fluttir eru inn til endursölu og bátum sem framleiddir eru hér á landi skal söluskattur innheimtur að fullu við sölu bátanna.

Fella skal þó niður söluskatt við tollafgreiðslu og/eða sölu báta ef ekki er neinn vafi á að bátarnir séu undanþegnir söluskatti samkvæmt ákvæðum 1. gr.

Leiki vafi á því hvort bátur sé ætlaður til nota í atvinnuskyni ber að innheimta söluskatt af honum skv. 2. og 3. mgr. þessarar greinar. Söluskattur í slíkum tilvikum verður þó endurgreiddur ef sannað þykir að báturinn sé notaður sem atvinnutæki, sbr. 4. gr.

3. gr.

Söluskattur er einnig endurgreiddur af lífbátum sem viðurkenndir eru af Siglingamálastofnun ríkisins og settir eru í skip sem falla undir ákvæði 14. tl. 13. gr. reglugerðar nr. 486/1982 um söluskatt með síðari breytingum, sbr. reglugerð um endurgreiðslu tolla vegna skipamála og skipaviðgerða.

4. gr.

Endurgreiðslur skv. 2. gr. og 3. gr. koma aðeins til greina vegna báta sem notaðir eru í atvinnuskyni, enda uppfylli viðkomandi bátar í alla staði ákvæði reglna um smíði og búnað báta til að verða skráðir sem vinnubátar.

Áður en endurgreiðsla fer fram ber eiganda báts að sanna með staðfestu skattframtali að 50% nettótekna á næstliðnu ári séu til komnar vegna reksturs bátsins, þó minnst 180 000 kr. Fjárhæð þessi er miðuð við framfærsluvisitölu þann 1. september 1986 og breytist til hækkunar eða lækkunar í samræmi við breytingu á henni.

Réttur til endurgreiðslu söluskatts samkvæmt þessum reglum fellur niður að tveimur árum liðnum frá innflutningi eða kaupum viðkomandi báts.

5. gr.

Umsóknir um endurgreiðslu söluskatts samkvæmt þessum reglum skulu bornar fram á sérstökum eyðublöðum sem Siglingamálastofnun ríkisins lætur í té.

Endurgreiðsla kemur því aðeins til greina að allar upplýsingar sem eyðublöðin gefa tilefni til séu skilmerkilega færðar og þau jafnframt undirrituð.

Umsóknir um endurgreiðslur skulu sendar Siglingamálastofnun ríkisins.

6. gr.

Komi í ljós að aðili sem notið hefur niðurfellingar eða fengið endurgreiðslu söluskatts samkvæmt reglum þessum hafi gefið rangar eða villandi upplýsingar, sbr. 4. gr., eða breytt afnotum sínum að bátum þannig að reglur þessar eigi ekki við mun ráðuneytið endurkrefja viðkomandi um vangoldinn söluskatt ásamt viðurlögum.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 6. gr. laga nr. 10/1960 um söluskatt með síðari breytingum og öðlast gildi hinn 1. nóvember 1986.

Fjármálaráðuneytið, 17. október 1986.

Þorsteinn Pálsson.

Lárus Ögmundsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 486/1982 um söluskatt, með síðari breytingum.

1. gr.

6. mgr. 1. tl. 14. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 2.—5. mgr. þessa töluliðar skal aðilum, sem framleiða í verksmiðjum íbúðarhús, svo og hús fyrir barnaheimili, leikskóla, félags- og safnaðarheimili og atvinnurekstur, heimilt að draga við söluskattsskil eftirtalda hundraðshluta frá heildarsöluverði uppsettra húsa áður en söluskattur er reiknaður:

- | | |
|--|-----|
| a) Sé verksmiðjuframleitt hús afhent tilbúið undir málningu og innréttingu með eða án allra lagna | 44% |
| b) Sé verksmiðjuframleitt hús afhent fokelt, óháð því hvort útveggir eru tilbúnir undir málningu eða þak frágengið að utan | 42% |

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 17. október 1986.

Þorsteinn Pálsson.

Lárus Ögmundsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystri rækju í skel fyrir framleiðslutímabilið frá 20. október til 31. desember 1986.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystri rækju í skel fyrir framleiðslutímabilið frá 20. október til 31. desember 1986:

Fryst rækja í skel:

Fleiri en 150 stk. í kg, ófl.	SDR pr. kg Fob
rækja og iðnaðarneysla	1,75

Verðbil verður 5%. Greiðslur í eða úr sjóðnum miðast við 55% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili. Verðið miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 17. október 1986.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Sigurður P. Sigmundsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystum hörpudiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. september þar til annað verður ákveðið.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystum hörpudiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. september s.l. til óákveðis tíma.

Laus- og blokkfrystur hörpudiskur:	U.S. \$ pr. lb. cif
Færri en 60 stk. í lb.	3,40
Fleiri en 60 stk. í lb. og óflokkað	3,15
Hálfhreinsaður	1,55
Rauður og brotinn	1,90

Verðbil verði 5%. Greiðslur í eða úr sjóðnum miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Verðið miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 17. október 1986.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Sigurður P. Sigmundsson.

REGLUR

um breyting á reglum nr. 229 30. apríl 1981, um tímabundinn tollfrjálsan innflutning bifreiða og bifhjóla sem skrásett eru erlendis, sbr. reglur nr. 548 2. september 1982.

1. gr.

Í stað 2% í 1. másl. og 6% í 2. másl. 5. gr. regnanna komi 0,7% og 2,1%.

2. gr.

Við reglurnar bætist ný grein, er verði 11. gr., jafnframt því sem röð annarra greina breytist til samræmis. Greinin orðist svo:

Reglur þessar skulu gilda eftir því sem við getur átt um bifreiðar sem keyptar eru hér á landi og skráðar samkvæmt reglum nr. 246/1975, þar á meðal gjaldtaka skv. 1. mgr. 5. gr.

3. gr.

Reglur þessar eru settar skv. 1., sbr. 2. mgr. 10. tl. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o. fl., og lögum nr. 59 28. maí 1969, um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum, til að öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felldar reglur nr. 114 16. febrúar 1984 um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 17. október 1986.

F. h. r.

Sigurgeir A. Jónsson.

Bjarnveig Eiríksdóttir.

9. október 1986

Nr. 437

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Guðlaugar Bjargar Pálsdóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 9. október 1986.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Guðlaugar Bjargar Pálsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Guðlaugar Bjargar Pálsdóttur. Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Hlutverk sjóðsins og markmið er að styrkja Kór Langholtskirkju, nnr. 5687-1012, til tónleikahalds í Langholtskirkju. Undir þetta markmið sjóðsins fellur m. a. árlegur flutningur á kantötu eða messu í almennri guðsþjónustu í Langholtskirkju svo og námskeiðahald.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 700 000,00 —sjöhundruðþúsund—, sem lagt er til af stofnendum sjóðsins, hjónunum Páli Pálssyni, skipstjóra og Ólöfu Karvelsdóttur, Bræðratungu 30, Kópavogi. Sjóðinn ber að ávaxta í vísitölutryggðum ríkisskuldabréfum eða með öðrum jafntryggjum hætti. Stofnfé má ekki skerða með fjárframlögum úr sjóðnum.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru arður af stofnfé og öðru fé og eignum, sem sjóðnum kann að áskotnast svo sem gjafafé. Stjórn sjóðsins getur ákveðið, að hluti árlegra tekna hans leggist við stofnfé skv. 3. gr. Öðrum tekjum sjóðsins ver stjórnin til styrkja skv. 2. gr.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn til 5 ára í senn. Fyrstu stjórnarmennirnir skulu tilnefndir af stofnendum sjóðsins. Stjórnarmenn ganga úr stjórn á 5 ára fresti, þó þannig að úr hinni fyrstu stjórn sjóðsins gengur 1 úr stjórn eftir 5 ár, næsti eftir 10 ár og hinn 3 eftir 15 ár samkvæmt hlutkesti, en hverju sinni, sem stjórnarmaður gengur úr stjórn, skulu þeir, sem eftir sitja í stjórninni tilnefna stjórnanda í hans stað.

Stjórnarmenn, sem ganga úr stjórn sjóðsins má endurtilnefna. Greini stjórnarmenn á um tilnefningu stjórnarmanns eða stjórnin er einhverra hluta vegna ekki fullskipuð skal dómsmálaráðuneytið tilnefna stjórnarmann.

Það er ósk stofnenda, að við skipti á stjórnarmönnum sé að því stefnt, að stjórnandi Langholtskórs sitji í stjórn, einn tilnefndur í samráði við stjórn kórsins og einn sé úr hópi niðja stofnenda eða venslamanna þeirra.

Stjórn sjóðsins kys formann sjóðsstjórnar og skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Sjóðsstjórn skal halda fundargerðarbók, þar sem bóka skal allar ákvarðanir stjórnar varðandi sjóðinn, svo sem styrkveitingar, hversu hárrí fjárhæð þær nema o. s. frv. Einfaldur meirihluti stjórnar ræður ákvörðunum innan stjórnarinnar. Stjórnunarkostnaður greiðist af tekjum sjóðsins.

6. gr.

Sjóðsstjórnin semur reikninga sjóðsins árlega. Skal reikningsskilum lokið fyrir 1. júlí næsta ár á eftir reikningsári. Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

7. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta, ef það telst nauðsynlegt eða heppilegt vegna breyttra aðstæðna. Slíkar breytingar skulu hljóta samþykki dómsmálaráðuneytisins.

Engin breyting á skipulagsskránni fær þó gildi, nema stjórnin sé einhuga um hana. Aldrei má breyta ákvæðum 2. gr. um markmið sjóðsins né heldur ákvæðum 8. gr. um ráðstöfun á eignum sjóðsins við sjóðsslit.

8. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans renna til Félags íslenskra sjúkrapjálfara.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

SAMÞYKKT

um forkaupsrétt Súðavíkurhrepps að fasteignum innan Súðavíkur- hrepps.

Súðavíkurhreppi er áskilinn forkaupsréttur að eftirtöldum fasteignum innan Súðavíkur-
hrepps:

	Eigandi:
Sjónarhóll	Jens Markússon, o.fl., Ísafirði.
Fagrabrekka	Óskar K. Elíasson, Súðavík.
Blómsturvellir	Gunnar Gíslason, Súðavík.
Njarðarbraut 10	Una Eggertsdóttir, Ísafirði.
(áður Aðalgata 2B)	
Njarðarbraut 8	Jónas Árnason, Súðavík.
(áður Aðalgata 4)	
Njarðarbraut 9	Dánarbú Áka Eggertssonar, Súðavík.
(áður Aðalgata)	
Njarðarbraut 6	Dánarbú Þorbergs Þorbergssonar, Súðavík.
(áður Súðavík 2)	
Aðalgata 18	Sverrir Péturss. og Friðgerður Baldvins, Súðavík.
(áður Súðavík 4)	
Dalbær	Stella Guðmundsdóttir, Súðavík.
Aðalgata 50	Hörður Birkisson, Súðavík.
(áður Holt)	
Aðalgata 52	Magnús Guðmundsson, Súðavík.
(áður Sólbakki)	
Aðalgata 54	Friðbert Halldórsson, Súðavík.
(áður Sæberg)	
Aðalgata 58	Gísli Sigurbjörnsson, Súðavík.
(áður Grund)	
Aðalgata 60	Guðjón M. Kjartansson, Súðavík.
(áður Innri Grund)	
Aðalgata 34	Kristján Jónatansson og Steinunn Jónatansdóttir, Súðavík.
(áður Tröð 4)	
Aðalgata 32	Jónbjörn Björnsson, Súðavík.
(áður Tröð 3)	

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Súðavíkurhrepps hefur gert, samkvæmt heimild í 26. gr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964 sbr. og ákvæði laga nr. 22 23. júní 1932, öðlast þegar gildi.

Gildistími samþykktar þessarar er 5 ár, frá dagsetningu hennar talið.

Félagsmálaráðuneytið, 20. október 1986.

F.h.r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Þórhildur Líndal.

SAMÞYKKT

um hundahald á Laugarvatni, Árnessýslu.

1. gr.

Hundahald á Laugarvatni sæti þeim takmörkunum, sem kveðið er á um í 2. gr. þessarar samþykktar.

2. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að veita einstaklingum búsettum á Laugarvatni, leyfi til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

- a. Hundurinn skal skráður á skrifstofu hreppsins, og þar fær eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.
- b. Árlega skal sveitarstjórn greitt leyfisgjald fyrir þá hunda, sem leyfi er veitt fyrir. Gjaldið sem sveitarstjórn ákveður fyrir eitt ár í senn og staðfestist af heilbrigðisráðuneyti, skal renna til að standa straum af kostnaði við eftirlit með hundum á Laugarvatni og skal upphæð þess við það miðuð.
- c. Skylt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu tryggingafélagi. Við árlega greiðslu leyfisgjalda skal leggja fram kvittun frá tryggingafélaginu, sem sýni að tryggingin sé í fullu gildi.
- d. Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi, í fylgd aðila, sem fullt vald hefur yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í matvöruverslanir eða aðra staði þar sem matvæli eru um hönd höfð.
- e. Leyfi fyrir einstökum hundum eru jafnan háð því, að þeir raski ekki ró Laugvetninga og séu hvorki þeim né öðrum, sem um staðinn fara, til óþæginda.
- f. Hundeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum, er hundahald varða (þ. á m. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts), svo og fyrirætlum, er heilbrigðisnefnd setur.

Við brot á skilyrðum fyrir leyfi til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal hundinum komið fyrir, sé um minni háttar brot að ræða í fyrsta skipti. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins.

Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekuð brot, afturkallast viðkomandi leyfi til hundahalds. Sveitarstjórn er heimilt hvenær sem er að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll leyfi, telji hún þess þörf.

3. gr.

Um framkvæmd, eftirlit og önnur atriði fer samkvæmt lögum nr. 7/1953, um hundahald og varnir gegn sullaveiki og lögum nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

4. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Laugardalshrepps staðfestist hér með samkv. 22. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sbr. og lög nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 14. október 1986.

F.h.r.

Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um sameiningu Hrófborgshrepps í Strandasýslu við Hólmavíkurbhrepp í sömu sýslu.

Á grundvelli 2. mgr. 5. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 hefur félagsmálaráðuneytið ákveðið að sameina Hrófborgshrepps í Strandasýslu og Hólmavíkurbhrepp í sömu sýslu í eitt sveitarfélag.

Ákvörðun þessi er í samræmi við tillögur nefndar, sem skipuð var samkvæmt 107. gr. sveitarstjórnarlaga.

Vegna sameiningar þessarar hefur ráðuneytið ákveðið eftirfarandi:

1. Nafn hins nýja sveitarfélags verður Hólmavíkurbhreppur.
2. Hólmavíkurbhreppur hinn nýi skal taka yfir allt það land sem nú tilheyrir Hrófborgshreppi og Hólmavíkurbhreppi.
3. Íbúar Hrófborgshrepps og Hólmavíkurbrepps skulu vera þegnar hins nýja Hólmavíkurbrepps.
4. Eignir, skuldir, skyldur og réttindi sem tilheyra hvoru sveitarfélagi, Hrófborgshreppi og Hólmavíkurbhreppi, skulu falla til hins nýja sveitarfélags.
5. Skjöl og bókhaldsgögn Hrófborgshrepps skulu afhendast Hólmavíkurbhreppi til varðveislu.
6. Sveitarstjórn sú, sem kjörin var í Hólmavíkurbhreppi í kosningum þeim, er fram fóru 31. maí 1986, skal vera löglega kjörin sveitarstjórn hins nýja Hólmavíkurbrepps. Kjörtími hennar er til næstu almennu sveitarstjórnarkosninga.
7. Sameiningin skal taka gildi 1. janúar 1987.

Félagsmálaráðuneytið, 24. október 1986.

Alexander Stefánsson.

Húnbogi Þorsteinsson.

27. október 1986

Nr. 441

REGLUGERÐ

um afnám banns við togveiðum við Vestmannaeyjar.

1. gr.

Með reglugerð þessari er felld úr gildi reglugerð nr. 345 22. júlí 1986, um bann við togveiðum við Vestmannaeyjar.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 27. október 1986.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

Endurprentað blað.

REGLUGERÐ**um (3.) breytingu á reglugerð um greiðslur almannatrygginga á lyfjakostnaði nr. 246/1982.**

1. gr.

2. gr., 2. töluliður, f-stafliður hljóði svo: „Psoriasis og alvarlegur og langvarandi exemsjúkdómur.“

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um almannatryggingar nr. 67/1971, tekur gildi 1. janúar 1987.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 17. október 1986.

Ragnhildur Helgadóttir.

Páll Sigurðsson.

Nr. 443

27. október 1986

AUGLÝSING**um (sjöttu) breytingu auglýsingar um afgreiðslutíma lyfjabúða utan Reykjavíkur nr. 50/1983.**

Samkvæmt heimild í reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða, nr. 30/1983, skal almennur afgreiðslutími eftirtalinna lyfjabúða vera sem hér segir:

Apótek Norðurbæjar

Mánudaga—fimmtudaga kl. 9—18:30

Föstudaga kl. 9—19

Auk framangreinds almenns afgreiðslutíma skulu Apótek Norðurbæjar og Hafnarfjarðar Apótek vera opin til skiptis eina viku í senn um helgar og á almennum frídögum sem hér segir:

Sunnudaga, helgidaga og almenna frídaga kl. 10—14

Vaktþjónusta samkvæmt þessu hefst á laugardögum og skulu lyfjabúðirnar tvær sjá læknum fyrir lyfjum í vakttösku, skv. nánara samkomulagi við héraðslækni Reykjaness-héraðs.

Að öðru leyti skal gætt ákvæðis 8. gr. fyrrnefndrar reglugerðar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 27. október 1986.

Ragnhildur Helgadóttir.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja nr. 291/1979.

1. gr.

Við 6. gr., b staflið bætist nýr töluliður:

„XVI. Bromazepamum. Hámarks magn á lyfseðli 300 mg (Dæmi: Lexotan 1,5 mg 200 töflur, 3 mg 100 töflur, 6 mg 50 töflur).“

2. gr.

Eftirfarandi viðbót verður við viðauka 1 við reglugerðina (undanþágur varðandi lausasölu nokkurra lyfja, skv. 13. gr. a).

Lyf eða lyfja-samsetningar	Samsetningar, er selja má í lausasölu	Athugasemdir	Dæmi
Oxymetazolinum INN, klóríð	Lyf í afmældum skömmtum, mest 20 skammta	Einstakur skammtur mest 45 míkgróg Áletrun: Samkvæmt ákvörðun ráðuneytisins við skráningu	NEZERIL, nefdropar 0,1 mg/ml, 0,25 mg/ml eða 0,5 mg/ml

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 16. gr. lyfjalaga nr. 108/1984, tekur gildi 1. janúar 1987.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 17. október 1986.

Ragnhildur Helgadóttir.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um fullvirðisrétt til framleiðslu sauðfjárafurða verðlagsárið 1987—1988.

I. KAFLI

Orðaskýringar.

1. gr.

Merking orða í reglugerð þessari er sem hér segir:

Framleiðandi er hver sá, sem á eigin vegum hefur með höndum búvöruframleiðslu til afhendingar í afurðastöð, hvort sem er einstaklingur, lögaðili, aðili að félagsbúi eða ríkisbú.

Búmark er viðmiðunartala afurðaeininga reiknuð í ærgildum, sem ákveðin er fyrir lögbýli eða framleiðendur búvöru utan lögbýla skv. reglugerð nr. 339/1986.

Ærgildisafurð er afurðaeining. Ein ærgildisafurð telst vera 18,2 kg af kindakjöti (16,8 kg af dilkakjöti og 33,0 kg kjöts af fullorðnu fé) og tilsvareandi magn af slátri og gærum.

Lögbýli eða jörð er í reglugerð þessari skilgreint skv. 1. gr. ábúðarlaga nr. 64, 31. maí 1976 með síðari breytingum.

Félagsbú er sameiginlegur búrekstur tveggja eða fleiri einstaklinga á einu eða fleiri lögbýlum með samningi, sem hlotið hefur samþykki landbúnaðarráðuneytisins, sbr. jarðalög nr. 65/1976 með síðari breytingum.

Fullvirðisréttur er það magn sauðfjárafurða, sem búmarkssvæði og/eða framleiðendum er ábyrgt fullt verð fyrir á grundvelli samnings skv. a-lið 30. gr. l. nr. 46/1985.

II. KAFLI

Um fullvirðisrétt til framleiðslu sauðfjárafurða.

2. gr.

Ákvæði þessarar reglugerðar taka til framleiðslu sauðfjárafurða verðlagsárið 1987—1988, þ. e. tímabilið 1. september 1987 til og með 31. ágúst 1988. Á því tímabili skulu framleiðendur sauðfjárafurða fá greitt grundvallarverð fyrir 11 800 tonn af kindakjöti með tilsvarendi magni af slátri og gærum, sbr. þó III. kafla, eins og verðið er ákveðið af verðlagsnefnd búvara á hverju verðtímabili. Miðað er við innvegnar sauðfjárafurðir til afurðastöðvar, sem skipt er á milli framleiðenda sauðfjárafurða eftir ákvæðum þessarar reglugerðar.

3. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins annast útreikning fullvirðisréttar samkvæmt reglugerð þessari, sbr. þó 9. gr., og heldur skrá um hann.

4. gr.

Búmarkssvæði skulu vera hin sömu og ákveðin voru með reglugerð nr. 339/1986.

Fullvirðisréttur búmarkssvæðis til framleiðslu sauðfjárafurða ($FR_{k_{sv}}$) fyrir verðlagsárið 1987—1988 skal fundinn með eftirfarandi reiknireglu:

$$FR_{k_{sv}} = \frac{SM \times GT_{k_{sv}}}{SGT_k}$$

þar sem

SM er heildarfullvirðisréttur til framleiðslu kindakjöts sbr. 2. gr.

$GT_{k_{sv}}$ er grunntala búmarkssvæðis. Grunntala er innvegið kindakjöt allra framleiðenda innan búmarks á búmarkssvæðinu það verðlagsáranna 1984—1985 eða 1985—1986 sem kjötmagnið er meira. Við innvegið kindakjöt skal bæta staðfestri liflambasölu á búmarkssvæðinu vegna fjárskipta að opinberum fyrirætlum, eftir að hún hefur verið umreiknuð til kjötinnleggs, enda fari summan ekki fram úr hlutaðeigandi búmarki. Skal kjötinnleggið metið sem lifandi þungi seldra lamba x 0,4.

SGT_k er samanlagðar grunntölur allra búmarkssvæða landsins.

5. gr.

Nú nýtir búmarkssvæði ekki fullvirðisrétt sinn á verðlagsárinu 1987—1988 og skal Framleiðsluráð landbúnaðarins ráðstafa mismuninum þannig:

- heimilt er að ráðstafa allt að þriðjungi mismunarins til búmarkssvæða, þar sem nauðsynlegt hefur reynst að endurnýja sauðfjárstofn vegna sauðfjárjúkdóma á árunum 1982—1986, að báðum árum meðtöldum.
- heimilt er að halda eftir allt að 1000 ærgildisafurðum til leiðréttinga sem nauðsynlegar kunna að reynast skv. 16. gr.
- því sem eftir stendur skal ráðstafað til annarra búmarkssvæða þannig að skerðing framleiðslu hjá einstökum framleiðendum verðlagsárið 1987—1988 verði sem jöfnust að tiltölu miðað við framleiðslu þeirra af sauðfjárafurðum það verðlagsáranna 1984/1985 og 1985/1986, er hún var meiri.

6. gr.

Til þess að framleiðanda sé reiknaður fullvirðisréttur til framleiðslu sauðfjárafurða á verðlagsárinu 1987—1988 þarf hann að fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

- a) hafa búmark í sauðfjárrækt skv. reglugerð nr. 339/1986.
- b) hafa lagt sauðfjárafurðir inn í afurðastöð á verðlagsárinu 1985/1986. Framleiðsluráði landbúnaðarins er heimilt að víkja frá þessu ákvæði hafi framleiðsla verið felld niður tímabundið, eða vegna niðurskurðar sauðfjár vegna sjúkdóma.

7. gr.

Fullvirðisréttur hvers framleiðanda sauðfjárafurða á verðlagsárinu 1987/1988 skal fundinn þannig:

1. Framleiðendum í þéttbýli sem hafa búmark í sauðfé skal reiknaður fullvirðisréttur allt að 80% af innleggi þeirra verðlagsárið 1985/1986, þó að hámarki 60% af búmarki þeirra.
2. Þar sem sauðfé hefur verið felld vegna útrýmingar sauðfjársjúkdóma að opinberum fyriræmlum, er Framleiðsluráði landbúnaðarins heimilt:
 - a) að reikna framleiðendum, er líflömb tóku haustið 1985, fullvirðisrétt sem nemur 1,0 ærgildisafurð fyrir hverja á og 0,8 ærgildisafurðum fyrir hvert lamb sem þeir setja á haustið 1986. Hlutaðeigandi búnaðarsamband skal veita Framleiðsluráði staðfestar upplýsingar um fjölda ásettra kinda.
 - b) að reikna framleiðendum, er líflömb taka haustið 1986, fullvirðisrétt sem nemur 0,8 ærgildisafurðum fyrir hvert keypt lamb. Sauðfjársjúkdómanefnd skal veita Framleiðsluráði staðfestar upplýsingar um fjölda keyptrra lamba.

Fullvirðisréttur skv. þessum tölulíð skal aldrei vera meiri en nemur búmarki hlutaðeigandi lögbýlis.

3. Þá skal engum framleiðanda sauðfjárafurða ætlaður meiri fullvirðisréttur en nemur innleggi hans innan búmarks það verðlagsáranna 1984/1985 og 1985/1986, er innleggið var meira, sbr. þó 9. gr. Til innleggs skal einnig reikna staðfesta líflambasölu framleiðanda, sbr. 4. gr. Framangreinda hámarkstölu er Framleiðsluráði landbúnaðarins heimilt að lækka, hafi framtöldum sauðkindum hlutaðeigandi framleiðanda skv. forðagæsluskýrslu fækkað um meira en 20% frá hausti 1983 til hausts 1985, enda hafi þær verið fleiri en 100 haustið 1983. Skal þá lækka hámarkstöluna um eina ærgildisafurð fyrir hverja sauðkind, sem um hefur verið fækkað umfram áður nefnd 20%.
4. Þurfi að grípa til frekari skerðingar á einstökum búmarkssvæðum, þannig að samantlagður fullvirðisréttur framleiðenda á svæðinu verði jafn fullvirðisrétti hlutaðeigandi svæðis, skal skerða fullvirðisrétt framleiðenda frá búmarki þannig að innlegg sem svarar til:

95,1—100 %	af sauðfjárbúmarki	skerðist að hámarki um	10%
85,1—95 %	af sauðfjárbúmarki	skerðist að hámarki um	7%
75,1—85 %	af sauðfjárbúmarki	skerðist að hámarki um	5%
70,1—75 %	af sauðfjárbúmarki	skerðist að hámarki um	3%
65,1—70 %	af sauðfjárbúmarki	skerðist að hámarki um	1%

8. gr.

Fullvirðisréttur, eins og hann er reiknaður skv. 7. gr., skal margfaldaður með 0,97. Fæst þá **lágmarks fullvirðisréttur** framleiðanda til framleiðslu sauðfjárafurða verðlagsárið 1987—1988. Skal Framleiðsluráð landbúnaðarins tilkynna hverjum einstökum framleiðanda þá tölu fyrir 10. nóvember 1986.

9. gr.

Fullvirðisrétti sem ekki er ráðstafað skv. 8. gr. er viðkomandi búnaðarsambandi heimilt að ráðstafa til framleiðenda sem um það sækja og uppfylla einhver eftirtalinna skilyrða:

1. Framleiðendur, sem framleiddu minna en 300 ærgildisafurðir mjólkur og sauðfjárafurða verðlagsárið 1985/1986 og höfðu meirihluta tekna sinna af mjólkurframleiðslu og sauðfjárrækt skv. síðasta skattframtali.
2. Framleiðendur sem orðið hafa fyrir einstaklingsbundnum áföllum í sauðfjárrækt, svo sem vegna sauðfjársjúkdóma og annarra orsaka, þannig að innlegg þeirra á verðlagsárunum 1984/1985 og 1985/1986 eftir ásettan fjárstofn telst vera óeðlilega lítið miðað við afurðir næstu tvö verðlagsár á undan.
3. Framleiðendur, sem tekið hafa í notkun ný fjárhús og/eða hlöður, stækkuð fjárhús eða endurnýjuð að meirihluta eftir 1. september 1983 eða stofnað til félagsbús eftir 1. janúar 1983.
4. Framleiðendur, sem teljast frumbýlingar, þ. e. hafa hafið búskap eftir 1. janúar 1983.

Umsókn um undanþágu, studd staðfestum upplýsingum um búskaparaðstöðu, skal senda viðkomandi búnaðarsambandi fyrir 1. október 1987. Búnaðarsamband tilkynnir umsækjendum og Framleiðsluráði landbúnaðarins afgreiðslu umsókna fyrir 30. nóvember 1987.

Búnaðarsambandi er heimilt að fela Framleiðsluráði landbúnaðarins að annast fyrir sína hönd framangreinda ráðstöfun fullvirðisréttar á grundvelli tillagna, sem sambandið gerir til ráðsins.

10. gr.

Nú nýtir framleiðandi ekki fullvirðisrétt sinn með innleggi kindakjöts í afurðastöð fyrir 10. nóvember 1987, með sölu og/eða leigu skv. 13. gr., eða hefur gert staðfest samkomulag við afurðastöð um að nýta hann með innleggi síðar á verðlagsárinu 1987/1988. Er þá hlutaðeigandi búnaðarsambandi heimilt að ráðstafa fullvirðisréttinum skv. ákvæðum 9. gr.

11. gr.

Framleiðanda er óheimilt að ráðstafa fullvirðisrétti sínum til annars aðila eða leggja afurðir inn í afurðastöð á fullvirðisrétti annars framleiðanda án samþykkis viðkomandi búnaðarsambands. Samþykki búnaðarsambands skal berast Framleiðsluráði landbúnaðarins fyrir 1. október 1987.

Við ábúendaskipti á lögbýlum skal framleiðsla fráfarandi bónda og þess er við tekur teljast framleiðsla býlisins á viðkomandi verðlagsári. Reiknast hún skv. því búmarki og þeim fullvirðisrétti, sem viðkomandi lögbýli hefur og skiptist á milli þeirra í því hlutfalli sem notað hefur verið, þegar ábúendaskipti fara fram.

12. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins tilkynnir hlutaðeigandi sláturleyfishöfum fullvirðisrétt framleiðenda eigi síðar en 10. desember 1987.

Sauðfjársjúkdómanefnd skal tilkynna Framleiðsluráði eigi síðar en 30. nóvember 1987 um þá framleiðendur, sem selt hafa líflömb á verðlagsárinu 1987—1988 vegna fjárskipta að opinberum fyrirmælum. Skal Framleiðsluráð reikna þunga hinna seldu líflamba til kjötinnleggs skv. reglu 4. gr., og minnka fullvirðisrétt þess framleiðanda er í hlut á, sem því nemur, áður en réttur til sláturfjársölu er tilkynntur skv. 1. mgr. þessarar greinar.

Frumgreiðsla fyrir sauðfjárafurðir skv. 1. tl. 29. gr. 1. nr. 46/1985 skal miðuð við lágmarks fullvirðisrétt hlutaðeigandi framleiðanda skv. 8. gr. Fullnaðargreiðsla og viðbótargreiðsla skv. 2. og 3. tl. 29. gr. áðurnefndra laga skulu miðast við fullvirðisrétt framleiðanda til framleiðslu sauðfjárafurða skv. þessum kafla.

III. KAFLI

Um sölu og/eða leigu fullvirðisréttar.

13. gr.

Nú óskar framleiðandi eftir að selja og/eða leigja fullvirðisrétt í samræmi við samning landbúnaðarráðherra og Stéttarsamband bænda um magn mjólkur og sauðfjárafurða dagsettan 21. september 1986. Skal framleiðanda þá heimilt að selja og/eða leigja fullvirðisrétt sinn allan eða hluta hans, eins og rétturinn reiknast samkvæmt 8. gr. (lágmarks fullvirðisréttur).

14. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins breytir skrá um fullvirðisrétt og búmark í samræmi við samninga um skipti, sölu og/eða leigu á fullvirðisrétti sem staðfestir eru á grundvelli samnings, sbr. 11. og 13. gr.

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

15. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins aflar upplýsinga vegna framkvæmdar þessarar reglugerðar og annast eftirlit með uppgjöri afurðastöðva við framleiðendur. Afurðastöðvum er skylt að láta Framleiðsluráði landbúnaðarins í té allar þær upplýsingar sem að gagni geta komið við störf þess og þær geta veitt.

16. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal tilkynna framleiðendum fullvirðisrétt þeirra. Þeir eiga þess kost að gera athugasemdir við hann og skulu þær berast Framleiðsluráði landbúnaðarins innan 30 daga frá birtingu tilkynningar, ella gildir hann fyrir verðlagsárið. Framleiðsluráð landbúnaðarins endurskoðar útreikninga, sem athugasemdir eru gerðar við og tilkynnir framleiðanda niðurstöðu sína.

Berist Framleiðsluráði ekki athugasemdir við þá niðurstöðu innan 25 daga frá dagsetningu úrskurðarins, gildir hún fyrir hlutadeigandi verðlagsár. Uni viðkomandi framleiðandi ekki þeirri niðurstöðu, hefur hann rétt til þess að skjóta ágreiningi með rökstuddri kæru til nefndar, sem skipuð er skv. 31. gr. 1. nr. 46/1985. Skal nefndin fella úrskurð sinn innan 30 daga frá því erindi berst henni.

17. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 59. gr. laga nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

18. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. lögum nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast gildi þegar í stað.

Landbúnaðarráðuneytið, 29. október 1986.

Jón Helgason.

Jón Höskuldsson.

REIKNINGUR

Útvegsbanka Íslands, fyrir árið 1985.

Efnahagsreikningur 31. desember 1985.

Eignir:

Sjóður og bankainnstæður:	Kr.
Sjóður	14 827 796
Viðskiptabankar	421 510
Seðlabanki, óverðtryggt bundið fé	306 983 905
Seðlabanki, verðtryggt bundið fé	301 019 776
Seðlabanki, gjaldeyrisreikningur	266 565 450
Seðlabanki, óverðtryggt skuldabréf	37 186 224
Seðlabanki, verðtryggt skuldabréf	112 878 177
Sjóður og bankainnstæður alls	1 039 882 838

Erlendar eignir:

Sjóður	12 120 319
Viðskiptabankar	300 300 662
Víxlar og aðrar kröfur	41 897 841
Skuldabréf	247 508 787
Erlendar eignir alls	601 827 609

Útlán:

Yfirdráttarlán	475 338 404
Víxillán	650 779 970
Almenn skuldabréf	520 601 899
Verðtryggð skuldabréf	1 244 105 253
Innleystar ábyrgðir	72 964 741
Afurða- og rekstrarlán, ógengisbundin	262 470 634
Afurða- og rekstrarlán, gengisbundin	992 182 179
Skuldabréf tengd erlendum gjaldmiðli	6 241 696
	4 224 684 776
Endurlánað erlent lánsfé	3 539 855 262
Afskriftareikningur útlána	(558 525 286)
Útlán alls	7 206 014 752

Ýmsir eignaliðir:

Áfallnir vextir	257 443 134
Langtímakostnaður	2 114 000
Áhættufé	12 105 943
Ýmsir eignaliðir	183 092 965
Ýmsir eignaliðir alls	454 756 042

Varanlegir rekstrarfjármunir:	Kr.
Fasteignir	504 292 667
Áhöld og búnaður	166 075 314
Bifreiðar	2 172 146
	<hr/>
	672 540 127
Fyrningar alls	(221 815 818)
	<hr/>
Varanlegir rekstrarfjármunir alls	450 724 309
	<hr/>
Eignir alls	9 753 205 550
	<hr/>

Skuldir og eigið fé:

Veltiinnlán:	
Hlaupareikningar og annað	532 767 411
	<hr/>
Veltiinnlán alls	532 767 411
	<hr/>

Spariinnlán:	
Almennir sparisjóðsreikningar	2 194 433 044
Bundið almennt sparifé	155 329 884
Verðtryggðir reikningar	370 115 988
	<hr/>
Spariinnlán alls	2 719 878 916
	<hr/>
Gjaldeyrisinnlán	495 370 351
	<hr/>
Innlán alls	3 748 016 678
	<hr/>

Seðlabanki Íslands:	
Viðskiptareikningur	36 742 338
Skammtímalán	430 000 000
Endurseld lán	174 214 200
Endurlán	170 097 206
Sérstakt verðtryggt lán v/lausaskulda	383 570 336
	<hr/>
Seðlabanki alls	1 194 624 080
	<hr/>

Erlendar skuldir:	
Erlendt endurlánað lánsfé	3 339 697 201
Skuldabréf	264 026 199
Viðskiptabankar	312 724 991
	<hr/>
Erlendar skuldir alls	3 916 448 391
	<hr/>

Ýmsir skuldaliðir:	Kr.
Innlendir bankar og fjárf.sjóðir, gengisb.	641 824 350
Innlendir bankar og fjárf.sjóðir, ógengisb.	19 690 028
Áfallnir og fyrirframgreiddir vextir	43 991 886
Reiknaðir skattar	8 573 123
Sjóður vegna lífeyrisskuldbindinga	39 333 700
Ýmsir skuldaliðir	50 719 920
	<hr/>
Ýmsir skuldaliðir alls	804 133 007
	<hr/>
Skuldir alls	9 663 222 156
	<hr/>

Eigið fé:	
Stofnfé	50 073 154
Varasjóður	0
Endurmatsreikningur	39 910 240
Óráðstafað	0
	<hr/>
Eigið fé alls	89 983 394
	<hr/>
Skuldir og eigið fé alls	9 753 205 550
	<hr/>

Útan efnahags:	
Ábyrgðir vegna viðskiptamanna	1 013 036 683
Seðlabanki Íslands, skuldbinding	39 371 604

Rekstrarreikningur ársins 1983.

Rekstrartekjur:	Kr.
Vextir og verðbætur af útlánum	1 552 356 892
Vextir og verðbætur frá Seðlabanka	194 399 944
Aðrar vaxtatekjur	26 480 622
	<hr/>
	1 773 237 458
Póknun og þjónusta	134 354 070
Aðrar tekjur	23 187 963
	<hr/>
Rekstrartekjur alls	1 930 779 491
	<hr/>

Rekstrargjöld:	Kr.
Vextir og verðbætur af innlánnum	735 907 622
Vextir og verðbætur til Seðlabanka	303 560 215
Vextir af erlendum lánnum	286 469 627
Önnur vaxtagjöld og verðbætur	43 193 124
	<hr/>
	1 369 130 588
Gengismunur	56 890 080
Gjaldfærsla vegna verðlagsbreytinga	29 211 600
	<hr/>
	1 455 232 268
Laun og tengd gjöld	227 929 640
Aðkeypt þjónusta	64 459 307
Önnur rekstrargjöld	67 218 427
Skattur af gjaldeyrissölu	23 906 855
Landsútsvar	4 125 560
Tillaga í afskriftareikning útlána	15 699 272
Tillaga í sjóð vegna lífeyrisskuldbindinga	14 165 900
Fyrning varanlegra rekstrarfjármuna	29 344 116
	<hr/>
Rekstrargjöld alls	1 902 081 345
Hagnaður (tap) af reglulegri starfsemi	28 698 146
	<hr/>
Óreglulegir liðir:	
Sérstök afskrift útlána	(470 000 000)
(Tap) hagnaður af fastafjármunum	(1 320 337)
	<hr/>
	(471 320 337)
(Tap) fyrir tekju- og eignarskatt	(442 622 191)
	<hr/>
Tekju- og eignarskattur:	
Tekjuskattur	0
Eignarskattur	0
	<hr/>
	0
(Tap) ársins	(442 622 191)
	<hr/>

Yfirlit yfir breytingu lausafjárstöðu 1985

Til ráðstöfunar:

Frá rekstri:	Kr.
Tap skv. rekstrarreikningi	(442 622 191)
Uppfærsla á útlán	(571 168 394)
Vextir, verðbætur og gengismunur af innlánnum	712 183 510
Gjaldfærsla vegna verðlagsbreytinga	29 211 600
Sérstök afskrift útlána	470 000 000
Verðbætur á tekin lán	71 285 644
Annað, sem ekki breytir lausafjárstöðu	56 239 748
	<hr/>
Greiðsluáhrif rekstrar	325 129 917

Annað:	Kr.
Aukning veltiinnlána án vaxta	58 323 256
Aukning spariinnlána án vaxta	429 477 078
Aukning gjaldeyrisinnlána án vaxta og gengism.	27 613 147
Aukning lána í innlendum bönkum	632 087 178
Lækkun (hækkun) á bundnu fé í Seðlabanka	101 477 000
Afborgun af skuldabréfaeign	897 142 428
Afborgun af erlendum skuldabréfum	50 876 199
Afborgun af skuldabréfum í Seðlabanka	12 157 035
Aukning langtímalána	400 000 000
Lækkun (hækkun) afurða- og rekstrarlána	256 306 999
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna	495 000
Annað	9 461 017
Uppruni alls	3 200 546 254

Ráðstöfun:	
Aukning yfirdráttarlána	27 755 273
Aukning víxillána	206 534 094
Aukning almennra skuldabréfalána	504 501 656
Aukning verðtryggðra skuldabréfa	560 168 505
Aukning innleystra ábyrgða	28 863 413
Aukning gjaldeyrisstöðu í Seðlabanka	106 047 017
Afborgun af erlendu láni	42 773 853
Afborganir af innlendum lánum	87 715 308
Lækkun (hækkun) endursölu í Seðlabanka	868 156 440
Lækkun endurlána í Seðlabanka	70 150 130
Lán til Seðlabanka af bundnu fé	137 291 000
Aukning vanskila í endurlánuðu erlendu lánsfé	101 794 178
Fjárfesting á árinu	38 693 099
Annað	68 668 414
Ráðstöfun alls	2 849 112 380
Aukning (lækkun) á lausu fé	351 433 874

Greining á breytingu lausafjárstöðu

	1985	1984	Breyting
	Kr.	Kr.	Kr.
Sjóðir	26 948 115	31 753 597	(4 805 482)
Viðskiptabankar	342 620 003	262 828 719	79 791 284
Viðskiptareikningur í Seðlabanka ...	(36 742 338)	(208 283 492)	171 541 154
Viðskiptabankar	(312 733 537)	(563 281 531)	250 547 994
Skammtímalán í Seðlabanka	(430 000 000)	(255 000 000)	(175 000 000)
Aðrir skammtímalíðir	0	(29 358 924)	29 358 924
Lausafjárstaða	(409 907 757)	(761 341 631)	351 433 874

Yfirlit um breytingar á eignafjárstöðu 1985

	Stofnfé	Varasjóður	Endurmat	Óráðstafað	Samtals
Eigið fé 31.12.1984	50 073 154	3 360 302	366 775 806	3 704 578	423 913 840
Breytingar vegna 1984:					
Eignarsk.auki					
álagður 1985 v/84				(800 411)	(800 411)
Leiðrétt vegna					
Kreditkorta sf.			261 379	(2 258 423)	(1 997 044)
Leiðrétt vegna					
Reiknistofu bank.			1 285 731		1 285 731
Leiðr. afskrifta-					
reikn. 31/12'84				(15 680 252)	(15 680 252)
Aðrar leiðréttingar				(1 476 065)	(1 476 065)
Eigið fé 1/1 1985	50 073 154	3 360 302	368 322 916	(16 510 573)	405 245 799
Endurmat varanl.					
rekstrarfjárm.			130 841 796		130 841 796
Endurmat fyrninga			(42 974 871)		(42 974 871)
Endurmat eignalóða			10 659 300		10 659 300
Endurmat Kreditkorta sf ..			(1 154 480)		(1 154 480)
Reikn.gjöld vegna					
verðlagsbreyt.			29 211 600		29 211 600
Endurmat Reiknistofu					
bankanna			598 781		598 781
Jöfnunarhlutabréf			177 660		177 660
Varasj. yfurfærður					
á óráðstafað		(3 360 302)		3 360 302	
Fært úr endurmats-					
reikningi			(455 772 462)	455 772 462	
Tap ársins				(442 622 191)	(442 622 191)
	50 073 154	0	39 910 240	0	89 983 394

Önnur rekstrargjöld:

Rekstur varanlegra fastafjármuna:

	Kr.
Viðhald og viðgerðir	13 787 839
Hiti og rafmagn	5 683 086
Fasteignagjöld	2 803 523
Sérstakur skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði	1 954 040
Ræstingarverktakar og hreinlætisvörur	3 521 288
Annað	3 242 428
	<u>30 992 204</u>

Önnur rekstrargjöld:	Kr.
pappír, fagbækur, blöð og annað	12 138 037
Prentun tékkhefa o.fl.	6 207 082
Mötuneyti og kaffistofa	4 122 543
Ferðakostnaður	3 462 043
Gestamóttaka og risna	2 291 847
Þjálfun starfsfólks	1 449 215
Annað	6 555 456
	<hr/>
	36 226 223
	<hr/>
Önnur rekstrargjöld alls	67 218 427
	<hr/>

SKÝRINGAR MEÐ ÁRSREIKNINGI

● Með lögum nr. 37/1983 um breytingu á lögum um Útvegsbanka Íslands, nr. 12/1961, var kveðið á um eftirfarandi sundurlíðun á rekstrarkostnaði bankans:

I Launagreiðslur:	
a) Heildarlaunagreiðslur (Launaskattskyldar greiðslur)	184 566 762
b) Yfirvinna, föst	0
c) Yfirvinna, önnur	12 075 164
• Launþegar sem þágu laun samkvæmt lið a, töldust vera 612.	
• Launþegar sem þágu laun samkvæmt lið c, töldust vera 505.	
• Hlutfall yfirvinnu í heildarlaunum 6,5%.	
II Bifreiðakostnaður:	
a) Bankinn á 5 bifreiðar og var rekstrarkostnaður þeirra með fyrningum ársins	1 087 829
b) Kostnaður vegna bílaleigubifreiða	31 896
c) Kostnaður vegna leigubifreiða	101 563
d) Greiðslur vegna afnota af starfsmannabifreiðum	7 824 169
	<hr/>
	9 045 457
III Risnukostnaður:	
a) Föst risna greidd starfsmönnum	311 200
b) Risna skv. reikningi	1 479 817
	<hr/>
	1 791 017
IV Ferðakostnaður:	
a) Ferðakostnaður og dagpeningar innanlands	1 484 200
b) Ferðakostnaður og dagpeningar erlendis	1 937 967
	<hr/>
	3 422 167
	<hr/>

31. október 1986

921

Nr. 447

REGLUGERÐ

um sérstakt línu- og netasvæði út af Faxaflóa.

1. gr.

Frá og með 7. nóvember 1986 til 31. janúar 1987 að báðum dögum meðtöldum, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði út af Faxaflóa, sem að sunnan markast af línu, sem dregin er réttvísandi vestur frá Sandgerðisvíta, að vestan markast svæðið af 23'0 42'0 V og að norðan af 64 20'0 N.

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 31. október 1986.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eypórsson.

31. október 1986

Nr. 448

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um ökukennslu, próf ökumanna o. fl.,
nr. 787 13. desember 1983.

1. gr.

14. gr. orðist svo:

Umsóknir um þátttöku í námskeiði skal senda Bifreiðaeftirliti ríkisins.

Þátttökuskilyrði eru að umsækjandi:

a) hafi náð 19 ára aldri, og

b) hafi haft réttindi til aksturs bifreiðar síðustu 6 mánuði.

Umsókn skal fylgja læknisvottorð samkvæmt 2. tölulið 2. gr. Umsækjandi skal sanna að hann uppfylli skilyrði b-liðar með því að framvísa ökuskírteini.

B 78

2. gr.

Á eftir 1. mgr. 35. gr. komi tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Skilyrði til próftöku er að umsækjandi:

- a) hafi ekki á undanförunum 12 mánuðum verið án ökuskírteinis vegna ökuleyfissviptingar, gerst brotlegur við ákvæði um neyslu eða meðferð áfengra drykkja, eða verið refsað fyrir vítaverka aksturshætti, og
 - b) hafi óflekkað mannorð, ef um er að ræða réttindi til farþegaflutninga í atvinnuskyni.
- Leita skal álits viðkomandi lögreglustjóra, sbr. 1. gr., á því hvort umsækjandi fullnægi skilyrðum til próftöku, sbr. 5. og 6. gr.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt umferðarlögum nr. 40 23. apríl 1968, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 31. október 1986.

Jón Helgason.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUR**Frímerkja- og póstsögusjóðs.**

1. gr.

Sjóðurinn heitir Frímerkja- og póstsögusjóður, og er í vörslu Póst- og símamálastofnunar. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla og styrkja störf og rannsóknir á sviði frímerkjafræða og póstsögu og hvers konar kynningar- og fræðslustarfsemi til örvarar á frímerkjasöfnun, svo sem með bóka- og bladaútgáfu. Eins skal sjóðurinn styrkja sýningar og minjasöfn, sem tengjast frímerkjum og póstsögu.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er andvirði yfirverðs smáarkar sem gefin var út 9. október 1986.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru sem hér segir:

- a) Andvirði yfirverðs frímerkja, smáarka o. s. frv., sem sérstaklega verða gefin út í þessu skyni.
- b) Gjafir og framlög.
- c) Vextir af stofnfé og öðru fé sem sjóðnum áskotnast.

5. gr.

Samgönguráðherra skipar fimm menn í stjórn sjóðsins og þrjá til vara til fjögurra ára í senn. Skulu tveir tilnefndir af póst- og símamálastjóra ásamt einum varamanni. Landssamband íslenskra frímerkjasafnara tilnefnir tvo menn í stjórnina ásamt einum varamanni. Samgönguráðherra skipar oddamann og varamann án tilnefningar. Stjórnin skiptir með sér verkum. Endurskoðendur skulu vera tveir, aðalendurskoðandi Póst- og símamálastofnunar eða sá, sem hann kann að tilnefna í sinn stað og hinn, tilnefndur af Landssambandi íslenskra frímerkjasafnara til fjögurra ára í senn.

6. gr.

Stjórnarfiðir skulu haldnir eftir þörfum. Varamenn hafa rétt til fundarsetu með tillögurétt og málfrelsi. Samþykktir stjórnar eru því aðeins lögmætar, að hún sé fullskipuð. Afl atkvæða ræður úrslitum. Halda skal fundagerðabók. Stjórnin er ólaunuð.

7. gr.

Stjórnin veitir styrki þegar hún telur henta annað hvort samkvæmt umsóknum eða að eigin frumkvæði. Umsóknir skulu vera skriflegar og þeim fylgja ítarleg greinagerð um í hvaða skygni sótt er um styrk. Styrki má veita félagasamtökum, einstaklingum og stofnunum.

8. gr.

Stjórn sjóðsins gerir árlega reikninga yfir tekjur hans og gjöld. Reikningsárið er almanaksárið. Reikningar skulu lagðir fyrir endurskoðendur eigi síðar en 15. febrúar ár hvert.

Endurskoðun skal lokið fyrir 15. mars ár hvert.

9. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður hvernig hann skuli ávaxtaður.

Samgönguráðuneytið, 29. október 1986.

Matthías Bjarnason.

Halldór S. Kristjánsson.

REGLUGERÐ

um aflamark helstu botnfisktegunda 1987.

1. gr.

Með vísan til 1. gr. laga nr. 97 20. desember 1985 um stjórn botnfiskveiða 1986—1987, skulu heimildir til botnfiskveiða við Ísland árið 1987 miðast við eftirgreint aflamark:

1. Þorskur: 330 þús. lestir
2. Ýsa: 60 þús. lestir
3. Ufsi: 70 þús. lestir
4. Karfi: 95 þús. lestir
5. Grálúða: 30 þús. lestir

Ráðherra er heimilt innan ársins að breyta ákvörðun um aflamark samkv. 1. mgr. enda sé sú ákvörðun tekin fyrir 15. apríl 1987.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 1. gr. laga nr. 97 20. des. 1985 um stjórn botnfiskveiða 1986—1987 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 30. október 1986.

Halldór Ásgrímsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 289 24. júní 1986, um sérstakt jöfnunargjald af innfluttum kartöflum og vörum unnum úr þeim.

1. gr.

Við 1. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Undanþegið gjaldskyldu samkvæmt reglugerð þessari eru kartöflur og vörur unnar úr þeim, enda séu þær fluttar inn sem hráefni til innlendirar iðnaðarframleiðslu og fyrirsvarsmaður viðkomandi fyrirtækis lýsi því yfir á aðflutningskýrslu við tollafgreiðslu hverju sinni, að varan sé eingöngu flutt inn til nota við framleiðslu fyrirtækisins.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 25 5. maí 1986 um breytingu á lögum nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, öðlast gildi þegar í stað.

Landbúnaðarráðuneytið, 30. október 1986.

Jón Helgason.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 274 frá 29. ágúst 1974 um hámarksfjölda leigubifreiða til vöruflutninga á félagssvæði Vörubílstjórafélags Norðfjarðar.

1. gr.

2. gr. orðist þannig:

Fjöldi leigubifreiða til vöruflutninga á svæðinu takmarkast við hámarkstöluna 10. Þó skal í engu skerða atvinnuréttindi þeirra manna, sem á lögmætan hátt stunda leigubifreiðakstur til vöruflutninga á svæðinu, sbr. 8. gr. laga nr. 36 frá 9. maí 1970 um leigubifreiðar. Þessa tölu má endurskoða á tveggja ára fresti. Áður en ákvörðun er tekin um nýja hámarkstölu skal leita umsagnar Vörubílstjórafélags Norðfjarðar, bæjarstjórnar Neskaupstaðar og hreppsnefndar Norðfjarðar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 36 frá 9. maí 1970, um leigubifreiðar, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 22. október 1986.

Matthías Bjarnason.

Sigurður Skúli Bergsson.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Hveragerðis.

1. gr.

Hitaveita Hveragerðishrepps selur afnot af varmaorku úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða gerð kunna að verða, eftir þeim reglum, sem settar eru í reglugerð Hitaveitu Hveragerðishrepps, nr. 175/1962 og gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveita Hveragerðis lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu hitaflatir hússins nægilega stórir að dómi hitaveitunnar.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á. Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 2. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. janúar ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

4. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a) Fastagjöld:

- | | |
|---|------------|
| 1. Gróðurhús 100 m ² og stærri | kr. 555,00 |
| á mánuði fyrir hvern aðalhemil. | |
| 2. Önnur hús | kr. 221,00 |
| á mánuði fyrir hvern aðalhemil. | |

b) Vatnsgjöld:

- | | |
|-----------------------------------|------------|
| 1. Gróðurhús | kr. 131,00 |
| á mánuði fyrir hvern mínútulítra. | |
| 2. Önnur hús | kr. 367,00 |
| á mánuði fyrir hvern mínútulítra. | |

Á gjöld þessi leggst söluskattur eftir gildandi reglum á hverju tíma.

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafín til greiðslu í hverjum mánuði og skulu þau greiddast til skrifstofu hitaveitunnar eða annars innheimtuaðila, sem hitaveitan vísar til. Gjaldþagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki greidd að fullu innan 14 daga frá gjaldþaga.

6. gr.

Heimæðargjald (tengigjöld) eru sem hér segir fyrir hverja heimæð:

Hús allt að 300 m ³ að utanmáli	kr. 29 500,00
Hús 300—2000 m ³ að utanmáli	kr. 29 500,00
fyrir 300 m ³ og	kr. 21,00
á hvern rúmmetra þar yfir.	
Hús stærra en 2000 m ³ að utanmáli	kr. 67 100,00
fyrir 2000 m ³ og	kr. 18,00
á hvern rúmmetra þar yfir.	
Stofngjald fyrir hvern aðalrennslisemil umfram einn á sama inntaki	kr. 2 300,00

7. gr.

Gjöld skv. 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 229 stig. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða, að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins hverju sinni.

8. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar og gróðurhúsaræktunar og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilvikum með hlíðsjón af gjaldskrá þessari.

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldenda.

10. gr.

Hitaveita Hveragerðis hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er, kr. 360,00 í hvert skipti.

11. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Hveragerðis skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

12. gr.

Þeir notendur, sem ekki fá vatnið eftir hámarksskammti, skulu greiða eftir áætluðum hámarksskammti, þar til þeir hafi fengið hemil.

13. gr.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. nóvember 1986 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 418 15. nóvember 1985.

Iðnaðarráðuneytið, 22. október 1986.

Albert Guðmundsson.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Hveragerðis.

I. RAFORKA.

Rafveita Hveragerðis selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1.1 Til almennrar lýsingar.	
Orkugjald	5,44 kr/kWh
1.2 Til vinnuljósa, vinnuvéla og annarrar notkunar við mannvirkjagerð.	
Orkugjald	6,73 kr
1.3 Til úti- og götulýsingar samkvæmt upps. aflí.	
Aflgjald	7 270,00 kr/kW/ár
Viðhaldsgjald	7 890,00 kr/kW/ár
Samtals	15 160,00 kr/kW/ár
1.4 Til sumarnotkunar eingöngu.	
Orkugjald	4,15 kr/kW/ár

2. Heimili o. fl.

2.1 Til almennrar heimilisnotkunar, svo og til notkunar í sjúkrahúsum, heilsugæslustöðvum, vistheimilum, veitingahúsum, gistihúsum og hliðstæðum stofnunum.	
Orkugjald	4,94 kr/kWh

3. Vélar o. fl.

3.1 Til vélanotkunar.	
Orkugjald	5,44 kr/kWh
3.2 Til véla og annarrar notkunar fyrirtækja eða stofnana, enda sé lágmarksafli 20 kW. Gjaldskýlt afl er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestur fari fram mánaðarlega og með sem jöfnustu millibili.	
Orkugjald	1,60 kr/kWh
Aflgjald	5 610,00 kr/kWh/ár

4. Hitun.

4.1 Til húshitunar, roftími 1 klst. á dag.	
Orkugjald	2,46 kr/kWh
4.2 Til húshitunar, roftími 2 × 2½ klst. á dag.	
Orkugjald	0,95 kr/kWh
4.3 Til hitunar í iðnaði, roftími 1 klst. á dag.	
Orkugjald	3,55 kr/kWh
4.4 Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum og til annarra hliðstæðra nota, roftími 11 klst. að degi til.	
Orkugjald	1,10 kr/kWh
Um framangreinda hitagjaldskrárlíði gildir eftirfarandi ákvæði. Minnsta árgjald skal vera sem svarar 1 800 klst. notkun á hvert kW uppsetts afls hitunartækja.	

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

- Að aflnotkun sé innan þeirra marka að hún valdi ekki hækkun á aflkaupum rafveitunnar.
- Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið.
- Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til og greiði leigu af þeim, samkvæmt gjaldskrá.
- Að hitatæki, lagnir og búnaður séu samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

II. MÆLALEIGA.

Rafveitan ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu fyrir hvert tæki sem hér segir:

Orkumælir einfasa	kr.	397,00
Orkumælir þrífasa	kr.	936,00
Orkumælir þrífasa með straumspennum	kr.	1 600,00
Aflmælir	kr.	1 524,00
Aflmælir með straumspennum	kr.	2 420,00
Klukkurofi	kr.	393,00

Af öðrum mælitækjum en þeim sem nefnd eru, ennfremur klukkurofum, skal ársleiga vera sem næst 15% af verði tækjanna.

III. HEIMTAUGAGJALD.

Heimtaugagjald fyrir varanlega heimtaug, skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur (A)	Stofngjald (kr.)	Jarðstrengir kr/m	Loflína kr/stólpa
1 × 63	30 360,00	988,00	8 100,00
3 × 63	32 910,00	988,00	14 040,00
3 × 100	52 150,00	1 512,00	17 670,00
3 × 200	103 210,00	2 505,00	
3 × 315	163 350,00	2 916,00	
3 × 400	209 330,00	Samkv. kostn.	
3 × 710	371 470,00		
3 × 1200	624 360,00		

Yfirlengdargjald miðast við jarðstrengsheimtaug lengri en 15 m og loftlínuheimtaug lengri en 30 m.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum að stofnvarkassa eða stofntengikassa húsveitu.

Þegar stækka þarf spennu eða heimtaug vegna tiltekins notanda, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breytingin fer fram.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda, og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, er honum skylt að leggja til lóð undir stöðina eða húsnæði rafveitunnar að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um gerð húsnæðis eða stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

Heimtaugargjald fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr, skal greitt sem hér segir:

1 × 63A	kr. 6 703,00	3 × 63A	kr. 9 075,00.
---------	--------------	---------	---------------

Séu aðstæður þannig að leggja þurfi aðallínu að vinnustað, skal greitt yfirlengdargjald, samkvæmt töflu.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar, skal heimtaugargjald greitt samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

IV. ÝMIS ÁKVÆÐI.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduroppnun kr. 448,00

Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0,8 getur rafveitan krafist þess að hann sé hækkaður upp í það gildi.

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfínanlegum truflunum, eða takmarka notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhrings.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. nóvember 1986 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 220, 20. mars 1986.

Iðnaðarráðuneytið, 2. október 1986.

Albert Guðmundsson.

Guðrún Skúladóttir.

REGLUGERÐ

breytingu (2.) á reglugerð um ávana- og fíkniefni nr. 16/1986.

1. gr.

Eftirfarandi breyting skal gerð á lista í fylgiskjali I með reglugerðinni:

Efni INN – nafn (latneskt)	Alþjóða- samningar	Inn-/út- fl. leyfi krafist	Óheimilt sbr. 2. gr. laga um áv. og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr. hér að framan	Undanþágur og athugasemdir
Bromazepamum	P IV			5)9(300 mg #))

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, tekur gildi 1. janúar 1987.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 17. október 1986.

Ragnhildur Helgadóttir.

Páll Sigurðsson.

SAMÞYKKT

fyrir veiðifélag Vesturhóps og Línakradals, V-Húnavatnssýslu.

1. Félagið heitir Veiðifélag Vesturhóps og Línakradals. Heimili þess og varnarþing er heimili formanns.
2. Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Faxalæk, Vesturhópsvatni, Reyðarlæk og Miðfjarðarvatni og öllum fiskgengum ám og lækjum, sem í þessi vötn falla, en þær eru: Litla-Borg, Síða, Bjarghús, Breiðabólstaður, Hvoll, Syðri og Ytri Klambrar, Hara-staðir, Kolþernumýri, Vatnsendi, Stóra-Borg I,II og III, Urðarbak, Sporður, Stórhóll, Vatnshóll, Syðri og Ytri Þóreyjarnúpur, Hörgshóll, Böövarshólar, Grund, Torfastaðir, Gauksmýri, Efra og Neðra Vatnshorn, Núpshlíð og Foss.
3. Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og að ráðstafa veiði eftir því sem aðalfundur ákveður. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.
4. Stjórn félagsins skipa fimm menn, formaður og fjórir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, tveir meðstjórnenda eftir tvö ár, og hinir eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaður og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.
5. Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum. Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.
6. Aðalfund skal halda í aprílmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.
7. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.
8. Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.
9. Brot á samþykkt þessari varðar sektum skv. XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.
10. Félagið verði hluti af eða deild úr Veiðifélagi Víðidalsár og Fitjaár, sbr. leyfi Veiðimálastjórnar, dags. 21. mars 1985, en það skal vera komið til framkvæmda ekki síðar en árið 1988.

Samþykkt þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970 um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 30. október 1986.

Jón Helgason.

Ragnheiður Árnadóttir.

REGLUGERÐ

um mat og flokkun á kartöflum og gulrófum.

1. gr.

Kartöflur og gulrófur, sem selja á innanlands eða flytja á erlendan markað, skulu metnar, flokkaðar og merktar eftir tegundum, gæðum og uppruna, enda fullnægi varan reglum um heilbrigði og hollustuhætti, sbr. ákvæði laga nr. 50 29. maí 1981 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og laga nr. 24 1. febrúar 1936 um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum.

2. gr.

Yfirmatsmaður garðávaxta.

Landbúnaðarráðherra skipar yfirmatsmann garðávaxta, setur honum erindisbréf og ákveður launakjör hans. Verkefni hans eru m.a.:

- a) að hafa eftirlit með að samræmdum mats- og flokkunarreglum sé fylgt,
- b) að kynna eins fljótt og við verður komið breytingar sem kunna að verða gerðar á mati og flokkun garðávaxta,
- c) útgáfa leiðbeininga um mat og flokkun garðávaxta,
- d) að gangast fyrir námsskeiðum fyrir matsmenn garðávaxta eins oft og þurfa þykir,
- e) að fylgjast með gæðum innfluttra kartaflna og gulrófna. Ennfremur skal yfirmatsmaður hafa eftirlit með garðávöxtum hjá framleiðendum og seljendum.

3. gr.

Matsmenn.

Afurðastöð sem tekur á móti, þakkar og/eða dreifir kartöflum og gulrófum, skal hafa í þjónustu sinni starfsmann sem metur og flokkar þessa garðávexti. Landbúnaðarráðuneytið samþykkir matsmenn, að fengnum tillögum yfirmatsmanns. Matsmenn skulu hafa haldgóða þekkingu á kartöflum og öðrum garðávöxtum og næga reynslu í meðferð og mati þeirra. Matsmenn skulu sækja námsskeið sem yfirmatsmaður garðávaxta efnir til um mat og flokkun garðávaxta. Dvalar- og ferðakostnaður greiðist af viðkomandi afurðastöð.

Afurðastöðvum og öðrum söluaðilum kartaflna og gulrófna er skylt að sjá matsmönnum fyrir bjartri og rúmgóðri aðstöðu, þannig að þeir geti sem best framkvæmt matið.

Matsmenn mega ekki vera framleiðendur þeirra garðávaxta sem koma til mats samkvæmt reglugerð þessari. Sýni matsmaður vanrækslu í starfi, beiti hlutdrægni við matið eða leysi það illa af hendi á einhvern hátt, að dómi yfirmatsmanns, skal yfirmatsmaður skjóta málinu án tafar til landbúnaðarráðherra sem fellir úrskurð í því.

Framleiðendur kartaflna og gulrófna sem selja framleiðslu sína beint til smásöluverslunar eða neytenda, skulu leita til yfirmatsmanns garðávaxta, sem hlutast til um að varan verði metin í samræmi við gildandi reglur. Framleiðendur greiða allan kostnað af mati skv. þessari málsgrein.

Matsmenn skulu útfylla þar til gerð eyðublöð er tilgreina tíðni og heiti þeirra atriða sem matsgerð byggist á. Viðkomandi framleiðandi, afurðastöð og Framleiðsluráð landbúnaðarins fá afrit af matsgerðinni.

4. gr.

Matsgjald.

Til að standa straum af kostnaði vegna starfa yfirmatsmanns garðávaxta, skal innheimta sérstakt matsgjald af kartöflum og gulrófum.

Skal matsgjaldið vera 1% af verði kartaflna og gulrófna til framleiðenda. Framleiðsluráð landbúnaðarins reiknar út hvert gjaldið skuli vera á kíló sem vegið meðaltal allra

verðflokka. Við útreikning gjaldsins skal Framleiðsluráð byggja á skýrslum afurðastöðva um magn móttækinnna kartafna og gulrófna samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 226/1986 um innheimtu gjalda til Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Framleiðsluráð landbúnaðarins innheimtir matsgjald af þeim framleiðendum sem selja kartöflur og gulrófur til smásöluverslunar og neytenda.

5. gr.

Greiðsla matsgjalds.

Greiða skal matsgjaldið fyrir hvert sex mánaða tímabil, þ.e. 1. september og 1. mars og skal uppgjör fara fram innan 30 daga frá lokum hvers tímabils.

Sé gjaldið ekki greitt innan 30 daga frá gjalddaga skv. 1. mgr., skal innheimta dráttarvexti af gjaldfallinni upphæð. Framleiðandi er ábyrgur fyrir greiðslu matsgjalds af innlendra framleiðslu. Matsgjaldinu skal haldið á sérgreindum reikningi sem Framleiðsluráð landbúnaðarins annast vörslu á og skal reikningurinn endurskoðaður af ríkisendurskoðun. Matsgjald má taka lögtaki.

6. gr.

Gæðaflokkun.

Kartöflur og gulrófur sem seldar eru til manneðis skulu aðgreindar í stærðar- og gæðaflokka. Nýjar íslenskar kartöflur (sumarkartöflur) má selja óflokkaðar til 1. október.

Kartöflur skal aðgreina í þrjá gæðaflokka; 1. flokk, 2. flokk og verksmiðjukartöflur. Gulrófur skal flokka í tvo gæðaflokka; 1. flokk og 2. flokk.

Kartöflur.**1. flokkur:**

Stærðarflokkar:	30—40 mm, 35—50 mm, 45—60 mm og 60 mm og stærri.
Útlit:	Heilbrigðar og gallalítlar.
Afbrigði:	Öll afbrigði sem talin eru hæf til manneðis.
Hámarkstíðni leyfilegra galla:	12%

2. flokkur:

Stærðarflokkar:	Ekki flokkað eftir stærð, en lágmarksstærð 30 mm.
Útlit:	Nokkrar skemmdir og gallar leyfilegir.
Afbrigði:	Öll afbrigði sem talin eru hæf til manneðis.
Hámarkstíðni galla:	24%.

Verksmiðjukartöflur:

Stærð:	Eftir óskum vinnsluaðila.
Útlit:	Heilbrigðar að mestu, nokkrir gallar leyfilegir.
Afbrigði:	Öll afbrigði sem talin eru hæf til vinnslu.
Hámarkstíðni galla:	24%

Sumarkartöflur:

	Nýjar íslenskar kartöflur á tímabilinu frá því að upptöku-störf hefjast og fram til 30. september ár hvert.
Stærð:	30 mm og stærri.
Útlit:	Heilbrigðar og gallalítlar.
Afbrigði:	Öll afbrigði sem talin eru hæf til manneðis.
Hámarkstíðni galla:	12%.

Gulrófur:**1.-flokkur:**

Rófur í þessum flokki skulu vera jafnar að stærð, útlitsfallegar, lausar við skemmdir af meindýrum eða sjúkdómum. Þær mega ekki vera trénaðar. Blöð og rætur skulu vera skorin af. Rófurnar mega ekki vera skornar í sundur eða stór sár eftir afskurð.

Lámarksstærð: 0,2 kg.

Hámarksstærð: 1,0 kg.

Hámark vegna galla eða skemmda: 15 stig.

2. flokkur:

Rófurnar skulu að mestu vera lausar við sjúkdóma og skemmdir. Þær mega ekki vera trénaðar. Stærðarmörk eru engin. Rófurnar má skera í sundur og pakka í sellofan eða plast, svo ekki komist loft að þeim. Hámark vegna galla eða skemmda: 30 stig.

7. gr.

Sýnataka kartaflna.

Taka skal minnst 3 kg úr hverri sendingu. Sýnið skal tekið úr minnst 5 pokum úr 20—50 poka sendingu (25 kg í poka). Taka skal úr 8 pokum, ef sendingin er stærri en 50 pokar, en minni en 100 pokar. Telja skal 50 kartöflur úr sýninu og 25 af þeim skal skera í sundur og kanna innri skemmdir. Hver kartafla jafngildir 2%.

Ef sendingin er 100 pokar eða stærri, þá ber að taka sýni sem vegur minnst 6 kg úr 10 pokum. Telja skal 100 kartöflur úr sýninu og skera minnst helminginn af þeim í sundur og kanna innri skemmdir.

Ef talin er ástæða til að meta gæði soðinna kartaflna, þá skal taka 15 kartöflur úr sýninu og sjóða þær með hýði í hæfilegan tíma. Eftir suðu skal afhýða kartöflurnar, skera þær í sundur og gera á þeim bragðprófun. Ef óbragð eða annarlegt bragð er af kartöflunum, þá eru þær ekki hæfar í 1. flokk. Ef 10% af kartöflunum eru vatnskenndar, þá eru þær ekki hæfar í 1. flokk og ef 10% hafa dottið í sundur við suðu, dæmast þær ekki í 1. flokk. Eftir að kartöflurnar hafa verið skornar í sundur og metnar með tilliti til framangreindra galla, þá eru þær láttnar kólna og metnar eftir 60 mínútur og kannað hvort þær hafa tekið litarbreytingum. Ef 20% af sýninu hefur dökknad að þessum tíma liðnum, þá eru kartöflurnar ekki hæfar í 1. flokk.

8. gr.

Merkingar á neytendaumbúðum.

Kartöflur og gulrófur skal auðkenna með áletrun á umbúðum. Þegar pakkað er í sérstakar neytendaumbúðir skulu eftirfarandi upplýsingar vera á umbúðunum:

1. Þyngd
2. Gæða- og stærðarflokkur
3. Nafn afbrigðis, þegar um kartöflur er að ræða
4. Pökkunardagur
5. Nafn afurðastöðvar

Þar sem kartöflur og gulrófur eru seldar ópakkaðar, skulu merkingar nr. 2, 4 og 5 vera greinilegar fyrir neytendur. Við sölu beint frá framleiðanda til smásöluverslunar eða neytenda í sekkjum eða á annan hátt, skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram á merkispjaldi sem er áfast umbúðunum: Nafn framleiðanda, gæðaflokkur, þyngd, pökkunardagur og nafn afbrigðis, þegar um kartöflur er að ræða.

Nýjar íslenskar kartöflur skulu merktar á eftirfarandi hátt:

1. Þyngd
 2. Sumarkartöflur
 3. Nafn afbrigðis
 4. Þökkunardagur
 5. Nafn afurðastöðvar
- Innfluttar kartöflur og gulrófur skal merkja á eftirfarandi hátt: 1. Þyngd
2. Gæða- og stærðarflokkur
 3. Nafn afbrigðis þegar um kartöflur er að ræða.
 4. Þökkunardagur
 5. Framleiðsluland vörunnar

Kartöflur og gulrófur í neytendaumbúðum skal merkja með sérstökum miðum, sem eru 5 x 4 cm á stærð. Fyrir 1. flokk eru miðarnir hvítir, en fyrir 2. flokk rauðir. Þar sem kartöflur og gulrófur eru seldar í lausu, skulu miðar með samskonar áletrun vera þannig staðsettir, að kaupendur geti auðveldlega lesið það sem á þá er letrað. Þeir miðar eru 10 x 8 cm að stærð.

9. gr.

Leyfileg hámarkstíðni galla.

Gallar og skemmdir:

	Matarkartöflur		Verksmiðju- kartöflur %
	1. flokkur %	2. flokkur %	
a) Votrottnun	4	4	4
b) Frostskemmdir	4	4	4
c) Þurrrottnun	6	10	10
d) Hringrot	4	4	4
a) til d) hámark	6%	10%	10%
e) Sár og djúpar sprungur	6	10	10
f) Sár og grunnar sprungur	8	12	12
g) Grænar	4	6	4
h) Innri skemmdir, verulegar	4	4	4
i) Innri skemmdir, óverulegar	8	10	10
j) Spíraðar kartöflur	4	8	10
k) Blandað öðrum afbrigðum	4	10	4
l) Vörtukláði	8	12	8
m) Vanskapaðar	4	6	4
Samanlagt a) til m) — hámark	12%	24%	24%

Aðrar skemmdir eða gallar leyfilegir, hámark

n) Net- eða flatkláði, rótarflókasveppur	30	40	40
o) Undirmál	4	10	4
p) Yfirborðslýti	30	40	40

Skýringar á göllum og skemmdum í kartöflum.

Votrottnun:

Kartöflur sýktar af stöngulsýki, hringroti eða öðrum þeim sjúkdómum, er valda votrottnun. Það teljast skemmdir og flokkast sem slíkar, ef vottar fyrir votrottnun í hnýði. Ef vafi leikur á, að um raunverulega votrottnun sé að ræða, skal skemmdin flokkuð undir „innri skemmdir“.

Frostskaðar:

Kartaflan er blaut og lin. Votrotnun fylgir oftast í kjölfarið.

Þurrrotnun:

Kartöflur sem sýktar eru af *Fusarium*, *Phoma*, myglu og öðrum áþekktum þurrrotnunar-sjúkdómum.

Grænar kartöflur:

Kartöflurnar teljast grænar, ef meira en 10% af yfirborði þeirra er hulið greinilegum grænum lit.

Sár og djúpar sprungur:

Sár og opnar sprungur sem eru dýpri en 5 mm og þekja samanlegt meira en 5% af yfirborði hnýðis.

Sár og grunnar sprungur:

Sár eða sprungur sem myndast hafa við upptöku og/eða rögun. Dýpt minni en 5 mm og þekja meira en 5% af yfirborði hnýðis. Samanlagt mega þessir gallar ekki vera meiri en 8% í 1. flokki og ekki meiri en 12% í 2. flokki.

Yfirborðslýti:

Hér er aðallega átt við hýðisflögnun, hrjúft hýði, blöðrukláða og silfurkláða. Leyfileg yfirborðspekja þessara ágalla við flokkun er allt að 30% í 1. flokki, en 50% í 2. flokki.

Innri skemmdir:

Vægar frostsskemmdir; þeim fylgir oftast dökkur litur í æðastrengjum, rauðlitur. Kartöflur holar að innan (hjartaskemmd).

Kláði:

Þegar 10% af yfirborði hnýðis er þakið vörtukláða og/eða 50% þakið flat- eða netkláða. Kvillar þessir lýta fyrst og fremst hýði kartaflna og skaða áferð þeirra.

Vanskapaðar kartöflur:

Hnýði sem vikja frá eðlilegri lögun viðkomandi afbrigðis, þannig að það geti flokkast undir misvöxt, teljast vansköpuð.

Jarðvegur á kartöflum:

Hér er átt við jarðagnir sem loða við hnýði og vega meira en 1% af þunga kartaflna. Leyfilegt hámark er 2%.

Spíraðar kartöflur:

Kartöflur með spírur, sem náð hafa 2 mm lengd.

10. gr.

Stigagjöf vegna skemmda og galla í gulrófum.

Skemmdir og gallar:	stig:
Trénaðar	0–50
Bórskortur	0–50
Linar	0–10
Maðkétnar	0–10
Skornar	0–10
Vaxtarsprungur	0–10
Purrotnun	0–10
Frostskemmdir	0–10
Bragð	0–10
Vanskaðar	0– 5
Óhreinar	0– 5
Yfirborðsskemmdir	0– 5
Frávik í stærð	0– 5

0 = án skemmda eða galla,

10 = verulegar skemmdir eða gallar.

1. flokkur leyfilegt hámark, 15 stig.

2. flokkur leyfilegt hámark, 30 stig.

11. gr.

Rísi ágreiningur um mat á kartöflum eða gulrófum samkvæmt reglugerð þessari, sker yfirmatsmaður úr. Kostnað við yfirmatið greiðir yfirmatsbeiðandi.

Rísi ágreiningur um greiðslu matsgjalda eða önnur atriði varðandi reglugerð þessa, sker landbúnaðarráðherra úr þeim ágreiningi.

12. gr.

Brot í ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt 59. gr. laga nr. 46 27. júní 1985.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 43. gr. laga nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 473 11. ágúst 1982.

Landbúnaðarráðuneytið, 7. nóvember 1986.

Jón Helgason.

Jón Höskuldsson.

AUGLÝSING

um takmarkanir á innflutningi matvæla frá Sovétríkjunum, Póllandi, Búlgaríu, Rúmeníu, Ungverjalandi og Tékkóslóvakíu.

1. gr.

Innflutningur matvæla frá Sovétríkjunum, Póllandi, Búlgaríu, Ungverjalandi, Rúmeníu og Tékkóslóvakíu er háður eftirtöldum skilyrðum:

1. Heilbrigðisvottorð skulu fylgja hverri matvælasendingu.
2. Innflutningsaðilum, sem hyggjast flytja inn matvæla frá ofangreindum löndum er skylt að tilkynna það til Hollustuverndar ríkisins.
3. Hollustuvernd ríkisins skal viðurkenna heilbrigðisvottorð fyrir matvælasendingar frá ofangreindum löndum áður en vörunum er dreift til sölu.

2. gr.

Í heilbrigðisvottorðum skal koma fram að varan hafi verið mæld með tilliti til geislavirkni og hvaða viðmiðunarmörk séu höfð til hliðsjónar þegar geislavirkni er metin. Skulu heilbrigðisvottorð að öðru jöfnu gefin út af opinberum aðilum í því landi þar sem varan er framleidd, eða því landi sem varan er flutt frá hingað til lands.

3. gr.

Matvæli sem sannanlega eru framleidd eða unnin úr hráefni, sem framleitt var fyrir 26. apríl 1986, eru undanþegin ákvæðum þessarar auglýsingar.

4. gr.

Hollustuvernd ríkisins hefur að höfðu samráði við heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga og Geislavarnir ríkisins eftirlit með framkvæmd auglýsingar þessarar.

5. gr.

Auglýsing þessi sem birt er samkvæmt 6. gr. laga nr. 24/1936, um tilbúning og dreifingu matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara, sbr. lög nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 249 frá 2. maí 1986, um bann við innflutningi á matvælum frá Sovétríkjunum, Póllandi, Búlgaríu, Ungverjalandi, Rúmeníu og Tékkóslóvakíu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 7. nóvember 1986.

Ragnhildur Helgadóttir.

Ingimar Sigurðsson.

B 79

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Fauna stofnun áhugamanna um náttúruvernd og dýralíf, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 29. október 1986. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Fauna, stofnun áhugamanna um náttúruvernd og dýralíf.

1. gr.

Stofnunin heitir Fauna, stofnun áhugamanna um náttúruvernd og dýralíf. Heimili stofnunarinnar og varnarþing er í Hafnarfirði.

2. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er að styðja með fjárframlögum starfsemi sem til þess er fallinn að vekja áhuga íslenskra barna og ungmenna á dýrum, lifnaðarháttum þeirra og umhverfi og stuðla að auknum tækifærum ungra og aldinna í þéttbýli, til að sjá dýr með eigin augum og kynnast þannig útliti þeirra og atferli.

Tilgangi sínum hyggst stofnunin ná með því að veita öllum ágóða af starfsemi sinni til áðurnefndra markmiða samkvæmt nánari ákvörðun félagsstjórnar hverju sinni.

3. gr.

Stofnfé er kr. 100 000,00 -eitthundraðþúsundkrónur-, sem lagt er fram af stofnendum, sem er Félag áhugamanna um náttúruvernd og dýralíf, sem starfað hefir undir nafninu Fauna til þessa. Starfsemi þess félags er nú yfirtekin af stofnun þessari, þó án skuldbindinga um yfirtöku hugsanlegra skulda.

Stofnfé skal ávaxta á þann hátt sem stjórn stofnunarinnar ákveður. Stofnfé má ekki skerða.

4. gr.

Tekjur stofnunarinnar eru vextir af stofnfé og annað fé, sem henni kann að áskotnast, þ.á m. hugsanlegur arður af starfsemi sem stofnunin kann að reka í samræmi við tilgang sinn.

5. gr.

Stofnuninni er heimilt að stofna til rekstrar og fjárfestinga í því skyni að markmiði hennar verði náð.

6. gr.

Stofnuninni stjórnar þriggja manna stjórn.

Samkvæmt ákvörðun stofnenda skal fyrst stjórnin vera skipuð þessum mönnum: Helgi Jónasson, nnr. 3971-3691, Hæðarbyggð 7, Gardabæ, formaður. Tryggvi Harðarson, nnr. 8944-8514, Hvammabraut 4, Hafnarfirði. Rúnar Brynjólfsson, nnr. 7413-7008, Krosseyrarvegi 5, Hafnarfirði.

Hver stjórnarmanna tilnefnir varamenn fyrir sig, sem taka skal sæti í stjórninni í fjarveru aðalmanns eða í forföllum hans. Varamaður tekur síðan sæti aðalmanns í stjórninni við fráfall hans og tilnefnir síðan nýjan varamann og svo koll af kolli.

Fari svo að stjórn stofnunarinnar sé ekki fullskipuð, skal dómsmálaráðuneytið tilnefna stjórnarmann í hin auðu stjórnarsæti.

Tilnefning manns í stjórnina gildir ávilangt. Þó getur dómsmálaráðuneytið vikið manni úr stjórn, ef því þykir ástæða til, svo sem vegna ósæmilegs athæfis.

Stjórn skal halda fundargerðabók, þar sem bóka skal allar ákvarðanir stjórnar varðandi stofnunina, svo sem ráðstöfun fjár, rekstur og allt það annað, sem meðferð fjármuna hennar varðar og máli skiptir.

Einfaldur meirihluti stjórnar ræður ákvörðunum innan stjórnarinnar. Stjórnunar-kostnaður greiðist af tekjum stofnunarinnar.

Stjórn hefir heimild til ráðningar starfsfólks eftir því sem rekstur stofnunarinnar gefur tilefni til.

7. gr.

Fé stofnunarinnar skal vera í vörslu og ábyrgð stjórnarinnar. Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið. Gengið skal frá reikningi stofnunarinnar innan tveggja mánaða frá lokum hvers reikningsárs. Reikningurinn skal endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda. Reikningarnir skulu birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

8. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta, ef það telst nauðsynlegt eða heppilegt vegna breyttra aðstæðna.

Engin breyting á skipulagsskránni fær þó gildi, nema stjórnin sé einhuga um hana. Aldrei má breyta ákvæðum 2. gr. um meginmarkmið stofnunarinnar né heldur ákvæðum 9. gr. um ráðstöfun á eignum hennar við slit.

Breytingar á skipulagsskránni skulu hljóta samþykki dómsmálaráðuneytisins.

9. gr.

Verði stofnunin lögð niður skulu eignir hennar renna til Hafnarfjarðarbæjar eða annars sambærilegs aðila, sem fellur undir málaflokka þá, sem getur í 2. gr. reglugerðar nr. 748/1983 um frádrátt vegna gjafa til menningarmála og fleira eða reglna, sem síðar kunna að leysa þessa reglugerð af hólmi.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

AUGLÝSING

um breytingu á reglugerð um gatnagerðargjöld í Eskifjarðar- kaupstað nr. 267 26. júní 1985.

2. gr. orðist svo:

Af hverjum rúmmetra húss greiðist ákveðinn hundraðshluti byggingarkostnaðar eins og hann er hverju sinni á vísitöluhúsinu, skv. útreikningi Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús, með eða án tvíbýlisaðstöðu,	
lágmarksgjald reikn. af 450 m ³	5.0%
Raðhús og tvíbýlishús	3.0%
Fjölbýlishús	2.0%
Iðnaðarhús	3.5%
Verslunar-, skrifstofu- og iðnaðarhús	4.5%
Opinberar byggingar	5.0%
Annað húsnæði	4.0%

Rúmmál húss skal reikna frá neðstu grunnplötu. Af kjöllum, jarðhæðum og rishæðum sem ekki eru notaðar til íbúðar eða atvinnurekstrar, svo og bifreiðageymslum, skal greiða hálf t. gjald.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um gatnagerðargjöld nr. 51 16. maí 1974 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 5. nóvember 1986.

F.h.r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 461

3. nóvember 1986

SAMPYKKT

um búfjárhald í Reykjavík.

1. gr.

Búfjárhald er óheimilt í Reykjavík nema með sérstöku leyfi borgarráðs. Hrossahald er þó heimilt á þeim stöðum, sem borgarráð hefur samþykkt.

2. gr.

Sá sem hyggst sækja um leyfi skv. 1. gr. skal senda umsókn um það til borgarráðs. Í umsókn skal gera grein fyrir fjölda búfjárins, sem óskað er leyfis fyrir, hvernig geymslu þess skuli háttað og öðru, er máli kann að skipta.

3. gr.

Nú telur borgarráð, að skilyrði til búfjárhalds séu fyrir hendi og getur það þá veitt leyfi til tiltekins tíma, eða til óákveðins tíma með tilteknum afturköllunarfresti. Ef leyfishafi brýtur almennar reglur þessarar samþykktar um meðferð búfjár eða skilyrði leyfisveitingar, má afturkalla leyfið fyrirvaralaust.

Heimilt er að áskilja gjald fyrir leyfi til búfjárhalds í Reykjavík og rennur það í borgarsjóð.

4. gr.

Ef maður heldur án heimildar búfé, sem samþykkt þessi tekur til, skal lögreglustjóri hlutast til um, að það sé tekið úr vörslu hans og er heimilt að selja það á uppboði eða láta slátra því.

Sama gildir, ef leyfishafi gætir ekki settra reglna um meðferð búfjárins, þannig að það veldur tjóni eða óþrifnaði.

5. gr.

Lausaganga búfjár er óheimil á öllum tímum í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur neðan hinnar samfelldu vörslugirðingar sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu, þ. e. Reykjavíkur, Hafnarfjarðarkaupstaðar, Bessastaðahrepps, Garðabæjar, Kópavogskaupstaðar, Sel-tjarnarnesskaupstaðar, Mosfellshrepps og Kjalarneshrepps.

Framangreind vörslugirðing liggur frá sjó norðan Straumsvíkur, um Kaldársel, ofan Heiðmerkur, um Selfjall, Elliðakotsheiði, Miðdalsheiði og Seljadal í Mosfellsdal ofanverðan, að Leirvogsa og út Esjuhlíðar allt til hreppamarka við Kiðafellsá. Telst land ofan girðingarinnar til afrétta.

6. gr.

Neðan vörslugirðingarinnar skal allt búfé vera í tryggum girðingum á ábyrgð eigenda, þegar það er ekki í húsi. Sauðfé skal flytja til sumarbeitar út fyrir vörslugirðinguna svo skjótt, sem gróður og aðstæður leyfa á vorin.

Þess skal ætíð gæta að loka hliðum vörslugirðingarinnar tryggilega og virða í hvívetna þær reglur sem gæslumenn hennar setja.

7. gr.

Gæslumenn vörslugirðingarinnar skulu eftir atvikum og aðstæðum setja í örugga vörslu eða reka út fyrir hana sauðfé sem finnst á lausagöngu hvar sem er innan hennar, á þeim tíma sem fé á að vera í afrétti eða öðrum upprekstrarlöndum. Utan þess tíma skal allt sauðfé á lausagöngu sett í örugga vörslu og hið sama gildir um nautgripi, geitfé, hross og annað búfé á öllum tímum árs.

Nú er búfé handsamað í lausagöngu innan vörslugirðingar og skal þá eigendum tilkynnt um það og þeim gert að sækja gripi sína og greiða áfallinn kostnað og tjón, þar með talinn kostnað við handsömun gripanna.

8. gr.

Gæslumenn vörslugirðingar skulu halda skrá um lausagöngufénað og eigendur hans með sem gleggstum upplýsingum um einstaka gripi, svo sem um mörk, númer og lit. Skal senda viðkomandi búfjáreigendum og félögum búfjáreigenda skrána eftir því sem ástæða þykir til.

9. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum. Um meðferð mála út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur sett með heimild í lögum nr. 44 frá 23. maí 1964 um búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er út gildi felld reglugerð nr. 148 frá 9. júlí 1964 um búfjárhald í Reykjavík.

Félagsmálaráðuneytið, 3. nóvember 1986.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Pórhildur Líndal.

AUGLÝSING

um breytingu á grunnfjárhæðum skv. 4. og 6. gr., sbr. 22. gr. laga nr. 83/1984 um erfðafjárskatt.

Grunnfjárhæð skv. 4. gr. verður kr. 262 600,00.

Grunnfjárhæð skv. 6. gr. verður kr. 18 900,00.

Breyting þessi tekur gildi 1. desember 1986 og gildir til jafnlengdar á næsta ári.

Félagsmálaráðuneytið, 6. nóvember 1986.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Húnbogi Þorsteinsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á saltfiskafurðum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní til 31. desember 1986.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll fyrir saltfiskafurðir framleiðslutímabilið frá 1. júní til 31. desember 1986:

Óverkaður saltfiskur:

		US \$ pr. lest fob.
Stórfiskur	10/30 I	2 637,00
Stórfiskur	II	2 484,00
Stórfiskur	III	2 210,00
Stórfiskur	IV	1 964,00
Millifiskur	30/40 I	2 438,00
Millifiskur	II	2 197,00
Millifiskur	III	1 885,00
Millifiskur	IV	1 595,00
Smáfiskur	40/60 I	2 246,00
Smáfiskur	II	1 990,00
Smáfiskur	III	1 755,00
Smáfiskur	IV	1 454,00
Smáfiskur	60/80 I	2 141,00
Smáfiskur	II	1 942,00
Smáfiskur	III	1 731,00
Smáfiskur	IV	1 340,00

Tandurverkaður saltfiskur:

Stórfiskur	10/30 I	2 600,00
Millifiskur	30/40 I	2 358,00
Smáfiskur	40/60 I	2 180,00
Smáfiskur	60/80 I	1 916,00

Verðbil verði 4,5% og miðist við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn verði 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Verð miðist við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Söltuð ufsaflök:

	DEM pr. lest cif.					
	ABFF	ABK	ABKK	CFF	CK	CKK
1650/up	4 900,00	4 530,00	3 860,00	3 680,00	3 390,00	2 900,00
1250/1650	4 580,00	4 230,00	3 540,00	3 430,00	3 170,00	2 650,00
1000/1250	4 200,00	3 880,00	3 240,00	3 150,00	2 910,00	2 430,00
800/1000	3 800,00	3 500,00	2 850,00	2 850,00	2 630,00	2 140,00
600/800	3 060,00	2 820,00	2 290,00	2 290,00	2 120,00	1 720,00

Verðbil verði 3,5% og miðist við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn verði 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Verð miðist við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Söltuð þorsflök:

	US \$ pr. lest cif.
Flokkur A 700/up	3 976,00
Flokkur A 400/700	3 821,00
Flokkur A 200/400	3 667,00
Flokkur A 100/200	3 098,00

Söltuð þorsklök:

	US \$ pr. lest cif.
Flokkur B 700/up	3 541,00
Flokkur B 400/700	3 717,00
Flokkur B 200/400	3 366,00
Flokkur B 100/200	2 735,00

Verðbil verði 3,5% og miðist við verðhækkun sem verðlækkun.

Greiðslur í eða úr sjóðnum verði 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Verð miðist við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það er á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 12. nóvember 1986.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Sigurður P. Sigmundsson.

AUGLÝSING

**um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli
á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið
frá 1. október til 31. janúar 1987.**

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið frá 1. október til 31. janúar 1987:

Vélskelflett rækja	SDR pr. lb. cif.
Færri en 350 stk. í lb.:	
Blokkfryst	2,863
5×2 kg og 4×2,5 kg vatnshúðuð, sérfryst	2,863
5×2 kg og 4×2,5 kg óvatnshúðuð, sérfryst	3,000
500 gr vatnshúðuð, sérfryst	3,334
200 gr vatnshúðuð, sérfryst	3,496
Fleiri en 350 stk. í lb. og óflokkuð:	
Blokkfryst	2,736
5×2 kg og 4×2,5 kg vatnshúðuð, sérfryst	2,736
5×2 kg og 4×2,5 kg óvatnshúðuð, sérfryst	2,863
500 gr vatnshúðuð, sérfryst	3,174
200 gr vatnshúðuð, sérfryst	3,334

Verðbil verði 5%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðist við 55% af verðbreytingu frá grundvallarverði að teknu tilliti til verðbils. Verðið miðist við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það er á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 12. nóvember 1986.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Sigurður P. Sigmundsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli
á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið
frá 1. júní s.l. til 31. desember 1986.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní til 31. desember 1986:

Dorskur:	US. cent pr. lb. cif.
4 × 14 m/r 5—8 oz.	111,54
4 × 14 m/r 8—12 oz.	113,67
4 × 14 m/r 12—16 oz.	116,39
4 × 14 m/r 1—3 lbs.	118,52
1 × 35 lausfrystur	99,57
4 × 14 r/l 8—12 oz.	123,97
4 × 14 r/l 12—16 oz.	124,43
4 × 14 r/l 1—3 lbs.	127,76
1 × 45 formflök	143,00
10 × 5 og 4 × 12	160,01
5 × 8 og 6 × 8 hnakkastykki	166,64
5 × 10 og 6 × 10	164,90
4 × 10	162,20
4 × 12	157,74
4 × 15 og 3 × 20	166,64
Blokk regluleg	135,00
Blokk með þunnildum	108,21
Blokk óregluleg	121,50
Blokk m. beingarði	84,57
Þunnildablokk Evrópa	92,75
Marningsblokk	65,00
10 × 5 (SÍŚ)	160,01
4 × 13	157,74
1 × 50 lausfryst Evrópa	120,18
1 × 25 lausfryst U.S.A.	140,00
5 × 12 vafningur	122,00
Marningsblokk (P)	40,92
Óflokkað	136,04
Ýsa:	
4 × 14 m/r 4—8 oz.	138,52
4 × 14 m/r 8—12 oz.	140,79
4 × 14 m/r 12—16 oz.	142,92
4 × 14 m/r 1—3 lbs.	153,68
1 × 35 m/r lausfryst	140,79
1 × 45 formflök	143,00
4 × 14 r/l	163,53
10 × 5	184,44
3 × 18, 4 × 13, 4 × 12	166,11
12 × 1	166,56
Blokk regluleg	142,00
Blokk óregluleg	127,80
P. blokk Evrópa	56,08
Marningsblokk	65,00
Marningsblokk (P)	40,92
1 × 50 lausfryst Evrópa	142,46
Óflokkað	161,21

	US. cent pr. lb. cif.
Steinbitur:	
8 × 7 r/l	80,06
10 × 5	186,40
Blokk regluleg	110,00
Marningsblokk	30,00
Óflokkað	111,10
Karfi:	
8 × 7 m/r	80,06
10 × 5 m/r	120,40
10 × 5 r/l	128,90
10 × 5 Sea Star	115,00
3 × 8 kg heilfryst Japan	56,70
4 × 6 kg flök Japan	95,21
5 × 8 m/r og b/l	126,60
1 × 35 m/r <150 gr.	90,91
1 × 20 lausfryst	135,00
4 × 6 kg r/l lagpakk.	114,09
4 × 9 flök	93,35
1 × 45 formflök	115,00
12 × 1 m/r	91,46
12 × 1 r/l	104,34
Blokk 4 × 16 ½ m/beingarði	114,23
Blokk regluleg	105,00
Marningsblokk	25,00
4 × 10 m/r (SÍS)	120,40
2,3 × 7 kg 200—300 g Japan	61,05
2,3 × 7 kg 300—500 g Japan	64,25
2,3 × 7 kg 500—700 g Japan	74,84
2,3 × 7 kg >700, 800 g Japan	80,33
Óflokkað	91,17
Ufsi:	
8 × 7 r/l	57,38
10 × 5	96,00
4 × 12 og 4 × 13	86,40
2 × 15 kg	80,26
4 × 14	48,71
1 × 35	80,00
Blokk regluleg	70,00
Blokk m/b, þunnildi	53,18
Marningsblokk	25,00
4 × 6 kg m/b	50,00
Óflokkað r/l	69,60
Langa:	
8 × 7 r/l	80,06
10 × 5	128,50
Blokk regluleg	65,00
Marningsblokk	20,00
Óflokkað	80,32
Keila:	
8 × 7 r/l	80,06
Blokk regluleg	45,00
Óflokkað	79,14

	US. cent pr. lb. cif.
Grálúða:	
Heilfr. h/1 yfir 3 kg	65,40
Heilfr. h/1 yfir 2 kg	61,32
Heilfr. h/1 1—2 kg	58,25
4 × 12 lag	141,90
4 × 10, 6 × 10 og 4 × 14	137,50
4 × 6	126,87
Blokk U.S.S.R.	80,06
Blokk U.S.A.	95,00
1 × 35	74,75
1 × 26 >3 kg Japan	59,10
1 × 26 2—3 kg Japan	53,60
1 × 26 1—2 kg Japan	48,00
1 × 25 lausfryst	128,60
Óflokkað	90,39
Lýsa:	
Blokk regluleg	85,00
Heilfrystur fiskur:	
Heilfryst 3 × 8 kg U.S.S.R.	36,06
Skarkoli:	
Óflokkað	113,00
Lúða:	
Óflokkað	181,00
Annar botnfiskur:	
Óflokkað	130,00

Verðbil verði 4,0% og miðist við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn verði 50,0% af verðbreytingu frá grundvallarverði að teknu tilliti til verðbils, en greiðslur úr sjóðnum 50,0% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 12. nóvember 1986.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Sigurður P. Sigmundsson.

REGLUGERÐ

fyrir talnagetraunir Íslenskrar Getspár.

1. gr.

Íslensk Getspá er félag í eigu Íþróttasambands Íslands (ÍSÍ), Ungmennafélags Íslands (UMFÍ) og Öryrkjabandalags Íslands (ÖBÍ), sem stofnað er til að starfrækja talnagetraunir og/eða bókstafagetraunir í þeim tilgangi að afla fjár til eflingar íþróttum á vegum áhugamanna um íþróttir í landinu í félögum innan ÍSÍ og UMFÍ og til að greiða stofnkostnað við íbúðarhúsnæði fyrir öryrkja á vegum ÖBÍ eða til að standa undir annarri starfsemi þess í þágu öryrkja.

Heimili félagsins, aðalskrifstofa og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Íslensk Getspá starfrækir talnagetraunir (lottó) undir heitinu „Lottó 5/32“. Um þá starfsemi gilda eftirfarandi reglur:

Leikspjöld, útfylling þeirra og greiðsla.

1. Íslensk Getspá gefur út og dreifir leikspjöldum til þátttöku í talnagetrauninni. Á hverju leikspjaldi eru 5 leikir (raðir), sem merktir eru bókstöfunum A, B, C, D og E, og er hver leikur með tölunum 1—32. Getur hver þátttakandi tekið þátt í einum til fimm leikjum á hverju leikspjaldi. Á leikspjaldi skulu vera leiðbeiningar um þátttöku í talnagetrauninni. Þar skal og vera hvatning til þátttakanda að rita nafn sitt á þátttökukvittun í öryggisskyni.
2. Leikir í talnagetrauninni fara að jafnaði fram einu sinni í viku samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar Íslenskrar Getspár.
3. Leikurinn felst í því að þátttakandi strikar lóðrétt með blýanti eða dökkum penna (ekki rauðum lit) í reiti fimm mismunandi talna, sem hann velur af þeim tölum, sem tilgreindar eru í hverri röð og skal byrjað á röð A. Geri þátttakandi villu skal hann ógilda þá röð með því að strika lóðrétt yfir þar til gerðan ógildingarreit viðkomandi raðar, og gildir þá ekki sú röð.
4. Að loknu vali á tölum samkvæmt 3. tölulið er leikspjaldið afhent söluaðila, sem rennir því í sölukassa sem tengdur er tölvukerfi Íslenskrar Getspár. Þátttakandi getur einnig tilkynnt þátttöku sína með því að skýra söluaðila munnlega frá vali sínu á tölum og sér þá söluaðili um skráningu þeirra talna í tölvukerfi Íslenskrar Getspár. Þá getur þátttakandi óskað eftir að tölur hans verði valdar af handahófi í sölukassa.
5. Söluaðili skal síðan afhenda þátttakanda þátttökukvittun ásamt viðkomandi leikspjaldi gegn greiðslu. Á kvittun skal koma fram bókstafur þeirrar eða þeirra raða, sem þátttaka er bundin við og þær tölur, er þátttakandi hefur valið í hverri röð. Þá skal koma fram heildartala þeirrar fjárhæðar, sem greidd hefur verið, dagsetning útdráttar eða gildistími, ef tekið er þátt í fleiri en einni leikviku, og öryggisnúmer, sem auðkennir viðkomandi afgreiðslu. Þátttakandi skal ganga úr skugga um að samræmi sé milli kvittunar og merkja á leikspjaldi, eða að hún sé í samræmi við munnleg fyrirmæli hans, hafi hann gefið tölur sínar upp munnlega. Þá ber þátttakanda að ganga úr skugga um að þátttökukvittun greini útdráttardag(a) eða gildistíma, sem þátttaka er bundin við.
6. Leikspjald gildir aldrei sem kvittun, en þátttakandi getur notað það aftur eða látið það gilda í 2, 5 eða 10 leikvikur, að eigin vali, ef hann óskar eftir óbreyttu talnavali, með því að strika lóðrétt yfir viðkomandi reit á leikspjaldi um fjölda leikvikna.
7. Þátttaka í talnagetrauninni fer fram í samræmi við það er þátttökukvittun greinir. Telji þátttakandi að þátttökukvittun sé ekki í samræmi við leikspjald eða þær munnlegu upplýsingar, er hann gaf, skal hann bera fram kvörtun sína þegar í stað. Að öðrum kosti verður litið svo á að hann hafi með móttöku þátttökukvittunar samþykkt þátttöku í samræmi við þær tölur, er kvittunin greinir. Þátttakandi ber einn ábyrgð á þátttökukvittun sinni og á enga kröfu til vinnings nema gegn framvísun hennar. Íslensk Getspá ber ekki ábyrgð á villu í prentun kvittunar og ábyrgð félagsins á rangri kvittun er takmörkuð við ógildingarverðmæti hennar samkvæmt 8. tölulið. Félagið ber ekki ábyrgð á stolnum eða glötuðum kvittunum.
8. Þátttökukvittun má ógilda með því að skila henni aftur til söluaðila, enda sé það gert samdægurs og sala fór fram og það tímanlega að unnt sé að ljúka ógildingu á innfærslu hennar í tölvukerfi Íslenskrar Getspár, áður en útdráttur fer fram. Sé þátttökukvittun ógilt á greiðandi rétt á endurgreiðslu á sömu fjárhæð og hann greiddi.

9. Verð fyrir hvern leik (röð) er kr. 25 og er aðeins unnt að gerast þátttakandi hjá söluaðilum Íslenskrar Getspár.
10. Öll vinnsla í tölvukerfi Íslenskrar Getspár skal falla niður frá því 15 mínútum áður en útdráttur á að fara fram og þar til útdrætti er að fullu lokið.

Kerfisleikspjöld.

11. Heimilt er að gera sérstök leikspjöld fyrir þá, sem óska að nota kerfi við talnagetraunir. Skulu leikspjöld þessi vera fyrir 6, 7, 8, 9 eða 10 talnamöguleika og samsvara tölur þessar 6, 21, 56, 126 eða 252 mismunandi fimm stafa talnaröðum þeirra talna sem valdar eru. Kerfisleikspjald skal þátttakandi fylla út á þann veg að hann strikar lóðrétt í reiti þeirra talna, er hann velur úr tölunum 1—32 og staðfestir fjölda þeirra (6, 7, 8, 9 eða 10) með því að merkja aftan við viðkomandi tölur á spjaldinu. Verð fyrir þátttöku samkvæmt kerfi er kr. 150 fyrir 6 tölur, kr. 525 fyrir 7 tölur, kr. 1400 fyrir 8 tölur, kr. 3150 fyrir 9 tölur og kr. 6300 fyrir 10 tölur. Að öðru leyti gilda um útfyllingu kerfisleikspjalds og afgreiðslu þess reglur 1.—10. töluliðar.

Útdráttur vinninga.

12. Útdráttur vinninga fer fram opinberlega á laugardegi samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar Íslenskrar Getspár að viðstöddum fulltrúa hennar og undir eftirliti fulltrúa dómsmálaráðuneytisins.

Útdráttur fer þannig fram, að valdar eru fimm vinningstölur af tölunum 1—32, og fer valið fram í þar til gerðum stokk. Niðurstöðu útdráttar og aðrar upplýsingar um framkvæmd hans skal færa í sérstaka gerðabók og undirrita af fulltrúum stjórnarinnar og dómsmálaráðuneytisins. Vinningstölur skulu birtar almenningi í fjölmiðlum.

13. Þeir sem hafa þátttökukvittun með tölum þeim, sem valdar hafa verið, annað hvort allar eða hluta þeirra í sama leik (röð), án tillits til röðunar þeirra, fá vinning í samræmi við ákvæði 14. og 15. töluliðar.
14. Til vinninga skal verja 40% af heildarsöluverði hverrar leikviku og skiptist vinningsfjárhæðin í þrjá flokka, þannig:

50% skiptast jafnt á milli þeirra, sem hafa allar fimm tölur réttar.

15% skiptast jafnt á milli þeirra, sem hafa fjórar tölur réttar.

35% skiptast jafnt á milli þeirra, sem hafa þrjár tölur réttar.

Þátttakendur hljóta eingöngu vinninga í samræmi við hæsta fjölda réttra talna í hverri röð, þ. e. sá sem hefur fimm tölur réttar fær hæsta vinning, en ekki vinning fyrir fjórar réttar eða þrjár réttar tölur í sömu röð.

Vinningar skulu færðir niður í næstu heila krónu. Mismunur sem myndast með því skal yfirfærður til fyrsta vinningsflokks (fimm réttar tölur) næstu leikviku.

15. Komi í ljós við útdrátt, að enginn hafi allar fimm tölur réttar, skal vinningsfjárhæð þess flokks yfirfærast til næstu leikviku og koma í hlut þeirra er fá allar fimm tölur réttar í þeirri leikviku. Verði heldur ekki neinn þátttakandi með allar tölur réttar í þeirri leikviku flyst vinningsfjárhæðin áfram til þarnæstu viku o. s. frv.

Ef enginn þátttakandi fær fjórar tölur réttar af fimm, yfirfærast vinningur þess flokks til þeirra er fá vinning fyrir þrjár tölur réttar af fimm.

Vinningslíkur.

16. Tölfræðilegar vinningslíkur í talnagetrauninni „Lottó 5/32“ eru sem hér segir:

Fimm tölur af fimm	1:201376
Fjórar tölur af fimm	1:1492
Þrjár tölur af fimm	1:57

Greiðsla vinninga.

17. Þátttökukvittunum með þremur eða fleiri vinningstölum ber að framvísa til söluaðila. Þar til nafnritun á sér stað aftan á þátttökukvittun er litið á handhafa hennar sem eiganda. Þegar nafnritun hefur átt sér stað skal litið á þann er ritað hefur nafn sitt sem réttan eiganda og rétthafa til vinnings. Hafi fleiri en einn skráð nafn sitt sem eigandi á bakhlið þátttökukvittunar, þurfa þeir að kvitta fyrir vinningi eða gefa umboð til móttöku hans.
18. Vinningar, sem ekki nema kr. 10 000,00 skulu greiddir hjá söluaðila frá fyrsta virkum degi eftir útdrátt.
- Vinningar, sem nema kr. 10 000 eða meira, skulu greiddir frá aðalskrifstofu Íslenskrar Getspár innan tveggja vikna frá því þátttökukvittun er framvísað til söluaðila eða aðalskrifstofu. Heimilt er að draga greiðslu vinninga, sem nema kr. 50 000 eða meira, til þess tíma að kærufrestur samkvæmt 21. tölulíð er liðinn eða kærur hafa verið úrskurðaðar, hafi kæra borist. Þegar um vinning að fjárhæð kr. 10 000 eða meira er að ræða, skal vinningshafi framvísa þátttökukvittun sinni ásamt útfylltu útborgunareyðublaði, sem söluaðili lætur honum í té, til einhvers söluaðila eða aðalskrifstofu. Skal hann fá í hendur kvittað eintak útborgunareyðublaðsins til staðfestingar á afhendingu þátttökukvittunarinnar. Sér aðalskrifstofa síðan um greiðslu vinningsins um leið og gengið hefur verið úr skugga um að leikreglum hafi verið fylgt. Vextir reiknast ekki á vinninga.
19. Vinnings skal vitja innan eins árs frá útdráttardegi, ella fellur niður réttur vinningshafa til hans.

Form þátttökukvittunar.

20. Þátttökukvittun er því aðeins gild, að notað sé þar til gert eyðublað, sem gefið er út af Íslenskri Getspá, og að hún hafi verið gefin út af söluaðila viðurkenndum af stjórn félagsins með áritun úr sölukassa tengdum tölvukerfi þess. Þátttökukvittun má ekki vera árituð á framhlið, brotin eða skemmd með einhverjum hætti, þannig að hætta sé á að hún verði ekki læsileg fyrir tölvukerfi félagsins, eða fullnægi ekki kröfum þess á annan hátt. Þegar þannig er ástatt getur félagið hafnað þátttökukvittuninni.

Kærur.

21. Rísi ágreiningur varðandi framkvæmd talnagetraunar þessarar, skal viðkomandi senda skriflega kæru, sem skal hafa borist aðalskrifstofu Íslenskrar Getspár fyrir kl. 17 á mánudegi að fjórum vikum liðnum frá útdrátti eða næsta virkum degi ef mánudag ber upp á helgidag eða almennan frídag. Eftirlitsmaður dómsmálaráðuneytisins úrskurðar um kærana innan 15 daga frá því kærufrestur rann út.

3. gr.

Dómsmálaráðuneytið skipar eftirlitsmann með framkvæmd talnagetrauna Íslenskrar Getspár til eins árs í senn og skal hann gæta hagsmuna þátttakenda. Þá skipar ráðuneytið varamann eftirlitsmanns. Kostnaður við eftirlit þetta og eftirlit með útdrátti vinninga greiðist af Íslenskri Getspá samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðuneytisins.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um talnagetraunir, nr. 26 2. maí 1986, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 18. nóvember 1986.

Jón Helgason.

Ólafur W. Stefánsson.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Bessastaðahrepps.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim sem gerð hafa verið og verða gerð eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar.

Verður vatnsrennsli að húsinu takmarkað um hemil, eftir því sem þörf krefur, og er starfsmönnum hitaveitunnar einum heimilt að breyta stillingu hans.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli fyrir hvern rúmmetra vatns kr. 27,90.

Par til vatnsmælir hefur verið settur upp, og ef vatnsmælir bilar, áætla hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitapörf hússins.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukamæla, ef þess er óskað.

4. gr.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli á mánuði:

a) fyrir mæla til og með $\frac{3}{4}$ "	Kr. 220,00
b) fyrir mæla 1" og stærri	485,00

5. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt 3. og 4. grein verða krafin mánaðarlega, þegar eftir mælisálestur.

Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð á milli álestra og fækka gjalddögum.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 310,00.

6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningur ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga. Á vanskil reiknast lögleyfðir dráttarvextir.

7. gr.

Heimæðagjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss (utanmál) m ³	Heimæðargjald
Allt að 600 kr.	100 215,00
600—2 000 kr.	100 215,00 fyrir 600 m ³ + 68,50 kr/m ³ þar yfir
Meira en 2 000 kr.	196 451,00 fyrir 2 000 m ³ + 59,20 kr/m ³ þar yfir

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum mælum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 7 895,00 í aukagjald fyrir hvern mæli umfram þann fyrsta.

8. gr.

Gjöld skv. 7. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar, nú 281 stig. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins.

9. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 2 árum, ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

III. KAFLI

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld.

Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur kr. 510,00 hverju sinni.

12. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna.

Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrimælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 44 23. janúar 1986.

Iðnaðarráðuneytið, 6. nóvember 1986.

Albert Guðmundsson.

Guðrún Skúladóttir.

REGLUGERÐ

um sérstakt línu- og netasvæði suður af Reykjanesskaga.

1. gr.

Frá 22. nóvember til 31. desember 1986 að báðum dögum meðtöldum eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði suður af Reykjanesskaga, sem að austan markast af línu, sem dregin er frá Selvogsvita í punkt 63°30'0 N 21° 39'0 V. Að sunnan markast svæðið af línu, sem dregin er frá punkti 63°30'0 N 21°39'0 V í punkt 63°40'0 N 22°32'0 V. Að vestan markast svæðið af línu, sem dregin er frá punkti 63°40'0 N 22°32'0 V réttvísandi norður að Staðarbergi.

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 17. nóvember 1986.

F.h.r.

Árni Kolbeinsson.

Pórður Eyþórsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Bíldudals.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 6. nóvember 1986 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Bíldudals í Suðurfjarðahreppi, Vestur-Barðastrandar-sýslu.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Suðurfjarðahrepps og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 14. nóvember 1986.

F.h.r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

fyrir Seðlabanka Íslands.

I. KAFLI

Skipulag bankans og hlutverk.

1. gr.

Seðlabanki Íslands (á ensku: The Central Bank of Iceland) er sjálfstæð stofnun, sem er eign ríkisins en lýtur sérstakri stjórn samkvæmt lögum um hann og þessari reglugerð.

2. gr.

Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum Seðlabankans. Heimili og varnarþing Seðlabankans er í Reykjavík.

3. gr.

Hlutverk Seðlabankans er:

- a. að annast seðlaútgáfu og láta slá og gefa út mynt og sjá um, að ætíð sé fyrir hendi nægilegur forði seðla og sleginna peninga;
- b. að vinna að því, að peningamagn í umferð og framboð lánsfjár sé hæfilegt miðað við það, að verðlag haldist stöðugt og framleiðslugeta atvinnuveganna sé hagnýtt á sem fyllstan og hagkvæmastan hátt;
- c. að varðveita og efla gjaldeyrisvarasjóð, er nægi til þess að tryggja frjáls viðskipti við útlönd og fjárhagslegt öryggi þjóðarinnar út á við;
- d. að kaupa og selja erlendan gjaldeyri, fara með gengismál og hafa umsjón og eftirlit með gjaldeyrisviðskiptum;
- e. að hafa með höndum framkvæmd greiðslusamninga við önnur ríki, viðskipti við alþjóðafjármálastofnanir í umboði ríkisstjórnarinnar og vera fjárhagslegur aðili að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum fyrir hönd ríkisins;
- f. að annast bankaviðskipti ríkissjóðs og hafa milligöngu um erlendar lántökur hans;
- g. að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um allt, er varðar gjaldeyris- og peningamál;
- h. að vera banki innlánsstofnana og hafa eftirlit með allri bankastarfsemi;
- i. að stuðla að heilbrigðum verðbréfa- og peningaviðskiptum, stofna til verðbréfaþings og veita því nauðsynlega starfsaðstöðu;
- j. að gera skýrslur og áætlanir um allt, sem varðar hlutverk bankans;
- k. að annast önnur þau verkefni, er honum kunna að vera falin með lögum eða á annan hátt og samrýmanleg eru markmiði hans og tilgangi sem seðlabanka.

4. gr.

Í öllu starfi sínu skal Seðlabankinn hafa náið samstarf við ríkisstjórnina og gera henni grein fyrir skoðunum sínum varðandi stefnu í efnahagsmálum og framkvæmd hennar. Sé um

verulegan ágreining við ríkisstjórnina að ræða, er seðlabankastjórn rétt að lýsa honum opinberlega og skýra skoðanir sínar. Hún skal engu að síður telja það eitt meginhlutverk sitt að vinna að því, að sú stefna, sem ríkisstjórnin markar að lokum, nái tilgangi sínum.

Seðlabankinn skal eigi sjaldnar en tvisvar á ári senda ráðherra greinargerð um þróun og horfur í peningamálum, greiðslujafnaðar- og gengismálum.

II. KAFLI

Seðlaútgáfa og mynt.

5. gr.

Seðlabankinn hefur einkarétt til að láta gera og gefa út peningaseðla og láta slá og gefa út peninga úr málm (mynt) eða annan gjaldmiðil, er geti gengið manna á milli í stað peningaseðla eða löglegrar myntar. Peningaseðlar þeir, sem bankinn lætur gera og gefur út, og peningar þeir, sem hann lætur slá og gefur út, skulu vera lögeyrir til allra greiðslna hér á landi með fullu ákvæðisverði.

Viðskiptaráðherra ákveður, að tillögu bankans, lögum og útlit þeirra peningaseðla, sem bankinn lætur gera og gefur út.

Einnig ákveður ráðherra, að tillögu bankans, ákvæðisverð peninga þeirra, sem slá skal, svo og gerð, þyngd, stærð og málmblöndu.

Ákvarðnir ráðherra, þær er um ræðir í 2. og 3. mgr., skulu birtar með auglýsingu í Lögbirtingabladinu og Stjórnartíðindum.

6. gr.

Peningaseðlar skulu gerðir úr haldgóðum, vönduðum pappír og prentaðir á þann hátt, að erfitt sé að líkja eftir þeim. Á hvern seðil skal prenta númer á tveimur stöðum, svo og nöfn tveggja bankastjóra eftir eigin handskrift.

Peningar skulu svo rétt slegnir, að mismunur á þyngd einstakra peninga, sem eiga að hafa sömu þyngd, nemi eigi meiru en einum af hundraði.

7. gr.

Seðla- og mynteign bankans, skal geymd í aðalfjárhirslum bankans og seðlageymslum á vegum Seðlabankans utan Reykjavíkur.

Á sama hátt skal allt það, er snertir seðlagerð og myntsláttu, geymt í aðalfjárhirslum bankans nema það, sem falið er til öruggrar geymslu erlendis og í mynt- og seðlasafni bankans.

8. gr.

Minnst einu sinni á hverjum ársfjórðungi skal forstöðumaður endurskoðunardeildar ásamt fulltrúum sínum gera fyrirvaralausá könnun á seðla- og myntbirgðum í aðalfjárhirslum og gefa bankaráði skýrslu um skoðunina.

9. gr.

Til þess að stuðla að því, að fyrir hendi sé nægur forði seðla utan Reykjavíkur, er bankastjórninni heimilt, að höfðu samráði við bankaráð, að setja á stofn seðlageymslur í hverjum landshluta eða stærrí byggðarlögum með samningi við banka eða sparisjóð. Skulu seðlarnir geymdir í traustum geymslum, sem eingöngu eru notaðar fyrir seðlana og byggðar skulu samkvæmt ströngum öryggiskröfum. Lyklavöld skulu vera í höndum tveggja manna og skal annar vera trúnaðarmaður Seðlabankans, valinn af bankastjórninni, en hinn forstöðumaður, féhirdir eða sérstakur fulltrúi hlutaðeigandi banka eða sparisjóðs, tilnefndur af stjórn stofnunarinnar með samþykki bankastjórnar Seðlabankans. Þessir aðilar skulu

tilnefna varamenn, og er tilnefning þeirra einnig háð samþykki bankastjórnar Seðlabankans. Forstöðumaður endurskoðunardeildar og deildarstjóri eða fulltrúi við hana skulu a. m. k. einu sinni á ári kanna birgðir í seðlageymslum. Bankastjórn Seðlabankans setur nánari reglur um umgengi og notkun geymslnanna.

Seðlabankinn greiðir árlega þóknun til trúnaðarmanna við seðlageymslurnar. Annar stofn- og rekstrarkostnaður geymslnanna greiðist af hlutaðeigandi banka eða sparisjóði.

10. gr.

Seðlabankinn innleysir skemmda seðla með þeim hætti, að sjáist bæði númer seðils, þá greiðist hann að fullu, en sjáist aðeins annað númerið, þá greiðist einungis hálf hans, enda fylgi a. m. k. fjórðungur seðils í einu lagi. Seðlar, sem svo eru skemmdir, að hvorugt númera sjáist, verða ekki innleystir.

Bankinn innleysir slegna peninga, þótt slitnir séu eða skemmdir og áletranir á þeim máðar, ef verðgildi er örugglega læsilegt. Slegna gullpeninga skal þó ætíð innleysa, þótt slitnir séu eða skemmdir og þótt áletranir á þeim séu eigi vel læsilegar, með verði, er nemi verðmæti gullinnihalds hvers penings, að frádrögnum 10 af hundraði.

11. gr.

Ónýting seðla og myntar fer fram eftir þeim reglum, sem bankastjórnin setur.

III. KAFLI

Innlend viðskipti Seðlabankans.

A. Innlán.

12. gr.

Seðlabankinn tekur við innlánnum frá innlánsstofnunum, en til þeirra teljast viðskiptabankar, sparisjóðir, innlánsdeildir samvinnufélaga og aðrar stofnanir og félög, sem heimilt er lögum skv. að taka við innlánnum frá almenningi til geymslu og ávöxtunar. Þó skal Seðlabankanum heimilt að semja við Lánastofnun sparisjóðanna um sameiginlegan viðskiptareikning sparisjóða hjá bankanum.

Seðlabankanum er heimilt að taka við innlánnum frá opinberum fjárfestingarlánasjóðum og öðrum peningastofnunum, sem hliðstæða þýðingu hafa fyrir framkvæmd peningamála-stefnu og ráðherra samþykkir.

Innlánsfé skal geymt á hlaupareikningum og öðrum innlánsreikningum eftir nánari reglum, sem bankastjórn setur um viðskipti skv. þessari grein.

13. gr.

Eigendur innlánsreikninga skulu gefa skrifleg fyrirmæli um það, hverjir séu bærir að taka út fé úr reikningum þeirra, enda afhendi þeir bankanum rithandarsýnishorn eftir þeim reglum, sem bankastjórn ákveður.

Beiðnir um færslur á reikninga, sem berast bankanum í símskeyti eða í öðru fjarriti, skulu því aðeins teknar til greina, að þær berist í staðfestu formi, sem rekja má til bærð aðila með lykli eða á annan tryggilegan hátt.

14. gr.

Greiði bankinn fé úr innlánsreikningi á grundvelli falsaðs heimildarskjals eða falsaðs tékka, eða á grundvelli skjals eða tékka, sem gefið hefur verið út án heimildar, skal reikningseigandi bera tjónið, nema verulegu gáleysi starfsmanna bankans sé um að kenna.

15. gr.

Bankanum er heimilt að ráðstafa fé af innlánsreikningi til greiðslu gjaldfallinna skulda reikningseiganda við bankann. Slík skuldfærsla skal tilkynnt reikningseiganda tafarlaust.

16. gr.

Eigendum innlánsreikninga skal senda reikningsyfirlit reglulega. Athugasemdir við reikningsyfirlit skulu gerðar svo fljótt sem kostur er.

B. Útlán.

17. gr.

Seðlabankinn getur veitt peningastofnunum, sem eiga innlánsviðskipti við bankann, sbr. 12. gr., lán gegn tryggingum, sem bankinn metur gildar.

Seðlabankanum er heimilt að veita innlánsstofnunum lán með þeim kjörum, að höfuðstóll lánsins sé greindur í ákveðnum erlendum gjaldeyri, endurgreiðsla höfuðstóls og vaxta sé háð breytingum á gengi ákveðins erlends gjaldeyris eða breytingum á gengi íslenskrar krónu. Sé höfuðstóll greindur í ákveðnum erlendum gjaldeyri, skal innlánsstofnun endurlána lántaka lánsfé í íslenskum krónum miðað við kaupgengi hins erlenda gjaldeyris á lántökudegi. Með erlendum gjaldeyri er einnig átt við reikningseiningar, sem byggðar eru á fleiri en einum gjaldmiðli og notaðar eru í almennum lánsviðskiptum á alþjóðamarkaði.

Útlánastarfsemi er einkum fölgín í:

- a. að kaupa innlenda víxla og ávísanir;
- b. að kaupa innlend verðbréf;
- c. að heimila yfirdrátt á viðskiptareikningi gegn handveði í verðbréfum;
- d. að veita önnur lán gegn handveði eða öðrum tryggingum.

Bankastjórnin tekur ákvarðanir um lánveitingar, en áritun lánskjala í bankanum fer eftir reglum, er hún setur á grundvelli ákvæða 48. gr.

Seðlabankinn setur að öðru leyti nánari reglur um viðskipti sín skv. þessari grein og sbr. 7. gr. 1. nr. 36/1986.

18. gr.

Seðlabankinn veitir bönkum, sparisjóðum og öðrum peningastofnunum skv. 12. gr. lán gegn ríkistryggðum verðbréfum, svo og öðrum tryggum verðbréfum, sem bankastjórnin tekur gild. Skal einkum lánað út á þau bréf, sem skráð verða á Verðbréfaþingi Íslands. Lánin skulu ekki nema meiru en $\frac{2}{3}$ af skráðu verði þeirra eða gangverði þeirra að mati bankastjórnarinnar. Lán þessi skulu veitast til ákveðins tíma, að jafnaði ekki lengur en 90 daga.

C. Innlánsbinding og lausafjárkrafa.

19. gr.

Pegar sérstaklega stendur á, getur Seðlabankinn ákveðið með samþykki ráðherra, að innlánsstofnanir skuli eiga fé á bundnum reikningi í bankanum, er nemi tilteknu hlutfalli af heildarinnlánsfé hjá hverri stofnun eða af ráðstöfunarfé hennar. Með ráðstöfunarfé er átt við allt það fé, sem innlánsstofnun hefur til útlána. Þó er heimilt að undanskilja tiltekna flokka útlána, að fengnu samþykki ráðherra.

Seðlabankinn getur ákveðið, að tiltekinn hluti aukningar innlána eða ráðstöfunarfjár við hverja stofnun skuli bundinn á reikningi í bankanum, enda fari heildarinnlánsfé eða ráðstöfunarfé, sem viðkomandi stofnun er skylt að eiga í Seðlabankanum, ekki fram úr því hámarki, sem sett er skv. 1. mgr.

Seðlabankinn setur nánari reglur um grundvöll og framkvæmd bindingar skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar, að fengnu samþykki ráðherra, sjá og ákvæði 70. gr. um viðurlög, ef út af er brugðið.

Seðlabankanum er ennfremur heimilt að setja innlánsstofnunum reglur um lágmark eða meðaltal lauss fjár, sem þeim ber ætíð að hafa yfir að ráða að viðlögðum refsivöxtum eða öðrum viðurlögum, skv. 70. gr. Með lausu fé er átt við peninga í sjóði, óbundin nettóinnlán í innlendum og erlendum bönkum, ríkisvíxla og aðrar sambærilegar eignir.

D. Vextir o. fl.

20. gr.

Seðlabankinn ákveður vexti af innlánunum við bankann og af lánunum, sem hann veitir.

Seðlabankinn getur, að fengnu samþykki ráðherra, bundið vaxtaákvæðanir innlánsstofnana takmörkunum til að tryggja, að raunvextir útlána innlánsstofnana verði eigi hærrí en þeir eru að jafnaði í helstu viðskiptalöndum Íslands, svo og til að draga úr óhæfilegum vaxtamun milli inn- og útlána.

Seðlabankinn ákveður hæstu leyfilega dráttarvexti, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1960, um bann við okri, dráttarvexti o. fl., uns sett hafa verið sérstök lög um dráttarvexti o. fl.

Ákvarðanir Seðlabankans skv. 2. mgr. og 3. mgr. skulu birtar í Lögbirtingablaði.

21. gr.

Seðlabankinn reiknar vísitölur, sbr. 2. mgr. 39. gr. laga nr. 13 10. apríl 1979, um stjórn efnahagsmála o. fl., sem heimilt er að miða verðtryggingu sparifjár og lánsfjár við, og birtir í Lögbirtingablaðinu. Bankinn veitir heimildir til verðtryggingar skv. VII. kafla laganna, nema hún sé heimiluð sérstaklega í lögum.

E. Viðskipti við ríkissjóð og fleira.

22. gr.

Seðlabankinn er viðskiptabanki ríkissjóðs og annast fyrir hann hvers konar bankaþjónustu. Skulu innlán ríkissjóðs geymd í Seðlabankanum, eftir því sem við verður komið.

Seðlabankanum er heimilt að veita ríkissjóði lán til skamms tíma. Skulu slík lán greiddast upp innan þriggja mánaða frá lokum hvers fjárhagsárs með lántöku eða annarri fjáröflun utan Seðlabankans.

Fjármálaráðuneytið og Seðlabankinn skulu gera með sér samning um viðskipti ríkissjóðs við bankann.

Ríkisvíxlar, skuldabréf og önnur verðbréf, sem eru gefin út af ríkissjóði og Seðlabankinn kaupir á verðbréfamarkaði eða af peningastofnunum til þess að stuðla að jafnvægi á peningamarkaði, skulu ekki teljast lán til ríkissjóðs skv. ákvæðum þessarar greinar.

23. gr.

Seðlabankinn getur annast kaup og sölu verðbréfa og hlutabréfa fyrir ríkissjóð, banka og sparissjóði og aðrar innlánsstofnanir, svo og vörslu þeirra fyrir sömu aðila.

24. gr.

Seðlabankinn má kaupa og selja ríkisskuldabréf og önnur trygg verðbréf fyrir eigin reikning og skal hann vinna að því, að á komist skipuleg verðbréfavíðskipti. Er honum í því skyni heimilt að stofna og starfrækja í samvinnu við innlánsstofnanir og viðurkennda verðbréfamiðlara verðbréfaþing, þar sem verslað er með verðbréf. Seðlabankinn setur reglur um verðbréfaþingið, að fengnu samþykki ráðherra.

Seðlabankanum er heimilt að stofna til skuldbindinga innanlands með útgáfu verðbréfa með ákvæði þess efnis, að höfuðstóll og/eða vextir séu bundnir gengi erlends gjaldeyris. Um skattalega meðferð bréfanna gilda sömu reglur og gilda hverju sinni um innlán í bönkum og sparisjóðum.

25. gr.

Seðlabankinn starfrækir greiðslujöfnunarkerfi og greiðslujöfnunarstöð í samvinnu við innlánsstofnanir með rekstri sameiginlegrar reiknistofu (Reiknistofu bankanna) til að auðvelda tékka- og ávísanaviðskipti og á annan hátt vinna að því eins og unnt er að greiða fyrir greiðslumiðlun innanlands, þar með töldum giróviðskiptum.

26. gr.

Seðlabankanum er heimilt að taka til ávöxtunar erlendan gjaldeyri þeirra aðila, er viðskipti eiga við bankann, með þeim takmörkunum, sem leiðir af ákvæðum 28. gr.

27. gr.

Með þeim takmörkunum, sem leiðir af ákvæðum 28. gr. er Seðlabankanum heimilt að annast alls konar innheimtur á fjárkröfum fyrir innlenda og erlenda kröfuhafa, bæði hérlandis og erlendis, og að takast á hendur ábyrgðir um stuttan tíma utanlands og innan gegn tryggingum, jafngóðum og um lán væri að ræða. Ábyrgðin er einföld, nema annað sé tekið fram.

28. gr.

Heimilt er Seðlabankanum að reka önnur bankaviðskipti, sem samrýmanleg geta talist hlutverki hans sem seðlabanka. Hann skal ekki annast viðskipti, sem skv. lögum, venju eða eðli máls teljast verkefni innlánsstofnana. Honum er því óheimilt að skipta við almenning og keppa um viðskipti við innlánsstofnanir. Rísi ágreiningur um ákvæði þessarar greinar, sker ráðherra úr.

IV. KAFLI

Bankaeftirlit.

29. gr.

Seðlabankinn hefur eftirlit með því, að innlánsstofnanir hagi starfsemi sinni í samræmi við lög, reglugerðir og samþykktir, sem hverju sinni gilda um starfsemi þeirra.

Verkefni þetta skal falið sérstakri deild í bankanum, er nefnist bankaeftirlit, og starfar hún undir yfirstjórn bankastjórnar og bankaráðs. Ráðherra skipar forstöðumann banka-
eftirlitsins, og skal hann eigi skipaður til lengri tíma en sex ára í senn. Forfallist forstöðumaður um stundarsakir, getur ráðherra, að fengnum tillögum bankaráðs, sett mann í hans stað.

Sérstök samstarfsnefnd ráðuneytis og Seðlabanka fylgist með starfsemi banka-
eftirlitsins. Í nefndinni skulu eiga sæti fulltrúi ráðuneytis, einn bankastjóri Seðlabankans og forstöðumaður banka-
eftirlitsins. Ráðherra skipar formann nefndarinnar.

30. gr.

Bankaeftirlitið skal athuga bókhald og reikninga innlánsstofnana og kanna að öðru leyti fjárhag og starfsemi þeirra svo oft sem þurfa þykir. Innlánsstofnunum er skylt að veita banka-
eftirlitinu aðgang að öllu bókhaldi sínu, fundargerðum, skjölum, verðmætum og öðrum gögnum í vörslu stofnunarinnar, er varða starfsemina, og veita að öðru leyti þær upplýsingar, sem banka-
eftirlitið telur nauðsynlegar til eftirlits með þeim hætti og svo oft sem óskað er.

31. gr.

Bankaeftirlitið skal fylgjast með, að útlán og aðrar skuldbindingar viðskiptaaðila við innlánsstofnun séu í samræmi við þá áhættu, sem í viðskiptunum felst, með hliðsjón af greiðslutryggingum, fjárhagslegum styrkleika og eigin fé stofnunarinnar. Sama gildir um heildarskuldbindingar fleiri en eins viðskiptaaðila, sem eru svo fjárhagslega tengdir, að með tilliti til útlánaáhættu verður að skoða sameiginlega skuldbindingar þeirra við innlánsstofnun.

32. gr.

Bankaeftirlitið getur krafist þess, að innlánsstofnanir:

- a. veiti reglulega upplýsingar um efnahag og rekstur á þann hátt og svo sundurliðað sem óskað er,
- b. veiti aðrar upplýsingar, sem það telur nauðsynlegar vegna eftirlitsins.

33. gr.

Komi í ljós við athuganir bankaeftirlitsins skv. ákvæðum þessa kafla, að innlánsstofnun fylgir ekki lögum og öðrum reglum, sem gilda um starfsemi hennar, skal bankaeftirlitið krefjast þess, að úr því sé bætt innan ákveðins frests.

Hafi stjórn innlánsstofnunar vanrækt skyldu, sem á henni hvílir skv. lögum, reglugerðum eða samþykktum, getur bankaeftirlitið boðað til fundar í stjórn stofnunarinnar um leiðir til úrbóta. Fulltrúi bankaeftirlitsins skal sitja fundinn með málfrelsi og tillögurétt, og stýrir hann fundinum.

Bankaeftirlitinu er heimilt að gera athugasemdir, ef það telur hag eða rekstur innlánsstofnunar óheilbrigðan, enda þótt ákvæði 1. og 2. mgr. eigi ekki við.

Sé kröfum eða athugasemdum bankaeftirlitsins um úrbætur ekki sinnt, getur það gripið til viðurlaga gagnvart innlánsstofnun, sbr. 70. og 71. gr. Bankaeftirlitinu er þá einnig heimilt að skipa fulltrúa sinn eftirlitsmann með viðkomandi stofnun. Er stofnuninni skylt að veita eftirlitsmanninum aðgang að öllu bókhaldi sínu, fundargerðum, skjölum, verðmætum og öðrum gögnum, sem hún hefur í sinni vörslu, og veita að öðru leyti þær upplýsingar, sem eftirlitsmaður óskar eftir. Eftirlitsmaðurinn hefur rétt til að sitja fundi í stjórn stofnunarinnar með málfrelsi og tillögurétti. Kostnaður við störf eftirlitsmanns greiðist af viðkomandi innlánsstofnun.

Kröfur, athugasemdir og fyrirhugaðar aðgerðir bankaeftirlitsins skv. þessari grein skulu þegar í stað tilkynntar ráðherra, bankaráði hlutadeigandi viðskiptabanka og félagsstjórn, sé um aðra innlánsstofnun að ræða. Þá skal Seðlabankinn gefa ráðuneytinu skýrslu um starfsemi bankaeftirlitsins eigi sjaldnar en tvisvar á ári.

34. gr.

Samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 24. gr. laga nr. 9 30. mars 1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri, skal bankaeftirlitið hafa eftirlit með starfsemi fjárfestingarfélaga og gilda um það sömu reglur og gilda um eftirlit með bönkum og sparisjóðum, eftir því sem við getur átt.

35. gr.

Samkvæmt ákvæðum e-liðar 2. gr. reglna nr. 268 28. júní 1985, um Verðbréfaþing Íslands, er stjórn þingsins í samvinnu við bankaeftirlitið falið að sjá um, að nauðsynlegt eftirlit með verðbréfamarkaðnum sé til staðar til þess að tryggja, að reglur um verðbréfaþingið og þær reglur, sem stjórn þingsins setur, séu haldnar.

Bankastjórnin staðfestir reglur um eftirlitskerfi fyrir verðbréfamarkaðinn, að fengnum tillögum stjórnar verðbréfaþingsins.

36. gr.

Samkvæmt ákvæðum V. kafla laga nr. 27 2. maí 1986, um verðbréfamiðlun, skal bankaeftirlitið hafa eftirlit með, að ekki sé starfrækt verðbréfamiðlun eða verðbréfasjóður nema að fengnu leyfi viðskiptaráðherra og gæta þess, að slík starfsemi fullnægi ætíð að öðru leyti skilyrðum laga nr. 27/1986.

Um framkvæmd bankaeftirlitsins á eftirliti með verðbréfamiðlun gilda eftir því sem við getur átt ákvæði þessa kafla reglugerðarinnar og V. kafla laga nr. 27/1986.

V. KAFLI

Gengismál og erlend viðskipti.

37. gr.

Seðlabankinn ákveður, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, verðgildi íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldeyri, svo og mörk kaup- og sölugengis. Innan þeirra marka skráir Seðlabankinn daglega kaup- og sölugengi þeirra gjaldeyrstegunda, sem þörf er á vegna almennra viðskipta. Seðlabankinn getur einhliða fella niður gengisskráningu um stundarsakir.

Ákvarðanir um gengi íslensku krónunnar skulu miðast við að halda sem stöðugustu gengi og ná jöfnuði í viðskiptum við útlönd, en tryggja jafnframt rekstrargrundvöll útflutningsatvinnuvega og samkeppnisgreina.

Seðlabankinn skal leitast við að efla gjaldeyrisvarasjóð landsins og varðveita hann, eftir því sem unnt er, í tryggum og auðseljanlegum verðbréfum eða innlánum og gjaldeyri, sem nota má til greiðslu hvar sem er.

38. gr.

Auk Seðlabankans hafa viðskiptabankar, sparisjóðir og Lánastofnun sparisjóðanna rétt til að versla með erlendan gjaldeyri innan marka, sem Seðlabankinn ákveður, að fengnu samþykki ráðherra. Seðlabankanum er heimilt, að fengnu samþykki ráðherra, að leyfa pósthjórinni að versla með erlendan gjaldeyri.

39. gr.

Seðlabankinn hefur með höndum framkvæmd greiðslusamninga við önnur ríki svo og viðskipti við alþjóðafjármálastofnanir í umbodi ríkisstjórnarinnar. Hann skal vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um allt, er varðar gjaldeyrismál, þar á meðal erlendar lántökur, og taka að sér framkvæmd í þeim efnum, eftir því sem um verður samið.

40. gr.

Til þess að varðveita og efla gjaldeyrisvarasjóð er Seðlabankanum heimilt að taka lán erlendis.

Ennfremur er Seðlabankanum heimilt að taka lán erlendis í því skyni að endurlána fé þetta innanlands, enda komi ábyrgð ríkissjóðs til við endurláningu.

41. gr.

Seðlabankinn hefur umsjón með gjaldeyrisversluninni og eftirlit með því, að lögum og reglum um verslun með og ráðstöfun á erlendum gjaldeyri sé fylgt, sbr. lög um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála nr. 63 31. maí 1979 og reglugerð settri skv. þeim nr. 519 14. desember 1979. Seðlabankanum er heimilt vegna þessa verkefnis að krefjast hvers konar upplýsinga frá opinberum aðilum um gjaldeyrisástand einstaklinga, fyrirtækja og stofnana.

Seðlabankinn getur krafið hlutadeigandi aðila um allar nauðsynlegar upplýsingar varðandi gjaldeyrisviðskiptin. Seðlabankanum er heimilt að krefjast allra upplýsinga, sem nauðsynlegar eru vegna starfsemi gjaldeyriseftirlitsins og kvatt á sinn fund menn til munnlegrar skýrslugjafar. Ennfremur hefur hann rétt til að kanna reikninga og bókhald svo og að framkvæma á starfsstað nauðsynlegar athuganir.

42. gr.

Seðlabankinn er fyrir ríkisins hönd fjárhagslegur aðili að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

43. gr.

Seðlabankanum er heimilt að kaupa og selja erlenda seðla og slegna peninga. Þá kaupir hann og selur tryggja erlenda víxla, verðbréf, tékka og ávísanir, gefnar út á erlenda banka og peningastofnanir, allt með þeim takmörkunum, sem leiðir af ákvæðum 28. gr.

VI. KAFLI

Hagskýrslugerð.

44. gr.

Seðlabankinn safnar skýrslum og gerir áætlanir um peningamál, lánamarkað, greiðslu- jöfnuð og gjaldeyrimál og annað, sem hlutverk bankans varðar, og skal hann birta opinberlega sem rækilegastar upplýsingar um þau efni.

Einnig skal Seðlabankinn vinna að annarri skýrslugerð og athugunum varðandi efnahagsmál og þar á meðal taka að sér þau verkefni á þessu sviði, sem ríkisstjórnin kann að fela Seðlabankanum. Í þessum efnum skal Seðlabankinn hafa nána samvinnu við Hagstofu Íslands, Þjóðhagsstofnun og aðra aðila, sem að hliðstæðum verkefnum vinna.

Að viðlögðum dagsektum skv. ákvæðum 71. gr. er öllum aðilum, sem hlut eiga að máli, skylt að láta bankanum í té þær upplýsingar, sem hann þarf á að halda vegna hagskýrslugerð- ar og annarra verkefna á vegum hins opinbera. Í þessu efni nýtur bankinn einnig sömu réttinda og Hagstofa Íslands og liggja sömu viðurlög við, ef út af er brugðið.

VII. KAFLI

Stjórn Seðlabankans.

45. gr.

Yfirstjórn Seðlabankans er í höndum viðskiptaráðherra og bankaráðs svo sem fyrir er mælt í lögum og reglugerð þessari. Stjórn bankans er að öðru leyti í höndum bankastjórnar.

A. Bankastjórn.

46. gr.

Bankastjórn Seðlabankans er skipuð þremur bankastjórum, sem ráðherra skipar, að fengnum tillögum bankaráðs. Bankastjórnin kys sér formann úr sínum hópi til þriggja ára í senn. Bankastjórar skulu eigi skipaðir til lengri tíma en sex ára í senn.

Forfallist bankastjóri um stundarsakir, getur ráðherra, að fengnum tillögum bankaráðs, sett mann í hans stað.

Bankastjórn er heimilt, að fengnu samþykki bankaráðs, að ráða aðstoðarbankastjóra.

Bankastjórum og aðstoðarbankastjórum er óheimilt að sitja í stjórn stofnana og atvinnufyrirtækja utan bankans eða taka þátt í atvinnurekstri að öðru leyti, nema slíkt sé boðið í lögum eða um sé að ræða stofnun eða atvinnufyrirtæki, sem bankinn á aðild að.

47. gr.

Bankastjórnin ber ábyrgð á rekstri bankans og fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum hans, sem ekki eru öðrum falin með lögum bankans eða þessari reglugerð. Bankastjórnin heldur fundi með sér svo oft sem þurfa þykir og hvenær sem einhver bankastjóranna óskar þess. Allar mikilsverðar ákvarðanir bankastjórnar skulu vera skriflegar.

48. gr.

Undirskrift tveggja bankastjóra þarf til allra meiri háttar ákvarðana og ráðstafana í nafni bankans, svo sem til útgáfu seðla, til kaupa og sölu og veðsetningar fasteigna bankans o. fl.

Tveir bankastjórar skulu undirskrifa, svo að skuldbindi bankann, svo sem ef gefa skal út eða framselja víxla eða önnur verðbréf, árita skjöl við lánveitingar og fleira. Bankaráðið getur þó veitt aðstoðarbankastjórum og tilteknum starfsmönnum svokallað A-umboð, sem heimilar þeim að skuldbinda bankann í tilteknum málefnum með undirskrift sinni ásamt einum bankastjóra eða öðrum starfsmanni með A-umboð.

Bankaráðið getur enn fremur veitt tilteknum starfsmönnum svokallað B-umboð, sem heimilur þeim að skuldbinda bankann í öðrum málefnum ásamt bankastjóra eða starfsmanni með A-umboð.

Hvers konar útborgunarfyrirmæli skulu árituð annað hvort af tveimur bankastjórum eða einum bankastjóra ásamt einum starfsmanni með A- eða B-umboð eða starfsmanni með A-umboð ásamt starfsmanni með B-umboð.

49. gr.

Bankaráð ákveður laun og önnur ráðningarkjör bankastjóra. Við starfslok skulu bankastjórar fá greidd biðlaun í tólf mánuði, jafnhá föstum launum, er starfi þeirra fylgdu. Eigi bankastjóri rétt til eftirlauna, fellur niður greiðsla biðlauna. Taki bankastjóri við annarri stöðu á biðlaunatíma, fellur niður greiðsla biðlauna, ef stöðunni fylgja jafnhá eða hærri laun, ella greiðist launamismunurinn til loka biðlaunatímans. Bankaráð ákveður eftirlaun bankastjóra.

50. gr.

Að fengnu álitu bankaráðs getur ráðherra vikið bankastjóra úr starfi. Í uppsagnarbréfi skal tilgreina ástæður uppsagnar. Bankastjóri skal eiga rétt á fullum launum í eitt til þrjú ár, þó aldrei lengur en til loka ráðningartíma, og eftirlaunum skv. nánari ákvörðun bankaráðs. Segi bankastjóri upp starfi áður en ráðningartíma hans er lokið, skal hann njóta fastra launa í allt að tólf mánuði og eftirlauna skv. ákvörðun bankaráðs.

Hafi bankastjóri brotið af sér í starfi, getur ráðherra vikið honum úr starfi fyrirvaralaust án launa.

51. gr.

Bankastjórnin ræður starfsmenn bankans, að undanteknum forstöðumanni endurskoðunarardeildar, sbr. c-lið 54. gr., og segir þeim upp starfi. Ráðning aðstoðarbankastjóra er háð samþykki bankaráðs. Bankastjórnin segir starfsmönnum fyrir um skyldur þær, er á þeim hvíla, og um störf þau, sem þeir eiga að annast, og hefur eftirlit með, að það sé framkvæmt, sem þeim er lagt á herðar.

B. Bankaráð.

52. gr.

Bankaráð Seðlabankans skipa fimm menn, kosnir hlutbundinni kosningu á Alþingi til fjögurra ára í senn, ásamt jafnmörgum til vara. Ráðherra skipar einn hinna kjörnu aðalmanna formann bankaráðs til fjögurra ára, en annan varaformann. Ráðherra ákveður þóknun bankaráðsmanna.

53. gr.

Bankaráð hefur yfirumsjón með starfsemi Seðlabankans, og skal bankastjórnin hafa náð samráð við bankaráð um stefnu bankans almennt svo og um ákvarðanir í mikilvægum málum, er stefnu bankans varða, svo sem um ákvarðanir skv. 19., og 2. mgr. 20. gr. og enn fremur skal bankastjórnin gefa bankaráði reglulega skýrslur um störf bankans og stefnu svo og þróun gjaldeyris- og peningamála.

54. gr.

Verkefni bankaráðs eru auk þeirra, sem um getur í 53. gr.:

- a. að gera tillögur til ráðherra um reglugerð bankans, ráðningu bankastjóra og erindisbréf þeirra;
- b. að ákveða laun og eftirlaun bankastjóra, sbr. 49. gr., svo og laun aðstoðarbankastjóra;
- c. að ráða forstöðumann endurskoðunardeildar og setja honum erindisbréf og ákveða laun og önnur ráðningarkjör hans svo og að hafa umsjón með störfum endurskoðunardeildar;
- d. að eiga aðild að kjarasamningum við starfsmenn bankans skv. lögum um kjarasamninga starfsmanna banka í eigu ríkisins;
- e. að setja reglur um eftirlaunastjórn starfsmanna bankans;
- f. að gera tillögur til ráðherra um reglur um reikningsskil og gerð ársreiknings;
- g. að ákveða, að fengnum tillögum bankastjórnarinnar, hverjir starfsmenn bankans geti skuldbundið hann með undirskrift sinni, sbr. 48. gr.;
- h. að hafa eftirlit með öllum eignum bankans, taka ákvarðanir um framkvæmdir og ráðstöfun á tekjuafgangi að því marki, sem annað er ekki ákveðið í lögum;
- i. að gera ályktanir um þau mál, sem bankastjórnin leggur fyrir bankaráðið, og önnur mál.

55. gr.

Bankaráð heldur fundi eftir þörfum, en að jafnaði ekki sjaldnar en hálfsmánaðarlega. Ætíð skal þó halda bankaráðsfund, þegar bankaráðsmaður krefst þess. Formaður bankaráðs undirbýr fundi með bankastjórn. Bankastjórnar sitja fundi bankaráðs og taka þátt í umræðum, nema bankaráð ákveði annað. Bankaráðið ákveður, að fengnum tillögum bankastjórnar, hverjir aðrir starfsmenn sitji fundi bankaráðsins.

56. gr.

Fundir bankaráðs eru lögmætir, ef 3 bankaráðsmenn eru á fundi. Afl atkvæða ræður úrslitum á fundum.

Á fundum bankaráðs skal halda gerðabók. Þeir, sem heimild hafa til setu á fundum bankaráðs, geta krafist bóknar á athugasemdum og ágreiningsálitum sínum.

VIII. KAFLI

Reikningsskil og endurskoðun.

57. gr.

Reikningsár Seðlabankans er almanaksárið. Fyrir hvert reikningsár skal gera ársreikning, og skal gerð hans lokið svo fljótt sem auðið er.

Um gerð ársreiknings fer eftir lögum og góðri reikningsskilavenju, bæði að því er varðar uppsetningu reiknings, mat á hinum einstöku liðum og önnur atriði.

Ráðherra setur nánari reglur um reikningsskil og gerð ársreiknings, að fengnum tillögum bankaráðs, sbr. f-lið 54. gr.

58. gr.

Að lokinni endurskoðun á ársreikningi bankans skal hann undirritaður af bankastjórn og staðfestur af bankaráði. Hafi bankaráðsmaður fram að færa athugasemdir við ársreikning, skal hann undirritaður með fyrirvara, og koma skal fram, hvers eðlis fyrirvarinn er.

Endurskoðaður reikningur skal lagður fyrir ráðherra til úrskurðar eigi síðar en fjórum mánuðum eftir lok reikningsárs.

Ársreikning skal birta í Stjórnartíðindum og í ársskýrslu Seðlabankans. Mánaðarlegt efnahagsyfirlit skal jafnframt birta í Lögbirtingablaði.

59. gr.

Árlega skal helmingur af meðalhagnaði næstliðinna þriggja ára, að frádregnu framlagi í arðsjóð skv. 2. mgr., greiddur í ríkissjóð. Skal við þann útreikning endurmeta hagnað fyrri áraanna til verðlags hins þriðja. Greiðsla skal fara fram hinn 1. júní ár hvert.

Árlega skal leggja í arðsjóð a. m. k. jafngildi 40 milljóna króna miðað við verðlag í árslok 1984. Arðsjóður skal ávaxtaður á bestu fánulegum vaxta- og verðtryggingarkjörum, en helmingur árlega tekna hans skal renna í Vísindasjóð, sbr. lög um Vísindasjóð.

60. gr.

Sérstök endurskoðunardeild skal starfa við bankann undir umsjón bankaráðs. Endurskoðun hjá Seðlabankanum skal framkvæmd af tveimur skoðunarmönnum, sem Alþingi kýs hlutbundinni kosningu til fjögurra ára í senn. Ráðherra skipar til sama tíma löggiltan endurskoðanda til þess að endurskoða ársreikning bankans, og skal hann haga framkvæmd endurskoðunar svo sem hér segir:

- a. Hann skal reglulega kanna innra eftirlit bankans. Ef veikleikar finnast á fyrirkomulagi þess, skal bankaráði og bankastjórn skýrt frá þeim skriflega þegar í stað. Jafnframt skal endurskoðandi gera tillögur um úrbætur.
- b. Endurskoðun skal framkvæma í samræmi við góða endurskoðunarvenju og í því sambandi gerðar þær kannanir á bókhaldi og öðrum gögnum, sem nauðsynlegar kunna að þykja.
- c. Að lokinni endurskoðun skal endurskoðandi í áritun láta í ljósi álit sitt á áreiðanleika ársreiknings Seðlabankans og í henni skal koma fram, að ársreikningurinn sé saminn í samræmi við góða reikningsskilavenju. Auk þess skal endurskoðandi gefa ráðherra og bankaráði skriflega skýrslu um endurskoðunina.

Starfssvið endurskoðanda nær á sama hátt til sjóða, sem starfræktir eru á vegum bankans, nema sérstaklega sé fyrir mælt um endurskoðun þeirra af öðrum aðilum í lögum, reglugerðum eða skipulagsskrám.

61. gr.

Endurskoðunardeild bankans skal framkvæma hina daglegu endurskoðun í bankanum. Skal haga starfi deildarinnar þannig, að lokið sé endurskoðun allra daglegra og venjulegra færslna næsta vinnudag eftir að þær hafa farið fram. Forstöðumaður og starfsmenn deildarinnar skulu eingöngu vinna að endurskoðunarstörfum.

62. gr.

Allar leiðréttingar eða breytingar á bókum bankans skulu þannig gerðar, að glöggst sjáist, hvað þar hefur staðið upphaflega.

IX. KAFLI

Ýmis ákvæði.

63. gr.

Bankaráðsmenn, bankastjórar og allir starfsmenn bankans eru bundnir þagnarskyldu um allt það, er varðar hagi viðskiptaaðila bankans, málefni bankans sjálfs svo og um önnur atriði, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara skv. lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli málsins, nema dómari úrskurði, að upplýsingar sé skylt að veita fyrir dómi eða lögreglu, eða skylda sé til að veita upplýsingar lögum samkvæmt. Skulu ofangreindir aðilar undirrita heit um að virða þagnarskylduna og að þeir muni gegna störfum sínum fyrir bankann með árvekni og samviskusemi.

Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er Seðlabankanum heimilt að eiga gagnkvæm upplýsingaskipti við banka og opinberar stofnanir erlendis, er varða athugun eða mat á fjárhagslegu öryggi innlánsstofnana, opinberra aðila og þeirra aðila annarra, sem bankinn hefur eftirlit með skv. lögum. Komi upp ágreiningur vegna ákvæða þessarar greinar sker ráðherra úr.

64. gr.

Bankinn er undanþeginn tekju- og eignarskatti, sbr. lög um tekju- og eignarskatt.

Bækur bankans, ávísanir og hvers konar skuldbindingar, sem gefnar eru út af bankanum og í nafni hans, svo og skuldbindingar, sem veita bankanum handveðsrétt, arðmiðar af skuldabréfum bankans og framsöl þeirra, skulu undanþeginn stimpilgjaldi.

65. gr.

Kvittanir gjaldkera frá bankanum eru því aðeins gildar, að þær séu með stimpli gjaldkera og með eiginhandaráritun hans. Aðrar kvittanir bankans eru því aðeins gildar, að tveir aðilar með undirskriftarheimild skv. ákvæðum 48. gr. undirriti þær.

66. gr.

Útskrift úr viðskiptareikningi við bankann er fullkomin sönnun fyrir tilvist skuldar og jafngildir beinni skuldarviðurkenningu.

67. gr.

Læsingar á aðalfjárhirslum bankans skulu vera svo gerðar, að þeim verði ekki lokið upp nema með tveimur lykllum, sem ekki eru eins. Auk þess skal hverri aðalfjárhirslu vera lokað með a. m. k. einum talnalás. Einnig skal vera öryggiskerfi á þeim, sem tengist öryggisvakt.

Umgengni í aðalfjárhirslum, meðferð lykla svo og bókun seðla- og mynthreyfinga skal fara fram eftir reglum, sem bankastjórnin setur.

Allir varalyklar skulu geymdir í hirslum, sem tveir mismunandi lyklar ganga að og ekki má ljúka upp nema að viðstöddum einum bankastjóra, aðalféhirði og forstöðumanni endurskoðunardeildar.

68. gr.

Starfsmenn bankans mega ekki án leyfis bankastjórnar reka atvinnu né vera umboðsmenn annarra gagnvart bankanum.

69. gr.

Starfsmenn skulu ljúka venjulegum daglegum verkefnum, þó að það taki lengri tíma en hinn almenná dagvinnutíma.

Fulltrúar starfsmannafélags eiga rétt á að koma á fundi bankaráðs til þess að ræða málefni starfsmanna.

70. gr.

Nú fullnægir innlánsstofnun eða önnur sambærileg stofnun, sem um ræðir í 12. gr., ekki þeirri skyldu að leggja inn á reikning á tilskildum tíma hjá Seðlabankanum þá fjárhæð, sem bankinn hefur úrskurðað bindiskylda skv. ákvæðum 19. gr. og reglum settum skv. þeirri grein, eða innlánsstofnun hlýðir ekki reglum, sem bankinn setur skv. 4. mgr. 19. gr. um lágmark eða meðaltal lauss fjár, og er þá bankastjórn heimilt að ákveða viðurlög, ef þessum atriðum er ekki fullnægt, þ. á m. að krefjast refsivaxta af þeirri fjárhæð, sem á vantar fyrir hvern mánuð og hluta úr mánuði, sem vanskil vara eða skyldu um laust fé er ekki fullnægt. Refsivextirnir geta verið allt að 5% —fimm prósentustigum— hærri á mánuði eða hluta úr mánuði en hæstu almennir vanskilavextir.

71. gr.

Nú vanrækir innlánsstofnun eða önnur sambærileg stofnun, sem um ræðir í 12. gr., eða þeir aðilar, sem um ræðir í 44. gr., að láta í té þær upplýsingar, sem bankaeftirlit, hagfræðideild eða aðrar deildir bankans eiga rétt á að fá skv. 30. og 44. gr., eða að hlíta fyrirmælum, sem bankastjórnin setur skv. ákvæðum þessara greina eða annarra ákvæða reglugerðar þessarar, og getur þá ráðherra, að tillögum bankastjórnar, lagt dagsektir á hinn brotlega, uns skyldunni er fullnægt.

72. gr.

Komi til þess, að bankastjórnin beiti þeim viðurlögum, sem heimiluð eru í 70. og 71. gr., skal stjórn og endurskoðendum þeirrar stofnunar, sem í hlut á, þegar tilkynnt um það, en bankaeftirlitinu ber jafnframt að rannsaka sem fyrst bókhald og eignir stofnunarinnar.

73. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 36 5. maí 1986, um Seðlabanka Íslands, svo og með hliðsjón af ákvæðum 3. mgr. 24. gr. laga nr. 9/1984, um frádrátt af skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri, V. kafla laga nr. 27/1986, um verðbréfamíðlun, og e-lið 2. gr. reglna nr. 268/1985, um Verðbréfaþing Íslands, svo og VII. kafla laga nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o. fl., öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð fyrir Seðlabanka Íslands nr. 809 31. desember 1981.

Viðskiptaráðuneytið, 14. nóvember 1986.

Matthías Bjarnason.

Þórhallur Ásgeirsson.

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Austur-Landeyjahrepps.

1. gr.

Vatnsveita Austur-Landeyjahrepps er sjálfstætt fyrirtæki sem Austur-Landeyjahreppur, Rangárvallasýslu, á og rekur og hefur einkaleyfi til sölu vatns á því svæði, er hún nær yfir og getur fullnægt.

2. gr.

Hreppsnefnd Austur-Landeyjahrepps annast öll framkvæmdastörf, viðhald og endurbætur vatnsveitunnar, fjárreiður hennar og umsjón eigna.

3. gr.

Hverjum húseiganda og vatnsnotanda er óheimilt að tengja vatnsæð við hús sitt, nema með leyfi hreppsnefndar.

4. gr.

Vatnsveitan sér um allt viðhald á aðallögnum og heimæðum, en skylt er hús- og jarðareiganda að láta oddvita eða vatnsveitustjórn vita um bilanir.

5. gr.

Hreppsnefnd getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun ef skortur er á vatni og lokað getur hún fyrir vatnið, ef þörf krefur vegna hreinsunar og viðhalds á vatnsveitukerfinu. Tilkynna skal fyrirfram um slíka lokun, ef mögulegt er. Fullan vatnsskatt ber að greiða, þótt slík lokun fari fram.

6. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að loka, án fyrirvara, fyrir vatn hjá þeim sem eftir ítrekaða áminningu eyða vatni að óþörfu, vanrækja að gera við bilanir á leiðslum sínum, greiða ekki vatnsskatt á réttum gjalddaga eða brjóta á annan hátt gegn reglugerð þessari.

7. gr.

Skylt er manni að láta af hendi land og landsafnot í þarfir vatnsveitunnar, svo og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir samkvæmt mati, ef ekki næst samkomulag.

8. gr.

Hver sá, sem tekur vatn úr vatnsveitunni án heimildar eða á annan hátt en ráð er fyrir gert, í þeim tilgangi að losna við að greiða fyrir, skal sæta sektum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum, auk þess sem honum er skylt að greiða fyrir vatnið samkvæmt mati hreppsnefndar.

9. gr.

Hver sá, sem veldur skaða eða skemmdum á vatni eða veitukerfi, greiðir fullar fébætur auk sekta, nema þyngri refsing liggji við að lögum.

10. gr.

Vatnsveitustjóra og öðrum starfsmönnum veitunnar er heimilt að fara um lönd og hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til athugunar og aðgerða. Ef útbúnaði er að einhverju leyti ábótavant, skal húseigandi svo fljótt sem við verður komið bæta úr því, ella er heimilt að gera það á hans kostnað.

11. gr.

Af öllum fasteignum á vatnsveitusvæðinu, sem sérmetnar eru til fasteignamats skal greiða vatnsskatt, sem nemur 1‰ – einn af þúsundi –.

12. gr.

Stofngjald, þegar heimæð er tengd skal ákveðið af hreppsnefnd árlega.

13. gr.

Fasteignaeigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts.

14. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að breyta vatnsgjöldum samkvæmt reglugerð þessari um allt að 50% til hækkunar eða lækkunar, bæði í heild og í einstökum liðum fyrir eitt ár í senn.

15. gr.

Hreppsnefnd getur krafist þess að fyrirtæki og aðrir vatnsnotendur greiði vatnsskatt eftir mæli. Ber þá hverjum vatnsnotanda að greiða andvirði vatnsmælis, uppsetningu og viðhald, svo og vatnsskattinn sjálfan eftir nánari ákvæðum hreppsnefndar.

16. gr.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið og endurskoðast reikningar af endurskoðendum hreppsins árlega. Vatnsskatturinn samkvæmt 11. gr. innheimtist af oddvita um leið og fasteignaskattar.

17. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum nema þyngri refsing liggja við að lögum. Með mál út af brotum gegn reglugerðinni skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Austur-Landeyjahrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 10. nóvember 1986.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Húnbogi Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um veitingu lögreglustarfs, lögregluskóla
o. fl., nr. 660 27. nóvember 1981.**

1. gr.

3. mgr. 6. gr. orðist svo:

Skólanefnd, skipuð lögreglustjóranum í Reykjavík, rannsóknarlögreglustjóra ríkisins, fulltrúa Landssambands lögreglumanna og starfsmanni dómismálaráðuneytisins, tilnefndum af dómismálaráðherra, skal hafa yfirumsjón með starfsemi lögregluskólans. Starfsmaður dómismálaráðuneytisins er formaður skólanefndar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 2. másl. 9. gr. laga nr. 56/1972 um lög-reglumenn, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 17. nóvember 1986.

Jón Helgason.

Hjalti Zóphóníasson.

SAMÞYKKT

um afgreiðslutíma verslana á Egilsstöðum.

1. gr.

Samþykkt þessi tekur til hvers konar smásöluverslunar á Egilsstöðum. Undanþegnar ákvæðum samþykktarinnar eru þó lyfjabúðir og bifreiðastöðvar.

Ef ágreiningur rís um skilning á ákvæðum samþykktarinnar, úrskurðar sveitarstjórn að fenginni umsögn lögreglustjóra, en skjóta má þeim úrskurði til ráðherra.

2. gr.

Afgreiðslutími smásöluverslana má vera sem hér segir, nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktinni:

- a. Heimilt skal að opna sölustaði kl. 07.00 og skal þeim lokað eigi síðar en kl. 23.30 alla virka daga vikunnar, sbr. þó 3. gr.
- b. Þeir sem vilja hafa verslanir sínar opnar á tímabilinu frá kl. 23.30 til kl. 07.00 að morgni skulu sækja um sérstakt leyfi til þess til sveitarstjórnar.
- c. Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að hafa verslanir opnar til kl. 24.00.
- d. Til sveitarstjórnar skal sækja um sérstakt leyfi til að hafa opið þá daga sem um getur í b-lið 3. gr.

3. gr.

Um lokun sölustaða á einstökum helgidögum og hátíðisdögum gilda eftirfarandi reglur:

- a. Föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag og jóladag skal öllum sölustöðum lokað allan daginn.
- b. Alla sunnudaga, nýársdag, skírdag, annan páskadag, sumardaginn fyrsta, 1. maí, annan hvítasunnudag, uppstigningardag, 17. júní, fyrsta mánudag í ágúst og annan jóladag skal sölustöðum lokað allan daginn, sbr. þó d. lið 2. gr. og 6. gr.
- c. Aðfangadag jóla og gamlársdag skal öllum sölustöðum lokað eigi síðar en kl. 15.00.

4. gr.

Í kvikmyndahúsum, leikhúsum, á íþróttavöllum, útiskemmtistöðum og slíkum stöðum skal heimilt, að fengnu leyfi heilbrigðisnefndar, að selja sælgæti, tóbak, gosdrykki og annað slíkt, sem ætla má að neytt verði á staðnum. Einnig má selja sýningarskrár, minjagripi og annað slíkt sem eðlilegt telst, að þar sé til sölu, þó aldrei eftir að sýningu lýkur eða skemmtistað er lokað.

5. gr.

Eftir lokunartíma sölustaða er óheimilt að selja þann varning sem verslunarleyfi þarf til sölu á. Þó skal heimilt að afgreiða það fólk sem komið er á sölustað, þegar lokað er.

6. gr.

Lögreglustjóri getur í einstökum tilvikum heimilað rýmri sölutíma en segir í samþykkt þessari þegar hann telur sérstaka ástæðu til, m. a. þegar ágóði af sölu skal renna til almenningsheilla eða góðgerðarstarfsemi.

7. gr.

Fyrir leyfi skv. b. og d. liðum 2. gr. skal árlega greiða gjald í sveitarsjóð skv. ákvörðun sveitarstjórnar. Ef leyfishafi brýtur samþykkt þessa eða skilyrði sem sveitarstjórn, heilbrigðisnefnd eða lögreglustjóri setja fyrir leyfi, greiðir ekki gjaldið á gjalddaga eða rekstur sölustaðar þykir ekki fara vel úr hendi, getur sveitarstjórn svipt hann leyfinu, enda hafi leyfishafi ekki látið segjast við aðvörun.

8. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum. Með mál út af brotum á samþykktinni skal fara að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Egilsstaðahrepps hefur sett, með heimild í 1. gr. laga nr. 17 1. febrúar 1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða, staðfestist hér með samkvæmt 3. gr. sömu laga til að öðlast gildi þegar í stað, þó með þeim takmörkunum sem lög nr. 45 15. júní 1926 um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar, setja.

Félagsmálaráðuneytið, 18. nóvember 1986.

F.h.r.

Hallgrímur Dalberg.

Pórhildur Línadal.

Nr. 474

AUGLÝSING

18. nóvember 1986

um nýtt fasteignamat.

Samkvæmt ákvæðum 26. gr. laga nr. 94/1976 um skráningu og mat fasteigna hefur yfirfasteignamatsnefnd ákveðið framreikningsstuðla fyrir skráð matsverð fasteigna á öllu landinu með hliðsjón af breytingu verðlags fasteigna við kaup og sölu frá síðasta viðmiðunartíma matsins fram til 1. nóvember s. l. Nefndin hefur ákveðið framreikning á matsverði fasteigna þannig:

1. Matsverð fasteigna á landinu öllu hækki um 23% og verði framreikningsstuðull samkvæmt því 1,23.
2. Við framreikning á ofangreindum grundvelli skal höfð hliðsjón af fyrningu samkvæmt reglum um einstakar tegundir fasteigna.
3. Ofangreind hækkun fasteignamats er miðuð við fasteignamatsverð samkvæmt fasteignamatsskrá þeirri, sem tók gildi 1. desember 1985, ásamt síðari breytingum og leiðréttingum, ákveðnum af Fasteignamati ríkisins og yfirfasteignamatsnefnd.

Á vegum Fasteignamats ríkisins hafa verið samdar nýjar fasteignamatsskrár, þar sem matsverð einstakra fasteigna er skráð samkvæmt þeim framreikningsstuðlum, sem ákveðnir hafa verið samkvæmt framanskráðu og með hliðsjón af þeim afskriftareglum, sem gilda um hinar ýmsu tegundir fasteigna. Hinar nýju fasteignaskrár innihalda einnig þær matsbreytingar, er Fasteignamat ríkisins hefur gert á einstökum eignum, svo sem við endurskoðun á eldri mötum og vegna úrskurða á kærnum, er kunna að hafa leitt til matsbreytinga.

Fjármálaráðherra hefur staðfest heildareintak hins nýja fasteignamats, eins og það er ákveðið með ofangreindum hætti. Fasteignamatsskrár liggja frammi til sýnis á skrifstofu Fasteignamats ríkisins, Borgartúni 21, Reykjavík. Jafnframt verður eigendum fasteigna send sérstök tilkynning um breytingu á matsverði viðkomandi fasteigna.

Með vísun til laga nr. 94/1976 tilkynnir ráðuneytið hér með, að nýtt matsverð fasteigna, sem ákveðið er með ofangreindum hætti og fram kemur í staðfestum skráum Fasteignamats ríkisins, tekur gildi frá og með 1. desember 1986.

Með auglýsingu þessari fellur úr gildi auglýsing nr. 431 20. nóvember 1985.

Fjármálaráðuneytið, 18. nóvember 1986.

Þorsteinn Pálsson.

Björn Hafsteinsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Sauðfjárverndina, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 18. nóvember 1986.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Sauðfjárverndina.

1. gr.

Sauðfjárverndin er sjálfseignarstofnun og er lögheimili hennar og varnarþing á Selfossi.

2. gr.

Markmið Sauðfjárverndarinnar er:

- að hvetja sauðfjáreigendur til bættrar meðferðar og hirðingar á sauðfé og skal gera það með áminningum í útvarpi og stuttum blaðagreinum.
- að benda á sama hátt á tjón það og þjáningar er rándýr (refir og minkar) svo og vargfuglar valda árlega og sýna fram á nauðsyn þess að nefndum skaðvöldum verði fækkað.
- að brýna fyrir öikumönnum vélknúinna ökutækja að aka varlega á vegunum, sérstaklega eftir að búíð er að sleppa sauðfé á vorin.
- að verðlauna þá menn er skara fram úr við eyðingu refa og sitja eldri menn fyrir í því efni að öðru jöfnu.

3. gr.

Stofnfé Sauðfjárverndarinnar eru allar eignir Jóns Konráðssonar, Smáratúni 1, Selfossi að honum látnum samkvæmt erfðaskrá dags. 8. apríl 1975.

4. gr.

Stjórn Sauðfjárverndarinnar skipa 3 menn, og eru tveir tilnefndir af stjórn Sambands dýraverndunarfélaga Íslands en einn af núverandi félagsmönnum í Sauðfjárverndinni meðan þeirra nýtur við. Ella skal bæjarstjórn Selfoss tilnefna einn mann í stjórnina. Stjórnarmenn skulu skipaðir til fjögurra ára í senn.

5. gr.

Eignir Sauðfjárverndarinnar skulu vera í vörslu Sambands dýraverndunarfélaga Íslands.

Stjórn Sauðfjárverndarinnar skal leitast við að ávaxta stofnféð á sem tryggilegastan hátt. Reikninga skal gera upp árlega fyrir 1. mars ár hvert og endurskoða af löggiltum endurskoðanda.

6. gr.

Tekjur eru auk árlegra vaxta, hvers konar gjafir, áheit svo og annað fé, er stjórnin kann að afla.

7. gr.

Í samræmi við markmið Sauðfjárverndarinnar má verja öllum tekjum, en höfuðstól má aldrei skerða.

8. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari skulu aðeins heimilar ef þær hafa verið samþykktar mótatkvæðalaust í stjórn Sauðfjárverndarinnar og stjórn Sambands dýraverndunarfélaga Íslands, enda verði þær staðfestar á sama hátt og skipulagsskrá þessi.

9. gr.

Ef Sauðfjárverndin verður lögð niður skulu allar eignir hennar renna til þess ráðuneytis er hefur yfirumsjón með dýraverndarmálum, enda skulu þær notaðar í þágu dýraverndar.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og birta hana í B-deild Stjórnartíðinda.

REGLUGERÐ**um skráningargjald og árgjald sérlyfja á Sérlyfjaskrá.**

1. gr.

Umsókn um skráningu sérlyfs skal senda í fjórriti til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins. Umsóknareyðublöð fást í ráðuneytinu. Ráðuneytið áritar öll eintökin og tölusetur hverja umsókn við móttöku í áframhaldandi töluröð og fær umsækjandi eitt eintakið.

Með umsókn um skráningu sérlyfs skal fylgja skráningargjald að upphæð kr. 20 000,00. Er gjaldið óendurkræft þótt umsókn sé hafnað.

Þegar sótt er um skráningu á öðrum lyfjaformum eða öðrum styrkleikum sérlyfja skal rita nýja umsókn. Er skráningargjaldið þá kr. 10 000,00.

Sækja skal um viðurkenningu á hvers konar breytingum á skráðum sérlyfjum með umsókn. Skráningargjald slíkra umsókna er kr. 5 000,00.

2. gr.

Af hverju formi sérlyfs, sem er á Sérlyfjaskrá 1. janúar ár hvert, skal greiða árlegt gjald að upphæð kr. 4 500,00, er greiðist fyrir 1. mars ár hvert.

Ef tvö eða fleiri form sama sérlyfs innihalda mismunandi efni eða mismunandi mikið af sömu efnum, skal greiða árgjald sem um tvö eða fleiri form væri að ræða.

3. gr.

Ráðherra getur veitt undanþágu frá greiðslu skráningargjalds og árgjalds sérlyfs, ef sérstakar aðstæður mæla með. Umsóknir um slíkar undanþágur sendist ráðuneytinu.

4. gr.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari skulu standa straum af kostnaði við starfsemi lyfjanefndar og eru lögtakskræf.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 7. gr. lyfjalaga nr. 108 14. nóvember 1984 og öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð með sama heiti nr. 437/1985.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 21. nóvember 1986.

Ragnhildur Helgadóttir.

Páll Sigurðsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 48 — 1986

1. desember 1986

973

Nr. 477

REGLUGERÐ

um hækkun á bótum almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga samkv. lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum, skulu hækka um 4,59% frá 1. desember 1986 að telja frá því sem þær eru 30. nóvember 1986. Bætur samkv. 19. gr. skulu hækka jafnmikið frá sama tíma.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkv. 79. gr. laga nr. 67/1971 og öðlast gildi 1. desember 1986. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 380/1986.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. desember 1986.

Ragnhildur Helgadóttir.

Jón Ingimarsson.

27. nóvember 1986

Nr. 478

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um Ríkisútvarpið nr. 357/1986.

1. gr.

7. mgr. 18. gr. orðist svo:

Veita skal þeim elli- og örorkulífeyrisþegum, sem njóta uppbótar (frekari uppbótar) á lífeyri sinn samkvæmt 1. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 351/1977 um tekjutryggingu, heimilisuppbót og heimildarhækkanir samkvæmt 19. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum, undanþágu frá greiðslu útvarpsgjalds af viðtæki í hans eigu, enda sé viðtækið hagnýtt til einkanota. Undanþága frá greiðslu útvarpsgjalds tekur gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að tilkynning berst Ríkisútvarpinu um að viðkomandi elli- og örorkulífeyrisþegi njóti uppbóta á lífeyri samkvæmt fyrrnefndu reglugerðarákvæði.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 38. gr. útvarpslaga nr. 68/1985 sbr. 1. gr. laga um breytingu á útvarpslögum nr. 40/1986 og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 27. nóvember 1986.

Sverrir Hermannsson.

Knútur Hallsson.

B 81

GJALDSKRÁ

fyrir Hitaveitu Laugaráss, Laugarási, Biskupstungum.

1. gr.

Hitaveitan sér um dreifingu á heitu vatni á orkuveitusvæði sínu og innheimtir gjald fyrir eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur notendum sínum í té það vatnsmagn, sem samið hefur verið um við Laugaráslæknishérað eða Biskupstungnahrepp og hitaveituna.

3. gr.

Hitaveitan stillir hámarksrennsli til hvers notanda. Miðast gjald hitaveitunnar fyrir dreifingu heita vatnsins við hámarksstillingu. Gefa má hlutfallslegan afslátt af hitaveitugjöldum, ef notandi vill láta loka fyrir vatnið að vetri til, þó ekki skemmri tíma en 2 mánuði samfellt og ekki lengri tíma en 6 mánuði.

4. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta inntaksstillingu þeirri, sem um getur í 3. gr. Hitaveitan breytir inntaksstillingu eftir óskum notenda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið en síðan að jafnaði einungis einu sinni á ári. Skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveitustjóra fyrir 1. janúar ár hvert. Skyld er notanda að tilkynna hitaveitustjóra breytingar á hitakerfum, sem raskað geta mælingu.

5. gr.

Gjöld fyrir dreifingu heita vatnsins eru sem hér segir:

Garðyrkjjustöðvar	kr. 67,00
fyrir hvern mínútulítra á mánuði.	
Íbúðarhús og önnur hús, sem ekki eru tilgreind annars staðar	kr. 423,00
fyrir hvern mínútulítra á mánuði.	
Íðnaðarhús	kr. 191,00
fyrir hvern mínútulítra á mánuði.	

Hjá þeim notendum, sem greitt hafa rúmmetragjald af íbúðar- og iðnaðarhúsum sínum, skal reikna minnst 1 mínútulítra fyrir hverja 100 rúmmetra og byrjaða 100 rúmmetra. Ekki má tvíreikna gjald á sama vatnið.

Gjöld fyrir heitt vatn til annarra nota en að framan greinir, ákveður stjórn hitaveitunnar hverju sinni með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

6. gr.

Gjalddagar hitaveitugjalda samkvæmt 5. gr. eru sem hér segir:

Fyrir janúar — febrúar	25. febrúar, eindagi 5. mars.
Fyrir mars — apríl	25. apríl, eindagi 5. maí.
Fyrir maí — júní	25. júní, eindagi 5. júlí.
Fyrir júlí — ágúst	25. ágúst, eindagi 5. september.
Fyrir september — október	25. október, eindagi 5. nóvember.
Fyrir nóvember — desember	25. desember, eindagi 5. janúar.

Gjöld skal greiða til innheimtumanns eða innheimtustofnunar, sem hann vísar til. Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki greidd að fullu fyrir eindaga.

Heimilt er að taka hæstu leyfilega dráttarvexti af gjöldum, sem eru í vanskilum.

7. gr.

Tengigjöld hitaveitunnar skal miða við heildarrúmmál húsa, annarra en gróðurhúsa, og vera sem hér segir:

	Kr.
Íbúðarhús og önnur hús, sem ekki eru tilgreind annars staðar, allt að 400 rúmmetrum	61 000,00
og af hverjum rúmmetra þar fram yfir	44,00
Iðnaðarhús allt að 400 rúmmetrum	61 000,00
og af hverjum rúmmetra þar fram yfir	13,00
allt að 2000 rúmmetrum. Sé um stærri hús að ræða koma til sérsamningar við stjórn hitaveitunnar, enda sé þá tekið tillit til vatnsnotkunar.	
Stofngjöld til garðyrkju skal miða við vatnsmagn og vera sem hér segir:	
Fyrir hvern mínútulítra	1 430,00

8. gr.

Hitaveitan leggur dreifikerfi að lóðarmörkum og setur þar stillingu fyrir hámarksrennsli, samkvæmt 3. gr. Hitaveitunni er heimilt að setja hemla á inntök íbúðarhúsa. Allar heimæðar skulu lagðar á kostnað notenda. Í skipulögðum íbúðarhúshverfum leggur hitaveitan heimæðar inn fyrir vegg íbúðarhúsa og greiðir notandi fyrir samkvæmt reikningi, en aðrar heimæðar er notanda heimilt að leggja, en undir eftirliti hitaveitustjóra. Telji hitaveitustjóri frágang eða efni heimæðar ófullnægjandi getur hitaveitan neitað viðkomandi um vatn þar til úr hefur verið bætt.

9. gr.

Stjórn hitaveitunnar er heimilt að breyta hitaveitugjöldum, enda sé breytingin staðfest af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

10. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka fyrir rennsli heita vatnssins að býli eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun skal tilkynna á sannanlegan hátt með 7 daga fyrirvara. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveitustjóra eða starfsmönnum hitaveitunnar skal hvenær sem er frjálts aðgangur að öllum lokum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna. Er notendum hitaveitunnar skylt að hlýta tafarlaust fyrir mælum hitaveitustjóra um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnssins.

12. gr.

Gjaldskrárbreyting þessi er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. janúar 1987 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 201, 20. mars 1986.

Iðnaðarráðuneytið, 26. nóvember 1986.

Albert Guðmundsson.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir þjónustu Veðurstofu Íslands.

	Kr.
1. Vottorð um veður	
1.1 Grunn gjald	300
1.2 Hvert atriði í veðurathugun	5
1.3 Endurrit á veðurspám	
Veðurlýsing, yfirlit	70
Veðurspá fyrir spásvæði	70
Sé vottorð gefið á erlendu máli leggjast 50% ofan á grunn gjald.	
2. Sérþjónusta á veðurspádeild	
2.1 Teiknuð drög að Íslandskorti, 24 klst. eða 36 klst. spár	425
2.2 Teiknuð drög að Íslandskorti fyrir sjónvarp, 24 klst. spá	425
2.3 Fullunnið yfirlitskort fyrir dagblöð	850
2.4 Sér samdar veðurhorfur fyrir afmörkuð svæði	215
2.5 Fyrir aðra sérþjónustu sem unnin er reglulega er tímaeining metin og sama viðmiðun notuð.	
3. Útseld vinna sérfræðinga á klst.	
3.1 Almenn sérfræðistörf	1 128
3.2 Umfangsmikil sérfræðistörf	1 207
3.3 Sérfræðistörf með stjórnun	1 381
4. Útseld tölvugögn.	
4.1 Farið inn á afleiddar skrár á stöð og mán.	10
4.2 Frumathuganir (pr. 1000 athuganir)	100
4.3 Lágmarksgjald beggja liða	1 000
4.4 Tölvuvinnslukostnaður greiðist samkvæmt tímareikningi tölvu og taxta SKÝRR	
5. Önnur þjónusta.	
5.1 Sér unnið mánaðaryfirlit pr. stöð/mán.	500
5.2 Clímat-áskrift á stöð og mánuð – 1. stöð á ári	1 200
5.3 Fyrir hverja stöð til viðbótar	120
6. Innheimta.	
6.1 Gjöld þessi greiðast hjá gjaldkera Veðurstofu Íslands, Bústaðavegi 9, 108 Reykjavík.	

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt 4. gr. laga nr. 30, 7. júní 1985, um Veðurstofu Íslands, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1987 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 27. nóvember 1986.

Matthías Bjarnason.

Halldór S. Kristjánsson.

PRÓFREGLUGERÐ

fyrir skipstjórnarnám.

Samkvæmt lögum nr. 22 3. maí 1972 og reglugerð nr. 259 27. ágúst 1974 um Stýrimannaskólann í Reykjavík eru hér með settar eftirfarandi reglur um prófkröfur og tilhögun á prófum við skipstjórnarpróf:

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Skólaárið skiptist í tvær námsannir, haust- og vorönn. Próf skulu að jafnaði haldin í kennslugreinum skólans að lokinni námsönn, og er heimilt að ljúka prófum í einstökum greinum skipstjórnarprófa á haustönn og vorönn. Skólanum er heimilt að fjölga eða fækka kennslugreinum, ef ástæða þykir til. Til að gangast undir skipstjórnarpróf verður nemandi að hafa stundið í skólanum. Þó er heimilt að sækja um leyfi til að ganga undir próf án þess að hafa stundað nám við skólann, ef sérstakar ástæður mæla með því. Slíka beiðni skal senda menntamálaráðuneytinu minnst tveimur mánuðum fyrir próf og skulu beiðninni fylgja vottorð um að fullnægt sé inntökuskilyrðum 1. bekkjar.

Próftaki skal ennfremur ljúka öllum þeim námskeiðum, sem nemendum er skylt að sækja og eigi minna en 90% kennslustunda í notkun siglinga- og fiskileitartækja, eða leggja að öðrum kosti fram gögn um fullnægandi kunnáttu í þeim greinum að mati skólastjóra.

2. gr.

Við lokapróf einstakra greina skipstjórnarprófa á haust- eða vorönn skipar menntamálaráðuneytið prófdómara að fengnum tillögum skólastjóra. Kennarar skólans skulu einir sjá um próf á haustönn önnur en lokapróf.

Heimilt er að kveðja til tvo prófdómara í sama prófi, ef um sérstök tilvik er að ræða. Prófdómarar skulu samþykkja verkefni lokaprófa. Áður en próf hefjast skal samin próftafla og minnst tveimur vikum áður fest upp í Stýrimannaskólanum. Skulu próftakar mæta stundvíslega eftir þessari töflu.

3. gr.

Próf fara fram skv. prófreglum sem birta skal í námsvísi skólans. Áður en próf hefjast skal skólastjóri ganga úr skugga um að próftakar hafi kynnt sér prófreglur. Brot á prófreglum getur varðað brottvísun frá prófi.

Í erlendum tungumálum skal prófað bæði munnlega og skriflega, þó er heimilt að fella niður munnleg próf á haustönn.

4. gr.

Nemandi sem mætir ekki til prófs eða gengur frá prófi og kennir sjúkleika um, skal sanna með læknavottorði að hann hafi verið sjúkur, og má þá prófa hann í því sem hann átti ótekið próf í, þegar því verður við komið.

5. gr.

Einkunnir skal gefa í heilum tölum og skal notaður einkunnastigi frá 1 til 10 eftir þeim reglum sem menntamálaráðuneytið setur um einkunnir í framhaldsskólum. Meðaleinkunn á lokaprófi skal gefin með einum aukastaf.

Að lokinni hverri námsönn gefur kennari nemanda einkunn fyrir frammistöðu og kunnáttu. Nemandi skal hafa skilað öllum tilskildum heimaverkefnum áður en kennslu lýkur.

Kennaraeinkunnir skulu birtar áður en próf hefjast.

Annareinkunn er meðaltal kennaraeinkunnar og prófseinkunnar.

Annareinkunn verður lokaeinkunn, ef áfanga eða námsgrein er lokið á önninni.

Ef námsgrein er kennd á báðum námsönnum er lokaeinkunn meðaltal einkunna á haust- og vorönn.

Kennari og prófdómari skulu sameiginlega ganga frá lokaeinkunn í hverri grein og færa einkunnir á einkunnablað, sem er undirritað af þeim báðum og dagsett.

Verði meðaltal á miðju bili einkunnastigans skal valin sú einkunn sem nær er prófseinkunn nemanda.

Birting einkunna er heimil strax að lokinni prófdæmingu.

6. gr.

Nemandi, sem hlýtur lægri meðaleinkunn en 5 úr prófum námsannar, verður að endurtaka önnina. Nemandi sem á annarprófi nær 5 eða meira í meðaleinkunn hefur heimild til að endurtaka próf í einstökum greinum nái hann ekki lágmarks- eða framhaldseinkunn í þeim. Endurtökupróf skal ekki haldið fyrir en öllum öðrum prófum er lokið og áður en næsta námsönn hefst og skal líða minnst ein vika frá síðasta prófi.

Nái nemandi ekki tilskilinni lágmarkseinkunn á endurtökuprófi hefur hann heimild til að ganga aftur undir próf þegar það er haldið, en þó innan tveggja ára frá því hann tók fyrst prófið. Hann skal skrá sig til prófsins með minnst viku fyrirvara. Aðeins þeir nemendur sem ljúka annarprófi með fullnægjandi árangri eiga rétt á að hefja nám á næstu námsönn, en þó innan tveggja ára frá því að prófum lauk. Líði lengri tími á milli skal nemandi ganga undir stöðupróf þar sem þekking hans og hæfni er könnuð. Hafi námi og námsefni verið breytt í einstökum greinum eða nýjar námsgreinar teknar upp verður hann að taka próf í viðkomandi greinum áður en hann sest í deildina.

7. gr.

Nemandi sem hefur staðist skipstjórnarpróf fær prófskírteini. Á prófskírteinið skal skrá fullt nafn, nafnnúmer, fæðingarnúmer og fæðingarstað nemanda ásamt lokaeinkunn í hverri námsgrein, meðaleinkunn og aðaleinkunn, sem er samtala allra lokaeinkunna. Prófskírteini skal dagsett, stimplað og undirritað af skólastjóra. Nemandi fær ekki prófskírteini nema hann hafi lokið tilskildum björgunar- og slysavarnaræfingum sem og öðrum námskeiðum, sem haldin eru á vegum skólans og nemendum er skylt að sækja. Fullnægjandi lok námskeiða skal skrá í prófskírteini. Prófskírteini 2., 3. og 4. stigs skulu gefin út bæði á íslensku og ensku.

II. KAFLI

Próf og námsmat.

8. gr.

Skipstjórnarpróf 1. stigs.

Á prófskírteinið skal færa námsmat eftirtalinna greina:

A. Með einni lokaeinkunn:

Stærðfræði, siglingareglur, verkleg sjóvinna, sjómennska, stöðugleiki skipa, sjóréttur, heilsufræði, eðlisfræði, danska, enska, fjarskipti, fiskmeðferð, sund.

B. Með tveimur lokaeinkunnum:

Íslenska, siglinga- og fiskileitartæki.

C. Með fjórum lokaeinkunnum:

Siglingafræði.

Fyrir skólasókn er gefin ein lokaeinkunn, sem er meðaltal skólasóknareinkunna á haust- og vorönn eins og ákveðið er í námsvísi. Skólasóknareinkunn er færð á prófblað en reiknast ekki í meðaleinkunn.

Heimilt er að gefa einkunnir í fleiri greinum, ef nemandi á kost á valgreinum.

Skipstjórnarpróf 2. stigs.

Á prófskírteinið skal færa námsmat eftirtalinna greina:

A. Með einni lokaeinkunn:

Stærðfræði, siglingareglur, ratsjárútsætningar, merkjagjafir, tölvur, danska, enska, sjóréttur, bókhald, heilsufræði, veðurfræði, vélfræði, rafmagnsfræði, fjarskipti.

B. Með tveimur lokaeinkunnum:

Skipagerð, íslenska, siglinga- og fiskileitartæki.

C. Með fjórum lokaeinkunnum:

Siglingafræði.

Fyrir skólasókn er gefin ein lokaeinkunn, sem er meðaltal skólasóknareinkunna á haust- og vorönn eins og ákveðið er í námsvísi. Skólasóknareinkunn er færð á prófblað en reiknast ekki í meðaleinkunn.

Heimilt er að gefa einkunnir í fleiri greinum, ef nemandi á kost á valgreinum.

Skipstjórnarpróf 3. stigs.

Á prófskírteinið skal færa námsmat eftirtalinna greina:

A. Með einni lokaeinkunn:

Stærðfræði, ratsjárútsætning, siglingareglur og skýrslugerð, sjóréttur, heilsufræði, flutningafræði, tölvur, landa-, veður- og haffræði, rafeindatækni, fjarskipti.

B. Með tveimur lokaeinkunnum:

Íslenska, enska, danska, skipagerð, siglinga- og fiskileitartæki.

C. Með fimm lokaeinkunnum:

Siglingafræði.

Fyrir skólasókn er gefin ein lokaeinkunn, sem er meðaltal skólasóknareinkunna á haust- og vorönn eins og ákveðið er í námsvísi. Skólasóknareinkunn er færð á prófblað, en reiknast ekki í meðaleinkunn.

Heimilt er að gefa einkunnir í fleiri greinum, ef nemandi á kost á valgreinum.

Skipstjórnarpróf 4. stigs.

Á prófskírteinið skal færa námsmat eftirtalinna greina:

A. Með einni lokaeinkunn:

Stærðfræði, skýrslugerð, stjórnun, flutningafræði, tölvur, öryggisþjónusta, leit og björgun, efnafræði, eðlisfræði.

B. Með tveimur lokaeinkunnum:

Enska, Norðurlandamál, siglingafræði.

Fyrir skólasókn er gefin ein lokaeinkunn, sem er meðaltal skólasóknareinkunna á haust- og vorönn eins og ákveðið er í námsvísi. Skólasóknareinkunn er færð á prófblað, en reiknast ekki í meðaleinkunn.

Heimilt er að gefa einkunnir í fleiri greinum, ef nemandi á kost á valgreinum.

III. KAFLI

Lágmarkskröfur um einkunnir.

9. gr.

Til að standast skipstjórnarpróf 1., 2., 3. og 4. stigs skal meðaleinkunn vera hið lægsta 5 og engin prófseinkunn lægri en 3. Að öðru leyti gilda eftirfarandi reglur:

Til að standast skipstjórnarpróf 1. stigs er krafist:

Í siglingareglum ekki lægri einkunn en 6.

Engin lokaeinkunn í siglingafræði, íslensku, stöðugleika skipa, siglinga- og fiskileitartækjum og verklegri sjóvinnu má vera lægri en 5.

Til að standast skipstjórnarpróf 2. stigs:

Engin lokaeinkunn í siglingafræði, íslensku, siglinga- og fiskileitartækjum og skipagerð má vera lægri en 5.

Til að standast skipstjórnarpróf 3. stigs:

Engin lokaeinkunn í siglingafræði, íslensku, skipagerð, siglinga- og fiskileitartækjum, stærðfræði og ensku má vera lægri en 5.

Til að standast skipstjórnarpróf 4. stigs:

Engin lokaeinkunn í siglingafræði, ensku, stærðfræði og íslensku má vera lægri en 5.

Ágætiseinkunn telst meðaleinkunnin	9	að	10
1. einkunn telst meðaleinkunnin	7,5	að	9
2. einkunn telst meðaleinkunnin	6	að	7,5
3. einkunn telst meðaleinkunnin	5	að	6,0

Til að öðlast framhaldseinkunn til 2. og 3. stigs er auk þess krafist: í stærðfræði minnst 5, í eðlisfræði, rafmagnsfræði, dönsku og ensku minnst 4 í hverri grein.

Til þess að öðlast rétt til setu í 4. stigi skal nemandi hafa lokið 3. stigi með 1. einkunn í meðaleinkunn og hafa náð 7 í siglingafræði, ensku og stærðfræði.

10. gr.

Nöfn þeirra er ganga undir próf skal rita í sérstaka bók, sem menntamálaráðuneytið löggildir og geymd er í viðkomandi skóla. Í prófbók skal skrá fullt nafn hvers nemanda, nafnnúmer, fæðingarnúmer og fæðingarstað ásamt einkunnum sem gefnar voru við prófið. Nafn þeirra sem ljúka prófi skal einnig færa inn á spjaldskrá eða tölvudiskling. Skólastjóri sér um skráningu einkunna í prófbók.

Prófbók skal undirrituð af skólastjóra, kennurum og prófdómurum.

11. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum nr. 22, 3. maí 1972, um Stýrimanna-skólann í Reykjavík, og lögum nr. 1, 2. janúar 1973, um Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum, sbr. og reglugerð nr. 259/1974 um Stýrimannaskólann í Reykjavík, öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi prófreglugerð fyrir Stýrimannaskólann í Reykjavík nr. 360 frá 31. október 1974.

Menntamálaráðuneytið, 18. nóvember 1986.

Sverrir Hermannsson.

Knútur Hallsson.

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð um gatnagerðargjöld á Grenivík, Grýtubakkahreppi í Suður-Pingeyjarsýslu nr. 286 29. maí 1986.

1. gr.

3. gr. orðist svo:

Gjaldið skal nema ákveðnum hundradshluta byggingarkostnaðar á m³ eins og hann er talinn á hverjum tíma af Hagstofu Íslands svo sem hér segir:

Einbýlishús, tvíbýlishús, raðhús og innbyggðar bílageymslur	3,0%
Verslunar- og skrifstofuhúsnæði	3,0%
Iðnaðarhús, vörugeymslur og atvinnuhúsnæði	1,5%
Opinberar byggingar	3,0%
Önnur hús skv. nánari ákvörðun hreppsnefndar	1,0—3,0%
Bílageymslur og aðrar útigeymslur	1,5%

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Grýtubakkahrepps í Suður-Pingeyjarsýslu staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 16. maí 1974 um gatnagerðargjöld.

Félagsmálaráðuneytið, 1. desember 1986.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um kosningu Æskulýðsráðs ríkisins.

1. gr.

Æskulýðsráð ríkisins skal skipað fimm mönnum. Menntamálaráðherra skipar formann ráðsins án tilnefningar. Þrír menn skulu tilnefndir af aðildarsamtökum Æskulýðssambands Íslands og öðrum hliðstæðum æskulýðssamtökum og skulu þeir kjörnir á sameiginlegum fundi þessara aðila er menntamálaráðuneytið boðar til. Einn maður skal tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Sömu reglur gilda um varamenn.

Skipunartími er tvö ár. Ekki er heimilt að skipa sama aðila lengur en tvö kjörtímabil samfellt.

2. gr.

Menntamálaráðuneytið boðar til sameiginlegs fundar með þeim aðildarsamtökum Æskulýðssambands Íslands og öðrum hliðstæðum æskulýðssamböndum, er uppfylla skilyrði 1. og 2. tl. 2. mgr. 1. gr. laga um æskulýðsmál nr. 24/1970, þar sem þrír menn eru kjörnir til setu í æskulýðsráði ríkisins og þrír til vara.

Hver samtök er boðuð eru skulu hafa einn fulltrúa, og að auki einn fulltrúa fyrir hverja 5 000 meðlimi í sérhverjum samtökum. Þó geta engin ein samtök átt fleiri en 7 fulltrúa á fundinum.

Fulltrúar þeirra samtaka, er boðuð eru á fundinn skulu hafa fullgilt skriflegt umboð stjórnar þeirra samtaka er þeir eru fulltrúar fyrir.

Fulltrúi frá ráðuneytinu stjórnar fundinum.

3. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í lögum nr. 24/1970 um æskulýðsmál og öðlast þegar gildi. Samtímis fellur úr gildi reglugerð nr. 299/1972.

Menntamálaráðuneytið, 29. nóvember 1986.

Sverrir Hermannsson.

Knútur Hallsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóð Hlaðvarpans, útgefin á venjulegan hátt að mandatun af dómismálaráðherra 1. desember 1986.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð Hlaðvarpans.

1. gr.

Stofnandi sjóðsins er Vesturgata 3 hf. Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Hlaðvarpans. Lögheimili hans er í Reykjavík.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 84 000 og skal það ávaxtað með bestu fánlegum ávöxtunarkjörum hverju sinni.

Stofnfé sjóðsins má ekki skerða.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru vaxtatekjur af stofnfé, gjafafé og tekjur af happdrætti sem styrktarsjóðurinn starfrækir. Sjóðurinn skal ávaxtaður með bestu fánlegum ávöxtunarkjörum hverju sinni.

4. gr.

Hlutverk sjóðsins er:

- a) að styrkja listamenn með beinum fjárframlögum.
- b) að skapa listamönnum vinnu- og sýningaradstöðu í Hlaðvarpanum með endurnýjun og uppbyggingu þeirra húsa sem þar eru fyrir hendi.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn og þrír til vara. Skulu þeir skipaðir af stjórn Vesturgötu 3 hf. til tveggja ára í senn. Þess skal ávallt gætt að í sjóðsstjórn sitji a.m.k. einn stjórnarmaður Vesturgötu 3 hf. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

6. gr.

Stjórn sjóðsins tilnefnir á hverju ári fimm manna úthlutunarnefnd til að útnefna styrkþega skv. 2. grein. Nefndin skal skipuð einum fulltrúa frá hverri eftirtalinna listgreina: myndlist, tónlist, bókmenntum og leiklist auk eins fulltrúa úr stjórn sjóðsins.

7. gr.

Úthlutunarnefnd skal auglýsa styrki úr sjóðnum fyrir 1. maí ár hvert og skulu umsóknir berast fyrir 1. júlí. Styrkþegar skulu aldrei vera fleiri en tveir á ári. Nefndin skal ljúka störfum eigi síðar en 1. ágúst ár hvert.

8. gr.

Styrkþegi skal uppfylla eftirtalin skilyrði:

- a) Hann skal vera íslenskur ríkisborgari.
- b) Hann skal hafa lokið námi í listgrein sinni eða hafa starfað að henni í a.m.k. fimm ár.
- c) Hann skal leggja fram fullnægjandi greinargerð um hvernig hann hyggst verja styrknum.

9. gr.

Samhljóða samþykki sjóðsstjórnar þarf til að breyta skipulagsskrá þessari eða leggja sjóðinn niður.

10. gr.

Sjóðsstjórnin semur reikninga sjóðsins árlega. Skulu þeir endurskoðaðir af endurskoðendum ríkisins og birtir í B-deild Stjórnartíðinda. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

11. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans renna til menningarstarfsemi í þágu kvenna.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Tækjakaupa- og vísindarannsóknasjóðs lyflækningadeildar Landspítalans, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 3. desember 1986.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Tækjakaupa- og vísindarannsóknasjóð lyflækningadeildar
Landspítalans.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Tækjakaupa- og vísindarannsóknasjóður lyflækningadeildar Landspítalans. Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Stofnendur sjóðsins eru lækarnir: Snorri P. Snorrason, nnr. 8218-2381, Þórður Harðarson, nnr. 9514-5108 og Jóhann Ragnarsson, nnr. 4988-5865.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla læknisfræðilegar rannsóknir innan lyflækningadeildar Landspítalans og í lyflækningum almennt, með tækjakaupum og rannsóknastyrkjum, m. a. til endurmenntunar og símenntunar starfsfólks.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn: Prófessorinn í lyflækisfræði við læknadeild Háskóla Íslands og er hann jafnframt formaður sjóðsstjórnar. Forstjóri ríkisspítalanna. Einn yfirlækna lyfjadeildar Landspítalans, kjörinn af yfirlæknum deildarinnar. Samkvæmt ákvörðun stofnenda skal Snorri Páll Snorrason, yfirlæknir, sitja í fyrstu stjórn sjóðsins.

5. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 100 000,00 og má ekki skerða það.

6. gr.

Tekjur sjóðsins eru arður af stofnfé og frjáls framlög, hverju nafni sem nefnast.

7. gr.

Stjórn sjóðsins tekur ákvörðun um ávöxtun hans og á hvern hátt fé sjóðsins skuli varið, þó innan ramma 3. gr.

8. gr.

Sjóðsstjórn skal halda fundagerðarbók um ákvarðanir sínar og um hvaðeina, er varðar rekstur sjóðsins. Einfaldur meirihluti stjórnar ræður ákvörðunum, sbr. þó ákvæði 10. gr. Stjórnunarkostnaður greiðist af tekjum sjóðsins.

9. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningsskilum skal lokið fyrir 1. júlí næsta ár á eftir reikningsári. Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.

10. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta, ef það telst nauðsynlegt eða heppilegt vegna breyttra aðstæðna. Slíkar breytingar skulu hljóta samþykki dómsmálaráðuneytis. Engin breyting á skipulagsskránni fær þó gildi, nema stjórnin sé einhuga um hana.

Aldrei má breyta ákvæðum 3. gr. um tilgang sjóðsins né heldur ákvæðum 11. gr. um ráðstöfun á eignum við sjóðsslit.

11. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður, skulu eignir hans renna til tækjakaupa á Landspítala, skv. ákvörðun stjórnarnefndar ríkisspítalanna.

12. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Menningarsjóð Mjólkursamsölunnar í Reykjavík, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra, 4. desember 1986.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Menningarsjóð Mjólkursamsölunnar í Reykjavík.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Menningarsjóður Mjólkursamsölunnar í Reykjavík. Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Markmið sjóðsins er að veita styrki til ýmiskonar menningar- og mannúðarmála og stuðla að endurmenntun og símenntun manna, einkum á sviði mjólkurframleiðslu og mjólkuriðnaðar, svo og á sviði verslunar- og skrifstofustarfa.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 100 000,00 —eitthundraðþúsundkrónur—, sem lagt er fram af stofnanda sjóðsins, Mjólkursamsölnni í Reykjavík, Laugavegi 162, Reykjavík. Stofnfé skal haldast óskert. Sjóðinn ber að ávaxta í verðtrygðum veðskuldabréfum eða ríkisskuldabréfum eða með öðrum jafntryggjum hætti.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir af stofnfé og öðru fé, sem sjóðnum kann að áskotnast, svo sem framlög frá stofnanda og dótturfyrirtækjum hans.

5. gr.

Úthlutun úr sjóðnum fer fram eftir nánari ákvörðun stjórnarinnar hverju sinni. Henni er í sjálfsvald sett, hvort hún auglýsir styrki til umsóknar eða veitir þá án umsóknar.

6. gr.

Sjóðnum stjórnar þriggja manna stjórn, sem stjórn Mjólkursamsölunnar í Reykjavík tilnefnir. Hún skal einnig tilnefna einn varamann í stjórnina. Stjórnarmenn og varamaður eru tilnefndir til þriggja ára í senn. Stjórn sjóðsins skiptir með sér verkum.

Sjóðsstjórn skal halda fundargerðarbók, þar sem bóka skal allar ákvarðanir stjórnar varðandi sjóðinn, svo sem styrkveitingar, hverjir verði þeirra aðnjótandi og hversu hárrí fjárhæð þær nema og svo framvegis.

Stjórnarfundur er ekki gildur nema allir þrír stjórnarmenn séu mættir til ákvarðana-töku. Einfaldur meirihluti stjórnar ræður ákvörðunum. Stjórnunarkostnaður greiðist af tekjum sjóðsins.

7. gr.

Sjóðurinn er í vörslu Mjólkursamsölunnar í Reykjavík. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Gengið skal frá reikningi sjóðsins innan tveggja mánaða frá lokum hvers reikningsárs. Reikningurinn skal endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda. Reikningarnir skulu birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

8. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta ef það telst nauðsynlegt eða heppilegt vegna breyttra aðstæðna. Engin breyting á skipulagsskránni fær þó gildi, nema stjórnin sé einhuga um hana.

9. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans renna til Mjólkursamsölnunnar í Reykjavík.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari, svo og breytingum sem kunna að verða gerðar á henni, sbr. 8. gr. skipulagsskrár þessarar.

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð nr. 23 6. janúar 1986 um takmörkun leigubifreiða til mannflutninga í Hveragerði, Árnessýslu og um ráðstöfun atvinnuleyfa.**

1. gr.

7. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Leyfishafa er óheimilt að láta atvinnuleyfi sitt af hendi á nokkurn hátt nema til Leigubifreiðastjóraráfélags Hveragerðis sem tilkynnir það þegar úthlutunarmönnum.

Leyfishafi sem af einhverjum ástæðum getur ekki rekið leigubifreið samkvæmt leyfi sínu eða notað það á annan hátt löglega getur haldið leyfisréttindum sínum í allt að 6 mánuði.

Ef sérstaklega stendur á geta úthlutunarmenn framlengt þennan frest enda óski leyfishafi þess.

Nú notar leyfishafi ekki atvinnuleyfi sitt lengri eða skemmri tíma, en heldur því þó, sbr. 2. mgr. og er þá bifreiðastöð óheimilt að taka annan í afgreiðslu í hans stað á meðan.

Leyfishafi getur misst atvinnuréttindi sín ef hann er fjarverandi tvo mánuði eða lengur án þess að hafa tilkynnt viðkomandi bifreiðastöð fjarveru sína og orsakir hennar. Stöðvarstjóri skal tilkynna fjarveruna til stjórnar Leigubifreiðastjóraráfélags Hveragerðis en hún ber málið undir úthlutunarmenn sem ákveða hvort svipta skuli leyfishafa atvinnuleyfi eða ekki.

Ef leyfishafi rekur bifreið sem hann á ekki sjálfur hefur hann fyrirgert atvinnuleyfi sínu. Þó er honum heimil slík útgerð um takmarkaðan tíma ef hans eigin bifreið er í viðgerð eða hann er að bíða eftir afhendingu annarrar bifreiðar, þó ekki lengur en í 6 mánuði.

Atvinnuleyfi fellur úr gildi hafi leyfishafi ekki nýtt sér það innan 6 mánaða frá útgáfudegi þess.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um leigubifreiðar nr. 36, 9. maí 1970, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 3. desember 1986.

Matthías Bjarnason.

Ólafur S. Valdimarsson.

REGLUGERÐ

um vitagjald.

1. gr.

Vitagjald, kr. 46,00 af hverri brúttórúmllest, skal greiða vegna skipa, sem eru 10 brúttórúmllestir eða stærri og taka höfn hér á landi, og skal hálf lest og þaðan af stærra brot reiknast sem heil lest, en minna broti sleppt. Fyrir skip sem flytja engan farm fyrir borgun, annan en farþega, skal gjaldið þó vera kr. 6,90.

2. gr.

Undanþegin gjaldi þessu er herskip, varðskip, tollgæslubátar og vitaskip. Sama gildir um skip, sem leita hafnar í neyð, en taka engan farm úr landi né úr öðrum skipum, né heldur flytja farm í land eða í önnur skip, enda hafi sannast í sjóprófi eða annarri lögfullri sönnun, að þau hafi verið í nauðum stödd af árekstri eða sjóskemmdum, af veikindum eða farmskekkju eða ófriði.

Heimil er niðurfelling gjaldsins vegna skipa, sem eigi eru notuð á gjaldárinu.

3. gr.

Vegna íslenskra skipa skal gjald þetta greitt eigi síðar en 1. mars ár hvert og þá þar sem skipið er skrásett. Af erlendum skipum, sem setja farþega eða vörur á land, skal greiða 1/5 hluta vitagjaldsins við hverja komu til landsins, en þó aldrei oftar en 5 sinnum á hverju almanaksári. Fyrir slík skip greiðist gjaldið í fyrstu höfn, sem það tekur hér við land.

4. gr.

Lögreglustjórar, í Reykjavík tollstjórinn, sjá um innheimtu vitagjaldsins. Skyldur er skipstjóri að sýna innheimtumanni leiðarbók skipsins og skipsskjöl, og er innheimtumanni rétt að halda eftir alþjóðamælibréfi og þjóðernisskírteini nema gjaldið hafi verið greitt.

Ágreiningi um gjaldskyldu og útreikning má skjóta til úrskurðar ráðuneytisins.

5. gr.

Vitagjaldinu er varið til að standa straum af kostnaði við rekstur Vitastofnunar Íslands.

6. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum nema þyngri refsing liggji við.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 56 29. maí 1981 um vitagjald, staðfestist hér með til að öðlast gildi frá og með 1. janúar 1987 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 700 28. desember 1981 og nr. 64 31. janúar 1986.

Samgönguráðuneytið, 3. desember 1986.

Matthías Bjarnason.

Ólafur S. Valdimarsson.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 343 19. september 1978 um
Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins**

1. gr.

4. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Ráðherra skipar varamenn fyrir aðalmenn í stjórn Verðjöfnunarsjóðs. Skulu þeir skipaðir til sama tíma og aðalmenn og tilnefndir á sama hátt og þeir. Þá skipar ráðherra formann sjóðsstjórnar og varaformann. Ráðherra ákveður þóknun sjóðsstjórnar og skiptingu kostnaðar á deildir.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi. Skal skipunartími þeirra varamanna í sjóðsstjórn er ráðherra skipar eftir gildistöku reglugerðar þessarar vera til 1. október 1989.

Sjávarútvegsráðuneytið, 2. desember 1986.

Halldór Ásgrímsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

**um breytingu á byggingarreglugerð nr. 292 16. maí 1979,
með síðari breytingum.**

1. gr.

Í grein 1.7. I. kafla reglugerðarinnar kemur inn nýr staðall á eftir ÍST 13, sem er ÍST 50. Flatarmál og rúmmál bygginga.

2. gr.

Úr gr. 1.8. í I. kafla reglugerðarinnar fellur niður ÍST 50. Flatarmál og rúmmál bygginga.

Samkvæmt þessum breytingum skal framvegis reikna stærðir bygginga samkvæmt ÍST 50 í grein 1.7.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 4. gr. byggingarlaga nr. 54 16. maí 1978 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 1. desember 1986.

F.h.r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

6. desember 1986

989

Nr. 491

REGLUGERÐ

um stofnun rannsóknastöðu í fornleifafræði við Þjóðminjasafn Íslands í minningu dr. Kristjáns Eldjárns.

1. gr.

Við Þjóðminjasafn Íslands skal vera sérstök rannsóknastaða, tengd nafni dr. Kristjáns Eldjárns fyrrum þjóðminjavarðar og forseta Íslands, og er hún stofnuð 6. desember 1986, þegar liðin eru 70 ár frá fæðingu hans.

2. gr.

Staðan er ætluð fræðimönnum er sinna rannsóknum á íslenskum fornminjum eða öðrum þáttum íslenskrar menningarsögu sem falla undir verksvið Þjóðminjasafnsins.

Þeir sem stöðunni gegna taka laun eftir launaflokki deildarstjóra Þjóðminjasafnsins sem lausráðnir sérfræðingar.

3. gr.

Ráðið skal í stöðuna til eins árs að jafnaði, og má framlengja ráðningu um allt að eitt ár í senn. Þó verði ráðningartími aldrei lengri en þrjú ár samfellt. Staðan skal auglýst, og ræður menntamálaráðherra í hana að fenginni tillögu þjóðminjavarðar.

4. gr.

Að ráðningartímabili loknu skal sérfræðingurinn birta fræðilega skýrslu eða vísindalega ritgerð um rannsóknir sínar.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt þjóðminjalögum, nr. 52/1969, og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 6. desember 1986.

Sverrir Hermannsson.

Knútur Hallsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 137/1979 fyrir Fósturskóla Íslands.

1. gr.

17. gr. orðist svo:

Verklegt nám, vinna á stofnunum og að verkefnum, fer fram undir eftirliti og stjórn verknámsskennara og miðast við 30 klst. viðveru á viku. Það fer fram á stofnunum sem skólanefnd viðurkennir og menntamálaráðuneytið samþykkir. Neminn skal taka virkan þátt í starfsemi stofnunarinnar og njóta handleiðslu fósturu. Kappkosta skal að samþætta bóklegt og verklegt nám allan námstímann.

Mætingarskylda er í verklegu námi. Þó skal tekið tillit til óviðráðanlegra forfalla, enda fari þau ekki fram úr 12% af námstíma hvern annar. Sé um langvarandi veikindi að ræða skal skólaárið fjalla um hvert tilfelli um sig með tilliti til hugsanlegrar frestunar náms, sbr. 10. grein. Nemi skal hafa lokið bóklegu og verklegu námi hvers bekkjar áður en hann hefur nám í næsta bekk.

2. gr.

22. gr. orðist svo:

Í lok hvern annar skal meta stöðu nemandans í öllum greinum með þeim undantekningum, sem getið er síðar í þessari grein. Skal staða metin með prófi og/eða verkefnum sem neminn hefur unnið. Einkunnir skulu gefnar í heilum tölum á bilinu 1–10. Í lok verklegs námstímabils skal gefa nemanda umsögnina lokið/ólókið.

Til þess að hefja nám í næsta bekk þarf nemandi að hafa hlotið einkunnina 5 í hverri grein hið minnsta á hvorri önn og umsögnina lokið í verklegu námi. Endurtaka má próf á vorönn í samráði við kennara og eigi síðar en í upphafi haustannar. Reynt skal að aðstoða nemendur við undirbúning fyrir endurtökupróf.

Ekki er skylt að gefa einkunn í þeim greinum sem kenndar eru á námskeiðum né heldur í tónmennt, leikrænni tjáningu, framsögn, raddbeitingu og myndið enda hafi nemendur sótt 80% tímanna hið minnsta og skilað tilskildum verkefnum. Í sérstökum tilvikum er nemandi heimilt með leyfi skólaráðs að sanna kunnáttu sína í grein, sem kennd er á námskeiði, með prófi, hafi hann af gildum ástæðum ekki getað tekið þátt í því nema að hluta. Einnig er heimilt að taka til greina sambærileg námskeið sem tekin hafa verið annars staðar.

Skólinn heldur spjaldskrá yfir nemendur þar sem allar einkunnir eru færðar, svo og sá stundafjöldi sem er að baki hverri einkunn. Til að ljúka námi þarf einkunnina 5 í hverri grein á hverri önn og umsögnina lokið í verklegu námi. Þegar nemandi útskrifast frá Fósturskólanum fær hann skírteini sem vottar að hann hafi lokið námi frá skólanum, einnig fær hann ljósrit eða afrit af einkunnarspjaldi sínu.

3. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 2. desember 1986.

Sverrir Hermannsson.

Sólrún Jensdóttir.

REGLUR

um merkingu skipa.

1. gr.

Gildissvið

- 1.1. Reglur þessar gilda um öll íslensk skip og báta, sem eru 6 metrar eða lengri, mælt milli stafna.
- 1.2. Bátum, sem við gildistöku þessarar reglugerðar eru merktir skráningarnúmeri sem skilgreint er með bókstöfunum B eða S, er heimilt að halda skráningarnúmeri sínu óbreyttu í allt að tvö ár eftir að reglur þessar öðlast gildi.

2. gr.

Almenn ákvæði

- 2.1. Hvert skip og bátur skal vera merktur með nafni á bóg beggja megin. Fiskiskip skulu auk þess vera merkt með umdæmisstöfum og tölum á bóg beggja megin.
- 2.2. Hvert skip, sem er stærra en 30 brl., skal vera merkt með nafni og heimahöfn á afturgafli eða við afturstafn beggja megin.
- 2.3. Pílfarsfiskiskip, og önnur skip og bátar allt að 15 metrar mesta lengd, skulu vera merkt með skipaskrárnúmeri á heppilegum stað á báðum síðum.
- 2.4. Hvert skip, sem þjóðernisskírteini hlýtur, skal vera merkt með einkennisstöfum þess á lúgubita eða karm.

3. gr.

Skráningarumdæmi

- 3.1. Hvert skipaskráningarumdæmi hefur sína umdæmisbókstafi og skulu skráningarskyld fiskiskip og bátar bera umdæmisbókstafi þess umdæmis, sem skipið/báturinn er skráður í, ásamt umdæmisnúmeri aftan við umdæmisbókstafina.
- 3.2. Umdæmisbókstafir eru sem hér greinir:

AK	Akranes	NS	Norður-Múlasýsla og Seyðisfjörður
ÁR	Árnessýsla	ÓF	Ólafsfjörður
BA	Barðastrandarsýsla	RE	Reykjavík
EA	Eyjafjarðarsýsla og Akureyri	SF	Austur-Skaftafellssýsla
DA	Dalassýsla	SH	Snæfellsness- og Hnappadalssýsla
GK	Gullbringusýsla	SI	Siglufjörður
HF	Kjósarsýsla og Hafnarfjörður	SK	Skagafjarðarsýsla og Sauðárkrókur
HU	Húnavatnssýsla	ST	Strandasýsla
ÍS	Ísafjarðarsýslur og Ísafjörður	SU	Suður-Múlasýsla
KE	Keflavík	PH	Pingeyjarsýslur
KO	Kópavogur	VE	Vestmannaeyjar
MB	Mýra- og Borgarfjarðarsýsla	VS	Vestur-Skaftafellssýsla
NK	Neskaupstaður		

- 3.3. Skip og bátar, sem skráðir eru í Kjósarsýslu eða Hafnarfirði mega halda umdæmisbókstöfum (GK) og tölum óbreyttum, en við frumskráningu skips eða umskráningu vegna eigendaskipta, skal það hljóta umdæmisbókstafina HF.

4. gr.

Bókstafir og tölur

- 4.1. Stafagerð skal vera háð samþykki Siglingamálastofnunar ríkisins.
- 4.2. Bókstafir og tölur skulu vera dökkir stafir á ljósum grunni, eða ljósir stafir á dökkum grunni.
- 4.3. Hæð á bókstöfum í nafni og heimilisfangi skal ekki vera minni en sem hér greinir:
- | | |
|---|-------|
| Á skipum 30 brl. og stærri | 15 cm |
| Á skipum minni en 30 brl. | 12 cm |
| Á seglbátum og öðrum bátum minni en 10 metrar mesta lengd | 10 cm |
- 4.4. Hæð á umdæmisbókstöfum og tölum skal ekki vera minni en sem hér greinir:
- | | |
|--|-------|
| Á skipum 30 brl. og stærri | 45 cm |
| Á skipum minni en 30 brl. | 25 cm |
| Á bátum minni en 10 metrar mesta lengd | 10 cm |
- 4.5. Hæð á skráningarnúmeri skal ekki vera minni en sem hér greinir:
- | | |
|--|-------|
| Á skipum 30 brl. og stærri | 45 cm |
| Á skipum minni en 30 brl. | 25 cm |
| Á bátum minni en 10 metrar mesta lengd | 20 cm |
| Á seglbátum | 15 cm |
- 4.6. Hæð á einkennisbókstöfum skipa með þjóðernisskírteini, skal ekki vera minni en 15 cm.

5. gr.

Ábyrgð skipstjóra

- 5.1. Bannað er að afmá einkenni þau, sem að ofan greinir, afbaka þau, gera þau óþekkjanleg, hylja þau eða dylja. Sama gildir um útlend skip meðan þau eru innan íslenskrar landhelgi.
- 5.2. Sú skylda hvílir á skipstjóra skips að halda vel við öllum merkjum er skipi ber að hafa og sett hafa verið á það.

6. gr.

Refsingar

- 6.1. Brot gegn reglum þessum varða sektum eða varðhaldi. Með mál út af brotum á reglum þessum skal fara að hætti opinberra mála.

7. gr.

Gildistaka

- 7.1. Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt lögum nr. 115, 31. desember 1985, um skráningu skipa, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur um merkingu skipa nr. 550, 1. september 1982.

Samgönguráðuneytið, 1. desember 1986.

Matthías Bjarnason.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

REGLUGERÐ

um hafnamál.

I. KAFLI

Yfirstjórn hafnamála.

1. gr.

Samgönguráðherra fer með yfirstjórn allra hafnamála og skipar hafnaráð sér til ráðuneytis um hafnamál. Hafnamálastofnun ríkisins fer með framkvæmd hafnamála samkvæmt hafnalögum og veitir hafnamálastjóri henni forstöðu.

2. gr.

Til að annast þau verkefni sem Hafnamálastofnun eru falin skal stofnunin hafa í þjónustu sinni sérþjálfað starfslíð.

Einnig skal stofnunin hafa til umráða nauðsynlegan tækjabúnað til að sinna þessum verkefnum. Stofnunin skal sérstaklega búin fullnægjandi tækjum og öðrum búnaði til að annast frumrannsóknir og aðrar forrannsóknir vegna hafnarframkvæmda.

Verð fyrir þessa þjónustu skal ákveðið sem næst því er gerist á almennum markaði. Leiga fyrir sérhæfð tæki skal ákvörðuð þannig, að eðlileg endurnýjun tækjanna geti átt sér stað. Til kaupa á sérstökum búnaði, sem ekki er unnt að gera ráð fyrir að verði greiddur með leigutekjum á eðlilegum tíma, fær Hafnamálastofnunin styrk úr ríkissjóði.

3. gr.

Starfsemi Hafnamálastofnunarinnar skiptist í fjármáladeild, framkvæmdadeild, tækni-deild og rannsóknadeild.

Stjórnendur deilda skulu fá starfslýsingar, þar sem nánar er kveðið á um starfsvið þeirra.

II. KAFLI

Um stjórn hafna og rekstur.

4. gr.

Eigandi hafnar skal kjósa hafnarstjórn sem skipuð skal 3—5 mönnum. Miðað skal við að 5 manna stjórn sé í sveitarfélögum með yfir 1000 íbúa, en 3ja manna stjórn í sveitarfélögum með færri íbúa.

5. gr.

Þau gjöld sem tiltekin eru í 11. gr. hafnalaga má taka lögtaki hjá þeim aðilum sem skv. gjaldskrá er gert að standa skil á gjöldunum til hafnarsjóðs.

Skipagjöld skv. 11. gr. hafnalaga skulu miðuð við hæstu skráðu rúmlestatölu skips, en með því er átt við lögskipaða alþjóðamælingu.

Skipagjöld skulu tryggð með lögveði í viðkomandi skipi og váttryggingafé þess ef það skyldi farast. Gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum. Með samningsveðskuldum er í reglugerð þessari átt við þau veð sem stofnuð eru með samningi milli veðpola og veðhafa.

Hafnarstjórn er heimilt að halda eftir skráningar- og þjóðernisskírteinum skips til tryggingar greiðslu skipa- og vörugjalda.

Aflagjald og vörugjald af útflutningi skal auk þess tryggt með veði í útflutningsbirgðum þess aðila er skuldar gjöldin.

Lóðagjöld af löndum hafna skulu almennt reiknuð sem hundraðshluti af fasteignamati lóðanna, allt að 5%.

6. gr.

Óheimilt er án samþykkis ráðuneytisins að selja, veðsetja eða leigja til lengri tíma en 5 ára þær eignir hafnarsjóðs er notið hafa ríkisstyrks.

III. KAFLI

Um framkvæmdir í höfnum, greiðslu kostnaðar við hafnargerðir o. fl.

7. gr.

Hafnamálastofnun skal annast frumrannsóknir, sem kostaðar eru að fullu af ríkissjóði. Með frumrannsóknum er m. a. átt við gerð grunnkorta af hafnarsvæðum, dýptarmælingar, jarðvegsathuganir, straumfræðirannsóknir, líkantilraunir og hagkvæmiathuganir. Þegar rannsóknir eru komnar á það stig að unnt sé að taka ákvörðun um staðsetningu mannvirkis, gerð og byggingarefni telst frumrannsóknum lokið. Rannsóknir á útboðsstigi teljast ekki til frumrannsókna.

Beiðni um frumrannsóknir skal koma frá viðkomandi hafnarstjórn og við framkvæmd rannsóknanna skal hafa náð samstarf og samráð við hana. Áður en vinna við frumrannsóknir hefst, skal liggja fyrir verklýsing og kostnaðaráætlun, svo og nauðsynlegt fjármagn. Samgönguráðuneytið eða Hafnamálastofnun geta einnig haft framkvæði að frumrannsóknum, sé það talinn nauðsynlegur þáttur í gerð langtímaáætlana um hafnargerðir.

Telji Hafnamálastofnun sig ekki hafa aðstöðu til að framkvæma umbeðna rannsókn eða að framkvæma hana á þeim tíma, er hafnarstjórn telur nauðsynlegt, getur hafnarstjórn óskað eftir að ráðgjafafyrirtæki sé falin framkvæmdin.

8. gr.

Þegar fyrir liggur hjá hafnarstjórn niðurstaða frumrannsókna ásamt kostnaðaráætlun og viljayfirlýsingu um að verkinu skuli hrundið í framkvæmd, skal hafnarstjórn senda Hafnamálastofnun ósk um að framkvæmdin verði tekin inn á hafnaáætlun. Þegar og ef framkvæmdin kemst inn á áætlun, skal auk áætlunar um stofnkostnað gerð tillaga um kostnaðarskiptingu milli ríkis og hafnarsjóðs sbr. 26. og 27. gr. hafnalaga.

9. gr.

Þegar hafnaáætlun samkv. 29. gr. hafnalaga hefur verið samþykkt er viðkomandi hafnarstjórn heimilt að láta fullhanna þau mannvirki, sem eru inni á áætlun. Hönnunar-kostnaður færist á byggingarreikning viðkomandi mannvirkis. Áætlanir og uppdrættir skulu send Hafnamálastofnun til samþykktar. Stofnunin skal m. a. hafa eftirlit með að framkvæmdir séu innan marka hafnaáætlunar svo og að lágmarkskröfur um gæði, varanleika og öryggi séu uppfylltar. Tillögur um fjárframlög úr ríkissjóði skulu síðan byggðar á þessum áætlunum.

10. gr.

Áður en framkvæmdir hefjast, skal eigandi hafnar leggja fram fjármögnunar- og greiðsluáætlun. Þar komi m. a. fram greiðsluþátttaka ríkissjóðs, hafnarsjóðs og annarra ef við á. Við gerð greiðsluáætlunar skal leitast við að greiðslur hvors aðila um sig verði í samræmi við fyrirfram ákveðið þátttökuhlutfall. Sá hluti áætlunarinnar, sem fjallar um greiðslu á hlut ríkissjóðs skal unnin í samráði við Hafnamálastofnun og heildaráætlunin að lokum send stofnuninni til staðfestingar.

Ef framkvæmdaáætlunin gerir ráð fyrir að tekinn verði fyrir stærri áfangi en þegar samþykkt fjárframlög ríkissjóðs leyfa, skal liggja fyrir samþykki samgönguráðuneytisins þar að lútandi. Sé í slíkum tilvikum ætlunin að fjármagnskostnaður af lánnum, sem tekin verða út

á væntanlegan hluta ríkissjóðs, verði metinn styrkhæfur, skal jafnframt liggja fyrir heimild fjárveitinganefndar Alþingis. Með fjármagnskostnaði er átt við lántökukostnað, vexti, hækkun verðtryggðra lána og gengistap á erlendum lánnum. Greiðsluþátttaka ríkissjóðs í fjármagnskostnaði þessum nemur sama hundradshluta og í framkvæmdinni sjálfri.

11. gr.

Hafnarstjórn annast sjálf framkvæmd allra verkþátta, sem ekki eru kostaðir að fullu af ríkissjóði, annað hvort með eigin starfslíði eða með samningum við verktaka. Hafnarstjórn annast jafnframt reikningshald og greiðslur vegna framkvæmda og uppgjör verka í því formi sem Hafnamálastofnunin ákveður.

Meginreglan í samningum við verktaka skal vera verksamningur gerður í framhaldi af útboði. Þó er heimilt í ákveðnum tilvikum að semja við verktaka án undangengins útboðs.

Útboð, samningar og efniskaup skulu háð samþykki Hafnamálastofnunar sbr. 1. mgr. 22. gr. hafnalaga. Meginreglan við val á tilboðum skal vera að velja það tilboð, er hefur í för með sér lægstan framkvæmdakostnað. Við mat á tilboðum skal auk tilboðsupphæðar tekið tillit til reynslu verktakans, hæfni hans og möguleika til að skila góðu verki á réttum tíma. Hafnarstjórn tekur endanlega ákvörðun um val tilboðs að fenginni umsögn Hafnamálastofnunar. Ákveði hafnarstjórn að taka hærra tilboði úr flokki hæfra tilboða en því, sem Hafnamálastofnun mælir með, skal hafnarsjóður bera kostnaðaraukann, er af því hlýst.

12. gr.

Hafnarstjórn og Hafnamálastofnun geta samið um að stofnunin taki að sér ákveðnar framkvæmdir fyrir hafnarstjórn sbr. 22. gr. hafnalaga.

Kostnaður við verkið skal færður til skuldar hjá viðkomandi hafnarsjóði, en Hafnamálastofnun ríkisins veitt umbod til að gera þær fjárhagslegu ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru vegna verksins, þar með talin efniskaup, vélaleiga og greiðsla á launum. Skulu Hafnamálastofnunin og viðkomandi hafnarstjórn skiptast reglulega á yfirlitum um áfallinn framkvæmdakostnað.

Fyrir þjónustu sína skal Hafnamálastofnunin fá greidd laun og launatengdan kostnað þeirra starfsmanna, er beint vinna að verkinu, svo og allan annan kostnað er stofnunin hefur af viðkomandi verki.

13. gr.

Á meðan á verkinu stendur skal fylgjast reglulega með áföllnum kostnaði og taka saman á þar til gerð eyðublöð. Verði á framkvæmdatímanum ljóst, að kostnaður fari verulega fram úr áætlun, skal framkvæmda- og/eða eftirlitsaðili þegar tilkynna það hafnarstjórn, er ber að gera ráðstafanir til frekari fjáröflunar.

Verði sökum fjárskorts að hætta verki fyrr en því eða áætluðum áfanga þess er lokið skal í samráði við Hafnamálastofnun miða frágang við, að þegar unnin framkvæmd nýtist sem best og að mannvirkið liggi ekki undir skemmdum sökum ófullnægjandi frágangs uns framkvæmdum verður fram haldið.

14. gr.

Fyrir hönd ríkissjóðs hefur Hafnamálastofnun í hendi tækni- og fjárhagslega yfirumsjón með hafnarframkvæmdum er njóta ríkisstyrks. Þannig að tryggt sé að framkvæmdir séu í samræmi við samþykktar áætlanir.

Daglegt eftirlit með framkvæmdum skal annað hvort vera í höndum Hafnamálastofnunar eða eftirlitsmanna sem hún hefur samþykkt. Skila skal skýrslum og verkfundargerðum til Hafnamálastofnunar mánaðarlega eða oftar ef þörf er talin.

Í október ár hvert skal Hafnamálastofnun ganga frá bráðabirgðauppgjöri yfir framkvæmdir yfirstandandi árs til nota við gerð fjárlaga næsta árs. Í apríl ár hvert skal Hafnamálastofnun hafa lokið uppgjöri yfir framkvæmdir á næstliðnu ári, þar sem m. a. komi fram staða fjárveitinga og heimahluta. Uppgjör þetta skal síðan sent ráðherra sem efni í skýrslu hans um framkvæmdir í hafnamálum. Kostnaður við tækni- og fjárhagslegt eftirlit og yfirumsjón skal færður á byggingarreikning viðkomandi mannvirkis.

15. gr.

Hafnarstjórnir og Hafnamálastofnun skulu koma sér saman um mörk einstakra hafnarmannvirkja, marka þau á uppdrátt og senda til samgönguráðuneytis til staðfestingar. Náist ekki samkomulag sker ráðherra úr. Á uppdráttinn skal m. a. merkja þær umferðaræðar og uppfyllingar innan marka hafnarsvæðis, sem geta notið framlags úr ríkissjóði, svo og mörk aðalsinglaleiðar og hafnarsvæðis.

16. gr.

Til viðhalds hafnarmannvirkja teljast almennar viðgerðir og venjulegt viðhald allra slitflata og búnaðar hafnarmannvirkja, er láta á sjá vegna notkunar eða skorts á fyrirbyggjandi viðhaldi. Hér er t. d. átt við endurnýjun þybba, þekja, slitlaga og lagna og endurnýjun einstakra hluta í upptökumannvirkjum. Kostnaður við slíkt viðhald er ekki styrkhæfur.

Komi upp ágreiningur milli Hafnamálastofnunar og hafnarstjórnar um hvort í einstökum tilvikum sé um að ræða eðlilegt viðhald eða styrkhæfa endurbyggingu skal málinu skotið til ráðherra til úrskurðar.

17. gr.

Við ákvörðun um að ríkisframlag skv. 26. gr. hafnalaga verði lægra en þar greinir til hafna sem metnar eru fjárhagslega færar um að standa undir hærri kostnaðarþátttöku sbr. 27. gr. laganna skal eftirfarandi haft til hliðsjónar:

Viðkomandi hafnarsjóður fullnýti gjaldskrárstofna sína, rekstrargjöld hans séu innan eðlilegra marka svo og bæði skammtíma og langtíma lán sjóðsins vegna starfsemi hans.

Hafnaráð skal semja verklagsreglur þar sem ofangreind atriði eru skilgreind nánar.

IV. KAFLI

Um slysavarnir í höfnum.

18. gr.

Með slysavörnum er hér átt við aðgerðir sem miða eiga að því að koma í veg fyrir hugsanleg slys á mönnum, t. d. takmörkun umferðar um hafnarsvæði, og öryggisbúnað sem ætlaður er til að koma í veg fyrir slys og nota má til bjargar þeim sem fyrir óhöppum verða. Til öryggisbúnaðar teljast t. d.: lausir og fastir stigar, bjarghringir, krókstjakar, björgunar-net, ljós á hafnarbökkum, girðingar og hlið, símar o. fl.

19. gr.

Við hönnun og endurbætur hafnarmannvirkja skal gert ráð fyrir uppsetningu öryggisbúnaðar og mannvirki þannig hönnuð að þeim sem um hafnir fara sé sem minnst slyshætta búin.

Hafnamálastofnun ríkisins ákveður hvort nægjanlegt tillit sé tekið til ofangreindra atriða við hönnun hafnarmannvirkja sbr. 22. gr. hafnalaga og hvað teljist fullnægjandi öryggisbúnaður á hverjum stað.

Reglur um slysavarnir samkvæmt reglugerð þessari skulu settar í samráði við SVFÍ og Vinnueftirlit ríkisins.

20. gr.

Stofnkostnaður við slysavarnir í höfnum er styrkhæfur, sbr. 1. mgr. 5. tl. 24. gr. og 1. mgr. 3. tl. 26. gr. hafnalaga.

Hafnamálastofnun ríkisins ákveður hvað teljast styrkhæfar slysavarnir á hverjum stað.

21. gr.

Hafnarstjórnir skulu sjá til þess að öryggisbúnaði í höfnum sé ætíð vel við haldið og hann nothæfur.

Eftir að öryggisbúnaði hefur verið komið upp hefur Vinnueftirlit ríkisins á hendi eftirlit með honum.

22. gr.

Hafnarstjórnnum er heimilt í öryggisskyni að loka hafnarsvæðum fyrir allri óviðkomandi umferð.

Hafnarstjórnir skulu, eftir því sem við á, leita eftir samstarfi við viðkomandi lögregluvirkvöld um eftirlit með umferð á hafnarsvæðum.

23. gr.

Hafnamálastofnun ríkisins skal aðstoða hafnarstjórnir við að gera áætlanir um slysavarnir í viðkomandi höfnum og stofnkostnað við þær.

Stefnt skal að því að áætlunum þessum verði lokið á árinu 1987 og framkvæmd þeirra lokið eigi síðar en í árslok 1988.

V. KAFLI

Um framkvæmdaáætlanir.

24. gr.

Hafnamálastofnun skal að staðaldri vinna að áætlanagerð um hafnargerðir á Íslandi. Skal á grundvelli þeirra leggja fyrir Alþingi á tveggja ára fresti heildaráætlun til fjögurra ára í senn um hafnarframkvæmdir, hafnaáætlun.

Lögð skal áhersla á yfirlitsskipulag og tæknilegar rannsóknir á hafnarstæðum, þannig að gildismat verkefna verði auðveldað svo að á grundvelli slíks megi marka þjóðhagslega stefnu í hafnamálum.

Um allar meiri háttar framkvæmdir skulu hafnarstjórnir koma á framfæri óskum sínum við Hafnamálastofnunina a. m. k. tveimur árum áður en áætlað er að framkvæmdir hefjist. Skal þessum óskum fylgja ítarleg greinargerð fyrir auknum þörfum fyrir hafnarmannvirki og fjármögnunarmöguleika viðkomandi hafnarstjórnar. Þá skulu liggja fyrir skýrslur um notkun hafnarinnar, umferð og vörumagn, svo og nýtingu viðlegumannvirkja.

Sé um minni háttar framkvæmdir að ræða, að dómi Hafnamálastofnunar, má víkja frá ofangreindum ákvæðum, bæði um tímafrest og upplýsingar, þó ekki fjármögnunarmöguleikum.

Á grundvelli framkominna upplýsinga hafnarstjórnanna skal Hafnamálastofnunin gera tillögur að hafnarmannvirkjum, er fullnægi þeim þörfum, sem hún telur að séu fyrir hendi, og senda þessar tillögur til viðkomandi hafnarstjórnar til athugunar og umsagnar. Skal hafnarstjórnin hafa gert athugasemdir sínar og sent Hafnamálastofnuninni fyrir 1. janúar árið áður en fjögurra ára áætlun sú, sem unnið er að tekur gildi.

Tillaga Hafnamálastofnunarinnar að fjögurra ára áætlun viðkomandi hafnar skal send hafnarstjórn til athugunar og umsagnar. Hafnasamband sveitarfélaga skal fá tillögurnar í heild til umsagnar. Skulu þessir aðilar skila umsögn sinni og athugasemdum til Hafnamálastofnunarinnar innan fjögurra vikna frá því tillögurnar voru sendar þeim.

Hafnamálastofnunin endurskoðar síðan áætlunina og sendir samgönguráðherra, sem leggur hana fyrir Alþingi.

Kostnaður við gerð framkvæmdaáætlana skal greiddur af ríkissjóði á sama hátt og frumrannsóknir.

VI. KAFLI
Um hafnabótasjóð.

25. gr.

Umsóknir um lán og styrki úr Hafnabótasjóði skulu berast samgönguráðuneytinu fyrir lok mars hvert ár.

Með lánsúmsóknum skulu fylgja ítarleg gögn og rökstuðningur fyrir lánsbeiðninni, þ. á m. reikningar hafnarinnar síðasta ár og almennar upplýsingar um fjárhag og fjárþörf hafnarinnar.

VII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

26. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum nr. 69 28. maí 1984 og að höfðu samráði við félagsmálaráðuneytið hvað varðar IV. kafla um slysavarnir í höfnum öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 395 30. desember 1974.

Samgönguráðuneytið, 3. desember 1986.

Matthías Bjarnason.

Ólafur S. Valdimarsson.

GJALDSKRÁ
fyrir íslenskar hafnir.

I. KAFLI
Gildissvið.

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir allar hafnir sem hafnalög ná til.

II. KAFLI
Um hafnargjöld.

2. gr.

Við útreikning hafnargjalda af skipum skal alltaf talið í heilum rúmlestum en sleppa brotum. Rúmlestatala skips reiknast eins og hún er mest skráð á mælibréf skips.

3. gr.

Af öllum skipum skal greiða hafnargjöld til hafnarsjóðs ef þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar og njóta þjónustu hennar.

Lestagjöld.

4. gr.

Af öllum skipum skal greiða lestagjald, kr. 3,10 á brúttórúmllest. Af innlendum fiskiskipum þó ekki oftast en tvisvar á mánuði.

Af strandferðaskipum skal greiða hálfst lestagjald.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

Bryggjugjöld.

5. gr.

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka skal greiða kr. 1,55 á brúttórúmllest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftast en 10 sinnum í mánuði.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum í heimahöfn sem ársfjórðungs-gjald kr. 65,20 á brúttórúmllest þó aldrei minna en $\frac{1}{4}$ af árlegu legugjaldi fyrir trillur.

Legugjald fyrir trillur (skemmtibáta) ákveðst af hafnarstjórn sbr. 11. gr. hafnalaga 1. tl. e.

Skip þau er getur í síðustu mgr. 4. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

Vörugjöld.

6. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum sem fluttar eru af skipsfjöllum á land eða úr landi á skipsfjöllum, eða úr einu skipi í annað, innan takmarka hafnarinnar, þó með þeim undantekningum, er síðar getur.

7. gr.

Fyrir vörur sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til annarrar hafnar, innlendar eða erlendar, en eru láttnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar í land.

Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur sem láttnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

8. gr.

Af vörum sem fluttar eru á skip og fara eiga til annarra hafna innanlands greiðist hálfst vörugjald.

Af vörum sem fara eiga til útlanda en umskipað er í innlendri höfn skal greiða fullt vörugjald í fyrstu lestunarhöfn.

9. gr.

Um vörugjald af flutningi ferjuskipa skal semja við ferjueiganda sem innheimtir gjaldið ásamt flutningsgjaldi og stendur skil á því til hafnarinnar.

10. gr.

Þessar vörur eru algjörlega undanþegnar vörugjaldi:

- a) Umbúðir sem endursendar eru.
- b) Kol, olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar.
- c) Almennar póstsendingar og farangur ferðamanna.

11. gr.

Vörugjald skal reikna eftir þyngd eða verðmæti, með umbúðum og af hverri sendingu sérstaklega.

Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Skipstjóra eða afgreiðslumanni skips er skylt að láta gjaldkera hafnarinnar í té eftirrit af farmskrá.

Sé engri farmskrá til að dreifa skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn sem fermt hefur verið eða affermt úr skipi hans. Pyki hafnarstjóra ástæða til getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið vera meira en upp er gefið greiðir farmeigandi kostnaðinn.

Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu ósundurliðað skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund sem hæst gjald skal greiða af.

12. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðist eins og þar segir:

Vörugjaldskrá.

1. fl.: Gjald kr. 52,15 pr. tonn:

Vara flutt í lausu máli í miklu magni, meira en 100 tonn í farmi, t. d. bensín, brennsluölfur, kol, laust korn, salt, vikur, sement.

2. fl.: Gjald kr. 190,60 pr. tonn:

Pungavarningur, sem sem sekkjavörur, óunnið járn og stál, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, iðnaðar- og byggingavörur, pökkuð og niðursóðin matvæli, ávextir.

3. fl.: Gjald 301,80 pr. tonn:

a. Vélar og tæki hverskonar og varahlutir til þeirra, svo sem heimilis- og skrifstofuvél- ar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsbúnaður, vefnaðarvara, fatnaður.

b. Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur alls konar, vín, tóbak, sælgæti, snyrtivörur, lyf.

c. Vörur sem ekki verða flokkaðar annars staðar eftir þyngd.

Af innflutningi vinnutækja innanlands skal veita allt að 50% afslátt. Vörugjald greiðist ekki af ferðamannabifreiðum, enda ferðist eigendur með sama skipi.

4. fl.: Gjald 0,85%

Sjávarafli lagður á land á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans. Gjald af frystum afla frystitogara reiknast af helmingi fob verðs. Gjald af saltfiski reiknast miðað við tvöfalda þyngd og gjald af gámafiski reiknast af áætluðu heildarverðmæti hvoru tveggja miðað við 1. fl. fisk. Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t. d. afrit af aflaskýrslu til Fiskifélags Íslands. Aflagjald fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.

Lágmarksgjald í öllum flokkum er kr. 28,00.

13. gr.

Hafnarstjórn ákveður gjöld samkvæmt 11. gr. hafnalaga 1. tl. c, d og e og 3., 4. og 5. tl.

III. KAFLI

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

14. gr.

Hafnarstjóri sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin á skrifstofu hafnarinnar.

Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum er heimilt að reikna hæstu lögleyfðu dráttarvextir á skuldina.

15. gr.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra sem greiða ber til hafnarinnar vegna skipsins. Er skipstjóra skylt að afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess, og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skírteinunum uns gjöld eru greidd. Töf og tjón sem af þessu hlýst er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda skipagjaldsins.

Að svo miklu leyti sem í reglugerð þessari eru ekki ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldum skal greiða þau áður en skip fer burt úr höfninni og enginn skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá bæjarfógeta eða tollstjóra, nema hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra að hann hafi greitt ölli gjöld sín til hafnarinnar.

16. gr.

Vörugjald greiðir móttakandi af vörum sem koma til hafnarinnar og sendandi af vörum sem fluttar eru úr höfninni. Ef margir eiga vörur sem fluttar eru með sama skipi skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarsjóði skil á greiðslum. Ef skip hefur ekki farm sinn skráðan ber skipstjóri ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað greiðir sá vörugjaldið sem affermir.

Vörugjald af vörum sem koma til hafnarinnar fellur í gjalddaga þegar skipið sem vörurnar flytur er komið í höfnina og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar á skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar fyrr en gjaldið er greitt. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í skráningar- og þjóðernisskírteinum skips til tryggingar gjaldinu. Aflagjald og vörugjald af útflutningi skal auk þess tryggt með veði í útflutningsbirgðum þess aðila er skuldar gjöldin.

17. gr.

Öll gjöld samkvæmt þessari reglugerð má taka lögtaki og hafa þau forgangsrétt sem önnur opinber gjöld sbr. 83. gr. b., 3. tölulið skiptalaganna. Auk þess eru skipagjöldin tryggð með lögveði í skipinu og gengur það veði í tvö ár fyrir sammingsveðskuldum sbr. ákvæði 12. gr. hafnalaga.

IV. KAFLI

Frávik og gildistaka.

18. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 12. gr. um vörugjaldskrá 4. fl. skal aflagjald fyrir Bolungarvíkurhöfn vera 1,275%.

19. gr.

Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi getur ráðherra heimilað einstökum hafnarstjórum frávik frá gjaldskrá þessari.

Ef hafnarstjórn óskar frávika frá gjaldskrá þessari skal hún senda hafnaráði rökstudda beiðni þar að lútandi. Hafnaráð leggur síðan tillögur sínar fyrir ráðherra sem ákveður hvort frávik skuli leyfð.

20. gr.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 69 28. maí 1984, staðfestist hér með til að öðlast gildi frá og með 1. janúar 1987, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir íslenskar hafnir nr. 32 20. janúar 1986 og auglýsing nr. 51 28. janúar 1986.

Samgönguráðuneytið, 3. desember 1986.

Matthías Bjarnason.

Ólafur S. Valdimarsson.

GJALDSKRÁ

fyrir landshafnir.

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir landshafnirnar í Keflavík og Njarðvík, á Rifi og í Þorlákshöfn.

II. KAFLI

Um hafnargjöld.

2. gr.

Við útreikning hafnargjalda af skipum skal alltaf talið í heilum rúmlestum en sleppa brotum. Rúmlestatala skips reiknast eins og hún er mest skráð á mælibréf skips.

3. gr.

Af öllum skipum skal greiða hafnargjöld til hafnarsjóðs ef þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar og njóta þjónustu hennar.

Lestagjöld.

4. gr.

Af öllum skipum skal greiða lestagjald, kr. 3,10 á brúttórúmlest. Af innlendum fiskiskipum þó ekki oftast en tvisvar í mánuði.

Af strandferðaskipum skal greiða hálf trestagjald.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip, skemmtiskip og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

Bryggjugjöld.

5. gr.

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka skal greiða kr. 1,55 á brúttórúmlest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftast en 10 sinnum á mánuði.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum í heimahöfn sem ársfjórðungs- gjald kr. 65,20 á brúttórúmllest þó aldrei minna en $\frac{1}{4}$ af árlegu legugjaldi fyrir trillur.

Legugjald fyrir trillur (skemmtibáta) ákveðst af hafnarstjórn. Skip þau er getur í síðustu mgr. 4. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi, þó ekki skemmtiskip.

Vörugjöld.

6. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum sem fluttar eru af skipsfjöl á land eða úr landi á skipsfjöl, eða úr einu skipi í annað, innan takmarka hafnarinnar, þó með þeim undantekningum, er síðar getur.

7. gr.

Fyrir vörur sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til annarrar hafnar, innlandar eða erlendar, en eru látnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar í land.

Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur sem látnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

8. gr.

Af vörum sem fluttar eru á skip og fara eiga til annarra hafna innanlands greiðist hálfvörugjald.

Af vörum sem fara eiga til útlanda en umskipað er í innlendri höfn skal greiða fullt vörugjald í fyrstu lestunarhöfn.

9. gr.

Um vörugjald af flutningi ferjuskipa skal semja við ferjueiganda sem innheimtir gjaldið ásamt flutningsgjaldi og stendur skil á því til hafnarinnar.

10. gr.

Þessar vörur eru algjörlega undanþegar vörugjaldi:

- a) Umbúðir sem endursendar eru.
- b) Kol, olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar.
- c) Almennar póstsendingar og farangur ferðamanna.

11. gr.

Vörugjald skal reikna eftir þyngd eða verðmæti, með umbúðum og af hverri sendingu sérstaklega.

Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Skipstjóra eða afgreiðslumanni skips er skylt að láta gjaldkera hafnarinnar í té eftirrit af farmskrá.

Sé engri farmskrá til að dreifa skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn sem fermt hefur verið eða affermt úr skipi hans. Þyki hafnarstjóra ástæða til getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið vera meira en upp er gefið greiðir farmeigandi kostnaðinn.

Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu ósundurliðað skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund sem hæst gjald skal greiða af.

12. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðist eins og þar segir:

Vörugjaldskrá.

1. fl.: Gjald kr. 52,15 pr. tonn:
Vara flutt í lausu máli í miklu magni, meira en 100 tonn í farmi, t. d. bensín, brennsluolíur, kol, laust korn, salt, vikur, sement.
2. fl.: Gjald kr. 109,60 pr. tonn:
Pungavarningur, svo sem sekkjavörur, óunnið járn og stál, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, iðnaðar- og byggingarvörur, pökkuð og niðursoðin matvæli, ávextir.
3. fl.: Gjald 301,80 pr. tonn:
 - a. Vélar og tæki hverskonar og varahlutir til þeirra, svo sem heimilis- og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsbúnaður, vefnaðarvara, fatnaður.
 - b. Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur alls konar, vín, tóbak, sælgæti, snyrtivörur, lyf.
 - c. Vörur sem ekki verða flokkaðar annars staðar eftir þyngd.
Af flutningi vinnutækja innanlands skal veita allt að 50% afslátt. Vörugjald greiðist ekki af ferðamannabifreiðum, enda ferðist eigendur með sama skipi.
4. fl.: Gjald 0,85%
Sjávarafli lagður á land á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans. Gjald af frystum afla frystitogara reiknast af helmingi fob verðs. Gjald af saltfiski reiknast miðað við tvöfalda þyngd og gjald af gámafiski reiknast af áætluðu heildarverðmæti hvort tveggja miðað við 1. fl. fisk. Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t. d. afrit af aflaskýrslu til Fiskifélags Íslands. Aflagjald fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.
Lágmarksgjald í öllum flokkum er kr. 28,00.

Hafnsögugjald.

13. gr.

Hvert það skip sem fær hafnsögumann til leiðsögu inn á höfnina eða frá henni, um höfnina eða milli hafnarmannvirkja, skal greiða hafnsögugjald.

14. gr.

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

- a) Fyrir leiðsögn til hafnarinnar, að bólvirki eða lægi, kr. 559,00 fyrir hvert skip auk kr. 1,55 fyrir hverja brúttórúmllest. Fyrir leiðsögu frá bólvirki eða lægi og úr höfninni greiðist sama gjald.
- b) Fyrir leiðsögn um höfnina skal greiða hálf gjald samkvæmt lið a.
- c) Auk þess skal hvert skip, sem fær hafnsögumann, greiða kr. 132,00 í hafnsögusjóð.

15. gr.

Af ferjuskipum greiðast hafnargjöld þannig:

1. Lestagjald verði reiknað eins og af strandferðaskipum, þó ekki oftast en einu sinni á dag.
2. Bryggjugjald greiðist samkvæmt gildandi gjaldskrá.
3. Vörugjald verði ekki reiknað af bílum eða vörum sem þeir flytja.

Um ýmis gjöld til hafnarinnar.

16. gr.

Fyrir að leggja vöru á land hafnarinnar skal greiða kr. 4,60 fyrir hvern fermetra sem varan þekur sé hún ekki flutt burtu innan tveggja sólarhringa. Gjald þetta reiknast fyrir hvern sólarhring. Sama gjald skal greiða fyrir tæki og áhöld hvers konar sem einstaklingar eiga og láta eða vilja láta standa á landi hafnarinnar. Gjald fyrir slík tæki sem og mikið vörumagn má ákveða með samningi við hafnarstjórn.

17. gr.

Gjald fyrir lóðir, geymsluhús eða tæki, sem leigð eru einstaklingum eða félögum, um lengri eða skemmri tíma, skal greiða samkvæmt samningi.

Önnur þjónusta sem höfnin kann að láta skipum eða öðrum aðilum í té og ekki er talin falla undir gjöld þau sem hér eru fram talin skulu greidd samkvæmt ákvörðun hafnarstjórnar.

III. KAFLI

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

18. gr.

Skrifstofa hafnarinnar sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin þar. Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum er heimilt að reikna hæstu lögleyfðu dráttarvexti á skuldina.

19. gr.

Skipstjóri báts ber ábyrgð á greiðslu hafnargjalda.

Ef enginn skipstjóri er á skipinu ber eigandi þess ábyrgð á greiðslu gjaldanna svo og annarra gjalda er af skipinu ber að greiða. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í skipi þar til gjöldin eru að fullu greidd.

Þar sem ekki eru í gjaldskrá þessari ákveðnir fastir gjalddagar skal greiða gjöldin áður en skipið fer burt úr höfninni.

20. gr.

Leigugjald fyrir lóðir og geymsluhús hafnarinnar greiðir móttakandi af vörum sem fluttar eru úr húsum eða af lóð hafnarinnar.

Ef margir eiga vörur með sama skipi skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarskrifstofu skil á greiðslunni.

Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan ber skipstjóri eða eigandi ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjaldið sem affermir.

Vörugjald af vörum sem koma til hafnarinnar fellur í gjalddaga þegar gengið hefur verið frá farmskrá.

Vörugjald af vörum sem fluttar eru frá bryggju eða bólvirki fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar á skip.

Skipstjóra og afgreiðslumanni er óheimilt að afhenda vörurnar áður en gjaldið er greitt.

Hafnarsjóður hefur haldsrétt í vörum eða andvirði þeirra þar til gjaldið er greitt.

21. gr.

Öll gjöld samkvæmt þessari reglugerð má taka lögtaki og hafa þau forgangsrétt sem önnur opinber gjöld, sbr. 83. gr. b., tölulið 3. skiptalaganna.

IV. KAFLI

Gildistaka.

22. gr.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt lögum nr. 23 6. maí 1955 um landshöfn í Keflavík-urkaupstað og Njarðvíkurhreppi, lögum nr. 38 14. mars 1951 um landshöfn á Rífi á Snæfellsnesi og lögum nr. 61 13. maí 1966 um landshöfn í Þorlákshöfn staðfestist hér með til að öðlast gildi frá og með 1. janúar 1987 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir landshafnir nr. 82 3. febrúar 1986.

Samgönguráðuneytið, 3. desember 1986.

Matthías Bjarnason.

Ólafur S. Valdimarsson.

Nr. 497

REIKNINGUR

Lífeyrissjóðs bænda 1985.

Efnahagsreikningur 31. desember 1985.

VELTUFJÁRMUNIR

Sjóður og bankainnstæður:	kr.
Bankainnstæður	20 806 959,71
Skammtímakröfur:	
Ríkissjóður Íslands	17 112 087,00
Stofnlánadeild landbúnaðarins	982 363,00
Iðgjaldakröfur	28 911 364,81
Næsta árs afborganir verðtr. skuldabréfa	134 502 391,00
Næsta árs afborganir óverðtr. skuldabréfa	1 026 049,00
	<hr/>
Skammtímakröfur	182 534 254,81
Veltufjármunir	203 341 214,52

SKAMMTÍMASKULDIR

Umsjónarnefnd eftirlauna	2 355 288,80
Aðrar skuldir	137 313,70
	<hr/>
Skammtímaskuldir	2 492 602,50
Hreint veltufé	200 848 612,02

FASTAFJÁRMUNIR

Langtímakröfur:	
Skuldabréf, verðtryggð	1 057 668 560,60
Skuldabréf, óverðtryggð	6 023 832,70
Spariskírteini ríkissjóðs, verðtryggð	24 510 000,00
	<hr/>
Langtímakröfur	1 088 202 393,30
Næsta árs afborganir	135 528 440,00
	<hr/>
	952 673 953,30

Varanlegir rekstrarfjármunir:	kr.
Skrifstofuáhöld og búnaður	0,90
Afskriftir	0,00
	<hr/>
Fastafjármunir	952 673 953,30
HREIN EIGN TIL GREIÐSLU LÍFEYRIS	1 153 522 565,32

**Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris
fyrir árið 1985.**

FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD	kr.
Vaxtatekjur og verðbætur	328 005 574,08
Dráttarvextir vegna iðgjalda	2 626 092,68
Bakf. vaxtaskuld Stofnlánadeildar landbúnaðarins	(1 039 180,00)
Vaxtagjöld og innheimtulaun	(242 145,86)
Dráttarvextir v/endurgreiddra iðgjalda 1984	(287 218,95)
Reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga	(281 433 479,93)
	<hr/>
Fjármunatekjur, nettó	47 629 642,02
IÐGJÖLD	
Iðgjöld framleiðenda, 1,25% af búvöruverði, áætl.	53 202 503,00
Mótframlag, 1,60% af heildarverðmæti búvöru	97 284 576,00
Iðgjöld framleiðenda, leiðrétting v/fyrra árs	(3 713 800,64)
Iðgjöld eiginkvenna v/félagsbúa, biðreikningur	102 145,67
	<hr/>
Framleiðendaiðgjöld	146 875 424,03
Iðgjöld launþega	307 575,94
Mótframlög vinnuveitenda	461 825,49
	<hr/>
Launþegaiðgjöld	769 401,43
Réttindaflutningur til sjóðsins	95 965,00
Réttindaflutningur frá sjóðnum	(86 200,00)
	<hr/>
Réttindaflutningur	9 765,00
Iðgjöld	147 654 590,46
FRAMLÖG VEGNA LÍFEYRIS SKV. 2. KAFLA	
Ríkissjóður Íslands 62,5%	27 459 143,00
Stofnlánadeild landbúnaðarins 37,5%	16 477 685,00
	<hr/>
Framlög vegna 2. kafla	43 936 828,00
AÐRAR TEKJUR/ÖNNUR GJÖLD	
Önnleystar og afskrifaðar ávísanir v/lífeyrisgr.	5 841,24

LÍFEYRIR

	kr.
Lífeyrir skv. 1. kafla	32 798 040,00
Lífeyrir skv. 2. kafla	67 300 539,00
Lífeyrir skv. 2. kafla greiddur af umsjónarnefnd	4 264 145,00
Greiddur lífeyrir	104 362 724,00
Greitt af umsjónarnefnd	(27 627 856,00)
Greiddur lífeyrir af Lífeyrissjóði bænda	76 734 868,00
Framlag sjóðsins til uppþótar, 4% af iðgj. 1985	5 560 000,00
Lífeyrir	82 294 868,00

REKSTRARGJÖLD

Laun og launatengd gjöld	2 034 617,37
Annar rekstrarkostnaður	1 902 427,32
Rekstrargjöld	(3 937 044,69)
Hækkun á hreinni eign án matsbreytinga	152 994 989,03

MATSBREYTINGAR

Reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga	281 433 479,93
Matsbreytingar	281 433 479,93
Hækkun á hreinni eign á árinu	434 428 468,96
Hrein eign frá fyrra ári	719 094 096,36
HREIN EIGN Í ÁRSLOK 1985 TIL GREIÐSLU LÍFEYRIS	1 153 522 565,32

Reykjavík 9. janúar 1986.

Benedikt Jónsson,
framkvæmdastjóri.

Við undirritaðir, sem erum ráðnir og skipaðir endurskoðendur Lífeyrissjóðs bænda, samkvæmt 4. grein laga nr. 50/1984, höfum endurskoðað framangreindan efnahagsreikning pr. 31. desember 1985, yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris fyrir árið 1985. Tilgreind skuldabréf og bankainnstæður eru fyrir hendi.

Reykjavík, 2. september 1986.

Vigfús Gunnarsson,
löggtur endurskoðandi.

Einar Sverrisson,
skipaður endurskoðandi.

Sigurður Líndal,
skipaður endurskoðandi.

REIKNINGUR

Félagsstofnunar stúdenta 1. júní 1985 til 31. maí 1986.

HEILDARREKSTRARREIKNINGUR 1. JÚNÍ 1985 — 31. MAÍ 1986.

Tekjur:	Kr.
Sölu- og leigutekjur	68 037 064,95
Tekjur samtals	68 037 064,95
Gjöld:	
Vörunotkun	35 859 153,61
Laun og launatengd gjöld	20 751 948,35
Annar rekstrarkostnaður	9 079 140,56
Afskriftir	7 220 022,00
Gjöld samtals	72 910 264,52
Tekjur umfram gjöld af rekstri	(4 873 199,57)
Fjármagnstekjur og (-gjöld):	
Vaxtatekjur og verðbætur	1 233 441,00
Vaxtagjöld og verðbætur	(2 180 438,22)
	(946 997,22)
Hreinar tekjur af rekstri	(5 820 196,70)
Aðrar tekjur og (-gjöld):	
Tap v/Fjalakattar	(380 897,21)
Skráningargjöld	4 683 690,00
Ríkisframlag	3 208 329,00
Styrkir til deildarfélaga	(323 466,73)
	7 187 655,06
Hreinar tekjur	1 367 458,27

EFNAHAGSREIKNINGUR PR. 31. MAÍ 1986.

Eignir

Veltufjármunir:	Sundurl.	Kr.
Sjóður og óbundnar bankainnistæður		6 035 197,29
Viðskiptakröfur		10 014 330,05
Vörubirgðir		16 471 133,50
Veltufjármunir samtals		32 520 660,84

Fastafjármunir:

Varanlegir rekstrarfjármunir:

	Kr.
Áhöld, tæki og innanstokksmunir	16 004 910,82
Breytingar á húsnæði	4 692 629,45
Tölvur	965 077,42
	<hr/>
	21 662 617,69
Afskrifað samtals	(10 533 823,00)
	<hr/>
	11 128 794,69

Aðrar eignir:

Teikningar af gördum og barnaheimili	69 984,00
	<hr/>
Fasteignir á brunabótamatsverði	288 817 177,00
Fastafjármunir samtals	300 015 955,69
	<hr/>

Aðrar eignir:

Eignir sjóða	14 504,47
Hlutabréf	2 160,00
	<hr/>
Aðrar eignir samtals	16 664,47
	<hr/>
Eignir samtals	332 553 281,00
	<hr/>

Framkvæmdastjóri Félagsstofnunar stúdenta

Ársæll Harðarson.

Skuldir**Skammtímaskuldir:**

	Sundurl.	Kr.
Samþykktir víxlar		234 781,20
Fyrirframgreitt ríkisframlag		841 667,00
Ógreidd laun og launatengd gjöld		455 269,40
Ógreiddar skuldir og innheimtufé		458 739,69
Skuldheimtumenn		10 063 041,43
Bankalán		670 766,22
Ógreitt, gjaldfallið v/langtímaskulda		0,00
		<hr/>
Skammtímaskuldir samtals		12 724 264,94
		<hr/>

Langtímaskuldir:

Vegna byggingar hjónagarða	15 358 439,60
Aðrar langtímaskuldir	421 176,60
	<hr/>
Langtímaskuldir samtals	15 779 616,20
	<hr/>

Aðrar skuldir:

Sérsjóðir í vörslu F.S.	14 504,47
Stúdentaskiptasjóður	49 250,95
	<hr/>
Aðrar skuldir samtals	63 755,42
	<hr/>
Skuldir samtals	28 567 636,56
	<hr/>

Eigið fé:

	Kr.
Fyrningar Nýja Garðs	1 080 939,37
Fyrningar Gamla Garðs	1 284 324,22
Fyrningar Félagsheimilis	2 471 978,73
Fyrningar Hjónagarða	978 156,80
Höfuðstóll	298 170 245,32
Eigið fé samtals	303 985 644,44
Skuldir og eigið fé samtals	332 553 281,00

Í stjórn Félagsstofnunar stúdenta starfsárið 1985—1986.

Finnur Ingólfsson.
Tryggvi Agnarsson.

Valdimar Hergeirsson.
Dan Brynjarsson.

3. desember 1986

S A M Þ Y K K T

Nr. 499

um forkaupsrétt Akranesskaupstaðar að fasteignum á svokölluðu Breiðarsvæði innan Akranesskaupstaðar.

Akranesskaupstað er áskilinn forkaupsréttur að eftirtöldum fasteignum á svokölluðu Breiðarsvæði innan Akranesskaupstaðar:

Lóðir á Breið:

Breiðargata 1
Breiðargata 2
Breiðargata 2 b
Breiðargata 4
Breiðargata 6
Breiðargata 8
Breiðargata 8 a
Breiðargata 15
Breiðargata, Breið
Breiðargata
Vesturgata 1
Vesturgata 2—4
Vesturgata 3
Vesturgata 6—8
Vesturgata 7
Vesturgata 10
Vesturgata 17
Vesturgata 17
Vesturgata 19
Vesturgata 21
Vesturgata 23
Vesturgata 25
Vesturgata 25
Vesturgata 25 a

Eigandi:

Haraldur Böðvarsson & Co.
S.Í.S.
Runólfur Hallfreðsson
Valdimar Sigurðsson
Haraldur Böðvarsson & Co.
Haraldur Böðvarsson & Co.
Guðmundur P. Bjarnason
Haraldur Böðvarsson & Co.
Haraldur Böðvarsson & Co.
Síldar- og fiskimjölsverksmiðjan sf.
Bifreiðastöð P.P.P.
Olíuverslun Íslands
Haförn hf.
Síldar- og fiskimjölsverksmiðjan sf.
Haförn hf.
Ármann Stefánsson
Óskar Arnórsson
Db. Hilmars Símonarsonar
Db. Hannesar Ólafssonar
Stefán Sigurðsson
Stefán Sigurðsson
Ellert Bjarnason
Erlendur Ingvason
Gunnar Fjeldsted
Haraldur Böðvarsson & Co.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Akranesskaupstaðar hefur gert með heimild í 26. gr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964 og sbr. lög nr. 22 23. júní 1932 um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o.fl., öðlast gildi þegar í stað.

Gildistími samþykktar þessarar er 5 ár, frá dagsetningu hennar talið.

Félagsmálaráðuneytið, 3. desember 1986.

F.h.r.

Hallgrímur Dalberg.

Pórhildur Líndal.

SAMÞYKKT

**um breytingu á samþykkt um stjórn hreppsmálefna
Blönduósshrepps nr. 622/1983.**

1. gr.

Við b lið 35. gr. samþykktarinnar bætist nýr töluliður svohljóðandi:

“6. Fimm menn í íþróttá- og æskulýðsnefnd og fimm til vara.“

Töluliðir 6 til 18 breytist til samræmis við þetta og verði 7 til 19.

2. gr.

Síðasta málsgrein 35. gr. falli niður.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Blönduósshrepps hefur gert samkvæmt 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 4. desember 1986.

F.h.r.

Hallgrímur Dalberg.

Pórhildur Líndal.

AUGLÝSING

um umferð í Egilsstaðakaupþúni

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og að fengnum tillögum hreppsnefndar Egilsstaðahrepps hefur verið ákveðið að setja eftirfarandi reglur um umferð í Egilsstaðakaupþúni, en hér er um að ræða breytingu á auglýsingu um umferð í Egilsstaðakaupþúni frá 11. júlí 1984.

a) I. liður, 3. tl. orðist svo:

Umferð um Hamrahlíð, Hjarðarhlíð og Bjarkarhlíð víki fyrir umferð um Fénaðarklökk.

b) II. liður, 1. tl. orðist svo:

Bannað er að leggja ökutækjum á vesturbrún Seláss.

Viðbót við reglurnar verði IV. liður og orðist þannig:

- 1.tl. Umferð um Laugavelli víki fyrir umferð um Sólbrekku.
- 2.tl. Umferð um Þverkletta víki fyrir umferð um Fagradalsbraut.
- 3.tl. Aðalbraut: Miðás, þó þannig að umferð um hana víki fyrir umferð um Fagradalsbraut.
- 4.tl. Aðalbraut: Kaupvangur, þó þannig að umferð um hana víki fyrir umferð um Fagradalsbraut.

Reglur þessar taka þegar gildi og breytast reglur um umferð í Egilsstaðahreppi sbr. auglýsingu um umferð í Egilsstaðahreppi frá 11. júlí 1984 í samræmi við ofanritað.

Lögreglustjórnin í Suður-Múlasýslu, 9. desember 1986.

Sigurður Eiríksson.

1. desember 1986

Nr. 502

REGLUGERÐ

um tannverndarsjóð.

Hlutverk sjóðsins er að greiða kostnað við fyrirbyggjandi aðgerðir á sviði tannheilsu- mála svo sem fræðslu um tannhirðu og tannvernd. Sjóðurinn er í vörslu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.

1. gr.

Tryggingastofnun ríkisins, sjúkratryggingadeild, skal leggja sjóðnum árlega til fé sem nemur 2% af kostnaði ríkissjóðs af tannlækningaþjónustu skv. lögum um almannatryggingar.

2. gr.

Heilbrigðisráðuneytið hefur yfirstjórn á starfsemi sjóðsins. Tannheilsudeild ráðuneytisins gerir tillögur til ráðherra um fræðslu- og tannverndaraðgerðir á vegum sjóðsins og hefur um það samráð við Tryggingastofnun ríkisins svo og við tannlæknadeild Háskóla Íslands og Tannlæknafélag Íslands.

Fulltrúar fyrrnefndra aðila mynda tannverndarráð, og er yfirtannlæknir ráðuneytisins formaður þess.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 43. gr. laga 67/1971 með síðari breytingum og tekur gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. desember 1986.

Ragnhildur Helgadóttir.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um sjúkraflutninga.

1. gr.

Skipulagðir sjúkraflutningar skulu vera með eftirfarandi hætti:

1. Á vegum heilsugæslustöðva og/eða sjúkrahúsa.
2. Á vegum félagasamtaka, sem hafa sjúkraflutninga að markmiði.
3. Á vegum opinberra stofnana.
4. Á vegum aðila, sem vegna sérstöðu starfsemi sinnar þurfa að starfrækja sjúkraflutninga.

2. gr.

Rekstur sjúkraflutninga er háður leyfi heilbrigðisráðherra. Einungis má veita þeim aðilum leyfi, sem hafa í þjónustu sinni menn er hafa tilskilin réttindi sem sjúkraflutningamenn, sbr. reglugerð frá 18. nóvember 1986, um menntun, réttindi og skyldur sjúkraflutningamanna.

Sjúkraflutningaráð (sbr. 3. gr. og 4. gr.) gerir tillögur til ráðherra um veitingu leyfa.

3. gr.

Umsóknir um leyfi til sjúkraflutninga samkvæmt 1. gr. skulu sendar sjúkraflutningaráði, ásamt ítarlegum upplýsingum um aðstöðu og gerð og búnað flutningatækja. Sé um að ræða aðra aðila en heilsugæslustöðvar skulu fylgja umsókn samningar milli rekstraraðila og stjórnar viðkomandi heilsugæslustöðvar ásamt umsögn viðkomandi héraðslæknis.

4. gr.

Á vegum landlæknis skal starfa sjúkraflutningaráð skipað 3 mönnum. Landlæknir tilnefnir sérfróðan lækni, sem jafnframt skal vera formaður. Rauði Kross Íslands tilnefnir einn og Landssamband sjúkraflutningamanna einn.

Störf sjúkraflutningaráðs, auk þess að gefa umsögn um umsóknir um leyfi til sjúkraflutninga, eru að vera ráðgefandi um allt er varðar sjúkraflutninga í landinu og að gefa út staðla um flutningatæki og búnað þeirra.

5. gr.

Staðlar sjúkraflutningaráðs skulu sendir ráðherra til samþykktar og síðan birtir á lögformlegan hátt.

6. gr.

Óheimilt er að nota önnur flutningatæki og búnað en þann sem sjúkraflutningaráð hefur viðurkennt.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 34. gr. laga nr. 59/1983 um heilbrigðisþjónustu, öðlast gildi við birtingu.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir aðilar, sem annast rekstur sjúkraflutninga við gildistöku reglugerðar þessarar, skulu sækja um leyfi skv. reglugerðinni innan þriggja mánaða frá gildistöku. Er þeim þá heimilt að stunda áfram sjúkraflutninga í allt að eitt ár frá gildistöku.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. nóvember 1986.

Ragnhildur Helgadóttir.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um menntun, réttindi og skyldur sjúkraflutningamanna.

1. gr.

Rétt til þess að starfa sem sjúkraflutningamaður hér á landi og kalla sig sjúkraflutningamann hefur sá einn, sem til þess hefir fengið leyfi heilbrigðismálaráðherra.

2. gr.

Leyfi skv. 1. grein má aðeins veita þeim, sem hefir menntun á sviði sjúkraflutninga, sem heilbrigðismálaráðuneytið metur gilda. Áður en leyfi er veitt skal leita álits landlæknis og Landssambands sjúkraflutningamanna um hæfni umsækjanda.

3. gr.

Menntun sjúkraflutningamanna skal vera:

1. Á sviði mannbjörgunar.
2. Meðferð og flutningur sjúkra og slasaðra.
3. Akstur sjúkrabifreiða, meðferð þeirra og eftirlit með búnaði.

4. gr.

Landlæknir gerir tillögur um nám sjúkraflutningamanna og sendir heilbrigðismálaráðuneytinu til staðfestingar. Í tillögum skal tekið fram um nauðsynlega undirbúningsmenntun sjúkraflutningamanna svo og hvernig kennslu skuli hagað.

Heilbrigðismálaráðuneytið skal í samráði við fræðslufirvöld sjá til þess að veitt sé nauðsynleg kennsla á þessu sviði.

5. gr.

Sjúkraflutningamenn stunda skipulagða sjúkraflutninga. Þeir starfa á eigin ábyrgð og eru í starfi sínu háðir faglegu eftirliti landlæknis í samræmi við lög nr. 59/1983 um heilbrigðisþjónustu og ákvæði læknalaga nr. 80/1969.

6. gr.

Sjúkraflutningamönnum ber að viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér nýjungar varðandi starfið. Þetta ber að auðvelda eins og unnt er, m.a. með upprifjunarnámskeiðum og faglegri og verklegri tilsögn þar sem henni verður við komið.

7. gr.

Sjúkraflutningamenn skulu njóta sömu verndar og aðstöðu og aðrir þeir er gegna borgarlegri skyldu. Ekki má á neinn hátt tálma því að þeir geti sinnt starfi sínu.

Sjálfboðaliðar, sem stunda sjúkraflutninga reglulega, skulu að öðru jöfnu njóta sömu réttinda og aðstöðu og ráðnir starfsmenn jafnframt því sem til þeirra eru gerðar sömu kröfur.

8. gr.

Sjúkraflutningamönnum er skylt að gæta þagnmælsku um atriði, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara skv. lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þó þeir láti af störfum.

9. gr.

Um viðurlög vegna brota í starfi, sviptingu starfsleyfis og endurveitingu leyfa gilda ákvæði lækningalaga nr. 80/1969. Með mál vegna brota á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

10. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 2. gr. laga nr. 24/1985 um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta, sbr. og 34. gr. laga nr. 59/1985 um heilbrigðisþjónustu, öðlast gildi við birtingu.

Ákvæði til bráðabirgða.

Peir menn, sem starfa við sjúkraflutninga við gildistöku reglugerðar þessarar, en uppfylla ekki skilyrði 2. og 3. gr., eiga að fengnum meðmælum landlæknis, rétt á tímabundnu starfsleyfi til allt að þriggja ára.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. nóvember 1986.

Ragnhildur Helgadóttir.

Páll Sigurðsson.

GJALDSKRÁ**Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.**

1. gr.

Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar (HAB) selur hitaorku frá aðveituæð og dreifikerfi veitunnar samkvæmt ákvæðum gjaldskrár þessarar.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi sem tengist veitunni í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar húss og neyslu enda verði ofnar þess taldir nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Stjórn hitaveitunnar getur heimilað afnot hitaorku til annars en húshitunar, svo sem til heypurrkunar eða annars atvinnureksturs, enda verði ákveðið gjald í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil eða annan mælibúnað við inntak og/eða frárennsli hvers hitakerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við hámarksrennsli um hemil, magn skv. mæli eða samkvæmt öðrum viðurkenndum mæliaðferðum.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils eða mælis sbr. 2. gr.

Hemlastillingu verður að jafnaði ekki breytt nema einu sinni á ári, í nóvember, enda verði beiðni þ. a. l. komið á framfæri við hitaveitu. Hámarksstilling hemils gildir frá 1. desember til 30. nóvember, þótt orkunotkun verði minni hluta ársins.

Heimilt er að víkja frá reglum um hámarksstillingu hemils ef um er að ræða sölu á orku að sumarlagi til heypurrkunar eða annars atvinnureksturs, sem getur nýtt umframorku á þessum árstíma. Orka til húshitunar á svæðinu hefur ætíð forgang umfram slíka orkusölu.

4. gr.

Vatn um hemil til húshitunar er selt í margfeldi af 0,25 úr mínútulítra, þó aldrei minna en 1,50 mínútulítrar.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins til húshitunar og neyslu eru sem hér segir:

- a) Vatnsgjald um hemil kr. 1 880,00
fyrir hvern mínútulítra á mánuði.

- b) Vatnsgjald um vatnsmæli kr. 81,50 fyrir hvern rúmmetra.
- c) Ef hitastig vatns við mörk byggðar er að jafnaði lægra en 80°C, skal hitaveitan leiðrétt vatnsmagn um hemla, þannig að vatnsskammtur sé aukinn um $\frac{1}{45}$ fyrir hverja gráðu sem hitastigið er undir 80°C. Leiðrétting verður að ná 0,25 mínútul. til að hitaveitunni sé skylt að framkvæma leiðréttingu samanber 1. mgr. Leiðrétting verður gerð einu sinni á ári sbr. 3. gr. Hliðstæð regla gildir ef um er að ræða sölu samkvæmt vatnsmæli.

Á gjöldin leggjast skattar samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma. Þegar um afnot á heitu vatni er að ræða til annars en húshitunar, sbr. 3. gr., getur hitaveitan vikið frá framangreindu verði og ákveðið gjaldið sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

5. gr.

Endurgjald fyrir kranavatn í húsum, sem ekki eru hituð með hitaveitu, skal vera 12% af áætluðum hitunarkostnaði með hitaveitu samkvæmt mati hitaveitunnar. Gjald þetta lækkar hlutfallslega ef hluti hússins er hitaður með vatni frá hitaveitunni.

6. gr.

Stofngjöld skal reikna af öllu húsrými á lóð. Heimilt er að undanskilja sérstakar óupphitaðar byggingar aðrar en bifreiðageymslur.

Stofngjald skal vera:

- a) Af öllu húsnæði öðru en um getur í liðum b og c hér á eftir:

Stærð húss	Stofngjald
250 m ³	kr. 42 300,00
251— 500 m ³	kr. 42 300,00 + 101,00 kr/m ³ yfir 250m ³
501—1500 m ³	kr. 67 550,00 + 59,20 kr/m ³ yfir 500m ³
1501—6000 m ³	kr. 126 750,00 + 38,00 kr/m ³ yfir 1500m ³
6000 m ³	kr. 297 750,00 + 29,80 kr/m ³ yfir 6000m ³

Lágmarksstofngjald fyrir íbúð í sambýlishúsi skal vera kr. 31 900,00
Sama gildir um annað húsnæði í slíkum byggingum.

- b) Fyrir rafkynt hús með þilofnum eða geislum sem einungis tekur heimæð til neysluvatnsnotkunar, skal greiða 40% af stofngjaldi skv. a-lið. Þetta gjald hækkar ekki þótt heimtaugin verði síðar notuð til húshitunar, ef sú breyting fer fram innan 5 ára.
- c) Hitaveitunni er heimilt að leggja sérstakar heimæðar, sem ekki eru ætlaðar til húshitunar skv. reikningi og fellur þá niður gjald skv. liðum a og b.

7. gr.

Af húsnæði sem tengist hitaveitu eftir að það hefur verið tekið í notkun, gjaldfalla 50% stofngjalds þegar hafin er lagning dreifæða og götuæða veitukerfis, sem bundin er ákveðnum framkvæmdaáföngum í viðkomandi hverfum, en eftirstöðvar gjaldsins gjaldfalla þegar tengingu heimæða er lokið.

Heimilt er hitaveitunni að veita lengri frest til að greiða eftirstöðvar gjaldsins.

Af nýju húsnæði og breytingum eða endurbyggingu á húsnæði, sem húseigendur geta miðað við að tengja hitaveitunni áður en það er tekið í notkun, gjaldfellur 50% stofngjalds við veitingu byggingarleyfis og eftirstöðvar við útgáfu fohheldisvottorðs samkvæmt gildandi gjaldskrá á þeim tíma.

Af húseignum, sem um gilda sérstök ákvæði eða sérsamningar um stofngjöld, t. d. vegna dreifðar byggðar, gjaldfellur stofngjald þegar tengingu heimæðar er lokið nema annað sé tekið fram í samningum.

8. gr.

Þegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notenda vegna vanskila, skal gjald fyrir að opna á ný vera kr. 1 880,00
Heimilt er hitaveitunni að krefjast greiðslu opnunargjalds áður en opnað er.

9. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð og skulu gjöldin greidd þar sem hitaveitan ákveður.
Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 21 dags frá gjalddaga.

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldenda.

11. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, þó ekki meira en nemur breytingum sem á nefndri vísitölu verða, enda liggi fyrir staðfesting ráðuneytisins hverju sinni.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. janúar 1987, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 188, 20. mars 1986.

Iðnaðarráðuneytið, 19. desember 1986.

Albert Guðmundsson.

Guðrún Skúladóttir.

REGLUGERÐ

um störf undanþágunefndar framhaldsskóla.

1. gr.

Menntamálaráðherra skipar undanþágunefnd framhaldsskóla til fjögurra ára í senn. Nefndin skal skipuð þremur fulltrúum, einum fulltrúa tilnefndum af Bandalagi kennarafélaga, einum fulltrúa tilnefndum af Háskóla Íslands og einum fulltrúa án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Jafnmarga varamenn skal skipa á sama hátt.

2. gr.

Sæki enginn framhaldsskólakennari um auglýst kennslustarf þrátt fyrir ítrekaðar auglýsingar getur skólastjóri sótt um heimild til undanþágunefndar framhaldsskóla við menntamálaráðuneytið til að lausráða tiltekinn starfsmann til kennslustarfa til bráðabirgða, þó aldrei lengur en til eins árs í senn.

Skólastjóri getur einnig leitað til undanþágunefndar ef hvorki hann eða neinn skólanefndarmaður mælir með umsókn framhaldsskólakennara og óskað eftir heimild nefndarinnar til að lausráða annan starfsmann.

3. gr.

Undanþágunefnd metur umsóknir skv. 2. gr. og úrskurðar hvort heimila skuli að lausráða tiltekinn réttindalausán umsækjanda til kennslustarfa.

Nefndin skal kynna sér hvort skilyrðum um auglýsingu hefur verið fullnægt. Þegar nefndin metur starfshæfni umsækjanda skal hún taka tillit til kennsluferils, menntunar, starfsaldurs, starfsreynslu og umsagna.

Nefndin skal leita umsagna telji hún það nauðsynlegt vegna skorts á upplýsingum.

4. gr.

Úrskurðir undanþágunefndar skulu vera skriflegir.

Verði ágreiningur í nefndinni um heimild til lausráðningar skal leita úrskurðar menntamálaráðherra.

5. gr.

Nú fæst heimild frá undanþágunefnd til að lausráða starfsmann og skal hann þá ráðinn með sérstökum ráðningarsamningi til ákveðins tíma með þriggja mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti. Slíkur starfsmaður má ekki bera starfsheitið framhaldsskólakennari.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. lögum nr. 48/1986 um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra og öðlast gildi hinn 1. janúar 1987.

Menntamálaráðuneytið, 15. desember 1986.

Sverrir Hermannsson.

Sólrún Jensdóttir.

REGLUGERÐ

um störf undanþágunefndar grunnskóla.

1. gr.

Menntamálaráðherra skipar undanþágunefnd grunnskóla til fjögurra ára í senn. Nefndin skal skipuð þremur fulltrúum, einum fulltrúa tilnefndum af Bandalagi kennarafélaga, einum fulltrúa tilnefndum af Kennaraháskóla Íslands og einum fulltrúa án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Jafnmarga varamenn skal skipa á sama hátt.

2. gr.

Sæki enginn grunnskólakennari um auglýst kennslustarf þrátt fyrir ítrekaðar auglýsingar getur skólastjóri sótt um heimild til undanþágunefndar grunnskóla við menntamálaráðuneytið til að lausráða tiltekinn starfsmann til kennslustarfa til bráðabirgða, þó aldrei lengur en til eins árs í senn.

Skólastjóri getur einnig leitað til undanþágunefndar ef hvorki hann, neinn skólanefndarmaður eða fræðslustjóri mælir með umsókn grunnskólakennara og óskað eftir heimild nefndarinnar til að lausráða annan starfsmann.

3. gr.

Undanþágunefnd metur umsóknir skv. 2. gr. og úrskurðar hvort heimila skuli að lausráða tiltekinn réttindalausán umsækjanda til kennslustarfa.

Nefndin skal kynna sér hvort skilyrðum um auglýsingu hefur verið fullnægt. Þegar nefndin metur starfshæfni umsækjanda skal hún taka tillit til kennsluferils, menntunar, starfsaldurs, starfsreynslu og umsagna.

Nefndin skal leita umsagna telji hún það nauðsynlegt vegna skorts á upplýsingum.

4. gr.

Úrskurðir undanþágunefndar skulu vera skriflegir.

Verði ágreiningur í nefndinni um heimild til lausráðningar skal leita úrskurðar menntamálaráðherra.

5. gr.

Nú fæst heimild frá undanþágunefnd til að lausráða starfsmann og skal hann þá ráðinn með sérstökum ráðningarsamningi til ákveðins tíma með þriggja mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti. Slíkur starfsmaður má ekki bera starfsheitið grunnskólakennari.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. lögum nr. 48/1986 um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólástjóra og öðlast gildi hinn 1. janúar 1987.

Menntamálaráðuneytið, 15. desember 1986.

Sverrir Hermannsson.

Sólrún Jensdóttir.

REGLUGERÐ

**um iðgjöld til slysatrygginga samkvæmt 4. mgr. 36. gr. laga nr. 67/1971,
um almannatryggingar, sbr. 5. gr. laga nr. 59/1978.**

1. gr.

Eigendur ökutækja og aflvéla, sbr. c-lið 29. gr. laga nr. 67/1971, skulu standa skil á föstu ársiðgjaldi til slysatrygginga sem hér segir:

	Kr.
Vegna bifreiðar	400,00
Vegna bifhjóls	400,00
Vegna bifhjóls með hjálparvél	300,00
Vegna vélsleða	300,00
Vegna heimilisdráttarvélar	300,00
Vegna rafstöðvar	150,00
Vegna súgþurrkunartækis	150,00
Vegna heyblásara	150,00
Vegna trillubáta	1 200,00

2. gr.

Vegna nýskráningar skrásetningarskyldra ökutækja skal innheimta ársiðgjöld til þess tíma, er færa skal ökutækið næst til skoðunar skv. reglum á hverjum tíma.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 36. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, sbr. 5. gr. laga nr. 49/1978 tekur gildi frá og með 1. janúar 1987. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 19/1986 með sama heiti.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 10. desember 1986.

Ragnhildur Helgadóttir.

Páll Sigurðsson

GJALDSKRÁ OG REGLUR

fyrir símaþjónustu.

(Söluskattur er ekki innifalinn).

Gildir frá 1. janúar 1987.

I. KAFLI

Gjaldskrá fyrir talsímanotendur í sambandi við sjálfvirkar miðstöðvar.

1. Stofngjald.

- 1.1. Fyrir númer í miðstöð og línu kr. 5 000,00
- 1.2. Símnótandi greiðir símatalfæri, húslagnir og hvers konar búnað, sem setja þarf upp, samkvæmt kostnaðarverði á hverjum tíma, sem telst innkaupsverð eða framleiðsluverð að viðbættum umsýslukostnaði. Símnótandi hefur ráðstöfunarrétt á þeim búnaði, sem greiddur hefur verið á kostnaðarverði. Þó er óheimilt að setja slíkan búnað í samband við hið almenna fjarskiptakerfi, nema með samþykki Póst- og símamálastofnunarinnar og gegn greiðslu, sem fyrir það er ákveðin á hverjum tíma, sbr. einnig 2.3. Póst- og símamálastjóri gefur út verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar og fjarrítvélar í samráði við ráðuneytið.

Stofngjaldið miðast við síma innan marka samfelldrar þéttar byggðar út frá hlutað-eigandi símstöð, samkvæmt nánari ákvörðun Póst- og símamálastofnunarinnar. Þó greiðist aukagjald, þegar leggja á síma í hús, sem stendur meira en 50 metra frá aðalvegi, þar sem aðaljarðsímur liggja.

Utan þessara marka greiðist aukastofngjald af línuleiðinni frá nefndum mörkum og til hlutaðeigandi notanda. Nefnd aukagjöld eru ákveðin af Póst- og símamálastofnuninni í hvert skipti.

Hluti af stofngjaldi — áætlaður helmingur — greiðist fyrir fram, þegar símapöntun hefur verið tekin til greina og undirbúningsframkvæmdir eru hafnar, og afgangurinn þegar síminn er tengdur, og er þá miðað við hina gildandi gjaldskrá á hverjum tíma.

Póst- og símamálastofnunin ákveður reglur um tengingar og lagnir fyrir notendabúnað.

2. Afnotagjald.

Afnotagjald greiðist ársfjórðungslega fyrirfram. Verði almenn hækkun afnotagjalds leyfð frá tilteknum degi, skulu þeir sem greitt höfðu fyrirfram, greiða hækkunina með síðari afnotagjaldsreikningi. Umframgjald miðast að jafnaði við notkun símans næsta eða næstsíðasta ársfjórðung á undan. Aflestur af skrefateljorum fer að jafnaði fram á tímabilinu 25. hvers mánaðar til mánaðamóta.

Þó má, þegar sérstaklega stendur á vegna tilfærslu á greiðslumánuði ársfjórðungs-gjalda, krefjast afnotagjalda 1—2 mánuði fram í tímann, þegar tilfærsla fer fram.

Enda þótt væntanlegur símnótandi, sem beðið hefur um síma, sé af einhverjum ástæðum ekki reiðubúinn til þess að taka við honum, þegar stofnunin getur veitt aðgang að númeri í miðstöð og línu, skal þó reikna hið venjulega afnotagjald af símanum strax frá þeim tíma, er stofnunin gat látið umbeðna þjónustu í té, og síðari hluta stofngjalds.

- 2.1. Ársfjórðungsgjaldið fyrir númer í miðstöð og línu er kr. 585,00 að viðbættum kr. 1,32 fyrir hvert teljaraskref umfram 600 á ársfjórðungi, nema þar sem notendafjöldi er yfir 20 000 á sama stöðvargjaldsvæði, þar verða 300 skref innifalin í fastagjaldinu.
- 2.2. Fyrir verslunar- og/eða atvinnusíma greiðist gjaldið 2.1. hér að framan, auk kr. 209,00 á ársfjórðungi.
- 2.3. Fyrir notendabúnað, sem Póst- og símamálastofnunin lætur í té, greiðist rekstrargjald samkvæmt verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið, eða afnotagjald skv. I. kafla 3. og 4. Þegar um er að ræða venjulegt símatalfæri fyrir eina línu greiðist ekki rekstrargjald, en í þess stað greiðist fyrir viðgerðir samkvæmt reikningi. Jafnframt er stofnuninni heimilt að fella niður rekstrargjald af öðrum notendabúnaði og greiðist þá fyrir viðhald og viðgerðir á þeim búnaði samkvæmt reikningi.

Hjá notendum, sem hafa tvær eða fleiri línur í sjálfskiptireit stöðvarinnar, er flokkunin miðuð við meðalskrefafjölda á númerunum.

Framangreind gjöld miðast við síma innan marka samfelldrar þéttar byggðar út frá hlutaðeigandi miðstöð, samkvæmt nánari ákvörðun Póst- og símamálastofnunarinnar.

Fjarlægðargjald reiknist af línuleiðum, þegar notandi er utan samfelldrar þéttar byggðar og fjarlægð frá almennu jarðsímanotendakerfi er yfir 500 metrar.

Gjald þetta skal vera sem hér segir á ársfjórðungi.

a. Lengd línuleiðar	0.5—1.0 km	kr.	164,00
b. Lengd línuleiðar	1.0—2.0 km	kr.	246,00
c. Lengd línuleiðar	2.0—4.0 km	kr.	410,00
d. Lengd línuleiðar	4.0—8.0 km	kr.	983,00
e. Lengd línuleiðar	yfir 8.0 km	kr.	1 311,00

3. Talfæri, talfærakerfi og fleira.

Hér er um að ræða búnað sem látinn var í té á stofngjaldi og ekki er gjaldfærður skv. kostnaðarverði og rekstrargjaldi skv. verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar og fjarritvélar.

	Stofngjald kr.	Afnotagjald á ársfj. kr.
3.1. Aukatalfæri með gaumskifu (blinker)	1 896,00	193,00
3.2. Talfæri með hringirafli (magnetu, DBH4)		196,00
3.3. Vatnspétt talfæri		228,00
3.4. Háatalarasími		784,00
3.5. 2ja línu talfæri Siemens	4 731,00 ²⁾	406,00
3.6. 2ja línu talfæri DBH (eldri gerð, svört)	2 382,00 ²⁾	323,00
3.7. Ritarasímar (sekreter), ATEA 812L, 1 lína, 2 talfæri		338,00 ³⁾ 4) ⁵⁾

Skýringar:

- 2) Uppsetning og flutningur greiðist samkv. reikningi, en áætlaður kostnaður greiðist sem innborgun með kostnaðargjaldi.
- 3) Á hvert talfæri.
- 4) Með öllum ATEA raðsímum fylgir ein bjalla fyrir hverja miðstöðvarlínu.
- 5) ATEA-kerfi sett upp fyrir 10. nóv. 1978, en öll önnur ATEA-kerfi eru í verðskrá.

	Stofngjald kr.	Afnotagjald á ársfj. kr.
3.8. Ritarasímar, AVH dialog, 2 línur, 2 til 3 talfæri	4 232,00 ²⁾³⁾	362,00 ³⁾
3.9. Ritarasímar, Siemens, 2 línur, 2 talfæri	11 530,00 ²⁾	971,00
3.10. Ritarasímar, DBH 3, 1 lína, 2 talfæri (eldri gerð, svört)	2 026,00 ²⁾³⁾	215,00 ³⁾
3.11. Raðsímar, ATEA 816, 1 lína, 3 til 6 talfæri		355,00 ³⁾⁴⁾⁵⁾
3.12. Raðsímar, ATEA 822, 2 línur, 1 til 2 talfæri		424,00 ³⁾⁴⁾⁵⁾
3.13. Raðsímar, ATEA 829, 2 línur, 3 til 10 talfæri		560,00 ³⁾⁴⁾⁵⁾
3.14. Raðsímar, ATEA 849, 4 línur, 3 til 10 talfæri		683,00 ³⁾⁴⁾⁵⁾
3.15. Raðsímar, Reiha 1/2, 1 lína, 2 til 3 talfæri	8 062,00 ²⁾³⁾	692,00 ³⁾
3.16. Raðsímar, Reiha 1/5, 1 lína, 3 til 6 talfæri	5 842,00 ²⁾³⁾	497,00 ³⁾
3.17. Raðsímar, Reipos 2/5, 2 línur, 3 til 6 talfæri	5 466,00 ²⁾³⁾	484,00 ³⁾
3.18. Raðsímar, Reipos 2/10, 2 línur, 7 til 11 talfæri	8 391,00 ²⁾³⁾	728,00 ³⁾
3.19. Fjöllínusímar, Makler, 8 línur, 2 til 12 talfæri		1 218,00 ³⁾
3.20. Millisamband á sömu lóð (hámark 50 m) DBH4 (magneto), talfæri innifalin	2 915,00 ²⁾	323,00
3.21. Millisamband á sama svæði DBH4 (magneto), talfæri innifalin	6 059,00 ²⁾	706,00
3.22. Millisamband milli svæða (Rvík) DBH4 (magneto), talfæri innifalin	6 059,00 ²⁾	4 177,00
3.23. Millisamband innanhúss DBH4 (magneto), talfæri innifalin	2 367,00 ²⁾	297,00
3.24. Millisamband milli húsa án tengingar við miðstöð . . .	6 059,00	1 717,00
3.25. Millisamband milli svæða (Reykjavík) án tengingar við miðstöð	6 059,00	5 179,00
3.26. Tengigjald, nýr sími í stað millisambands, talfæri ekki innifalið, kr. 829,00		
3.27. Útskipting á talfæri, kostnaðarverð.		

4. Einkasímstöðvar.

4.1. Handvirkar einkasímstöðvar (CB).

Uppsetningarkostnað einkasímstöðvar og allar talfæralagnir skal greiða skv. reikningi (efni og vinnu). Hér er átt við allar stofnlagnir, greini- og tengiskápa, tengilista, tengilagnir, tengla eða annan tengibúnað o. s. frv.

	Stofngjald kr.	Afnotagjald á ársfj. kr.
4.1.1. L.M.E. 1+3	18 172,00	361,00
4.1.2. L.M.E. 2+6	29 193,00	722,00
4.1.3. L.M.E. 3+9	43 086,00	1 082,00

Skýringar:

- 2) Uppsetning og flutningur greiðist samkv. reikningi, en áætlaður kostnaður greiðist sem innborgun með kostnaðargjaldi.
- 3) Á hvert talfæri.
- 4) Með öllum ATEA raðsímum fylgir ein bjalla fyrir hverja miðstöðvarlínu.
- 5) ATEA-kerfi sett upp fyrir 10. nóv. 1978, en öll önnur ATEA-kerfi eru í verðskrá.

	Stofngjald kr.	Afnotagjald á ársfj. kr.
4.1.4. L.M.E. 4+16	67 913,00	1 804,00
4.1.5. L.M.E. 5+30	69 507,00	3 157,00
4.1.6. L.M.E. 6+40	77 116,00	4 149,00
4.1.7. E.B. 6+30	70 782,00	3 247,00
4.1.8. ADG 101 8+40	165 523,00	4 330,00
4.1.9. ADG 101 16+80	217 819,00	8 659,00

4.2. Sjálfvirkar einkasímstöðvar (PABX).

Nýjar sjálfvirkar einkasímstöðvar eru settar upp gegn greiðslu kostnaðarverðs, sem reiknast hverju sinni, og rekstrargjalds, sem er 1,5% af kostnaðarverði á hverjum tíma á ársfjórðungi. Sjá þó ákvæði í I. kafla 2.3.

Uppsetningarkostnað símstöðvarinnar og allar talfæralagnir skal greiða skv. reikningi (efni og vinnu). Hér er átt við allar stofnlagnir innanhúss eða innan lóðar, greini- og tengiskápa, tengilista, tengilagnir, tengla eða annan tengibúnað o. s. frv.

4.2.1. Fyrir hvern númerabúnað í einkasímstöðvum		254,00
4.2.2. Fyrir hvern miðstöðvalínubúnað í einkasímstöðvum		508,00

Greiða skal $\frac{1}{3}$ hluta áætlaðs kostnaðargjalds, þegar stöðin er pöntuð, $\frac{1}{3}$ þegar stöðin kemur til landsins og eftirstöðvarnar áður en uppsetning hefst.

4.3. Búnaður og línur tengdar handvirkum og sjálfvirkum einkasímstöðvum í 4.1. og 4.2. og öðrum einkasímstöðvum.

4.3.1. Númer frá einkasímstöð í sama húsi. Talfæri ekki innifalið ..		91,00
4.3.2. Númer frá einkasímstöð í öðru húsi á sömu lóð (hámark 50 m). Talfæri ekki innifalið		132,00
4.3.3. Númer frá einkasímstöð á sama stöðvarsvæði. Talfæri ekki innifalið	4 210,00	532,00
4.3.4. Númer frá einkasímstöð á aðliggjandi stöðvarsvæði (Rvík). Talfæri ekki innifalið	4 210,00	4 004,00
4.3.5. Númer frá einkasímstöð út fyrir aðliggjandi stöðvarsvæði (Rvík). Talfæri ekki innifalið	4 210,00	5 721,00
4.3.6. Þverlínusamband milli einkasímstöðva á sama stöðvarsvæði. Endabúnaður greiðist skv. reikningi	4 210,00	3 476,00
4.3.7. Þverlínusamband milli einkasímstöðva á aðliggjandi stöðvarsvæðum (Rvík). Endabúnaður greiðist skv. reikningi	4 210,00	5 721,00
4.3.8. Þverlínusamband milli einkasímstöðva, sem eru ekki á aðliggjandi stöðvarsvæðum (Rvík). Endabúnaður greiðist skv. reikningi	4 210,00	7 465,00

5. Tegundaprófun tækja.

Skv. reglum nr. 293/1981 um heimild til innflutnings og sölu tækja til tengingar við sjálfvirka símkerfið.

	Kr.
5.1. Gjald fyrir tegundaprófun venjulegs talfæris	3 146,00
5.2. Gjald fyrir tegundaprófun annarra tækja er samkvæmt kostnaðarskýrslu.	
5.3. Gjald fyrir prófanir á einstökum venjulegum talfærum flutt inn af einstaklingum til eigin nota	315,00

Ef talfærið stenst ekki prófun er heimilt að fella niður þetta gjald.

6. Flutningsgjald.

	Kr.
6.1. Milli húsa á sama gjaldsvæði fyrir hvert símanúmer og venjulegan búnað . . . (Flutningsgjald greiðist að fullu, enda þótt sími sé fyrir í því húsi, sem flutt er í).	2 500,00
6.2. Milli stöðvargjaldsvæða	3 400,00
6.3. Til viðbótar 6.1. og 6.2. greiðir símnótandi húslagnir og tilheyrandi búnað, sem setja þarf upp, samkvæmt kostnaðargjaldi á hverjum tíma.	
6.4. Innanhúss samkvæmt kostnaðargjaldi.	

Flutningsgjöld fyrir annan búnað milli stöðvargjaldsvæða eru samkvæmt kostnaðargjaldi.

Sé sími fluttur á sama ári og hann er settur upp, eða oftast en einu sinni á sama ári, innan sama gjaldsvæðis, má lækka flutningsgjaldið skv. 6.1. niður í allt að kr. 1 285,00 ef flutt er innan 6 mánaða, en í allt að kr. 1 600,00 ef 6—12 mánuðir líða á milli.

7. Viðtökugjald og gjald fyrir númeraskipti.

Flytji aðili í húsnæði og óski að taka samtímis við símanúmeri af öðrum aðila, sem hættir að vera símnótandi og án breytinga á símalögn er gjaldið kr. 2 815,00, enda beri nýi símnótandinn ábyrgð á ógreiddum áföllnum símaskuldum.

Viðtökugjald lækkar í kr. 500,00 af heimilissíma þegar barn, barnabarn eða tengdabarn tekur við símanum af foreldri og gagnkvæmt. Sama gildir um systkini og maka þeirra.

Óski símnótandi að skipta um símanúmer og verði það samþykkt, er gjald fyrir slík númeraskipti kr. 1 000,00.

Viðtökugjald fyrir sérbúnað verður ákveðið af Póst- og símamálastofnuninni í hvert skipti.

Fyrir makaskipti á símanúmerum án nokkurra breytinga á búnaði og lögn skal hvor aðili greiða hálf tölubúnaðsgjald sbr. 6.1 og 6.2 hér að framan.

8. Uppsögn.

Segja má símasambandinu upp um mánaðamót með minnst eins mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.

9. Lánssímar.

Þegar sérstaklega stendur á, svo sem þegar um bráðabirgðasíma er að ræða, má þó leigja afnot af síma fyrir lægra gjald en venjulegt árlegt afnotagjald, og ákveður Póst- og símamálastofnunin þá gjaldið í hverju tilviki með tilliti til aðstæðna. Sama gildir um stofngjald.

10. Viðhald notendabúnaðar.

Viðhaldskostnaður notendabúnaðar, sem stofnunin selur greiðist skv. reikningi eða er innifalinn í rekstrargjaldi búnaðarins skv. verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið, ef um eðlilegt slit er að ræða, eða afnotagjaldi skv. I. kafla 3. og 4. Sjá þó ákvæði í I. kafla 2.3.

Notandi skal sjálfur annast og bera kostnað af tryggingu búnaðar í eigu Póst- og símamálastofnunar, sem er í hans vörslu, gagnvart bruna, vatnsskaða eða öðru tjóni.

II. KAFLI

Notendasímar í sveitum.

Um notendasíma á ábýlisjörðum í sveitum gilda eftirfarandi reglur:

1. Stofngjald.

Stofngjald fyrir sjálfvirka síma er sama og í I. kafla.

2. Afnotagjald á ársfjórðungi.

- 2.1. Fyrir hvert handvirkt númer í miðstöð og línu í sambandi við miðstöð kr. 325,00.
- 2.2. Fyrir hvert sjálfvirkt númer í miðstöð og línu greiðist sama gjald og um getur í I. kafla 2.
- 2.3. Fyrir annan notendabúnað en aðaltalfæri greiðist rekstrargjald eða afnotagjald samkvæmt verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið.
- 2.4. Viðhaldskostnaður aðaltalfæris er innifalinn í afnotagjaldi skv. 2.1., ef um eðlilegt slit er að ræða. Viðhaldskostnaður annars notendabúnaðar sem stofnunin selur, greiðist skv. reikningi eða er innifalinn í rekstrargjaldi eða afnotagjaldi búnaðarins skv. verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið, ef um eðlilegt slit er að ræða. Sjá þó ákvæði í I. kafla 2.3.

3. Almenn ákvæði.

- 3.1. Síminn fylgir jörðinni, og má ekki rifta því. Nýr ábúandi á jörðinni þarf ekkert viðtökugjald að greiða.
- 3.2. Ef notandi óskar flutnings á símanum, greiðir hann kostnað eftir reikningi.
- 3.3. Leggist jörð í eyði eða ef ábúandi vill ekki hafa símann, má taka hann burtu. Línuna skal þó ekki taka niður á fyrsta ári, ef líkur benda til, að jörðin verði aftur í byggð eða ábúendaskipti verði. Skal haft um þetta samráð við hlutaðeigandi oddvita.
- 3.4. Símnótnendur eru að sjálfsögðu háðir sömu reglum og venjum, sem almennt gilda um meðferð símtækja og starfrækslu notendasíma.
- 3.5. Póst- og símamálastofnunin hefur að sjálfsögðu, hvenær sem er, heimild til að fjölga sínum út frá notendasímalínunum eða í framhaldi af þeim.
- 3.6. Stofngjöld greiðast fyrirfram og eigi síðar en þegar síminn er tengdur í samband. Afnotagjald greiðist fyrirfram fyrir einn ársfjórðung í senn, og eru gjalddagar 1. virkan dag í janúar, apríl, júlí og október. Verði almenn hækkun afnotagjalds leyfð frá tilteknum degi, skulu þeir sem greitt höfðu fyrirfram, greiða hækkunina með síðari afnotagjaldsreikningi.
Þegar um nýtt gjald er að ræða, fer gjaldið í fyrsta sinn eftir því, hve langur tími er eftir af ársfjórðungnum, sem stendur yfir, þegar símasambandið er opnað, og telst þá hluti úr mánuði sem heill mánuður.
- 3.7. Undir ákvæði þessa kafla gjaldskrárinnar falla símar bænda í sveitum almennt, nema þeirra, sem búa í hverfum, þorpum, kaupúnum eða í nágrenni þeirra. Um síma þeirra fer eftir ákvæði I. kafla eftir því, sem við á, allt samkvæmt ákvörðun Póst- og símamálastofnunarinnar. Þannig greiðist afnotagjald fyrir síma í sumarbústöðum, veiðiskálum, íþróttaskálum, skólum, gisti- og veitingastöðum, hjá iðnrekendum, atvinnurekendum eða verslunum o. s. frv., samkvæmt I. kafla, en ekki samkvæmt þessum kafla. Um síma hjá öðrum aðilum eða stofnunum í sveit, eða þar sem sérstaklega stendur á, fer í hvert skipti eftir ákvörðun Póst- og símamálastofnunarinnar eða eftir samkomulagi.

III. KAFLI Símtalagjald.

1. Símtalagjald innanlands.

Gjöld fyrir bæjar- og langlínusímtöl sem valin eru sjálfvirkt innanlands:

Símtöl eru gjaldfærð samkvæmt tímamælingu sem skráð er í skrefum á teljara hlutaðeigandi síma. Fyrsta talning kemur ætíð við svar. Líkur fyrir fjölda talninga ákvarðast af eftirfarandi líkingu:

$$F = 1 + n + \frac{t - ns}{s}$$

F = Fjöldi talninga símtals

s = Skreflengd í viðkomandi gjaldflokki

n = Fjöldi viðtalsbila að tímalengd s.

$$n = \begin{cases} 0, & t < s \\ 1, 2, 3, \dots & t \geq s \end{cases}$$

t = lengd símtalsins.

$\frac{t - ns}{s}$ = Líkindi fyrir talningu til viðbótar við svartalninguna og fjölda viðtalsbila, n.

$$0 \leq \frac{t - ns}{s} < 1$$

Mæla skal t og s í sömu einingum, sekúndum eða mínútum.

1.1. Dagtaxti er frá kl. 08.00 til kl. 19.00 frá mánudegi til föstudags.

Gjaldflokkur	sek. í skrefi
0 bæjarsímtöl	360 sek.
1	60 sek.
2	18 sek.
3	12 sek.

1.2. Nætur og helgartaxti er frá kl. 19.00 til kl. 08.00 frá mánudegi til föstudags og frá kl. 19.00 á föstudegi til kl. 08.00 næsta mánudag.

Gjaldflokkur	sek. í skrefi
0 bæjarsímtöl	Ót. tími
1	90 sek.
2	27 sek.
3	18 sek.

1.3. Sveitabæir með sjálfvirkan síma hafa gjaldflokk 0 við símtöl til annarra notenda sömu símsstöðvar.

2. Langlínusímtöl afgreidd um handvirkar miðstöðvar.

	Minnsta gjald kr.	Umframgjald pr. mín. kr.
2.1. Um 0— 10 km línulengd	9,75	3,25
— 10— 25 km línulengd	16,05	5,35
— 25—100 km línulengd	21,45	7,15
Yfir 100 km línulengd	25,80	8,60

Framanefnt símtalagjald gildir ekki, þegar um sjálfvirka afgreiðslu milli stöðva er að ræða, en þá er í hverju tilfalli ákveðið hvernig reikna skuli greiðslu fyrir millistöðva-símtöl.

- 2.2. Hraðsímtal: þrefalt venjulegt símtalagjald.
- 2.3. Forgangshraðsímtal: tífalt venjulegt símtalagjald.
- 2.4. Kvaðning kr. 15,00. Kvaðningargjald greiðist hvort sem náðst hefur í umbeðinn mann eða ekki.
- 2.5. Afgreiðslugjald: kr. 35,00 reiknast ávallt fyrir handvirka afgreiðslu símtala um leiðir, þar sem sjálfvirkt langlínusamband er fyrir. Kvaðning er ekki innifalin.
- 2.6. Boðsending: kr. 25,00 á venjulegu útburðarsvæði símstöðva, og kr. 25,00 fyrir hvern byrjaðan km út fyrir það. Boðsendingargjaldið greiðist hvort sem úr símtali verður eða ekki.

3. Sjálfvirk símtöl frá símaafgreiðslu.

Staðgreidd sjálfvirk símtöl frá símaafgreiðslu, viðskiptavinur velur sjálfur, kr. 1,90 fyrir hvert teljaraskref.

4. Radíó-símtöl við skip og báta.

Gjöld fyrir símtöl um íslenskar strandarstöðvar milli íslenskra skipa og lands:

- 4.1. Línugjald kr. 15,60 fyrir fyrstu 3 mín. og kr. 5,20 fyrir hverja mín. eða brot úr mín. þar fram yfir.
- 4.2. Strandargjald kr. 33,00 fyrir fyrstu 3 mín., ef skipið er ekki meira en 150 sjómíllur frá landi, en annars kr. 45,30 fyrir 3 mín. og kr. 11,00 eða kr. 15,10 fyrir hverja mín. eða brot úr mín. þar fram yfir.
- 4.3. Skipsgjald mismunandi eftir skipum, sé gjaldið tekið.
- 4.4. Aukaþjónusta eftir tegund, að ósk samtalsbeiðanda, greiðist samkvæmt III. kafla 2.
- 4.5. Fyrir radíósímtöl við skip til eða frá útlöndum er gjaldið þannig reiknað:
 - a. Gjald milli Íslands og hlutaðeigandi lands.
 - b. Strandargjald.
 - c. Skipsgjald, ef skipið tekur slíkt gjald.
 - d. Gjald fyrir aukaþjónustu að ósk samtalsbeiðanda, sem greiðist samkv. III., kafla 2.

5. Símtalagjöld milli Íslands og annarra landa.

Þau ákvarðast eftir alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir Póst- og símamálastofnunin þau, eins og þau eru á hverjum tíma. Fyrir sjálfvirkt val til útlanda gilda ekki næturtaxtar eins og fyrir val innanlands.

IV. KAFLI

Gjaldskrá fyrir farsímanotendur.**1. Farsímaþjónusta.**

Í farsímaþjónustunni eru afgreidd sjálfvirk og handvirk símtöl. Fyrir þessa þjónustu greiðist stofngjald, afnotagjald og viðskiptagjald.

- 1.1. Stofngjald er kr. 5 000,00 fyrir hverja stöð og greiðist við úthlutun númers.
- 1.2. Afnotagjald er kr. 585,00 á ársfjórðungi sem greiðist fyrirfram. Verði almenn hækkun afnotagjalds leyfð frá tilteknum degi, skulu þeir sem greitt höfðu fyrirfram, greiða hækkunina með síðari afnotagjaldsreikningi.
- 1.3. Viðskiptagjald fyrir sjálfvirka þjónustu er mínútagjald. Gjaldið er kr. 6,60 fyrir hverja mínútu innanlands. Fyrir brot úr mínútu greiðist gjald sem er hlutfallslegt við gjald fyrir heila mínútu.
- 1.4. Viðskiptagjald fyrir handvirka afgreiðslu er afgreiðslugjald og mínútagjald. Afgreiðslugjald er kr. 4,30 fyrir hvert símtal og mínútagjald er kr. 8,60 fyrir hverja byrjaða mínútu innanlands.

2. Sérþjónusta í sjálfvirka farsímakerfinu.

- 2.1. Símtalsflutningur ef ekki er svarað.
 - 2.1.1. Stofngjald kr. 440,00.
 - 2.1.2. Ársfjórðungsgjald kr. 143,00.
- 2.2. Læsing til útlanda.
 - 2.2.1. Stofngjald kr. 1 610,00.
 - 2.2.2. Ársfjórðungsgjald kr. 36,00.

3. Sundurliðun reikninga í sjálfvirka farsímakerfinu.

Notendum er gefinn kostur á upplýsingum um A- og B-númer, dagsetningu og tímalengd símtala, gegn greiðslu eftirfarandi gjalda:

- 3.1. Símtöl til útlanda.
 - 3.1.1. Stofngjald kr. 440,00.
 - 3.1.2. Ársfjórðungsgjald kr. 143,00.
 - 3.1.3. Gjald pr. símtal kr. 2,75.
- 3.2. Öll símtöl.
 - 3.2.1. Stofngjald kr. 440,00.
 - 3.2.2. Ársfjórðungsgjald kr. 143,00.
 - 3.2.3. Gjald pr. símtal kr. 2,75.

V. KAFLI

Símskeyta- og símatelexgjöld.**1. Gjald fyrir símskeyti innanlands.**

- 1.1. Venjulegt símskeyti: Grunnngjald kr. 29,60 og kr. 1,90 fyrir hvert orð: Lágmarksorðafjöldi 7 orð.
- 1.2. Hraðskeyti: Tvöfalt venjulegt skeytagjald.
- 1.3. Veðurskeyti: Kr. 16,60 fyrir hvert skeyti.
- 1.4. Heillaskeyti: Sama og fyrir venjulegt símskeyti, auk kr. 25,00 fyrir heillaskeytiseyðublaðið.

- 1.5. Samúðarskeyti: Grunnjald kr. 29,60. Sendanda er í sjálfsvald sett, hve mikið hann gefur, og rennur sú upphæð óskert til Landspítalásjóðs.
- 1.6. Sendiferðir með símskeyti: Símskeyti eru borin út endurgjaldslaust allt að einum kílómetra frá símstöð. Í bæjum og kaupúnum er útburðarsvæðið þó miðað við samfellda byggð. Ef senda þarf með skeyti út fyrir útburðarsvæðið, skal greiða kr. 25,00 fyrir hvern kílómetra. Þetta gildir um fjarlægð, er nemur allt að 10 kílómetrum og undir venjulegum kringumstæðum. Þegar vegalengdin er meiri, skal greiða gjald, sem ákveðið er eftir fyrirspurn í hvert skipti.
Þótt ekki sé greitt fyrir sendiferð með símskeyti, sem afhenda skal utan útburðarsvæðis, ber símstöðinni að greiða fyrir því, að símskeytið komist til viðtakanda svo fljótt sem unnt er, t. d. með því að sæta tækifærisferðum eða næstu póstferð eða láta vita af því í síma eða á einhvern annan tiltækan hátt.
- 1.7. Fyrir fram greitt svar (RP): Ef sendandi óskar að greiða gjald fyrir svarskeyti, skal skrifa RP fyrir framan nafnkveðjuna og tiltaka jafnframt orðafjölda svarskeytisins. RP 10 þýðir, að svar sé greitt fyrir 10 orða skeyti.
- 1.8. Samanburður til tryggingar gegn missímun (TC): Aukagjald er helmingur venjulegs símskeytagjalds.

2. Gjald fyrir símskeyti til útlanda.

Gjöld fyrir símskeyti til útlanda eru ákveðin af alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir Póst- og símamálastofnunin þau eins og þau eru á hverjum tíma.

3. Gjald fyrir skeytaafgreiðslu við skip og báta.

- 3.1. Almenn loftskeyti.
 - 3.1.1. Gjald fyrir loftskeyti til og frá íslenskum skipum um íslenskar strandarstöðvar, ef afhendingar- eða ákvörðunarstöð skeytis er á Íslandi, er þannig reiknað:
 - a. Grunnjald fyrir hvert skeyti kr. 29,60.
 - b. Línugjald kr. 1,90 á hvert orð.
 - c. Strandargjald kr. 2,20 hvert orð.
 - d. Skipsgjald, ef skipið tekur slíkt gjald.
 - e. Gjald fyrir aukabjónustu að beiðni sendanda.
Minnsta gjald er hið sama og fyrir 7 orð.
 - 3.2. Sérstök loftskeyti.
 - 3.2.1. Gjald fyrir veðurskeyti frá veðurathugunarstöðvum og ísl. skipum til Veðurstofu Íslands um strandarstöðvar Póst- og símamálastofnunarinnar er kr. 16,60 að viðbættu hálfu strandargjaldi fyrir 10 orð eða kr. 11,00.
 - 3.2.2. Gjöld fyrir önnur loftskeyti og aukabjónustu eru í samræmi við 1. og 2. grein þessa kafla.
 - 3.3. Gjöld erlendra skipa eru samkvæmt alþjóðagjaldskrá.

4. Símatelex.

- 4.1. Gjald fyrir sendingu.
 - 4.1.1. Grunnjald fyrir hvert sent telex kr. 90,00.
 - 4.1.2. Afgreiðslugjald fyrir hverja byrjaða mínútu í sendingu telex frá kl. 8.00 til kl. 21.00 kr. 45,00.
 - 4.1.3. Mínútugjald er gildandi telexgjald til hvers lands, tekið fyrir hverja byrjaða mínútu.
- 4.2. Gjald fyrir móttöku.
 - 4.2.1. Símnefni á ári kr. 400,00.
 - 4.2.2. Ársfjórðungsgjald fyrir áskrift að símatelex kr. 385,00.
 - 4.2.3. Afgreiðslugjald pr. telex (úthringing skv. reglum og póstsending) kr. 90,00.

5. Stöðvartelex.

5.1. Gjald fyrir sendingu.

5.1.1. Grunnjald fyrir hvert sent telex kr. 90,00.

5.1.2. Mínútgjald er gildandi telexgjald til hvers lands, tekið fyrir hverja byrjaða mínútu.

5.1.3. Aðstoðargjald fyrir hverja byrjaða mínútu í sendingu telex kr. 35,00.

VI. KAFLI**Fjarritvélar.****1. Stofngjald.**

	Kr.
1.1. Númer í telexstöð	9 240,00
1.2. Bæjarlína	2 310,00
1.3. Venjuleg fjarritvél af eldri gerð	25 323,00
Venjuleg fjarritvél af nýrri rafeindagerð, sjá Verðskrá.	
1.4. Innbyggður endurgati	4 506,00
1.5. Innbyggður vélsendir	4 506,00
1.6. Morsetæki (vélsendir eða vélgatari)	10 388,00
1.7. Afriðill	2 236,00
1.8. Tengipúlt	3 322,00
1.9. Fyrir útskiptingu á fjarritvélum, ef leyft verður, greiðist fullt stofngjald, eða kostnaðarverð ásamt uppsetningarkostnaði.	
1.10. Viðtökugjald fyrir telexnúmer og búnað, ef leyft verður	2 236,00
1.11. Breyting á telexheiti	1 185,00

2. Afnotagjald á ársfjórðungi.

2.1. Númer í telexstöð	1 513,00
2.2. Bæjarlína	385,00
2.3. Venjuleg fjarritvél af eldri gerð. Viðhald innifalið án kostnaðar við utanbæjarferðir, án pappírs og leturborða. Viðhald utan dagvinnutíma sé þess óskað, greiðist sérstaklega	9 930,00
Venjuleg fjarritvél af nýrri rafeindagerð, sjá Verðskrá.	
2.4. Innbyggður endurgati	1 458,00
2.5. Innbyggður vélsendir	1 458,00
2.6. Morsetæki (vélsendir eða vélgatari)	5 326,00
2.7. Afriðill	1 185,00
2.8. Tengipúlt	1 503,00
2.9. Fyrir ritsímataeki, sem nota 75 Baud hraða í stað 50 Baud hækkar leigan um 25%.	
2.10. Fyrir ICAO ritsímataeki á Keflavíkflugvelli greiðist 40% hærri leiga, en kostnaður sbr. 2.3. vegna utanbæjarferða fellur niður.	
2.11. Fyrir ritsímataeki, sem eru í notkun allan sólarhringinn, hækkar leiga um 20%.	

3. Flutningsgjald fyrir venjulega fjarritvél.

3.1. Milli húsa á svæði sömu símstöðvar	4 232,00
3.2. Innanhúss	2 141,00
3.3. Frá húsi á svæði annarrar símstöðvar	6 380,00

4. Gjald fyrir telexritanir.

- 4.1. Telexritanir innanlands greiðast með kr. 1,32 fyrir hvert teljaraskref, og samsvarar það kr. 3,30 á mínútu.
- 4.2. Gjald fyrir telexritanir til útlanda ákvarðast af alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum og tilkynnir Póst- og símamálastofnunin þau eins og þau eru á hverjum tíma.

5. Leiga, uppsögn o. fl.

Stofngjald greiðist fyrirfram, áður en uppsetning er hafin, og afnotagjöld ber að greiða ársfjórðungslega fyrirfram, og eru gjalddagar hinir sömu og fyrir afnotagjald af síma. Hluti úr mánuði telst sem heill mánuður við fyrsta reikning.

Notandi skal sjálfur annast og bera kostnað af tryggingu fjarritabúnaðar í eigu Póst- og símamálastofnunar, sem er í hans vörslu, gagnvart bruna, vatnsskaða eða öðru tjóni.

Segja má sambandinu upp um mánaðamót með eins mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.

Upplýsingar um endurkaupsverð búnaðar fást hjá Póst- og símamálastofnuninni hverju sinni.

VII. KAFLI

Gagnaflutningsnet og mótöld (modem).

Í almenna gagnaflutningsnetinu eru skiptistöðvar víðs vegar um landið. Gögn eru send um netið líkt og pakkar með heimilisfangi viðtakanda. Í skiptistöðvum eru gagnapakarnir lesnir sundur og sendir áfram í rétta átt. Notendur verða ýmist tengdir stöðvunum með beinum línunum eða þeir geta valið línu með því að nota sjálfvirka símakerfið eins og þegar hringt er í síma. Hver notandi kaupir rétt til gagnaflutnings á tilteknum hámarkshraða. Í þessari gjaldskrá eru einungis gjöld fyrir notkun innanlands en gjöld fyrir gagnaflutning milli landa eru ákveðin hverju sinni í samræmi við alþjóðasamninga og gengisskráningu.

1. Stofngjald.

- 1.1. Stofngjald fyrir afnot af gagnaflutningsnetinu fer eftir hámarkshraða sendinga sem hér segir:

- 1.1.1. Fyrir notandalínu samkvæmt staðlinum X.25

Hraði (b/s)	2 400	4 800	9 600	19 200
Stofngjald kr.	13 200,00	18 500,00	26 400,00	37 000,00

- 1.1.2. Fyrir notandalínu samkvæmt stöðlunum X.3 og X.28 (PAD)

Hraði (b/s)	300	1 200	2 400	4 800	9 600	19 200
Stofngjald kr.	7 800,00	9 300,00	10 700,00	12 300,00	14 200,00	16 400,00

- 1.1.3. Fyrir fjölrásanotkun á notandalínu greiðist 440,00 krónur fyrir hverja rás sem bætist við á línunni (gildir einungis um búnað í samræmi við staðalinn X.25, sbr. 1.1.1.).

- 1.1.4. Þeir sem tengjast gagnaflutningsnetinu með hringimótaldi, greiða skráningargjald en ekki stofngjald. Skráningargjaldið er 1 265 krónur.

2. Afnotagjald.

- 2.1. Ársfjórðungsgjald fer eftir hámarkshraða sendinga sem hér segir:

- 2.1.1. Fyrir notandalínu samkvæmt staðlinum X.25

Hraði (b/s)	2 400	4 800	9 600	19 200
Ársfjórðungsgjald kr.	8 800,00	12 300,00	17 600,00	25 000,00

2.1.2. Fyrir notandalínu samkvæmt stöðlunum X.3 og X.28 (PAD)

Hraði (b/s)	300	1 200	2 400	4 800	9 600	19 200
Ársfjórðungsgjald kr.	3 300,00	3 900,00	4 400,00	5 100,00	5 700,00	6 600,00

2.1.3. Ársfjórðungsgjald af tengingu við gagnanetið með hringmótaldi er 630 krónur.

2.1.4. Fyrir fjölrásanotkun á einni notandalínu greiðist 110 krónur á ársfjórðungi fyrir hverja rás sem bætist við á línunni (gildir einungis um búnað í samræmi við staðalinn X.25, sbr. 2.1.1.).

2.2. Fast gjald er tekið fyrir hvert samband en síðan er greitt fyrir gagnaflutning eftir því hve langan tíma hann tekur og hversu mikið er flutt.

2.2.1. Gjald fyrir hvert samband er 30 aurar.

2.2.2. Tímagjald er miðað við mínútu. Fyrir hverja byrjaða mínútu er tímagjald:

Innan stöðvarsvæðis í gagnanetinu . . . 5,5 aurar

Milli stöðvarsvæða í gagnanetinu . . . 8,5 aurar

Ef hringimótald er notað (sbr. 1.1.4.), skal greiða 88 aura á mínútu til viðbótar þessum gjöldum.

2.2.3. Gjaldeining gagnaflutnings heitir gagnasneið og er hver sneið 64 átta bita bæti. Gjald fyrir hverja byrjaða gagnasneið er:

Innan stöðvarsvæðis í gagnanetinu . . . 1,0 eyrir

Milli stöðvarsvæða í gagnanetinu . . . 1,5 eyrir

2.3. Þegar notuð er fasttengd lína í gagnaflutningsnetinu er greitt ársfjórðungsgjald í stað sambandsgjalds og tímagjalds sem hér segir:

Innan stöðvarsvæðis í gagnanetinu . . . 3 250 krónur

Milli stöðvarsvæða í gagnanetsins . . . 3 690 krónur

Þar að auki greiðist magngjald samkvæmt 2.2.3. af slíkum netleigulínum.

3. Mótöld fyrir gagnaflutning.

Mótöld eru sett upp gegn greiðslu kostnaðarverðs á hverjum tíma. Það er innkaupsverð að viðbættum umsýslukostnaði. Rekstrargjald á ársfjórðungi er 3.0% af kostnaðarverði á hverjum tíma. Kostnað vegna viðhalds og viðgerða, sem óskað er eftir utan dagvinnutíma, skal greiða sérstaklega.

Uppsetningarkostnaður ásamt tilheyrandi lögnum svo og ferðakostnaður vegna uppsætningar og viðhalds greiðist samkvæmt reikningi.

VIII. KAFLI

Sambönd og línur.

Póst- og símamálastofnunin rekur samfellt línukerfi um mestallan hluta landsins. Skipta má línur í tvo flokka, notandalínur og langlínur. Notandalína er höfð til að tengja notanda við þá miðstöð, sem er næst honum og hann hefur númer í. Gjald fyrir slíkar línur innan marka samfelldrar þéttar byggðar er innifalið í stofngjaldi og afnotagjaldi símnótanda sbr. I. kafla. Utan marka samfelldrar byggðar greiðist aukastofngjald samkvæmt ákvörðun stofnunarinnar en auk venjulegs afnotagjalds greiðist fjarlægðargjald samkvæmt I. kafla.

Notendur geta óskað eftir númeri í annarri miðstöð en þeirri sem næst þeim er, gegn greiðslu línuleigu, sem er miðuð við skrefagjald á viðkomandi leið sbr. 2.2.1.

Langlínur tengja saman stöðvar og gera notendum kleift að hringja sjálfvirkt eða með handvirkri þjónustu milli miðstöðva. Gjöld fyrir þessa notkun eru talin upp í III. kafla.

Auk fyrrgreindrar notkunar, sem er hluti af hinni almennu símaþjónustu, leigir stofnunin línur fyrir tal, gagnaflutning, dagskrármerki, fjarstýringar o.fl. Línurnar eru ýmist notendalínur eða langlínur eða samtenging hvorratveggja. Ef völ er bæði á notenda- og langlínunum á tiltekinni leið, ákveður Póst- og símamálastofnunin, hvora tegundina skal nota.

Leigulínur fyrir tal og gagnaflutning má ekki nota án sérstakrar heimildar frá Póst- og símamálastofnuninni fyrir hærri tíðni en 4 KHz. Undanþeginn þessu ákvæði er gagnaflutningur með grunnbandsmótöldum fyrir hraða upp í 19,2 kb/s, en slík sambönd skulu þá takmörkuð við svæði einnar símstöðvar.

1. Stofngjöld fyrir leigulínur.

- 1.1. Fyrir línur í notendakerfi greiðist stofngjald, sem jafngildir 2 ára leigu, samkvæmt gildandi gjaldskrá, þegar línan er tekin á leigu.
- 1.2. Fyrir línur í langlínukerfi milli stöðvasvæða (langlínur) ákveðst stofngjald af Póst- og símamálastofnuninni hverju sinni með hliðsjón af tilkostnaði.

2. Afnotagjöld fyrir leigulínur.

- 2.1. Afnotagjöld fyrir línur í notendakerfum eru miðuð við lengd línunnar og reiknast í hálfis km þrepum þó lágmark fyrir 2 km ef annað er ekki tekið fram. Þau eru háð notkun og er ársfjórðungsgjald sem hér segir fyrir hvern km.:

	2 víra	4 víra
2.1.1. Tallína	270,00	430,00
2.1.2. Lína fyrir gagnasendingar	340,00	540,00
2.1.3. Dagskrárlína fyrir hljóðvarp á grunnlínu	1 280,00	1 440,00
2.1.4. Dagskrárlína fyrir stereo hljóðvarp á stafrænum flutningskerfum. Kr. 50 000,00 óháð lengd og pr. km		1 000,00
2.1.5. Fjarstýringarlína	270,00	430,00
2.1.6. Ritsímalína í tónritsíma		140,00
2.1.7. 64 kb/s flutningsleið milli einkabúnaðar sama notanda. Lágmark fyrir 5 km		2 500,00
2.1.8. 2 mb/s flutningsleið milli einkabúnaðar sama notanda. Lágmark fyrir 5 km		10 000,00

Ritsímalína, sem ekki er flutt á tónritsíma, reiknast sem tallína.

Ef ekki er unnt að láta línu í notendakerfi og hún er flutt á langlínukerfi innan gjaldsvæðis skal gjaldið vera 50% hærra en taflan sýnir.

- 2.2. Afnotagjöld fyrir línur milli stöðvasvæða eru sem hér segir á ársfjórðungi:
 - 2.2.1. Fyrir línu milli einkasímabúnaðar notanda og símstöðvar á öðru gjaldsvæði sem samsvarar 16 250 mínútum á því gjaldi, sem gildir fyrir sjálfvirkt val á milli viðkomandi gjaldsvæða.
 - 2.2.2. Fyrir tallínu milli einkabúnaðar notanda á mismunandi stöðvasvæðum er gjaldið kr. 13 200,00 fyrir hvern endapunkt og útgangspunkt og kr. 135,00 fyrir hvern km. Fjarlægðin er reiknuð eins og leið liggur í símakerfinu milli viðkomandi símstöðva, en til viðbótar reiknast fjarlægðin frá símstöð til notandans sbr. 2.1.

- 2.2.3. Fyrir línur fyrir gagnasendingar er gjaldið reiknað eins og í 2.2.2. en með stuðli, sem ákveðst af hraða sendingar.

Flokkur	Hraði (bitar/s)	Margföldunarstuðull
A1	101 — 300	0,33
A2	301 — 2 400	0,80
A3	2 401 — 4 800	1,00
A4	4 801 — 9 600	1,30
A5	9 601 — 19 200	1,60

Ef ekki er hægt að láta í té línu á tilskyldum hraða, er boðin lína í næsta flokki við. Notandi tilgreinir sendingarhraða en ef ekkert er tekið fram er gert ráð fyrir 4 800 bitum/s.

Ef ekki er hægt að mæta ósk notanda um línu í flokki A1 á viðkomandi leið fær hann línu í flokki A2 á því gjaldi, sem honum fylgir.

- 2.2.4. Fyrir ritsímalínur í tónritsímakerfum er gjaldið reiknað eins og í 2.2.2. en með stuðli, sem ákveðst af hraða sendingar.

Flokkur	Hraði (Baud)	Margföldunarstuðull
B1	50	0,20
B2	75	0,22
B3	100	0,24
B4	300	0,33

Ef óskað er eftir ritsímalínu á leigu á leið þar sem ekki er tónritsímakerfi, fær notandi tallínu til afnota og er þá reiknað með margfeldisstuðli jafnt og 1.

- 2.2.5. Gjald fyrir fjarstýringarlínur er hið sama og fyrir tallínur, ef heil lína er tekin undir fjarstýringuna. Ef fjarstýring getur, án þess að valda truflunum, farið fram á línu, sem notuð er fyrir tal, skal gjaldið vera 25% af því, sem reiknað er samkvæmt 2.2.2.

- 2.2.6. Gjald fyrir dagskrárlínur fyrir hljóðvarp er reiknað samkvæmt 2.2.2. en með margföldunarstuðli eftir bandbreidd.

Flokkur	Bandbreidd	Margföldunarstuðull
C1	3 KHz	1,0
C2	15 KHz	1,4
C3	2x15 KHz	2,8

- 2.3. Leigur fyrir línur til annarrar notkunar en getið hefur verið ákvarðast af Póst- og símamálastofnun hverju sinni. Skemmstur leigutími er 6 mánuðir en annars er gagnkvæmur uppsagnarfrestur 3 mánuðir.

3. Leigur í stuttan tíma.

- 3.1. Eftirfarandi afnotagjöld eru tekin fyrir línur, sem leigðar eru í stuttan tíma, þ.e.a.s. í allt að 6 mánuði. Stofngjöld eru ekki tekin fyrir þessar línur, nema í sérstökum tilvikum.
- 3.1.1. Fyrir línur milli gjaldsvæða. Fundið skal notkunargjald á dag með því að deila 360 upp í ársgjald á viðkomandi leið. Dagafjöldi ákveðst með því að deila í fjölda klukkustunda með 24, hækka upp í næstu heilu tölu og bæta 3 dögum við vegna undirbúnings- og tengingarvinnu. Leigugjaldið er margfeldi daggjalds og dagafjölda.

- 3.1.2. Fyrir línur innan sama gjaldsvæðis. Fundið skal notkunargjald á dag með því að deila með 20 í ársfjórðungsgjaldið, sem gildir fyrir viðkomandi línu. Dagafjöldi ákveðst með því að deila í fjölda klukkustunda með 24, hækka upp í næstu heilu tölu og bæta við 15 dögum vegna undirbúnings- og tengingarvinnu. Leigugjaldið er margfeldi daggjalds og dagafjölda.

IX. KAFLI

Notendabúnaður við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar.

Verðið er kostnaðarverð á hverjum tíma, sem telst innkaupsverð eða framleiðsluverð að viðbættum umslukostnaði.

Póst- og símamálastjóri gefur út verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar og fjarritavélar í samráði við ráðuneytið.

X. KAFLI

Skrásetning símnefna.

Fyrir skrásetningu símnefna greiðast kr. 400,00 á ári. Sé sama símnefni skrásett á fleiri en 10 símstöðvum, greiðast þó aðeins kr. 100,00 fyrir hverja skráningu þar fram yfir. Gjaldið greiðist fyrirfram fyrir almanaksárið. Brot úr ári telst sem heilt ár. Uppsagnarfrestur er 3 mánuðir, og er hann gagnkvæmur.

XI. KAFLI

1. Símaskráin.

Póst- og símamálastofnunin gefur út símaskrá og fylgir hverju símanúmeri eitt eintak af hverri útgáfu hennar. Framan á kápu símaskrár skulu prentuð svæðanúmer sjálfvirka símakerfisins og á bakhlið hennar upplýsingar, sem nauðsynlegt þykir að dómi Póst- og símamálastofnunarinnar að birta almenningi. Óheimilt er, að viðlagðri ábyrgð, ef út af er brugðið, að hylja framangreindar upplýsingar með ógagnsærri hlífðarkápu eða á annan hátt. Póst- og símamálastofnunin ber ekki ábyrgð á villum, sem kunna að vera í símaskránni.

Aukaentök eru til sölu á póst- og símstöðvum á verði sem ráðuneytið samþykkir.

2. Skrásetning í símaskrána.

Hver talsímanotandi fær nafn sitt skráð án sérstaks gjalds í einni línu í stafrófsskránni. Gjald fyrir hverja línu í stafrófsskránni fram yfir það, sem að ofan segir, er kr. 120,00. Sé auk aðalsímnotanda einn eða fleiri aukanotendur að sama síma, ber að greiða kr. 200,00 fyrir hvern aukanotanda. Aukasímnotendur geta ekki öðlast aðalsímnotendarétt (t. d. rétt til að fá símann fluttan eða skráðan eingöngu á sitt nafn) án þess að greiða uppsetningargjald fyrir númerið að nýju eða viðtökugjald.

Breytir engu í þessu, þó að aukasímnotandi hafi um lengri eða skemmri tíma haft nafn sitt í símaskránni eða greitt afnotagjald.

Póst- og símamálastofnunin ákveður tilhögun á símaskránni, og hún getur synjað mönnum um upptöku starfsheita, sem hún telur óeðlileg eða vafasamt, að hlutaðeigandi hafi rétt til að bera.

3. Skrásetning í stafrófsskrána.

	Kr.
3.1. Breytt letur í skrá, hver lína	200,00
3.2. Aukanafn í skrá	200,00
3.3. Aukalína í skrá, hver lína	120,00
3.4. Aukanafn með breyttu letri (ein lína) kr. 200,00 + 200,00	400,00

Aukalínur eru taldar: Ef fyrirtæki lætur skrásetja nöfn starfsmanna sinna í skrána undir nafni fyrirtækisins.

4. Skrásetning í atvinnuskrána.

4.1. Skrásetning án sérstaks gjalds.

Hver símnotandi, sem rekur atvinnu- eða verslunarfyritæki og óskar skriflega eftir skráningu í atvinnu- og viðskiptaskrána í samræmi við þá flokkun, er Póst- og símamálastofnunin hefur ákveðið, fær án sérstaks gjalds eina línu til skrásetningar á símanúmeri sínu, ásamt nafni og heimilisfangi, með venjulegu letri í einn flokk skrárinnar. Aukasímnotendur öðlast ekki rétt til skráningar án sérstaks gjalds.

4.2. Skrásetning gegn borgun.

Ef símnotandi vill láta skrá sig í fleiri en einn flokk, kostar hver skrásetning fram yfir þá fyrstu kr. 120,00. Ef nafnið óskast skráð með breyttu letri, kostar það kr. 200,00. Auglýsingalína kostar kr. 120,00.

5. Auglýsingar í símaskrá.

Póst- og símamálastofnuninni er heimil að taka auglýsingar til birtingar í símaskránni að því marki, sem hún telur að samrýmist númeraskránni.

XII. KAFLI

Radiótæki og þjónusta um radióstöðvar.

1. Radióeftirlitsgjöld.

Gjöld vegna talstöðva skulu vera sem hér segir:

1.1. Fyrir milli-, stutt- og metrabylgjustöðvar í skoðanaskyldum skipum, bátum og flugvélum og fastastöðvar (þar með taldar móðurstöðvar m. a. fyrir þjónustu við bifreiðar).	
1.1.1. Leyfisbréfgjald þegar samanlagt sendiafl er yfir 100 wött (endurnýist við allar breytingar á stöðinni)	Kr. 425,00
1.1.2. Árlegt eftirlitsgjald senda þegar samanlagt sendiafl er yfir 100 wött ..	933,00
1.1.3. Leyfisbréfgjald, þegar samanlagt sendiafl er 100 wött eða minna (endurnýist við allar breytingar á stöðinni)	201,00
1.1.4. Árlegt eftirlitsgjald senda samanlagt 100 wött eða minna	615,00
1.2. Fyrir milli-, stutt- og metrabylgjustöðvar í bifreiðum og vinnutækjum, sem eru einungis skoðaðar eftir ósk notanda eða af gefnu tilefni.	
1.2.1. Leyfisbréfgjald (endurnýist við allar breytingar á stöðinni)	201,00
1.2.2. Árlegt starfrækslugjald fyrir stöðvar í bifreiðum með sértíðni og í bátum, sem ekki eru skoðunarskyldir	254,00
1.3. Fyrir almenningstalstöðvar (CB) í 27 MHz tíðnisviðinu.	
1.3.1. Starfsleyfi (gildir í 5 ár)	464,00
1.3.2. Endurnýjunargjald fyrir starfsleyfi	374,00
1.3.3. Stöðvarleyfi (gildir í 1 ár)	316,00
Endurnýjunargjald fyrir stöðvarleyfi	219,00
1.3.4. Leyfisbréfgjald fyrir stöðvar með sendiafl 50 milliwött eða minna ...	316,00
1.3.5. Bráðabirgðaleyfi útlendinga	220,00
1.4. Önnur gjöld.	
1.4.1. Leyfisbréf vegna amatörstöðvar ásamt upphafsskoðun (endurnýist við tilfærslu milli T-, A-, B- og C leyfa)	396,00
1.4.2. Leyfisbréf nýliða vegna amatörstöðvar ásamt upphafsskoðun (gildir í 2 ár) og bráðabirgðaleyfi erlendra amatöra	201,00
1.4.3. Leyfisbréf vegna fjarstýringa á bílskúrshurðum	168,00

	Kr.
1.4.4. Leyfisbréf vegna fjarstýringa á líkönum	91,00
1.4.5. Fyrir skírteini loftskýtamanns	329,00
1.4.6. Fyrir skírteini talstöðvarvarðar	164,00
1.4.7. Fyrir aukaskoðun amatörstöðvar	219,00
1.4.8. Innsigliðsgjald (ferðakostnaður samkvæmt reikningi)	436,00
1.4.9. Leyfisbréf (gildir í 4 ár) fyrir endurvarpsstöðvar fyrir sjónvarp með sendiafl minna en 100 milliwött, settar upp með heimild Ríkisútvarpsins	326,00

2. Gjöld fyrir tegundaprófun.

	Kr.
2.1. Gjald fyrir tegundaprófun talstöðva, afl yfir 0,5 watt	3 150,00
2.2. Gjald fyrir tegundaprófun talstöðva, afl 0,5 watt eða minna	1 575,00
2.3. Gjald fyrir prófun á einstökum talstöðvum, sem fluttar eru inn af einstaklingum til eigin nota	1 107,00
2.4. Gjald fyrir tegundaprófun á radiótækjum öðrum en talstöðvum er eftir reikningi.	
2.5. Gjald fyrir forkönnun á eiginleikum talstöðva og annarra radiótækja ...	1 566,00
2.6. Innflutningur erlendra radiótækja, þar á meðal talstöðva, er háður samþykki Póst- og símamálastofnunarinnar. Innflytjendur skulu sækja um heimild á þar til gerðum eyðublaðum. Sé um fyrsta innflutning að ræða á tæki eða talstöð, kannar Póst- og símamálastofnunin með tegundaprófun, hvort tækið fullnægi þeim kröfum, sem gerðar eru.	
2.7. Innflytjandi, sem flytur inn radiótæki í fyrsta sinn, fær áritun Póst- og símamálastofnunarinnar á tollskjö, en ber síðan að afhenda tækið í prófun. Með tækinu skal fylgja handbók, sem í eru allar nauðsynlegar upplýsingar um tækið og notkun þess. Gjald fyrir tegundaprófun talstöðva greiðist fyrirfram.	
2.8. Að lokinni prófun skilar Póst- og símamálastofnunin niðurstöðum til innflytjanda.	

3. Viðskiptagjöld.

- 3.1. Radiósímtöl við skip og báta.
Sjá kafla III. 4. hér að framan.
- 3.2. Skeytaafgreiðsla við skip og báta.
Sjá kafla V. 3. hér að framan.
- 3.3. Viðskiptagjöld vegna radióstöðva í verstöðvum.
Vegna radióstöðva, sem komið er upp í verstöðvum á vegum samtaka útvegsmanna á viðkomandi stað, skal greiða eftirfarandi daggjöld:

	Kr.
Fyrir 1—5 báta	91,00
Fyrir 6—15 báta	168,00
Fyrir 16—30 báta	238,00
Fyrir 31 bát og fleiri	316,00

Ef um leigutalstöð er að ræða, greiðast að auki venjuleg leigugjöld samkvæmt verðskrá.

- 3.4. Vegna metrabylgjustöðva, sem komið er upp á stöðum þar sem Póst- og símamálastofnunin veitir ekki strandarstöðvarþjónustu á metrabylgjurásum, skal greiða daggjald kr. 164,00 enda sé eingöngu um að ræða viðskipti, er lúta að rekstri fiskiskipa og veiðum.
- 3.5. Viðskiptagjöld landfarstöðva.

- 3.5.1. Ársfjórðungslegt afnotagjald landfarstöðva, sem nota rásir á millibylgju, kr. 316,00.
 3.5.2. Afgreiðslugjald fyrir hvert símtal afgreitt eða skilaboð send (fyrir símtöl eða skilaboð afgreidd frá afgreiðslustöð í landfarstöðvaþjónustunni til annars gjaldsvæðis í símakerfinu, en hún er í, greiðist línugjald skv. gjaldskrá) kr. 45,50.

4. Skyldutilkynningar skipa.

Öll íslensk skip, sem eru tilkynningaskyld samkvæmt lögum frá 17. maí 1968 og gildandi reglugerð þar að lútandi, greiði ársfjórðungsgjald fyrir flutning skyldutilkynningar um fjarskiptakerfið.

Gjaldið skal vera svo sem hér segir:

	Kr.
Fyrir skip undir 15 rúmlestum brúttó	168,00
Fyrir skip 15 að 50 rúmlestum brúttó	251,00
Fyrir skip 50 að 100 rúmlestum brúttó	338,00
Fyrir skip 100 rúmlestir brúttó og yfir	452,00

Gjald þetta er óviðkomandi öðrum viðskiptagjöldum vegna viðskipta skipa um strandarstöðvar Póst- og símamálastofnunarinnar, og skal það greitt fyrirfram ársfjórðungslega.

Óheimilt er að hagnýta upplýsingar þær, er fást með skyldutilkynningunum, til annarra nota en öryggisgæslu vegna skipa og áhafna.

5. Almenn ákvæði.

- 5.1. Hver sá, sem óskar að starfrækja radiótæki á landi, sjó eða í lofti, innan íslensks lögsagnarumdæmis, skal senda Póst- og símamálastofnuninni skriflega umsókn um leyfi til þess ásamt nauðsynlegum upplýsingum um tækin og tilgang notkunar. Þetta gildir þó ekki um viðtæki, sem er fyrir útvarp eingöngu og er skráð hjá Ríkisútvarpinu. Verði slíkt leyfi veitt, er það gert með leyfisbréfi, þar sem tilgreind eru skilyrði fyrir leyfinu, leyfistími o. fl. Fyrir hvert leyfisbréf komi ákveðið gjald samkvæmt gildandi gjaldskrá um radiótæki. Skal gjaldið greitt við afhendingu leyfisbréfs.
- 5.2. Póst- og símamálastofnunin hefur eftirlit með notkun radiótækja. Talstöðvar í skipum og bátum með þilfari eru skoðaðar einu sinni á ári. Aðrar talstöðvar eru ekki háðar skoðunarskyldu, en eigendum þeirra er heimilt að koma með þær til skoðunar.
- 5.3. Þegar framkvæma skal skoðun, skal hlutadeigandi stöðvarvörður sjá um, að nægilegt rafmagn sé fyrir hendi, svo að prófa megi tækin. Enn fremur getur eftirlitsmaður krafist þess, að stöðvarvörður sé viðstaddur skoðun og til aðstoðar eftirlitsmanni sé þess þörf, t. d. við skoðun lífbátasenda og þ. u. l. Sé stöðvarvörður eða fullgildur staðgengill, að dómi eftirlitsmanns, ekki viðlátinn þrátt fyrir ósk eftirlitsmanns, er honum heimilt að taka sér aðstoðarmann, og ber þá leyfishafi stöðvarinnar aukakostnað, er af því kann að leiða. Óski leyfishafi radiótækja aukaskoðunar, einhverra ástæðna vegna, ber honum að greiða fyrir framkvæmd hennar aukalega hálf eftirlitsgjald að viðbættum ferðakostnaði.
- 5.4. Þeim, sem leyfi fá fyrir sendistöð, ber að sjá um, að enginn starfræki hana, nema sá sem fengið hefur skírteini hjá Póst- og símamálastofnuninni, er heimili honum starfrækslu slíkrar stöðvar (skírteini loftskeytamanns eða talstöðvarvarðar). Stöðin er þó ávallt undir yfirumsjón leyfishafa eða fulltrúa hans og starfræksla hennar á ábyrgð þeirra.
- 5.5. Bæði stöðvarverði og leyfishafa eða fulltrúa hans er skylt að undirrita þagnarheit og haga starfrækslunni í einu og öllu samkvæmt fyrirmælum Póst- og símamálastofnunarinnar og hlíta þeim ákvæðum og reglum, innlendum og alþjóðlegum, sem settar eru

- og settar kunna að verða um starfrækslu slíkra stöðva. Verði misbrestur á þessu, getur Póst- og símamálastofnunin afturkallað leyfisbréf stöðvarinnar, innsiglað hana eða, sé hún í leigu frá Póst- og símamálastofnuninni, tekið hana í sína vörslu.
- 5.6. Radióeftirlitsgjöld og annar kostnaður vegna tækjaskoðunar greiðist í síðasta lagi 10 dögum eftir framvísun reiknings.
 - 5.7. Póst- og símamálastofnunin eða sérstakir umboðsmenn hennar sjá um uppsetningu og viðhaldsþjónustu á fastastöðvum. Uppsetningu og viðhaldsþjónustu á farstöðvum annast Póst- og símamálastofnunin og þau verkstæði, sem fengið hafa heimild til viðgerða á ákveðnum gerðum talstöðva. Leyfishafi greiðir þessa vinnu samkvæmt reikningi.
 - 5.8. Gjöld fyrir símtöl, símskeyti og annað það, sem gjaldskylt er og afgreitt er um símkerfið fyrir tilstuðlan stöðvar leyfishafa, eru á ábyrgð hans og greiðast innan 10 daga frá framvísun reiknings.
 - 5.9. Hafi áfallin gjöld vegna radiótækja eða þjónustu ekki verið greidd á tilteknum tíma, er Póst- og símamálastofnuninni heimilt að innsigla viðkomandi stöð. Um borð í skipum skal þetta þó gert þannig, að nota megi stöðina í neyðartilfalli. Enn fremur er Póst- og símamálastofnuninni heimilt að innheimta þessi gjöld með símreikningum hlutaðeigandi leyfishafa, að viðlagðri lokun símans.
 - 5.10. Nú hefur stöð verið innsigluð vegna vanskila eða annarra brota. Skal þá leyfishafi greiða innsigliðgjald, áður en endurofnun fer fram. Ferðakostnaður vegna innsigliunar greiðir leyfishafi.
 - 5.11. Framangreindar reglur eiga ekki við um starfrækslu „amatör“-stöðva. Um þá starfsemi er fjallað í sérstakri reglugerð.
 - 5.12. Innflutningur erlendra radiótækja er háður samþykki Póst- og símamálastofnunarinnar. Innflytjendur skulu sækja um heimild á þar til gerðum eyðublöðum. Sé um fyrsta innflutning á talstöðvum að ræða, kannar Póst- og símamálastofnunin með tegundaþrófun, hvort stöðvarnar fullnægi þeim lágmarkskröfum, sem gerðar eru.
 - 5.13. Leyfi til starfrækslu radióstöðva má segja upp með minnst mánaðarfyrirvara, miðað við mánaðamót, óski leyfishafi að hætta starfrækslu stöðvarinnar. Skal það gert skriflega og stílað til Póst- og símamálastofnunarinnar. Vanræksla í þessum efnum leysir leyfishafa ekki frá greiðslu áfallinna gjalda.
 - 5.14. Öll gjöld til Póst- og símamálastofnunarinnar vegna starfrækslu radiótækja, sem ekki eru greidd á tilsettum tíma, eru lögtakskræf, samkvæmt 1. gr. laga nr. 29 frá 16. des. 1885.
 - 5.15. Póst- og símamálastofnunin hefur nokkurt magn radiótækja til leigu eða til sölu samkvæmt nánari ákvörðun hverju sinni. Um kjör fer samkvæmt sérstakri gjaldskrá um radiótæki.

6. Reglur um starfrækslu talstöðva, sem annast viðskipti við bifreiðar eða önnur farartæki á landi.

- 6.1. Póst- og símamálastofnunin starfrækir fastastöðvar til almennra viðskipta við landfarstöðvar. Enn fremur veitir Póst- og símamálastofnunin einstaklingum, fyrir-tækjum og stofnunum leyfi til starfrækslu fastastöðva og úthlutar þeim tíðnum fyrir slíkar stöðvar.
- 6.2. Ekki er heimilt að tengja fastastöðvar, aðrar en stöðvar Póst- og símamálastofnunarinnar, á nokkurn hátt við hið almenna símkerfi.
- 6.3. Um fastastöðvar leyfishafa mega einungis fara fram viðskipti, er varða atvinnurekstur hans. Óheimilt er að veita öðrum aðilum afnot af talstöðvum leyfishafa.

- 6.4. Fastastöðvar leyfishafa og farstöðvar, sem skipti eiga við stöðvar Póst- og símamálastofnunarinnar skulu starfræktar af talstöðvavörðum, sem hafi skírteini útgefin af Póst- og símamálastofnuninni. Talstöðvaverðir undirrita þagnarheit, en auk þess eru allir þeir, sem ábyrgð bera á starfrækslu talstöðva, bundnir slíku þagnarheiti, enda þótt þeir hafi ekki undirritað það.
- 6.5. Skylt er að halda sérstaka radió-dagbók um allt það, er varðar rekstur stöðvanna svo sem innkomna og útfarna afgreiðslu.
- 6.6. Stöðvum þessum er skylt að sinna neyðarþjónustu og þjónustu vegna öryggis mannlífa, og má ekki í slíku tilfelli loka stöðvunum, fyrr en neyðar- eða öryggisþjónustunni er lokið.
- 6.7. Leyfishafi ber allan kostnað og alla ábyrgð af starfrækslu stöðvanna.
- 6.8. Viðskiptagjöld landfarstöðva eru tilgreind í grein 3.5. í þessum kafia gjaldskrárinnar.

XIII. KAFLI

Afnot landssímalína til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi.

- 1.1. Fyrir afnot landssímalína til skákkeppni greiðist $\frac{1}{5}$ venjulegs símtalagjalds á tímabilinu frá 1. október til 30. apríl kl. 21:00—08:00. Lágmarksgjald miðast þó við þriggja stunda notkun á línunum. Hver byrjuð klukkustund telst sem heil. Á öllum öðrum tímum en þeim, sem að framan getur, reiknast fullt gjald, samkvæmt símtalagjaldskrá (sbr. III. kafla).
- 1.2. Umsóknir um afnot landssímalína til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi skulu koma frá Skáksambandi Íslands og sendar skriflega til símtjórans í Reykjavík með minnst sólarhrings fyrirvara. Óskir um niðursett símagjöld til skákkeppni frá öðrum en Skáksambandi Íslands verða eigi teknar til greina.

XIV. KAFLI

1. Almennir skilmálar.

- 1.1. Sá, sem óskar að fá talsíma eða aukið samband eða breytingar á samböndum og tækjum, er hann hefur áður fengið, sendi um það skriflega umsókn. Þar til gerð eyðublöð eru í símakránni og fást einnig á símstöðvum og skal umsækjandi tilgreina fullt nafn, nafnúmer og heimilisfang. Skal hann þá hlíta þeim kjörum og ákvæðum, sem sett eru eða sett kunna að verða um notkun símtækja og sambanda.
- 1.2. Símasambandi er venjulega ekki komið á við nokkra húseign, nema húseigandi leyfi endurgjaldslaut að koma fyrir þráðum og öðrum símatækjum á húsi og lóð, og ber þeim, er pantar sambandið, að sjá um, að slíkt leyfi húseiganda fái. Krefjast má þess, að talsímanotendur setji tryggingu fyrir greiðslu allra gjalda fyrir afnot símans.
- 1.3. Póst- og símamálastofnunin ákveður, við hvaða stöð símabúnaður skuli tengjast, númer hans og nánara fyrirkomulag og getur síðan breytt um númer, ef það telst nauðsynlegt. Handvirk langlínusímtöl hafa forgangsrétt fram yfir innanbæjarsímtöl, og getur Landssíminn komið inn á sjálfvirk símtöl og beðið um, að viðkomandi leggi á, ef um innanbæjarsímtal er að ræða.
- 1.4. Ekki er heimilt að gera eða láta gera breytingar á símalögnum nema með heimild Póst- og símamálastofnunarinnar. Öll slík verk framkvæmir stofnunin eftir beiðni en notandi greiðir það gjald, sem ákveðið er. Starfsmenn stofnunarinnar, hafa hvenær sem er aðgang að öllum símatækjum og símalögnum.

- 1.5. Talsímanotendum er skylt að fara vel og gætilega með allan símabúnað í eigu Póst- og símamálastofnunarinnar er þeir hafa til afnota, og eru þeir bótaskyldir á öllu því, sem aflaga fer og ekki stafar af eðlilegu slitni, svo og öllu því, er glatast úr þeirra vörslu í þessum efnunum.
Stranglega er bannað að setja nokkur tæki eða búnað í samband við tæki Póst- og símamálastofnunarinnar, t. d. talfærasmúrur o. þ. h., enda hefur Póst- og símamálastofnunin að sjálfsögðu rétt til að taka allan slíkan búnað burtu og láta hlutaðeigandi sæta sektum eða missi símans, ef ástæða þykir til.
- 1.6. Verði bilun í símakerfinu eða í notendabúnaði sem Póst- og símamálastofnunin hefur látið í té ber þegar í stað að tilkynna það til viðkomandi símstöðvar. Póst- og símamálastofnunin ber ekki ábyrgð á því, þótt sími verði ónothæfur um stund. Verði óþarfur dráttur af hálfu Póst- og símamálastofnunarinnar á viðgerð síma má krefjast endurgreiðslu á afnotagjaldinu í hlutfalli við þann tíma, er síminn er ónothæfur, ef sambandsslitin eru meira en 10 sólarhringar á ári.
- 1.7. Póst- og símamálastofnunin tekur ekki á sig neina ábyrgð á afleiðingum þess, ef mistök kunna að eiga sér stað við afgreiðslu símskeyta eða símtala, hvort sem þau eru af völdum starfsmanna, línubilana eða af öðrum orsökum.
- 1.8. Enginn talsímanotandi má lána, leigja eða selja öðrum afnot talsímakerfisins nema með leyfi Póst- og símamálastofnunarinnar. Sé það engu að síður gert, hefur notandi fyrirgert rétti sínum til símans, og getur stofnunin slitið sambandinu, en notandi borgar samt afnotagjaldið til þess tíma, er hann hefði löglega getað sagt upp.
- 1.9. Hægt er að fá símanúmer geymt í umsaminn tíma.
- 1.10. Póst- og símamálastofnuninni er heimilt að synja þeim um síma eða loka símanúmerum þeirra um stundarsakir eða að fullu, sem eftir athugun og að dómi hennar hafa verulega slæm áhrif á afgreiðslu sjálfvirku símstöðvarinnar, eða ef sími þeirra er misnotaður, svo sem með endurteknum gabbhringingum eða öðrum truflunum.
- 1.11. Sé lína einhvers notanda óhæfilega oft á tali að dómi Póst- og símamálastofnunarinnar, getur stofnunin krafist þess, að notandinn fallist á lagfæringar.
- 1.12. Verðskrá sú er póst- og símamálastjóri gefur út fyrir búnað við sjálfvirkar miðstöðvar og fjarritvélar, í samráði við ráðuneytið, skal liggja frammi á símstöðvum.
- 1.13. Þeir, sem af ásettu ráði eða vítaverðu gáleysi valda skemmdum á símabúnaði og símakerfum í eigu stofnunarinnar hafa fyrirgert rétti sínum til símans og sæta sektum samkvæmt 176. gr. hegningarlaganna, nema verknadinum sé þannig farið, að þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum.

2. Greiðsluskilmálar.

- 2.1. Skráður réttihafi síma ber alla ábyrgð á greiðslum til Póst- og símamálastofnunarinnar vegna notkunar á símabúnaði hans.
- 2.2. Eindagi síma- og radiógjalda er 10. dagur hvers mánaðar, og skal Póst- og símamálastofnunin sjá um, að reikningar berist símnotendum með góðum fyrirvara. Fyrsta virkan dag eftir eindaga verður símalokunum beitt við innheimtu skulda að upphæð krónur 500,00 og hærri. Innheimt verður gjald, krónur 100,00 fyrir lokun og enduropnun talsímasambands. Séu síma- og/eða radiógjöld eigi greidd þrem mánuðum eftir eindaga, verða þau send til lögtaks samkvæmt 1. gr. laga nr. 29/1885.

3. Leigutími.

Þegar um er að ræða samband fyrir utan kaupstaðarlöð eða samband með sérstöku fyrirkomulagi, getur Póst- og símamálastofnunin krafist, að leigutíminn sé minnst eitt ár eða fleiri.

4. Uppsögn.

Segja má símasambandi upp um mánaðamót með minnst eins mánaðar fyrirvara, nema þar sem sérákvæði gilda, og skal uppsögn vera skrifleg.

5. Flutningar.

Ef talsímanotandi óskar eftir flutningi skal hann tilkynna það skriflega til hlutaðeigandi símsstöðvar og skal þá flutningur framkvæmdur svo fljótt sem unnt er, en notandi greiðir hið ákveðna gjald. Gjaldið fyrir flutninginn greiðist fyrirfram.

XV. KAFLI

Gjaldskrá þessi og reglur eru settar samkvæmt 9. gr. laga nr. 73 frá 1984 um fjarskipti svo og samkvæmt 11. gr. laga nr. 36 frá 1977 um stjórn og starfrækslu póst- og símamála og gengur í gildi 1. janúar 1987. Reiknast nýju gjöldin fyrir teljaraskref aðeins af símtölum, sem fram fara 1. janúar 1987 eða síðar. Jafnframt fellur þá úr gildi gjaldskrá og reglur nr. 420 19. nóvember 1985.

Samgönguráðuneytið, 29. desember 1986.

Matthías Bjarnason.

Halldór S. Kristjánsson.

AUGLÝSING
um útvarpsgjald.

Útvarpsgjald, sbr. 22. gr. útvarpslaga nr. 68/1985, hefur verið ákveðið kr. 1 680 fyrir 1. ársfjórðung 1987.

Menntamálaráðuneytið, 22. desember 1986.

F.h.r.
Knútur Hallsson.

Þórunn J. Hafstein.

REGLUGERÐ

um útvarp samkvæmt tímabundnum leyfum.

1. gr.

Veita má tímabundin leyfi til útvarps, hljóðvarps eða sjónvarps, fyrir almenning á afmörkuðum svæðum. Leyfi þessi má veita sveitarfélögum, skráðum hlutafélögum, skráðum samvinnufélögum, öðrum skráðum félögum með takmarkaðri ábyrgð, skráðum sameignarfélagum, skráðum samlagsfélögum, sjálfseignarstofnunum sem eru undir opinberu eftirliti, lögráða einstaklingum og öðrum sambærilegum aðilum. Hvorki er heimilt að veita erlendum aðila leyfi til útvarpsrekstrar, né félagi eða stofnun þar sem eignarhlutdeild erlendra aðila er meiri en 10%.

Með útvarpi, hljóðvarpi eða sjónvarpi, er átt við hvers konar dreifingu dagskrárefnis handa almenningi með rafsegulöldum hvort heldur í tali, tónum eða myndum, um þráð eða þráðlaust.

Útsending sem aðeins nær til þröngs hóps innan heimilis eða húsakynna fyrirtækis eða stofnunar, svo sem í sjúkrahúsi, gistihúsi, skóla eða verksmiðju, telst eigi útvarp í skilningi reglugerðar þessarar.

2. gr.

Útvarpsréttarnefnd veitir leyfi til útvarps í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar og fylgist með því að laga- og reglugerðarákvæðum um útvarpsrekstur samkvæmt tíma- bundnum leyfum og skilmálum slíkra leyfa sé fylgt.

Útvarpsréttarnefnd heldur fundi svo oft sem þurfa þykir. Formaður boðar fundi og stýrir þeim. Skylt er formanni að kveðja til fundar ef tveir nefndarmanna æskja þess.

Fundur í útvarpsréttarnefnd er lögmætur, ef meirihluti nefndarmanna er viðstaddur.

Ákvörðun útvarpsréttarnefndar er því aðeins lögmæt að meirihluti útvarpsréttarnefndarmanna taki þátt í atkvæðagreiðslu. Um niðurstöður ræður afl atkvæða.

Halda skal gerðarbók um fundi útvarpsréttarnefndar. Þar skal greina frá þeim málum sem til meðferðar eru á fundum nefndarinnar, niðurstöðum og úrskurðum útvarpsréttarnefndar svo og öðru því sem miklu þykir skipta.

Um vanhæfi einstakra nefndarmanna til meðferðar einstakra mála skulu gilda ákvæði 36. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, eftir því sem við getur átt.

Áður en afgreiddar eru umsóknir um leyfi til útvarps, kærumál skv. 22. gr., afturköllun leyfa eða önnur mál er varða einstaka umsækjendur eða rétthafa samkvæmt útvarpsleyfi, ber að veita þeim aðilum er málið varðar kost á að tjá sig um það, munnlega eða skriflega, þ. á m. með liðsinni lögmanns ef því er að skipta.

Öllum meiriháttar málum skal ráðið til lykta með úrskurði. Úrskurður skal vera skriflegur og rökstuddur. Úrskurð skal tilkynna með ábyrgðarbréfi eða á annan jafn tryggilegan hátt.

Útvarpsréttarnefnd ræður sér starfsmann eða starfsmenn eftir því sem með þarf og fjárveitingar leyfa.

Menntamálaráðherra ákveður útvarpsréttarnefndarmönnum þóknun.

Kostnaður við starfsemi útvarpsréttarnefndar greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

Nú óskar einhver að fá leyfi til útvarps og skal hann þá senda umsókn til útvarpsréttarnefndar. Í umsókn skal greina:

1. Hvernig fjárhagslegri ábyrgð umsækjanda sé háttað og eignaraðild fyrir komið.
2. Hvort óskað sé leyfis til hljóðvarps, sjónvarps eða hvors tveggja.
3. Hvort útvarpa eigi um þráð eða þráðlaust.
4. Hvert verði heimili og varnarþing útvarpsstöðvar, til hvaða svæðis eða svæða útvarpi er ætlað að ná og hvernig útsendingum verði hagað.
5. Hverjir séu áætlaðir útsendingartímar.
6. Hver sé fyrirhuguð dagskrárstefna, m. a. hvert sé í megindráttum áætlað hlutfall tónlistar og talaðs máls, svo og hlutur fræðslu-, menningar-, fréttu- og skemmtiefnis í dagskrá.
7. Hvernig áætlað sé að afla tekna til útvarpsrekstrar.
8. Hvort annarra tilskilinna leyfa hafi verið aflað, sbr. t. d. 15. gr. og 17. gr.
9. Hvenær útvarp eigi að hefjast ef leyfi fæst.
10. Hvert verði auðkenni eða kallmerki viðkomandi útvarpsstöðvar.
11. Til hve langs tíma leyfis sé óskað.

4. gr.

Útvarpsréttarnefnd skal, áður en afstaða er tekin til umsóknar um leyfi til útvarps, leita umsagnar Póst- og símamálastofnunarinnar um þau atriði umsóknarinnar er greinir í 4. og 5. lið 3. gr. Að fenginni þeirri umsögn ákveður útvarpsréttarnefnd hvort leyfi til útvarps skuli veitt. Ákvarðanir nefndarinnar þar að lútandi eru endanlegar.

Nú er leyfi veitt og skal þá m. a. tekið fram í skilmálum leyfisins hver sé handhafi útvarpsleyfis, hvort um sé að ræða leyfi til hljóðvarps eða sjónvarps, hvort útvarpað verði um þráð eða þráðlaust, við hvaða svæði og útsendingartíma leyfi afmarkist, hversu lengi leyfi gildi, hvert vera skuli auðkenni eða kallmerki útvarpsstöðvar, og hvert sé leyfisgjald. Í leyfisskilmálum skal ennfremur tekið fram að leyfið sé háð ákvæðum útvarpslaga, ákvæðum reglugerðar þessarar og eftir því sem við á ákvæðum annarra reglugerða sem settar verði á grundvelli útvarpslaga. Þá skal leyfi bundið því skilyrði að aflað verði heimildar réttthafa samkvæmt höfundalögum að því er dagskrárefni varðar.

Nú óskar handhafi útvarpsleyfis að breyting sé gerð á skilmálum leyfisins og skal hann þá sækja um það til útvarpsréttarnefndar.

Póst- og símamálastofnunin gefur út leyfisbréf handa þeim aðilum sem fengið hafa lögmeitt leyfi til útvarps. Í leyfisbréfi skal kveðið á um tæknilega eiginleika í samræmi við settar reglur og alþjóðasamþykktir, svo sem um tíðni og útgeislað afl. Eingöngu má útvarpa á metra- og desimetrabylgju. Þó er heimilt í undantekningartilvikum að veita heimild til að útvarpa á miðbylgjum þar sem landfræðilegar aðstæður torvelda útsendingar á metra- og desimetrabylgju.

5. gr.

Leyfi til hljóðvarps skal veitt til 3ja ára þegar það er veitt aðila í fyrsta sinn, en eftir það til 5 ára í senn. Leyfi til sjónvarps skal í fyrsta sinn veitt til 5 ára, en eftir það til 7 ára í senn. Veita má leyfi til skemmri tíma, sé um það sótt.

Leyfi til útvarps verða ekki framseld.

Hafi handhafi útvarpsleyfis ekki hafið útvarp innan 8 mánaða frá dagsetningu leyfis útvarpsréttarnefndar fellur leyfið sjálfkrafa niður. Sé útvarpsrekstri hætt og eigi hafinn á ný innan 4 mánaða telst leyfi til útvarpsrekstrar sjálfkrafa niður fallið.

Óski handhafi útvarpsleyfis eftir endurnýjun leyfis skal hann sækja um það til útvarpsréttarnefndar og skal slík umsókn hafa borist útvarpsréttarnefnd a. m. k. einum mánuði áður en gildistími leyfis rennur út. Útvarpsréttarnefnd skal leita umsagnar Póst- og símamálastofnunar áður en afstaða er tekin til endurnýjunar leyfis. Ef ástæða þykir til getur útvarpsréttarnefnd breytt skilmálum við endurnýjun útvarpsleyfis.

Útvarpsréttarnefnd ákveður leyfisgjald, sem handhafa útvarpsleyfis ber að greiða þegar leyfi til útvarps er veitt eða endurnýjað. Leyfisgjald sem rennur í ríkissjóð skal ákveða sérstaklega fyrir hljóðvarp annars vegar og sjónvarp hins vegar en skal í hvoru tilviki fyrir sig vera hið sama fyrir alla.

Leyfisgjald skal endurskoða árlega með tilliti til verðlagsbreytinga.

Þegar leyfi til útvarps er veitt til skemmri tíma en greinir í 1. mgr. 5. gr. skal ákvarða leyfisgjald sérstaklega með hliðsjón af markmiðum með útvarpi og gildistíma leyfis.

6. gr.

Útvarpsstöðvar skulu stuðla að almennri menningarþróun og efla íslenska tungu.

Efni á erlendu máli, sem sýnt er í sjónvarpi, skal jafnan fylgja íslenskt tal eða neðanmálstexti á íslensku, eftir því sem við á hverju sinni. Það skal þó ekki eiga við, þegar í hlut eiga erlendir söngtextar eða þegar dreift er viðstöðulaust um gervihnött og móttökustöð fréttum eða dagskrárefni, er sýnir atburði, sem gerast í sömu andrá. Í síðastgreindu tilviki skal að jafnaði fylgja kynning eða endursögn þular.

Allt íslenskt tal og texti í útvarpi skal vera á lýtalausum máli.

7. gr.

Útvarpsstöðvar skulu í öllu starfi sínu halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur. Þeim ber að virða tjáningarfrelsi og gæta þess við umfjöllun umdeilda mála að fram komi í dagskrá rök fyrir mismunandi stefnum og skoðunum.

8. gr.

Áður en útvarpsstöð tekur til starfa skulu fyrirvarsmenn hennar tilkynna útvarpsréttarnefnd hver sé útvarpsstjóri er beri ábyrgð á útvarpsefni samkvæmt 19.–21. gr. Breyting í þeim efnunum skal og tilkynnt útvarpsréttarnefnd.

9. gr.

Útvarpsstöðvar, er leyfi fá til útvarps, skulu fyrir lok hvers árs gera útvarpsréttarnefnd skriflega grein fyrir því hvort í ráði séu breytingar á þeirri dagskrárstefnu sem áður hefur verið fylgt.

10. gr.

Rekstri, bókhaldi og fjárreiðum útvarpsstöðvar skal haldið aðgreindum frá öðrum rekstri og fjárreiðum handhafa útvarpsleyfis. Útvarpsréttarnefnd getur krafist upplýsinga úr bókhaldi og reikningum útvarpsstöðvar ef þess er talin þörf við úrlausn þess hvort laga- eða reglugerðarákvæði eða leyfisskilmálar hafa verið brotin. Skal sérstakur trúnaðarmaður nefndarinnar annast öflun og könnun slíkra gagna í umboði nefndarinnar. Nefndarmenn, starfsmenn og trúnaðarmenn nefndarinnar skulu bundnir þagnarskyldu um allt það sem leynt á að fara.

11. gr.

Skylt er útvarpsstöðvum að lesa tilkynningar frá almannavörnum, löggæslu, slysavarnarfélagum eða hjálparsevitum. Gera skal hlé á dagskrá ef brýna nauðsyn ber til og almannaheill krefst.

12. gr.

Útvarpsstöðvar bera ábyrgð á því efni, sem þær senda út, í samræmi við lög um vernd barna og ungmenna, lög um bann við ofbeldiskvikmyndum, hegningarlög eða önnur lög sem við eiga.

13. gr.

Skipulagning og mótun dagskrár og ákvarðanir um útvarp einstakra dagskrárliða skulu vera í höndum stjórnenda útvarpsstöðvar. Sá sem leyfi hefur til útvarpsrekstrar skal sjálfur bera kostnað af öllum fjárfestingum, rekstri og dagskrá útvarpsstöðvar. Heimilt er þó að kostnaður við gerð eða öflun einstakra dagskrárliða sé borinn af öðrum aðilum, en þá skal þess getið sérstaklega í kynningu við upphaf og lok dagskrárliðar.

14. gr.

Útvarpsstöðvum er heimilt að afla tekna með auglýsingum, afnotagjaldi eða sérstöku gjaldi vegna útsendingar fræðslu- og skýringarefnis sem áskilja má úr hendi þess sem óskar útvarps á slíku efni. Gjaldskrár fyrir auglýsingar skulu háðar samþykki útvarpsréttarnefndar. Um auglýsingar í útvarpi skal að öðru leyti fara samkvæmt sérstakri reglugerð.

15. gr.

Leyfi til útvarps um þráð er háð því að sveitarstjórnir heimili lagningu þráðar um lönd í sveitarfélaginu.

Lagning og not þráðar í því skyni eingöngu að dreifa viðstöðulaust útvarpsefni óbreyttu skal fullnægja reglum sem samgönguráðuneytið setur um gerð og notkun slíkra kerfa og eftirlit með þeim. Notkun slíkra kerfa skal háð leyfi Póst- og símamálastofnunar.

16. gr.

Sé móttaka í útvarpi um þráð bundin við íbúðasamsteypu, 36 íbúðir eða færri, sem eru innan samfellds svæðis er útvarpsrekstur undanþeginn skilyrðum 6. gr., 9. gr., 13. gr. og 22. gr. reglugerðar þessarar.

Útvarpsstöð, sem einungis dreifir efni sem móttakið er um gervihnött er undanþeginn 13. gr. reglugerðar þessarar.

17. gr.

Móttaka eða sending útvarpsefnis um gervihnött milli fastra stöðva er háð samningi sendanda og móttakanda og samþykki Póst- og símamálastofnunar. Öðrum aðilum er óheimil móttaka slíkra sendinga.

Dreifing þráðlaust eða um þráð á dagskrá, sem komin er til móttökustöðvar um gervihnött, er óheimil, nema með samningi við viðkomandi útvarpsstöð, er dagskrána sendi, og með samþykki Póst- og símamálastofnunar.

18. gr.

Útvarpsstöð er heimilt að reisa sendistöð og endurvarpsstöð; eiga og reka senditæki, viðtæki og önnur slík tæki sem eru sérstaklega framleidd fyrir útvarpssendingar, enda fullnægi tækin reglum sem Póst- og símamálastofnunin setur um öldutíðni, útgeislun og fleira í samræmi við settar reglur og alþjóðasamþykktir varðandi fjarskipti sem Ísland er aðili að.

19. gr.

Hver sá sem leyfi fær til útvarps skal varðveita í a. m. k. 18 mánuði upptöku af öllu frumsömdu útsendu efni. Þó skal heimilt að varðveita fréttir í handriti. Allt annað útsent efni, þ. á m. þular- og dagskrárkynningar, skal varðveita í a. m. k. 3 mánuði.

Skyll er að láta þeim, sem telur misgert við sig í útsendingu, í té afrit af upptöku þeirrar útsendingar, ef hann krefst þess skriflega meðan varðveisluskylda á viðkomandi efni helst, enda greiði hann innkaupsverð mynd- eða hljóðbands þess sem honum er látið í té.

Skyll er að afhenda útvarpsréttarnefnd afrit af upptöku útsendingar ef nefndin krefst þess.

20. gr.

Ef útsending á útvarpsefni brýtur í bága við lög fer um refsí- og fébótaábyrgð svo sem hér segir:

Sá sem flytur sjálfur efni í eigin nafni ber ábyrgð á því. Gildir það bæði um efni sem útvarpað er samtímis því að það er flutt og efni sem útvarpað er samkvæmt áður gerðri upptöku. Ákvæði þessarar mgr. taka einnig til samtals í útvarpi, þannig að hver, sem tekur þátt í samtali í eigin nafni, ber ábyrgð á sínu framlagi í því.

Flytjandi ber ábyrgð á efni sem annar maður hefur samið.

Á samsettu dagskráefni ber sá ábyrgð sem útsendingu stjórnar hverju sinni, enda sé ekki um að ræða flutning eða samtal sem ábyrgðarreglur 2. eða 3. mgr. taka til. Jafnan skal skráð fyrirfram í gerðabók hver sé stjórnandi útsendingar.

Auglýsandi ber ábyrgð á auglýsingu.

Útvarpsstjóri ber ábyrgð á öðru efni.

Nú hefur tiltekinn starfsmaður útvarpsstöðvar, sbr. 4. mgr., eða útvarpsstjóri, sbr. 6. mgr., orðið fébótaskyldur og ber handhafi útvarpsleyfis þá ásamt honum ábyrgð á greiðslu bóta.

21. gr.

Engan skal dæma til ábyrgðar vegna útsendingar á útvarpsefni né fyrir hlutdeild í útsendingu annan en þann sem ábyrgð ber eftir ákvæðum 20. gr.

Skyll er útvarpsstöð að veita hverjum þeim, sem telur rétti sínum hafa verið hallað með útsendingu á útvarpsefni, fullnægjandi upplýsingar um hver hafi borið ábyrgð á útsendingunni samkvæmt ákvæðum 20. gr.

Um rétt til mállsóknar út af brotum í sambandi við útsendingu útvarpsefnis fer eftir almennum reglum laga. Refsíábyrgð og fébótaskylda falla niður ef 6 mánuðir líða frá útsendingu án þess að einkamál sé höfðað, krafa hafi verið borin fram um opinbera mállsókn, þegar það á við, eða hafin sé opinber réttarrannsókn út af broti ef það á að sæta skilyrðislausri opinberri saksókn.

22. gr.

Peir aðilar, einstaklingar, félög eða stofnanir, sem telja að útvarpsstöð hafi ekki uppfyllt skilyrði 7. gr. reglugerðar þessarar gagnvart þeim og hún synjar þeim að koma sjónarmiðum sínum á framfæri í dagskrá með þeim hætti sem þeir vilja við una, geta lagt málið fyrir útvarpsréttarnefnd. Nefndin skal þá, eins fljótt og við verður komið, fella úrskurð um kærufnið. Nú úrskurðar nefndin kæranda í vil og getur hún þá kveðið á um efni og birtingarhætti þeirra athugasemda eða leiðréttinga sem útvarpsstöð ber að birta.

Úrskurður útvarpsréttarnefndar er bindandi fyrir málsaðila.

23. gr.

Útvarpsréttarnefnd getur afturkallað leyfi til útvarps séu leyfisskilmálar brotnir, enda hafi áður verið búið að vara handhafa útvarpsleyfis við og um alvarleg og ítrekuð brot sé að ræða. Afturköllun skal standa í 2 mánuði, en séu leyfisskilmálar brotnir á ný getur útvarpsréttarnefnd fellt leyfið niður að fullu og öllu.

24. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varðar refsingu samkvæmt lögum.

25. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 8. gr. og 38. gr. útvarpslaga nr. 68/1985 og öðlast gildi 1. janúar 1987. Reglugerð þessi gildir til 1. janúar 1988.

Ákvæði til bráðabirgða.

Öll leyfi til útvarps sem veitt eru fyrir árslok 1988 skulu renna út 31. desember 1988, sbr. 1. mgr. og 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í útvarpslögum nr. 68/1985. Sá sem leyfi fær til útvarps á þessu tímabili skal greiða hlutfallslegt leyfisgjald sem miðast skal við gildistíma leyfisins.

Menntamálaráðuneytið, 18. desember 1986.

Sverrir Hermannsson.

Pórunn J. Hafstein.

REGLUGERÐ

um auglýsingar í útvarpi.

1. gr.

Auglýsingar skulu vera skýrt afmarkaðar frá öðru dagskrárefni útvarps, hljóðvarps eða sjónvarps, þannig að ekki leiki vafi á að um auglýsingar sé að ræða og skulu þær fluttar í sérstökum almennum auglýsingatímum.

2. gr.

Auglýsingar sem ætlaðar eru til flutnings í útvarpi, hljóðvarpi eða sjónvarpi skulu fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

1. Auglýsingar skulu vera á lýtalausum íslensku máli. Heimilt er þó að erlendir söngtextar séu hluti auglýsingar.
2. Auglýsingar skulu ekki brjóta í bága við almennt velsæmi.
3. Auglýsingar mega ekki brjóta í bága við íslensk lög svo sem almenn hegningarlög, útvarpslög, lög um lækningaleyfi, lyfsöslög, áfengislög, lög um tóbaksvarnir, lög um óréttmæta viðskiptahætti, og lög um jafnrétti kynjanna.
4. Þess skal gætt að auglýsingar séu látlaust orðaðar, lausar vð skrum og hæpnar fullyrðingar, en segi það eitt sem er satt og rétt.
5. Auglýsing skal ekki fela í sér ádeilu og hlutdræga umsögn um einstaka menn, stofnanir, félög, félagssamtök, stefnur í almennum málum eða stjórn málaflokka.
6. Í auglýsingum má ekki felast ósanngjarn samanburður við aðra vöru eða þjónustu.
7. Auglýsingar skulu ekki sýna eða lýsa á neinn hátt hættulegu atferli eða atvikum þar sem öryggis er ekki gætt, nema sérstök ástæða sé til í menntunarlegum eða félagslegum tilgangi, svo sem auglýsingar vegna slysavarna eða tóbaksvarna. Varúð skal sérstaklega viðhöfð í auglýsingum sem höfða til barna eða unglinga eða sýna slíka aldursflokka.
8. Auglýsingar skulu miðast við að börn sjái þær og heyri og mega þær á engan hátt misbjóða þeim. Ekki má í auglýsingum notfæra sér trúgirn og reynsluleysi barna eða vekja hjá þeim þá trú að þeim sé eitt eða annað nauðsynlegt svo sem vegna samanburðar við önnur börn eða vegna útlits.

Auglýsingar sem beint er til barna eða eru líklegar til að hafa áhrif á börn skulu ekki geyma staðhæfingar eða myndir sem gætu skaðað þau geðrænt eða siðferðilega.

9. Auglýsing má ekki vera til þess fallin að vekja ótta.
10. Auglýsing má ekki hvetja til ofbeldis.
11. Hafna ber auglýsingu ef gerð hennar hefur miðast við að hún hefði önnur áhrif á áhorfendur en verða mega þeim ljós.
Þegar dreift er viðstöðulaust um gervihnött og móttökustöð fréttum eða dagskrárefni er sýnir atburði sem gerast í sömu andrá, skulu auglýsingar sem eru hluti af slíku dagskrárefni undanþegnar ákvæðum 1. tl. 1. mgr. þessarar greinar.

3. gr.

Auglýsingatímum skal jafnan hagað þannig að ekki leiði til afbökunar á dagskrárefni eða verulegrar röskunar á samfelldum flutningi.

4. gr.

Gæta skal þess að auglýsingar séu lausar við ótilhlýðilegan áróður eða árásir.

5. gr.

Auglýsandi ber fulla ábyrgð á efni auglýsingar. Hann skal bera allan kostnað af gerð auglýsingar og flutningi hennar, þar á meðal greiðslum vegna höfundarréttar eða flytjendaréttar tóna eða talaðs máls og birtingarréttar kyrr- og kvikmynda.

6. gr.

Heimilt er að ákveða mismunandi gjald fyrir hina ýmsu auglýsingatíma.
Á allar auglýsingar í útvarpi skal leggjast sérstakt gjald, menningarsjóðsgjald, sem skal vera 10% og rennur það til Menningarsjóðs útvarpsstöðva.

7. gr.

Útvarpsstjóri Ríkisútvarpsins setur nánari reglur um auglýsingar í Ríkisútvarpinu.
Aðrir aðilar sem fengið hafa leyfi til útvarps geta sett nánari reglur um auglýsingar í sínum útvarpsstöðvum.

Reglur sem settar eru samkvæmt 1. og 2. mgr. þessarar greinar mega ekki ganga gegn ákvæðum þessarar reglugerðar.

8. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu lögum samkvæmt.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 8. gr. og 38. gr. útvarpslaga nr. 68/1985 og öðlast hún gildi 1. janúar 1987. Reglugerð þessi gildir til 1. janúar 1988.

Menntamálaráðuneytið, 18. desember 1986.

Sverrir Hermannsson.

Pórunn J. Hafstein.

REGLUGERÐ**um aukatekjur ríkissjóðs.**

1. gr.

	kr.
Leyfisgjald skal greiða í ríkissjóð sem hér segir:	
1. Áfrýjunarleyfi	1 100
2. Nónaleyfi	1 100
3. Leyfisbréf fyrir undanþágu frá hjónavígsluskilyrðum	550
4. Lögskilnaðarleyfi	1 100
5. Ættleiðingarleyfi	1 100
6. Leyfisbréf til heildsölu	54 000
7. Leyfisbréf til umboðssölu, verðbréfamiðlunar eða fyrir verðbréfasjóð	27 000
8. Leyfisbréf til smásölu	13 000
9. Leyfisbréf til lausaverslunar	11 000
10. Gjald fyrir endurnýjun verslunarleyfis	1 100
11. Gistihúsaleyfi, veitingahúsaleyfi, leyfi fyrir skemmtistað	15 000
12. Gistiskálaleyfi, veitingastofuleyfi	7 500
13. Leyfi fyrir gistiheimili, greiðasöluleyfi	5 200
14. Gjald fyrir endurnýjun leyfis skv. 11.—13. tl.	1 100
15. Leyfi til tækifærisveitinga	1 100
16. a) Leyfi fyrir vínveitingastað til eins árs eða skemur	14 000
b) Leyfi fyrir vínveitingastað til lengri tíma en árs og til og með tveggja ára	24 000
c) Leyfi fyrir vínveitingastað til lengri tíma en tveggja ára	47 000
17. a) Leyfi til vínveitinga (tækifærisveitinga)	1 100
b) Skemmtanaleyfi, þar sem vínveitingar eru leyfðar	250
18. Iðju- og iðnaðarleyfi	7 500
19. Leyfi til málflytnings fyrir Hæstarétti	11 000
20. Leyfi til málflytnings fyrir héraðsdómi	3 100
21. Leyfi til að stunda almennar lækningar	3 100
22. Leyfi til að stunda sér-lækningar	11 000
23. Leyfi til að stunda tannlækningar	3 100
24. Sérfræðileyfi til tannlækninga	11 000
25. Leyfi til fasteignasölu	24 000
26. Undanþáguleyfi til skipstjórnar- eða vélstjórnarstarfa	1 700
27. Eiturbeiðni (leyfi til kaupa á takmörkuðu magni)	550
28. Leyfisskírteini til kaupa og notkunar á eiturefnum	1 700
29. Endurnýjun leyfisskírteina til kaupa og notkunar á eiturefnum	800
30. Leyfi til að framleiða skotvopn, skotfæri eða sprengiefni, sbr. 5. gr. laga nr. 46/1977	11 000
31. Leyfi til að versla með skotvopn, skotfæri eða skotelda, hvort sem er í heildsölu eða smásölu, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 46/1977, auk gjalds fyrir verslunarleyfi	3 600
32. Endurnýjun á söluleyfi skv. 31. tl.	800
33. Tímabundið leyfi til sölu skotelda í smásölu, sbr. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 46/1977	2 200
34. Leyfi til kaupa á sprengiefni, sbr. 25. gr. laga nr. 46/1977	550

35. Leyfi til þess að fara með sprengiefni og annast sprengingar, sbr. 26. gr. laga nr. 46/1977	kr. 1 450
36. Leyfi til þorskfisknetaveiða	4 150
37. Leyfi til dragnótaveiða	4 150
38. Leyfi til humarveiða	4 150
39. Leyfi til rækjuveiða innan fjarða	4 150
40. Leyfi til úthafs rækjuveiða	4 150
41. Leyfi til skelveiða	4 150
42. Leyfi til loðnuveiða	4 150
43. Leyfi til síldveiða:	
a) Í hringnót	4 150
b) Í reknet	4 150
c) Í lagnet	1 400
44. Leyfi til botnfiskveiða	4 150
45. Leyfi til kolmunnaveiða og spærlingsveiða	4 150
46. Leyfi til hrefnuveiða	4 150
47. Leyfi til skammtíma- og tilraunaveiða	4 150
48. Leyfi til að starfrækja rækju- og hörpuðiskvinnslu	54 000
49. Önnur leyfi er valdsmenn eða Stjórnarráð gefa út, nema gjald sé ákveðið í sérstökum lögum eða reglugerðum	800

2. gr.

Skírteinagjöld skal greiða í ríkissjóð sem hér segir:

1. Vegabréf til útlanda (18—66 ára)	1 100
2. Vegabréf til útlanda fyrir aðra	350
3. Ökuskírteini bifreiðastjóra (18—66 ára)	1 100
4. Ökuskírteini bifreiðastjóra fyrir aðra	350
5. Bráðabirgðaskírteini bifreiðastjóra	350
6. Skírteini til aksturs bifhjóls	1 100
7. Ökuskírteini, alþjóðlegt	550
8. Bifreiðaskírteini, alþjóðlegt	550
9. Meistarabréf	3 600
10. Sveinsbréf	800
11. Atvinnuskírteini skipstjórnarmanna A	1 100
12. Atvinnuskírteini skipstjórnarmanna B	1 700
13. Atvinnuskírteini skipstjórnarmanna C	2 200
14. Vélstjóraskírteini, hvert skírteini	1 700
15. Flugnema- og svifflugmannsskírteini	550
16. Einkaflugmannsskírteini	1 100
17. Atvinnuflugmannsskírteini, III fl.	1 100
18. Atvinnuflugmannsskírteini, II fl.	2 200
19. Atvinnuflugmannsskírteini, I fl.	3 300
20. Flugtækna-, flugvélstjóra-, flugleiðsögumans-, og flugumferðarstjóraskírteini	2 200
21. Skírteini til kvikmyndasýninga	
a) staðbundin skírteini	550
b) sveinsskírteini	550
c) meistaraskírteini	1 100
22. Naglabyssuskírteini	550
23. Skírteini fyrir suðumenn	550

3. gr.

Fyrir skráningar, sem lögboðnar eru og eigi er ákveðið gjald fyrir í öðrum greinum reglugerðar þessarar, skal greiða í ríkissjóð sem hér segir:

	kr.
1. Skráning hlutafélags og samvinnufélags	5 200
2. Skráning útibús	2 700
3. Skráning starfsstöðva erlendra félaga	3 500
4. Skráning firma eins manns	2 100
5. Skráning firma tveggja manna eða fleiri	3 600
6. Skráning breytinga á eldri skráningu	600
7. Tilkygning um prókúru, sérstök	600
8. Afturköllun prókúru	450
9. Skráning bifreiðar, nýskráning	2 200
10. Skráning bifreiðar, umskráning milli umdæma	1 100
11. Skráning bifreiðar, umskráning innan umdæmis	3 300
12. Skráning eigendaskipta að bifreið	1 100
13. Skráning bifhjóls, nýskráning	2 200
14. Skráning bifhjóls, umskráning	1 100
15. Skráning eigendaskipta að bifhjóli	1 100
16. Skráning og umskráning léttis bifhjóls	650
17. Skráning eigendaskipta að léttu bifhjóli	650
18. Skráning og umskráning beltabifhjóls	650
19. Skráning eigendaskipta að beltabifhjóli	650
20. Skráning og umskráning dráttarvélar	650
21. Skráning eigendaskipta að dráttarvél	650
22. Skráning og umskráning tengivagna og festivagna	1 100
23. Skráning eigendaskipta að tengivögnum og festivögnum	1 100
24. Skráning loftfars til atvinnuflugs	4 400
25. Skráning loftfars til einkaflugs	3 300
26. Skráning breytinga á eldri skráningu loftfars (eigendaskipti, nafnbreyting o. fl.)	1 650
27. Skráning kaupmála	550

4. gr.

Fyrir skráningu á eignarrétti á loftfari greiðist 150 kr. fyrir hver byrjuð 200 kg af leyfilegum hámarksþunga loftfars fullhlaðins, þó eigi minna en 960 kr.

Fyrir aðra skráningu greiðast 1 320 kr. Ekkert gjald greiðist fyrir að afmá skráningu.

5. gr.

Fyrir að afgreiða vöru- og flutningaskip, sem kemur frá útlöndum og fyrir að láta af hendi þau skilríki er skipið á að fá hér á landi, skal greiða 16 kr. af hverri nettórúmllest skipsins. Hálf rúmllest eða þar yfir telst heil. Af farþegaskipum skal greiða helmingi lægra gjald.

Gjald þetta skal greiða á fyrstu höfn er skipið tekur hér á landi, þó eigi oftari en sex sinnum á almanaksári.

Undanþegin afgreiðslugjaldi eru herskip, spítalaskip og skip sem leita hafnar í neyð.

6. gr.

Fyrir að afgreiða útlend fiskiskip, sem koma hingað eingöngu vegna fiskveiða, skal greiða 16 kr. af hverri nettórúmllest skipsins er það tekur höfn hérlendis. Hálf rúmllest eða þar yfir telst heil og skal ætíð miðað við hæstu mælingu.

7. gr.

Fyrir löggildingu manns til starfs, sem veitt er samkvæmt heimild í lögum eða reglugerðum, skal greiða:

1. Löggilding manns um ævitið (dómtúlkar, skjalapýðendur, endurskoðendur o. fl.)	kr. 3 550
2. Löggilding manns um óákveðinn tíma (skiptaforstjórar o. fl.)	750

Undanþegnir gjaldi þessu eru mats- og vigtarmenn löggiltir í þágu atvinnuveganna.

8. gr.

1. Fyrir borgaralega hjónavígslu skal greiða	kr. 450
2. Fyrir löggildingu leiðarbókar eða véladagbókar	300
3. Fyrir útnefningu matsmanna, fyrir hvern mann	300
4. Fyrir vottorð er einstakir menn æskja í þágu verslunar eða atvinnu (vöruvottorð)	80
5. Fyrir sakavottorð gefin samkvæmt beiðni einstakra manna	100
6. Fyrir veðbókarvottorð	150
7. Fyrir önnur embættisvottorð	100
8. Fyrir lögskráningu skipshafnar, fyrir hvern mann	40

9. gr.

Fyrir endurrit eða ljósrit, er einstakir menn biðja um úr embættisbókum og skjalasöfnunum, skal greiða ritlaun:

Fyrir vélritaða síðu (Hluti úr síðu telst heil síða)	kr. 45
Lægstu ritlaun eru	100

Í ritlaunum er innifalið staðfestingargjald, nema af dómsgerðum og notarialstaðfestingum.

Þegar endurrit dómsskjala eru felld inn í dómsgerðir skal greiða samlestrargjald, 10 kr. af hverri síðu.

10. gr.

Innheimtu gjalda samkvæmt reglugerð þessari hafa á hendi sýslumenn og bæjarfógetar og hliðstæðir embættismenn, svo og fjármálaráðuneytið.

11. gr.

Þegar innheimtumaður afgreiðir skjal sem gjald er tekið fyrir að gefa út eða rita á, ber honum að rita hið greidda gjald á skjalið.

Gjald fyrir embættisgerð skal skrá í gerðabók er gerð lýkur.

Ef gjald fyrir eða samkvæmt embættisgerð er eigi skráð í aukatekjubók samtímis og gerðin fer fram skal innheimtumaður skrá í gerðabókina hvenær gjaldið er innfært í aukatekjubók.

12. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um aukatekjur ríkissjóðs nr. 79/23. desember 1975, öðlast gildi 1. janúar 1987. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 453/1985, með síðari breytingum.

Fjármálaráðuneytið, 23. desember 1986.

Þorsteinn Pálsson.

Lárus Ögmundsson.

REGLUGERÐ

um breytingar á reglugerðum um greiðslur sjúkratryggðra samkvæmt lögum um almannatryggingar.

1. gr.

Greiðslur sjúkratryggðra til samlagslækna.

Samlagsmenn í sjúkrasamlögum skulu greiða samlagslækni sínum eða lækni er í hans stað kann að koma skv. samningum hlutadeigandi samlags kr. 110 fyrir hvert viðtal á læknisstofu og kr. 200 fyrir hverja vitjun læknis til sjúklings.

Þar sem samið er um greiðslu læknishjálpar fyrir hvert unnið verk dregst þetta gjald frá umsömdu gjaldi fyrir viðtöl og vitjanir.

Í vitjunargjaldi eru innifaldar kr. 45 vegna óhjákvæmilegs ferðarkostnaðar samlagslæknis og dragast þær frá umsömdum eða ákveðnum ferðarkostnaði samlagslæknis eða flytjenda hans þegar reikningur er greiddur til samlagsmanna, er njóta lækniþjónustu, sem byggist á samningi við heimilislækna.

2. gr.

Greiðslur sjúkratryggðra á lyfjakostnaði.

3. gr. reglugerðar nr. 289/1978 orðist svo:

Af öðrum lyfjakostnaði en um getur í 2. gr. er greiðslutilhögun svo sem hér segir:

1. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination) samkvæmt Lyfjaverðskrá I og af innlendum sérlyfjum greiðir samlagsmaður fyrstu 200 kr. en sjúkrasamlagið það sem vantar á fullt verð.
2. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination) samkvæmt Lyfjaverðskrá II (erlend sérlyf) greiðir samlagsmaður fyrstu 350 kr. en sjúkrasamlagið það sem vantar á fullt verð. Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða kr. 80 og kr. 120 fyrir hverja afgreiðslu.

Með afgreiðslu (ordination) er hér átt við lyfjamagn er svarar til 100 — 120 daga notkunar, miðað við notkunarfyrisögn læknis. Sé ávísað magn meira en nemur 120 daga notkun, ber samlagsmanni að greiða eitt gjald, sbr. 1. málsg. fyrir hvert 120 daga tímabil eða brot úr því. Ákvæði þessarar málsgreinar taka aðeins til lyfja til inntöku í afmældum lyfjaformum (töflur, hylki, skammtar), stungulyfja og lyfjaforma til inntöku, þar sem engin tvímæli eru um skömmtunarmagn (mixtúrur, dropar), en ekki til húðlyfja, öndunarfæralyfja né augn- og eyrnalyfja (ATC- flokkar, D, R og S).

Sé heildarverð viðkomandi lyfs jafnt og/eða lægra en þau mörk er um getur í þessari grein, greiðir samlagsmaður það verð.

3. gr.

Greiðslur sjúkratryggðra fyrir sérfræðihjálpi í rannsóknnum og röntgengreiningu.

Greiðslur samlagsmanna fyrir sérfræðilæknishjálpi, rannsóknir og röntgengreiningu, sem um ræðir í 43. gr. laga nr. 67/1971, skal vera sem hér segir:

1. Samlagsmaður skal greiða kr. 360 fyrir hverja komu til sérfræðings.
2. Samlagsmaður skal greiða fyrstu kr. 360 hverrar rannsóknar hjá rannsóknarstofu eða sérfræðingi.
3. Samlagsmaður skal greiða fyrstu kr. 360 af kostnaði við hverja röntgengreiningu. Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða kr. 140 í hvert skipti, fyrstu 12 skiptin árlega, en síðan ekkert.

Þessar greiðslur skulu dragast frá umsömdu eða ákveðnu heildarverði á læknishjálpi, rannsóknnum og röntgengreiningu, þegar reikningur er gerður til sjúkrasamlags fyrir þessa þætti.

Aldrei má krefja sjúklings um nema eina greiðslu fyrir hverja komu og skiptir ekki máli hve margar tegundir rannsókna ásamt viðtali er um að ræða.

4. gr.

Greiðslur sjúkratryggðra á kostnaði við sjúkraflutninga.

1. gr. reglugerðar nr. 94/1983 orðist svo:

Hámarksfjárhæð sem samlagssjúklingur skal greiða fyrir sjúkraflutninga á sjúkrahús og frá sjúkrahúsi skv. 1. mgr. i stafl. 43. gr. laga nr. 67/1971, sbr. lög nr. 54/1982 er kr. 1 200.

5. gr.

Greiðslur sjúkratryggðra á ferðakostnaði innanlands.

4. gr. reglugerðar nr. 70/1982 orðist svo:

Endurgreiðsla sjúkrasamlaga.

Sjúklingur skal framvísa læknisvottorði eftir hverja ferð. Eftir að önnur ferð er farin endurgreiðir sjúkrasamlag fyrstu ferð að frádregnum 1 100 kr. en síðari ferðir að frádregnum 550 kr. Til endurgreiðslu reiknast fargjald eins og það er með venjulegum áætlunarferðum á hverjum tíma. Ef ætla má, að raunverulegur ferðakostnaður sé lægri, skal miða við hann.

6. gr.

Tryggingastofnun ríkisins skal kynna almenningi efni þessarar reglugerðar rækilega.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 1987. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 472/1985.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 19. desember 1986.

Ragnhildur Helgadóttir.

*Páll Sigurðsson.***REGLUGERÐ****um bensíngjald.**

1. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald — bensíngjald — af bensíni er fellur undir tollskrárnúmer 27.10.19. Frá og með 1. janúar 1987 skal gjald þetta nema kr. 10,49 af hverjum lítra.

2. gr.

Gjald skv. 1. gr. tekur einnig til bensínbirgða sem til eru í landinu hinn 1. janúar 1987. Þó skulu gjaldfrjálsir 300 lítrar hjá hverjum eiganda.

Gjaldið skal greiða hvort heldur bensínið er í vörslu eiganda eða ekki.

Hafi gjald skv. 1. gr. reglugerðar nr. 363/1985 verið greitt af birgðum sem til eru hinn 1. janúar 1987 skal greiða kr. 0,95 af hverjum lítra slíkra birgða sem til eru umfram 300 lítra hjá hverjum eiganda.

Hver sá, sem á eða hefur til umráða 300 lítra af bensíni hinn 1. janúar 1987 skal skyldur að tilkynna það innheimtumanni innan 10 daga. Eigandi eða umráðamaður skal skyldur til að aðstoða við að kanna birgðir óski innheimtumaður slíkrar aðstoðar.

Innheimtumaður getur krafist upplýsinga frá bensíninnflytjendum og bensínsölum um sölu samkvæmt verslunarbókum til viðskiptamanna er fram fór fyrir 1. janúar 1987.

3. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. skal heimilt að gera innflutningsgjald af bensíni upp miðað við sölu birgða. Frestur til greiðslu gjaldsins til innheimtumanns ríkissjóðs skal þó aldrei vera lengri en svo að gjaldið sé greitt áður en tveir mánuðir eru liðnir frá lokum sölumánaðar.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 79 6. september 1974, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur reglugerð nr. 363/1985 úr gildi.

Fjármálaráðuneytið, 23. desember 1986.

Þorsteinn Pálsson.

Lárus Ögmundsson.

REGLUGERÐ

um þungaskatt.

1. gr.

Greiða skal árlega þungaskatt af bifreiðum sem hér segir:

- a. Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín og eru minni en 4000 kg að leyfðri heildarþyngd, öðrum en þeim bifreiðum sem ekið er gegn gjaldi samkvæmt mælum:

Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.	Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.
Allt að 1000	38 880	2800 — 2999	63 920
1000 — 1999	49 700	3000 — 3199	66 760
2000 — 2199	52 540	3200 — 3399	69 600
2200 — 2399	55 380	3400 — 3599	72 450
2400 — 2599	58 230	3600 — 3799	75 290
2600 — 2799	61 070	3800 — 3999	78 130

- b. Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín, eru undir 4000 kg að leyfðri heildarþyngd og ekið er gegn gjaldi samkvæmt löggiltum mælum:

Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.	Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.
Allt að 1000	50 540	2800 — 2999	83 090
1000 — 1999	64 610	3000 — 3199	86 790
2000 — 2199	68 300	3200 — 3399	90 480
2200 — 2399	72 000	3400 — 3599	94 180
2400 — 2599	75 700	3600 — 3799	97 880
2600 — 2799	79 390	3800 — 3999	101 570

2. gr.

Af bifreiðum, sem nota annan orkugjafa en bensín og eru 4000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd, skal þungaskattur greiðast í formi gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra

samkvæmt öikumæli. Af tengi- og festivögnum, sem eru 6000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd, greiðist þungaskattur á sama hátt.

Kílómetragjald skv. 1. mgr. skal vera sem hér segir:

Leyfð heildarþyngd bifreiðar, tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km, kr.	Leyfð heildarþyngd bifreiðar, tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km, kr.
4,0— 4,9	2,67	15,0—15,9	5,67
5,0— 5,9	2,84	16,0—16,9	6,12
6,0— 6,9	3,07	17,0—17,9	6,57
7,0— 7,9	3,22	18,0—18,9	6,97
8,0— 8,9	3,36	19,0—19,9	7,50
9,0— 9,9	3,51	20,0—20,9	7,89
10,0—10,9	3,73	21,0—21,9	8,35
11,0—11,9	3,87	22,0—22,9	8,88
12,0—12,9	4,35	23,0—23,9	9,30
13,0—13,9	4,76	24,0—24,9	9,72
14,0—14,9	5,27	25,0 og þyngri	10,20

3. gr.

- a. Af akstri fólksflutningabifreiða er taka 17 farþega eða fleiri í sæti, sem á sér stað vegna áætlunarferða í þéttbýli, þ. e. akstur almenningsvagna eða sérleyfisferða, skal greiða 30% af þeim þungaskatti er um getur í 2. gr. Við ákvörðun á aksturslengd vegna sérleyfisferða skal leggja til grundvallar ekna kílómetra hvers sérleyfishafa á viðkomandi sérleið á hverju greiðslutímabili samkvæmt leiðabók umferðamálaeildar fólksflutninga sem í gildi er hverju sinni. Afslátturinn skal miðast við að allur akstur í áætlunarferðum í þéttbýli og sérleyfisferðum fari fram á bifreiðum sem eru 15,0—15,9 tonn að leyfðri heildarþyngd. Sé sérleyfisakstri að staðaldri sinnt af léttari bifreið skal þó miðað við raunverulega þyngd.

Komi í ljós að akstur á sérleið hefur verið minni en leiðabók segir til um skal afslátturinn miðast við raunverulegan akstur. Með almenningsvögnum samkvæmt þessari málsgrein er átt við vagna sem ekið er samkvæmt fyrirfram ákveðinni tímaáætlun í þéttbýli og ætlaðir eru almenningi til afnota gegn fyrirfram ákveðnu gjaldi.

- b. Af akstri vöruflutningabifreiða, þ. m. t. festi- og tengivagnar, umfram 25.000 km á ári skal veittur 10% afsláttur af þungaskatti skv. 2. gr. Af akstri þessara ökutækja umfram 35.000 km á ári skal veittur 20% afsláttur og 50% afsláttur af akstri þeirra umfram 45.000 km á ári.

Af akstri annarra bifreiða skal afsláttur þessi vera 10% af akstri umfram 25.000 km á ári og 20% af akstri umfram 45.000 km á ári.

Afsláttur kemur til framkvæmda við fyrsta uppgjör eftir að akstur hefur náð framan- greindum mörkum, talið frá og með 10. október ár hvert.

- c. Eigendur bifreiða er um getur í 1. gr. geta að eigin vali greitt þungaskatt í formi gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt öikumæli í stað árgjalds. Gjald fyrir hvern ekinn kílómetra skal þá vera það sama og greiða ber af bifreiðum sem eru 4,0—4,9 tonn að heildarþyngd. Greiða skal $\frac{1}{12}$ hluta árgjalds skv. 1. gr. fyrir hvern mánuð sem bifreiðin er í notkun án þess að vera útbúin viðhlítandi öikumælismánaði. Mánuður í þessu sambandi teljast 15 dagar eða fleiri en 14 dögum eða færri skal sleppt. Bifreiðaeftirlitsmaður skal skrá í athugasemdadálk skráningarskráteinis bifreiðar hvort greiða skuli þungaskatt samkvæmt öikumæli eða fast árgjald.

Frá þeirri stundu er bifreiðæftirlitsmaður hefur viðurkennt öikumælisbúnað bifreiða, er hér um ræðir, gilda um þær öll ákvæði þessarar reglugerðar er að öikumælum lúta svo og ákvæði reglugerðar nr. 62/1977 með síðari breytingum.

- d. Noti bifreið innlandan orkugjafa skal þungaskattur vera helmingi lægri en kveðið er á um í 1. og 2. gr. eftir því sem við á hverju sinni.

4. gr.

Nú er bifreið eða festi- eða tengivagn eingöngu notuð við flutninga þar sem leyfður heildarþyngi nýtist ekki til fulls og á þá eigandi rétt á að gjaldskylda sé miðuð við aðra þyngd en leyfða heildarþyngd. Slík þyngd er hér eftir nefnd skráð þyngd. Skráð þyngd, sem skattur er greiddur af, skal aldrei vera minni en 13 000 kg sé um bifreið að ræða, en 6000 kg sé um vagn að ræða. Skráð þyngd, sem greiðsla er miðuð við, má og aldrei vera minni en eigin þyngd bifreiðar eða vagns og ekki skal slík skráning vera til skemmri tíma en 12 mánaða. Bifreiðæftirlit ríkisins ákveður hver sé skráð þyngd samkvæmt þessari grein.

Bifreiðæftirlit ríkisins færir upplýsingar um skráða þyngd í skráningarskírteini. Að lokinni færslu í skráningarskírteini og álestri á öikumæli bifreiðar miðast þungaskattur við hina skráðu þyngd. Nú verður uppvíst að heildarþyngd bifreiðar er meiri en hin skráða þyngd og skal þá heimild til notkunar skráðrar þyngdar þegar afmáð úr skráningarskírteini og skal notkun skráðrar þyngdar þá ekki heimiluð næstu fjögur árin.

5. gr.

Öikumælar skulu settir í bifreiðar, festi- og tengivagna á kostnað eigenda þeirra. Um tegundir öikumæla, ísetningu þeirra, innsíglun, álestur og viðgerðir, svo og um skyldur umráðamanns bifreiðar varðandi álestur, færslu akstursbókar o. þ. h., gilda ákvæði reglugerðar um öikumæla nr. 62/1977 með síðar breytingum.

Réttur til endurgreiðslu og afsláttar þungaskatts fylgir bifreið þótt eigendaskipti verði. Verði ágreiningur um gerð bifreiðar og gjaldskyldu sker fjármálaráðherra úr.

6. gr.

Af bifreiðum, sem skrásettar eru erlendis og nota annan orkugjafa en bensín og eigi er ætlað að vera hérlandis lengur en fjóra mánuði í senn, skal greiða þungaskatt samkvæmt sérstakri reglugerð þar að lútandi. Sama á við um tengi- og festivagna, sem að leyfðri heildarþyngd eru 6 tonn eða meira og skrásettar eru erlendis.

Bifreiðar erlendra sendisveita eru undanþegnar gjaldi skv. 1. og 2. gr. svo og bifreiðar erlendra ræðismanna, ef þeir eru eigi íslenskir ríkisborgarar.

Eigendur jeppabifreiða eiga rétt á endurgreiðslu á helmingi skatts skv. 1. gr. með eftirtöldum skilyrðum:

- a. Þeir lýsi því yfir að bifreiðarnar hafi verið notaðar næstliðið ár að mestu eða öllu leyti við landbúnaðarstörf.
- b. Þeir sanni með vottorði hlutaðeigandi skattstjóra að eigandi bifreiðarinnar hafi haft meiri hluta atvinnutekna sinna næstliðið ár, að frádrægnum kostnaði við öflun þeirra, af búrekstri. Heimilt er þó að víkja frá ákvæði þessa stafliðar ef heildartekjur samkvæmt landbúnaðarframtali næstliðins árs eru hærri en tekjur visitölubús.

7. gr.

Gjalddagi skatts þess, sem um ræðir í 1. gr., er 1. janúar árlega, en eindagi 1. apríl, og skal skatturinn innheimtast fyrir hvert ár þar sem bifreið er skráð í ársbyrjun. Skattskyldan telst frá afhendingu skráningarmerkis ef um nýskráða bifreiða er að ræða, ella frá 1. janúar það ár sem skattur er greiddur. Skatturinn reiknast fyrir heila mánuði þannig, að 15 dagar eða fleiri teljast heill mánuður en færri dögum skal sleppt.

Skattinn skal sá greiða sem er skráður eigandi á gjalddaga eða síðast var það, ef bifreið er afskráð sem ónýtt. Hafi bifreið skipt um eiganda án þess að það hafi verið tilkynnt til skráningar hvíler greiðsluskyldan jafnframt á hinum nýja eiganda.

Lækka skal eða endurgreiða þungaskatt að rétttri tiltölu hafi skattskyld bifreið verið afskráð sem ónýtt eða skráningarmerki bifreiðar verið afhent lögreglustjóra í skráningarumdæmi hennar til geymslu í a. m. k. 30 daga samfelld. Við útreikning á frádrætti skattsins skal miðað við heila mánuði þannig, að 15 dagar eða fleiri teljast heill mánuður en færri dögum skal sleppt.

Eigi skal endurgreiða skatt af bifreið sem greiddur hefur verið af henni út árið þótt skipt sé um eiganda að henni eða hún flutt í annað skráningarumdæmi, heldur skal greiðslan gilda fyrir þá bifreið allt árið hver sem eigandi hennar er eða hvert sem hún er flutt á landinu.

8. gr.

Þungaskatt skv. 2. gr. skal greiða þrisvar á ári eftir á og eru gjalddagar skattsins 11. febrúar, 11. júní og 11. október ár hvert en eindagi síðasti dagur næsta mánaðar eftir gjalddaga. Skatturinn skal greiðast fyrir hvert gjaldtímabil þar sem bifreið er skráð þegar álestur fer fram.

Eigandi eða umráðamaður bifreiðar skal, án sérstakrar tilkynningar, koma með bifreið sína til eftirlitsmanns fjármálaráðuneytis eða bifreiðaeftirlits á síðustu 20 dögum hvers gjaldtímabils, þ. e. á tímabilinu 20. janúar til 10. febrúar, 20. maí til 10. júní og 20. september til 10. október ár hvert, og láta lesa á og skrá stöðu öikumælis.

9. gr.

Heimilt er að veita sérstaka undanþágu frá því að komið sé með bifreið, sem greiða skal af þungaskatt skv. 2. gr., til álestrar ársþriðjungslega ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, svo sem ófærð eða veikindi, enda hafi beiðni þar að lútandi borist viðkomandi innheimtumanni með hæfilegum fyrirvara. Sé ekki komið með bifreið til álestrar á tilskildum tíma skal innheimtumaður leggja dagsektir á eiganda eða umráðamann bifreiðar er nemi 130 kr. á hvern dag sem líður frá þeim tíma sem ákveðinn er til álesturs skv. 8. gr. í allt að 30 daga, eða þar til komið er með bifreiðina til álestrar sé það fyrr.

Heimilt er innheimtumanni að fella niður dagsektir skv. 1. mgr. hafi sérstakar ástæður orðið til þess að ekki var komið með bifreið til álestrar á réttum tíma, enda hafi fullnægjandi greinargerð borist innheimtumanni um orsök tafarinnar innan tveggja vikna frá lokum þess tímabils er tilgreint er til álestrar öikumæla.

Ef taka þarf öikumæli úr bifreið til viðgerðar skal setja annan öikumæli í stað hans. Nú verður því ekki við komið og er þá heimilt að veita tímabundna heimild til aksturs bifreiðarinnar gegn greiðslu daggjalds, er miðist við meðaltal ekinna kílómetra á dag á næstliðnu álesturstímabili samkvæmt álestursbók eða sambærilegu tímabili fyrra árs verði því við komið, enda teljist það eðlilegt eftir atvikum.

10. gr.

Við árlega aðalskoðun bifreiðar, sem gjaldskyld er samkvæmt þessari reglugerð, skal eigandi hennar eða umráðamaður færa sönnur á að greiddur hafi verið af henni gjaldfallinn þungaskattur svo og skráningargjald og váttryggingariðgjald öikumanns. Að öðrum kosti skal skoðunarmaður neita um skoðun á bifreiðinni, taka af henni skráningarmerki og afhenda þau lögreglustjóra. Lögreglustjóri skal ekki afhenda þau aftur fyrr en færðar hafa verið sönnur á greiðslu fyrrnefndra gjalda.

Skráning og/eða umskráning bifreiðar skal ekki fara fram nema framangreind gjöld hafi áður verið greidd af bifreiðinni til næstu áramóta.

Sé ekki komið með bifreið til skoðunar á tilskildum tíma eða gjöld af henni ekki greidd á réttum gjalddaga skal lögreglustjóri, eftir kröfu skattheimtumanns eða skoðunarmanns, taka af bifreiðinni skráningarmerki til geymslu svo sem að framan segir.

Pungaskattur af bifreiðum og váttryggingariðgjald ökumanns hafa lögtaksrétt. Bifreiðin skal vera að veði fyrir gjöldum þessum og skal það veð ganga fyrir öðrum veðum.

11. gr.

Komi í ljós við eftirlit að ökumælir bifreiðar, sem gjaldskyld er skv. 2. gr., sé eigi innsiglaður svo sem fyrir er mælt, svo og ef ökutaki hefur verið í notkun án þess að mælir þess hafi verið virkur, greiðir eigandi og/eða umráðamaður bifreiðarinnar álag sem nemur þungaskatti af allt að 10.000 km akstri á mánuði, en 15.000 km akstri á mánuði við ítrekað brot. Álag þetta innheimtist eins og um venjulegan álestur væri að ræða.

Ef í ljós kemur við skoðun bifreiðar eða við álestur ökumælis að ökumælir eða ökumælisbúnaður er ekki virkur eða mælir telur rangt og ætla má að eigandi og/eða umráðamaður bifreiðar hafi verið grandlaus, getur viðkomandi innheimtumaður ríkissjóðs ákvarðað skattinn samkvæmt því sem telja má sennilegan akstur að viðbættu 10% álagi.

Nú vanrækir eigandi að láta setja ökumæli í bifreið sína á tilskildum tíma og hann nýtur eigi til þess sérstakrar undanþágu frá Bifreiðaeftirliti ríkisins eða viðkomandi skattheimtumanni og skal þá lögreglustjóri stöðva bifreiðina hvar sem til hennar næst og taka skráningarmerki hennar til geymslu uns ökumælir hefur verið settur í bifreiðina.

Sé ekki komið með bifreið til skoðunar á tilskildum tíma eða gjöld af henni ekki greidd á réttum gjalddaga skal lögreglustjóri, eftir kröfu skattheimtumanns eða skoðunarmanns, taka af bifreiðinni skráningarmerki til geymslu svo sem að framan segir.

12. gr.

Bifreið, sem í bifreiðaskrá er talin nota annan orkugjafa en bensín, skal talin vera slík hvað skatti viðkemur þangað til eigandi eða umráðamaður sannar fyrir lögreglustjóra (bifreiðaeftirliti) að hún noti þar eftir bensín sem orkugjafa.

Eigandi eða umráðamaður bensínbifreiðar sem setur í bifreið sína hreyfil er notar annan orkugjafa en bensín skal tilkynna lögreglustjóra (bifreiðaeftirliti) breytinguna jafnskjótt og hún kemur til framkvæmda.

Nú kemur í ljós að bifreið notar annan orkugjafa en bensín, en hún hefur ekki verið skráð sem slík, og skal þá hvað skattinn snertir telja að hún hafi verið þannig frá síðustu aðalskoðun nema eigandi eða umráðamaður sanni að svo hafi ekki verið.

13. gr.

Innheimtu framanritaðra gjalda annast lögreglustjórar, í Reykjavík tollstjóri.

Séu gjöld samkvæmt reglugerð þessari ekki greidd í síðasta lagi á eindaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem ógreitt er, talið frá og með gjalddaga. Dráttarvextir eru þeir sömu og Seðlabanki Íslands ákveður samkvæmt lögum nr. 36/1986.

14. gr.

Eftirlitsmönnum með ökumælum er heimilt að stöðva bifreiðar, sem gjaldskyldar eru samkvæmt reglugerð þessari, í því skyni að kanna hvort fyrirmæli reglugerðar þessarar og reglugerðar nr. 62/1977 um ökumæla með síðari breytingum séu haldin.

15. gr.

Reglugerð þessi sem sett er skv. lögum nr. 79/1974 um fjáröflun til vegagerðar, sbr. lög nr. 19/1986 um breyting á þeim, öðlast gildi 1. janúar 1987.

Hækkun gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra, sbr. 2. gr. tekur þó eigi gildi fyrir en að loknu 1. álesturstímabili en því lýkur á tímabilinu 20. janúar til 10. febrúar 1987, sbr. 8. gr. Sé ekki komið með bifreið til álestrar á réttum tíma skal reikna út meðaltal ekinna kílómetra á dag á tímabilinu milli álestra. Af meðaltalsakstri sem samkvæmt þessu hefur átt sér stað eftir lok 1. álesturstímabils skal innheimta hið hækkaða gjald. Með reglugerð þessari fellur reglugerð nr. 349/1986 úr gildi.

Fjármálaráðuneytið, 23. desember 1986.

Þorsteinn Pálsson.

Lárus Ögmundsson.

REGLUR

um fjárhagslegan aðskilnað stofnlánasjóða og veðdeilda skattskyldra innlánsstofnana frá öðrum deildum þeirra.

1. gr.

Tekjur og eignir stofnlánasjóða og veðdeilda teljast ekki með skattskyldum tekjum og eignum viðkomandi innlánsstofnana, enda sé fjárhagur þeirra greinilega aðskilinn fjárhag annarra deilda viðkomandi stofnana með þeim hætti sem greinir í 2.—4. gr. þessara reglna.

2. gr.

Bókfærslu eigna, skulda, gjalda og tekna skal hagað í samræmi við II. kafla laga um bókhald nr. 51/1968, eins og um sjálfstæðan aðila væri að ræða. Viðskiptin við viðkomandi innlánsstofnun, sem stofnlánasjóðurinn eða veðdeildin er starfrækt í tengslum við, skulu sérstaklega sundurgreind í bókhaldinu.

3. gr.

Vaxtakjör, þóknanir, hlutdeild í kostnaði o. þ. h., sem ákveðin eru í viðskiptum milli stofnlánadeildar eða veðdeildar annars vegar og viðkomandi innlánsstofnunar hins vegar, skulu vera eins og almennt gerist í viðskiptum milli óskyldra aðila.

4. gr.

Birgðum verðbréfa og annarra eigna og bókhaldsgögnum skal haldið aðskildum frá samsvarandi gögnum annarra deilda viðkomandi innlánsstofnunar.

5. gr.

Reglur þessar, sem eru samkvæmt heimild í 2. gr. laga nr. 65/1982, um skattskyldu innlánsstofnana, sbr. lög nr. 51/1984, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 12. desember 1986.

F.h.r.

Lárus Ögmundsson.

Snorri Olsen.

REGLUGERÐ

um stjórn botnfiskveiða 1987.

I. KAFLI.

Heildaraflí.

1. gr.

Árið 1987 skulu leyfi til botnfiskveiða miðast við að afli úr helstu botnfisktegundum verði:

1. þorskur	330 þús. lestir
2. ýsa	60 þús. lestir
3. ufsi	70 þús. lestir
4. karfi	95 þús. lestir
5. grálúða	30 þús. lestir

Afli samkvæmt ofangreindu miðast við óslægðan fisk með haus.

II. KAFLI.

Flokkar fiskiskipa.

2. gr.

Samráðsnefnd skal með hliðsjón af veiðum skipa á árinu 1986 flokka öll íslensk fiskiskip í útgerðarflokka. Við flokkun skipa skal samráðsnefnd einnig taka tillit til veiðiheimilda skipa á árinu 1987. Útgerðarflokkar eru þessir:

1. Togarar.
2. Bátar án sérveiðiheimilda.
3. Síldarbátar.
4. Humarbátar.
5. Humar-og síldarbátar.
6. Rækjubátar.
7. Skelfiskbátar.
8. Loðnuskip.

Við flokkun skipa í útgerðarflokk 2, bátar án sérveiðiheimilda, skulu fiskiskip stærri en 100 brl., sem eingöngu stunda veiðar með vörpu, flokkuð sérstaklega varðandi sóknardaga-fjöldi.

Sé við ákvörðun þorskaflahámarks, miðað við stærðir báta, skulu fiskiskip flokkuð þannig:

1. Bátar	10 brl. til og með 20 brl.
2. Bátar	stærri en 20 brl. til og með 50 brl.
3. Bátar	stærri en 50 brl. til og með 90 brl.
4. Bátar	stærri en 90 brl. til og með 110 brl.
5. Bátar	stærri en 110 brl. til og með 200 brl.
6. Bátar	stærri en 200 brl. til og með 500 brl.
7. Bátar	stærri en 500 brl.
8. Togarar	stærri en 200 brl. til og með 500 brl.
9. Togarar	stærri en 500 brl.

Við stærðarflokkun fiskiskipa er miðað við mælingarbréf Siglingamálastofnunar ríkisins fyrir skipið, sem gildi 1. janúar 1986. Sama gildir sé miðað við lengd skips. Komi nýtt eða

nýkeypt skip í stað eldra skips skal miða við mælingarbréf eldra skipsins er gilti 1. janúar 1986.

Við ákvörðun þorskaflahámarks fyrir flokk 8, togara 200-500 brl., skal það metið sérstaklega fyrir togara 39 metra og styttri annars vegar, og hins vegar fyrir togara lengri en 39 metrar, miða skal við mestu lengd skipsins.

Við ákvörðun þorskaflahámarks fyrir flokk 8 og 9, skal landinu skipt í tvö veiðisvæði:

Svæði 1: Frá Eystra-Horni vestur og norður um að Látrabjargi.

Svæði 2: Frá Látrabjargi norður og austur um að Eystra-Horni.

Við svæðaflokkun togara skal miðað við verstöð sem togari er gerður út frá, þegar reglugerð þessi öðlast gildi. Frystiskip er frysta eigin afla um borð skulu við ákvörðun þorskaflahámarks teljast til svæðis 1, hvaðan sem þau eru gerð út.

Heimilt er að víkja frá ofangreindum ákvæðum um mörk veiðisvæða sé það nauðsynlegt vegna sérstöðu veiðiskips.

III. KAFLI.

Aflamarksskip.

3. gr.

Aflamarksskipi skal úthlutað aflamarki fyrir eftirgreindar fisktegundir: þorsk, ýsu, ufsa, karfa og grálúðu.

Aflamark hvers skips skal tilgreint í heilum tonnum og er miðað við slægðan fisk með haus að karfa undanskildum.

Þegar breyta skal óslægðum fiski í slægðan skal margfalda þorsk, ýsu og ufsa með tölunni 0.80 en grálúðu með tölunni 0.92.

Þegar breyta skal slægðum fiski í óslægðan skal margfalda þorsk, ýsu og ufsa með tölunni 1.25 en grálúðu með tölunni 1.09.

Ráðuneytið skal ákveða þann stuðul, sem notaður skal til útreikninga á aflamarki skipa, sem vinna eigin afla um borð.

Við línuveiðar í janúar, febrúar, nóvember og desember reiknast 50% aflans ekki til aflamarks fiskiskips, en réttur línuskips til framsals skerðist sem svarar öllum línuafli þess á þessum tímabilum.

Grálúða veidd á línu frá 1. júní til 31. ágúst, telst ekki hluti af aflamarki skips.

Allur afli, af framangreindum tegundum án tillits til stærðar sem fluttur er óunninn á erlendan markað á árinu 1987 reiknast til aflamarks og þorskaflahámarks með 10% álagi.

IV. KAFLI.

Sóknarmarksskip.

4. gr.

Veiðileyfi með sóknarmarki er veitt með því skilyrði, að sóknardagar til botnfiskveiða fari ekki fram úr tilgreindum fjölda á ákveðnu tímabili sbr. 8. gr. og þorskafla ekki yfir ákveðið hámark.

5. gr.

Sóknarmark hefst þegar skip heldur úr löndunar- og heimahöfn til veiða og lýkur þegar skip kemur í höfn með veiðarfæri innanborðs til löndunar afla, enda haldi það ekki úr höfn til veiða aftur fyrr en liðnir eru a.m.k. þrjár sólarhringar.

Sigli skip með eigin afla til löndunar á erlendum mörkuðum telst sá tími, sem fer til siglingar utan til sóknarmarks.

6. gr.

Útgerð eða skipstjóri sóknarmarksskips, skal tilkynna Fiskifélagi Íslands eigi síðar en 3 dögum eftir lok hvers mánaðar á þar til gerðu eyðublaði, hvaða daga viðkomandi skip hefur nýtt til sóknar á tímabilinu. Ennfremur er skylt að skila aflaskýrslum skv. 12. gr.

Heimilt er að stunda veiðar í allt að þremur dögum umfram úthlutaðan sóknardagafjölda tímabils, enda dragist jafnmargir dagar frá sóknardagafjölda næsta tímabils á eftir. Fari slík frávik fram úr þremur dögum um einn eða tvo daga reiknast þeir tvöfaldir til frádráttar á næsta tímabili á eftir. Frávik umfram fimm daga teljast brot á reglum þessum.

Heimilt er með samþykki ráðuneytisins að færa milli tímabila allt að fjóra af hverjum fimm sóknardögum, sem ekki hafa nýst til fiskveiða enda hafi skip orðið að liggja í höfn a.m.k. fimmtán daga vegna meiriháttar bilana. Útgerðaraðili skal sækja skriflega til ráðuneytisins um slíka yfirfærsludaga milli tímabila.

7. gr.

Sóknarmarksskipi, er á árinu 1987 óheimilt að veiða meira magn af þorski en tilgreint er í töflu í 2. mgr. þessarar greinar eða sem svarar þorskaflahámarki þess samkvæmt ákvæðum laga um stjórn fiskveiða 1986-1987 og sem leiðir af rétti skips til yfirfærslu þorskaflahámars milli ára.

Þorskaflahámak sóknarmarksskipa er sem hér greinir fyrir hvern stærðar-, útgerðar- og veiðisvæðaflokk fiskiskipa. Miðað er við slægðan þorsk með haus.

Útgerðarflokkur 1.

Togarar:

	Svæði I	Svæði II
39 metrar og styttri:	700 lestir	1050 lestir
Stærri en 200 bl.:	1200 lestir	1750 lestir

Útgerðarflokkur 2.

Bátar án sérveiðiheimilda:

10 brl. til og með 20 brl.:	120 lestir
Stærri en 20 brl. til og með 50 brl.:	210 lestir
Stærri en 50 brl. til og með 90 brl.:	350 lestir
Stærri en 90 brl. til og með 110 brl.:	370 lestir
Stærri en 110 brl. til og með 200 brl.:	460 lestir
Stærri en 200 brl.:	520 lestir

Útgerðarflokkur 3.

Síldarbátar:

110 brl. og minni:	350 lestir
Stærri en 110 brl.:	460 lestir

Útgerðarflokkur 4.

Humarbátar:

50 brl. og minni:	120 lestir
Stærri en 50 brl. til og með 90 brl.:	250 lestir
Stærri en 90 brl.:	270 lestir

Útgerðarflokkur 5.

Humar-og síldarbátar:

90 brl. og minni:	320 lestir
Stærri en 90 brl.:	340 lestir

Útgerðarflokkur 6.

Rækjubátar:

10 brl. til og með 20 brl.: 50 lestir

Stærri en 20 brl. til og með 50 brl.: 90 lestir

Stærri en 50 brl.: 120 lestir

Útgerðarflokkur 7.

Skelbátar:

10 brl. til og með 20 brl.: 40 lestir

Stærri en 20 brl. til og með 50 brl.: 60 lestir

Stærri en 50 brl. til og með 90 brl.: 120 lestir

Stærri en 90 brl. til og með 110 brl.: 140 lestir

Stærri en 110 brl.: 170 lestir

Varðandi útgerðarflokka 6 og 7 er heimilt að víkja frá ákvæðum 2. mgr. um þorskaflahámark og ennfremur ákvæðum 8. gr. um sóknardagafjölda, sé það talið nauðsynlegt vegna breytinga á aflatekjum af sérveiðum.

Við línuveiðar í janúar, febrúar, nóvember og desember reiknast 50% þorskaflans ekki til þorskaflahámars.

8. gr.

Í töflu hér á eftir er tilgreindur fjöldi sóknardaga á einstökum tímabilum samkvæmt flokkun veiðiskipa í II. kafla:

Útgerðarflokkur 1, togarar.

Tímabil 1	Tímabil 2	Tímabil 3	Tímabil 4	
Jan.-feb.	Mars-apr.	Maí-ágúst	Sept.-des.	Samtals
44	48	88	90	270

Útgerðarflokkur 2, bátar án sérveiðiréttinda.

Tímabil 1	Tímabil 2	Tímabil 3	Tímabil 4	Tímabil 5	
Jan.-feb.	Mars-apr.	Maí-ágúst	Sept.-okt.	Nóv.-des.	Samtals
35	45	70	40	30	220

Útgerðarflokkur 2, togbátar sbr. 2. mgr. 2. gr.

Tímabil 1	Tímabil 2	Tímabil 3	Tímabil 4	
Jan.-feb.	Mars-apr.	Maí-ágúst	Sept.-des.	Samtals
40	45	80	80	245

Útgerðarflokkur 3, síldarbátar.

Tímabil 1	Tímabil 2	Tímabil 3	Tímabil 4	
Jan.-feb.	Mars-apr.	Maí-okt.	Nóv.-des.	Samtals
35	45	65	25	170

Útgerðarflokkur 4, humarbátar.

Tímabil 1	Tímabil 2	Tímabil 3	Tímabil 4	Tímabil 5	
Jan.-feb.	Mars-apr.	Maí-júní	Júlí-okt.	Nóv.-des.	Samtals
35	45	10	45	25	160

Útgerðarflokkur 5, humar-og sildarbátar.

Tímabil 1	Tímabil 2	Tímabil 3	Tímabil 4	Tímabil 5	
Jan.-feb.	Mars-apr.	Maí-júní	Júlí-okt.	Nóv.-des.	Samtals
35	45	10	30	15	135

Útgerðarflokkur 6, rækjubátar.**Suður- og vesturland.**

Tímabil 1	Tímabil 2	Tímabil 3	
Jan.-feb.	Mars-ágúst	Sept.-des.	Samtals
30	50	45	125

Vestfirðir, Norðurland.

Tímabil 1	Tímabil 2	
Jan.-maí	Júní-des.	Samtals
50	75	125

Útgerðarflokkur 7, skelbátar.

Tímabil 1	Tímabil 2	
Jan.-apr.	Maí-des.	Samtals
45	45	90

Engar takmarkanir eru á fjölda sóknardaga hjá línuveiðiskipum í janúar, febrúar, nóvember og desember.

Stundi skip grálúðuveiðar með línu innan tímabilsins 1. júní til 31. ágúst, teljast þeir dagar, sem nýttir eru til grálúðuveiða, ekki sem hluti sóknardaga.

Stundi togarar (útgerðarflokkur 1) úthafs-rækjuveiðar teljast þeir dagar sem rækjuveiðar eru stundaðar sem sóknardagar. Þó skal hver dagur sem nýttur er til úthafs-rækjuveiða á tímabilinu 1. janúar—30. apríl aðeins vera sem hálfur sóknardagur.

9. gr.

Netaveiðar báta undir 10 brl. eru á tímabilinu 10. febrúar til og með 15. maí, heimilaðar í 65 daga með 80 lesta þorskaflahámarki.

V. KAFLI.

Ýmis ákvæði.

10. gr.

Skylt er að hirða og koma með að landi allan fisk af eftirtöldum tegundum, sem fæst í veiðarfæri fiskiskipa: Þorskur, ýsa, ufsi, karfi, skarkoli, grálúða og steinbítur.

11. gr.

Skipstjóra er skylt að halda fiski um borð í veiðiskipum aðgreindum eftir tegundum sbr. 10. gr. Ennfremur er honum skylt að láta meta og löggilta vigtarmenn vigta hverja tegund sérstaklega.

12. gr.

Útgerðaraðilum veiðiskipa, skipstjórnarmönnum og kaupendum er skylt að senda Fiskifélagi Íslands skriflegar upplýsingar um afla og aflasamsetningu og um úthald og sjósókn á eyðublöðum sem Fiskifélag Íslands leggur til. Vanskil á skýrslum og röng skýrslugjöf varða tafarlausri leyfissviptingu.

13. gr.

Óheimilt er að framselja botnfiskaflamark þeirra loðnuskipa, sem rækjuveiðileyfi fá á árinu 1987.

Framsalsréttur vegna loðnuskipa skerðist um 25 lestir af loðnu fyrir hvert tonn af óskelflettri rækju, sem þau afla. Skerðing þessi miðast við loðnuvertíð er hefst í júlí 1987.

Réttur til þess að framselja botnfiskaflamark skipa, sem leyfi hafa til úthafs rækjuveiða árið 1987 og frysta afla um borð, skerðist um jafnmörg þorskígildistonn og nemur þyngd óskelfletts rækjuafra skipsins það ár. Framsalsréttur vegna annarra rækjuskipa skerðist um 1/2 þorskígildistonn fyrir hvert tonn af óskelflettri rækju sem þau afla. Skerðing þessi skiptist á botnfisktegundir miðað við þorskígildi, sbr. 15. gr. í sömu hlutföllum og aflamark.

14. gr.

Á árinu 1987 skulu loðnuskip aðeins eiga kost á botnfiskveiðileyfi með aflamarki.

15. gr.

Við útreikning á takmörkun á rétti til framsals samkvæmt 13. gr. skal miða við þorskígildi samkvæmt leyfisbréfi til botnfiskveiða. Þegar þorskígildi er reiknað skal miðað við eftirfarandi verðmætishlutföll: þorskur 1.00, ýsa 1.10, ufsi 0.51, karfi 0.51 og grálúða 0.51.

16. gr.

Ráðuneytið getur sett nánari reglur um framkvæmd reglugerðar þessarar.

17. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 97 20. desember 1985, um stjórn fiskveiða 1986-1987. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

18. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 97 20. desember 1985, um stjórn fiskveiða 1986-1987, til þess að öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. janúar 1987 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 450 30. október 1986, um aflamark helstu botnfisktegunda 1987.

Sjávarútvegsráðuneytið, 22. desember 1986.

Halldór Ásgrímsson.

Árni Kolbeinsson.

AUGLÝSING

um umferð á Sauðárkróki.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og að fengnu samþykki bæjarstjórnar Sauðárkróks, eru hér með settar eftirgreindar reglur um umferð á Sauðárkróki:

Skagfirðingabraut verður aðalbraut að gatnamótum Sauðárkróksbrautar, en vikur fyrir umferð um þá síðarnefndu.

Lögreglustjórinn á Sauðárkróki, 16. desember 1986.

Halldór Þ. Jónsson.

REGLUGERÐ

um gjöld fyrir vörumerki o.fl.

1. gr.

Fyrir tilkynningu vörumerkis til skráningar greiðist:	Kr.
a) Grunnjald, einn vöruflokkur innifalinn	3 100
b) Flokkagjald fyrir hvern vöruflokk umfram einn	750

2. gr.

Fyrir tilkynningu vörumerkis til endurnýjunar greiðist:	
a) Grunnjald, einn vöruflokkur innifalinn	3 100
b) Flokkagjald fyrir hvern vöruflokk umfram einn	750

3. gr.

Fyrir tilkynningu gæðamerkis til skráningar og endurnýjunar greiðist:	
a) Grunnjald, einn vöruflokkur innifalinn	5 800
b) Flokkagjald fyrir hvern vöruflokk umfram einn	750

4. gr.

Önnur gjöld eru:

a) Innritun í vörumerkjaskrá	600
b) Útskrift eða staðfest myndrit úr vörumerkjaskrá	400
c) Fyrir athugun á því hvort vörumerki sé skráð greiðist fyrir hvern vöruflokk sem athugunin nær til	400
d) Umsókn um breytingu á skráðu merki, sbr. 24. gr. vörumerkjalaga og 9. gr. reglugerðar nr. 1/1969	600

5. gr.

Hámarksgjald vegna áfrýjunar, sbr. lög nr. 31 15. maí 1984 13 000
Eftir eðli og umfangi máls má lækka gjaldið eða fella það niður að öllu leyti, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

6. gr.

Gjöld samkv. 1., 2. og 3. grein skulu greidd við afhendingu tilkynningar, þó með þeirri undantekningu að flokkagjöld, skv. 1. gr. b) greiðast ekki fyrr en merkið hefur verið skráð. Áfrýjunargjald skv. 5. gr. greiðist við afhendingu bréfs um áfrýjun.

Ekki skal endurgreiða gjöld skv. 1., 2. og 3. gr. reglugerðarinnar þótt synjað sé um skráningu eða umsókn afturkölluð.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 46. gr. laga nr. 47/1968 um vörumerki, sbr. lög nr. 31/1984, og öðlast gildi 1. janúar 1987. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð sama efnis nr. 462, 17. desember 1985.

Iðnaðarráðuneytið, 17. desember 1986.

Albert Guðmundsson.

Páll Flygenring.

REGLUGERÐ

um B-gatnagerðargjöld í Hrísey.

1. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að leggja gatnagerðargjöld á lóðir og byggingar í Hrísey eftir því sem nánar segir í reglugerð þessari.

2. gr.

Gatnagerðargjald vegna varanlegs slitlags á akbrautir og gangstéttir skal lóðarhafi greiða þegar lagningu bundins slitlags er lokið og fullnaðarfrágangur viðvíkjandi gatnagerðinni hefur farið fram.

Gjaldið nefnist B gatnagerðargjald og miðast við rúmmál húss eins og það er skráð af Fasteignamati ríkisins, margfaldað með krónutölu samkv. ákvæðum 3. greinar. Verði ágreiningur um rúmmál húss skal endurmat fara fram af Fasteignamati ríkisins og verða báðir aðilar að hlíta niðurstöðum þess.

3. gr.

Gjaldið skal nema ákveðinni prósentu af byggingarkostnaði rúmmeters í vísitöluhúsi eins og hann er talinn á hverjum tíma af Hagstofu Íslands. Gjaldið er breytilegt eftir tegundum húsa og gildir þar eftirfarandi regla:

Einbýlishús	3,0%
Parhús, raðhús og tvíbýlishús	2,5%
Opinberar byggingar	3,0%
Verslunar- og skrifstofuhúsnæði	3,0%
Iðnaðarhús, vörugeymslur og annað atvinnuhúsnæði	1,5%
Bifreiðageymslur og innréttadar kjallarageymslur	1,5%
Kjallarar og rishæðir íbúðarhúsa, óeinangrað og óinnréttad	1,5%
Önnur hús, ákvörðuð af hreppsnefnd	1,0—3,0%

Þegar draga þarf frá rúmmáli húss einhverja þá húshluta sem eru á lægra gjaldi en aðrir hlutar hússins, skal miða við utanmál þess sem kemur til lækkunar.

Aldrei skal greiða lægra B gjald en sem nemur af 250 m³ húsnæði. Verði síðar byggt við hús þar sem þessu ákvæði hefur verið fylgt, skal aðeins greiða af því húsnæði sem verður umfram 250 m³.

Til viðbótar ofangreindu gjaldi skulu lóðarhafar greiða kr. 30,00 fyrir hvern fermeter lóðar og skal það gjald fylgja byggingavísitölu.

4. gr.

Gatnagerðargjald samkv. 3. grein miðast við byggingarkostnað vísitöluhússins sem í gildi er þegar lagning slitlags fer fram. Breyttist vísitala meðan á verki stendur skal miða við meðalvísitölu.

Nú verður hús byggt við þegar fullgerða götu, eða viðbótarhúsnæði byggt á lóð sem greitt hefur verið B gjald fyrir. Skal gjald þá reiknað út eftir samþykktum teikningum og miðað við byggingarkostnað eins og hann er gefinn upp af Hagstofu Íslands á sama tíma og teikningar eru samþykktar af bygginganefnd.

5. gr.

Þegar veitt er byggingaleyfi fyrir breytingu eða endurbyggingu húsnæðis, sem felur í sér breytta notkun þess, þannig að húseign færist í hærri gjaldflokk, þá skal innheimta gatnagerðargjald af hinu breytta húsnæði sem nemur mismun á gjaldi reiknuðu af hinu breytta húsnæði fyrir og eftir breytinguna.

6. gr.

Gatnagerðargjöld samkv. 3. grein greiðast þannig að 20% greiðast þegar lagningu bundins slitlags er lokið, en komi álagning til í samræmi við aðra málsgrein 4. greinar greiðast fyrstu 20% þegar teikningar hafa verið samþykktar af byggingarnefnd. Eftirstöðvar í báðum tilvikum greiðast með skuldabréfi með jöfnum afborgunum á næstu 4 árum. Gjaldldagi afborgana er 1. júlí ár hvert. Vextir og verðtrygging skulu vera samkvæmt kjörum Bygðastofnunar, í samræmi við þau kjör er hún veitir lán á til varanlegrar gatnagerðar.

7. gr.

Heimilt er að veita staðgreiðsluafslátt allt að 10% eftir ákvörðun sveitarstjórnar hverju sinni.

8. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að fresta að einhverju eða öllu leyti innheimtu gatnagerðargjalda af fasteignum þeirra eigenda sem náð hafa 67 ára aldri, þeirra sem eiga við langvarandi sjúkdóma eða örorku að stríða og þeirra sem af sérstökum ástæðum kunna að eiga við fjárhagsvanda að glíma. Verði húseign seld, sem gjaldfrest hefur fengið á gatnagerðargjaldi, skal sveitarstjórn innheimta gjaldið eins og það var þegar álagning fór fram að viðbættum verðbótum, enda sé kvöðinni þinglýst á viðkomandi fasteign.

9. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri sem það er lagt á og gengur það ásamt vöxtum og dráttarvöxtum fyrir í öllum veðkröfum sem á eigninni hvíla. Einnig tekur það til váttryggingarfjár eignarinnar.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hríseyjarhrepps staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 384 frá 18. september 1979 um gatnagerðargjöld í Hrísey.

Félagsmálaráðuneytið, 17. desember 1986.

F.h.r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um gjöld fyrir einkaleyfi o.fl.

1. gr.

Kr.

Fyrir umsóknir og meðhöndlun þeirra greiðast eftirtalin gjöld:

a) Umsóknargjald	3 100
b) Rannsókn á beiðni um einkaleyfi, skv. 15. gr. laga nr. 12/1923	6 000
c) Afrit af auglýstri einkaleyfisumsókn (lýsing, kröfur og teikningar, allt að 20 síður A4)	400
d) Forgangsréttarskjal	750

2. gr.

Fyrir innritanir í einkaleyfaskrá og útskriftir varðandi veitt einkaleyfi greiðast eftirtalin gjöld:

a) Innritun í einkaleyfaskrá á breytingum er snerta einkaleyfishafa eða umboðsmann	600
b) Staðfest útskrift úr einkaleyfaskrá	400
c) Staðfest afrit af veittu einkaleyfi (allt að 20 síður A4)	750

3. gr.

Hámarksgjald vegna áfrýjunar, sbr. lög nr. 36 15. maí 1984 13 000
Eftir eðli og umfangi máls má lækka gjaldið eða fella það niður að öllu leyti, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

4. gr.

Fyrir einkaleyfi skal greiða eftirtalin gjöld:

a) Fyrir fyrstu fimm ár leyfistímans	6 000
b) Fyrir næstu fimm ár leyfistímans	22 000
c) Fyrir síðustu fimm ár leyfistímans	44 000

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 25. gr. laga nr. 12/1923 um einkaleyfi, sbr. lög nr. 36/1984, og öðlast gildi 1. janúar 1987. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð sama efnis nr. 461, 17. desember 1985.

Íðnaðarráðuneytið, 17. desember 1986.

Albert Guðmundsson

Páll Flygenring

AUGLÝSING

um breyting á reglum nr. 72 7. febrúar 1986, um eftirgjöf gjalda af fjárfestingarvörum til nota við loðdýrarækt.

1. gr.

5. mgr. 1. gr. reglnanna orðist svo:

Heimildin skal jafnframt taka til búra, hreiðurkassa, flórrenna og hluta og efnivara í þau, enda séu hlutar þessir og efnivörur sérstaklega gerðar til nota við framleiðslu á loðdýrabúrum, hreiðurkössum og flórrennum.

2. gr.

6. gr. reglnanna orðist svo:

Aðilar sem óska eftir endurgreiðslu gjalda samkvæmt niðurlagi 5. gr. skulu senda fjármálaráðuneytinu skriflegt erindi, undirritað af forsvarsmanni loðdýrabúsins.

Erindinu skal fylgja úttekt byggingarfulltrúa, er greini stærð og gerð húsa, lengd búra og girðinga og fjölda hreiðurkassa. Úttekt byggingarfulltrúa skal staðfest af Byggingastofnun landbúnaðarins. Einnig skal afrit af leyfi landbúnaðarráðuneytisins, til stofnunar loðdýrabús, liggja fyrir.

Teljst framlögð gögn fullnægjandi mun fjármálaráðuneytið endurgreiða áætluð gjöld, miðað við heimilaða bústærð, þ.m.t. toll, sérstakt tímabundið vörugjald og tollafgreiðslugjald og söluskatt af neðangreindu, sem hér segir:

a. Aðstöðurými og skinnaverkun	1 582 kr/m ²
b. Hús fyrir dýr:	
1. Úr timbri	567 kr/m ²
2. Úr stáli	672 kr/m ²
c. Haughús	247 kr/m ²
d. Girðingar	277 kr/m ²
e. Upphengjur fyrir refabúr	356 kr/stk.
f. Hreiðurkassar:	
1. Fyrir refi	264 kr/stk.
2. Fyrir mink (sex hólfa eining, innlend)	521 kr/stk.

Fjárhæðir þessar eru grunnfjárhæðir miðaðar við byggingarvísitölu 285 stig 1. desember 1986 og skulu breytast í réttu hlutfalli við þá hækkun eða lækkun sem verða kann á henni, efniskaup séu hér hundraðshluti af sbr. lög nr. 93/1975. Endurgreiðslufjárhæðirnar skulu reiknaðar út miðað við þá byggingarvísitölu sem er í gildi við dagsetningu endurgreiðslubeiðnar.

Breytingar á húsum, stækkun og annað, sem talist getur til stofnframkvæmda, er endurgreiðsluhæft. Sömu reglur gilda um það og fram koma í 1. og 2. málsgrein þessarar greinar. Af byggingarefni sem notað hefur verið til slíkra stofnframkvæmda mun ráðuneytið hins vegar endurgreiða gjöld eftir mati Byggingarstofnunar landbúnaðarins á því hversu efniskaup séu hár hundraðshluti af efniskaupum vegna nýrra húsa sömu stærðar og gerðar. Skal það mat fylgja endurgreiðslubeiðni.

Ekki verða endurgreidd gjöld af skrifstofubyggingum, vélaverkstæðisbyggingum, starfsmannabústöðum, mötuneytishúsnæði eða þess háttar eða búnaði tilheyrandi þessum mannvirkjum. Séu slíkar byggingar sambyggðar dýrahúsunum lækkar endurgreiðslan hlutfallslega miðað við byggingarkostnað þeirra.

3. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í lið 3.11 og 3.27 í 6. gr. fjárlaga nr. 121/1986 til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 22. desember 1986.

Þorsteinn Pálsson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

BÆJANÖFN O. FL.

Menntamálaráðuneytið hefur — samkvæmt lögum nr. 35 18. febrúar 1953 um bæjanöfn o. fl. — gefið út leyfisbréf fyrir eftirgreindum nöfnum á árinu 1986.

Gullbringusýsla:

Auðnir II á loðdýrabúi í landi Auðna, Vatnsleysustrandarhreppi.

Ásgarður III á loðdýrabúi í landi Ásgarðs I, Miðneshreppi.

Reykjavík:

Prístikla á garðyrkjubýli í landi Lambhaga.

Borgarfjarðarsýsla:

Lundur II á loðdýrabúi í landi Lundar, Lundarreykjadalshreppi.

Dalasýsla:

Skarðsa á iðnaðar- og þjónustubýli í landi Geirmundarstaða, Skarðshreppi.

Austur-Barðastrandarsýsla:

Garðar á garðyrkjubýli í landi Reykhóla, Reykhólahreppi.

Norður-Ísafjarðarsýsla:

Nauteyri II á fiskræktarbýli í landi Nauteyrar, Nauteyrahreppi.

Austur-Húnavatnssýsla:

Lækjardalur í stað nafnsins Efri-Lækjardalur í Engihlíðarhreppi.

Steinhóla á nýju byggðarhverfi í landi Reykja, Torflækjarhreppi.

Skagafjarðarsýsla:

Hyrna á loðdýrabúi í landi Reykjaborgar, Lýtingsstaðahreppi.

Suður-Þingeyjarsýsla:

Grýtubakki III á iðnaðarbýli í landi Grýtubakka I, Grýtubakkahreppi.

Norður-Múlasýsla:

Bakki á nýbýli í landi Bakka og Bakkagerðis, Borgarfjarðarhreppi.

Suður-Múlasýsla:

Útnyrðingsstaðir II á loðdýrabúi í landi Útnyrðingsstaða, Vallahreppi.

Vestur-Skaftafellssýsla:

Snjókambar á loðdýrabúi í landi Víkur, Mýrdalshreppi.

Rangárvallasýsla:

Varða á iðnaðarbýli í landi Strandar, Rangárvallahreppi.

Kvistir á skógræktarbýli í landi Árbæjar, Holtahreppi.

Árnessýsla:

Heiðarbrún á loðdýrabúi í landi Réttarholts, Gnúpverjahreppi.

Hraunbú á loðdýrabúi í landi Réttarholts, Gnúpverjahreppi.

Daltún á garðyrkjubýli í landi Norðurbrúnar, Biskupstungnahreppi.

Slakki á garðyrkjubýli í landi Laugaráss, Biskupstungnahreppi.

Leiti á iðnaðarbýli í landi Réttarholts, Gnúpverjahreppi.
Ásgerði II á loðdýrabúi í landi Ásgerðis, Hrunamannahreppi.
Espigerði á garðyrkjubýli í landi Laugaráss, Biskupstungnahreppi.
Þórisstaðir I á loðdýrabúi í landi Þórisstaða, Grímsneshreppi.
Þórisstaðir II á eignarhluta Jóns H. Bjarnasonar í jörðinni Þórisstöðum, Grímsneshreppi.

Menntamálaráðuneytið, 22. desember 1986.

F.h.r.

Knútur Hallsson.

Runólfur Þórarinsson.

15. desember 1986

Nr. 525

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Sagnfræðisjóð dr. Björns Þorsteinssonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 15. desember 1986.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Sagnfræðisjóð dr. Björns Þorsteinssonar.

1. gr.

Heiti sjóðsins er: Sagnfræðisjóður dr. Björns Þorsteinssonar.

2. gr.

Stofnendur sjóðsins eru Guðrún Guðmundsdóttir, ekkja eftir dr. Björn Þorsteinsson og dóttir þeirra Valgerður Björnsdóttir og hafa þær þegar lagt fram kr. 50 000,00 til stofnunar sjóðsins og hefur sú fjárhæð verið afhent Háskóla Íslands til varðveislu og skal sjóðurinn alltaf vera í vörslu skólans.

3. gr.

Stofnfé og tekjur sjóðsins eru:

1. Framangreint fjárframlag, sbr. 2. gr.
2. Höfundarlaun Björns Þorsteinssonar fyrir Íslandssögu, sem væntanlega verður gefin út af Sögufélaginu á næsta ári, 1987.
3. Minningargjafir um dr. Björn og gjafir, er síðar kunna að berast sjóðnum.
4. Vaxtatekjur og aðrar tekjur af eignum sjóðsins.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja með fjárframlögum stúdenta við nám undir kandidatspróf í sagnfræði og kandidata í sömu grein til að rannsaka og vinna að ritum um sérstök efni, er varða sögu Íslands eða efni því nátengt.

Veita má manni styrk til sams konar verkefna, er eigi hefur verið í H.Í., og er sérstakar ástæður mæla með því að mati stjórnar og öll stjórnin er sammála þar um.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum og skulu þeir útnefndir af eftirgreindum aðilum, einn af hverjum: Stjórn Sagnfræðistofnunar Heimspekideildar H.Í., stjórn Sögufélagins og Háskólaráði H.Í. Stjórnin kys sér formann.

6. gr.

Stjórnin skal leitast við að ávaxta sjóðinn á sem hagkvæmastan máta, s.s. með kaupum á ríkisskuldabréfum eða með öðrum öruggum hætti og þannig, að sjóðurinn nái að þjóna tilgangi sínum sem best. Aldrei má veita einstaklingi lán úr sjóðnum.

7. gr.

Höfuðstóll sjóðsins er eignir og tekjur, sbr. 3. gr. hér að framan þar til hann hefur a.m.k. náð kr. 200 000,00.

Þegar sjóðurinn hefur náð að verða kr. 200 000,00 má fyrst veita styrki úr honum og má þá veita allt að $\frac{1}{5}$ hlutum af vöxtum og öðrum tekjum sjóðsins árlega. Þegar sjóðurinn hefur náð 500 000,00 kr. fjárhæð má veita allt að $\frac{1}{10}$ hl. tekna hans í styrki. Það sem umfram er skal leggjast við höfuðstólinn. Aldrei má skerða höfuðstólinn.

30. desember 1986

1077

Nr. 526

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Suðurnesja fyrir heitt vatn.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar.

Vatnsrennsli að húsinu verður takmarkað um hemil, eftir því sem þörf krefur.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal húsegandi greiða samkvæmt magn-hemli kr. 1 000,00
fyrir hvern mínútulíttra á mánuði. Þar til hemill hefur verið settur upp eða ef hemill bilar, áætla hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Verði um sölu á heitu vatni að ræða í öðru formi en að framan greinir, skal verðið ákveðið hlutfallslega, skv. mæli pr. tonn kr. 35,00

4. gr.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og hemla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli eða hemil skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli eða hemil á mánuði:

- a) Fyrir mæla eða hemla allt að $\frac{3}{4}$ " kr. 180,00
- b) Fyrir mæla eða hemla 1"—2" kr. 360,00
- c) Fyrir mæla eða hemla 3" og stærri kr. 720,00

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. og 4. gr. má krefja mánaðarlega.

6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupp-hæð. Sé reikningurinn ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

7. gr.

Heimæðargjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss utanmál (m ³)	Heimæðargjald
Allt að 400	52 000,00
400— 2000	52 000,00 fyrir 400m ³ + 42,50 kr/m ³ þar yfir
2000— 6000	120 000,00 fyrir 2 000m ³ + 35,00 kr/m ³ þar yfir
6000— 10000	260 000,00 fyrir 16 000m ³ + 31,00 kr/m ³ þar yfir
Meira en 10000	384 000,00 fyrir 10 000m ³ + 27,00 kr/m ³ þar yfir

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum hemlum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 6 200,00 í aukagjald fyrir hvern hemil umfram þann fyrsta.

8. gr.

Hitaveitu Suðurnesja er heimilt að hækka eða lækka hitaveitugjöld í sama hlutfalli og vísitala byggingarkostnaðar breytist. Þó skal meðalheildarkostnaður við hitun húsa með hitaveitu ekki fara fram úr 80% af meðalheildarkostnaði hitunar með olúkyndingu.

9. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 5 árum ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

III. KAFLI

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað húseiganda.

11. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur kr. 1 000,00 hverju sinni.

12. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

IV. KAFLI

13. gr.

Gjaldskrárbreyting þessi sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 4. janúar 1987, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 364, 1. ágúst 1986.

Iðnaðarráðuneytið, 30. desember 1986.

Albert Guðmundsson.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Suðurnesja fyrir raforku.

RAFORKUGJÖLD.

A. Almennir taxtar.

A. 1 Verð á rafmagni til allrar notkunar, sem eigi er sérstaklega talin hér á eftir:		
Orkugjald	4,05	kr/kWh
Fast gjald	1 400,00	kr/ár
A. 2 Verð á rafmagni til notkunar við mannvirkjagerð, svo og við breytingar á eldri mannvirkjum:		
Orkugjald	5,75	kr/kWh
Fast gjald	3 500,00	kr/ár

B. Afltaxtar.

B. 1 Verð á rafmagni til meiri háttar vélanotkunar:		
Orkugjald	1,47	kr/kWh
Aflgjald	5 500,00	kr/kW ár
Aflgjald greiðist samkvæmt mælingu miðað við 15 mínútna afl, enda sé lágmarksafl 30 kW. Heimilt er að sammæla raforku til órofinnar iðnaðarhitunar með vélanotkuninni. Í vissum tilvikum er einnig heimilt, með sérstöku samþykki rafveitunnar, að sammæla aðra notkun með vélanotkuninni.		
Orkugjald miðast við að meðalfasviksstuðull hvers mánaðar hjá kaupanda sé eigi lægri en 0,85. Falli meðalfasviksstuðull niður fyrir þetta gildi skal orkugjald umrædds mánaðar hækka um 2% fyrir hvert hundradshlutastig eða meirihluta úr stigi sem meðalfasviksstuðull mánaðarins er lægri en 0,85.		
B. 2 Verð á rafmagni og viðhaldi úti- og götulýsingar, samkvæmt uppsettu afl:		
Aflgjald	6 500,00	kr/kW ár
Viðhaldsgjald	11 000,00	kr/kW ár
Gjald samtals	17 500,00	kr/kW ár
Auk afl- og viðhaldskostnaðar greiðir notandi stofnkostnað að fullu.		

C. Hitun.

C. 1 Órofin húshitun	3,25	kr/kWh
C. 2 Daghitun, húshitun rofin	1,30	kr/kWh
C. 3 Næturhitun, húshitun	0,70	kr/kWh
Fast gjald á C. 1	4 600,00	kr/pr. ár
Fast gjald á C. 2 og C. 3	4 300,00	kr/pr. ár

D. Mælaleiga.

Rafveitan ákveður stærð og gerð mæli- og stjórnækja, sem notuð eru við sölu rafmagns.

Fyrirtæki þau, sem notuð eru við rafmagnssölu, skal greiða eftirfarandi:

D. 1 Af einfasa mælum	300,00	kr/pr. ár
D. 2 Af þrífasa mælum upp að 50A	1 200,00	kr/pr. ár
D. 3 Af þrífasa mælum 50A og ofar	1 800,00	kr/pr. ár
D. 4 Af álagsstýringarliðum	1 800,00	kr/pr. ár
D. 5 Af aflmælum	3 000,00	kr/pr. ár

Mælaleiga reiknast ekki af A. 1, A. 2, C. 1, C. 2 og C. 3. Ársleiga fyrir önnur tæki, en að framan greinir, skal vera sem næst 15% af innkaupsverði tækisins, eftir nánari ákvörðun rafveitunnar. Leiga skal greidd samtímis raforkugjaldi.

E. Heimtaugargjald.

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug er tengir húsveitu við veitukerfi rafveitunnar.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.

Aðalheimtaugar.

Gjöld fyrir aðalheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur:	Heimtaugargjöld
63A 1-fasa	kr. 26 000,00
63A 3-fasa	kr. 28 000,00
100A 3-fasa	kr. 45 000,00
200A 3-fasa	kr. 88 000,00
300A 3-fasa	kr. 132 000,00
400A 3-fasa	kr. 175 000,00
600A 3-fasa	kr. 265 000,00
900A 3-fasa	kr. 400 000,00
1200A 3-fasa	kr. 530 000,00

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

Gjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur:	
63A 1-fasa	kr. 6 300,00
63A 3-fasa	kr. 7 000,00
100A 3-fasa	kr. 9 400,00

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta útitingiskáp eða rofa í spennistöð, að stofnvarkassa í húsveitu.

Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

Sé fyrirsjáanlegt vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meira en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kostnað, sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar.

Óski eigandi húsveitu eftir, að heimtaug sé lögð, þegar frost er í jörðu skal greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna húsveitu, og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til lóð undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum hennar um stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

Ýmis ákvæði.

1. gr.

Fyrir tengingu ásamt aftengingu vegna skammtímanotkunar, svo sem landtengingu skipa, skal greiða gjald kr. 1 500,00.

2. gr.

Sé heimild notuð til að rjúfa straum á veitu vegna vanskila notanda á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari, skal hann greiða 1 000,00 kr. gjald fyrir að settur sé straumur á að nýju.

3. gr.

Sala rafmagns til hitunar samkvæmt c-liðum er bundin því skilyrði, að orkuver og veitukerfi þoli álagið að dómi rafveitunnar.

4. gr.

Söluskattur 25% og verðjöfnunargjald 16% er innifalið í raforkugjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema í c-liðum, húshitun og viðhaldsgjaldi götulýsingar.

5. gr.

Hitaveitan leiðbeinir notendum, er þess óska, um val gjaldskrárliða eftir tegund notkunar.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Hitaveitu Suðurnesja og sett samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1987, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 221, 20. mars 1986.

Iðnaðarráðuneytið, 30. desember 1986.

Albert Guðmundsson.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða.

Samkvæmt 62. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 og 10. gr. laga nr. 66 31. maí 1976, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, með gildistöku frá og með 1. janúar 1987:

Gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins nr. 207, 20. mars 1986 með síðari breytingum:

Allir liðir heildsölugjaldskrár hækki um	7,5%
Allir liðir smásölugjaldskrár hækki um	7,0%
Heimtaugargjöld hækki um	17,2%

Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir raforku nr. 211 20. mars 1986:

Allir gjaldskrárliðir hækki um	7,0%
--------------------------------------	------

Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur nr. 189, 20. mars 1986:

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um	7,0%
--	------

Iðnaðarráðuneytið, 29. desember 1986.

Albert Guðmundsson.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskráum rafveitna.

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskráum rafveitna með gildistöku frá og með 1. janúar 1987:

Gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur, nr. 208 20. mars 1986:

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 5,5%
þó með eftirtöldum frávikum:

1. Orkugjald skv. taxta A.2 lækkar, verður 4,52 í stað 5,22 kr/kWh.
2. Eftirfarandi ákvæði kemur í stað síðustu málsgreinar í taxta B.1:
„Einnig er notendum, sem greiða fyrir 100 kW afl eða meira, heimilt að kaupa alla raforku sína samkvæmt þessum taxta“.
3. Ákvæði um rof skv. taxta C.2 verða þannig:

	kr/kWh
Orkugjald með rofi í 6 mánuði, okt.—mars.	1,08
Orkugjald með rofi í 4 mánuði, nóv.—feb.	1,18
Orkugjald með rofi í 2 mánuði, des.—jan.	1,80
4. Aflgjald fyrir apríl og október skv. taxta S.1 lækkar og verður nú hið sama allt tímabilið 1. apríl — 31. október.
5. Ársleiga sérstakra mælitækja skv. 3. gr. verður þessi, talin í sömu röð og í fyrri gjaldskrá:

	Kr.
Orkumælir, einfasa	410
Orkumælir, þrífasa	1 610
Orkumælir, þrífasa með straumspennum	2 720
Aflmælir	2 720
Aflmælir með straumspennum	4 070
Tvígjaldsorkumælir	2 620
Tvígjaldsorkumælir með straumspennum	3 990
Móttökuliði, einpóla	1 810
Móttökuliði, þrípóla	2 720
6. Heimtaugagjöld skv. 4. gr. hækka um 7,6%.
7. Gjald fyrir sérstakan aukaálestur skv. gr. 5.4, verður 450 kr, gjald fyrir skammtímatengingu skv. gr. 5.5. verður 900 kr. og gjald fyrir opnun skv. gr. 5.6 verður 900 kr.
Gjaldskrá Rafveitu Sauðárkróks, nr. 212 20. mars 1986:
Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 10,0%
Gjaldskrá Rafveitu Siglufjarðar, nr. 213 20. mars 1986:
Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 7,0%
Gjaldskrá Rafveitu Hafnarfjarðar, nr. 222 20. mars 1986:
Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 5,5%
þó með eftirtöldum frávikum:

- Taxti C2. 0,98 kr. kWh, 4 940,00 kr/kWh og fast gjald 25 940,00 kr/a til véla og fyrir iðnaðarhita. Aflgjald greiðist eftir mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls, enda sé lágmarksafnotkun 30 kW. Einnig er notendum, sem greiða fyrir 100 kW afl eða meira, heimilt að kaupa alla raforku sína eftir þessum taxta.
- Taxti C3. 5,10 kr/kWh og fast gjald 2 990,00 kr/a til vinnuvéla, vinnuljósa og annarrar notkunar við mannvirkjagerð og við breytingar á eldri mannvirkjum.

- Taxti D7. Hitun með rofi í 4 mánuði, mánuðina nóvember til og með febrúar, sama og á taxta D3. Orkugjald 1,32 kr/kWh og fast gjald 3 410,00 kr/a.
- Taxti D9. Hitun með rofi í 2 mánuði, mánuðina desember til og með janúar, sama og á taxta D3. Orkugjald 2,02 kr/kWh og fast gjald 3 410,00 kr/a.
- Skýring við gjaldskrárlið G:
Tækjaleiga greiðist ekki við rafmagnssölu eftir gjaldskrárliðum C2, C3, D3, D5, D7 og D9.

Iðnaðarráðuneytið, 29. desember 1986.

Albert Guðmundsson.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrám hitaveitna.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrám hitaveitna með gildistöku frá og með 1. janúar 1987:

Gjaldskrá Hitaveitu Reykjavíkur nr. 186 20. mars 1986.

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 15,0%

Gjaldskrá Hitaveitu Brautarholts nr. 355, 21. ágúst 1985:

2. liður 5. gr. orðist svo:

Vatnsgjald fyrir hvern mínútulíttra í hámarksstillingu hemils:

a) Sundlaug kr. 130,00

b) Önnur hús kr. 260,00

7. gr. orðist svo:

Heimæðargjöld hitaveitunnar skal miða við heildarrúmmál húsa og vera sem hér greinir fyrir eina heimæð:

Hús allt að 400 m³ kr. 43 200,00

Hús 400—2000 m³ kr. 43 200,00

fyrir 400 m³ og á hvern rúmmetra þar fram yfir kr. 38,00

Hús stærri en 2000 m³ kr. 103 680,00

og á hvern rúmmetra þar fram yfir kr. 27,00

Stofngjald fyrir hvern aðrennslis hemil umfram einn á sama inntaki er ... kr. 3 600,00

Heimæðargjald er gjaldkræft, þegar tengingu heimæðar er lokið.

Aðrir gjaldskrárliðir verði óbreyttir.

Gjaldskrá Hitaveitu Sauðárkróks nr. 193 20. mars 1986:

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 14,0%

Iðnaðarráðuneytið, 29. desember 1986.

Albert Guðmundsson.

Guðrún Skúladóttir.

REGLUGERÐ

um gjöld fyrir skoðun, skráningu, mælingu skipa o.fl.

1. gr.

Aðalskoðun.

Fyrir árlega aðalskoðun á öryggisbúnaði, vél og bol skips skal eigandi þess greiða í ríkissjóð sem hér segir:

	Kr.
Fyrir skip allt að 8 metrum að lengd	1 875
Fyrir skip 8 metrar að lengd til 25 brl.	4 050
Fyrir skip 25 brl. til 100 brl.	6 150
Fyrir skip 101 brl. til 250 brl.	8 100
Fyrir skip 251 brl. til 500 brl.	11 100
Fyrir skip 501 brl. til 1600 brl.	18 000
Fyrir skip 1601 brl. og stærri	21 450

Hálf rúmlest telst heil, en minna broti skal sleppt.

Fyrir skoðun skipa sem eru í flokki hjá viðurkenndu flokkunarfélagi skal greitt hálf gjald fyrir árlega aðalskoðun skv. þessari grein.

2. gr.

Aukaskoðun.

Fyrir aukaskoðun hvort heldur hún fer fram að tilhlutan skipstjóra, skipseiganda eða siglingamálastjóra skal greiða skv. reikningi Siglingamálastofnunar ríkisins.

3. gr.

Eftirlit með nýsmíði.

- Bátar sem eru 6 metra langir og allt að 8 metrum:
 - Fyrir samþykkt á teikningum, hleðslu- og stöðugleikaprófun ásamt reynslusiglingu kr. 7 800
 - Fyrir samþykkt á reiða seglbáta kr. 4 680
 - Fyrir eftirlit með smíði, samþykkt á innfluttum bátum, fullnaðarskoðun og útgáfu skipsskjala kr. 7 800
- Skip 8 metrar og lengri:
 - Fyrir yfirferð á teikningum og eftirlit með nýsmíði þilfarsskipa innanlands, þ.m.t. lokaúttekt og útgáfu skipsskjala, skal greiða til Siglingamálastofnunar ríkisins eftirfarandi gjöld:
 - Fyrir þilfarsskip styttri en 26 m — 0,30% af lokaverði skips.
 - Fyrir þilfarsskip lengri en 26 m — 0,26% af lokaverði skips.
 Lokaverð er það verð sem lagt er til grundvallar við endurgreiðslu á tollum og aðflutningsgjöldum, þar meðtalin fjármagnskostnaður verksala (vextir og verðbólgutap).
 Fyrir skip smíðuð erlendis, skal miða við það verð, sem lagt er fyrir Fiskveiðasjóð, og/ eða Ríkisábyrgðasjóð, sé um fiskiskip að ræða og viðskiptaráðuneytið, sé um önnur skip að ræða.
 - Fyrir skip sem smíðuð eru skv. reglum og undir eftirliti viðurkennds flokkunarfélags skal greiða ½ gjald skv. A- og C-lið þessarar málsgreinar.
 - Fyrir nýsmíði þilfarsskipa erlendis skal greiða til Siglingamálastofnunar ríkisins skv. A-lið þessarar málsgreinar að viðbættum fargjöldum skoðunarmanna.
- Eftirlitsgjöld skv. þessari grein skal greiða sem hér segir: 20% gjaldsins við undirritun smíðasamnings eða upphaf smíði. 30% gjaldsins þegar lokið er að byrða bol skips, sjóða

hluta þess saman, stilla fyrsta feldi upp eða bandreisa, sé um tréskip að ræða. 20% gjaldsins þegar aðalvél er komin á undirstöður. Eftirstöðvar gjaldsins ásamt fargjöldum skoðunarmanna skv. C-lið 2. málsgreinar, við afhendingu skipsskjala.

4. gr.

Eftirlit með viðgerðum.

1. Fyrir eftirlit með viðgerðum skal greiða skv. reikningi Siglingamálastofnunar ríkisins.
2. Heimilt er að innheimta fyrirfram hjá eiganda skips, sem svarar fargjöldum og áætluðum dagpeningum skoðunarmanna, fari viðgerð fram erlendis.

5. gr.

Hleðslumerki.

Fyrir hleðslumerkjaútreikninga og útgáfu skírteina ásamt hleðslumerkjaskoðun, sem ekki fellur undir nýsmíði, skal greiða:

	Kr.
Skip allt að 500 brl.	2 040
Skip 501 brl. allt að 1000 brl.	2 640
Skip 1001 brl. allt að 2000 brl.	3 480
Skip 2001 brl. allt að 5000 brl.	4 680
Skip stærri en 5000 brl. greiðast eftir reikningi Siglingamálastofnunar ríkisins.	

Fyrir útgáfu hleðslumerkjaskírteinis sem gefið er út skv. hleðslumerkjaútreikningum frá erlendum stjórnvöldum eða viðurkenndu flokkunarfélagi, skal greiða kr. 300.

Fyrir árlega áritun hleðslumerkjaskírteinis skal greiða kr. 200 fari umrædd skoðun fram um leið og búnaðarskoðun er gerð.

Fyrir endurnýjun á skírteini, sem glatað er, eða fallið úr gildi, skal greiða kr. 500, enda sé sérstakrar skoðunar ekki þörf.

6. gr.

Skráning skipa og útgáfa skjala.

	Kr.
1. Útgáfa skráningarskírteinis	600
2. Útgáfa þjóðernisskírteinis	960
3. Útgáfa alþjóðamælibréfs	1 920
4. Afrit af alþjóðamælibréfi	480
5. Útgáfa mælibréfs fyrir opna báta	480
6. Afrit af mælibréfi fyrir opna báta	240
7. Einkaleyfi á skipsnafni	28 800

7. gr.

Mæling skipa.

Fyrir endurmælingu skipa og útgáfu mælibréfs, nema um nýsmíði sé að ræða skal greiða:

	Kr.
Opinn bátur	1 080
Pilfarsskip minna en 25 brl.	5 640
Pilfarsskip 25 brl. allt að 100 brl.	7 800
Pilfarsskip 101 brl. allt að 250 brl.	12 360
Pilfarsskip 251 brl. allt að 500 brl.	19 080
Pilfarsskip 501 brl. allt að 1600 brl.	27 000
Pilfarsskip 1601 brl. allt að 5000 brl.	35 880
Pilfarsskip 5001 brl. og stærri greiðist eftir reikningi Siglingamálastofnunar ríkisins.	

Sé skipið mælt tvenns konar mælingu skal greiða eitt og hálf gjald skv. ofanrituðu miðað við hærri mælinguna.

Að auki skal greiða kostnað á ferðalögum erlendis, vegna mælinga skv. reikningi Siglingamálastofnunar ríkisins.

8. gr.

Útgáfa vottorða og umsagnir.

	Kr.
Vottorð um útstrikun skips af aðalskipaskrá	480
Vottorð um lúkningu vélaskipta og viðgerða	120
Umsögn um vélaskipti	600

9. gr.

Rannsóknir.

1. Fyrir röntgenrannsóknir, þ.e. röntgenmyndun, leigu á tækjum og vinnu við framköllun röntgenmynda greiðist kr. 500 á hverja klst., sem rannsóknaraðstaða er notuð auk vinnu rannsóknar- og skoðunarmanna við rannsóknina. Fyrir röntgenfilmur greiðist kr. 180 á hverja mynd.
2. Fyrir þykktar- og aðrar örbylgju- og sprungumælingar, titrings- og hávaðamælingar og átaksprófanir greiðist, vegna tækjaleigu og rannsóknaraðstöðu kr. 290 á klst. Að auki greiðist vinna rannsóknar- og skoðunarmanna við rannsóknina.

10. gr.

Önnur þjónusta.

Fyrir aðrar skoðanir og þjónustu, skal greitt skv. reikningi. Þurfi skipaskoðunar- og eftirlitsmenn á sérfróðri aðstoð að halda sbr. 9. gr. laga nr. 53/1970, greiðir eigandi skips kostnað við slíka aðstoð.

11. gr.

Þjónusta utan skrifstofutíma.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari miðast við að störf hinna fastráðnu starfsmanna Siglingamálastofnunar fari fram á venjulegum skrifstofutíma.

Sé hins vegar óskað þjónustu utan þess tíma greiðist yfirvinna viðkomandi starfsmanna að auki.

12. gr.

Innheimta.

Utan Reykjavíkur skulu gjöld samkvæmt 1. gr. innheimt af bæjarfógetum eða sýslumönnum eftir reikningum, er þeir gefa út hver fyrir sitt umdæmi.

Í Reykjavík skulu gjöldin innheimt af tollstjóra, eftir skrá er hann semur árlega yfir lesta-, vita- og skipaskoðunargjöld, enda láti hann Siglingamálastofnun í té afrit af skránni ár hvert.

Gjöldin skulu greiðast í byrjun útgerðartímans, þar sem skipið er skrásett, þó aldrei síðar en 1. apríl ár hvert.

Gjöld skv. öðrum greinum reglugerðarinnar skulu innheimt af Siglingamálastofnun ríkisins eftir reikningum sem hún gefur út. Þó skal heimilt að fela sýslumönnum og bæjarfógetum innheimtu gjaldanna ef hagkvæmt þykir.

Ofangreindir innheimtumenn, aðrir en tollstjórinn í Reykjavík, skulu greiða skipaskoðunarmönnum laun þau, er þeim ber samkvæmt settum reglum gegn reikningi þeirra í tvíriti.

Gildir þetta einnig fyrir skoðun aðkomubáta í umdæmi innheimtumanns.

Innheimtumenn skulu skila gjöldum, sem þeir innheimta skv. reglugerð þessari í ríkissjóð.

13. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 46. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 52 12. maí 1970, 20. gr. laga um skráningu skipa nr. 115 31. desember 1985 og 15. gr. laga um skipamælingar nr. 50 12. maí 1970, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1987 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um gjöld fyrir skoðun, skráningu og mælingu skipa o.fl. nr. 469 20. desember 1985.

Samgönguráðuneytið, 29. desember 1986.

Matthías Bjarnason.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 10. desember 1986 staðfest þá breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar að svæði í Hellnahnrauni sem áður var merkt „iðnaðarsvæði síðari tíma“ verður nú iðnaðarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af bæjarstjórn Hafnarfjarðar og Skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 22. desember 1986.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis í Hellnahnrauni í Hafnarfirði.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 10. desember 1986 staðfest deiliskipulag iðnaðarsvæðis í Hellnahnrauni við Reykjanesbraut í Hafnarfirði. Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af bæjarstjórn Hafnarfjarðar og Skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 22. desember 1986.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningasjóð Jóns Ólafs Guðmundssonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 23. desember 1986.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningasjóð Jóns Ólafs Guðmundssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Ljósasjóður Jóns Ólafs Guðmundssonar. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Stofnendur eru Guðmundur Kristinn Jónsson, Sesselja Guðmunda Sigurðardóttir og Sigríður Guðmundsdóttir, Skriðustekk 22, Reykjavík. Auk þess Helgi Sigurður Guðmundsson, Dísarási 14, Stefanía Guðríður Guðmundsdóttir, Blöndubakka 1 og Kristín Guðmundsdóttir, Birkihlíð 32, Reykjavík.

3. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um Jón Ólaf Guðmundsson f. 17. apríl 1972 er lést af slysförum 1. júní 1984.

4. gr.

Stofnframlag sjóðsins er 10 000,00 kr.- tíu þúsund krónur. Stofnframlag sjóðsins má aldrei skerða.

5. gr.

Sjóðurinn skal vera við Breiðholtskirkju í Reykjavík. Hann skal styrkja kaup á ljósastjökum og ljósabúnaði til nota í Breiðholtskirkju í Reykjavík.

6. gr.

Ráðstöfunartekjur sjóðsins eru vextir af stofnfé, tekjur af sölu minningarkorta og önnur framlög í sjóðinn.

7. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörslu safnaðarnefndar Breiðholtssóknar. Sjóðnum skal skipuð þriggja manna stjórn. Í stjórninni á sæti sóknarprestur Breiðholtsprestakalls, einn maður tilnefndur af stofnendum sjóðsins og síðar afkomendum stofnenda og einn maður tilnefndur af safnaðarnefnd Breiðholtssóknar. Fjármunir sjóðsins skulu ávaxtaðir á bestu fánlegu bankareikningum hverju sinni. Safnaðarnefnd sér um reikningshald sjóðsins, en reikningsár er almanaksárið. Aðalfund sjóðsins skal halda í tengslum við aðalfund Breiðholtssafnaðar.

8. gr.

Sjóðnum skal skipa endurskoðendur og mega þeir vera þeir sömu og reikninga Breiðholtssóknar.

9. gr.

Verði samþykkt að leggja sjóðinn niður skulu allar eigur hans renna til Breiðholtskirkju. Til þess að sú ákvörðun sé lögmæt þurfa allir stjórnarmenn að samþykkja hana.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

ARÐSKRÁ

fyrir Veiðifélag Vatnsdalsár.

	Einingar
Hjaltaþakki	6,0
Skinnastaðir	8,0
Akur	56,0
Stóra-Giljá og Beinakelda	9,0
Litla-Giljá	4,5
Hnausar	64,5
Bjarnastaðir	28,5
Másstaðir	10,5
Hjallaland	12,5
Hvammur	24,5
Eyjófsstaðir	10,0
Bakki	4,5
Hof	31,5
Kötlustaðir	16,5
Gilá	21,0
Marðarnúpur	7,0
Guðrúnarstaðir	2,5
Kárdalstunga	4,0
Póroormstunga	27,0
Sunnuhlíð	35,0
Forsæludalur	37,0
Grímstunga	84,0
Gilhagi	1,5
Haukagil	65,5
Saurbær	48,0
Ásbrekka	17,0
Ás	35,0
Brúsastaðir	11,0
Snæringsstaðir	3,0
Undirfell	12,0
Nautabú	11,5
Kornsá	11,0
Gilsstaðir	11,0
Flaga	11,5
Helgavatn	13,0
Hnjúkur	9,0
Breiðabólstaður	6,0
Miðhús	4,0
Vatnsdalshólar	46,5
Sveinsstaðir	67,0
Steinnes	30,5
Leysingjastaðir	6,0
Pingeyrar og Geirastaðir	76,0

 Samtals einingar: 1000

Arðskrá þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 16. desember 1986.

Jón Helgason.

Ragnheiður Árnadóttir.

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Suður-Múlasýslu um manntalsþing í Suður-Múlasýslu.

Ráðuneytið vísar til bréfs yðar, herra sýslumaður, dags. 9. þ.m., varðandi tillögu yðar ásamt samþykkt sýslunefndar Suður-Múlasýslu um manntalsþing í Suður-Múlasýslu.

Með vísun til 38. gr. laga nr. 85 1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 10. gr. laga nr. 28 1981, samþykkir ráðuneytið hér með, að haldið verði eitt manntalsþing í Suður-Múlasýslu.

F. h. r.

Ólafur W. Stefánsson.

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu um manntalsþing í Skagafjarðarsýslu.

Ráðuneytið vísar til bréfs yðar, herra sýslumaður, dags. 17. desember sl., varðandi tillögu yðar, ásamt samþykkt sýslunefndar Skagafjarðarsýslu, um manntalsþing í Skagafjarðarsýslu.

Með vísun til 38. gr. laga nr. 85 1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 10. gr. laga nr. 28 1981 um breyting á þeim lögum, samþykkir ráðuneytið að haldið verði eitt þing í Skagafjarðarsýslu.

F. h. r.

Hjalti Zóphóníasson.

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga samkvæmt lögum nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum skulu hækka um 12% frá 1. desember 1986 að telja, frá því sem þær eru 31. desember.

Bætur samkvæmt 19. gr. skulu hækka jafnmikið nema heimilisuppbót hækki um 50% frá sama tíma.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971 og öðlast gildi nú þegar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. desember 1986.

Ragnhildur Helgadóttir.

Páll Sigurðsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 52 — 1986

Nr. 539

1092

30. nóvember 1986

AUGLÝSING

um umferð á Akranesi.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar hafa eftirtaldar breytingar verið ákveðnar:

Bann við bifreiðarstöðum báðum megin á Faxabraut, frá Jaðarsbraut að Hringtorgi.

Bann við bifreiðarstöðum á Háholti norðanverðu, frá húsi nr. 21 að Kirkjubraut.

Ákvarðanir þessar taka gildi 1. janúar 1987.

Lögreglustjórinn á Akranesi, 30. desember 1986.

Sigurður Gizurarson.

Nr. 540

31. desember 1986

REGLUGERÐ

um dómsmálagjöld o. fl.

I. Gjöld samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 79 23. desember 1975, sbr. lög nr. 13 5. maí 1978.

1. gr.

Dómsmálagjöld í einkamálum skal greiða sem hér segir:

	Kr.
A. Fyrir héraðsdómi:	
1. Gjald fyrir áritun eða útgáfu stefnu	65
2. Gjald fyrir þingfestingu	500
3. Gjald fyrir vitnaleiðslu (fyrir hvern mann)	100
4. Gjald fyrir úrskurð undir rekstri máls	165
5. Gjald fyrir dómkvaðningu (fyrir hvern mann)	165
6. Gjald fyrir staðfestingu dómsgerða	165
7. Gjald fyrir kæru til Hæstaréttar	600
8. Gjald fyrir sjóferðarpróf	1 200
B. Fyrir Hæstarétti:	
1. Gjald fyrir útgáfu stefnu	100
2. Gjald fyrir þingfestingu	800
3. Gjald fyrir vitnaleiðslu (fyrir hvern mann)	165
4. Gjald fyrir úrskurð undir rekstri máls	210
5. Gjald fyrir dómkvaðningu (fyrir hvern mann)	210
6. Gjald fyrir staðfestingu dómsgerða	165
7. Útivistargjald	800

2. gr.

Í gagnsökum, framhaldssökum, meðalgöngumálum og sakaukamálum skal greiða gjald samkvæmt 1. gr.

Í barnfaðernismálum, málum um innheimtu vinnulauna og kjörskrármálum skal engin réttargjöld greiða. Í gjafsóknarmálum skal gjafsóknarhafi engin réttargjöld greiða.

3. gr.

Fyrir fógetagerðir, aðrar en þær, sem um ræðir í 2. gr. aukatekjulaga, skal greiða sem hér segir:

1. Kyrrsetning á manni	600
Séu fjármunir jafnframt kyrrsettir, skal gjalda fyrir það eftir 2. gr. aukatekjulaga	
2. Útburður manns af jörð eða húsi	600
3. Innsetning á jörð eða í hús til umráða	600
4. Aðrar fógetagerðir, er fara fram á það, er eigi verður metið til peningaverðs	600
Fyrir lausnargerð skal gjalda eftir grein þessari, sé kyrrsetning manns með henni niður felld.	

4. gr.

Fyrir að gefa út innköllun til skuldheimtumanna skal greiða 210 kr.

5. gr.

Fyrir uppboðsgerðir skal greiða sem hér segir:

1. Fyrir að semja og gefa út auglýsingu um uppboð skal gjalda 210 kr.
2. Þegar uppboð er haldið á fasteign eða öðru því, er um getur í 11. gr. aukatekjulaga, en sala fer eigi fram við uppboð, svo og þegar hamarshögg er veitt upp á væntanlegt samþykki, en það bregst, skal gjalda 600 kr. fyrir árangurslaust uppboð.
3. Nú hefur uppboðs verið beiðst hjá uppboðshaldara og séð hefur verið um birtingu á því, en beiðnin er svo kölluð aftur, og skal þá aðeins greiða gjald fyrir birtingu samkvæmt 1. tölulið. En sé beiðnin eigi kölluð aftur fyrr en búið er að setja uppboðsþingið, skal gjalda 600 kr. eins og fyrir árangurslaust uppboð.
4. Fyrir að gefa út afsalsbréf fyrir fasteign, er seld hefur verið á uppboði, skal gjalda 420 kr.
5. Fyrir undirboðsþing skal greiða 420 kr.

6. gr.

Fyrir að þinglýsa skjölum skal greiða 190 kr. Sé skjölum þinglýst fyrir Hæstarétti skal greiða 250 kr.

Eigi skal greiða gjald fyrir þinglýsingu úrskurða um sviptingu sjálfræðis eða fjárræðis né úrskurða um brotnám lögræðissviptingar.

7. gr.

Fyrir notarialgerðir skal greiða sem hér segir:

1. Afsagnargerðir (aðrar en víxilafsagnir), stefnubirtingar, er notarius framkvæmdir, svo og aðrar slíkar gerðir	Kr. 190
2. Notarialvottorð á arfleiðsluskrá	320
3. Notarialvottorð á samninga, umboðsskjöl eða aðra slíka gerninga	210
4. Dráttur í happdrætti	800
5. Úrdráttur skuldabréfa	420

II. Gjöld samkvæmt umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968.

8. gr.

Fyrir próf ökumanna skal greiða sem hér segir:

1. Almenn t bifreiðastjóraþróf	660
2. Þróf í akstri bifhjóla	660
3. Þróf í akstri léttra bifhjóla	165
4. Þróf í akstri dráttarvéla	330
5. Ökukennarapróf	2 750

9. gr.

Fyrir skírteini skal greiða sem hér segir:

1. Leyfi til að stýra léttu bifhjóli	165
2. Leyfi til að stýra dráttarvél	165
3. Löggilding ökukennara	500

Sama gjald skal greiða fyrir samrit.

10. gr.

Fyrir leyfi til að selja á leigu í atvinnuskyni skráningarskyld ökutæki til mannflutninga án ökumanns skal greiða 2 750 kr.

11. gr.

Fyrir notkun bráðabirgðaskráningarmerkis ber að greiða 3 000 kr. á ári. Nú leyfir lögreglustjóri notkun bráðabirgðaskráningarmerkis í styttri tíma, og greiðir eigandi ökutækis þá fyrir notkun og ábyrgðartryggingu 210 kr. fyrir hvern dag eða hluta úr degi, er hann hefur bráðabirgðaskráningarmerki í sínum vörslum. Gjaldið greiðist fyrirfram miðað við áætlaðan notkunartíma.

III. Gjöld samkvæmt lögum um skotvopn, sprengiefni og skotelda, nr. 46 13. maí 1977.

12. gr.

Fyrir skotvopnaleyfi skal greiða sem hér segir:

	Kr.
1. Fyrir hvert skotvopn, sem skráð er, hvort sem það er nýtt eða notað	420
2. Fyrir endurnýjun á skotvopnaleyfi, án tillits til fjölda skotvopna	210
3. Fyrir afnotaleyfi samkvæmt 19. gr. reglugerðar um skotvopn og skotfæri, nr. 16 1978, sbr. reglugerð nr. 174 1979	130

Gjaldfrjáls eru leyfi fyrir skotvopnum, sem varanlega hafa verið gerð ónothæf og leyfi samkvæmt 3. málsg. 8. gr. reglugerðar nr. 16 1978.

13. gr.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari renna í ríkissjóð.

14. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 15. janúar 1987.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um dómsmálagjöld o. fl., nr. 460 17. desember 1985.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 31. desember 1986.

Jón Helgason.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

um skoðunargjald ökutækja.

1. gr.

Fyrir skoðun bifreiðar eða bifhjóls, sem færa ber til almennrar skoðunar, ber eiganda að greiða 880 króna árlegt skoðunargjald til lögreglustjóra (í Reykjavík tollstjóra), þar sem bifreiðin eða bifhjólið er skráð.

Gjald þetta greiðist fyrirfram og er gjalddagi þess 1. janúar, en eindagi 1. apríl. Eigi skal framkvæma skoðun bifreiðar eða bifhjóls nema sönnur séu færðar á að skoðunargjald hafi verið greitt fyrir viðkomandi gjaldár.

2. gr.

Sama skoðunargjald og greinir í 1. gr. skal greiða fyrir skoðun bifreiðar eða bifhjóls við skráningu, svo og fyrir skoðun við umskráningu hafi skoðunargjald vegna ökutækis eigi þegar verið greitt á árinu.

3. gr.

Fyrir árlega skoðun létts bifhjóls skal greiða 220 krónur í skoðunargjald.

4. gr.

Fyrir skoðun tengivagns eða festivagns, sem færa ber til almennrar skoðunar, skal greiða 880 króna árlegt skoðunargjald.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 22. gr. umferðarlaga, nr. 40 23. apríl 1968, öðlast gildi 1. janúar 1987.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um skoðunargjald ökutækja, nr. 455 18. desember 1986.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. desember 1986.

F.h.r.

Þorsteinn Geirsson.

Hjalti Zóphóníasson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 53 — 1986

Nr. 542

1096

30. desember 1986

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968 og að fenginni tillögu borgarstjórnar, hefur eftirfarandi verið ákveðið.

Fellt er niður bann við hægri og vinstri beygju af Barónsstíg vestur Laugaveg.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 15. janúar 1987.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 30. desember 1986.

Böðvar Bragason.

Nr. 543

31. desember 1986

AUGLÝSING

um umferð á Selfossi.

Skv. heimild í 65. gr. umferðalaga nr. 40 1968 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Selfoskaupsstaðar eru hér með settar reglur um umferð á Selfossi.

1) Umferð um Nauthaga skal njóta aðalbrautarréttar fyrir umferð af Grashaga, Reyrhaga, Laufhaga, Lambhaga, Úthaga og Heimahaga skv. ákv. 2. mgr. sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga.

2) Umferð um Vallholt skal njóta aðalbrautarréttar fyrir umferð af Hjarðarholti og Stekkholti sbr. ákv. 2. mgr. sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga.

Lögreglustjórinn á Selfossi, 31. desember 1986.

Andrés Valdimarsson.

AUGLÝSING

um starfsleyfi fyrir Fiskimjölsverksmiðju Vestmannaeyja (F.I.V.E.), Vestmannaeyjum.

1. gr.

1. Almenn ákvæði.

- 1.1. Verksmiðjunni er heimilt að framleiða fiskmjöl og lýsi úr fiski og fiskúrgangi. Hámarksafköst verksmiðjunnar skulu við það miðast að ekki verði um sérstaka mengun umhverfis að ræða, vegna of mikils álags á tækjakost.
- 1.2. Verksmiðjunni er skylt að sjá um, að á öllu athafnasvæði verksmiðjunnar sé gætt fyllsta hreinlætis. Svæðið skal vera lagt bundnu slitlagi eftir því sem þurfa þykir að mati Heilbrigðisnefndar Vestmannaeyja. Verksmiðjunni ber að halda útliti sínu og umhverfi snyrtilegu.
- 1.3. Verksmiðjunni er skylt að ganga þannig frá mannvirkjum og búnaði og haga allri starfsemi svo, að hætta á gerlamengun í hráefni og mjöli verði sem minnst.
- 1.4. Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
- 1.5. Áformi verksmiðjan að gera umtalsverðar breytingar á rekstri eða stækka verksmiðjuna, skal greina Hollustuvernd ríkisins og Heilbrigðisnefnd Vestmannaeyja skriflega frá því áður en framkvæmdir hefjast.
- 1.6. Hollustuvernd ríkisins getur að höfðu samráði við umsagnaraðila, lagt til við heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, að starfsleyfið verði endurskoðað, ef í ljós koma skaðleg áhrif á umhverfið, sem ekki voru ljós fyrir. Sama gildir ef almennar kröfur, ráð og tæki koma til aukinna mengunarvarna.

2. gr.

2. Varnir gegn mengun ytra umhverfis.

- 2.1. Allt löndunarvatn sem til fellur skal tekið til vinnslu í verksmiðju.
- 2.2. Verksmiðjan skal hafa aðstöðu til að taka við vatni frá grófskolun lesta til vinnslu, enda sé vatnsmagninu haldið í lágmarki t. d. með notkun á háþrýstidælum. Aldrei skal nota meira vatn en sem nemur 1% af lönduðu hráefni.
- 2.3. Flutningstæki sem notuð eru til flutnings á hráefni til verksmiðju skulu vera vökvaheld og viðurkennd af Heilbrigðisnefnd Vestmannaeyja.
- 2.4. Allt hráefni skal geymt í yfirbyggðum þróm eða geymum. Hráefnisþrær skulu vera þéttar og skal allt blóðvatn og annar vökví frá hráefni tekinn til vinnslu. Strax og hráefnisgeymsla hefur verið tæmd, skal skola hana með vatni. Vatni frá fyrstu skolun skal halda í lágmarki t. d. með háþrýstidælum og taka til vinnslu í verksmiðju.
- 2.5. Tæming hráefnisgeymslna skal vera sem mest sjálfvirk. Reynist nauðsynlegt að nota möksturstæki, skal þrifa þau vel að verki loknu.
- 2.6. Fiskúrgang skal að jafnaði ekki geyma lengur en fjóra sólarhringa áður en hann er tekinn til vinnslu. Hafi hitastig verið undir 4°C meðan á geymslu stóð er heimilt að geyma úrgang í allt að eina viku. Heilbrigðisnefnd Vestmannaeyja getur veitt undanþágu frá þessari kröfur, ef ástæða þykir til.
- 2.7. Við rotvörn bræðslufisks skal nota viðurkenndan skömmtunar- og blöndunarbúnað. Um styrk og meðferð rotvarnarefna fer samkvæmt reglugerð um notkun rotvarnarefna til geymslu á bræðslufiski, eins og hún er hverju sinni.
- 2.8. Loftræsta skal frá verulegum lyktaruppsprettum í verksmiðju og ræstiloftið flutt til lykteyðingar. Loftræsting skal hönnuð á þann hátt, að sem minnst af ómengdu lofti sé dregið með.

- 2.9. Loft frá þurrkurum skal leiða í gegnum rykskiljur með góða skiljunarhæfni og síðan til lyktheydingar.
- 2.10. Lyktheyding skal framkvæmd með þvotta- og þéttiturni, sem kælir útblásturinn niður í a. m. k. 20°C og/eða með brennslu lyktarefnanna. Lyktheyding við brennslu skal vera jafn góð og eftir hitun í lofti í 700°C í 1/3 úr sekúndu. Við hönnun lyktheydingarbúnaðarins skal taka tillit til orkuendurvinnslusjónarmiða.
- 2.11. Innan eins árs frá því að lofthreinsibúnaðurinn er tekinn í notkun skal fara fram athugun á hæfni hans í samráði við Hollustuvernd ríkisins. Niðurstöður þeirra athuguna skal hafa til viðmiðunar varðandi kröfur um viðbótarhreinsun og/eða frekari dreifingu útblásturs frá verksmiðjunni.
- 2.12. Soðkjarnatæki skulu útbúin fullkomnum dropagildrum. Fylgjast skal vel með því að soðtæki séu ekki ofhlaðin. Allt soðvatn skal nýta.
- 2.13. Framkvæma skal hreinsun á tækjabúnaði og mannvirkjum þannig að hreinsivökvanum sé safnað saman og hann endurnýttur eins oft og hægt er. Þegar hreinsivökvanum er veitt til sjávar, skal sýrustig (pH) frárennslisstraumsins vera á bilinu 5—10.
- 2.14. Frárennli úr hráefnisþróum og innan úr verksmiðju skal tengjast fitugildru og þaðan ásamt öðru frárennli leitt niður fyrir stórstraumsfjörobord. Fitugildru skal hreinsa eins oft og nauðsyn krefur. Fitu og úrgang, sem safnast fyrir í fitugildru, skal nýta eða farga á viðeigandi hátt að mati Heilbrigðisnefndar Vestmannaeyja. Fiskimjölverksmiðjan skal hafa samráð við Hollustuvernd ríkisins um stærð og gerð fitugildru.
- 2.15. Framkvæma skal reglulega athugun á lífrænum efnum í frárennli. Skal það gert í samráði við Hollustuvernd ríkisins. Niðurstöður skulu hafðar til hliðsjónar varðandi frekari kröfur um hreinsibúnað á frárennli.
- 2.16. Frárennli frá snyrtingum skal leiða í rotþró, eða frá því gengið með öðrum viðurkenndum hætti að mati Heilbrigðisnefndar Vestmannaeyja.
- 2.17. Lýsisgeymar skulu vera í lýsisheldri þró, að rúmtaki minnst 20% af rúmtaki geymisins í þrónni. Séu fleiri en einn geymir í sömu þró, skal rúmtakið vera minnst 20% af rúmtaki stærsta geymisins. Lokunarþúnaður skal vera af viðurkenndri gerð og þannig staðsettur að ekki sé hætt á því að hann verði fyrir hnjaski. Einn loki skal vera innan þróar.
- 2.18. Um frágang olíugeyma og varnir gegn mengun af völdum olíu fer skv. heilbrigðisreglugerð nr. 45/1972 og reglum nr. 560/1982 um varnir gegn olíumengun sjávar við olíubirgðastöðvar.
- 2.19. Verksmiðjan skal sjá um að mengunarvarnarþúnaður sé ávallt í sem fullkomnustu lagi. Skal hafa reglulegt eftirlit með búnaði og ástandi hráefnis hverju sinni. Niðurstöður og athuganir skal skrá niður í sérstaka dagbók og skal fulltrúum Hollustuverndar ríkisins og Heilbrigðisnefndar Vestmannaeyja heimill aðgangur að þeim hvenær sem er.

3. gr.

3. Gildistaka.

- 3.1. Starfsleyfi þetta, sem veitt er í samræmi við 5. gr. reglugerðar nr. 390/1985, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem haft getur í för með sér mengun, sem sett er með stöð í 3. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast gildi þegar í stað.

4. gr.

4. Ákvæði til bráðabirgða.

- 4.1. Uppsetningu punktsofgerfis til loftræstingar og lyktheydingar frá helstu lyktaruppsettum öðrum en þurrkurum, sbr. gr. 2.8. skal lokið fyrir 1. september 1987.

- 4.2. Frágangi lyktheydingarbúnaðarins fyrir útblástur frá þurrkurum, sbr. gr. 2.10. skal lokið 1. september 1989.
- 4.3. Byggingu fitugildru fyrir frárennsli, sbr. gr. 2.14., skal lokið fyrir 1. janúar 1987.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. desember 1986.

Ragnhildur Helgadóttir.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um starfsleyfi fyrir Fiskimjölsverksmiðju Einars Sigurðssonar (F.E.S.), Vestmannaeyjum.

1. gr.

1. Almenn ákvæði.

- 1.1. Verksmiðjunni er heimilt að framleiða fiskmjöl og lýsi úr fiski og fiskúrgangi. Hámarksafköst verksmiðjunnar skulu við það miðast að ekki verði um sérstaka mengun umhverfis að ræða, vegna of mikils álags á tækjakost.
- 1.2. Verksmiðjunni er skylt að sjá um, að á öllu athafnasvæði verksmiðjunnar sé gætt fyllsta hreinlætis. Svæðið skal vera lagt bundnu slitlagi eftir því sem þurfa þykir að mati Heilbrigðisnefndar Vestmannaeyja. Verksmiðjunni ber að halda útliti sínu og umhverfi snyrtilegu.
- 1.3. Verksmiðjunni er skylt að ganga þannig frá mannvirkjum og búnaði og haga allri starfsemi svo, að hætta á gerlamengun í hráefni og mjöli verði sem minnst.
- 1.4. Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
- 1.5. Áformi verksmiðjan að gera umtalsverðar breytingar á rekstri eða stækka verksmiðjuna, skal greina Hollustuvernd ríkisins og Heilbrigðisnefnd Vestmannaeyja skriflega frá því áður en framkvæmdir hefjast.
- 1.6. Hollustuvernd ríkisins getur að höfðu samráði við umsagnaraðila, lagt til við heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, að starfsleyfið verði endurskoðað, ef í ljós koma skaðleg áhrif á umhverfið, sem ekki voru ljós fyrir. Sama gildir ef almennar kröfur, ráð og tæki koma til aukinna mengunarvarna.

2. gr.

2. Varnir gegn mengun ytra umhverfis.

- 2.1. Allt löndunarvatn sem til fellur skal tekið til vinnslu í verksmiðju.
- 2.2. Verksmiðjan skal hafa aðstöðu til að taka við vatni frá grófskolun lesta til vinnslu, enda sé vatnsmagninu haldið í lágmarki t. d. með notkun á háþrýstidælum. Aldrei skal nota meira vatn en sem nemur 1% af lönduðu hráefni.
- 2.3. Flutningstæki sem notuð eru til flutnings á hráefni til verksmiðju skulu vera vökvaheild og viðurkennd af Heilbrigðisnefnd Vestmannaeyja.
- 2.4. Allt hráefni skal geymt í yfirbyggðum þróm eða geymum. Hráefnisþrær skulu vera þéttar og skal allt blóðvatn og annar vökvi frá hráefni tekinn til vinnslu. Strax og hráefnisgeymsla hefur verið tæmd, skal skola hana með vatni. Vatni frá fyrstu skolun skal halda í lágmarki t. d. með háþrýstidælum og taka til vinnslu í verksmiðju.

- 2.5. Tæming hráefnisgeymslna skal vera sem mest sjálfvirk. Reynist nauðsynlegt að nota moksturstæki, skal þrifa þau vel að verki loknu.
- 2.6. Fiskúrgang skal að jafnaði ekki geyma lengur en fjóra sólarhringa áður en hann er tekinn til vinnslu. Hafi hitastig verið undir 4°C meðan á geymslu stóð er heimilt að geyma úrgang í allt að eina viku. Heilbrigðisnefnd Vestmannaeyja getur veitt undanþágu frá þessari kröfur, ef ástæða þykir til.
- 2.7. Við rotvörn bræðslufisks skal nota viðurkenndan skömmtunar- og blöndunarbúnað. Um styrk og meðferð rotvarnarefna fer samkvæmt reglugerð um notkun rotvarnarefna til geymslu á bræðslufiski, eins og hún er hverju sinni.
- 2.8. Loftræsta skal frá verulegum lyktaruppsprettum í verksmiðju og ræstiloftið flutt til lyktheydingar. Loftræsting skal hönnuð á þann hátt, að sem minnst af ómengdu lofti sé dregið með.
- 2.9. Loft frá þurrkurum skal leiða í gegnum rykskiljur með góða skiljunarhæfni og síðan til lyktheydingar.
- 2.10. Lyktheyding skal framkvæmd með þvotta- og þéttiturni, sem kælir útblásturinn niður í a. m. k. 20°C og/eða með brennslu lyktarefnanna. Lyktheyding við brennslu skal vera jafn góð og eftir hitun í lofti í 700°C í 1/3 úr sekúndu. Við hönnun lyktheydingarbúnaðarins skal taka tillit til orkuendurvinnslusjónarmiða.
- 2.11. Innan eins árs frá því að lofthreinsibúnaðurinn er tekinn í notkun skal fara fram athugun á hæfni hans í samráði við Hollustuvernd ríkisins. Niðurstöður þeirra athuguna skal hafa til viðmiðunar varðandi kröfur um viðbótarhreinsun og/eða frekari dreifingu útblásturs frá verksmiðjunni.
- 2.12. Soðkjarnatæki skulu útbúin fullkomnum dropagildrum. Fylgjast skal vel með því að soðtæki séu ekki ofhlaðin. Allt soðvatn skal nýta.
- 2.13. Framkvæma skal hreinsun á tækjabúnaði og mannvirkjum þannig að hreinsivökvanum sé safnað saman og hann endurnýttur eins oft og hægt er. Þegar hreinsivökvanum er veitt til sjávar, skal sýrustig (pH) frárennslisstraumsins vera á bilinu 5—10.
- 2.14. Frárennslí úr hráefnisþróm og innan úr verksmiðju skal tengjast í fitugildru og þaðan ásamt öðru frárennslí leitt niður fyrir stórstraumsfjöruborð. Fitugildru skal hreinsa eins oft og nauðsyn krefur. Fitu og úrgang, sem safnast fyrir í fitugildru, skal nýta eða farga á videigandi hátt að mati Heilbrigðisnefndar Vestmannaeyja. Fiskimjölverksmiðjan skal hafa samráð við Hollustuvernd ríkisins um stærð og gerð fitugildru.
- 2.15. Framkvæma skal reglulega athugun á lífrænum efnum í frárennslí. Skal það gert í samráði við Hollustuvernd ríkisins. Niðurstöður skulu hafðar til hliðsjónar varðandi frekari kröfur um hreinsibúnað á frárennslí.
- 2.16. Frárennslí frá snyrtingum skal leiða í rotþró, eða frá því gengið með öðrum viðurkenndum hætti að mati Heilbrigðisnefndar Vestmannaeyja.
- 2.17. Lýsisgeymar skulu vera í lýsisheldri þró, að rúmtaki minnst 20% af rúmtaki geymisins í þrónni. Séu fleiri en einn geymir í sömu þró, skal rúmtakið vera minnst 20% af rúmtaki stærsta geymisins. Lokunarbúnaður skal vera af viðurkenndri gerð og þannig staðsettur að ekki sé hætt á því að hann verði fyrir hnjaski. Einn loki skal vera innan þróar.
- 2.18. Um frágang olíugeyma og varnir gegn mengun af völdum olíu fer skv. heilbrigðisreglugerð nr. 45/1972 og reglum nr. 560/1982 um varnir gegn olíumengun sjávar við olíubirgðastöðvar.
- 2.19. Verksmiðjan skal sjá um að mengunarvarnarbúnaður sé ávallt í sem fullkomnustu lagi. Skal hafa reglulegt eftirlit með búnaði og ástandi hráefnis hverju sinni. Niðurstöður og athaganir skal skrá niður í sérstaka dagbók og skal fulltrúum Hollustuverndar ríkisins og Heilbrigðisnefndar Vestmannaeyja heimill aðgangur að þeim hvenær sem er.

3. gr.

3. Gildistaka.

- 3.1. Starfsleyfi þetta, sem veitt er í samræmi við 5. gr. reglugerðar nr. 390/1985, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem haft getur í för með sér mengun, sem sett er með stoð í 3. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðisefirlit, öðlast gildi þegar í stað.

4. gr.

4. Ákvæði til bráðabirgða.

- 4.1. Yfirbyggingu tveggja þróarhólfa, sem opin eru, sbr. gr. 2.4., skal lokið fyrir 1. janúar 1987.
- 4.2. Uppsetningu punktsockerfis til loftræstingar og lyktheydingar frá helstu lyktaruppsettum öðrum en þurrkurum, sbr. gr. 2.8. skal lokið fyrir 1. september 1987.
- 4.3. Frágangi lyktheydingarbúnaðar fyrir útblástur frá þurrkurum, sbr. gr. 2.10. skal lokið 1. september 1989.
- 4.4. Byggingu fitugildru fyrir frárennsli, sbr. gr. 2.14., skal lokið fyrir 1. janúar 1987.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. desember 1986.

Ragnhildur Helgadóttir.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

**um starfsleyfi fyrir Fiskimjölsverksmiðju Hornafjarðar hf.,
Höfn, Hornafirði.**

1. gr.

1. Almenn ákvæði.

- 1.1. Verksmiðjunni er heimilt að framleiða fiskmjöl og lýsi úr fiski og fiskúrgangi. Hámarksafköst verksmiðjunnar skulu við það miðast að ekki verði um sérstaka mengun umhverfis að ræða, vegna of mikils álags á tækjakost.
- 1.2. Verksmiðjunni er skylt að sjá um, að á öllu athafnasvæði verksmiðjunnar sé gætt fyllsta hreinlætis. Svæðið skal vera lagt bundnu slitlagi eftir því sem þurfa þykir að mati heilbrigðisnefndar viðkomandi svæðis. Verksmiðjunni ber að halda útliti sínu og umhverfi snyrtilegu.
- 1.3. Verksmiðjunni er skylt að ganga þannig frá mannvirkjum og búnaði og haga allri starfsemi svo, að hætta á gerlamengun í hráefni og mjöli verði sem minnst.
- 1.4. Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
- 1.5. Áformi verksmiðjan að gera umtalsverðar breytingar á rekstri eða stækka verksmiðjuna, skal greina Hollustuvernd ríkisins og heilbrigðisnefnd viðkomandi svæðis skriflega frá því áður en framkvæmdir hefjast.
- 1.6. Hollustuvernd ríkisins getur að höfðu samráði við umsagnaraðila, lagt til við heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, að starfsleyfið verði endurskoðað, ef í ljós koma skaðleg áhrif á umhverfið, sem ekki voru ljós fyrir. Sama gildir ef almennar kröfur, ráð og tæki koma til aukinna mengunarvarna.

2. gr.

2. Varnir gegn mengun ytra umhverfis.

- 2.1. Allt löndunarvatn sem til fellur skal tekið til vinnslu í verksmiðju.
- 2.2. Verksmiðjan skal hafa aðstöðu til að taka við vatni frá grófskolun lesta til vinnslu, enda sé vatnsmagninu haldið í lágmarki t. d. með notkun á háþrýstidælum. Aldrei skal nota meira vatn en sem nemur 1% af lönduðu hráefni.
- 2.3. Flutningstæki sem notuð eru til flutnings á hráefni til verksmiðju skulu vera vökvaheld og viðurkennd af heilbrigðisnefnd viðkomandi svæðis.
- 2.4. Allt hráefni skal geymt í yfirbyggðum þróm eða geymum. Hráefnisþrær skulu vera þéttar og skal allt blöðvatn og annar vökví frá hráefni tekinn til vinnslu. Strax og hráefnisgeymsla hefur verið tæmd, skal skola hana með vatni. Vatni frá fyrstu skolun skal halda í lágmarki t. d. með háþrýstidælum og taka til vinnslu í verksmiðju.
- 2.5. Tæming hráefnisgeymslna skal vera sem mest sjálfvirk. Reynist nauðsynlegt að nota moksturstæki, skal þrifa þau vel að verki loknu.
- 2.6. Fiskúrgang skal að jafnaði ekki geyma lengur en fjóra sólarhringa áður en hann er tekinn til vinnslu. Hafi hitastig verið undir 4°C meðan á geymslu stóð er heimilt að geyma úrgang í allt að eina viku. Heilbrigðisnefnd viðkomandi svæðis getur veitt undanþágu frá þessari kröfu, ef ástæða þykir til.
- 2.7. Við rotvörn bræðslufisks skal nota viðurkenndan skömmtnar- og blöndunarbúnað. Um styrk og meðferð rotvarnarefna fer samkvæmt reglugerð um notkun rotvarnarefna til geymslu á bræðslufiski, eins og hún er hverju sinni.
- 2.8. Loftræsta skal frá verulegum lyktaruppsprettum í verksmiðju og ræstiloftið flutt til lyktheyðingar. Loftræsting skal hönnuð á þann hátt, að sem minnst af ómengdu lofti sé dregið með.
- 2.9. Loft frá þurrkurum skal leiða í gegnum rykskiljur með góða skiljunarhæfni og síðan til lyktheyðingar.
- 2.10. Lyktheyðing skal framkvæmd með þvotta- og þéttiturni, sem kælir útblásturinn niður í a. m. k. 20°C og/eða brennslu lyktarefnanna. Lyktheyðing við brennslu skal vera jafn góð og eftir hitun í lofti í 700°C í 1/3 úr sekúndu. Við hönnun lyktheyðingarbúnaðarinnar skal taka tillit til orkuendurvinnslusjónarmiða.
- 2.11. Innan eins árs frá því að lofthreinsibúnaðurinn er tekinn í notkun skal fara fram athugun á hæfni hans í samráði við Hollustuvernd ríkisins. Niðurstöður þeirrar athugunar skal hafa til viðmiðunar varðandi kröfur um viðbótarhreinsun og/eða enn frekari dreifingu útblásturslofts frá verksmiðjunni.
- 2.12. Soðkjarnatæki skulu útbúin fullkomnum dropagildrum. Fylgjast skal vel með því að soðtæki séu ekki ofhlaðin. Allt soðvatn skal nýta.
- 2.13. Framkvæmd skal hreinsun á tækjabúnaði og mannvirkjum þannig að hreinsivökvanum sé safnað saman og hann endurnýttur eins oft og hægt er. Þegar hreinsivökvanum er veitt til sjávar, skal sýrustig (pH) frárennslisstraumsins vera á bilinu 5—10.
- 2.14. Frárennsli úr hráefnisþróm og innan úr mannvirkjum skal tengjast í fitugildru og þaðan ásamt öðru frárennsli leitt niður fyrir stórstraumsfjöruborð. Fitugildru skal hreinsa eins oft og nauðsyn krefur. Fitu og úrgang, sem safnast fyrir í fitugildru, skal nýta eða farga á viðeigandi hátt að mati viðkomandi heilbrigðisnefndar. Fiskimjölsværksmiðjan skal hafa samráð við Hollustuvernd ríkisins um stærð og gerð fitugildru.
- 2.15. Framkvæma skal reglulega athugun á lífrænum eignum í frárennsli. Skal það gert í samráði við Hollustuvernd ríkisins. Niðurstöður skulu hafðar til hliðsjónar varðandi frekari kröfur um hreinsibúnað á frárennsli.
- 2.16. Frárennsli frá snyrtingum skal leiða í rotþró, eða frá því gengið með öðrum viðurkenndum hætti að mati viðkomandi heilbrigðisnefndar.

- 2.17. Lýsisgeymar skulu vera í lýsisheldri þró, að rúmtaki minnst 20% af rúmtaki geymisins í þrónni. Séu fleiri en einn geymir í sömu þró, skal rúmtakið vera minnst 20% af rúmtaki stærsta geymisins. Lokunarbúnaður skal vera af viðurkenndri gerð og þannig staðsettur að ekki sé hætt á því að hann verði fyrir hnjaski. Einn loki skal staðsettur innan þróar.
- 2.18. Um frágang olíugeyma og varnir gegn mengun af völdum olíu fer skv. heilbrigðisreglugerð nr. 45/1972 og reglum nr. 560/1982 um varnir gegn olíumengun sjávar við olíubirgðastöðvar.
- 2.19. Verksmiðjan skal sjá um að mengunarvarnarbúnaður sé ávallt í sem fullkomnustu lagi. Skal hafa reglulegt eftirlit með búnaði og ástandi hráefnis hverju sinni. Niðurstöður og athuganir skal skrá niður í sérstaka dagbók og skal fulltrúum Hollustuverndar ríkisins og viðkomandi heilbrigðisnefndar heimill aðgangur að þeim hvenær sem er.

3. gr.

3. Gildistaka.

- 3.1. Starfsleyfi þetta, sem veitt er í samræmi við 5. gr. reglugerðar nr. 390/1985, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem haft getur í för með sér mengun, sem sett er með stöð í 3. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast gildi þegar í stað.

4. gr.

4. Ákvæði til bráðabirgða.

- 4.1. Yfirbygging þeirra hráefnisgeymslna, sem eru opnar sbr. gr. 2.4., skal lokið fyrir 1. september 1988.
- 4.2. Uppsetningu punktsofgerfis til loftræstingar og lyktheydingar frá helstu lyktaruppsettum öðrum en þurrkurum, sbr. gr. 2.8., skal lokið fyrir 1. september 1988.
- 4.3. Áætlun og ákvörðun um lyktheydingarbúnað fyrir útblástur frá þurrkurum, sbr. gr. 2.10., skulu liggja fyrir eigi síðar en 1. september 1987.
- 4.4. Lofthreinsibúnaður sbr. gr. 2.10. skal taka til starfa eigi síðar en 1. júlí 1990.
- 4.5. Byggingu fitugildru fyrir frárennsli, sbr. gr. 2.14., skal lokið fyrir 1. september 1987.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. desember 1986.

Ragnhildur Helgadóttir.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

**um starfsleyfi fyrir Hraðfrystistöð Þórshafnar hf.,
fiskimjölsverksmiðju; Þórshöfn.**

1. gr.

1. Almenn ákvæði.

- 1.1. Verksmiðjunni er heimilt að framleiða fiskmjöl og lýsi úr fiski og fiskúrgangi. Hámarksafköst verksmiðjunnar skulu við það miðast, að ekki verði um sérstaka mengun umhverfis að ræða vegna of mikils álags á tækjakost.

- 1.2. Verksmiðjunn er skylt að sjá um, að á öllu athafnasvæði verksmiðjunnar sé gætt fyllsta hreinlætis. Svæðið skal lagt bundnu slítlagi eftir því sem þurfa þykir að mati heilbrigðisnefndar viðkomandi svæðis. Verksmiðjunn ber að halda útliti sínu og umhverfi snyrtilegu.
- 1.3. Verksmiðjunn er skylt að ganga þannig frá mannvirkjum og búnaði og haga allri starfsemi svo, að hætta á gerlamengun í hráefni og mjóli verði sem minnst.
- 1.4. Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
- 1.5. Áformi verksmiðjan að gera umtalsverðar breytingar á rekstri eða stækka verksmiðjuna, skal greina Hollustuvernd ríkisins og heilbrigðisnefnd viðkomandi svæðis skriflega frá því áður en framkvæmdir hefjast.
- 1.6. Hollustuvernd ríkisins getur, að höfðu samráði við umsagnaraðila lagt til við heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að starfsleyfið verði endurskoðað, ef í ljós koma skaðleg áhrif á umhverfið, sem ekki voru ljós fyrir. Sama gildir ef almennar kröfur, ráð og tæki koma til aukinna mengunarvarna.

2. gr.

2. Varnir gegn mengun ytra umhverfis.

- 2.1. Allt löndunarvatn sem til fellur, skal tekið til vinnslu í verksmiðju.
- 2.2. Verksmiðjan skal hafa aðstöðu til að taka við vatni frá grófskolun lesta til vinnslu, enda sé vatnsmagninu haldið í lágmarki t.d. með notkun á háprýstidælum. Aldrei skal nota meira vatn en sem nemur 1% af lönduðu hráefni.
- 2.3. Flutningstæki sem notuð eru til flutnings á hráefni til verksmiðju skulu vera vökvaheld og viðurkennd af heilbrigðisnefnd viðkomandi svæðis.
- 2.4. Allt hráefni skal geymt í yfirbyggðum þróm eða geymum. Hráefnisþrær skulu vera þéttar og skal allt blóðvatn og annar vökví frá hráefni tekinn til vinnslu. Strax og hráefnisgeymsla hefur verið tæmd, skal skola hana með vatni. Vatni frá fyrstu skolun skal halda í lágmarki, t. d. með háprýstidælum og taka til vinnslu í verksmiðju.
- 2.5. Tæming hráefnisgeymslna skal vera sem mest sjálfvirk. Reynist nauðsynlegt að nota moksturstæki, skal þrifa þau vel að verki loknu.
- 2.6. Fiskúrgang skal að jafnaði ekki geyma lengur en fjóra sólarhringa áður en hann er tekinn til vinnslu. Hafi hitastig verið undir 4°C meðan á geymslu stóð er heimilt að geyma úrgang í allt að eina viku. Heilbrigðisnefnd viðkomandi svæðis getur veitt undanþágu frá þessari kröfu ef ástæða þykir til.
- 2.7. Við rotvörn bræðslufisks skal nota viðurkenndan skömmtunar- og blöndunarbúnað. Um styrk og meðferð rotvarnarefna fer samkvæmt reglugerð um notkun rotvarnarefna til geymslu á bræðslufiski, eins og hún er hverju sinni.
- 2.8. Loftræsta skal frá verulegum lyktaruppsprettum í verksmiðju og ræstiloftið flutt til loftheydingar. Loftræsting skal hönnuð á þann hátt, að sem minnst af ómengdu lofti sé dregið með.
- 2.9. Loft frá þurrkurum skal tekið til lyktheydingar. Hollustuvernd ríkisins getur gert kröfur um, að það sé leitt í gegnum síur eða rykskiljur með góða skiljunarhæfni, áður en það fer til lyktheydingar.
- 2.10. Lyktheyding skal framkvæmd með þvotta- og þéttiturni, sem kælir útblásturinn niður í að minnsta kosti 20° og/eða með brennslu lyktarefnanna. Lyktheyding við brennslu skal vera jafngöð og eftir hitun í lofti í 700°C í 1/3 úr sekúndu. Við hönnun lyktheydingarbúnaðarins skal taka tillit til orkuendurvinnslusjónarmiða.

- 2.11. Innan eins árs frá því að lofthreinsibúnaðurinn er tekinn í notkun, skal fara fram athugun á hæfni hans í samráði við Hollustuvernd ríkisins. Niðurstöður þeirrar athugunar skal hafa til viðmiðunar varðandi kröfur um viðbótarhreinsun og/eða enn frekari dreifingu útblásturslofts frá verksmiðju.
- 2.12. Soðkjarnatæki skulu útbúin fullkomnum dropagildrum. Fylgjast skal vel með því að soðtæki séu ekki ofhlaðin. Allt soðvatn skal nýta.
- 2.13. Framkvæmd skal hreinsun á tækjabúnaði og mannvirkjum þannig að hreinsivökvanum sé safnað saman og hann endurnýttur eins oft og hægt er. Þegar hreinsivökvanum er veitt til sjávar skal sýrustig (pH) frárennslisstraumsins vera á bilinu 5—10.
- 2.14. Frárennslu úr hráefnisþróum og innan úr verksmiðju skal tengjast í fitugildru og þaðan ásamt öðru frárennslu leitt niður fyrir stórstraumsfjöruborð. Fitugildru skal hreinsa eins oft og nauðsyn krefur. Fitu og úrgang, sem safnast fyrir í fitugildru, skal nýta eða farga á viðeigandi hátt að mati viðkomandi heilbrigðisnefndar. Fiskimjölsverksmiðjan skal hafa samráð við Hollustuvernd ríkisins um stærð og gerð fitugildru.
- 2.15. Framkvæma skal reglulega athugun á lífrænum efnum í frárennslu. Skal það gert í samráði við Hollustuvernd ríkisins. Niðurstöður skulu hafðar til hliðsjónar varðandi frekari kröfur um hreinsibúnað á frárennslu.
- 2.16. Frárennslu frá snyrtingum skal leiða í rotþró, eða frá því gengið með öðrum viðurkenndum hætti að mati viðkomandi heilbrigðisnefndar.
- 2.17. Lýsisgeymar skulu vera í lýsisheldri þró að rúmtaki minnst 20% af rúmtaki geymisins í þrónni.
Séu fleiri en einn geymir í sömu þró skal rúmtakið vera minnst 20% af rúmtaki stærsta geymisins.
Lokunarþúnaður skal vera af viðurkenndri gerð og þannig staðsettur að ekki sé hætt á því að hann verði fyrir hnjaski. Einn loki skal staðsettur innan þróar.
- 2.18. Um frágang olíugeyma og varnir gegn mengun af völdum olíu fer skv. heilbrigðisreglugerð nr. 45/1972 og reglum nr. 560/1982 um varnir gegn olíumengun sjávar við olíubirgðastöðvar.
- 2.19. Verksmiðjan skal sjá um, að mengunarvarnarþúnaður sé ávallt í sem fullkomnustu lagi. Skal hafa reglulegt eftirlit með búnaði og ástandi hráefnis hverju sinni. Niðurstöður og athuganir skal skrá niður í sérstaka dagbók og skal fulltrúum Hollustuverndar ríkisins og viðkomandi heilbrigðisnefnd heimill aðgangur að þeim hvenær sem er.

3. gr.

3. Gildistaka.

- 3.1. Starfsleyfi þetta, sem veitt er í samræmi við 5. gr. reglugerðar nr. 390/1985, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem haft getur í för með sér mengun, sem sett er með stöð í 3. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast gildi þegar í stað.

4. gr.

4. Ákvæði til bráðabirgða.

- 4.1. Mengunarvarnarþúnaður við verksmiðjuna skal að fullu tekinn í notkun fyrir 1. mars 1987.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. desember 1986.

Ragnhildur Helgadóttir.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um innheimtu þinggjalda á árinu 1987.

1. gr.

Þinggjöld skulu greidd á tíu gjalddögum á árinu 1987. Eru gjalddagar fyrsti dagur hvers mánaðar nema mánuðina janúar og júlí.

2. gr.

Þar til álagning liggur fyrir skal hver gjaldandi greiða á hverjum gjalddaga 11,4% þeirra þinggjalda er honum bar að greiða á árinu 1986.

3. gr.

Heimilt er gjaldanda að sækja um lækkun á þeirri fjárhæð þinggjalda sem honum hefur verið gert að greiða fram að álagningu 1987 skv. 2. gr.

Umsókn um slíka lækkun skal senda skattstjóra er úrskurðar um lækkun greiðsluskyldunnar.

4. gr.

Skattstjóri skal að jafnaði ekki taka til greina umsókn gjaldanda nema rauntekjur hans hafi lækkað svo mjög milli árána 1985 og 1986 að tekjuskattsstofn á tekjuárinu 1986 sé meira en 25% lægri en tekjuskattsstofn hans var á tekjuárinu 1985 eftir að síðarnefnd fjárhæð hefur verið hækkuð um 35%. Frá þessari reglu má þó víkja ef sérstaklega stendur á að mati skattstjóra, enda hafi fjölskylduástandur gjaldanda breyst eða aðrar aðstæður skert gjaldþol hans verulega.

Ríkisskattstjóri setur nánari reglur um ákvörðun á takmörkun greiðsluskyldu og önnur atriði varðandi framkvæmd þessarar greinar.

5. gr.

Ákvörðun varðandi umsókn skal skattstjóri tilkynna gjaldanda og ef fallist er á umsókn skal niðurstaða einnig tilkynnt innheimtuaðila.

6. gr.

Um greiðslur þinggjalda á árinu 1987 fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum XIII. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 110. gr. og 119. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 31. desember 1986.

Þorsteinn Pálsson.

Lárus Ögmundsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir sjóð Heklu hf. til minningar um hjónin Rannveigu Ingimundardóttur og Sigfús Bjarnason, sem stofnuðu Heildverslunina Heklu hf., útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 30. desember 1986.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjóð Heklu hf. til minningar um hjónin Rannveigu Ingimundardóttur og Sigfús Bjarnason, sem stofnuðu heildverslunina Heklu hf.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Sjóður Heklu hf. til minningar um hjónin Rannveigu Ingimundardóttur og Sigfús Bjarnason. Stofnandi sjóðsins er Hekla hf.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 3 000 000. — þrjár milljónir króna — og skal það mynda höfuðstól sjóðsins. Höfuðstóllinn skal hækka um fjárhæðir sem síðar kunna að berast sjóðnum.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er:

1. Að stuðla að aukinni verkmenntun starfsmanna Heklu hf.
2. Að stuðla að rannsóknum á sviði hugvísinda og raunvísinda, m. a. í því skyni að efla tengsl milli atvinnulífs og æðri menntunar.
3. Að hlúa að menningarstarfsemi og listiðkun.

4. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum Heklu hf. Reikningar sjóðsins skulu birtir með ársskýrslu Heklu hf.

5. gr.

Stofnfé sjóðsins er lagt fram sem innistæða í Búnaðarbanka Íslands og er ávaxtað þar með bestu kjörum, sem bankinn býður. Raunvaxtatekjum sjóðsins skal varið til styrkveitinga.

6. gr.

Styrkjum úr sjóðnum skal úthluta samkvæmt ákvörðun stjórnar hans.

Stjórnin getur ákveðið, að auglýsa eftir umsóknum til einstakra verkefna. Þó skal úthlutað skv. 3. gr. 1. lið ekki sjaldnar en annað hvert ár.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð fimm mönnum.

Aðalfundur Heklu hf. kys fjóra til 2 ára.

Á fyrsta aðalfundi Heklu hf. eftir stofnun sjóðsins skulu tveir þeirra kosnir til eins árs. Stjórn Heklu hf. skipar einn til eins árs í stjórnina og skal hann vera formaður stjórnarinnar. Stjórnarmenn má endurkjósa og endurskipa.

Sjóðsstjórnin skal halda fundargerðarbók, þar sem bóka skal allar ákvarðanir stjórnarinnar varðandi sjóðinn.

8. gr.

Kostnaður greiðist af tekjum sjóðsins.

9. gr.

Stjórnin setur sér starfsreglur.

10. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta á aðalfundi Heklu hf.

11. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari, svo og á breytingum, sem kunna að verða gerðar á henni sbr. 10. gr.

HEIÐURSMERKI FÁLKAORÐUNNAR

Forseti Íslands sæmdi eftirtalda menn heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu 1986:

I. ÍSLENDINGAR.

1. janúar:

Daníel Sigmundsson, húsasmíðameistari, Ísafirði, riddarakross fyrir störf að slysa-
varnarmálum.

Davíð Oddsson, borgarstjóri Reykjavíkur, riddarakross fyrir embættisstörf.

Eiríkur Björnsson, rafvirki, Svínadal í Skaftártungu, riddarakross fyrir rafvæðingarstörf.

Elín Aradóttir, Brún í Reykjadal, riddarakross fyrir félagsmálastörf.

Hálf dán Einarsson, skipstjóri, Bolungarvík, riddarakross fyrir útgerðar- og félagsstörf.

Hallgrímur Fr. Hallgrímsson, fv. forstjóri, Reykjavík, stjórn stórriddara fyrir störf að
viðskiptamálum.

Helga Bachmann, leikkona, Reykjavík, riddarakross fyrir félags- og leiklistarstörf.

Hjalti Geir Kristjánsson, húsgagnaarkitekt, Reykjavík, riddarakross fyrir störf að
iðnaðar- og verslunarmálum.

Ingibjörg Thorarensen, Reykjavík, riddarakross fyrir félags- og safnaðarstörf.

Jón Magnússon, Skuld, Hafnarfirði, riddarakross fyrir ræktunarstörf.

Dr. Karl Kortsson, fv. héraðsdýralæknir, Hellu, riddarakross fyrir embættisstörf.

Ólafur Björnsson, útgerðarmaður, Keflavík, riddarakross fyrir útgerðar- og félagsstörf.

Skúli Pálsson, fiskiræktarbóndi, Laxalóni við Reykjavík, riddarakross fyrir fiskirækt.

Trausti Sigurlaugsson, forstöðumaður, Reykjavík, riddarakross fyrir störf að málefnum
fatlaðra.

Unnur Halldórsdóttir, Gröf, Miklaholtshreppi, riddarakross fyrir störf að samgöngu- og
ferðamálum.

Valborg Sigurðardóttir, skólastjóri, Reykjavík, stórriddarakross fyrir störf á sviði
uppeldis- og fræðslumála.

Þorvaldur Guðmundsson, forstjóri, Reykjavík, stórriddarakross fyrir störf í þágu lista-
og atvinnulífs.

17. júní:

Bjarni Vilhjálmsson, fv. þjóðskjalavörður, Reykjavík, riddarakross fyrir embættis- og
fræðslustörf.

Björn Guðmundsson, útgerðarmaður, Vestmannaeyjum, riddarakross fyrir störf að
sjávarútvegsmálum.

Einar Kristjánsson, fv. skólastjóri við Laugaskóla í Hvammssveit, riddarakross fyrir
störf að fræðslu- og félagsmálum.

Erla Elíasdóttir, aðstoðarháskólaritari, Reykjavík, riddarakross fyrir störf að málefnum Háskóla Íslands.

Guðmundur Guðmundsson, tryggingafræðingur, Reykjavík, riddarakross fyrir störf að tryggingamálum.

Helgi Gíslason, fv. héraðsstjóri hjá Vegagerð ríkisins, Fellahreppi, N.-Múlasýslu, riddarakross fyrir störf að félags- og menningarmálum.

Jakob Jakobsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunar, Reykjavík, stórriddarakross fyrir embættis- og vísindastörf.

Jón Egilsson, fv. forstjóri Ferðaskrifstofu Akureyrar, riddarakross fyrir störf að ferðamálum.

Jón Jónsson, fv. forstjóri Hafrannsóknastofnunar, Reykjavík, stórriddarakross fyrir embættis- og vísindastörf.

Jón úr Vör Jónsson, skáld, Reykjavík, riddarakross fyrir bókmenntastörf.

Magnús E. Guðjónsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga, Reykjavík, riddarakross fyrir störf að sveitarstjórnarmálum.

Magnús Jónsson, óperusöngvari, Reykjavík, riddarakross fyrir tónlistarstörf.

Magnús Magnússon, rífhöfundur, Edinborg, stórriddarakross fyrir menningar- og landkynningarstörf.

Rósa Þorsteinsdóttir, fv. forstöðumaður, Reykjavík, riddarakross fyrir störf að uppeldis- og barnaverndarmálum.

Sigurjón Rist, vatnamælingamaður, Reykjavík, riddarakross fyrir störf að vatnamælingum.

II. ERLENDIR RÍKISBORGARAR.

8. janúar:

Leif Hede Nielsen, ræðismaður í Horsens, Danmörku, riddarakross.

Daniel G.R. Stroud, ræðismaður, Aberdeen, Skotlandi, riddarakross.

Gösta Christian Lundholm, ræðismaður, Gautaborg, Svíþjóð, riddarakross.

18. mars:

Raijiro Nakabe, aðalræðismaður, Tókýó, Japan, riddarakross.

2. apríl:

Niazi Ibrahim Mostafa, ræðismaður, Mit Ghamr, Egyptalandi, stórriddarakross.

23. maí:

Jean-Pierre Jacquillat, hljómsveitarstjóri, París, Frakklandi, riddarakross.

Helmut Neumann, prófessor, Vín, Austurríki, riddarakross.

9. júní:

Jean stórhertogi af Lúxemborg, stórkross með keðju.

Josephine Charlotte, stórhertogafrú af Lúxemborg, stórkross.

Jacques F. Poos, utanríkisráðherra Lúxemborgar, stórkross.

Jean Wagner, sendiherra Lúxemborgar á Íslandi, stórkross.

Emile Neuman hirðmær, Lúxemborg, stjarna stórriddara.

Germain Frantz, kammerherra, Lúxemborg, stjarna stórriddara.

Gérard Rasquin, kammerherra, Lúxemborg, stjarna stórriddara.

Jacques Reuter, prótókollstjóri, Lúxemborg, stjarna stórriddara.

Jean-Jacques Kasel, skrifstofustjóri, Lúxemborg, stórriddarakross.

Ronald Mayer, skrifstofustjóri, Lúxemborg, stórriddarakross.
Leandre Mignon, majór, Lúxemborg, stórriddarakross.
Fernand Brosius, liðsforingi, Lúxemborg, riddarakross.
Claude May, fulltrúi við hirðina, Lúxemborg, riddarakross.

13. júní:

Rut Bäklund Larson, framkvæmdastjóri Norræna iðnaðarsjóðsins, Stokkhólmi, riddarakross.

17. júní:

Rupert N. Hambro, formaður bankaráðs Hambros Bank, London, riddarakross.
Snjólaug Thomson, ræðismaður, Edinborg, riddarakross.

4. júlí:

Pamela Brement, rithöfundur, Rhode Island, Bandaríkjunum, riddarakross.

15. júlí:

Svanhvít Egilsdóttir, prófessor, Vín, Austurríki, riddarakross.

28. júlí:

Bertel Haarder, kennslumálaráðherra Danmerkur, stórriddarakross ásamt stjórn.

12. ágúst:

Dr. Frank Herzlin, fv. yfirlæknir Freeportsjúkrahússins í New York, riddarakross.

26. ágúst:

Dr. Cornelia Schubrig, aðalræðismaður, Vín, Austurríki, stórriddarakross.
Dr. Carsten Smith, prófessor, Osló, Noregi, stórriddarakross.
William W. Nordlund, ræðismaður, Álandseyjum, stórriddarakross.
Sr. Dag Monrad Möller, fv. sóknarprestur, Kaupmannahöfn, Danmörku, riddarakross.

25. september:

Hannu Mäkelä, bókaútgefandi og rithöfundur, Helsinki, Finnlandi, riddarakross.

10. október:

Yoshihiko Tsuchuiya, þingmaður, Tókýó, Japan, stórriddarakross.

5. nóvember:

Bert Lindström, bankastjóri Norræna fjárfestingarbankans, Stokkhólmi, Svíþjóð, stórriddarakross.
Jonkheer Jan L.R. Huydecoper, sendiherra Hollands á Íslandi, stórkross.

EMBÆTTI, SÝSLANIR

1984:

28. febrúar var Birnu Jónsdóttur, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í geislagreiningu hér á landi.

28. ágúst var Ingimundi Pálssyni veitt leyfi til þess að starfa sem lyfjafræðingur hér á landi.

21. september var Jóni Þór Sverrissyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í almennum lyflækningum hér á landi.

21. desember var Jakobi Jónssyni, cand. odont., veitt leyfi til þess að starfa sem tannlæknir hér á landi.

1985:

4. janúar var Indriða Porkelssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflyttings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Kjartani Jónssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflyttings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Pétur Sigurðsson, alþingismaður, skipaður formaður bankaráðs Landsbanka Íslands og Kristinn Finnbogason, framkvæmdastjóri, varaformaður bankaráðsins, um fjögurra ára skeið frá 1. janúar 1985 að telja.

S.d. var Stefán Valgeirsson, alþingismaður, skipaður formaður bankaráðs Búnaðarbanka Íslands og Friðjón Þórðarson, alþingismaður, varaformaður bankaráðsins, um fjögurra ára skeið frá 1. janúar 1985 að telja.

S.d. var Valdimar Indriðason, alþingismaður, skipaður formaður bankaráðs Útvegsbanka Íslands og Jóhann Einvarðsson, aðstoðarmaður félagsmálaráðherra, varaformaður bankaráðsins, um fjögurra ára skeið frá 1. janúar 1985 að telja.

8. janúar var Davíð Erlingsson skipaður dósent í íslenskum bókmenntum í heimspeki-deild Háskóla Íslands frá 1. janúar 1985 að telja.

S.d. var cand. med. et chir. Guðmundi Erni Einarssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var cand. med. et chir. Guðrúnu Mörtu Torfadóttur veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var Hrólfur Kjartansson skipaður deildarstjóri í skólamálaaskrifstofu menntamálaráðuneytisins og Þórunn Bragadóttir og Þórunn Hafstein, deildarstjórar í háskóla- og menningarmálaaskrifstofu ráðuneytisins, öll frá 1. janúar 1985 að telja.

S.d. var Magnúsi Ólafssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í lungnalækningum.

S.d. var Matthíasi Halldórssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í embættislækningum hér á landi.

10. janúar var cand. odont. Sigurgísla Ingimarssyni veitt leyfi til þess að stunda tannlækningar hér á landi.

S.d. var framlengd setning Guðmundar Sigurðssonar, læknis, til þess að gegna störfum aðstoðarlandlæknis frá og með 1. janúar til og með 31. maí 1985 að telja.

S.d. var Stefán B. Sigurðsson, lífeðlisfræðingur, skipaður lektor í lífeðlisfræði við námsbraut í hjúkrunarfræði í læknaeild Háskóla Íslands frá 1. janúar 1985 að telja.

15. janúar var eftirtöldum kennurum við framhaldsskóla veitt lausn frá störfum að þeirra eigin ósk:

Við Menntaskólann í Reykjavík, Friðriku Gestsdóttur frá 1. september 1985.

Við Menntaskólann á Akureyri, Jóni Árna Jónssyni frá 1. febrúar 1986.

Við Menntaskólann við Sund, Óskari E. Guðjónssyni frá 1. ágúst 1985 og Þorbirni A. Friðrikssyni frá 1. ágúst 1985.

Við Menntaskólann í Kópavogi, Ásdísi Kristjánsdóttur frá 1. ágúst 1985 og Jónasi Finnbogasyni frá 1. september 1985.

Við Menntaskólann að Laugarvatni, Einari Óskarssyni frá 1. september 1985.

Við Fjölbrautaskólann í Breiðholti, Hjalta P. Þorvarðarsyni frá 1. ágúst 1985 og Sólveigu Jóhannsdóttur frá 1. ágúst 1985.

Við Flensborgarskólann í Hafnarfirði, Þorgerði Gísladóttur frá 1. október 1985.

Við Fjölbrautaskólann á Akranesi, Guðlaugi Ketilssyni frá 1. ágúst 1985 og Sigrúnu Harðardóttur frá 1. ágúst 1985.

Við Framhaldsskólann í Vestmannaeyjum, Birni Bergssyni frá 1. september 1985.

Við Iðnskólann í Reykjavík, Brynleifi Jónssyni frá 1. september 1985 og Ólafi I. Jónssyni frá 1. september 1985.

Við Stýrimannaskólann í Reykjavík, Helga J. Halldórssyni frá 1. september 1985.

Við Hjúkrunarskóla Íslands, Kristínu Pálsdóttur frá 1. september 1985.

Við Myndlista- og handiðaskóla Íslands, Guðrúnu Jónasdóttur frá 1. september 1985.

S.d. voru eftitaldir skipaðir skólastjórar og skólameistarar við framhaldsskóla:

Við Fósturskóla Íslands, Gyða Jóhannsdóttir, skólastjóri frá 1. ágúst 1985.

Við Fjölbrautaskólann í Garðabæ, Þorsteinn Þorsteinsson, skólameistari frá 1. ágúst 1985.

Við Verkmenntaskólann á Akureyri, Bernharð Haraldsson, skólameistari frá 1. júní 1985.

S.d. var Auður Sigurðardóttir skipuð bókavörður við Iðnskólann í Reykjavík frá 1. september 1985.

S.d. voru eftitaldir skipaðir kennarar við framhaldsskóla:

Við Menntaskólann við Hamrahlíð, Elísabet Valtýsdóttir frá 1. ágúst 1985 og Ingibjörg Sigurðardóttir frá 1. ágúst 1985.

Við Menntaskólann við Sund, Guðmundur V. Karlsson frá 1. ágúst 1985.

Við Menntaskólann í Kópavogi, Guðrún Bjartmarsdóttir frá 1. ágúst 1985 og Helga Sigurjónsdóttir frá 1. ágúst 1985.

Við Menntaskólann að Laugarvatni, Steinar Matthíasson frá 1. ágúst 1985.

Við Fjölbrautaskólann í Breiðholti, Auður Guðjónsdóttir frá 1. ágúst 1985, Gísli Ellert Sigurhansson frá 1. ágúst 1985, Guðný Sigurgísladóttir frá 1. ágúst 1985, Ingi Bogi Bogason frá 1. ágúst 1985, Kristín Jónsdóttir frá 1. ágúst 1985 og Stefán Andrésón frá 1. ágúst 1985.

Við Fjölbrautaskólann í Garðabæ, Gísli Ragnarsson frá 1. september 1985.

Við Flensborgarskólann í Hafnarfirði, Helgi Guðmundsson frá 1. ágúst 1985.

Við Fjölbrautaskóla Suðurnesja, Ósa Knútsdóttir frá 1. ágúst 1985.

Við Fjölbrautaskólann á Akranesi, Gunnar Gunnarsson frá 1. ágúst 1985.

Við Verkmenntaskólann á Akureyri, Ásdís Karlsdóttir frá 1. september 1985, Benedikt Bragason frá 1. ágúst 1985, Borghildur Blöndal frá 1. september 1985, Erna Hildur Gunnarsdóttir frá 1. ágúst 1985, Friðrik S. Þorvaldsson frá 1. ágúst 1985, Margrét Pétursdóttir frá 1. ágúst 1985 og Óttar Ólafsson frá 1. ágúst 1985.

Við Fjölbrautaskólann á Selfossi, Arnlaugur Bergsson frá 1. ágúst 1985 og Sigurður Sigursveinsson frá 1. ágúst 1985. Við Framhaldsskólann í Vestmannaeyjum, Kristín Sigurðardóttir frá 1. ágúst 1985.

16. janúar var Ásgeir Magnússon, lögfræðingur, skipaður aðalfulltrúi bæjarfógetans í Kópavogi frá 15. janúar 1985 að telja.

17. janúar var cand. med. et chir. Atla Eyjólfssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var cand. med. et chir. Bjarna Valtýssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

18. janúar lét Robert P. Senanayake af störfum sem aðalkjörræðismaður Íslands í Colombo.

S.d. var Ranjit S. Wijewardene skipaður aðalkjörræðismaður Íslands í Colombo.

23. janúar var Eggerti Bjarna Ólafssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflytninga fyrir héraðsdómi.

24. janúar var Þorgerður Benediktsdóttir, lögfræðingur, skipuð til þess að vera deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu frá 1. febrúar 1985 að telja.

28. janúar voru Erlendur Konráðsson, læknir og Inga Björnsdóttir, læknir, skipuð til þess að vera heilsugæslulæknar á Akureyri frá og með 1. janúar 1985 að telja.

29. janúar var cand. med. et chir. Veigari Ísak Ólafssyni veitt leyfi til þess að starfa sem læknir hér á landi.

31. janúar var Halldóri Jónssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í heimilislækningum.

S.d. var cand. med. et chir. Vilhelminu Haraldsdóttur veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

4. febrúar var Guðmundi Ágústssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflytninga fyrir héraðsdómi.

S.d. var Ólafi F. Magnússyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í heimilislækningum hér á landi.

5. febrúar var Þórði Erni Sigurðssyni veitt lausn frá stöðu lektors í rómönskum málum í heimspekideild Háskóla Íslands frá 1. febrúar 1985 að telja, að hans eigin ósk.

7. febrúar var Arnbirni Hjörleifi Arnbjörnssyni, lækni, veitt leyfi til þess að kalla sig sérfræðing í bæklunarlækningum.

S.d. var Birni Sigurðssyni, lækni, veitt leyfi til þess að kalla sig sérfræðing í geislagreiningu.

S.d. var Haraldi Dungal, lækni, veitt leyfi til þess að kalla sig sérfræðing í heimilislækningum.

S.d. var cand. med. et chir. Ómari Ragnarssyni veitt leyfi til þess að starfa sem læknir hér á landi.

11. febrúar var Morten Barbitz veitt tímabundið leyfi til þess að starfa sem tryggingasérfræðingur fyrir BÍ Líftryggingu g.t. Brunabótafélags Íslands, til tveggja ára frá og með 1. janúar 1985 að telja.

13. febrúar var Jóni Snædal, lækni, veitt sérfræðileyfi í almennum lyflækningum.

14. febrúar var Guðmundi B. Jóhannssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í geislagreiningu hér á landi.

S.d. var Gunnar Rafn Sigurbjörnsson, fulltrúi, skipaður til þess að vera deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu frá 1. mars 1985 að telja.

S.d. var Húnbogi Þorsteinsson, deildarstjóri, skipaður til þess að vera skrifstofustjóri í félagsmálaráðuneytinu frá 1. mars 1985 að telja.

S.d. var cand. med. et chir. Jóni Benediktssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var cand. med. et chir. Þórði Herberti Eiríkssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

19. febrúar var Sigurður Helgason, Ph.D., skipaður sérfræðingur í fisksjúkdómum við Tilraunastöð háskólans í meinafræði að Keldum frá 1. apríl 1985 að telja.

22. febrúar var cand. med. et chir. Ólöfu Kristínu Ólafsdóttur veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

5. mars var cand. med. et chir. Júlíusi Valssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var cand. med. et chir. Ólafi Guðjónssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

7. mars var Árna Kolbeinssyni, héraðsdómslögmanni, veitt leyfi til málflytnings við Hæstarétt.

S.d. var Kjartani Júlíussyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflytnings fyrir héraðsdómi.

12. mars var cand. med. et chir. Karli Ágústi Úlfarssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var cand. med. et chir. Kristni Sigvaldasyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

21. mars var cand. med. et chir. Guðmundi Jóni Elíassyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar.

25. mars var Halldór Halldórsson, læknir, skipaður til þess að vera yfirlæknir Kristnesspítala, Eyjafirði, frá og með 1. júní 1985 að telja.

27. mars var Halldóru Ólafsdóttur, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í geðlækningum hér á landi.

S.d. var Margréti Snorradóttur, lækni, veitt sérfræðileyfi í frumumeinafræði sem hliðargrein við líffærameinafræði hér á landi.

S.d. var Þorsteini Jóhannessyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í almennum skurðlækningum hér á landi.

28. mars var Baldur Jónsson, mag. art., skipaður forstöðumaður Íslenskrar málstöðvar og jafnframt prófessor í íslenskri málfræði í heimspekideild Háskóla Íslands frá 1. apríl 1985 að telja.

29. mars var Ásgeir Pétur Ásgeirsson, aðalfulltrúi, skipaður til að vera héraðsdómari við embætti bæjarfógetans á Akureyri og Dalvík og sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu frá 1. apríl 1985 að telja.

S.d. var cand. med. et chir. Guðrúnu Gunnarsdóttur veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var Gunnar Sigurðsson, læknir, skipaður í hlutastöðu dósents í lyflæknisfræði, með innkirtlasjúkdóma sem undirgrein, í læknaeild Háskóla Íslands um fimm ára skeið frá 1. júlí 1985 að telja.

S.d. var cand. med. et chir. Kristleifi Kristjánssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var Páll Þórhallsson, læknir, skipaður í hlutastöðu dósents í líffærameinafræði í læknaeild Háskóla Íslands um fimm ára skeið frá 1. júlí 1985 að telja.

S.d. var Stefán Jónsson, læknir, skipaður í hlutastöðu dósents í lífeðlisfræði í læknaeild Háskóla Íslands um fimm ára skeið frá 1. júlí 1985 að telja.

2. apríl var Ingólfi Guðmundssyni veitt lausn frá lektorsstöðu í kristnum fræðum og trúarbragðasögu við Kennaraháskóla Íslands frá 1. ágúst 1985 að telja, að hans eigin ósk.

S.d. var Jónas Hallgrímsson skipaður deildarstjóri í ríkisendurskoðuninni frá 1. maí 1985 að telja.

S.d. var Sigurjónu Símonardóttur, lögfræðingi, veitt leyfi til málflytnings fyrir héraðsdómi.

3. apríl var cand. med. et chir. Melvin Gordon McInnis veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var cand. med. et chir. Þórði Þórkelssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

10. apríl var cand. med. et chir. Birni Geir Leifssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var cand. med. et chir. Lárusi Jóni Karlssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var cand. med. et chir. Yngva Ólafssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

11. apríl var Árni Kolbeinsson skipaður ráðuneytisstjóri sjávarútvegsráðuneytisins frá 1. maí 1985 að telja.

S.d. var Svavar Sigmundsson skipaður dósent í íslensku fyrir erlenda stúdentu í heimspekideild Háskóla Íslands frá 1. janúar 1985 að telja.

12. apríl var Veigari Ísak Ólafssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í svæfingum og deyfingum hér á landi.

15. apríl var Björgvini Jósteinssyni veitt lausn frá kennarastöðu við Æfinga- og tilraunaskóla Kennaraháskóla Íslands frá 1. september 1985 að telja, að hans eigin ósk.

S.d. var Páll Þorgeirsson, læknir, skipaður til þess að vera heilsugæslulæknir í Keflavík frá og með 1. ágúst 1985 að telja.

16. apríl var Þórður Gísli Ólafsson, læknir, skipaður til þess að vera heilsugæslulæknir á Egilsstöðum frá 1. september 1985 að telja.

17. apríl var Magnúsi Skúlasynti, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í geðlækningum hér á landi.

22. apríl var cand. med. et chir. Ólafi Þóri Sigurjónssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

23. apríl var Halldóri J. Kristjánssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflytninga fyrir héraðsdómi.

S.d. var gefið út veitingarbréf handa séra Hönnu Maríu Pétursdóttur fyrir Hálspresta-kalli í Þingeyjarprófastsdæmi.

S.d. var gefið út veitingarbréf handa séra Sigurði Árna Þórðarsyni fyrir Staðarfells-prestakalli í Þingeyjarprófastsdæmi.

30. apríl var Arinbirni Kolbeinssyni, lækni, veitt lausn frá dósentstöðu í sýklafræði við læknaeild Háskóla Íslands fyrir aldurs sakir frá 1. júlí 1985 að telja, að hans eigin ósk.

2. maí var Jóhannesi Finni Skaftasyni, lektor, veitt lyfsöluleyfi Ölfus Apóteks í Hveragerði frá og með 1. ágúst 1985 að telja.

6. maí var cand. odont. Margréti Maríu Þórðardóttur veitt leyfi til þess að starfa sem tannlæknir hér á landi.

8. maí var cand. med. et chir. Sigurveigu Þóru Sigurðardóttur veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var cand. med. et chir. Lárusi Ragnarssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

10. maí var Eyjólf Þorbirni Haraldssyni, lækni, veitt leyfi til þess að kalla sig sérfræðingur í almennum lyflækningum hér á landi.

S.d. var Guðmundi Jóni Guðjónssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í bæklunarskurðlækningum hér á landi.

S.d. var cand. pharm. Helgu Skúladóttur veitt leyfi til þess að starfa sem lyfjafræðingur hér á landi.

S.d. 1985 var Margréti Árnadóttur, lækni, veitt leyfi til þess að kalla sig sérfræðingur í nýrnalækningum hér á landi.

S.d. var cand. med. et chir. Ragnhildi Steinbach veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

14. maí var cand. odont. Ingimundi Kr. Guðjónssyni veitt leyfi til þess að stunda tannlækningar hér á landi.

S.d. var Kjartani Þorkelssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflytninga fyrir héraðsdómi.

S.d. var Sigurgeir Már Jónsson, læknir, skipaður til þess að vera heilsugæslulæknir í Vík í Mýrdal frá og með 1. september 1985 að telja.

17. maí var cand. med. et chir. Gerði Jónsdóttur veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var sr. Sigfinni Þorleifssyni, sóknarpresti í Stóra- Núpsprestakalli, veitt lausn frá embætti að eigin ósk, frá 1. júlí 1985 að telja.

S.d. var cand. med. et chir. Sigríði Huguínu Ríkharðsdóttur veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var Þorvaldur Veigar Guðmundsson, læknir, skipaður til þess að vera yfirlæknir rannsóknastofu ríkisspítalanna í meinefnafræði frá og með 1. júní 1985 að telja.

20. maí var Jóhnesi F. Skaftasyni veitt lausn frá starfi lektors í lyfjafræði við læknadeild Háskóla Íslands frá 1. september 1985 að telja, að hans eigin ósk.

S.d. var cand. med. et chir. Steini Auðuni Jónssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

22. maí var gefin út löggilding handa Ásgeiri Gunnari Ásgeirssyni til þess að vera dóm-túlkur og skjalapýðandi í og úr ensku.

S.d. var gefin út löggilding handa Leu Marjöttu Päivätie Ísberg til þess að vera dómtúlkur og skjalapýðandi úr íslensku á finnsku.

S.d. var gefin út löggilding handa Lísu Karen Yoder til þess að vera dómtúlkur og skjalapýðandi í og úr ensku.

S.d. var gefin út löggilding handa John Noël Llywelyn Burgess til þess að vera dómtúlkur og skjalapýðandi í og úr ensku.

S.d. var gefin út löggilding handa Jóni Ásgeiri Sigurðssyni til þess að vera dómtúlkur og skjalapýðandi í og úr ensku.

23. maí var Jóni Bergssyni veitt lausn frá lektorsstöðu við byggingadeild Tækniskóla Íslands frá 1. september 1985 að telja, að hans eigin ósk.

S.d. var gefið út leyfisbréf handa cand. act. Þóri Bergssyni, til þess að mega starfa sem tryggingastærðfræðingur fyrir líftryggingarstarfsemi.

24. maí var cand. pharm. Birgi Thorlacius veitt leyfi til þess að starfa sem lyfjafræðingur hér á landi.

S.d. var Sigurður Eiríksson, lögfræðingur, skipaður aðalfulltrúi við embætti sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu og bæjarfógetans á Akureyri og Dalvík frá 1. maí 1985 að telja.

28. maí var Guðrún Ólafsdóttir skipuð dósent í landafræði í verkfræði- og raunvísinda-deild Háskóla Íslands frá 1. janúar 1985 að telja.

29. maí var Bjarni Stefánsson, lögfræðingur, skipaður aðalfulltrúi við embætti sýslumannsins í Suður-Múlasýslu og bæjarfógetans á Eskifirði frá 1. mars 1985 að telja.

S.d. var Hilmar Baldursson, lögfræðingur, skipaður aðalfulltrúi við embætti sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu og bæjarfógetans á Sauðárkróki frá 1. mars 1985 að telja.

S.d. var Jón Magnússon, lögfræðingur, skipaður aðalfulltrúi við embætti sýslumannsins í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu og bæjarfógetans í Ólafsvík frá 1. mars 1985 að telja.

30. maí var setning Guðjóns Magnússonar, aðstoðarlandlæknis, til þess að gegna embætti landlæknis og Guðmundar Sigurðssonar, læknis, til þess að gegna embætti aðstoðarlandlæknis, framlengd frá og með 1. júní til og með 30. september 1985.

31. maí var Hanna Kristín Stefánsdóttir skipuð kennari við Æfinga- og tilraunaskóla Kennaraháskóla Íslands frá 1. september 1985 að telja. Jafnframt hefur henni verið veitt lausn frá kennarastöðu við grunnskóla Reykjavíkur, frá sama tíma.

S.d. var dr. Jón Torfi Jónasson skipaður dósent í uppeldisfræði í félagsvísindadeild Háskóla Íslands frá 1. maí 1985 að telja.

S.d. var Málfríður Þórarinsdóttir skipuð kennari við Tækniskóla Íslands frá 1. ágúst 1985 að telja.

3. júní var Júlíus B. Georgsson, lögfræðingur, skipaður aðalfulltrúi við embætti bæjarfógetans í Vestmannaeyjum frá 1. mars 1985 að telja.

4. júní var Allan Vagn Magnússon, aðalfulltrúi, skipaður í embætti héraðsdómara við embætti sýslumannsins í Árnessýslu og bæjarfógetans á Selfossi frá 3. júní 1985 að telja.

S.d. var Markús Sigurbjörnsson, fulltrúi yfirborgarfógeta, skipaður í embætti borgarfógeta við borgarfógetaembættið í Reykjavík frá 3. júní 1985 að telja.

S.d. var Ólafur K. Ólafsson, lögræðingur, skipaður aðalfulltrúi við embætti sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógetans á Ísafirði frá 1. mars 1985 að telja.

5. júní var Jóni G. Snædal, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í öldrunarlækningum sem hliðargrein við lyflækningar en sérfræðileyfi í almennum lyflækningum hlaut hann 13. febrúar 1985.

S.d. var cand. med. et chir. Ottó Guðjónssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var cand. med. et chir. Sigurði Helgasyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var Steini Jónssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í lungnalækningum sem hliðargrein við almennar lyflækningar, en sérfræðileyfi í almennum lyflækningum hlaut hann 15. ágúst 1984.

7. júní var Helgi Ingólfur Jónsson, lögræðingur, skipaður fulltrúi við embætti yfirsakadómarans í Reykjavík frá 3. júní 1985 að telja.

10. júní var cand. med. et chir. Garðari Guðmundssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var cand. med. et chir. Jóni Steinari Jónssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var cand. med. et chir. Unni B. Pétursdóttur veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

11. júní var Magnúsi Böðvarssyni veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í nýrnalækningum sem hliðargrein við almennar lyflækningar.

12. júní var cand. med. et chir. Eyjólfí Guðmundssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var Friðriku Gestsdóttur veitt lausn frá kennarastöðu við Menntaskólann í Reykjavík frá 1. september 1985 að telja.

13. júní var Bjarna Ólafssyni veitt lausn frá lektorsstöðu við Kennaraháskóla Íslands fyrir aldurs sakir frá 1. september 1985 að telja.

S.d. var Ingvari J. Rögnvaldssyni, lögræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Sigurði Halldórssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í heimilislækningum hér á landi.

S.d. var Stefáni Skjaldarsyni, lögræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Sveini Magnússyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í heimilislækningum hér á landi.

14. júní var dr. Gylfi Árnason skipaður dósent í vélaverkfræði í verkfræði- og raunvísindadeild Háskóla Íslands frá 1. júlí 1985 að telja.

20. júní var Kristín H. Pétursdóttir, leyst frá því að gegna starfi bókafulltrúa í háskóla- og menningarmálaskrifstofu menntamálaráðuneytisins, samkvæmt eigin ósk frá 1. september 1985 að telja.

21. júní var skipað í eftirtaldar stöður dósent í læknadeild Háskóla Íslands um fimm ára skeið frá 1. júlí 1985 að telja: Gunnar H. Gunnlaugsson, yfirlæknir, dósent í handlæknisfræði, Jón Þorsteinsson, yfirlæknir, dósent í gigtarsjúkdómum og skyldum sjúkdómum og Matthías Kjeld, læknir, dósent í meinafræði með kennsluskyldu í lífefnafræði.

24. júní voru Auður Gestsdóttir og Sólveig Ögmundsdóttir skipaðar bókaverðir í Háskólabókasafni frá 1. júní 1985 að telja.

S.d. var dr. Kristján Árnason skipaður lektor í íslenskri málfræði í heimspekideild Háskóla Íslands frá 1. júlí 1985 að telja.

25. júní var Ross L. Gibson skipaður aðalkjörræðismaður Íslands í Canberra, Ástralíu.

27. júní var Stefáni G. Sigurkarlssyni, lyfsala, veitt leyfi til reksturs lyfjabúðar Breiðholts í Reykjavík frá og með 1. janúar 1986 að telja.

1. júlí var cand. med. et chir. Erni Thorstensen veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var cand. med. et chir. Hjördísi Harðardóttur veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var dr. Kristín Halla Jónsdóttir skipuð dósent í stærðfræði við Kennaraháskóla Íslands frá 15. mars 1985 að telja.

S.d. var cand. med. et chir. Ýr Logadóttur veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

2. júlí var cand. odont. Guðjóni Sveini Valgeirssyni veitt leyfi til þess að stunda tannlækningar hér á landi.

S.d. var Guðrún Marteinsdóttir skipuð dósent í hjúkrunarfræði við námsbraut í hjúkrunarfræði í Háskóla Íslands frá 1. júlí 1985 að telja.

9. júlí voru eftirtaldir skipaðar æfingakennarar við Æfinga- og tilraunaskóla Kennaraháskóla Íslands: Anna M. Björnsdóttir, Svandís Ólafsdóttir og Rannveig Jóhannsdóttir frá 1. september 1985 að telja og Árný Elíasdóttir og Jónína Vala Kristinsdóttir frá 1. ágúst 1985 að telja.

11. júlí voru neðangreindir leystir frá störfum við Kennaraháskóla Íslands frá 1. september 1985 að telja, að eigin ósk.: Gestur Þorgrímsson frá starfi lektors í myndlistum og Karl Guðmundsson frá starfi lektors í íþróttum.

S.d. var Karl Finsen Jóhannsson, lögfræðingur, skipaður aðalfulltrúi við embætti sýslumannsins í Árnessýslu og bæjarfógetans á Selfossi frá 1. júlí 1985 að telja.

12. júlí var Baldur Pétursson skipaður til þess að vera deildarstjóri í iðnaðarráðuneytinu frá og með 1. júlí 1985 að telja.

15. júlí var Ragnar Árnason skipaður lektor með kennsluskyldu á sviði stærðfræði, hagrannsóknna og skyldra greina í viðskiptadeild Háskóla Íslands frá 1. júlí 1985 að telja.

S.d. var gefið út veitingarbréf handa síra Sighvati Birgi Emilssyni fyrir Ásaprestakalli í Skaftafellsprófastsdæmi.

S.d. var Þorsteini J. Halldórssyni veitt lausn frá prófessorsembætti í tilraunaeðlisfræði við eðlisfræðiskor verkfræði- og raunvísindadeildar Háskóla Íslands frá 1. júlí 1985 að telja.

17. júlí var Elvari Erni Unnsteinssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

18. júlí var cand. med. et chir. Guðrúnu Rósu Sigurðardóttur veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

19. júlí var cand. med. et chir. Baldvini Þ. Kristjánssyni, veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var cand. med. et chir. Hirti G. Gíslasyni, veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var cand. med. et chir. Sverri Harðarsyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

22. júlí var Droplaugu Sveinbjörnsdóttur veitt leyfi til þess að stunda tannlækningar hér á landi.

S.d. var Eiríki Björnssyni veitt leyfi til þess að stunda tannlækningar hér á landi.

S.d. var Grétari Birni Sigurðssyni veitt leyfi til þess að starfa sem tannlæknir hér á landi.

S.d. var sr. Jóni Árna Sigurðssyni veitt lausn frá embætti sóknarprests í Grindavíkurprestakalli frá 1. október 1985 að telja, að eigin ósk.

25. júlí var Björgvini Bjarnasyni, bæjarfógeta á Akranesi, veitt lausn frá embætti frá 1. nóvember 1985 að telja.

S.d. var Guðbjörg Anna Þorvarðardóttir skipuð til að vera héraðsdýralæknir í Strandaumdæmi frá 1. ágúst 1985 að telja.

S.d. voru Ingibjörg Kristín Benediktsdóttir og Pétur Guðgeirsson, skipuð til að vera sakadómarar við sakadómaraembættið í Reykjavík frá 1. ágúst 1985 að telja.

S.d. var Sigurjóni Sigurðssyni, lögreglustjóra í Reykjavík, veitt lausn frá embætti frá 1. desember 1985.

1. ágúst var cand. med. et chir. Kjartani Jónasi Kjartanssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var cand. med. et chir. Magnúsi Geirssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var cand. med. et chir. Þorsteini Þorsteinssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

12. ágúst var cand. med. et chir. Herði Björnssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var cand. med. et chir. Hildi Gísladóttur veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var cand. med. et chir. Marteini Magnússyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

15. ágúst var Arinbirni Kolbeinssyni veitt lausn vegna aldurs sem yfirlæknir við sýklarannsóknadeild Landspítals frá og með 1. janúar 1986 að telja.

16. ágúst var Óttari Guðmundssyni, dr. med., veitt lausn frá störfum heilsugæslulæknis í Keflavík frá og með 15. september 1985 að telja, að eigin ósk.

19. ágúst var Halldór Halldórsson, M.Sc., skipaður lektor í tölvufræðslu og tölvunarfræði við Kennaraháskóla Íslands frá 1. september 1985 að telja.

27. ágúst var Aðalsteini Sigurðssyni veitt lausn frá kennarastöðu við Menntaskólann á Akureyri frá 1. september 1985 að telja.

S.d. var Árni Mathiesen skipaður til að vera dýralæknir fisksjúkdóma frá 1. september 1985 að telja.

S.d. var Drífa Pálsdóttir, settur deildarstjóri, skipuð til að vera deildarstjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu frá 1. september 1985 að telja.

28. ágúst var séra Þorsteini Ragnarssyni, presti í Miklabæjarprestakalli, Skagafjarðarprófastsdæmi, veitt lausn frá embætti frá 1. nóvember 1985 að telja.

29. ágúst var Inga Guðjónssyni veitt leyfi til þess að starfa sem lyfjafræðingur hér á landi.

30. ágúst var Andrés Magnússon, læknir, skipaður til þess að vera heilsugæslulæknir á Siglufirði frá og með 1. september 1985. Jafnframt var hann leystur frá störfum heilsugæslulæknis á Patreksfirði frá og með sama tíma.

S.d. var gefið út veitingabréf handa síra Flóka Kristinssyni fyrir Stóra-Núpsprestakalli í Árnesprófastsdæmi.

S.d. var Friðrik Vagn Guðjónsson, læknir, skipaður til þess að vera heilsugæslulæknir á Akureyri frá og með 1. október 1985 að telja.

S.d. var Jón Þ. Hallgrímsson, læknir, skipaður yfirlæknir við kvennadeild Landspítalans frá og með 1. september 1985 að telja.

S.d. var Kristinn Elis Eyjólfsson, læknir, skipaður til þess að vera heilsugæslulæknir á Akureyri frá og með 1. september 1985 að telja.

S.d. var Ingvar Þóroddsson, læknir, skipaður til þess að vera heilsugæslulæknir á Akureyri frá og með 1. janúar 1986 að telja.

S.d. var Páll G. Ásmundsson, læknir, skipaður í stöðu yfirlæknis í lyflæknisfræði með tilliti til nýrnalækninga við lyflækningadeild Landspítalans frá 1. september 1985.

S.d. var cand. med. et chir. Stefáni Steinssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var cand. med. et chir. Trausta Valdimarssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var cand. med. et chir. Þóru Steingrímsdóttur veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

2. september var Halldóri Halldórssyni veitt lausn frá lektorsstöðu í tölvufræðslu og tölvunarfræði við Kennaraháskóla Íslands frá 1. september 1985 að telja, að hans eigin ósk.

S.d. var Jörgen Pind, Ph.D., skipaður sérfræðingur við Orðabók háskólans frá 1. september 1985 að telja.

S.d. var cand. pharm. Torfa Kristjánssyni veitt leyfi til þess að starfa sem lyfjafræðingur hér á landi.

3. september var cand. med. et chir. Friðriki Sigurbergssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var cand. med. et chir. Guðmundi Arasyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var cand. med. et chir. Guðrúnu Ernu Baldvinsdóttur veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var Sighvati B. Cassata veitt leyfi til þess að mega kalla sig og starfa sem sjóntækjafræðingur hér á landi.

S.d. var Vilhelm H. Lúðvíkssyni, lyfsala, veitt leyfi til reksturs Laugarnessapóteks í Reykjavík frá og með 1. janúar 1986 að telja.

4. september var Halldór Jónsson, læknir, skipaður til þess að vera heilsugæslulæknir á Ísafirði frá og með 1. október 1985 að telja.

S.d. var cand. med. et chir. Karli Kristjánssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

10. september var Skúli Bjarnason, læknir, skipaður til þess að vera heilsugæslulæknir í Borgarnesi frá og með 1. október 1985 að telja. Jafnframt var honum veitt lausn frá störfum heilsugæslulæknis á Ísafirði frá og með sama degi.

11. september var cand. med. et chir. Boga Jónssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var Jóni Björnssyni, lyfsala, veitt leyfi til reksturs lyfjabúðar Akranessumdæmis, Akranes Apótek, Akranesi, frá og með 1. janúar 1986.

12. september var Páli Guðmundssyni veitt leyfi til þess að starfa sem lyfjafræðingur hér á landi.

13. september var cand. med. et chir. Hjálta Kristjánssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var Hrafn Pálsson, settur deildarstjóri, skipaður til þess að vera deildarstjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu frá og með 1. október 1985 að telja.

16. september var cand. med. et chir. Auðuni Svavari Sigurðssyni, veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var Ásmundi Jónassyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var Eyglóu Halldórsdóttur, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðs-dómi.

S.d. var Guðjóni St. Marteinssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Halldóri Jónssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í heimilislækningum hér á landi.

S.d. var Ólafi Einarssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í lýtalækningum sem hliðargrein við almennar skurðlækningar, en sérfræðileyfi í almennum skurðlækningum hlaut hann 17. nóvember 1983.

S.d. var Ragnhildi Hjaltadóttur, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var cand. med. et chir. Þórhildi Sigtryggisdóttur veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

17. september var Einari Sigurjónssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Sigríði Jósefsdóttur, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Sigrúnu Sveinsdóttur veitt leyfi til þess að starfa sem lyfjafræðingur hér á landi.

S.d. var Viðari Ásmundssyni Olsen, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

19. september var cand. med. et chir. Birni Loga Björnssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var Hróbjarti Jónatanssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var cand. med. et chir. Þuríði Höllu Árnadóttur veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var cand. med. et chir. Jóhönnu Lárusdóttur veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

20. september var Jakobi Úlfarssyni, lækni, veitt leyfi til þess að kalla sig sérfræðingur í gigtlækningum sem hliðargrein við lyflækningar en sérfræðileyfi í lyflækningum hlaut hann 7. desember 1982.

S.d. var Júlíus B. Georgsson, lögfræðingur, skipaður fulltrúi við embætti yfirsakadómarans í Reykjavík frá 1. nóvember 1985 að telja.

S.d. var cand. med. et chir. Sigfúsi Arnari Ólafssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

23. september var cand. odont. Árna Jónssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar tannlækningar hér á landi.

24. september var Böðvar Bragason, sýslumaður Rangárvallasýslu, skipaður til þess að vera lögreglustjóri í Reykjavík frá 1. desember 1985 að telja.

S.d. var Hallgrími B. Geirssyni, héraðsdómslögmanni, veitt leyfi til málflutnings við Hæstarétt.

S.d. var Sigurður Gizurarson, bæjarfógeti á Húsavík og sýslumaður Þingeyjarsýslu, skipaður til þess að vera bæjarfógeti á Akranesi frá 1. nóvember 1985 að telja.

26. september var Sigurði Erni Hektorssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í heimilislækningum hér á landi.

30. september var Sigurður Halldórsson, læknir, skipaður til þess að vera heilsugæslulæknir á Kópaskeri frá og með 16. nóvember 1985 að telja.

S.d. var Örlygi Hnefli Jónssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

4. október var cand. med. et chir. Axel Finni Sigurðssyni, veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var cand. med. et chir. Guðmundi Björgvinssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var Helga Guðbergssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í atvinnulækningum hér á landi.

S.d. var cand. med. et chir. Sigurði Malmquist Albertssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

9. október var Einari Kristleifssyni veitt leyfi til þess að stunda tannlækningar hér á landi.

S.d. var Hannes Finnbogason, læknir, skipaður yfirlæknir við handlækningadeild Landspítalans frá og með 10. október 1985 að telja.

10. október var Birni Sveinbjörnssyni, hæstaréttardómara, veitt lausn frá embætti frá 1. janúar 1986 að telja.

S.d. var Jón Thors skipaður til þess að vera skrifstofustjóri kirkju- og einkamála í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu og Hjalti Zóphóníasson til þess að vera skrifstofustjóri dóms- og löggæslumála, báðir frá 1. október 1985 að telja.

S.d. var Kjartani Aðalsteinssyni, lyfsala, veitt leyfi til reksturs lyfjabúðar Blönduóss-umdæmis, Apótek Blönduóss, Blönduósi, frá og með 1. janúar 1986.

14. október var gefið út veitingarbréf handa séra Erni Bárði Jónssyni, fyrir Grindavík-urprestakalli í Kjalarnesprófastsdæmi.

S.d. var Gizuri Gottskálkssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í hjartalækningum sem hliðargrein við almennar lyflækningar, en sérfræðileyfi í almennum lyflækningum hlaut hann 15. júní 1983.

S.d. var gefið út veitingarbréf handa séra Sigurði Ægissyni fyrir Djúpavogsprestakalli í Austfjarðaprófastsdæmi.

16. október var Atla Árnasyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í heimilislækningum hér á landi.

S.d. var Péttri Haukssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í geðlækningum hér á landi.

17. október var Birgi Jakobssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í barnalækningum hér á landi.

S.d. var Guðmundi Ingva Sverrissyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í heimilislækningum hér á landi.

21. október var Ph. D. Þorkell Helgason skipaður prófessor í stærðfræði með aðgerðagreiningu sem sérvið í verkfræði- og raunvísindadeild Háskóla Íslands frá 1. júlí 1985 að telja.

23. október var Oddi Ólasyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

25. október var Sigurði E. Sigurðssyni veitt leyfi til þess að mega kalla sig og starfa sem sjóntækjafraðingur hér á landi.

28. október var Eyþóri Björgvinssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í geislagreiningu hér á landi.

30. október var Vigfús Magnússon, læknir, leystur frá störfum heilsugæslulæknis á Seltjarnarnesi frá og með 1. febrúar 1986 að telja.

31. október var Önnu Mýrdal Helgadóttur, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í kvensjúkdómum og fæðingarhjálp hér á landi.

S.d. var cand. med. et chir. Jóni Baldurssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

5. nóvember var Hönnu Maríu Siggeirsdóttur, lyfjafraðingi, veitt leyfi til reksturs lyfjabúðar Stykkishólmsumdæmis, Stykkishólms Apótek, Stykkishólmi, frá og með 1. janúar 1986.

6. nóvember var Jóni Gunnari Zoëga, héraðsdómsslögmanni, veitt leyfi til málflutnings við Hæstarétt.

S.d. var Óla Sverri Sigurjónssyni, lyfjafræðingi, veitt leyfi til reksturs lyfjabúðar Ólafsvíkurmðemis í Ólafsvík frá og með 1. janúar 1986.

6. nóvember var Einar Sigurjónsson, lögfræðingur, skipaður aðalfulltrúi við embætti sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu frá 1. september 1985 að telja.

S.d. var Ólafi Gústafssyni, héraðsdómslögmanni, veitt leyfi til málflutnings við Hæstarétt.

7. nóvember var Guðnýju Lilliendahl veitt leyfi til þess að starfa sem lyfjafræðingur hér á landi.

S.d. var Jóhanni Guðmundssyni veitt leyfi til þess að starfa sem tannlæknir hér á landi.

11. nóvember var cand. med. vet. Guðjóni Kristinssyni veitt leyfi til að stunda dýralækningar hér á landi.

12. nóvember var cand. med. et chir. Óskari Einarssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var cand. med. et chir. Steinunni G.H. Jónsdóttur veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

13. nóvember var cand. med. et chir. Guðmundi Geirssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var Friðjón Guðröðarson skipaður sýslumaður í Rangárvallasýslu frá 1. desember 1985 að telja.

S.d. var Halldór Kristinsson skipaður sýslumaður í Þingeyjarsýslu og bæjarfógeti á Húsavík frá 1. desember 1985 að telja.

S.d. var cand. med. et chir. Kjartani B. Örvar veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

14. nóvember var Guðjóni Baldurssyni veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í krabbameinslækningum hér á landi.

18. nóvember var Tryggva Viggóssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

22. nóvember var Gísla Vigfússyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í svæfingum og deyfingum hér á landi.

S.d. var Haraldi Haukssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í almennum skurðlækningum hér á landi.

25. nóvember var Hróðmari Helgasyni veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í barnalækningum hér á landi.

S.d. var Þórði G. Ólafssyni veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í heimilislækningum hér á landi.

27. nóvember var Ólafi Þóri Sigurjónssyni veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í kvensjúkdómum og fæðingarhjálp hér á landi.

2. desember var eftirtöldum dýralæknum veitt leyfi til að stunda dýralækningar hér á landi: cand. med. vet. Elfu Ágústsdóttur, cand. med. vet. Kjartani Hreinssyni, cand. med. vet. Lars Hansen og cand. med. vet. Sigurborgu Daðadóttur.

4. desember var Eysteinn Þorvaldsson, cand. mag., skipaður lektor í íslensku við Kennaraháskóla Íslands frá 1. janúar 1986 að telja.

6. desember var Gísla Baldri Garðarssyni, héraðsdómslögmanni, veitt leyfi til málflutnings við Hæstarétt.

11. desember var Einari Stefánssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í augnlækningum hér á landi.

S.d. var cand. med. et chir. Erni Erlendi Ingasyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var Haukur Valdimarsson, læknir, skipaður heilsugæslulæknir á Kirkjubæjar- klaustri frá og með 1. ágúst 1986 að telja.

S.d. var Hirti Sigurðssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í svæfingum og deyfingum hér á landi.

S.d. var cand. med. et chir. Margréti Birnu Andrésdóttur veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var Sæmundi Guðmundssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í kvensjúkdómum og fæðingarhjálp hér á landi.

S.d. var cand. med. et chir. Þóri Vilhjálmí Þórisyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var cand. med. et chir. Önnu Sverrisdóttur veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

12. desember var Árna S. Gunnarssyni, lækni, veitt lausn frá störfum heilsugæslulæknis á Blönduósi frá og með 10. mars 1986 að telja, að eigin ósk.

13. desember var Lárusi Ögmundssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflyttings fyrir héraðsdómi.

16. desember var Margrét Traustadóttir skipuð til þess að vera deildarstjóri í iðnaðarráðuneytinu frá og með 1. desember 1985 að telja.

S.d. var cand. med. et chir. Önnu Sesselju Þórisdóttur veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

17. desember var Bjarni Kristinn Bjarnason, borgardómari, skipaður til að vera dómari við Hæstarétt Íslands frá 1. janúar 1986 að telja.

18. desember var Einari Ólafssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í háls-, nef- og eyrnalækningum hér á landi.

S.d. var cand. med. et chir. Hildi Puriði Tómasdóttur veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

20. desember var Guðmundi Ólafssyni, lækni, veitt lausn frá störfum heilsugæslulæknis á Akureyri frá og með 1. október 1985 að telja.

23. desember var sr. Valdimari Hreiðarssyni, Reykhólum, veitt lausn frá embætti sóknarprests í Reykhólaprestakalli í Barðastrandarprófastsdæmi frá 1. febrúar 1986 að telja.

27. desember var Adólf Adólfsson skipaður til að vera bæjarfógeti í Bolungarvík frá 16. janúar 1986 að telja.

S.d. var Birni Tryggvasyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í svæfingum og deyfingum hér á landi.

S.d. var Páll Björnsson skipaður til að vera sýslumaður í Austur-Skaftafellssýslu frá 9. janúar 1986 að telja.

30. desember var Ragnhildur Benediksdóttir, lögfræðingur, skipuð fulltrúi við borgardómaraembættið í Reykjavík frá 1. janúar 1986 að telja.

31. desember var sr. Bjartmari Kristjánssyni, Syðra-Laugalandi, veitt lausn frá embætti sóknarprests í Laugalandsprestakalli og prófasts í Eyjafjarðarprófastsdæmi vegna aldurs frá 1. janúar 1986 að telja.

S.d. var Grétar Hrafn Harðarson skipaður til að vera héraðsdýralæknir í Helluumdæmi frá 1. janúar 1986.

S.d. var Ólafi St. Sigurðssyni veitt lausn frá embætti héraðsdómara við bæjarfógetaembættið í Kópavogi frá 1. janúar 1986 að telja.

S.d. lét Sigurður Bjarnason, sendiherra, af störfum í utanríkisþjónustu Íslands fyrir aldurs sakir.

1986:

6. janúar voru eftirtaldir skipaðir formenn og varaformenn bankaráða ríkisviðskipta-banka:

Pétur Sigurðsson, alþingismaður, formaður bankaráðs Landsbanka Íslands og Kristinn Finnbogason, framkvæmdastjóri, varaformaður.

Valdimar Indriðason, alþingismaður, formaður bankaráðs Útvegsbanka Íslands og Jóhann Einvarðsson, aðstoðarmaður félagsmálaráðherra, varaformaður.

Stefán Valgeirsson, alþingismaður, formaður bankaráðs Búnaðarbanka Íslands og Friðjón Þórðarson, alþingismaður, varaformaður.

7. janúar var cand. med. et chir. Felix Valssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var cand. med. et chir. Guðmundi Björnssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var Ólafi F. Magnússyni, lækni, veitt lausn frá störfum heilsugæslulæknis á Blönduósi frá og með 1. apríl 1986 að telja, að eigin ósk.

8. janúar var hr. Venkataram Srinivasan skipaður ræðismaður Íslands í Madras á Indlandi.

9. janúar var cand. med. et chir. Ásgeiri Bragasyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var cand. med. et chir. Brjáni Árna Bjarnasyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var cand. med. et chir. Eiríki Jónssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var cand. med. et chir. Stefni Svan Guðnasyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

13. janúar var Erlu Svanhvíti Árnadóttur, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

15. janúar var Ólafur Steingrímsson skipaður yfirlæknir við sýklarannsóknadeild Landspítalans frá og með 1. janúar 1986 að telja.

16. janúar var Guðnýju Björnsdóttur, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

17. janúar var cand. med. et chir. Rannveigu Pálsdóttur veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

20. janúar var Pétri Guðmundssyni, héraðsdómslögmanni, veitt leyfi til málflutnings við Hæstarétt.

21. janúar var Friðriki E. Yngvasyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í almennum lyflækningum með lungnalækningar sem hliðargrein.

22. janúar var Hróðmari Helgasyni veitt sérfræðileyfi í hjartalækningum barna sem undirgrein við barnalækningar hér á landi. Sérfræðileyfi í barnalækningum fékk hann 28. nóvember 1985.

23. janúar var Guðmundi Sigurðssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í heimilislækningum hér á landi.

24. janúar var Benedikt Þórðarson, lögfræðingur, skipaður til þess að vera deildarstjóri í hlutafélagaskrá, viðskiptaráðuneytinu, frá 1. febrúar 1986 að telja.

27. janúar var Guðmundur Örn Einarsson sviptur lækningaleyfi.

30. janúar var Ólafi Garðarssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Sigurður M. Magnússon, eðlisfræðingur, skipaður til þess að vera forstöðu- maður Geislavarna ríkisins frá 1. janúar 1986 að telja.

31. janúar var cand. med. et chir. Hjördísi Harðardóttur veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

3. febrúar var Birni Líndal, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

6. febrúar var Kristján Sigurðsson, læknir, skipaður til þess að vera yfirlæknir í kvensjúkdómum og fæðingarhjálp með sérstöku tilliti til illkynja sjúkdóma við kvennadeild Landspítalans frá og með 1. febrúar 1986 að telja.

10. febrúar var Guðrúnu Jóhönnu Guðmundsdóttur, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í augnlækningum hér á landi.

S.d. var Lawrence John Cooke skipaður til að vera kjörræðismaður Íslands í Halifax, Nova Scotia.

11. febrúar var Þorgeir Örylgsson skipaður til að vera borgardómari við yfirborgardómaraembættið í Reykjavík frá 1. júní 1986 að telja.

S.d. var Þórarni V. Þórarinssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

13. febrúar var Ágúst Jónsson, fulltrúi, skipaður aðalfulltrúi yfirsakadómarans í Reykjavík frá 1. febrúar 1986 að telja.

14. febrúar var Pétur Thorsteinnsson, læknir, skipaður heilsugæslulæknir í Keflavík frá og með 1. mars 1986 að telja. Jafnframt hefur hann verið leystur frá störfum sem heilsugæslulæknir í Ólafsvík frá og með sama tíma.

18. febrúar var cand. med. et chir. Kristni Tómassyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

19. febrúar var Guðmundur Sigurðsson, læknir, skipaður til þess að vera læknir við Heilsugæslustöð, Seltjarnarnesi, frá og með 15. febrúar 1986 að telja.

20. febrúar var Atla Þór Ólasyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í bæklunarlækningum hér á landi.

S.d. var cand. med. et chir. Bjarka Þórarinssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var cand. odont. Sigursteini Gunnarssyni veitt leyfi til þess að stunda tannlækningar hér á landi.

21. febrúar var Eggerti Jónssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í bæklunarlækningum hér á landi.

S.d. var Hans Peter Mikael Appelros, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í öldrunarlækningum hér á landi.

S.d. var Jóhann Guðmundsson sviptur lækningaleyfi.

S.d. var Jóni Hrafnkelssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í krabbameinslækningum hér á landi.

S.d. var Jóni Karlssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í bæklunarskurðlækningum hér á landi.

S.d. var Vigdís Hansdóttur, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í svæfingum og deyfingum hér á landi.

S.d. var Önnu Björgu Halldórsdóttur, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í geislagreiningu hér á landi.

24. febrúar var Ingvari Þóroddssyni, lækni, veitt leyfi til þess að kalla sig sérfræðing í heimilislækningum hér á landi.

27. febrúar var Jóni Þór Sverrissyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í hjartalækningum sem undirgrein við almennar lyflækningar. Sérfræðileyfi í almennum lyflækningum fékk hann 21. september 1984.

28. febrúar var cand. med. et chir. Gunnari Thors veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var Sigurði Andrésí Þóroddssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

11. mars var Sigríður Ingvarsdóttir, settur héraðsdómari, skipað í embætti héraðsdómara við bæjarfógetaembættið í Kópavogi frá 1. mars 1986 að telja.

12. mars var cand. med. et chir. Guðmundi Stefáni Dalberg veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

13. mars var Hallgrími Magnússyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í geðlækningum hér á landi.

14. mars var cand. med. et chir. Unni Steinu Björnsdóttur veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

16. mars var Bergsteinn Gizurarson, verkfræðingur, skipaður brunamálastjóri frá 1. apríl 1986.

24. mars var Láru G. Hansdóttur, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Sigurjóni Páli Högnasyni, lögfræðingi, veitt leyfi málflutnings fyrir héraðsdómi.

25. mars var Geir Hlíðberg Guðmundsson, læknir, skipaður til þess að vera heilsugæslulæknir á Ísafirði frá og með 1. september 1986 að telja.

S.d. var hr. Per Oscar Garshol skipaður kjörræðismaður Íslands í Ålesund, Noregi.

26. mars var Alberto Quevedo-Toro veitt lausn frá störfum sem kjörræðismaður með aðalræðisstigi fyrir Ísland í Ecuador.

1. apríl var Oscar Larsen leystur frá störfum sem kjörræðismaður Íslands í Ålesund, Noregi.

7. apríl var Þórarinn Baldursson, læknir, skipaður til þess að vera heilsugæslulæknir á Siglufirði frá og með 1. október 1986 að telja.

9. apríl var Arthur Löve, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í veirufræði hér á landi.

10. apríl var Halldóri Jónssyni veitt lausn frá störfum heilsugæslulæknis á Ísafirði frá og með 1. apríl 1986, að hans eigin ósk.

S.d. var cand. med. et chir. Jóhannesi Guðmundssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

14. apríl var Friðriki Steini Kristjánssyni veitt leyfi til þess að starfa sem lyfjafræðingur hér á landi.

15. apríl var gefið út veitingarbréf handa síra Braga Benediktssyni fyrir Reykhóla-prestakalli í Barðastrandarprófastsdæmi.

16. apríl var Per Olof Winquist skipaður kjörræðismaður með vararæðisstigi í Varberg.

18. apríl var Halldór Arnórsson skipaður kennari við Tækniskóla Íslands frá 1. ágúst 1986 að telja.

21. apríl var Sigrúnu Karlsdóttur veitt leyfi til þess að starfa sem lyfjafræðingur hér á landi.

5. maí var Sleiman Turk veitt viðurkenning til þess að vera kjörræðismaður Íslands með aðalræðisstigi í Bogota, Kolombíu.

6. maí var Jóni Skúlasyni, póst- og símamálastjóra, veitt lausn frá embætti frá 1. september 1986 að telja.

S.d. var Sigríði Berglindi Ásgeirsdóttur, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

7. maí var Snædís Gunnlaugsdóttur, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

13. maí var cand. med. et chir. Andreu E. Andrésdóttur veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var Sigurði Georgssyni, héraðsdómslögmanni, veitt leyfi til málflutnings við Hæstarétt.

14. maí var Hjördísi Huldu Jónsdóttur, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í orkulækningum hér á landi.

S.d. var Jóni Vilbergi Högnasyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í lyflækningum hér á landi.

S.d. var Konráði S. Konráðssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í háls-, nef- og eyrnalækningum hér á landi.

15. maí var Ólafur Sigurðsson, viðskiptafræðingur, skipaður til þess að vera deildarstjóri í viðskiptaráðuneytinu frá sama degi að telja.

S.d. var Sigurgeiri Jónssyni, hæstaréttardómara, veitt lausn frá embætti frá 1. júlí 1986 að telja.

S.d. var Þórði Björnssyni, ríkissaksóknara, veitt lausn frá embætti frá 1. júlí 1986 að telja.

16. maí var Pétur Bjarnason skipaður fræðslustjóri í Vestfjarðaumdæmi frá 1. júní 1986 að telja.

S.d. var cand. med. et chir. Þorkeli Sigurðssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

21. maí var gefið út veitingarbréf handa síra Baldri Rafni Sigurðssyni fyrir Hólmavíkurprestakalli í Húnavatnsprófastsdæmi.

S.d. var Guðbjörn Björnsson, læknir, skipaður til þess að vera heilsugæslulæknir á Blönduósi frá og með 1. júní 1986 að telja.

S.d. var Kristmundur Ásmundsson, læknir, skipaður til þess að vera heilsugæslulæknir í Grindavík frá og með 1. september 1986 að telja.

S.d. var Magnús Ólafsson, læknir, skipaður til þess að vera heilsugæslulæknir á Akureyri frá og með 1. október 1986 að telja.

S.d. var Pétur I. Pétursson, læknir, skipaður til þess að vera heilsugæslulæknir á Akureyri frá og með 1. október 1986 að telja. Jafnframt hefur hann frá sama tíma verið leystur frá störfum heilsugæslulæknis í Bolungarvík.

S.d. var Sigurði Helga Guðjónssyni, héraðsdómslögmanni, veitt leyfi til málflutnings við Hæstarétt.

S.d. var gefið út veitingarbréf handa séra Sólveigu Láru Guðmundsdóttur fyrir Seltjarnarnesprestakalli í Reykjavíkurprófastsdæmi.

26. maí var Hallur Þorgils Sigurðsson, læknir, skipaður til þess að vera heilsugæslulæknir á Dalvík frá og með 1. ágúst 1986 að telja.

S.d. var Ingólfur G. Ingólfsson skipaður lektor í smíðum við Kennaraháskóla Íslands frá 1. ágúst 1986 að telja. Jafnframt hefur honum verið veitt lausn frá starfi kennara við Fjölbrautaskólann í Breiðholti frá sama tíma.

S.d. var cand. med. et chir. Sigurði R. Gunnlaugssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

29. maí var dr. Ágúst Kvaran skipaður sérfræðingur við efnafræðistofu Raunvísindastofnunar háskólans frá 1. maí 1986 að telja.

S.d. var Gylfi Gautur Pétursson skipaður til að vera deildarstjóri í sjávarútvegsráðuneytinu frá 1. júní 1986 að telja.

S.d. var dr. Reynir Axelsson skipaður dósent í stærðfræði við stærðfræðiskor raunvísindaeildar Háskóla Íslands frá 1. júní 1986 að telja.

30. maí var gefið út veitingarbréf handa síra Döllu Þórðardóttur fyrir Miklabæjarprestakalli í Skagafjarðarprófastsdæmi.

S.d. var Erni Guðmundssyni veitt leyfi til þess að starfa sem lyfjafræðingur hér á landi.

S.d. var Ingu Jakobínu Arnardóttur veitt leyfi til þess að starfa sem lyfjafræðingur hér á landi.

31. maí var séra Birgir Snæbjörnsson, sóknarprestur á Akureyri, skipaður til þess að vera prófastur í Eyjafjarðarprófastsdæmi frá 15. júní 1986 að telja.

2. júní var Garðari Briem, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Reyni Karlssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

3. júní var Elínu Pálsdóttur Flygenring, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

6. júní var Hafliði P. Gíslason skipaður prófessor í tilraunaæðlisfræði við raunvísinda-deild Háskóla Íslands, frá 1. janúar 1987 að telja.

S.d. var dr. Jakob Yngvason skipaður sérfræðingur við stærðfræðistofu Raunvísindastofnunar háskólans frá 1. maí 1986 að telja.

7. júní var Stefáni Björnssyni, lækni, veitt lausn frá störfum sem heilsugæslulæknir á Ólafsfirði frá og með 1. október 1986 að telja, að eigin ósk.

9. júní var Leo Eiríki Löve, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var dr. Sigurður Helgason, fisksjúkdómafræðingur, skipaður deildarstjóri Rannsóknadeildar fisksjúkdóma við Tilraunastöð háskólans í meinafræði að Keldum frá 15. maí 1986 að telja.

10. júní var cand. med. et chir. Gunnari Jónassyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var cand. med. et chir. Ingibjörgu Hilmarsdóttur veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var Ólafi H. Oddssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í heimilis- og embættislækningum hér á landi.

S.d. var Sigurveigu Pétursdóttur veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

11. júní var cand. med. et chir. Gísli Baldurssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

13. júní var sr. Birni H. Jónssyni veitt lausn frá embætti sóknarprests í Húsavíkurprestakalli í Þingeyjarprófastsdæmi frá 1. september 1986 að telja, að eigin ósk.

S.d. var sr. Önuði Björnssyni veitt lausn frá embætti sóknarprests í Bjarnanesprestakalli í Skaftafellsprófastsdæmi frá 1. september 1986 að telja, að eigin ósk.

18. júní var cand. odont. Bessa Skírnisyni veitt leyfi til þess að stunda tannlækningar hér á landi.

S.d. var Jón Sigurgeirsson, lögfræðingur, skipaður fulltrúi við embætti yfirborgarfégetans í Reykjavík frá 1. júlí 1986 að telja.

19. júní var Eugene Vinke leystur frá störfum sem aðalkjörræðismaður Íslands í Amsterdam.

S.d. var Hafrúnu Friðriksdóttur veitt leyfi til þess að starfa sem lyfjafræðingur hér á landi.

S.d. var Robert Eduard van Erven Dorens skipaður aðalkjörræðismaður Íslands í Amsterdam.

20. júní var Peter James Cowling skipaður varakjörræðismaður Íslands í Hong Kong.

23. júní var Elísabetu J. Sólbergdóttur veitt leyfi til þess að starfa sem lyfjafræðingur hér á landi.

S.d. var Naveed A. Kahn, kjörræðismaður Íslands í Karachi, skipaður aðalkjörræðismaður.

24. júní var Sólveigu Guðmundsdóttur, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

27. júní var Lilju Ólafsdóttur, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

30. júní var Guðrún Erlendsdóttir, dósent, skipuð til þess að vera dómari við Hæstarétt Íslands frá 1. júlí 1986 að telja.

S.d. var Hallvarður Helgi Einvarðsson, rannsóknarlögreglustjóri ríkisins, skipaður til þess að vera ríkissaksóknari frá 1. júlí 1986 að telja.

S.d. var gefið út veitingarbréf handa síra Ingimari Ingimarssyni fyrir Sauðanespresta-kalli í Þingeyjarprófastsdæmi.

S.d. var sr. Sigurði Árna Þórðarsyni, sóknarpresti í Staðarfellsprestakalli, veitt lausn frá embætti frá 1. júlí 1986 að telja.

1. júlí var Clifford Ásmundur Marteinsson skipaður kjöræðismaður Íslands með ræðisstigi í Calgary, Alberta.

S.d. var Gunnar S. Birgisson, cand. jur., ráðinn til reynslu sem sendiráðsritari í utanríkisþjónustu Íslands.

S.d. var cand. med. et chir. Karli Torfa Esrasyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var Sigurgeiri Jónssyni, fyrrverandi hæstaréttardómara, veitt leyfi til málflutnings við Hæstarétt.

2. júlí var séra Guðmundi Guðmundssyni, sóknarpresti í Útskálaprestakalli í Kjalarnes-prófastsdæmi, veitt lausn frá embætti frá 1. október 1986 að telja, að eigin ósk.

S.d. var Helga Kristbjarnarsyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í geðlækningum með taugalífeðlisfræði sem hliðargrein. Jafnframt fellur niður taugalífeðlisfræði sem aðalsérgrein, sem veitt var 29. september 1983.

S.d. var cand. med. et chir. Hildi Harðardóttur veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var séra Lárusi Halldórssyni, sóknarpresti í Breiðholtsprestakalli í Reykjavíkur-prófastsdæmi, veitt lausn frá embætti frá og með 1. nóvember 1986 að telja, að eigin ósk.

S.d. var Logi Jónsson skipaður dósent í dýralífeðlisfræði við líffræðiskor raunvísinda-deildar Háskóla Íslands frá 1. janúar 1986 að telja.

S.d. var Þórarni Hannessyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í orkulækningum hér á landi.

3. júlí var Helgi Gíslason skipaður aðalræðismaður Íslands í New York með umdæmisfylkin New York, Connecticut, New Jersey og Rhode Island.

S.d. var dr. Öldu Möller veitt lausn frá dósentsstöðu í matvælafræði við efnafræðiskor raunvísindadeildar Háskóla Íslands frá 15. september 1986 að telja, að hennar eigin ósk.

4. júlí var Önnu Theodóru Gunnarsdóttur, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

7. júlí var Anna Kristjánsdóttir skipuð dósent í stærðfræði og Jón G. Ásgeirsson skipaður dósent í tónmennt við Kennaraháskóla Íslands frá 1. júlí 1986 að telja.

15. júlí var Guðmundur Viggósson, læknir, skipaður sem yfirlæknir í ½ starf við Sjonstöð Íslands frá og með 1. júní 1986 að telja.

17. júlí var cand. med. et chir. Jóni Aðalsteini Kristinssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

18. júlí var Bjarna Torfasyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í almennum skurðlækningum hér á landi.

21. júlí var cand. med. et chir. Bernýju Marvinsdóttur veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var Kristni Pétri Benediktssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í þvagfæraskurðlækningum sem undirgrein við almennar skurðlækningar hér á landi.

25. júlí var sr. Oddi Einarssyni veitt lausn frá embætti sóknarprests í Höfðakaupstaðar-prestakalli frá 1. september 1986 að telja, að eigin ósk.

S.d. var sr. Sveinbirni Sveinbjörnssyni veitt lausn frá embætti sóknarprests í Hruna-prestakalli og embætti prófests í Árneshóla prófastsdæmi frá 1. nóvember 1986 að telja, vegna aldurs.

28. júlí var cand. odont. Þór Axelssyni veitt leyfi til þess að stunda tannlækningar hér á landi.

29. júlí var Juan José Campus Blanquer skipaður kjöræðismaður Íslands í Benidorm, Spáni.

5. ágúst var gefið út veitingarbréf handa síra Sigurði Guðmundssyni fyrir Hólaprestakalli í Skagafjarðarprófastsdæmi.

7. ágúst var Jónatani Sveinssyni, saksóknara, veitt lausn frá embætti frá 1. október 1986 að telja.

8. ágúst var cand. med. et chir. Erni Orra Einarssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

12. ágúst var cand. med. et chir. Gísla Þórerni Júlíussyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var Guðmundi Björnssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í svæfingum og deyfingum hér á landi.

S.d. var cand. med. et chir. Guðmundi Rúnarssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var Ingvari Þór Bjarnasyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í meltingarsjúkdómum hér á landi.

S.d. var cand. med. et chir. Jóhanni Valtýssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var cand. med. et chir. Karli Ólafssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var cand. med. et chir. Vali Þór Marteinssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

14. ágúst var Bogi Nilsson, sýslumaður Suður-Múlasýslu og bæjarfógeti á Eskifirði, skipaður til þess að vera rannsóknarlögreglustjóri ríkisins frá 1. október 1986 að telja.

S.d. var Ingólfur Þórisson, verkfræðingur, settur til þess að vera framkvæmdastjóri tæknisviðs ríkisspítala frá 15. ágúst 1986 til jafnlangdar næsta ár.

S.d. var Þórhildur Líndal, lögfræðingur, skipuð til þess að vera deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu frá 1. september 1986 að telja.

19. ágúst var Sefán H. Jóhannesson, cand. jur., ráðinn til reynslu sem sendiráðsritari í utanríkisþjónustu Íslands.

22. ágúst var Sigurður Baldursson, læknir, skipaður til þess að vera heilsugæslulæknir í Ólafsvík frá og með 1. janúar 1987 að telja.

S.d. var Stefán B. Matthíasson, læknir, skipaður til þess að vera heilsugæslulæknir á Seltjarnarnesi frá og með 1. október 1986 að telja. Jafnframt hefur honum verið veitt lausn frá störfum læknis við heilsugæslustöðina Asparfelli, Reykjavík, frá og með sama tíma.

26. ágúst var gefið út veitingarbréf handa séra Hannesi Erni Blandon fyrir Laugalandsprestakalli í Eyjafjarðarprófastsdæmi.

1. september var Sveinn Eldon, valt. lies., ráðinn til reynslu sem sendiráðsritari í utanríkisþjónustu Íslands.

4. september var Máni Fjalarsson, læknir, skipaður til þess að vera heilsugæslulæknir í Bolungarvík frá og með 1. júní 1987 að telja.

6. september var Kristinn F. Árnason skipaður sendiráðsritari í utanríkisþjónustu Íslands frá 1. september að telja.

9. september var Kristjáni Torfasyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

11. september var Hjörtur Þór Hauksson, læknir, skipaður til þess að vera heilsugæslulæknir á Ólafsfirði frá og með 1. september 1986 að telja.

12. september var Erlu Jónsdóttur, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var cand. med. et chir. Guðrúnu Vigdísi Jónsdóttur veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var cand. med. et chir. Hannesi Sigmarssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var cand. med. et chir. Haraldí Bjarnasyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var cand. med. et chir. Tönju Þorsteinsson veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var Þóri Oddssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

15. september var cand. med. et chir. Birni Gunnarssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var Hauki Valdimarssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í heimilislækningum hér á landi.

S.d. var cand. med. et chir. Hlyni Þorsteinssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

16. september var cand. med. et chir. Einari G. Guðlaugssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var Mikael M. Karlsson, Ph.D., skipaður lektor í heimspeki við heimspekideild Háskóla Íslands frá 1. september 1986 að telja.

18. september var Stefán Finnsson, læknir, skipaður til þess að vera læknir við heilsugæslustöð Hlíðahverfis, Reykjavík, frá og með 1. júní 1987 að telja. Jafnframt hefur honum frá og með sama tíma verið veitt lausn sem heilsugæslulæknir á Höfn í Hornafirði.

S.d. var Þór Whitehead, D. Phil., skipaður prófessor í sagnfræði við heimspekideild Háskóla Íslands frá 15. september 1986 að telja.

22. september var Kára Stefánssyni, lækni, veitt leyfi til þess að mega starfa sem sérfræðingur í taugameinafræði sem undirgrein í taugalækningum en leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í taugalækningum fékk hann 14. desember 1984.

23. september var Georg Kristinn Lárusson, lögfræðingur, skipaður fulltrúi við embætti yfirborgardómarans í Reykjavík frá 1. október 1986 að telja.

S.d. voru Jón Erlendsson, sakadómari, og Björn Helgason, hæstaréttaritari, skipaðir til þess að vera saksóknarar við embætti ríkissaksóknara frá 1. október 1986 að telja.

S.d. var Sigurður Eiríksson, aðalfulltrúi, skipaður til þess að vera bæjarfógeti á Eskifirði og sýslumaður í Suður-Múlasýslu frá 1. október 1986 að telja.

S.d. var Unnur Gunnarsdóttir, lögfræðingur, skipuð fulltrúi við embætti yfirborgardómarans í Reykjavík frá 1. október 1986 að telja.

25. september var Anton Bjarnason settur lektor í íþróttum og líkamsrækt við Kennaraháskóla Íslands um eins árs skeið frá 1. október 1986 að telja.

26. september var Holger Strandberg, vararæðismaður Íslands í Vasa í Finnlandi, skipaður ræðismaður þar.

30. september var Jónatani Sveinssyni, saksóknara, veitt leyfi til málflutnings við Hæstarétt.

S.d. var gefið út veitingarbréf handa cand. theol. Sighvati Karlssyni fyrir Húsavíkurprestakalli í Þingeyjarprófastsdæmi frá 1. október 1986 að telja.

1. október var gefið út veitingarbréf handa cand. theol. Gunnari E. Haukssyni fyrir Þingeyrarprestakalli í Ísafjarðarprófastsdæmi frá 1. október 1986 að telja.

S.d. var Hervör Þorvaldsdóttir, lögfræðingur, skipað fulltrúi við embætti yfirborgar-
dómarans í Reykjavík frá 1. október 1986 að telja.

S.d. var gefið út veitingarbréf handa cand. theol. Hirti Magna Jóhannssyni fyrir
Útskálaprestakalli, Kjalarnesprófastsdæmi, frá 1. október 1986 að telja.

S.d. var gefið út veitingarbréf handa séra Kristjáni Val Ingólfssyni fyrir Grenjaðarstað-
arprestakalli í Þingeyjarprófastsdæmi frá 1. október 1986 að telja.

S.d. var cand. med. et chir. Sigfúsi Þór Nikulássyni veitt leyfi til þess að stunda
almennar lækningar hér á landi.

S.d. var Ugga Þ. Agnarssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í
hjartalækningum sem undirgrein við almennar lyflækningar hér á landi. Sérfræðileyfi í
almennum lyflækningum fékk hann 9. nóvember 1984.

2. október var Eiríki Þorgeirssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í
augnlækningum hér á landi.

S.d. var Ingvari Teitssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í
gigtlækningum hér á landi.

S.d. var Jóni Vilbergi Högnasyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í
hjartalækningum sem undirgrein við lyflækningar. Sérfræðileyfi í lyflækningum fékk hann
14. maí 1986.

S.d. var Jónatan Sveinsson, hæstaréttarlögmaður, löggiltur til þess að vera sækjandi
opinberra mála í héraði.

6. október var Ásdísi J. Rafnar, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðs-
dómi.

S.d. var Geir H. Guðmundssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í
heimilislækningum hér á landi.

S.d. var Ólafi Kristófer Ólafssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir
héraðsdómi.

8. október var Mikael M. Karlsson skipaður dósent í heimspeki við heimspekideild
Háskóla Íslands frá 1. september 1986 að telja.

S.d. var Þorgeir Ingi Njálsson, lögfræðingur, skipaður aðalfulltrúi við embætti
bæjarfógetans á Sauðárkróki og sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu frá 1. nóvember 1986 að
telja.

9. október var Benedikt Ó. Sveinssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem
sérfræðingur í kvenlækningum hér á landi.

S.d. var Ólafi M. Håkansson, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í
kvenlækningum hér á landi.

10. október var sr. Kristni Hóseassyni veitt lausn frá embætti sóknarprests í Heydala-
prestakalli og prófasts í Austfjarðaprófastsdæmi frá og með 1. janúar 1987 að telja, vegna
aldurs.

13. október var Björgvini Þorsteinssyni, héraðsdómslögmanni, veitt leyfi til málflutn-
ings við Hæstarétt.

S.d. var gefið út veitingarbréf handa séra Gísla Jónassyni fyrir Breiðholtsprestakalli í
Reykjavíkprófastsdæmi, frá 1. nóvember 1986 að telja.

S.d. var séra Tómas Guðmundsson, sóknarprestur í Hveragerði, skipaður til þess að
vera prófastur í Árnesprófastsdæmi frá 1. nóvember 1986 að telja.

17. október var Ásgeiri Ásgeirssyni veitt leyfi til þess að starfa sem lyfjafræðingur hér á
landi.

S.d. var séra Örn Friðriksson, sóknarprestur, skipaður til þess að vera prófastur í
Þingeyjarprófastsdæmi frá 1. október 1986 að telja.

21. október var cand. med. et chir. Baldri Tuma Baldurssyni veitt leyfi til þess að
stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var cand. med. et chir. Ingiríði Sigurðardóttur veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

22. október var Árna Jóni Geirssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í lyflækningum hér á landi.

24. október var Halla Bergs skipuð til að vera sendifulltrúi í utanríkisþjónustu Íslands frá 1. nóvember.

28. október var Bjarna Stefánssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Sveinbirni Gizurarsyni veitt leyfi til þess að starfa sem lyfjafræðingur hér á landi.

30. október var cand. odont. Margréti Rósu Grímsdóttur veitt leyfi til þess að stunda tannlækningar hér á landi.

S.d. var Ragnheiði Briem veitt lausn frá starfi lektors í ensku við heimspekideild Háskóla Íslands frá 1. nóvember 1986 að telja, að hennar eigin ósk.

31. október var Jóhannes Björnsson, læknir, skipaður til þess að vera yfirlæknir í líffærameinafræði við Rannsóknastofu háskólans í meinafræði frá og með 1. nóvember 1986 að telja.

4. nóvember var Gunnari Jónssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Ingi Sigurðsson skipaður dósent í sagnfræði við heimspekideild Háskóla Íslands frá 1. september 1986 að telja.

5. nóvember var Kristjáni Þórðarsyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í augnlækningum hér á landi.

7. nóvember var cand. med. et chir. Gunnari Friðrikssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

10. nóvember var gefið út veitingarbréf handa cand. theol. Halldóri Reynissyni fyrir Hrunaprestakalli í Árnasprófastsdæmi.

S.d. var séra Yngva Þóri Árnasyni, sóknarpresti í Prestbakkaprestakalli, veitt lausn frá embætti vegna aldurs frá 1. janúar 1987 að telja.

12. nóvember var Andrésí Magnússyni veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í skurðlækningum hér á landi.

S.d. var Magnúsi B. Einarssyni veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í orku- og endurhæfingarlækningum hér á landi.

14. nóvember var gefið út veitingarbréf handa séra Agnesi M. Sigurðardóttur fyrir Hvanneyrarprestakalli í Borgarfjarðarprófastsdæmi.

S.d. var Róbert Melax veitt leyfi til þess að starfa sem lyfjafræðingur hér á landi.

17. nóvember var Jóni Eyjólfí Jónssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í lyflækningum með öldrunarlækningar sem undirgrein hér á landi.

19. nóvember var Halli Þorgils Sigurðssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í heimilislækningum hér á landi.

S.d. var Ólafi Stefánssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í heimilislækningum hér á landi.

24. nóvember var Hannesi Þórarinssyni, lækni, veitt lausn frá störfum sem yfirlæknir á húð- og kynsjúkdómadeild Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur frá og með 1. janúar 1987, að eigin ósk fyrir aldurs sakir.

26. nóvember var Þórði Sverrissyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í augnlækningum hér á landi.

1. desember var Jóhann P. Malmquist, Ph.D., skipaður prófessor í tölvunarfræði við raunvísindadeild Háskóla Íslands frá 1. júlí 1986 að telja.

S.d. var Stefán B. Sigurðsson, lífeðlisfræðingur, skipaður dósent í lífeðlisfræði við læknadeild Háskóla Íslands um fimm ára skeið frá 1. janúar 1987 að telja. Jafnframt hefur honum verið veitt lausn frá starfi dósent í sömu grein við námsbraut í hjúkrunarfræðum við Háskóla Íslands frá sama tíma að telja.

4. desember var Erla Jónsdóttir, lögfræðingur, skipuð til að vera hæstaréttarritari frá 1. desember 1986.

S.d. var Stefán H. Jóhannesson settur fyrst um sinn til að vera sendiráðsritari í utanríkisþjónustu Íslands frá 1. desember að telja.

S.d. var Sveinn Eldon settur fyrst um sinn til að vera sendiráðsritari í utanríkisþjónustu Íslands frá 1. desember að telja.

Nr. 552

SENDIHERRAR OG RÆÐISMENN

1985:

Sendiherrar:

31. desember lét Sigurður Bjarnason, sendiherra, af störfum í utanríkisþjónustu Íslands fyrir aldurs sakir.

1986:

22. janúar afhenti Hans Herman Haferkamp forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Sambandslýðveldisins Þýskalands á Íslandi.

S.d. afhenti Giuseppe Scaglia forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Ítalíu á Íslandi með aðsetur í Osló.

S.d. afhenti Sung Han Song forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Lýðveldisins Kóreu á Íslandi með aðsetur í Osló.

18. mars afhenti Roop Krishan Anand forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Indlands á Íslandi með aðsetur í Osló.

S.d. afhenti Henri Lemaitre, erkibiskup, forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Vatikanríkisins á Íslandi með aðsetur í Vedbæk í Danmörku.

7. maí afhenti Lían Rigney forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Írlands á Íslandi með aðsetur í Kaupmannahöfn.

S.d. afhenti dr. Ramón Ricardo Pasos Marciacq forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Nicaragua á Íslandi með aðsetur í Stokkhólmi.

S.d. afhenti Chon Yong Jin forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Alþýðulýðveldisins Kóreu á Íslandi með aðsetur í Stokkhólmi.

2. júní afhenti dr. Gerhard Gmoser forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Austurríkis á Íslandi með aðsetur í Kaupmannahöfn.

S.d. afhenti Stephano G. Stathatos forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Grikklands á Íslandi með aðsetur í London.

S.d. afhenti Jean Wagner forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Lúxemborgar á Íslandi með aðsetur í London.

30. júlí var Hassan Samy Youssef Kandil veitt viðurkenning til þess að vera sendiherra Egyptalands á Íslandi með aðsetur í Osló.

S.d. var Pieter Jan Hans Jonkman veitt viðurkenning til þess að vera sendiherra Hollands á Íslandi með aðsetur í London.

1. september var dr. Hassan Sheikh Hussein veitt viðurkenning til þess að vera sendiherra Sómalíu á Íslandi með aðsetur í Stokkhólmi.

30. september afhenti Peter Yousuf Jejonie forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Íraks á Íslandi með aðsetur í Helsinki.

S.d. afhenti Luis José de Oliveira Nunes forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Portúgals á Íslandi með aðsetur í Osló.

S.d. afhenti Cornelia Filipas forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Rúmeníu á Íslandi með aðsetur í Kaupmannahöfn.

30. október afhenti Alberto Dennys Guzán Péres forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Kúbu á Íslandi með aðsetur í Stokkhólmi.

S.d. afhenti Samuel Stevenson Ruoro forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Kenýa á Íslandi með aðsetur í Stokkhólmi.

S.d. afhenti Benyoucef Baba Ali forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Alsír á Íslandi með aðsetur í Stokkhólmi.

S.d. afhenti A. A. Chowdhury forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Pakistan á Íslandi með aðsetur í Berlín.

13. nóvember afhenti Mark F. Chapman forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Bretlands á Íslandi.

S.d. afhenti Utstun Dinsmen forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Tyrklands á Íslandi með aðsetur í Osló.

S.d. var Roy Chaderton Matos veitt viðurkenning til þess að vera sendiherra Venezúela á Íslandi með aðsetur í Osló.

2. desember var K. M. Safiullah, BU.psc., veitt viðurkenning til þess að vera sendiherra Bangladesh á Íslandi með aðsetur í Stokkhólmi.

16. desember afhenti Igor N. Krassavin forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Sovétríkjanna á Íslandi.

1986:

Ræðismenn:

8. janúar var Venkataram Sriniasan skipaður ræðismaður Íslands í Mavdras á Indlandi.

10. febrúar var Lawrence John Cooke skipaður til að vera kjörræðismaður Íslands í Halifax, Nova Scotia.

25. mars var Per Oscar Garshol skipaður kjörræðismaður Íslands í Ålesund, Noregi.

26. mars var Alberto Quevedo-Toro veitt lausn frá störfum sem kjörræðismaður með aðalræðistigi fyrir Ísland í Ecuador.

1. apríl var Oscar Larsen leystur frá störfum sem kjörræðismaður Íslands í Ålesund, Noregi.

16. apríl var Per-Olof Winqvist skipaður kjörræðismaður með vararæðisstigi í Varberg.

5. maí var Sleiman Turk veitt viðurkenning til þess að vera kjörræðismaður Íslands með aðalræðisstigi í Bogota, Kolombíu.

19. júní var Eugene Vinke leystur frá störfum sem aðalkjörræðismaður Íslands í Amsterdam.

S.d. var Robert Eduard van Erven Dorens skipaður aðalkjörræðismaður Íslands í Amsterdam.

20. júní var Peter James Cowling skipaður varakjörræðismaður Íslands í Hong Kong.

23. júní var Naveed A. Kahn, kjörræðismaður Íslands í Karachi, skipaður aðalkjörræðismaður.

1. júlí var Clifford Ásmundur Marteinsson skipaður kjörræðismaður Íslands með ræðisstigi í Calgary, Alberta.

3. júlí var Helgi Gíslason skipaður aðalræðismaður Íslands í New York með umdæmi fylkin New York, Connecticut, New Jersey og Rhode Island.

29. júlí var Juan José Campus Blanquer skipaður kjörræðismaður Íslands í Benidorm, Spáni.

26. september var Holger Strandberg, vararæðismaður Íslands í Vasa í Finnlandi, skipaður ræðismaður þar.

15. desember var Sigurði Einarssyni veitt viðurkenning sem kjörræðismanni Finnlands í Vestmannaeyjum.

S.d. var Ragnari Borg veitt viðurkenning sem kjörræðismanni Ítalíu á Íslandi með aðalræðisstigi, með aðsetur í Reykjavík.

S.d. var Geir Borg veitt viðurkenning sem kjörræðismanni Thailands á Íslandi með aðalræðisstigi, með aðsetur í Reykjavík.

SKRÁ

um hlutafélagatilkynningar sem birtust í Lögbirtingablaði 1986.

	Tbl. nr.		Tbl. nr.
Aðalvör hf.	121	Blælax hf.	68
Ak hf.	149	Boði hf.	43
Akasía hf.	92	Bókabúðin Borg hf.	26
Albest hf.	128	Bókabúðin Kilja hf.	69
Alco hf.	108	Bólstrun og tréverk hf. (B. T. hf.)	92
Álfaborg hf.	128	Boltamaðurinn hf.	121
Alhliða fjölmiðlaþjónustan hf. (ALF hf.)	49	Borgarbilaleigan hf.	121
Almenn viðskipti hf.	128	Borgareldi hf.	27
Alsport hf.	70	Borgarholt hf.	94
Alþjóða fjárfestingafélagið hf.	128	Borgarhúsgögn hf.	68
Árey hf.	10	Borgarmálun hf.	10
Árfoss hf.	108	Borgarvirki hf.	106
Ari hf.	128	Borstöðin hf.	92
Arinn hf.	49	Bresk-íslenska verslunarfélagið hf.	128
Artica hf.	68	Bræðurnir Jónsson hf.	128
Árvík hf.	70	Búfiskur hf.	80
Ása hf.	106	Búhóll hf.	26
Ásbrún hf.	121	Byggingafélagið J.S.P. hf.	38
Asía hf.	70	Byggingarfélagið Frami hf.	10
Ástund hf., — sérverslun hestamansins	92	Byggingarfélagið Katla hf.	27
		Bylgjan hf.	129
		Byr hf.	69
B.G. útgáfan hf.	92	Dalskaup hf.	121
B.Ú.Á.S. hf.	10	Deiglan hf.	38
Bakaramiðstöðin hf.	26	Desert hf.	69
Bakkavör hf.	121	Dragás hf.	67
Ballskák hf.	79	Dráttarbraut Stálmíkur hf.	69
Barnavörur hf.	70	Dreifir hf.	79
Bátabúðin hf.	26		
Backers-búðin hf.	106	Edinborg hf.	91
Berglax hf.	70	Eðallax hf.	70
Biðskýlið Njarðvík hf.	94	Eðalstál hf.	79
Bifreiða- og vélaverkstæðið Naust hf.	70	Eðalverk hf.	92
Bílaboð hf.	79	Eggjabúið Hvammur hf.	128
Bílabót hf.	121	Egill Árnason hf., — Parketval	128
Bílahornið hf.	43	Egill Ásgrímsson hf.	94
Bílamálun Kópavogs hf.	79	Eignaskráin hf.	128
Bílasalan Braut hf.	128	Ekra hf.	91
Bílaþjónustan Kópavogi hf.	68	Eldverk hf.	128
Birtingur hf.	94	Elektra hf.	79
Bláberg hf.	149	Elfur hf.	38
Bláfell hf.	106	Endurskoðunarskrifstofan hf.	121
Bleiki pardusinn hf.	108	Endurskoðunarstofan Torg hf.	121
Blómaheildsalan hf.	10	Eyfírsk matvæli hf.	108

	Tbl. nr.		Tbl. nr.
Eyjaís hf.	108	Glitnir hf.	10
Ewos hf.	129	Glöggvir hf.	49
		Gneisti hf.	92
F. Ben hf.	108	Góð tíðindi hf.	94
Fagtækni hf.	80	Gott fæði hf.	67
Fagvirki hf.	92	Gramm hf.	79
Fakta hf.	150	Grand hf.	49
Fannir hf.	92	Grandi hf.	26
Fasteignasalan Lundur hf.	108	Greiðslumiðlun hf.	94
Fasti hf.	70	Gullfingur hf.	26
Fataland hf.	124	Gulls ígildi hf.	10
Fataportið hf.	10	Gunnólfur hf.	10
Félagsútgáfan hf.	69	Gæðagrafík hf.	105
Fellalax hf.	121		
Ferðaskrifstofan Pólaris hf.	49	Háborg hf.	106
Ferðaskrifstofan Útsýn hf.	38	Hafbeitarstöðin Kleifum hf.	91
Ferðaval hf.	121	Háfell hf.	43
Ferra hf.	43	Hafex hf.	69
Fimmtán hf.	26	Hafspil hf.	27
First hf.	149	Haftækni hf.	27
Fiskeldisstöðin á Húsafelli hf.	121	Hagskil hf.	26
Fiskinaust hf.	94	Hagvangur hf.	68
Fiskmar hf.	69	Háholt hf.	150
Fisktorg hf.	66	Hallco hf.	80
Fjallalax hf.	27	Hamraborg hf.	26
Fjarðarsmiðjan hf.	26	Hamravík hf.	108
Fjarðartak hf.	26	Hannarr hf.	129
Fjárheimtan hf.	68	Harðfiskgerðin Gustur hf.	94
Fjarhitun hf.	49	Harka hf.	121
Fjármögnunarfyrirtækið Lind hf.	121	Hárkúnst hf.	106
Fjölstund hf.	92	Heiði hf.	106
Flói hf.	10	Heildverslunin Eðal hf.	121
Flugfélagið hf.	128	Heildverslunin Emaco hf.	35
Flugskólinn Freyr hf.	128	Heildverslunin Íris hf.	150
Fóðureining hf.	26	Heimildir Samtímans hf.	68
Fóðurstöð Vestur-Barðastrandarsýslu hf.	106	Heimilislæknastöðin hf.	67
Forsjá hf. — verkfræðistofa	27	Hergilsey hf.	69
Foss hf.	10	Herrahornið hf.	26
Frjáls kristileg fjölmiðlun hf.	121	Hirtir hf.	69
Fyrirsætan hf.	128	Hiti hf.	128
		Hjólbarðastöðin hf.	35
G.Á.G.Á. hf.	27	Hjólbarðaverkstæðið Gúmmíkarlarnir hf.	38
G. Benediktsson hf.	27	Hlein hf.	106
G. Einarsson & Co. hf.	150	Hlér hf.	38
G.R.Ó. hf.	27	Hlutabréfasjóðurinn hf.	148
G.S. Júlíusson hf.	66	Hnúkanaust hf.	69
Gagnaver hf.	79	Hólmarif hf.	106
Garún hf.	70	Holt hf.	92
Gát hf.	69	Holtadekk hf.	121
Geislar hf.	68	Hos hf.	128
Geri hf.	121	Hótel Djúpavík hf.	68
Glanni hf.	92	Hótel Keflavík hf.	92

	Tbl. nr.		Tbl. nr.
Hraðverk hf.	128	Kjarni hf.	128
Hrellir hf.	91	Kjarr hf.	92
Hrífandi hf., ferðaskrifstofa	10	Kjötmíðstöðin hf.	49
Hugbúnaðarbankinn hf.	49	Klæðning hf.	106
Hugsjón hf.	26	Kobra hf.	92
Hugur hf.	69	Kóbra-plast hf.	121
Huld hf.	91	Kom hf. — kynning og markaður	38
Húsaeinangrun hf.	70	Korta hf.	150
Húsfélagið Laugavegur 28B hf.	128	Krafttækni hf.	92
Húsfélagið Skipholt 50C hf.	38	Krass hf.	38
Hveitimyllan hf.	69	Kreditkort hf.	79
Höfðaberg hf.	124	Kristinn hf.	26
		Kúlan hf.	92
I.C.E. Íslands hf.	10	Kvosin hf.	38
Icecon hf.	128	Kynnisferðir Vestmannaeyja hf.	92
Iðnver hf.	108	Kæliskip hf.	128
Innréttingabúðin hf.	70		
Innréttingaþjónustan hf.	38	L.M. Jóhannsson hf.	69
Íris Gunnarsdóttir hf.	148	Láki hf.	68
Ísá hf.	26	Landkostir hf.	92
Íshaf hf.	150	Laugar hf.	79
Íslandsfiskur hf.	150	Leiguflug Sverris Þóroddssonar hf.	92
Íslensk markaðssetning hf.	121	Líkamsræktarstöðin hf.	27
Íslenska heilsumiðstöðin hf.	10	Lín hf.	27
Íslenska myndverið hf.	128	Lindá hf.	92
Íslenska símafélagið hf.	121	Lindalax hf.	70
Íslenska skipafélagið hf.	10	Litaland hf.	10
Íslenskar filmur og myndbönd hf., IFM hf.	91	Ljósavík hf.	68
Íslenskar kvikmyndir hf.	128	Loftorka Borgarnesi hf.	26
Íslenskir sjávarútvegsráðgjafar hf. (Icefishco)	69	Loftorka Reykjavík hf.	26
Ísold hf.	66	Lyf hf.	10
Ísver hf.	38	Lyngás hf.	26
Ísvest hf.	128	Lækninga- og sálfræðistofan hf.	38
Ísvör hf.	92	Löður hf.	91
		Lögfræðistofan Suðurlandsbraut 20 hf.	128
J.L. húsið hf.	26	M.A. Eiríksson hf.	108
JS heildverslun hf.	10	Madstofan hf.	80
Jarðboranir hf.	67	Magnar hf.	124
Jarðvinnslutæki hf.	69	Mánaplast hf.	91
Jóel hf.	38	Mandarín hf.	91
Júlíus Sveinbjörnsson hf.	38	Máni hf.	27
		Marbald hf.	149
		Marís hf.	92
K-plast hf.	27	Mark hf.	108
Kaffco hf.	68	Markaðsútgáfan hf.	49
Kampur hf.	92	Marska hf.	70
Kantsteypan hf.	94	Martek hf.	10
Kaupskip hf.	128	Matvörumarkaðurinn hf.	79
Kaupstaður hf.	121	Mega hf.	150
Kínahúsið hf.	70	Microtölvan hf.	108
Kistill hf.	106	Miðbær hf.	10
Kistufell hf.	26	Miðverk hf.	91

	Tbl. nr.		Tbl. nr.
Miklilax hf.	108	Ryðvarnarskálinn hf.	128
Mílska hf.	94	Rækt hf.	66
Morastaðir hf.	128	Rökkvi hf.	69
Myndasmiðjan hf.	108	Rökkvirki hf.	49
Myndbandagerð Reykjavíkur hf.	91		
Myndbandaleiga kvikmyndahúsanna hf.	27	S.H. verktakar hf.	69
Myndsel hf.	149	S. Melsted hf.	121
Mýrdælingur hf.	43	Samkomuhúsið Skemmuvegi 34 hf. ...	121
		Saumastofan Gæði hf.	91
Napi hf.	26	Saumastofan Ýma hf.	106
Natura Casa hf.	91	Saxhamar hf.	106
Nepal hf.	91	Scandinavía hf.	70
Nesfiskur hf.	106	Seleyri hf.	94
Nesverk hf.	66	Seljabót 2 hf.	38
Njáll hf.	38	Seljalax hf.	94
Norðurljós hf.	70	Sérforrit hf.	92
Norðurskip hf.	66	Serina hf.	26
Nýja teiknistofan hf.	128	Serkir hf.	91
Nýting hf.	79	Seti hf.	49
		Sigurborg hf.	128
Ófeigur hf.	69	Sigurður Leifsson hf.	91
Ólafur Gunnarsson hf.	70	Sigurjón hf.	49
Ólsal hf.	67	Silfurgen hf.	121
Ómar Sveinbjörnsson hf.	106	Símtak hf.	70
Orð/mynd hf.	35	Sjávarréttargerðin hf.	35
Orlofsferðir hf.	94	Sjúkrastöðin Von hf.	106
Orri hf.	91	Skeldýravinnslan hf.	106
		Skemmtigarðurinn hf.	121
P.J. húseignir hf.	27	Skipaafgreiðsla Vestmannaeyja hf. ...	38
Padus hf.	69	Skipamiðlun Keflavíkur hf.	128
Páll Andreasson hf.	124	Skolli hf.	91
Pappír hf.	92	Skriðjökklar hf.	70
Passa hf.	91	Snælag hf.	35
Pastel hf.	10	Sólargluggatjöld hf.	121
Pegasus hf.	70	Sólbraut hf.	70
Penslaverksmiðjan hf.	38	Spectrum hf.	67
Plastfag hf.	26	Sportfell hf.	91
Póls hf.	92	Stag hf.	92
Pólstjarnan hf.	69	Stálvélar hf.	124
Potturinn og pannan hf.	128	Stangarholt hf.	35
		Starfsþjónustan hf.	128
Radíólinan hf.	69	Stúlvopn hf.	80
Raf-Ós hf.	124	Stjörnu-oddi hf.	66
Rafbjarð hf.	91	Stjörnusteinn hf.	92
Rafeind hf.	80	Stjörnustúdíó hf.	79
Rafeindatækni hf.	128	Stórlax hf.	66
Rafstjórn hf.	38	Strandarlag hf.	92
Raftog hf.	38	Strandhögg hf.	129
Raunafi hf.	79	Straumnes hf.	68
Reiðhöllin hf.	43	Strætisvagnar Ísafjarðar hf.	121
Restaurant Laut hf.	43	Stuðull hf.	128
Runólfur Hallfreðsson hf.	10	Stöðin hf.	68
		Sv. Jónsson hf.	38

	Tbl. nr.		Tbl. nr.
Svanberg hf.	121	Valpóll hf.	10
Svarta gullið hf.	128	Var hf.	108
Sýningarkerfi hf.	27	Vatnarækt hf.	10
Sæborg hf.	43	Vatnsrúm hf.	49
Sælgætisgerðin Vala hf.	128	Vatnsskarð hf.	106
Söluturninn Austurvegi 21 hf.	129	Veitingaholt hf.	69
Söluturninn Hlemmtorgi hf.	151	Veitingahúsið Evrópa hf.	69
		Veitingahúsið Skúlagötu 30 hf.	49
Tak hf.	91	Veitingahúsið Smiðjuvegi 14 hf.	94
Taktur hf.	148	Veitingahúsið Stillholt hf.	92
Tekjusjóðurinn hf.	129	Vélsmiðja Ólafsfjarðar hf.	94
Tema hf.	91	Vélsmiðjan Vík hf.	91
Teppahúsið hf.	106	Vélsmiðjan Pristur hf.	69
Textablaðið hf.	79	Verkspor hf.	38
Tímabær hf.	66	Verktak Ós hf.	10
Tjörn hf.	70	Verslunin Hof hf.	10
Tónabíó hf.	128	Verslunin Ylfa hf.	124
Tónabúðin hf.	66	Vert hf.	92
Tóró hf.	10	Vertshúsið hf.	26
Trakk hf.	121	Vesturflug hf.	26
Trefjatæki hf.	27	Vesturlax hf.	69
Trésmiðja Björn Ólafssonar hf.	91	Vesturver hf.	10
Trésmiðjan Börkur hf.	38	Videósól hf.	92
Trésmiðjan Fjöllir hf.	38	Vídeóhöllin hf.	66
Trésmiðjan K 14 hf.	27	Viðar hf.	148
Trésmiðjan Viðja hf.	26	Víko hf.	10
Trésmiðjan Þinur hf.	70	Víkurfélagið hf.	128
Týr hf.	121	Víkurvörur hf.	92
Týrus hf.	38	Vogalax hf.	43
Tækni og stjórnun hf.	106	Vöruafgreiðslan hf.	106
Tölván hf.	26	Vöruhúsið Eiðistorgi hf.	128
Tölvumyndir hf.	106		
Tölvusalán hf.	10	X-Port hf.	80
Tölvuþjónustan í Reykjavík hf.	35		
		Yggdrasill hf.	49
Umslag hf.	128		
Útgáfufélag félagshyggjufólks hf.	116	Þjónustumiðstöð fataiðnaðarins hf. ...	128
Útgáfufélagið Sleipnir hf.	69	Þórir hf.	121
Útgerðarfélag Bílddælinga hf.	43	Þorláksbúð hf.	38
Útgerðarfélag Kópaskers hf.	26	Þórsfiskur hf.	91
Útgerðarfélagið Ásrún hf.	121	Þotuflug hf.	69
Útgerðarfélagið Brimnes hf.	35	Þróunarfélag Íslands hf.	26
Útgerðarfélagið Nökkvi hf.	92	Þörungaverksmiðjan hf.	94
Útgerðarfélagið Skjaldvör hf.	94		
Útgerðarfélagið Vör hf.	10	Ögur hf.	35
		Öngull hf.	35
V & S dreifing hf.	108	Örn hf.	70
Valfoss hf.	108		

SKRÁ

um firmatilkynningar sem birtust í Lögbirtingablaði 1986.

Reykjavík:	Tbl. nr.		Tbl. nr.
A.B. Steinþórsson sf.	70	Ásbúð	41
Á. Einarsson & Funk hf.	78	Ásgeir Einarsson hf.	63
A. Gunnarsson sf.	22	Ást og umhyggja	13
A.P. Bendtsen hf.	28	Ástund sf., sérværslun hestamannsins	89
A.Ö. teiknistofa	143	Ásvallagata 7 sf.	31
Adda-vinnukerfi	11	Atall sf.	13
Aðalbor	143	Atlantis hf.	78,124,133
Aðalbraut hf.	78	Áttir	89
Aðalstræti 4 hf.	28	Auglýsingablaðið sf.	127
Aðtak	32	Auglýsingagerðin	47
Afdrep hf.	28	Auglýsingasjónvarp hf.	32,63
Afrit sf.	70	Auglýsingasmiðjan sf.	110
Ágúst og Magnús sf.	124	Auglýsingastofa P & O sf.	32
Ágæti	22	Auglýsingastofan Gauksi	13
Áhrif	93	Auglýsingastofan Nýtt útlit hf.	63
Álfheimabúðin	70	Auglýsingaþjónustan hf.	94
Ali-búðin	146	Auglýsingavörur sf.	32
Alkaup	78	Augnablik	70
Allrabest sf.	110	Aukning sf.	119
Allt	32	Austurport sf.	78
Almálun	70	Austurstræti 6 hf.	66,94
Almenna verkfræðistofan hf.	94	Ávöxtunarfélagið hf.	10
Álskilti	133	Axel Ó., heildrværslun	29
Alsport hf.	124	Axið — brauðgerð	41
Amalía sf.	89		
Anddyrið	127	B.G. Finn sf.	41
Árblik hf.	133	B.I.O. sf.	11
Árbót hf.	33	B.J. skipamiðlunin	111
Árfar sf.	93	B.Ó.G.	41
Áris sf.	25	Bakan sf.	78
Arkhönnun sf.	133	Bakaramiðstöðin	25
Arkitektar Manfred og Þorvaldur sf. .	78	Bambínó	22
Arkitektastofa Finns Björgvinssonar og		Bangsimon	93
Hilmars Þórs Björnssonar sf.	133	Barnabrek	11
Ármannsfell	78	Barnafataværslunin Bambínó sf.	23
Ármúli 4 sf.	41	Barón sf.	93
Arnar sf.	32	Bátabúðin hf.	66
Arnarflug hf.	108,124	Bátastöð Jóns Ö. Jónssonar	29
Arnarstál	29	Bella sf.	110
Ársel	13	Berggrill	70,110
Ártak hf.	124	Berglind sf.	22
Ártak sf.	32	Bergnes sf.	41
Artek hf.	10	Bergsteinn sf.	47
Artemis sf.	25	Bergverk sf.	93
Ásbjörn Ólafsson hf.	65,108,124		

	Tbl. nr.		Tbl. nr.
Bergþórurpítan	133	Boðleiðir sf.	98
Bernhöftsbakarí hf.	28	Bókabúð Vesturbæjar	110
Betri kaup	11	Bókaforlagið Flugur	123
Biðskýlið Grensás	93	Bókaútgáfan Geirfugl	93
Bífreiðastöð Steindórs sf.	22,41	Bókaútgáfan Osírís sf.	29
Bífreiðaverkstæðið Óskarsson og Harðarson sf.	123	Bókhalds- og reikningsskil sf.	127
Bífreiðaþjónustan Allt sf.	22	Bókhaldsstofa, Skipholti 5	29
Bigga-bar	124	Bókhaldsstofan Rúnir sf.	147
Bílaábyrgð hf.	28	Bókhaldsþjónusta Jóns Jóhannessonar sf.	22
Bílaaðstöð Tóta	98	Bókhaldsþjónusta Reynis og Halldórs sf.	125
Bílabót sf.	78	Bóksala nemenda N.F.B.	32
Bílahöllin sf.	11,22	Bólið	127
Bílaleigan Bónus sf.	51	Bollan sf.	111
Bílaleigan Ós	29	Bólstrun Ásgeirs	133
Bílalundur sf.	125	Bomanite á Íslandi sf.	13
Bílaprýði sf.	110	Bón- og þvottastöðin hf.	33
Bílasala Gardars sf.	13,22	Bón- og þvottastöðin Ós	29
Bílasalan Bær hf.	133	Bónhöllin	89
Bílasalan Start	143	Borði sf.	147
Bílasmiðjan hf.	26	Borg umboðs- og heildverslun	143
Bílaverkstæðið Síðumúla 33 sf.	93	Borgarbakarí sf.	146
Bílaþjónustan Bílaútlit	41	Borgarhúsgögn hf.	29
Bílberg	78	Borgarljósrítun sf.	41
Bílfell hf.	65	Borgartún sf.	78
Bílahlutir hf.	28	Borgin tiskuver slun	124
Biljarðstofan Breiðholti sf.	93	Bossi sf.	143
Bílplast.	29	Brauðhöllin sf.	51
Bílstoð	143	Breiðablik sf.	31
Bílvangur sf.	25,47	Breiðfirðingaheimilið hf.	29
Bimbo sf.	32	Brekkubær sf.	47
Bíóhúsið	89	Brimnes hf.	66
Birting sf.	41	Brok sf.	22
Bíslagið	98	Broki sf.	32
Biti sf.	147	Brotafi	98
Bjarni Dagur, auglýsingastofa	13	Brúðubúflinn	13
Björgvin sf.	133	Brynsport	93
Björn og Birgir sf.	47	Bræðurnir Jónsson sf.	25
Björninn hf.	77,133	Búningaleigan sf.	49
Blaðaprent hf.	10,108	Bygging sf.	29
Blái fuglinn sf.	41	Byggingameistarinn sf.	93
Blátt áfram sf.	32	Byggingarsamvinnufélag ungs fólks í Reykjavík (Byggung)	78
Blazer hf.	94	Byggingarvöruverslunin Björninn hf.	65
Bleiki pardusinn	143	Byggingaþjónusta Eiðs og Baldurs sf.	13
Bliki sf.	89	Byssumaðurinn	133
Blóm og myndir	41	Byssusmiðjan	133
Blóma- og gjafavöruverslunin Blómið Blómaálfurinn	111	Byssusmiðurinn	133
Blómabúð Kristínar, Blóm og ávextir Blómabúðin Áróra	32	Byssuverkstæðið	133
Blómabúðin Áróra	41	Bæjarleiðir hf.	133
Blómalisti	123	Bæjarvídeó	93
Blómamiðstöðin hf.	125	Bækur sf.	93
Boði sf.	28	Böðvar Leós, teiknistofa	31
	32		

	Tbl. nr.		Tbl. nr.
Candís	93	Farmasía hf.	63
Cara tiskuverslun	133	Farvi sf.	127
Caris sf.	93	Fasteign	32
Cosmos á Íslandi hf.	94	Fasteignafélagið Grensásvegur hf.	65
DHL hraðflutningar hf.	65	Fasteignasalan Laufás sf.	98
Dagur sf.	93	Fasteignaval	125
Dansk-íslenska verslunarfélagið hf.	33	Fasteignaþjónustan	11
Dekus	99	Fatalagerinn hf.	59
Dental stál sf.	125	Fataland	110
Dentalía hf.	108	Fatalist sf.	11
Dísa	110	Fata-Spil hf.	94
Drangar hf.	77	Fellsprent hf.	33
Drótt sf.	41	Ferðabær	146
Dúettinn André Bachmann	31	Ferðaskrifstofan Saga hf.	29,133
Duus-hús sf.	22,98	Ferðaskrifstofan Terra hf.	108
E. Arnar og Co sf.	146	Ferðaskrifstofan Úrval hf.	33
E.B. bílaþjónustan sf.	110	Fetill sf.	93
E. Fannberg	41	Fiber sf.	70
Eco sf.	89	Fiða sf.	11
Edda hf.	28	Fíladelfiuforlag	143
Efnalaug Árbæjar	125	Fin form, auglýsingastofa	70
Eggert Kristjánsson hf.	124	Finnsbúð sf.	22
Egísson og Rossen sf.	127	Fiskeldi hf.	33
Eignabankinn hf.	78,108	Fiskiðjan Bati	89
Eignaumboðið	41	Fiskverkunin Uggi sf.	124
Eignaver sf.	133	Fjarhitun hf.	59
Eikin hf.	28	Fjármálaráðgjöf	41
Eimskipafélag Íslands hf.	66	Fjarskipti sf.	70
Einar Farestveit & Co. hf.	65	Fjölirnir hf. — útgáfufélag	28,94
Einar Sigurðsson hf.	33,133	Fjölritunarþjónusta Skrifbæjar	143
Einar J. Skúlason hf.	94	Fjölvi hf.	10
Einkatölvur	47	Flóabáturinn Drangur hf.	28
Einval hf.	65	Flóra hf.	33
Eldfrost sf.	41,143	Flugfar hf.	124
Eldisráðgjöf sf.	11	Flugfarþegaþjónustan	41
Eldsmiðjan sf.	78	Flugfélag Íslands hf.	94
Elfur	41	Flugleiðir hf.	66,77,94
Emkó	146	Flugstjórinn	143
Endurskoðunarmiðstöðin hf., N. Manscher	29	Flugtækni sf.	89
Engey hf.	65	Flutningamiðlun Kaemtner sf.	119,123
Enskuskólinn sf.	125	Fóðurblandan hf.	65
Eróbíkk sf.	47	Fólk	143
Essbé	127	Form & áferð hf.	78,108
essem auglýsingar — markaðsráðgjöf	93	Fórum sf.	70
essið sf.	123	Framköllun sf.	13
Eyðublaðatækni hf.	133	Framrás sf.	133
F.O.B. sf.	127	Framsýn hf.	124
Fagmaðurinn	123	Framtíð sf.	110
Fálkinn hf.	94	Fríbýli sf.	41
Farkostur sf.	22	Frjálst framtak hf.	10,33
		Fróði sf.	146
		Frón vídeó sf.	22
		Frost hf.	94

	Tbl. nr.		Tbl. nr.
Frum hf.	78,94	Guðni Stefánsson, útgáfufyrirtæki ...	127
Frystihólfaleigan hf.	124	Gufubaðstofa Hótel Sögu	30
Furstinn, umboðs- og heildverslun ...	32	Gulleyjan	133
Fyrirtækjaþjónustan	78	Gullfiskur sf.	93
Föndurskólinn sf.	89	Gunnar Guðmundsson hf.	65
		Gunnar Guðvarðsson	93
G. Ásmundsson	93	Góltur sf.	93
G.B. varahlutir sf.	22		
G.B.B. Auglýsingaþjónustan hf.	65	H. Benediktsson hf.	32
G.Einarsson & Co. hf.	32	H. Eyjólfsson, heildverslun	78
G.J. húsgögn hf.	78	H. Jónsson og co.	13
G. Jóhannsson	22	H.P. á Íslandi	123
G. Jökull	110	H. Pétursson sf.	133
G.R.Ó. sf.	71	Háfell sf.	32
G.S. Júlíusson hf.	63	Haflax sf.	143
G.S.K.	127	Hafnarbíó hf.	59
G.S. ræstivörur	89	Hafplast sf.	29
G. Th. Eggertsson hf.	133	Hafsýn sf.	125
G.Ö. dreifing hf.	10,94	Hagbarði hf.	28
Gangskör sf.	89	Hagrétting sf.	32
Galdraloftið	22	Hagskil sf.	22
Gaukur á Stöng	25,41	Hagskipti hf.	133
Gaukur á Stöng sf.	41	Hagstoð sf.	89
Gaukurinn	13	Hagtrygging hf.	29
Georg, fataverslun	110	Hákon, listmiðlun	11
Gistiheimilið Hótel Jörð sf.	22	Halastjarnan	93
Gistiheimilið Svanurinn sf.	29	Hálft í hvoru	78
Gjafahornið	133	Háljós og skuggar sf.	41
Gjald sf.	127	Halldór Jónsson — Vogafell hf.	125,143
Gjaldskil sf.	89	Hallgrímur Hallgrímsson sf.	47
Glaðheimar sf.	22	Hamar hf.	65
Glitnir	78	Hamarshöfði 9 sf.	89
Glóinn sf.	22	Hampiðjan hf.	94
Gluggasel hf.	65	Hámúli hf.	65
Goðaútgáfan	22	Handraðinn	78
Góðgæti sf.	89	Hannarr sf.	127
Góðkaup	89	Hans Petersen hf.	78
Goggur sf.	29	Hanskagerðin hf.	3
Gott fæði	41	Hár	143
Gott líf sf.	98	Hár og sól sf.	13
Gramm sf.	11,47	Harðviðarval hf.	133
Gramm hf.	133	Hárgallerí	143
Greifinn af Monte Christó	22	Hárgreiðslustofa Kristínar Hálfðánar- dóttur	89
Greifynjan	25	Hárgreiðslustofa Sólveigar Leifsdóttur	70
Grenita sf.	11	Hárgreiðslustofan Aðall	99
Grímnir hf.	125	Hárgreiðslustofan Madonna	93
Gró sf.	31	Harmonikuhurðir sf.	29,99
Gróttta	119	Harpa hf.	78
Groco hf.	65	Hárprýði sf., sérverslun	22
Græna línan sf.	31	Hattabúðin Frakkastíg	93
Guðjónó hf.	124	Heildverslunin Kvistur hf.	27
Guðlaugur Magnússon sf.	127	Heilsumarkaðurinn	11
Guðmundur Jónsson hf.	28		

	Tbl. nr.		Tbl. nr.
Heilsuræktin Sól og heilsa	41	Húsaeinangrun sf.	78
Heimafell	70	Húsafell hf.	108
Heimasnakk sf.	78	Húsasmiðurinn	22
Heimildir samtímans	13,47	Húsbyggjandinn sf.	22
Heimilislæknastöðin	11,41	Húseignin Steindórsprent hf.	33
Heimilistæki hf.	77	Húsfélagið Bolholt sf.	22
Heimir	89	Húsfélagið Kringlan	99
Heimkeyrslan sf.	123	Húsfélagið Skyggvir sf.	89
Heimula	32	Húsnæðisteiknistofan sf.	13
Hekla hf.	133	Huttututtu sf.	99
Helmingur sf.	110	Hvammsvík hf.	78
Hemma-vídeó sf.	47	Hverfiskjötbúðin	89
Herrahúsið hf.	29	Hvítir hrafnar hf.	32
Hít sf.	22	Hydrol hf.	27,28,94
Hitastýring hf.	94	Hyrjarhöfði 1 sf.	78
Hitatækni	32	Hæncó hf.	59
Hitt	11	Höfðatún 2 hf.	3
Hjá Hirti sf.	125,133	Hönnun hf.	28,94
Hjálparafi sf.	133	Í. Erlingsson.	32
Hlaðprýði hf.	28	I. Guðmundsson & Co. hf.	10
Hlíðarbakarí sf.	78	I. Magnússon sf.	93
Hljóðabelgur sf.	32	I. Þorkelsson & co. sf.	89,99
Hljóðaklettur	89	Íbúðabyggingar sf.	143
Hljóðaldan	89	Iðngarðar hf.	29
Hljóðvinnustofan Bylgja	41	Ímpól sf.	125
Hlóðaeldhúsið sf.	70	Ímyndarsköpun	119
Hluti hf.	94	Ingólfsbrunnur sf.	110
Hlynur og Valdór sf.	41	Ingólfskjör sf.	98
Hnetubarinn sf.	41	Innheimtustofan Braut	41
Hnit hf.	28	Innkaup hf.	10
Hnoðri sf.	133	Innkaup Ingólfs	29
Hof hf.	27	Innkaupasamband bóksala hf.	94
Hoffell	31	Innréttingar sf.	41
Hollefni sf.	13	Innrömmun-gallarí sf.	89
Holta-grill	89	Ísadóra	78
Hótel Alexandra auglýsingastofa	41	Ísbjörninn hf.	78
Hótel Borg hf.	28	Ísborg	93
Hótel Ísland	110	Ísco hf.	108
Hótel Reykjavík	127	Ísdan hf.	94
Hraðfilman sf.	143	Ísdan	111
Hreinsun sf.	11	Ísegg	31
Hreinsýn sf.	31	Ísel sf.	13
Hreint	28	Ísfell	123
Hressing	123	Ísfell hf.	133
Hreyfing sf.	29	Ísform sf.	32
Hrímey sf.	147	Ísfunk hf.	33
Hringás hf.	94	Ísgen sf.	98
Hugald	93	Íshornið	127
Hugbúnaðarhúsið	116	Íshönnun	13,47
Hugljómun sf.	127	Ísjá sf.	89
Hugriti	93	Ísland-Medía	143
Hugsýn sf.	32	Íslandsferðir	127
Hugver sf.	41		

	Tbl. nr.		Tbl. nr.
Íslensk-austurlenska sf.	22	Kaffisalan Tryggvagötu 14 sf.	89
Íslensk endurtrygging	41	Kaffisel sf.	22
Íslensk getsþá sf.	125	Kalco sf.	41
Íslensk gæði hf.	33,94	Kaldur köttur	22
Íslensk köfun	123	Kanda sf.	32
Íslensk list	89	Kantsteypan	30
Íslensk listmiðlun sf.	41	Karl H. Cooper og Co. sf.	99
Íslensk myndlist	89	Karl K. Karlsson	11
Íslensk myndritun sf.	47	Karl K. Karlsson sf.	11
Íslenska-Danska	147	Katla hf.	94
Íslenska fiskeldisfélagið hf.	65	Kaupstefnan-Reykjavík hf.	65
Íslenska fjölmiðlaþjónustan	89	Kaupþing hf.	94
Íslenska hreyfimyndastofnunin sf.	143	Keðjan sf.	133
Íslenska útvarpsfélagið hf.	10,78	Keilir hf.	108
Íslenski kiljuklúbburinn	41	Kexverksmiðjan Frón hf.	28
Íslenskur húsbúnaður	66	Kínaeldhúsið	93
Ísmark, markaðs- og könnunarþjónust- an	89	Kínverska eldhúsið sf.	22
Ísól hf.	27	Kirkjusandur hf.	78
Íspan hf.	27	Kjallaraleikhúsið	51
Íspat	13	Kjarnakorn	30
Ístækni hf.	33,133	Kjarnborun sf.	41
Ísungu	31	Kjarnorka sf.	32
Ítala hf.	133	Kjólahornið	13
Ítalska heildverslunin	98	Kjörfiskur sf.	41
Íþróttavörur sf.	13	Kjörsmiði hf.	28
J.B. mynd sf.	32	Kjötbær	47
J.C. Klein hf.	78	Kjötmiðstöðin	41
J.H.M., Alþjóða ráðstefnuþjónustan	32	Kjötver hf.	33
J.L. byggingavörur sf.	70	Klif hf.	94
Jarðvinnslan sf.	146	Kolka	89
Járnsteypan hf.	10	Kornhlaðan hf.	28
Jasmin hf.	32	Kórund hf.	94
Johan Rønning hf.	66	Krafttækni sf.	29,89
Jóhann Friðriksson hf.	108	Krás sf.	127
Jói og Valdi sf.	98	Krisco	93
Jón S. Jóhannesson og co. sf.	13	Kristinn Guðnason hf.	27
Jurti sf.	13	Kristján S. sf.	32
Jötunn hf.	28,133	Kristnes sf.	41
K.Á. kraftur sf.	123	Krókur sf.	93
K. Blöndal, umboðs- og heildverslun	89	Krossgátuútgáfan	143
K-lagnir	13	Kul	32
K.S. Júlíusson	32	Kvikk sf.	11
K. Tómasson c/o Fatalagerinn	99	Kvikmyndafélagið Umbi	98,143
K-vídeó	110	Kvikmyndagerðin Magna film sf.	110
K.P. trésmíði	11	Kvikmyndamarkaðurinn	25
K. Þórðarson sf.	22	Kvint	123
Kaffibrensla O. Johnson & Kaaber hf.	77	Kyndill vélsmiðja hf.	116
Kaffibætisverksmiðja O. Johnson & Kaaber hf.	77	Kynning hf.	28
Kaffinaust	41,71	Kökuborg	47
		Kökuborg sf.	47
		Kökumeistarinn sf.	41
		Könnun hf.	108

	Tbl. nr.		Tbl. nr.
L.H. Muller sf.	70	Lögmenn Atli Gíslason hdl., Magnús	
L.M. Jóhannsson og co. sf.	47	M. Norðdahl hdl.	30
Lágmúli 9 hf.	124	Lögmenn Gestur Jónsson, Hallgrímur	
Lagnir	78	B. Geirsson, Kristinn Björnsson ...	29
Lágspennulagnir	32	Lögmenn Suðurlandsbraut 4 sf.	29
Lágspennuvirkinn sf.	127	Lögstoð sf.	125
Laksa	127	Lögþing	73
Lamaiðjan hf.	108		
Landflutningar hf.	124	M.H. innréttingar	93
Landssmiðjan hf.	78	Maco hf.	94
Lauganesti sf.	93	Málaramiðstöðin sf.	32
Laugardagsmarkaðurinn	32	Málflutningsstofa Guðmundur Péturs- son hrl., Axel Einarsson hrl., Pétur Guðmundarson hrl.	78
Laugardalur sf.	143	Málflutningsstofan Skeifunni 17 sf. ...	119
Leðurblakan	32,70	Málningarverkstæði Jóns Bjarnasonar	70
Leðurblakan sf.	70	Málningarþjónusta Friðriks Þorbergs- sonar sf.	29
Leðurhornið sf.	127	Málverk sf.	125
Leðurrottan	78	Mánafoos hf.	33
Leðurval	125	Máninn	93
Leiðsögn um landið sf.	70	Marel hf.	65
Leikhúsið sf.	127	Marimport hf.	65
Lena	22	Marinó Pétursson hf.	59
Lex sf.	41	Markaðsrannsóknir sf.	23
Leysisprent sf.	93	Markaðstorgið sf.	31
Libera	11	Markaðsþjónusta Ómars Gíslasonar .	70
Liðsauki hf.	32	Markaðsþjónustan	41
Líftryggingamiðstöðin hf.	94	Markus-Aðall sf.	13
Lín sf.	30,143	Markvís sf.	41
Lindin hf.	78	Markviss	99
Linditré sf.	41	Markviss ráðgjöf	146
Líneik sf.	93	Maron	89
Línuhönnun hf.	28	Marval sf.	41,93
List-gallerí sf.	47	Marvel	127
Listamannskálinn	89	Mata hf.	124
Listiðn sf.	143	Matarhornið sf.	78
Listinn	125	Matstofa Miðfells sf.	94
Litaland sf.	22	Matvöruhornið	78
Ljós og stýri hf.	148	Matvæla- og næringaráðgjöfin	125
Ljósið sf.	143	Máva innréttingar	89
Ljósmyndastofa Vigfúsar Sigurgeirs- sonar	98	Mávanes hf.	27,78
Ljósrit hf.	94	Menna	123
Loftaland	25	Messing sf.	32
Loftleiðir hf.	94	Meyjan	22
Logar sf.	125	Mico sf.	78
Lýsi hf.	27,94	Midas auglýsingaþjónustan hf.	33,94
Lýsi og mjöl hf.	94	Miðborg	125
Læknasetrið sf.	111	Miðfell hf.	94
Lögfræðistofan	11	Miðill	29
Lögmansskrifstofa Skúla Sigurðssonar	51	Miðlun	29
Lögmansstofa Baldvins Jónssonar	22	Miðstöðin	93
hrl., og Reynis Karlssonar lögfr. sf.	22		
Lögmansstofan Skipholti 50c sf.	78		

	Tbl. nr.		Tbl. nr.
Mikley	13	O. Ólafsson, umboðs- og heildverslun	127
Milos hf.	124	Ófeigur hf.	78
Minjagripaþjónustan sf.	89,99	Ólafur Kr. Sigurðsson hf.	63
Minjar	70	Ólafur Þorsteinsson & Co. hf.	28
Mjólkurpósturinn	125	Olúfúlagið hf.	108
Mólar sf.	22	Ólsal hf.	133
Moli, söluturn	89,143	Olympía sf.	11
Móna Lísá	93	Orkubankinn	22
Mótor hf.	94	Orkuvirki hf.	65
Motur sf.	11	Ortco hf.	124
Múli sf.	111	Óskablómið sf.	133
Múr hf.	78		
Múr og steypa	23	P. Samúelsson & Co. hf.	59
Myndbandaleiga J.B. hf.	108	Páll Þorgeirsson & co.	127
Myndbandaleigan Þór	32	Pan póstverslun sf.	32
Myndbandaleigan Sesar sf.	89	Pandóra sf.	78
Myndbandamiðlun sf.	22	Partí sf.	89
Myndbandaþjónustan	11	Patís	13
Myndborg sf.	70	Peð-turninn	93
Myndiðaskólinn	30	Penninn sf.	11,22
Myndtækni	70	Persía hf.	10
Myndvarp hf.	65,124	Pétur Halldórsson og Ólöf Árnadóttir auglýsingastofa sf.	32
Mörk	146	Pétur Jónsson, landslagsarkitekt, teiknistofa	127
Nábúi sf.	89	Pétur Kristjánsson, matvöruverslun ..	71
Nafar sf.	29	Pítuhornið	133
Nammi sf.	47	Pizzubakarí sf.	11
Náttúrulækningafélag Íslands	99	Plastprent hf.	28
Nes-film sf.	51	Plús film sf.	127
Nesið heildverslun	125	Pólarlax hf.	33
Nes-útgáfan sf.	99	Pólarval sf.	32,143
Netagerðin Grandaskála hf.	65	Pólís, Skipholti	93
Niðri	11	PON Pétur O. Nikulásson sf.	32
Níl sf.	78	Pophúsið	78
Nóagrill	147	Póstplötuklúbburinn	147
Nói-Síríus hf.	32	Potturinn og pannan	89,133
Norræn viðskipti Skanis hf.	10	Pylsubarinn sf.	11
Nú sf.	119,147	Pylsuhöllin	125
Nuddstofa Hilmars Þórarinssonar	127		
Nuddstofa Rafns Geirdal	49	rMg ráðgjöf og hugbúnaður	25
Nútíma hugbúnaður sf.	11	Ra sf.	41
Ný markmið	93	Rá	41
Nýja hjólbarðastöðin	32	Radex sf.	47
Nýja rammagerðin	70	Radíómiðun hf.	94
Nýja sendibílastöðin hf.	28	Radíóstofan hf.	27
Nýr maður	29	Ráðgarður hf.	108
Næring	111	Ráðgjafa- og útgáfuþjónustan	41
Nærmýnd sf.	89	Ráðgjafa- og útgáfuþjónustan Frosti Jóhannsson	124
Nökkvaplast sf.	78	Ráðgjafa- og útgáfuþjónustan Þröstur Haraldsson	124
O. Engilberts hf.	108		
O. Johnson & Kaaber hf.	77		
O.K. Ólafs sf.	89		

	Tbl. nr.	Tbl. nr.	
Ráðgjafastofan Rekstrar- og tölvuráðgjöf	25	Samskipti, fræðsla og ráðgjöf sf. 11	
Ráðgjafabjónusta Hauks sf.	147	Samvinnuferðir-Landsýn hf. 124	
Ráðgjöf og miðlun	143	Sandur hf. 125	
Rafagn sf.	32	Sandverk	47
Rafeind sf.	89	Sápuhúsið hf.	59
Rafeindatækni sf.	29	Saumnálin sf.	78
Rafeindaval	13	Scana hf.	27
Rafey sf.	30	Scandinavia	71
Rafgeymaverksmiðjan Pólar hf.	133	Scanex hf.	27
Rafreiknir hf.	66	Semsa	70
Rafstrengir hf.	65	Séreign	147
Rafteikning hf.	28	Sérfræðibjónustan	125
Raftorg hf.	148	Sesar vídeó sf.	41
Rafvagninn sf.	93	Seyðir sf.	143
Rafvélaverkstæði Haraldar Hannessonar	29	Siggubúð sf.	31
Rafvélaverkstæði Haraldar Hannessonar sf.	29	Sigur sf.	123
Rafvélaverkstæðið Rafelding	89	Sigurður Guðmundsson sf.	78
Rafver hf.	124	Síka þjónustan	125
Rafönn	70	Síldar- og fiskimjolsverksmiðjan hf.	65,124
Ragnar Bjarnason	143	Sjóborg	98
Rakarastofa Sigurðar Ólafssonar	143	Sjóbúðin	111
Rammamiðstöðin sf.	41	Sjóleiðir hf.	10
Raungreinaskólinn	29	Sjóli hf.	65
Regnfatagerðin Vopni hf.	28	Sjónmál sf.	98
Reiknings- og skattaskil	23	Sjónvar sf.	29
Rekstrartækni hf.	28	Sjóváttryggingarfélag Íslands hf.	33
Rekstrartækni sf.	29	Sjúkrastöðin Von	139
Reykir sf.	22	Sjúkraþjálfun hf.	94
Reykjaberg	29	Skálavídeo sf.	133
Reykofninn sf.	143	Skattstoð sf.	70
Reykvísk endurtrygging hf.	94,125	Skemmtigarðurinn sf.	111
Reyplast hf.	33	Skífan hf.	33
Rim sf.	47,89	Skiltagerðin sf.	51
Rimill hf.	65	Skilti og merki	89
Rit sf.	89	Skíman sf.	125
Rómeó og Júlía	78	Skin sf.	70
Rótor	143	Skipaljós sf.	111
Ryabúðin	13,111	Skipasala M. Jensson	25
Ræsir hf.	32	Skjólþær sf.	13
Ræstingamiðstöðin	29	Skóbúðin Milanó sf.	89
Rödd	146	Skóbær sf.	110
S.G. póstverslun sf.	93	Skoðunarstöðin	133
SS-búðirnar	32	Skóhornið	29
Sv. Jónsson hf.	66	Skollabragð sf.	13
Safnmöppur sf.	41	Skondið	25
Sálfræðibjónustan sf.	13	Skotið sf.	25
Salon Ritz sf.	93	Skotta	146
Samax hf.	29,125	Skóver sf.	125
Samband fódurframleiðenda	30	Skrifbær	143
Samningar og fasteignir sf.	13	Skrínan hf.	28
		Skrúði sf.	70
		Skuldaskil hf.	94,108
		Skúmur sf.	78
		Skurðtækni sf.	93

	Tbl. nr.		Tbl. nr.
Ský sf.	119	Steinabær	25
Skyggfir hf.	65	Steindórsprent hf.	33
Slaufan sf.	70	Steinsól sf.	13
Slippfélagið í Reykjavík hf.	124	Steinsögun sf.	70
Smáréttir sf.	25	Stekkir sf.	124
Smári	89	Stíl-útgáfan	29
Smáskór sf.	89	Stjórnumyndir sf.	125
Smíði	30	Stjörnusalat sf.	133
Smjörlíki hf.	59	Stjörnusteinn sf.	78
Smurstöðin Hafnarstræti 23	13	Stoppið sf.	143
Snartak	98	Stórhöfði hf.	77
Snyrti-, nudd- og fótáðgerðarstofan Eygló	143	Stórir punktar	47
Snyrtistofa Birnu	22	Storkurinn sf.	99
Snyrtistofan Safir	47	Storkurinn	125
Snyrtistofan Tara	98	Storm	89
Snyrtivöruverslunin Lóly	47	Straumvirki sf.	78
Snældun	32	Straumvirkin sf.	78
Snögg sf.	124	Strumpurinn sf.	13
Sólargluggatjöld sf.	29,99	Strýta sf.	11,70,93
Sólbaðsstofan Kolbrún sf.	89	Ströndin, heilsurækt	41,89
Sólbaðsstofan í Mjóddinni sf.	11	Ströndin sf.	47
Sólbaðsstofan Sól og Sæla sf.	47	Stúdíó Guðmundar	32
Sólbaðsstofan Tahíti sf.	78	Stúdíó Hallgerður sf.	89
Sólhúsið	93,99	Stúdíó Vík	22
Sólver sf.	47	Stöð 1	146
Sonic hf.	33	Stöð heimilislækna sf.	22
Spámansútgáfan	22	Stökk	125
Spectrum hf.	108	Súkkulaði hf.	78
Spegilmynd sf.	98	Sumargleðin	70
Spor í rétta átt sf.	13	Sundagarðar sf.	22
Sportbúð Ómars	29	Sundaver	22
Sportleigan	127	Svalur sf.	99
Sportmarkaðurinn	143	Svart á hvítu hf.	94
Sportútsalan	22	Svarti Pétur sf.	89,110
Sportver hf.	116	Svarti svanurinn	22,133
Sportvörusalan	47	Sælkerinn sf.	41
Sprengisandur sf.	41	Sæmundur hf.	28,94
Sproti sf.	22	Sævar	30
Sputnik	98	Söguleikir (Söguleikarnir)	99
Staðargrill sf.	89	Sögusteinn	11
Staðir hf.	26	Sögustokkur sf.	124
Stál hf.	125	Sölufélag garðyrkjumanna	31
Staldur-samlokur	41	Sölumaðurinn sf.	127
Staldurs Vídeó	98	Sölumiðstöð Hraðfrystihúsanna	41
Stálsmiðjan hf.	28,59,65	Sölusamband íslenskra fiskfram- leiðenda	78
Stáltæki	133	Sölusamtök íslenskra matjurtafram- leiðenda	70
Stálvirki	11	Sölustofnun lagmetis (Iceland Waters Corporation)	11
Stansverk	11	Söluturn-vidóleigan	41
Starfsbótarráðgjafabjónusta	29	Söluturninn sf.	89
Starfsmannasjóður Marels sf.	31		
Stefán	89		
Stefán Thorarensen hf.	28		

	Tbl. nr.		Tbl. nr.
Söluturninn 69 sf.	11,143	Toppurinn sf.	89
Söluturninn og myndbandaleigan Háteigsvegi 52	22	Trésmiðjan Viðja hf.	94
Söluturninn Ármúla 26	93	Tryggingamiðstöðin hf.	78
Söluturninn Barmahlíð 8 sf.	127	Tryggvi hf.	28,124
Söluturninn Barónsstíg 27	99	Tún sf.	93
Söluturninn Brekkulæk 1 sf.	125	Turbo sf.	22
Söluturninn Efstá	98,127	Tækni kaup sf.	22
Söluturninn Grímsbæ	99	Tækniþrent	11
Söluturninn Grímsbær	147	Tækni teiknun sf.	78
Söluturninn Grímsbær sf.	147	Tækni vangur sf.	89
Söluturninn Hlemmtorgi	125	Tækni vélar sf.	93
Söluturninn Holt	98	Tækni þróun hf.	65
Söluturninn Holt sf.	25	Tölfæri	108
Söluturninn Hringur	47	Tölval	41
Söluturninn Iðufelli 14 sf.	70	Tölvar hf.	10
Söluturninn Iðufelli 14	125	Tölver hf.	108
Söluturninn Lóuhólum 2—6 sf.	143	Tölvuforritun	11
Söluturninn Óðinsgötu 7	41	Tölvuhönnun	123
Söluturninn Skeifan 8	25	Tölvulausn	70
Söluturninn Skutull	78	Tölvupúkar sf.	30
Söluturninn Súðarvogi 7	89,110	Tölvurannsóknir	124
Söluturninn Suðurlandsbraut 26 sf.	119	Tölvuskil sf.	119
Söluturninn Tindur	89	Tölvuspil hf.	65
Söluturninn Trítill sf.	99	Tölvuþjónustan sf.	30
Söluturninn Vesturgötu 14 sf.	110	Tölvuhönnun	123
		Úlfar Jacobsen hf.	65
T.G.T. hf.	28	Ullarvinnslan lopi sf.	133
TS 16, Teiknistofan Skólavörðustíg 16 sf.	31	Ultra sf.	41
Th. Benjamínsson & Co.	98	Umboðsskrifstofan	111
Takmark sf.	22	Umslag sf.	143
Tandur sf.	89,93	Unna sf.	146
Te og kaffibúðin	146	Uppbygging hf.	33
Technica hf.	10	Uppgjör sf.	13
Tefli hf.	65,124	Útgáfufélagið sf.	32
Teiknistofan sf.	32	Útgáfuþjónustan Víkverji	70
Teka hf.	29	Útgarðar sf.	70
Tekó	93	Útgarður hf.	94
Tema hf.	108		
Teron sf.	25	Valkostur sf.	29
Textablaðið hf.	124	Vanir menn sf.	143
Texti hf.	65,124	Vasa sf.	41
Tígullinn sf.	70	Vasabókin	89
Tim sf., umboðs- og heildverslun	47	Vasaútgáfan	133
Timburverslunin Völundur hf.	65	Vatn og vindur	93
Tiskuverslunin M. Manda	25	Vatnsrúm sf.	32
Tiskuverslunin Tess sf.	11	Vegtak sf.	89
Tjarnarskóli sf.	22	Veidilíf sf.	93
Tollvörugeymslan hf.	77	Veioimaðurinn	41
Toppfiskur	11	Veioivon	89
Toppúsið	133	Veislumiðstöð Árbæjar sf.	70
Topp-mynd	119	Veislusalurinn sf.	47,123
		Veislusalurinn	123

	Tbl. nr.		Tbl. nr.
Veit sf.	146	Verslunin Lögberg	93
Veitingahúsið Álfabakka 8 hf.	108	Verslunin Manilla sf.	22
Veitingahúsið Ármúla 5 hf.	108	Verslunin Moli	143
Veitingahúsið Ártúni sf.	108	Verslunin Oddný og Sigrún sf.	13
Veitingahúsið Askur hf.	124	Verslunin Réttarholt	89
Veitingahúsið Gesturinn	98	Verslunin Skerjaver sf.	47
Veitingahúsið Pósthússtræti 11 hf.	33	Verslunin Starmýri	41
Veitingahúsið Suðurlandsbraut 2 sf. ...	13	Verslunin Súðarvogi 7	110
Veitingahúsið Tryggvagötu 26 hf.	66,78	Verslunin Valborg	13
Veitingavörur	41	Verslunin Vegur	70
Vektor sf.	22	Verslunin Ösp	25
Vélabókhaldið hf.	33	Veröld hf.	133
Vélaborg hf.	77	Vesturbæjarvídeó	70
Vélaleiga Halldórs og Magnúsar sf. ...	125	Vesturgata 3 hf.	65
Vélaleiga J.M.	133	Vesturport hf.	10
Vélaleigan E.B.G.	11	Vetrarbrautin	93
Vélaleigan Eiði	13	Vettvangur sf., starfsmiðlun	119,127
Vélar og verkfæri hf.	28	Vídeó Breiðholts	89
Vélar og þjónusta hf.	59	Vídeó Gæði sf.	78
Vélin sf.	146	Vídeó V. sf.	133
Vélsmiðja Guðmundar Aðalsteins- sonar	125	Vídeó-myndavélaleigan sf.	13
Vélsmiðjan Héðinn hf.	78	Vídeó- og söluturninn Framnesvegi 29	99
Véltak hf.	10	Vídeó-sport Ægisíðu sf.	25
Veltan verðbréfamarkaður	13	Vídeóauglýsingar	22
Veltir hf.	59,65	Vídeóbankinn sf.	13
Verðbréf	11	Vídeóborg	119
Verðbréfaöðlin	29	Vídeóleiga Reykjavíkur og nágrennis	93
Verðbréfamiðlun	11	Vídeóskálinn sf.	70
Verkframi	89	Vídeósýn	70
Verkfræðistofa Ásgeirs Leifssonar ...	32	Vídeótónar sf.	47
Verkfræðistofa Guðmundar og Krist- ján's hf.	28	Víðja hf.	94
Verkfræðistofan Forsjá sf.	29	Vífill	11
Verkfallar hf.	78	Víkurbús sf.	41,93
Verksmiðjan Vílkó	25,41	Vilberg og Þorsteinn	41
Verktakafyrirtækið Borgarprýði sf. ...	29	Vilhjálmsson sf.	11
Verkver sf.	22	Villikötturinn	127
Verkvernd sf.	89	Vinabönd sf.	98
Verkvit	123	Vinin	29
Verkþór sf.	143	Vínland	13
Verzlunarbanki Íslands hf.	124	Vinnupallar	143
Verslunarfélagið Festi hf.	10,27	Vinnustofa arkitekta hf.	28
Verslunarfélagið Lexa hf.	59	Vinnustofan Hlíð	125
Verslunarahúsið sf.	143	Vogaborg	78
Verslunin Gosi	41	Vogaþjónustan	89
Verslunin Hólmgarður	93	Vogue hf.	108
Verslunin Iðufell	143	Volti hf.	27
Verslunin Iðufell 14	89,123,125	Vorið sf.	11,143
Verslunin Iðufelli 4	110	Völlur sf.	99
Verslunin Jata	143	Völva sf.	89
Verslunin Joss sf.	123	Vörumiðlun sf.	89
Verslunin Lundur	41	Vörunaust sf.	70
		Vöruval hf.	63
		Vöruver	127

	Tbl. nr.		Tbl. nr.
X og Z sf.	89	Tækjaleigan, Akranesi, Tak	95
X-Port hf.	125	Vélsmiðjan hf.	124
XCO hf.	28	Vörupallar sf.	16
		Pórsmörk hf.	66
Yfirsýn sf.	11		
Ymur	127	Akureyri, Eyjafjarðarsýsla og	
Yrkir sf.	89	Dalvíkurkaupstaður	
Ysja sf.	31	A.V.J. — teiknistofa	95
Zebra	22	Akurholt sf.	148
		Almenna tollvörugæymslan hf.	108
P. Jónsson og Co.	143	Amaro hf.	65
Pakverktak sf.	41	Ás, heildverslun	133
Pakþétting	127	Ásvídeo	51
Peysir sf.	25	Auglit sf.	71
Pil sf.	89	BS plast	17
Pingholt	22	Bifreiðaverkstæði Guðbjörns og Prast-	
Pórsbúð	89	ar	37
Pórsmerkurvökur	99	Bílasalan Stórholt sf.	144
Próunarfélag Íslands hf.	65	Bílasalinn sf.	71
Purs sf.	89	Blikkrás sf.	10
Pýsk-íslenska hf.	27,94,124	Borg sf., umboðs og heildverslun	112
Pytur sf.	71	Brekkuvídeo	71
		Brekkuvídeo sf.	10
Ættfræðipjónustan Ættfræðiútgáfan ..	123	Bústólpi hf.	133
Ævintýraferðir hf.	94	Byggingavörverslun Tómasar Björns-	
		sonar hf.	124
Öflun sf.	41,133	Dalalæða hf.	94
Öl	22	Endurhæfingarstöðin	112
Öl sf.	13,47	Fatalitunin Höfði sf.	71
Örlagið	99	Fjölriti sf.	148
Öryggisþjónustan sf.	126	Fornbókaverslunin Fróði	71
		Frakt sf.	17,112
Akranes		Framtak	71
Aðalrás sf.	139	G.B.J.	126
Blómabúðin Louise	125	G.B.J. sf.	37
Búrabyggð sf.	139	Gallery Mynd sf.	95,112
Elín sf.	95	Goðaleir sf.	10
Grundarbúðin	102	H.J. teiknistofa	10
Heiðar og Pétur sf., trésmiðapjónusta	31	H.S.Á. teiknistofa	109
Hæðin sf.	16	Haftækni sf.	126
Kanínubýggð	139	Hagritun	17
Köfunarþjónustan sf.	102	Hagsel	133
Markið	95	Hannyrðaverslunin Anna María	126
Nótastöðin hf.	124	Hársnyrtistofan Passion	148
Plastsmiðjan sf.	46	Hársnyrtistofan Samson	148
Rauða myllan sf.	71	Hártískan sf.	125
Sjávarréttagerðin sf.	102	Heildi	95
Skagaferðir hf.	63	Hellusteypan	95
Skagamold	32	Hellusteypan sf.	95
Trésmiðjan Jaðar sf.	132	Híti sf.	126
Trésmiðjan Fjölnir sf.	15	Hlein sf.	1
		Hnakkvirki sf.	71
		Hringur sf.	137

Tbl. nr.		Tbl. nr.
	Hún og hann sf.	37
	Iðnþróunarfélag Akureyrar hf.	125
	Ís-Hrím hf.	32
	Íslensk æfingatæki	103
	Íspan hf.	133
	Ístess hf.	133
	J.B. Arasynir sf.	126
	K. Jónsson & Co hf.	65,94
	Kaffibrennsla Akureyrar hf.	28,108
	Kostur sf.	71
	Linda hf.	28,65
	Litla pizzuhúsið hans Cosimo	71
	Ljósmyndastofa Páls	148
	Læknaþjónustan	95
	Möl og sandur hf.	94
	Norðlensk matvæli (NORMAT).	37
	Normaco sf.	71
	Nuddstofa Brynjólfs sf.	1
	Nætursalan sf.	17
	Otti	71
	Pálína sf.	112
	Páll og Ásgeir sf.	112
	Pelsdýr	95
	Ping Pong	1,126
	Plasteinangrun hf.	108
	Prentfilma sf.	125
	Radíóvík	126
	Rafael sf.	95
	Rafiðn	148
	Rafsmíði sf.	1
	S.J.S. verktakar sf.	37
	Salon Hlíð	148
	Samtak sf.	112
	Samverk sf.	95
	Seglbrettamiðstöðin	71
	Sjálfsbjörg	112
	Skin sf.	71
	Skjaldborg hf.	65
	Skrúðgardastöðin sf.	135
	Sprautþjónustan	10
	Starfsbót-ráðgjafþjónusta	17
	Strengjasteypan hf.	94
	Tannsmíðjan	71
	Trénaust sf.	112
	Trésmíðavinnustofan Þór hf.	59
	Turninn hf.	1
	Tölvunot hf.	65
	Tölvuval	95
	Tölvuþjónustan hf.	116
	Útgerðarfélag Akureyringa hf.	94
	Valgarður Stefánsson hf.	28
	Veitingahúsið Brekka	95
	Vélsmiðjan Oddi hf.	59
	Verkfræðistofan Rafael sf.	21
	Vídeó Líf	71
	Vídeóleigan Vídeóberg	95
	P. Björgúlfsson hf.	10
	Örn hf.	124
Árnessýsla og Selfoss		
	Alpan hf.	59
	Átak hf.	108
	Bifreiðastöð Selfoss hf.	124
	Bílabankinn sf.	105
	Bílar og vélar	133
	Björgvin	73
	Blikksmiðja Selfoss sf.	17
	Bólstrun Selfoss	105
	Braut hf.	26
	Dráttar bifreið S.P. Lúðvíkssonar sf. ...	105
	Eldberg hf.	28
	Eldhestar sf.	112
	Entek á Íslandi hf.	65
	Eyra-Vídeó	133
	Fiskiðjan Ver	1
	Fjölvirki sf.	17
	Flosprent sf.	149
	Fóðurstöð Suðurlands hf.	124,133
	G-verk sf.	148
	Hafbjörg sf.	17
	Hamarinn	73
	Hársnyrtistofan Mensý	73
	Heimakynning sf.	135
	Helming sf.	112
	Hótel Geysir	105
	Hótel Valhöll hf.	33
	Hótel Örk	1,105
	Hraðfrystihús Stokkseyrar hf.	65
	Hvöll hf.	94
	Hænsnsláturhúsið sf.	105
	Ísno hf.	66
	Íspór hf.	66,94,108
	Jarðefnaíðnaður hf.	28
	Kjörís hf.	28
	Leigan sf.	17
	Lína samlokugerð	126
	Málningarþjónusta Selfoss sf.	17
	Ólabúð	17
	Plastik sf.	105
	Prentsel	17
	Prjónastofan Munstur	126
	Rafsel sf.	73
	S. Porvaldsson	148
	Skóbúð Selfoss hf.	27
	Snyrtistofan Mensý	73
	Sólhúsið sf.	105

	Tbl. nr.		Tbl. nr.
Straumnes hf.	66	Ísafjörður og Ísafjarðarsýsla	
Strönd sf.	17	Álftakjör sf.	112
Söluskálinn Lyngholt	133	Álftfirðingur hf.	28
Trésmiðja Hveragerðis hf.	59	Badstofan sf.	1
Tungutak sf., málfjónusta	112	Djúpfang sf.	16
Umboðssala Suðurlands	1	Djúplax hf.	124
Útgerðarfélagið Smári hf.	65	Egver sf.	71
Veitingastaðurinn Básinn	148	Einar og Birgir sf.	102
Vélar og vagnar sf.	73	Fagverk sf.	149
Verktak sf.	17	Fataval	17
Vinnuvélar A. Michelsen sf.	105	Fiskiðjan Freyja hf.	78
Öndvegi	105	Frosti hf.	28
Barðastrandarsýsla, Patreksfjörður og Búdalur		Guðrún Jónsdóttir hf.	58
Barðstrendingabúð	147	Gullhóll sf.	17
Blakkur hf.	28	Hlaðbær sf.	132
Gestur hf.	10	Hleinar hf.	94
Kæliskip hf.	133	Hljómtorg	102
Oddi hf.	28	Íshúsfélag Ísfirðinga hf.	94
Patrekur hf.	28	K.G. Kristjánsson sf.	149
Raftækni sf.	132	Keravík	32
Rækjuver hf.	94	Laugaland sf.	9
Skeldýravinnslan hf.	133	Laxeldisstöðin í Hveravík sf.	95
Sögin sf.	125	Myndás	112
Útgerðarfélag Bílddælinga hf.	63	Nökkvi sf.	32
Vestri hf.	28	Póllinn sf.	94
Vesturleið hf.	29	Rafmagnsverkstæði Ragnars Ólafssonar	9
Vesturröst hf.	29	Samflot	102
Dalásýsla		Samtak sf.	71
Arnarver, bifreiðaverkstæði	95	Skólinan	132
Karitas hf.	124	Steiniðjan hf.	33
Kolur sf.	149	Sparisjóður Mýrhreppinga V-Ísafjarðarsýslu	71
Tak sf.	71	Söluskálinn Súðin	149
Húnavatnssýsla		Timburverslunin Björk	95
Hólanes hf.	108	Tóbella sf.	112
Hrónn sf.	148	Tröð sf.	52
Jökull hf.	27	Útstöð sf.	125
Ósk sf.	73	Vélsmiðja Bolungarvíkur hf.	94
Pólarprjón hf.	108	Verslunin Eplið sf.	17
Rækjuvinnslan hf.	32	Verslunin Karin	17
Samval	102	Vestri hf.	65
Selvík sf.	73	Vesturfell sf.	2
Serkir hf.	108,133	Vorverk sf.	9
Sjóborg sf.	95	Porgrímur hf.	28
Skagastrendingur hf.	59,133	Keflavík, Njarðvík, Gullbringusýsla, og Grindavík:	
Sæborg sf.	125	Áhrif-Transit	95
Tölvuþjónustan á Skagaströnd sf.	111	B.B. skilti	139
Útgerðarfélagið Nökkvi hf.	10	Bifreiðaverkstæðið Berg	95
Vélamistöðin hf.	10,33	Bílabragginn	71
Verslun Sigurðar Pálmasonar hf.	78	Bílbót sf.	71
Víðigerði sf.	17		

	Tbl. nr.		Tbl. nr.
Björn Finnbogason	71	Pítubær	95,139
Bókhalds- og framtalsþjónustan sf.	95	Pítubær sf.	16
Bókhaldsstofa Árna R. Árnasonar ...	16	Pizza- og hamborgaragerðin sf.	95
Bókhaldsþjónusta Keflavíkur sf.	16	Púströraverkstæðið sf.	95
Braut sf.	71	Pústþjónusta Bjarkars	95
Bræðraborg sf.	139	R.H. innréttingar	16
Drifás	139	Radíóvík sf.	95
Ecco sf.	16	Rafleiðir sf.	71
Efnagerð Austurlands hf.	10	Rafn hf.	59
Félag vatnsvirkja hf.	94	Rörvirki sf.	139
Fiskeldisstöðin Sjávargull hf.	108	Sjóstjarnan hf.	63
Fiskmat Grindavíkur sf.	13	Skaga-vídeó sf.	71
Fisktorg hf.	133	Skagavídeó sf.	139
Fiskverkun Erlings Jónssonar	139	Skeifan	71
Fitjanesti sf.	139	Skjölun sf.	139
Fjölin sf.	139	Smurbrauðstofan Hafnargötu 19A sf.	139
Flakkarinn-Bæjarbót	95	Sólbaðstofan Björk sf.	95
Flísa- og múraraverktakar Keflavíkur sf.	95	Sólhúsið sf.	139
Forskot sf.	71	Sonar hf.	78
Gallinn sf.	139	Sportbúð Óskars	71
Garðaðþjónusta Suðurnesja	16	Stígandi sf.	95
Grágás hf.	27	Stjarnan hf.	63
Gullþór	71	Stofn	95
HT verkallar	71	Stokkavör hf.	27
Handtak	71	Suðurvirki hf.	10
Hagskil Keflavík sf.	16	Sæborg sf.	71
Hannyrðaverslunin Ingdís	95	Sænes hf.	33
Hannyrðaverslunin Pýrí	95	Sævar sf.	139
Hjá Gerðu	16	Söluskálinn Vík	71
Hjartabaninn sf.	16	Topp-vörur sf.	139
Hnetan sf.	95	Trésmiðja Þorvaldar Ólafssonar hf. ...	94
Hótel Keflavík	71	Tréstoð hf.	10
Hraðfrystihús Grindavíkur hf.	63,65,94	Tæki sf.	16
Hraðfrystihús Keflavíkur hf.	94	Útskálar	16
Hugkorn	95	Valdimar hf.	27
Impex hf.	66	Veisla hf.	10
Ísfélag Grindavíkur hf.	94	Vélamiðstöð Suðurnesja sf.	71
Íslandslax hf.	10,28	Vélsmiðja Ol. Olsen hf.	59
Íslenskir þjónustuverktakar	95	Verkfræðistofa Suðurnesja hf.	125
Ísold hf.	65	Verzlunin Hornið	95
Jarlinn hf.	33	Verzlunin Stjarnan	139
KMÓ-samlökur sf.	139	Vídeóbraut sf.	71
Karl Arason sf.	95	Vídeóleigan Val	139
Kósý sf.	139		
Lagmetisiðjan Garði hf.	33		
Lyngholt sf.	139		
Mummi hf.	59		
Myndval sf.	95		
Njarðtak sf.	139		
Nonni og Bubbi	139		
Nýja trésmiðjan sf.	16		
Paloma	71		
		Kjósarsýsla, Hafnarfjörður, Garðabær og Seltjarnarnes	
		Aðstoð sf.	95
		Akarn hf.	133
		Akra hf.	94
		Akurfell hf.	33
		Álafoss hf.	94
		Albert og Bjarni sf.	147

	Tbl. nr.		Tbl. nr.
Allabúð	71	Gylco hf.	65
Andorra sf.	102	H.B. Guðmundsson	126
Arnarklettur sf.	95	H. Helgason og J.P. Baldvinsson	43
Atlanta	43,66	Hafnfirðingur hf.	32
Axel Ó.	43	Hagtak sf.	95
Bakhúsið	95	Hagvirki	133
Bassi	95	Hárstofan	43
Bátalón hf.	108,133	Hárgreiðslustofa Dagnýjar	43
Bífreiðaverkstæði B. Ingimarssonar ..	71	Hárprýði	4
Bífreiðaverkstæði Þorsteins V. Sigurðs- sonar	43	Hártískan	4
Bílanesti	95	Haukabergr hf.	65
Blátún	99	Hellulagnir sf.	95
Blóm frá Báru	95	Herrahornið	95
Blómabúðin Burkni	95	Hersir hf.	124
Blómabúðin Fjöla sf.	71	Hestamiðstöðin Hestar sf.	32
Boði sf.	30	Hestasport	102
Bóka- og ritfangaverslunin Snerra sf.	31	Hjarni sf.	32
Bókaútgáfan Kjölur	16	Hleiðra hf.	78
Bókbær sf.	71	Hólar hf.	94
Bón- og þvottastöð Hafnarfjarðar	43	Holtagott	125
Byggingafélagið Frami hf.	124	Hraunhamar hf.	65
Byr	43	Hugföng	71,125
Danco hf.	33	Húsfell sf.	71
Dreki hf.	63,94	Hyggir hf.	63
Dverghamar sf.	95	Hönnun og ráðgjöf Margrétar og Gísla	125
E. Finnsson	71	Ís-Mos sf.	16
E.Th. Mathiesen hf.	10	Ísel hf.	27
Efnalaug Garðabæjar	71	Íslenska álfélagið hf.	33,59,124,125
Eggert og Guðjón hf.	78	Ístölva	95
Eldvarnir sf.	43	J.H. Þorgeirsson	71
Eldvarnir	43	Karfa sælkerans	4
Eltækni	71	Kjarnaborun sf.	147
Emír	7	Kjótás	1
Endurleigan	95	Kjötkrókur kjötpjónusta	71
Endurskoðun Guðlaugs sf.	111	Knútur og Steingrímur hf.	28
Félagsbúið Eyjar I sf.	31	Kokkurinn hf.	32
Ferdinand hf.	133	Kólon	102
Fiskveiðahlutafélagið Venus	78	Komdu á morgun sf.	17,126
Fjarðarkaup hf.	124	Kosta Boda búðin sf.	1
Fjörvi	7	Kraftdælan hf.	32
Formun sf.	43	Listver sf.	7
Framdrif sf.	38	Loki hf.	10
Gamla bókaforlagið	71	Lyf hf.	10
Garða-Héðinn hf.	66	Lýsi og mjöl hf.	27,28
Garnbúðin Tinna	43	Lögmenn Reykjavíkurvegi 72	102
Geirinn sf.	4,13	Málmsmiðjan Hella hf.	10
Glerverksmiðjan Esja hf.	59	Melanóra sf.	126
Gloría	62	Mjöt hf.	94
Glætan	95	Myndbandaleiga kvikmyndahúsanna, útibú	13
Gólfslípun og akrylhúðun sf.	7	Myndbandið	43
Gottval, umboðs- og heildverslun	62	Mynstursteypan sf.	126
Gunnar og Valtýr sf.	95	Nesskip hf.	66

	Tbl. nr.		Tbl. nr.
Norðurstjarnan hf.	28	Vörubretti	9
Ný alda	111	Yrja	71
Oliustöðin í Hafnarfirði hf.	108	Pak sf.	71
Penslaverksmiðjan sf.	17	Póra Dal, auglýsingastofa sf.	125
Pítuhúsið	71	Porfinnur Gunnlaugsson	13
Portið sf.	13,95	Prifafll	7
Rafbíllinn	16	Priftækniþjónusta M. Hafsteinssonar	125
Rafbrú	66	Öryggisgæslan	46
Raftengi sf.	17		
Raftækjaverksmiðjan hf.	33	Kópavogur	
Ragnar Björnsson hf.	28	Aldamót hf.	10
Reiknistofan hf.	28	Álfaskeið sf.	16
Reykjagarður hf.	65	Austurlenska matarþjónustan hf.	33,65
Sandra	17	B.G. verktakar sf.	32
Saumastofa Ástu	147	Barnsmiðjan	95
Selfell hf.	10	Bergrún sf.	95
Sjóefnavinnslan hf.	94	Bifreiðaverkstæðið Dvergur	1
Skilti og merki	95	Bifreiðaverkstæðið Kveikjan sf.	32
Skýr-mynd	62	Bíllaleigan hf.	78
Smári bakari sf.	147	Bílamálun Jóns Hafsteinssonar	32
Snerruútgáfan sf.	31	Bílaverk	32
Snóker sf.	95	Billiardbúðin	71
Sólhúsið	111	Blástjarnan	32
Sólhúsið sf.	43	Blástjarnan í Pýramíd	71
Springdýnur	125	Blikksmiðjan Vík hf.	33
Stálfélagið hf.	63,94,133	Blikkver hf.	65
Stálvík hf.	29,124	Blómabúðin Íris	135
Stuðull	43	Boga-rúllur	102
Suða sf.	95	Bókfell hf.	94
Svínabúið Brautarholti sf.	95	Borðbúnaðarleigan	43
Sæluhúsið	125	Borgarholt sf.	106
Söluturninn Suðurgötu	95	Byggingafélagið Kristján og Hörður sf.	43
Thelma sf.	147	Byggingafélagið Þór sf.	95
Thora	95	Danska smurbrauðið	1,32,102
Tengivörur	95	Dímon sf.	95
Textilverk	126	Dvergasteinn sf.	95
Tónika hf.	27	EP-járnsmiði hf.	108
Toppkjöt	38	Effco	43
Trésmiðja P.A. sf.	147	Engihjalli 8 hf.	66
Trésmiðjan K-14 sf.	16	Filman	135
Túnfiskur sf.	95	Fjartækni	71
Tölvu- og verkfræðiþjónustan T.V. ...	43	Forsaga útgáfa	99
Tölvunet	43	Freyja hf.	133
Útgerðarfélag Hafnirðinga hf.	33	G.Th. Eggertsson hf.	28
Varmás hf.	10	Gagntækni	32
Vátryggingaumboðið Keflavíkurflug- velli sf.	132	Garðaprent sf.	95
Veitingahúsið Riddarinn	32	Geil	102
Vélsmiðja K. Guðmundsson	147	Gott útlit sf.	1
Vélsmiðjan Klettur hf.	10	Greifinn - grill	149
Véltak, vélaverslun hf.	108	H. Gunnlaugsson, heildverslun	43
Verslunin Bakhúsið	95	Haflax	135
Verslunin Örku	95	Hafrafell hf.	124
		Hagblikk sf.	71

	Tbl. nr.		Tbl. nr.
Hamrar sf.	16	Sælgætisgerðin Lína sf.	95
Harðviðarval hf.	28	Söluturninn Álfrhólsvegi 32	95
Hárgreiðslustofan Stofan	149	Söluturninn Rita	99
Heildverslunin Þórhallur Sigurjónsson sf.	95	Söluturninn Tröð sf.	95,135
Hjólbarðaviðgerð Kópavogs	32	T.H. verkstæðið	71
Hljómsveitin Upplyfting	95	Textilverk	126
Húsfélagið Kársnesbraut 112 sf.	135	Trésmiðavinnustofa HB.	43
Innheimtupjónusta Sig. Sigurðssonar Innréttingaþjónustan hf.	32	Trésmiðjan Öndvegi	135
Innval	16	Tröð sf.	16
Íslensk viðskipti	95	Tækjabúðin	125
J.G. heildverslun	32	Tölvunýting	125
Jöfur hf.	66	Ungar sf.	95
Kaktus-tónaauklýsingar	126	Vélahönnun	95
Kinn við kinn og kossar	95	Vélvangur hf.	94
Kópía ljósmyndaþjónusta sf.	135	Verslunin Guðmundur Guðjónsson ..	16,71
Lifandi boðskapur sf.	95	Verslunin Hlíð sf.	149
Listið sf.	95	Vífill sf.	111
Litgreining	71	Ýlir hf.	33
Lóukjör sf.	43	Ýpsilon	126
Málko sf.	95	Þinghólsver hf.	108
Máltak sf.	71	Þvottahúsið Rullan sf.	43
Maranatha	95		
Móðreð sf.	95	Norður-Múlasýsla og Seyðisfjörður	
Myndmiðlun sf.	16	Björn og Ingvi sf.	133
Myrkraverk	106	Dekk sf.	94
Nýjar leiðir sf.	32	Eldisfóður hf.	125
Offsetprentsmiðjan Perla sf.	95	Loðmundur hf.	108
Ora-Kjöt og rengi hf.	29	M. Snædal	1
Panelofnar	135	Matsalan sf.	37
Papilla 2	71	Netagerð Ásgeirs og Guðmundar sf. ..	1
Pizzaland	106	Netagerð Guðmundar Sveinssonar hf.	148
R. Ólafsson	135	Ólafur og Magnús sf.	1
RO-eldhús sf.	149	Raf	95
Raffell hf.	124	Röst sf.	95
Rakarastofan Neðstutröð sf.	16	Tangi hf.	94
Rannsóknarstofnun Gefjunar	71	Tréiðjan Einir sf.	95
Reiknistofan í Kópavogi hf.	28	Trésmiðja Fljótsdalshéraðs hf.	94
Río hf.	32	P. Snædal sf.	1
Safnaþjónustan	112		
Sess	95	Suður-Múlasýsla, Neskaupstaður, Eskifjörður	
Skerpingar Smára Úlfarssonar	126	Austfjarðaleið hf.	66
Skrifstofustólar sf.	16	Austurfell hf.	65
Skuldheimtan sf.	126	Austurverk hf.	32
Smíðjukaffi	126	Bílasala Norðfjarðar sf.	73
Smíðjuvegur 30 sf.	16	Búland sf.	126
Sólning hf.	28	Bumburnar sf.	112
Sólskin	102	Drífholt	43
Sportbúð Kópavogs	71	Ferðamiðstöð Austurlands hf.	28
Starfsmannaþjálfun	149	Fjölritun sf.	17
Staupasteinn	126	Hafnarkaffi sf.	95
Stofn, húsgagna og innréttingaþjónusta	135	Hársnyrtistofan Herta sf.	148

	Tbl. nr.		Tbl. nr.
Hermann Nielsson	20	Siglufrjörður	
Hraðfrystihús Eskifjarðar hf.	94	Dísín sf.	53
Hraðfrystihús Fáskrúðsfjarðar hf.	108	Húseiningar hf.	95
Hraðfrystihús Stöðvarfjarðar hf.	59,66,124	Nes	37
Malarvinnslan sf.	17,37	Sigló hf.	65
Myllan sf.	37	Skipaafgreiðslan sf.	102
Nesbær sf.	17	Smári sf.	135
Netagerð Friðriks Vilhjálmssonar hf.	65	Verslunarfélagið Ásgeir sf.	37
Nýjung	126	Pormóður rammi hf.	63
Pensill sf.	95		
Prjónastofan Dyngja hf.	133	Skaftafellssýsla	
Rafeyri	126	Bókhaldsstofan hf.	28
Rafmagnsverkstæði Bjarna Garðars- sonar	37	Garðey hf.	124
S. Stefánsson hf.	37,63	H.B.K. Hellur sf.	133
Shell-skálinn	112	Hafnarbúðin sf.	126
Síldarvinnslan hf.	116,125	Haukur Runólfsson hf.	65
Skiltir	126	Hringsjá hf.	125
Sólstofan sf.	17	Orkuver sf.	102
Tómstundaiðjan	17	Reynisflug	73
Tölvuskólinn Eiðum sf.	102	Steinar sf.	41
Varðarútgerðin hf.	108	Véltak sf.	149
Vélaverkstæði Björns og Kristjáns sf.	135	Víkurklettur hf.	65
Verktakar hf.	124		
Verslunin okkar á milli	37	Skagafjarðarsýsla og Sauðárkrókur	
Ölver hf.	33	Bæjarhellan sf.	95
		Dögun hf.	78
Mýra- og Borgarfjarðarsýsla		Ferðaskrifstofa Sauðárkróks og Skaga- fjarðar sf.	10
Bifreiða- & trésmiðja Borgarness hf.	94	Fiskiðja Sauðárkróks hf.	65
Borgarplast, Borgarnesi	125	Fjóður sf.	36
Ferðaþjónustan Borgarfirði	32	Hraðfrystihúsið hf.	33
Hannyrðaverslun Jörunnar Bachmann sf.	43	Í handraðanum	112
Lyftarþjónusta Ingimars Magnússonar sf.	40	Íslenskt lindarvatn	17
Míst sf.	67	Kerið sf.	102
Monsý sf.	95	Lykill sf.	10
Olíustöðin í Hvalfirði hf.	108	Mallinn sf.	36
Próttur hf.	59	Mótið sf.	135
		Nýja Bílasalan sf.	102
		Ós sf.	37
Ólafsfjörður		Rafeindavirkinn	17
Anna hf.	27	Rakarastofa Jónasar Jakobssonar	95
Ás sf.	102	Reynir og Stefán sf.	135
Hrönn sf.	126	Selvíkurfélag sf.	112
Lín hf.	133	Skagaskel hf.	27,28
Sæver hf.	32	Sólbær sf.	95
Útgerðarfélag Ólafsfjarðar hf.	27	Steypustöð Skagafjarðar hf.	33
Vídeóskann sf.	17	Stuðlaberg hf.	133
		Tígur sf.	112
		Tréverk sf.	102
Rangárvallasýsla		Vegamót sf.	37
Hallfríður, Valdimar, Víglundur og Erna sf.	126	Verslunin Bót	135
Járngerður sf.	135	Villa Nova hf.	10
Varðeldur	37	Þórðarhöfði hf.	27,33

	Tbl. nr.		Tbl. nr.
Snæfellsness- og Hnappadalssýsla			
Aldan sf.	112	Blómaverslun Öldu Björnsdóttur	112
Arnar sf.	125	Bókaútgáfan Herjólfur	112
Bára sf.	32	Bæjarútgerð Vestmannaeyja	112
Bílaleiga Ólafsvíkur sf.	9	Efnaval	73
Egilsenshús sf.	56	Elding sf.	112
Eyjaferðir sf.	32	Eyjajass Ingveldar	126
Fiskiðjan Dalur	43	Eyjakaffi	112
Gauti sf.	9	Eyjakleinnur sf.	113
Hjá Boggu	95	Eyjaver sf.	112
Höfuð-verk Kristjáns Ragnarssonar ..	17	Faxaborg	108
Íslensk matvæli hf.	33	Fell	112
Ísnes	102	Feyki sf.	126
Klakkur sf.	133	Fiskvinnslan	112
Lögmannstofan sf. Snæfellsnesi	95	Friðarhafnarskýlið	112
Sandholt sf.	32	Gámavinafélagið sf.	10
Skipanes hf.	94	Gjafabúðin	112
Skipasmíðastöðin Skipavík hf.	32	Gjafar hf.	116
Snæfellska fréttablaðið	95	Gró og frjó sf.	95,108
Stakkholt hf.	116,124	Gunnar Ólafsson og Co hf.	28
Steypustöðin Bjarg hf.	32	Hafnarbúðin	112
Súlur sf.	125	Hagskil Vestmannaeyja sf.	2
Útvarp Breiðafjörður	14	Heimildir og fræðsla sf.	133
Útvarp Grundarfjörður	14	Herjólfur hf.	124
Verslunin Blómsturvellir	125	Hótel Hamar sf.	119
Verslunin Lea	32	Hraðfrystistöð Vestmannaeyja hf.	112
Villa-vídeó	71	Hraðfrystistöðin	112
Pórsnes hf.	28	Hraunfossar sf.	108
Ösp hf.	27	Hrímfell	108
		Huginn sf.	112
		Hugtek sf.	139
		Ísfélag Vestmannaeyja hf.	133
		Kjartan Friðbjarnarson og co.	112
		Kristbjörg hf.	133
		Kurt Haugland	112
		Kvistur sf.	95
		Lifransamlag Vestmannaeyja	112
		Líkamsræktin að Bröttugötu 15	112
		Lindin sf.	113
		Litunar og netagerðin Ingólfur	112
		Loki	112
		Madonna	95
		Madonna sf.	113
		Magnúsarbakarí sf.	108
		Málarabúðin	115
		Markús Jónsson, umboðs og smásölu- verslun	113
		Meta	112
		Músik og myndir	112
		Nýborg	112
		Nýja Geirseyri sf.	135
		Nýtt S.O.S.	108
		Ólafur og Birgir	112
		Ólafur og I. Andersen	124
Strandasýsla			
Hólmandrangur hf.	108		
Hraðfrystihús Dranganess hf.	27		
Magnús Hannibalsson hf.	65		
Súlan sf.	54		
Vestmannaeyjar			
Afrodita	108		
Ástþór & Hjörtur sf.	108		
Bambi sf.	112		
Bára sf.	112		
Bílaleiga Guðmundar	112		
Bílaleigan Eyjabíll sf.	126		
Bílasprautun og réttingar sf.	105		
Bílaverkstæði Guðmundar Loftssonar	112		
Bílaverkstæði Sigurjóns	133		
Bílver sf.	112		
Bílavörubúð Sigurjóns Tómassonar ..	112		
Bílaþjónusta Vestmannaeyja	112		
Bjarmi sf.	115		
Bjarnveig sf.	133		
Bjössabar sf.	36,43		
Bjössabúð	112		

	Tbl. nr.		Tbl. nr.
Píparinn	36	Bingeyjarsýsla og Húsavík	
Pípu og steinagerðin	112	Árlax hf.	10,94
Plastver sf.	112	Askja	33,94
Prentsmiðjan Eyrún hf.	27	Bifreiðaverkstæði Odds Magnússonar	17
Samtog sf.	95	Björk	102
Seglagerð Halldórs	124	Blómabúðin Mura sf.	102,112
Silfurbúðin	124	Bókbandsstofan Kjölur	132
Sjónver sf.	148	Borgir hf.	33
Skipalyftan hf.	77	Dalur sf.	37
Skóey sf.	126	Ellert og Hrafn sf.	133
Skógtækni sf.	133	Esar sf.	95
Snæfell sf.	113	Fiskirækt hf.	65
Sólvangur	112	Grand — auglýsingaþjónusta og skilta- gerð	43
Steyrustöð Vestmannaeyja hf.	28	Grímur og Árni sf.	17
Söluturninn	108	Hik sf.	71
Tiskuverslunin Apex	73	Höfði hf.	28
Trésmíði sf.	112	Ívon sf.	73
Vagninn sf.	73	Kaldbakur hf.	33,108
Ver II sf.	112	Kiðagil	73
Verslun Bifreiðastöðvar Vestmanna- eyja	108	Korri hf.	32
Verslun Guðjóns Schevings	126	Krossdalur hf.	58
Verslun Sigurðar Sveinssonar	108	Manville hf.	28
Verslunin Borg	115	Mura sf.	1,102
Verslunin Elfur	108	Myndbandaleigan Millinn	69
Verslunin Framtíðin	113	Norðurlax hf.	133
Verslunin Hnotan	112	Offsetstofan Örk sf.	126
Verslunin Reynir	124	Prjónastofan Þryði hf.	65
Verslunin Skólavegur 4	108	Samtak sf.	37
Verslunin Strandberg	112	Timburtak	132
Verslunin UNO sf.	126	Vélaverkstæðið Foss hf.	10
Verslunin Vitinn	139	Verslunin Snót	17
Verslunin Örin	36	Þór hf.	133
Vídeóleiga G.S. sf.	17		
Vinnutæki sf.	112		
Vökull sf.	43,124		

SKRÁ

um samvinnufélagatilkynningar sem birtust í Lögbirtingablaði 1986.

Nýskráningar:	Tbl. nr.	Aukatilkynningar:	Tbl. nr.
Akurgull, félag austfirskra matjurta- framleiðenda	98	Kaupfélag Austur-Skaftfellinga	73
Fjárfestingarsjóður Sláturfélags Suður- lands	22	Kaupfélag Ísfirðinga	17
Þöntunarfélagið Dynjandi	143	Kaupfélag Kjálnessinga	95
Samvinnufélag Íshússins	3	Kaupfélag Skaftfellinga	7
		Kaupfélag Stykkishólms	110
		Kaupfélag Þingeyinga	93
		Kaupfélag Önfirðinga	1
		Þöntunarfélagið Stöðin	140
		Samband íslenskra samvinnufélaga ...	31

